
Íslenskar sundlaugabyggingar frá fyrri hluta 20. aldar:

HEIMILDAKÖNNUN



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG HJÖRLEIFUR STEFÁNSSON

REYKJAVÍK 2023
FS961-20091

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES OG GULLINSNIÐ



Heimildarannsókn um íslenskar sundlaugabyggingar frá fyrri hluta 20. aldar unnin fyrir styrki úr Húsafriðunarsjóði árin 2021-22.

Forsíðumynd: Mynd 1, ljósmynd Eln Ósk Hreiðarsdóttir. Myndin er af sundlauginni á Þórshöfn, tekin sumarið 2021. Laugin hafði þá fyrir löngu verið aflögð og laugarþróin fyllt af jarðvegi. Líklega hefur laugin verið rifin síðan myndin var tekin.

©2023

FÖRNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆDRABORGARSTÍGUR 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Skýrsla þessi er samantekt um heimildarannsókn sem gerð var um íslenskar sundlaugabyggingar byggðar fram til 1950. Verkefnið var unnið fyrir styrk úr Húsafriðunarsjóði (2021-2022) og miðast að því að draga saman heimildir um umræddan byggingararf og átta sig þannig á umfangi, einkennum og eðli hans. Í kjölfar heimildaúttektar standa vonir til að fylgi vettvangsúttekt á þeim byggingum sem enn standa. Úttektin nær til 93 bygginga (lauga og laugarhúsa) í öllum landshlutum. Með í rannsókninni eru allir þeir sundstaðir sem laugarhús stóðu við og byggðir voru frá seinni hluta 19. aldar og fram til 1950.

Úttektin sýnir að mikil þróun átti sér stað í sundlaugabyggingum á skeiðinu. Elstu laugarnar voru hlaðnar úr torfi og einhver dæmi eru einnig um laugarhús úr torfi og grjóti, þótt algengast hafi verið að elstu laugarhús væru úr timbri. Þegar komið er fram á 20. öldina, og þó sérlega um og upp úr 1930, verða nokkur tímamót í gerð sundlaugabygginga hér á landi og æ fleiri laugar, og síðar laugarhús eru gerð úr steinsteypu. Framan af báru laugarhús úr timbri og steinsteypu áþekkan svip. Þau voru gjarnan einfaldar og látlausar byggingar sem skipt var niður í klefa alveg frammi á sundlaugarbakkanum. Þegar fram liðu stundir fer að gæta meiri fjölbreytni í gerð laugarhúsa, sér í lagi í gerð yfirbyggðra sundlauga.

Fyrsta mat á ástandi sundlaugabygginga bendir til að laugarhús frá þessu skeiði eigi undir högg að sækja og hafi mikið látið á sjá á síðustu áratugum. Mikill meirihluti (2/3) þeirra laugarhúsa sem reist voru hér á landi fram til 1950 hafa því vikið, ýmist í framkvæmdum við yngri laugarhús eða einfaldlega í almennu niðurrifi þar sem þau uppfylltu ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til slíkra húsa. Því er svo komið að aðeins um 17% af laugarhúsum frá tímabilinu eru enn í notkun sem slík hús. Ljóst er að mikilvægt er að tryggja varðveislu eldri sundlauga og -laugarhúsa eins og hægt er ef þessi hluti menningararfsins á ekki að hverfa að mestu á allra næstu árum.

Efnisorð

Húsakönnun, heimildaúttekt, sundlaugar, sundlaugarhús

Summary

This report presents the results of a desk top survey of swimming pools and pool houses in Iceland built before the mid-20th century. The work was supported by *The Architectural Heritage Fund* (Húsafriðunarsjóður) in 2020-21. The hope is that the work will be the basis for a standing building survey in the summer of 2024.

The research produced information on 93 swimming pools/pool houses built between the last quarter of 19th century and until 1950. The earliest pools studied were made of turf and occasional examples were also found of pool houses from turf/stone/timber. In the early 20th century, the building material of pools gradually changed from turf to stone to cement by the 1930s. Apart from occasional turf buildings (mostly in the earliest building phase) the oldest pool houses were generally timber buildings until around 1930. After 1930 the number of pools in the country multiplied and soon almost all new pool houses (and pools as well) were made of cement. The earliest buildings (both from timber and cement) were usually very simple constructions, divided into a few cabins/changing compartments, built on the pool bank, very close to the pool. After the 1930s the architecture of pool houses became more varied, especially the houses that were built around indoor pools.

The first estimates of the condition of Icelandic pools from the first half of the 20th century and earlier suggest that the vast majority of the pool houses (two thirds) have since been demolished, often because of later buildings. Only about 17% of the pool houses built before 1950 are still in use as such.

The majority of the pools from the first half of the century do not have any legal protection. Only the buildings older than 1923 are protected by law, as well as three pools that have been

protected with a special order (Sundhöll Reykjavíkur, Hreppslaug, Seljavallalaug). It is vital that actions are taken to evaluate the condition of the remaining buildings and that the information is used to evaluate to what extent the remaining pool building heritage can be protected from further damage.

Keywords

Standing building survey, pools, pool houses

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	6
2. Aðferðafræði verksins og framvinda	9
3. Söguleg samantekt um laugar og sundlaugar.....	13
3.1 Jarðvarmi og laugar í sögulegu ljósi.....	13
3.2. Upphaf sundlauga á 19. öld.....	17
3.3. Upphaf sundkennslu	19
4. Þróun sundlaugabygginga: Dreifing, efni, einkenni og byggingarlist	28
4.1 Fjöldi lauga og dreifing	28
4.2 Þróun sundlauga: Opnar eða yfirbyggðar laugar?	31
4.3 Þróun lauga og laugarhúsa.....	34
4.31 Laugarþrær	34
4.32 Laugarhús við opnar laugar	37
4.33 Laugarhús við yfirbyggðar lauga.....	43
5. Ástand lauga og laugarhúsa	50
6. Samantekt.....	52
Heimildaskrá.....	55

Viðauki

Sundlaugaskrá - vinnuskjal

1. Inngangur

Gildi sunds og sundmenningar er óumdeilt í lífi og þjóðarvitund Íslendinga. Hér á landi eru ríflega 160 laugar, sem samsvarar einni laug á hverja 1.700 íbúa.¹ Vinsældir sundsins virðast fremur fara vaxandi en hitt og hefur nýleg könnun sýnt að tæplega 80% fullorðinna Íslendinga fer í sund. Nýverið var ákveðið gera sundmenningu þjóðarinnar hátt undir höfði með því að hefja undirbúning að tilnefningu sundlaugamenningar á Íslandi á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf heimsins (Intangible Cultural Heritage).²

Á undanförnum árum hafa verið unnar ýmsar rannsóknir tengdar sundlaugum og sundmenningu, þó sérstaklega á sviði þjóð- og félagsfræði.³ Margt er þó enn að mestu ókannað og á það t.d. við um efnislegan menningararf lauga, þ.e. sundlaugar og sundlaugabyggingar.⁴ Sundlaugar og laugarhús hafa fremur lítið verið rannsökuð fram að þessu og er markmið rannsóknarinnar, sem hér verður kynnt, að bæta úr þessu.⁵

Fyrri hluti heimildaúttektar var unninn 2020-21. Þá unnu Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Gylfi Helgason að gerð yfirlitsskrár og söfnun heimilda og fyrstu kortlagningu. Síðari áfangi var unninn 2022-23 og vann þá Elín ítarlegri heimildaúttekt og kortlagningu, söfnun ljósmynda og teikninga og greiningu gagna. Elín vann skrá um íslenskar sundlaugar frá tímabilinu og ritaði skýrslu þessa ásamt Hjörleifi Stefánssyni sem einnig hefur séð um greiningu og yfirllestur.⁶

Sú rannsókn sem hér lítur dagsins ljós er heimildakönnun um íslenskar sundlaugabyggingar sem byggðar voru fram til 1950. Markmiðið var að kanna heimildir um allar þær sundlaugabyggingar sem vitað er um að hafi risið á Íslandi frá lokum 19. aldar og fram til 1950, um tildrög bygginganna og byggingasögu, þá arkitekta sem hönnuðu mannvirkin, efni og byggingarstíl þeirra, þróun o.s.frv. Afraksturinn er heildstætt yfirlit um sundlaugabyggingar Íslandi og þróun þeirra sem varpar ljósi á sögu sunds og sundlaugabygginga hér á landi. Niðurstöðurnar er annars

¹ Samkvæmt talningu lauga af vefnum sundlaugar.is þann 16. ágúst 2023 annars vegar og einnig „Sundlaugar fyrr og nú“ Gangverk: fréttabréf VST. Talan er þó lægri ef miðað er við almenningslaugar sem eru um 120 talsins.

² <https://lifandihefdir.is/sundmenning-islendinga/> einnig er væntanleg bók um lifandi sundmenningu hér á landi byggð á sýningu um sama efni í Hönnunarsafni Íslands. Valdimar T. Hafsteinn o.fl. 2023. Væntanlegt.

³ Sem dæmi má nefna að rannsóknir Arnar D. Jónssonar (sjá t.d. Örn D. Jónsson og Edward Huijbens. 2005 og Örn D. Jónsson. 2010) og ýmis nemendaverkefni hafa verið unnin á sviði þjóðfræðinnar á undanförunum árum s.s. Katrín Snorradóttir. 2013 og Katrín Dröfn Guðmundsdóttir. 2017). Í október 2013 sendi Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands í samvinnu við Sundstofu út spurningaskrá sem sneri að sundlaugamenningu á Íslandi. Að auki má nefna ágæta samantekt um sundlaugar og baðmenningu á Íslandi í bókinni Auður úr iðrum jarðar. Sveinn Þórðarson, 1998.

⁴ Þó er hafin heimildaúttekt um eldri laugar á sviði fornleifafræði og fékk slík rannsókn styrk úr Fornleifasjóði 2023, sjá Gylfi Helgason, 2023.

⁵ Sjá þó ritgerðir og einstaka verkefni um eina eða fleiri laugar s.s. Kristín Una Sigurðardóttir. 2009 (þrjár laugar) og Klara Sól Agústsdóttir 2017 (þrjár laugar) og ritgerð Katrínar Heiðar Hversdóttur frá 2020 um sundlaug Kópavogs (eftir Högnu Sigurðardóttur).

⁶ Árið 2021 var sótt um styrk til Húsafriðunarsjóðs til að kynna þá vinnu sem lokið er í rannsóknarrými Hönnunarsafns Íslands í tengslum við sundlaugarsýningu sem þar var sett upp tímabundið. Aðeins fékkst lítil hluti þeirrar upphæðar sem sótt var um og var hún ekki talin næg til þess að vinna kynninguna og var því styrknum skilað.

vegar að finna í samantektinni hér á eftir en hins vegar í myndskreyttu heimildaskjali um allar íslenskar laugar frá tímabilinu (sjá viðhengi).

Verkefninu var upphaflega skipt í tvo hluta, annars vegar yfirferð yfir heimildir og sögulega úttekt á umræddum byggingararfi (sem hér lítur dagsins ljós) og hins vegar húsakönnun á vettvangi sem til stendur að nái til þeirra laugarhúsa frá umræddu skeiði sem enn standa. Vonir standa til að hefja vettvangsvinnu á sumri komanda. Afrakstur heimildaúttektar var gjöfull og fannst mikið magn af teikningum, ljósmyndum og öðrum heimildum um þennan hluta byggingararfsins. Því stefna höfundar að því að vinna efnið áfram á næstu misserum þannig að úr geti orðið bók um byggingararf sundlauga á næstu árum.

Skýrslunni er skipt þannig upp að á eftir inngangi er að finna kafla um aðferðafræði úttektarinnar (kaflí 2) en þar á eftir fylgir söguleg úttekt um sögu lauga og sundkennslu hér á landi. Á eftir fylgir svo samantekt um sundlaugarnar þar sem farið er yfir dreifingu þeirra, einkenni og þróun. Í fimmta kafla er fjallað um ástand lauga og laugarhúsa hér á landi og í þeim sjötta er að finna samantekt um helstu niðurstöður. Aftast fylgir svo heimildaskrá fyrir skýrsluna en sjálf laugaskráin fylgir með sem viðhengi.

2. Aðferðafræði verksins og framvinda

Yfirferð heimilda um íslenskar sundlaugabyggingar frá fyrri hluta 20. aldar var unnin í tveimur áföngum á árunum 2021-23. Úttektin var gerð í þeim tilgangi að afla sem ítarlegastra heimilda um sundlaugarbyggingar frá þessu skeiði, og til að undirbúa vettvangsúttekt á þeim húsum sem enn standa. Í upphafi verks var upplýsingum safnað um staðsetningu og dreifingu húsanna í LUK-grunn. Í þann grunn hafa einnig verið færðar upplýsingar um staðsetningu, byggingarár, gerð laugarhúsa o.fl..


Í fyrsta hluta heimildaúttektar var upplýsingum safnað frá Fasteignamati ríkisins og ýmsum grunnheimildum (s.s. héraðssögum). Einnig var hafin leit að gömlum ljósmyndum af laugunum og var henni haldið áfram allt til verkloka. Leitað var að myndum á öllum helstu stafrænu ljósmyndasöfnum landsins s.s. í Ljósmyndasafni Íslands (Þjóðminjasafn Íslands - Sarpi), Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Ljósmyndasafni



Mynd 2-4: Þróun sundlaugabygginga í Laugaskarði. Efst myndin er tekin um 1940 af Cederic William Laycock (Ljósmyndasafn Íslands/Sarpi) og er þá einfaldur búningsklefi við laugina. Miðjumyndin er tekin eftir að byggt var við skýlið einhvern tíma á árunum 1941-1949 (og hangir á vegg í sundlaugarbyggingunni) og sú neðsta sumarið 2020 af höfundu.

Akraness, Ljósmyndasafni Austurlands, Ljósmyndasafni Borgarfjarðar (þann hluta sem hefur verið skannaður og hægt er að nálgast í gegnum Sarpi), Héraðsskjalasafni Árnesinga, Ljósmyndasafni Eskifjarðar, Mynda- og skjalasafni Norðfjarðar, Ljósmyndasafni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga,

Ljósmyndasafni
 Siglufjarðar,
 Ljósmyndasafni
 Stykkishólms,
 Ljósmyndasafni
 Ísafjarðar og
 Ljósmyndasafni
 Minjasafnsins á
 Akureyri (í
 gegnum Sarp).
 Samtals
 fundust á sjötta
 hundrað myndir
 af gömlum
 laugum. Á þessu
 stigi hafa
 myndirnar verið




Mynd 5: Teikning af sundlaugarskyli við Geysi, frá júní 1936, undirrituð af Bárði Ísleifssyni fyrir hönd Húsameistara ríkisins. Varðveitt á Þjóðskjalasafn Íslands.

notaðar sem heimildir og ljóst er að þær munu nýtast vel við áframhaldandi rannsóknir á laugunum. Enn sem komið er hefur aðeins verið safnað afritum af ljósmyndum en á síðari stigum rannsóknarinnar verða myndir valdar til birtingar og þá samið um birtingarleyfi og greiðslur fyrir þær.

Vorið 2021 var öllum héraðsskjalasöfnum landsins skrifað í leit að upplýsingum um sundlaugar innan þeirra svæða. Heimturnar voru misgóðar en nokkrar góðar ábendingar og upplýsingar bárust. Á síðari stigum verksins kann í sumum tilfellum að verða nauðsynlegt að fylgja eftir vísbendingum um efni sem kann að leynast á skjalasöfnum en að þessu sinni voru ekki heimsótt önnur skjalasöfn en Þjóðskjalasafn Íslands þar sem setið var langdvölum á bæði fyrri og síðari stigum verksins. Farið var yfir helstu (stafrænar) húsakannanir og fornleifaskráningarskýrslur sem talið var að kæmu að gagni. Einnig var leitað að upplýsingum um laugarnar og laugarbyggingar í upptökusafni ÍSMUS og fundust nokkrar merkilegar upptökur við leitina. Farið var yfir mikið af heimildum á Landsbókasafni, m.a. voru kannaðar útgefnar héraðssögur/byggðasögur úr öllum landshlutum, útgefnar sögur bæja og þéttbýlis eftir föngum og sögur héraðsskóla og ungmennafélaga, en nánari upplýsingar yfir þær heimildir sem farið hefur verið yfir er að finna í heimildaskrá aftast í skýrslunni. Að auki var farið yfir útgefin tímarit og dagblöð frá tímabilinu 1880-1950 í leit að öllu því sem snerti sundlaugar frá þessu tímabili. Sem fyrr segir var dágóðum

tíma varið á Þjóðskjalasafni Íslands þar sem farið var yfir tæplega 100 skjalakassa um sundlaugar sem safnið varðveitir, m.a. gögn frá Íþróttasjóði, Menntamálaráðuneyti og Húsameistara ríkisins.

Í úttektinni er fjallað bæði um laugarþrær og laugarhús en þó var ákveðið að láta laugarhúsin talsvert ráða för. Þannig voru einungis skráðar sérstaklega þær laugar þar sem einhvers



Mynd 6-7: Teikning af Gljúfralaug í Grytubakkabreppi, dagsett 9. mars 1943, undirrituð af Bárði Ísleifssyni, fyrir hönd Húsameistara ríkisins (neðar). Teikningin er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Sundlangin var byggð af shysavarnafélaginu Ægi og sá það um rekstur hennar fyrstu árin. Þegar komið var fram á 9. áratuginn var viðhaldi mjög ábótavant og laugin þótti orðin bæði óhentug og hattuleg. Árið 1988 var því síðasta sumarið sem laugin var opin, en ný sundlang á Grenivík var opnuð tveimur árum síðar. Efri mynd: ljósmynd af lauginni, Elín Ósk Hreiðarsdóttir

konar laugarhús voru við (þótt eldri lauga á sama stað væri ávallt getið þar sem um þær var vitað). Að sama skapi var ákveðið að fara þá leið að fjalla sérstaklega um öll hús sem risið höfðu á hverjum sundstað. Þannig var gerð sérstök færsla um hús ef eldri hús voru rifin og ný laugarhús byggð, en ekki fjallað um það í sérstakri færslu ef endurbygging eða lagfæringar höfðu verið gerðar á laugarþró (þótt reynt væri að geta þess alltaf þar sem slík vitneskja lá fyrir). Úttektin nær til sundlaugabygginga sem heimildir fundust um fram til 1950. Innan ramma hennar falla því örfáar sundlaugar með laugarhúsum sem risu á seinni hluta 19. aldar. Ljóst er að úttektinni lýkur á tíma þar sem sundlaugargerð hér á landi er í miklum blóma. Margar áhugaverðar laugarbyggingar risu á næstu árum og áratugum eftir 1950 sem vert hefði verið að fara yfir í sérstakri úttekt þótt sú samantekt sem hér líti dagsins ljós nái ekki yfir tímabilið. Þó má geta þess að í þeim tilfellum sem upplýsingar lágu fyrir um yngri hús (byggð eftir 1950) á eldri á sundlaugarstöðum var leitast við að geta þeirra lauslega í texta.

Samtals voru skráðar 93 sundlaugarbyggingar í heimildaúttektinni og við fyrstu sýn virðist ljóst að stærstur hluti þeirra bygginga sem risu fram til 1950 hefur síðan horfið (2/3 laugarhúsa) en frekari greining á ástandi þessa byggingararfs bíður vettvangsúttektar.

3. Söguleg samantekt um laugar og sundlaugar

Saga lauga hér á landi er án efa litlu styttri en saga byggðar. Landnámsmenn áttu ekki að venjast jarðhita frá sínum heimaslóðum og má telja líklegt að jarðhitinn hafi allt frá upphafi verið talinn einn af kostum landsins. Jarðhitasvæði hafa frá upphafi haft nokkuð aðdráttarafl sem má t.d. greina á þeim fjölda jarða sem kenndar eru við jarðvarmann.⁷ Jarðhitinn kom víða að góðum notum en sums staðar stafaði þó nokkurri slyshættu af honum og því ljóst að nálægðin við slíka staði hefur stundum haft sína kosti og galla.⁸

3.1 Jarðvarmi og laugar í sögulegu ljósi

Athyglisvert er að í Jarðabók Árna og Páls frá því í upphafi 18. aldar er jarðvarmi sjaldan talinn með hlunnindum jarða og þar sem hans er getið er ekki alltaf augljóst að hann sé talinn til tekna, heldur spillir hann sums staðar túnum og gerir mönnum jafnvel búsifjar.⁹ Að því sögðu hefur jarðhitinn víða verið nýttur til baða, matsuðu, þvotta og ýmissa annarra hluta, líklega allt frá fyrstu öldum.

Gera má ráð fyrir að snemma eftir að land byggist hafi menn tekið að nýta sér jarðhita til baða, en baðmenning er talin hafa verið umtalsverð hér á söguöld. Getið er um slíkar athafnir/staði í Landnámu, Íslendingasögum, Sturlungu og Biskupasögum. Þær vísbendingar sem fá má af Íslendingasögum og Sturlungu benda til þess að a.m.k. sumar lauganna hafi þá þegar verið miðstöðvar og samkomustaðir í einhverjum skilningi.¹⁰ Í fornsögunum er einnig getið um sundafrek á stök stað samanber frásögn Laxdælu af sundkeppni þeirra Kjartans Ólafssonar og Ólafs Tryggvasonar Noregskonungs í ánni Nið og hið fræga Grettissund.¹¹

Tekið hefur verið saman að í Sturlungu sé 19 sinnum getið um eiginlegar laugarferðir (þar af fimm sinnum í laugina í Reykholti) og þær virðast gjarnan hafa verið farnar um vetur.¹² Varðandi hlutverk lauga og tilgang laugarferða hafa verið leiddar að því líkur að laugarferðir hafi fyrst og fremst verið farnar til heilsubótar og skemmtunar.¹³ Oddur Einarsson biskup staðhæfir til að mynda í Íslandslýsingu sinni að almennt sé því trúað að böð og heitar laugar hafi þá náttúru að

⁷ Sem dæmi um jarðir með bærjarheiti sem eru til vitnis um jarðhita eða laugar má t.d. nefna jarðir sem hafa eftirtalda orðhluta í nafni sínu: *Reyk-* eða *Reykja-*, *Varma-*, *Laug-* eða *Hver/a-*.

⁸ Kristleifur Þorsteinsson (1938, bls. 36) heldur því t.d. fram að landnámsmenn í Borgarfirði hafi ekki sóst eftir því að byggja bæi sína við hveru heldur fremur valið þeim staði á hólum og hæðum og þar sem gott aðgengi var að köldu vatni og segir að engin af landnámsjörðunum í Borgarfirði sé kennd við hveru eða laugar.

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, I-XIII. bindi.

¹⁰ T.d. frásagnir af Sælingsdalslaug, Hrafnagilslaug og Reykholti.

¹¹ *Íslensk fornrit V: Laxdæla*.

¹² Nanna Ólafsdóttir. 1973, bls. 74-75 og Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 43.

¹³ Sjá t.d. Nanna Ólafsdóttir. 1973, bls. 75-76.

bæta heilsu manna.¹⁴ Gjarnan var talið að heitar laugar og böð gætu slegið á ýmsa fylgikvilla kulda s.s. kuldabólgu, blöðrubólgu, gigt eða kláða.¹⁵

Af heimildum að dæma virðast það aðallega hafa verið karlar sem fóru ofan í laugar en konur virðast oftar hafa verið þar í öðrum erindagjörðum, gjarnan í tengslum við þvotta. Hver sem ástæðan fyrir laugarferðum var, virðist greinilegt af frásögnunum að laugar voru samkomustaðir þar sem bæði karlar og konur komu saman.

Freysteinn Sigurðsson sem gerði drög að samantekt um sögulegar laugar í byggð vildi skipta íslenskum laugum upp í þrennt. Í fyrsta lagi voru það baðlaugar. Slíkar laugar væru margar hverjar frá fyrstu öldum og voru ætlaðar til baða (eins og nafnið gefur til kynna) en þó hafi þær einnig þjónað tilgangi samkomustaða. Hann segir að þess háttar staða sé víða getið í fornum heimildum en telur líklegt að slíkar laugarferðir hafi að mestu verið aflagðar á 17.-18. öld þótt á því væru einstaka undantekningar. Í öðru lagi telur Freysteinn svo upp sundlaugar, þ.e. laugar sem sérstaklega voru gerðar til sundkennslu- og eða æfinga. Slíkar laugar voru gjarnan gerðar með stíflum í læki og vötn og voru í upphafi hlaðnar en síðar steypar. Þessar laugar má samkvæmt honum rekja aftur til fyrri hluta 19. aldar en raunverulegt skrið komst ekki í gerð þeirra fyrr en um aldamótin 1900 og fram yfir fyrri stríð (og er það sá flokkur sem horft verður til í heimildaúttektinni hér á eftir).

Þriðju tegundina segir hann svo yngri baðlaugar en þeim hafi fjölgað í kjölfar fjölgunar sundlauga. Þær hafi gjarnan verið hlaðnar í læki eða klappaðar í móhelli og margar þessara lauga telur hann frá 20. öld, jafnvel fram yfir seinna stríð.¹⁶

Fyrsta laugin sem heimildir greina frá er í Reykholti í Borgarfirði en hennar er getið í Landnámu.¹⁷ Vitað er um þrettán laugar sem notaðar voru til forna og af þeim eru fjórar nothæfar enn í dag.¹⁸ Þegar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson rita Ferðabók sína um miðja 18. öld tilgreina þeir á þriðja tug lauga á Íslandi sem þeir skoðuðu á ferð sinni um landið. Allar myndu laugar flokkast sem baðlaugar fremur en sundlaugar. Þeir félagar greina frá því að laugar hafi verið notaðar til baða, til lækninga og heilsubótar og einnig hafi menn drukkið vatnið úr þeim og haft trú á því til lækninga. Eggert og Bjarni lýsa m.a. baðlauginni í Laugarnesi sem þeir segja nokkuð stóra og að talsverður fjöldi fólks hafi sótt hana, líklega bæði til baða og heilsubótar.¹⁹

¹⁴ Oddur Einarsson. 1971, bls. 53.

¹⁵ Nanna Ólafsdóttir. 1973, bls. 75

¹⁶ Freysteinn Sigurðsson. 1998, bls. 1-2.

¹⁷ Íslensk fornrit I, *Landnámabók*, bls. 192.

¹⁸ Jón Þorsteinsson. *Læknablaðið* 2005. „Heitar laugar á Íslandi til forna“.

¹⁹ Eggert Ólafsson II. 1975, bls. 179-180

Þar til komið var fram undir 1900 hefur heyrt til undantekninga að laugarhús hafi verið gerð við laugar eða yfir þær. Eggert og Bjarni geta þó um laug á Hrafnkelsdal sem hafi verið helsta laugin á Austurlandi þar sem heiti *Laugarhús* „...því að þar hefir hús verið reist yfir lagina til forna.“²⁰ Þeir félagar geta þess þó að laugin sé ekki notuð lengur þar sem dalurinn sé í eyði. Eggert og Bjarni geta þess jafnframt að stundum hafi verið tjaldað yfir Leirárlaug og að auki hafi verið við hana lítil tóft eða gerði þar sem fólk gat skipt um föt.²¹ Þeir félagar gera heilnæmi þess að stunda laugar að umræðuefni og harma skort á aðstöðu við laugar. Segja má að þeir hafi verið nokkuð á undan sinni samtíð í hugmyndum sínum um laugar og baðmenningu enda töldu þeir að stórfelld uppbygging baðstaða gæti orðið gríðarleg framfararskref fyrir land og þjóð. Þetta má m.a. sjá af ákalli þeirra í Ferðabókinni um miðja 18. öld:

Í þessu efni má harma það, að útbúnaður í íslenskum baðlaugum er allt of einfaldur og lélegur. Hvergi eru hlýir fataskiptaklefar. Menn verða því að hafa fataskipti úti á bersvæði, hvernig sem viðrar, þótt um hávetur sé, eða – ef laugin er í grennd við bæi, að ganga næstum því allsnaktir til bæjar. Ungir menn og braustir setja metnað sinn í að sýna, hversu harðfengir þeir séu, þegar svona stendur á, og verður ekki meint við, en allt öðru máli gengir um þá, sem sjúkir eru og lasburða. Við viljum skjóta því fram öðrum til umbugsunar, hversu mikið hagræði það væri fyrir landið og jafnvel allt ríkið, ef stofnsettar væru almenningsbaðstöðvar, vel búnar að öllu, þar sem bezt þagar til, svo að menn gætu notað þær eftir hentugsemi sinni.²²

Uno von Troil (sem síðar varð biskup í Uppsölum) kom til Íslands árið 1772 og ritaði bók um ferðalagið og landshagi. Í henni fjallar hann m.a. um laugar:

Laugar eru víða í Evrópu, þó bjóst ég varla við, að þær séu nokkurs staðar hafðar til jafn margvíslegra nota og á Íslandi. Menn baða sig ekki aðeins af heilsufarsástæðum, heldur jafnvel fyrir kurteisis sakir. Fátæktin bannar elskebuganum að færa ástmey sinni gjafir, og náttúran fósstrar ekki þau blómstur, sem bundin eru í kerfi með öðrum þjóðum. Í stað þess breinsar íslenskur elskebugi baðið vel og vandlega áður en festarmarín heidrar það með heimsókn sinni.²³

Sveinn Pálsson landlæknir skoðaði laugarnar í Laugarnesi og fjallar um þær í Ferðabók sinni.²⁴ Hann lýsir svæðinu vel og minnst m.a. á þann stað þar sem lítil tjörn er notuð til þvotta af almenningi og að þar sé hægt að tjalda á grasi grónum hól sem heiti Laugarhóll og að þar fyrir neðan taki vatni að kólna svo að miðja vegu milli Laugarhóls og sjávar sé það hæfilega heitt til að baða sig í og allir sem koma að lauginni taki þar bað. Hann segir þó galla að menn eigi til að festast

²⁰ Eggert Ólafsson II. 1975, bls. 114

²¹ Eggert Ólafsson II. 1975, bls. 64

²² Eggert Ólafsson I. 1975, bls. 68

²³ Uno von Troil. 1961, bls. 41

²⁴ Ferðabók Sveins Pálssonar. 1945, bls. 68-71

í leðjunni í botni laugar ef þeir gæti ekki að sér og að nokkrir menn hafi dáið í lauginni. Hann segir einnig:

Það er þegar sagt, að laugar þessar séu notaðar til þvotta og menn baði sig í þeim. En ekki veit ég til þess, sem von Troil segir, að þar eigi sér lauslæti stað í sambandi við baðferðir. Að vísu fara menn þar í bað sér til skemmtunar og ferðast jafnvel langt að til þess, bæði karlar og konur, og auðvitað eru slíkar ferðir skemmtilegri, ef maður ferðast ásamt stúlku sinni, en mjög sjaldan fara karlar og konur í bað saman nema um hjón sé að ræða. Menn skoða þessar baðferðir ekki öðru vísi en menn í Kaupmannahöfn líta á skemmtiferðir út í Dyrehaven eða Emilíukeldu, þ.e. sem saklausa smáskemmtun.²⁵

Eldri laugar hér á landi voru að jafnaði setlaugar og sund ekki iðkað í þeim. Á fyrri öldum má því reikna með að sund hafi einvörðungu verið stundað í lækjum, ám, vötnum og sjó. Í raun er fremur lítið vitað um sundkunnáttu hér á fyrstu öldum þótt margir hafi haldið því fram að sundkunnátta hafi verið almenn á fyrstu öldum byggðar.²⁶ Ekki er heldur vitað hvað fólst í sundkunnáttu þeirra sem þóttu búa yfir henni, t.d. hvort hún snerist mest um að halda sér á floti, í löngum sundferðum eða kappsundi. Hefur jafnvel verið velt upp þeirri hugmynd að kunnátta fornra sundkappa hafi mögulega fyrst og fremst falist í því að halda andstæðingi sínum niðri í vatni eða færa hann á kaf, eins konar sundglímu.²⁷ Hversu algeng sem sundkunnátta kann raunverulega að hafa verið á fyrstu öldum byggðar virðist einsýnt að úr henni og laugarferðum dró þegar fram liðu stundir. Ýmsar heimildir frá seinni tímum lýsa t.d. vanræktum laugum sem spilltust og ónýttust sökum hirðuleysis og vankunnáttu. Þó voru ætíð einhverjar laugar í notkun, m.a. notaðar til þvotta og baða og nokkur dæmi eru um sund og sundkunnáttu í gegnum aldirnar. Frásagnir frá miðöldum hafa varðveist um einstaka menn sem voru sundfærir.²⁸ Árin 1730-1740 var kennt sund í heitu sjávarlóni við Reyki, norðan Sauðárkróks að áeggjan Steins Hólabiskups, en síðan féll sú kennsla niður. Því hefur hins vegar verið haldið fram að einhver sundkennsla skólapilta hafi gjarnan tíðkast bæði á Hólum, og í Skálholti enda heitar laugar nærri báðum biskupsstólum og einnig á Bessastöðum.²⁹ Engu að síður virðist þó sem sundkunnátta hafi um margra alda skeið verið í skötulíki. Árið 1820 er talið að aðeins sex Íslendingar hafi kunnað að synda.³⁰

Svo virðist sem áhugi á umbótum í sundkennslu hafi vaknað hér á landi snemma á 19. öld. Regluleg sundkennsla hófst árið 1821 við Reistarlaug í Eyjafirði en kennari var Jón Þorláksson Kjærnested frá Skriðu í Hörgárdal sem lært hafði sund í Danmörku. Jón kenndi einnig í Reykja-

²⁵ *Ferðabók Sveins Pálssonar*. 1945, bls. 71

²⁶ Björn Bjarnason. 1908, bls. 130-131

²⁷ Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 72

²⁸ T.d. var Árni Ólafsson biskup í Skálholti á fyrri hluta 15. aldar frægur fyrir sundfimi og Hvanndala-Bjarni synti frægt sund við Kolbeinsey um 1580. *Safn til sögu Íslands I*. 1856, bls. 34, 71-72

²⁹ Þorsteinn Einarsson. 01.05.1944. "Hugsjónir rætast", *Íþróttablaðið*, bls. 3-4

³⁰ *Sundreglur Prófessors Nachtegalls aukenar og lagaðar eptir Íslands þörfum*. 1836, bls. v-vi

eða Steinsstaðatjörn í Tungusveit í Skagafirði og síðar í Húnavatnssýslu og í Reykjavík. Talið er að hann hafi kennt allt að 100 piltum sund á sínum tíma.³¹ Gestur Bjarnason eða Sund-Gestur var einn af nemum hans en eftir fráfall Jóns fékkst Gestur við sundkennslu víða um land, m.a. á Reykjanesi við Ísafjörð en þar var fyrsta torflaugin byggð árið 1837.³²

Oddur V. Gíslason prestur og sjómaður barðist ötullega fyrir því að íslenskir sjómenn lærðu að synda en hann mætti mikilli andstöðu í byrjun. Smám saman var mikilvægi sundkunnáttu þó viðurkennt og farið var að kenna ungmendum sund í vaxandi mæli, bæði í sjó og volgum, náttúrulegum laugum og síðar einnig manngerðum laugum.³³

Sundkunnátta var eitt af þeim atriðum sem spurt var um í spurningalista í sýslu- og sóknarlýsingum um miðja 19. öld og var niðurstaðan sú að í 20 af 150 sóknarlýsingum var getið um einhverja sundkunnáttu og því ljóst að mikill meirihluti Íslendinga var ósýndur um miðja 19. öld.³⁴

3.2. Upphaf sundlauga á 19. öld

Þrátt fyrir að lauga sé víða getið í fornum heimildum er mannvirkjunum sjaldnast nokkuð lýst og næstum óheyrt að getið sé um einhvers konar laugarhús. Á þessu eru þó einstaka undantekningar. Í Sturlungu er getið um „forskála frá laugu“ og er þar líklega átt við göngin sem lágu frá laug og að bæ í Reykholti.³⁵ Í Jarategnum úr Jóns sögu helga segir frá ferð tveggja kvenna að laug sem líklegast var þar sem nú er Varmahlíð í Skagafirði og er þar getið um laugarhús. Er það líklega eitt elsta dæmið um slíkt, þótt húsið hafi líklega ekki gegnt alveg sama tilgangi og yngri laugarhús.³⁶ Eggert og Bjarni geta þess eins og fyrr segir að til forna hafi verið hús yfir laugina í Hrafnkelsdal og heiti þar enn *Laugarhús* en ekkert er vitað um húsið.³⁷ Elstu laugarmannvirkin hér á landi voru því við baðlaugar. Eftir því sem best er vitað eru engin þekkt dæmi um manngerðar sundlaugar fyrr en komið er fram á 19. öld. Þeir sem lærðu sund fram að þeim tíma hafa því æft sundtökin í sjó, ám eða vötnum þótt hugsanlegt sé að í einhverjum tilfellum hafi verið hlaðið fyrir læki til að mynda lón þótt slíkt hafi þá ekki ratað í heimildir.

Aukinn áhugi á sundi og sundkennslu varð ekki til í tómarúmi. Danski íþróttáfrömuðurinn V.V.F. Nachtegall sem beitti sér m.a. fyrir markvissari sundkennslu varð Jónasi Hallgrímssyni t.d. talsverður innblástur. Jónas þýddi kennslubók í sundi eftir Nachtegall sem Fjölnismenn gáfu svo

³¹ Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 74.

³² Sigurður Bjarnason. 1987, bls. 12-18.

³³ Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 75-76.

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Sturlungasaga I, bls. 388.

³⁶ Biskupa sögur I, bls. 221-212.

³⁷ Eggert Ólafsson I. 1975, bls. 68.

út árið 1836. Bókin varð án efa hvatning til sundáhugafólks en þó virðist ekki komast skrið á sundkennslu ogsundlaugagerð fyrir en nokkru síðar. Flest þau dæmi sem þekkt eru um sundlaugar frá 19. öld eru frá seinni hluta aldarinnar og í raun frá síðasta fjórðungi hennar. Nokkur dæmi um hlaðnar sundlaugar hafa fundist frá fyrri hluta 19. aldar. Má þar nefna sundlaugin á Reykjum við Reykjabraut sem líklega var byggð um 1820, Steinsstaðalaug sem gerð var 1822 og sundlaugin á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp sem gerð var árið 1837. Allar voru þær torflaugar, gerðar með því að safna vatni úr ám eða lækjum með fyrirhleðslu en ekki er getið um laugarhús við þær. Ein elsta heimildin um laugarhús við sundlaug er það hús sem byggt var við eldri laugin að Syðra-Laugalandi í Eyjafirði árið 1874. Þar var reist lítið timburhús sem hugsað var sem búningsklefi. Samkvæmt lýsingu var húsið málað að innan og utan og var flaggað þar þegar „sundsveinar voru prófaðir.“³⁸ Sundlaugarhúsið í Laugarnesi/Laugardal var byggt árið 1885 og gert var við það 1891. Það var timburhús með lofti byggt á stólpum út í laugin. Þegar komið var undir lok 19. aldar var skilningur á mikilvægi sunds og sundkennslu að aukast og samhliða því var farið að gera ýmsar tilraunir til að útbúa sundlaugar og jafnvel laugarhús við þær, en þessi þróun fór þó hægt af stað.

Fram undir 1880-1890 var sundkennsla einnig stunduð fremur slitrótt. Árið 1884 var fyrsta sundfélag landsins sett á stofn, *Sundfélag Reykjavíkur*.³⁹ Sundkennsla félagsins fór fram í heitri laug í Laugardal sem var nokkuð fyrir neðan Þvottalaugarnar, norðan við Sundlaugaveg. Síðar var lítill lækur sem rann í laugin stíflaður, farvegur hans dýpkaður og breikkaður og laugin þannig stækkuð. Smám saman var laugin endurbætt. Laugin var eina sundlaugin í Reykjavík sem var opin almenningi fram til ársins 1937 þegar Sundhöll Reykjavíkur tók til starfa.⁴⁰

Þrátt fyrir að áhugi á sundkennslu og sundlaugagerð hafi aukist nokkuð strax á 19. öld er talið að aðeins um hálf prósent þjóðarinnar verið synt árið 1891 (eða um 350 manns)⁴¹ þrátt fyrir að ár hvert drukknðu hátt í 100 manns hér á landi, oft vegna skorts á sundkunnáttu.⁴²

³⁸ Þorsteinn Einarsson: Drög að sögu íslenskra íþróttar, bls. 6.

³⁹ *Reykjavík: Sögustaður við sund*, III. bindi, bls. 105-106 og Þorsteinn Einarsson: Drög að sögu íslenskra íþróttar, bls. 6.

⁴⁰ Gamla Laugardalslaugin var lögð niður þegar nýjar sundlaugar voru fullgerðar í Laugardal árið 1966 og sjást ekki lengur neinar minjar um gömlu laugin. <http://icelandictimes.com/sundlaugar-reykjavikur/?lang=is>

⁴¹ Samkvæmt mati Þorsteins Einarssonar íþróttafulltrúa. Drög að sögu íslenskra íþróttar, bls. 7.

⁴² Tölur eiga við fyrstu áratugi 20. aldar, Sundbók ÍSÍ, formáli.

3.3. Upphaf sundkennslu

Í upphafi var áhersla á sundlaugagerð nær alfarið tengd sundkennslu (þótt stundum væri fjallað um sund í tengslum við hreysti og í ljósrauðum bjarma fornsagna). Áhersla var lögð á mikilvægi þess að kenna sund sem öryggismál, svo að forða mætti sjómönnum frá drukknun. Þrátt fyrir þetta mættu talsmenn sundiðkunar stundum talsverðri mótstöðu. Sumir héldu því t.d. fram að sundkunnátta væri ekki endilega líkleg til að bjarga sjómönnum frá drukknun heldur myndi mögulega aðeins framlengja þjáningu þeirra í sjónum (sem myndi samt sem áður enda með dauða).⁴³ Þetta viðhorf var þó ekki algengt og var líklega að hverfa þegar komið var fram á 20. öldina. Talsmenn sundsins héldu líka uppi sterkum rökum um gildi þess. Í upphafi byggði röksemdafærslan fyrst og fremst á gildi sundkunnáttu fyrir þjóð sem byggði á eyju og stundaði sjósókn en þegar fram liðu stundir færðist áherslan nokkuð á gildi sundsins fyrir hreysti og heilsu



Mynd 8: Sundlaugin að Syðra-Laugalandi. Saga laugarhalds á þessum stað er nokkuð löng og líklega var eitt fyrsta laugarhúsið við sundlaug reist á þessum stað 1874 þegar Framfarafélag Öngulstaðahrepps veitti bæjarlækninum í sundstæði í litilli laut sem blaðið hafði verið fyrir og byggði laugarhús. Líklega voru hús og laug ekki mjög lengi í notkun en ný sundlaug og laugarhús voru byggð á þessum slóðum 1932 af UMF Áróðanum og UMF Arsól. Laugarhúsin voru svo rifin og ný gerð 1964. Arkitekt laugarinnar frá 1964 var Guðmundur Guðjónsson/ Húsameistaraskrifstofu ríkisins. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

og ekki má gleyma þætti hreinlætis en á fyrstu áratugum lauga/laugarhúsa var sundlaugarferð fyrir marga fágætt tækifæri til líkamsþrifa. Í ljósi þeirrar áherslu sem lögð var á sundkennslu fyrir sjómenn í upphafi þarf e.t.v. ekki að koma á óvart að fram yfir aldamótin 1900 var umræða um

⁴³ Íþróttablaðið 05.05.1952, bls. 2

mikilvægi sundkennslu og -iðkun nær eingöngu bundin við pílta. Í umfjöllun um laugarnar í Reykjavík (og víðar) má sjá að sundkennsla á þessum árum var einungis fyrir drengi, þrátt fyrir að konur hafi geta farið í laugarnar í Reykjavík sem almennir sundlaugargestir. Skömmu fyrir 1890 var talið að aðeins væri ein kona sundfær á Íslandi, Björg Einarsdóttir frá Undirfelli.⁴⁴ Árið 1896 hóf þó stúlka, Sigríður Daníelsdóttir frá Steinsstöðum, nám í sundi í strákahópi í Steinsstaðalaug og er það eitt elsta þekkta dæmið um kvenkyns sundnema hér á landi.⁴⁵

Ingibjörg Brands varð fyrst kvenna til að læra sundkennslu í Danmörku. Þegar hún sneri heim úr námi 1903 og ætlaði að hefja sundkennslu mætti hún ekki alls staðar miklum skilningi á þeirri hugmynd að kenna ætti stúlkum, jafnt sem drengjum, sund. Aðstaðan til sundkennslu var einnig mjög bágborin.⁴⁶ Tímarnir voru þó að breytast og í því samhengi má benda á að þegar þau tímamót urðu í jafnréttisbaráttu hér á landi að kona tók í fyrsta sinn til máls á bæjarstjórnarfundum í Reykjavík (19. mars 1908) var hennar fyrsta mál að berjast fyrir því að stúlkur ættu þess kost að læra sund. Það var Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem flutti tillögu um jafnan rétt til sundkennslu og jafnvel þótt að ekki hafi allir verið sáttir við tillögu hennar fór svo að hún var samþykkt og sundkennsla stúlkna hófst í kjölfarið.⁴⁷

Í upphafi 20. aldar voru Íslendingar að vakna til vitundar um mikilvægi sundíþróttarinnar og mikil aukning var í sundkennslu á fyrstu áratugum 20. aldar þótt kennslunni hamlaði talsvert hversu óvísða voru góðar kennslulaugar. Í grein í *Norðurlandi* 1909 bendir greinarhöfundur á að menning hverrar þjóðar lýsi sér í því hversu vel þær færi sér landsnytjar og hlunnindi í not og telur hann Ísland ekki hafa staðið sig nógu vel í þeim efnum. Þó segir hann:

Að einu leyti stöndum vér nú framur en menn áður. Vér höfum komist upp á það að nota heita vatnið í laugunum til að koma upp sundpollum með volgu vatni. Sundlaugarnar eiga sjálfsagt mestan og bestan þátt í því, að eigi svo fáir menn hér á landi kunna sund, og það væri betur að sundlaugunum fjölgaði, og að þær yrðu notaðar meira og af fleirum en hingað til. En til þess þarf að útbúa þær nokkuð öðru vísi og þá helzt að hafa það fyrir augum, að unt væri að nota laugarnar að vetrarlagi, að minnsta kosti nokkuð af þeim. Mikið væri unnið með að koma sundlaugum í þetta horf, en þá fyrst tel ég þó að sundlaugarnar komi að öllu gagni, ef settar eru upp baðstöðvar við laugarnar víðsvegar um landið. Ef þessar baðstöðvar væru nokkurn veginn eins vel úr garði gerðar og baðstöðvar í öðrum löndum, þá er ekki neinn vafi á að því, að þær yrðu sóttar mikið af héraendum og erlendum mönnum.⁴⁸

⁴⁴ *Safn til sögu Íslands: Íslenzkar gátur, skemmtanir, víkivakar og þulur*, 71.

⁴⁵ Jónas Jónasson. 1979, 273-274.

⁴⁶ *Lesbók Morgunblaðsins* 14.08.1927, bls. 250

⁴⁷ Lúðvík Kristjánsson. 1952, bls. 363

⁴⁸ *Norðurland*, 02.20.1909, bls. 27

Á þessum tíma var umræða um stórfelldari og almennari sundkennslu að komast á flug. Strax árið 1920 ritaði stjórn Íþróttasambands Íslands opið bréf til allra skóla- og fræðslunefnda landsins þar sem þær voru beðnar um að gera það að baráttumáli að sund yrði gert að skyldunámsgrein í öllum skólum. Sú hugmynd var byltingakennd á þeim tíma en fékk betri fótfestu samhliða fjölgun sundstaða.⁴⁹ Skömmu síðar, eða 1924 urðu talsverð tímamót í sögu sundmennta hér á landi þegar frumvarp Jóhanns Jósefssonar alþingismanns (og þingmanns Vestmannaeyinga) sem veitti bæjar- og sveitastjórnnum heimild til að skylda unglunga til sundnáms var samþykkt á Alþingi. Frumvarpið varð ekki til í tómarúmi heldur endurspeglar það aukna áherslu á mikilvægi sundkunnáttu hér á landi og einnig strauma og stefnu í nágrannalöndum okkar. Sund hafði t.d. verið gert að skyldugrein í öllum borgaraskólum Kaupmannahafnar fyrir bæði stúlkur og drengi fyrir 1907 og á örfáum árum hafði sundkunnátta þar aukist til mikilla muna.⁵⁰

Með nýju lögnum höfðu kaupstaðir og sveitarfélög þar sem sund var kennt á kostnað hins opinbera heimild til að gera öllum heimilisföstum unglingum á aldrinum 12-16 ára skylt að stunda sundnám í allt að 4 mánuði samtals með reglugerð.⁵¹ Þrátt fyrir að flestir væru sammála um að frumvarpið væri framfararskref þá voru það aðeins Vestmannaeyingar sem nýttu sér þessa



Mynd 9: Gamla sundlaugin í Laugardal. Ljósmyndin var tekin rétt fyrir aldamótin 1900. Laugarbúsið er eitt elsta þekktu laugarbús landsins ásamt húsinu á Syðra-Laugalandi og Reykjanesi við Ísafjarðardjúpi. Bryggjan yfir á suðurbakka laugarinnar sést vinstra megin við hús en á myndinni eru piltar úr Lærða skólanum. Myndin er úr bók Sveins Þórðarsonar. 1998, bls. 77 en kemur frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur


⁴⁹ Íþróttablaðið 01.02.1925, bls. 10.

⁵⁰ Skólablaðið 02.28.1907, bls. 16.

⁵¹ Menntamál 01.04. 1925, bls. 98-99.

heimild til að byrja með enda voru sundlaugar enn fáar og aðstæður til sundkennslu víðast hvar bágbornar.

Ljóst var að til að unnt væri að gera sundkennslu að skyldugrein og sundiðkun almenna þyrfti að byggja fleiri laugar en verkefnið var stórt og kostnaðarsamt og þá eins og nú var tekist á um hvaða mál ættu að vera í forgangi varðandi fjármagn. Í grein í *Skinfaxa*, riti Ungmennafélagshreyfingarinnar,



Mynd 10: Á fyrstu áratugum 20. aldar voru byggðar fáar laugar á „köldum stöðum“ og talsvert basl var að stunda sundkennslu þar, þótt hún væri víða talin mjög brýn, t.d. á útgerðarstöðum. Á myndinni sést sundkassinn svipaður þeim sem notaður var í Gerðabreppi árið 1934 Valdimar Össurarson lýsir í grein *Alþýðublaðinu* 06.05.1935 (án blaðsíðnats)

eru rakin ýmis sundafrek fornkappa og núlifandi manna og fjallað um hvernig almenningur sé smátt og smátt að átta sig betur á gildi sundsins. Þar er einnig fjallað um tillögu Jónasar Jónssonar alþingismanns um gerð Sundhallar í Reykjavík sem ekki hafði verið samþykkt á Alþingi. Telur greinarhöfundur að ekki sé nóg að þjóðin eyði hundruðum þúsunda í að „krukka í veika menn og dauðvona“ heldur þurfi að gera meira til að fólkið veikist ekki. Hann bætir við: „Það hefði átt að reisa sundhöll Jónasar, það hefði átt að stórbæta leikvelli, fimleikahús og baðstaði í öllum sjávarþorpum landsins. Byggja sundlaug í hverri sveit og baðhús á hverjum sveitabæ um allt Ísland, áður en farið var að reisa Landspítalann.“⁵² Svo mörg voru þau orð og ljóst að mörgum þótti hægt ganga að byggja laugar í bæjum og sveitum landsins. En þrátt fyrir að yfirvöld hafi farið hægt af stað í uppbyggingu sundstaða um og upp úr aldamótum, eða kannski einmitt vegna þess, þá tóku ungmennafélög víða um land sundmálin upp á sína arma og gerðu að forgangsmáli. Ungmennafélögin voru leiðandi í byggingum sundlauga í upphafi 20. aldar, sérstaklega í sveitum landsins, en þó líka í mörgum þorpum. Meðlimir ungmennafélaganna voru metnaðarfullir og áttu sér stóra drauma þegar kom að sundiðkun og aðstöðu. Fyrirmyndirnar sóttu þeir gjarnan til frægra fornkappa og sumar lauganna/sundfélaganna drógu einmitt nöfn af þeim. Í *Skinfaxa* ritaði ungmennafélagi árið 1913 að meginreglan ætti að vera sú að hvert ungmennafélag ætti að eiga sundlaug og hver ungmennafélagi að vera syndur.⁵³ Árið 1916 áttu 12 ungmennafélög sundlaugar⁵⁴ en níu árum síðar, 1925, höfðu ungmennafélög landsins tvöfaldað sundlaugaeign sína og höfðu þá

⁵² *Skinfaxi* 01.12.1925, bls. 137-139

⁵³ *Skinfaxi* 10.06.1914, bls. 82

⁵⁴ *Skinfaxi* 10.08.1916, bls. 98.

komið upp 25 sundlaugum. Yfirferð yfir skýrslur ungmennafélaga frá fyrri hluta 20. aldar leiddi í ljós frásagnir um fleiri en 130 sundstaði sem ungmennafélögin komu sér upp á tímabilinu (þ.e. frá 1908-1940).⁵⁵ Hér er þó einungis fjallað um eiginlegar sundlaugar með laugarhúsum og kemur því aðeins hluti þessara lauga við sögu.

Samkvæmt yfirliti um laugar í *Vormenn Íslands* byggðu ungmennafélög landsins allt að 50 torflaugar á fyrri hluta 20. aldar og áttu ungmennafélög í Borgarfirði (þar sem jarðhiti var nægur) til að mynda 8 slíkar laugar árið 1929.⁵⁶ Framan af og á fyrstu áratugum 20. aldar voru það oftast ungmennafélögin á hverju svæði (oft í samvinnu við önnur áhugamannasamtök) sem stóðu fyrir byggingu sundlauga gjarnan með stuðningi íbúa, fyrirtækja og sveitarfélaga. Áhugi og stuðningur ríkisins við sundlaugagerð fór vaxandi á 3.-4. áratug 20. aldar, ekki síst í tengslum við uppbyggingu skólahalds á landsbyggðinni. Jónas frá Hriflu var mikill baráttumaður fyrir aukinni sundkennslu og byggingu sundlauga. Hann beitti sér m.a. fyrir því að styrkir ríkisins til sundlaugagerðar voru hækkaðir úr því að vera mest 1/5 af heildarkostnaði og yfir í helming og sömuleiðis að styrkir ríkisins til héraðsskóla hækkuðu úr 2/5 í helming. Til að sækja um styrk til sundlaugagerðar til Alþingis var skilyrði að laugarnar væru steinsteyptar og héraðseign, og að landstjórnin hefði samþykkt uppdrátt og kostnaðaráætlun.⁵⁷




Mynd 11: Aðstaða til sundæfinga var ekki alltaf til fyrirmyndar en framan af notaðist fólk gjarnan við þá aðstöðu sem var til staðar. Myndin sýnir stúlkur á sundæfingu á árunum 1941-42 í vegarskurði við Reykholt (en sundlaug var þá reyndar þegar í skólahúsinu). Úr bókinni Héraðsskólar Borgfirðinga, bls. 93

⁵⁵ Jón M. Ívarsson o.fl. 2007 bls. 59.

⁵⁶ Jón M. Ívarsson o.fl. 2007, bls. 61.

⁵⁷ *Menntamál* 01.04.1925, bls. 99.



Mynd 12: Hugmynd að Sundhöll Reykavíkinga var fyrst lögð fram á Alþingi 1925 en langur tími leið þar til húsíð reis. Guðjón Samúelsson húsameistari gerði þrjár tillögur að húsinu og má hér að ofan sjá þá fyrstu sem miðaði við þriggja bursta byggingu í “sveitabæjarstíl” og áttu þar innandyra að vera þrjár stórar laugar. Heimild: Yfirbygð sundlaug í Reykjavík, Íþróttablaðið 4. tbl. 01.04.1925.


Árið 1927 birtist hvatningargrein í *Skinfaxa*, þar sem fjallað er um sundkunnáttu sem lífsnauðsyn fyrir Íslendinga og hvatt til byggingar sundlauga. Undir greinina ritar J.J. sem vafalítið var Jónas Jónasson frá Hriflu.⁵⁸

⁵⁸ *Skinfaxi*, 1927, bls. 28

Ári síðar sendi Jónas (sem var dómsmálaráðherra á þessum tíma) Jóhann Franklín Kristjánsson um vestan- og sunnanvert landið á vegum ríkisstjórnarinnar til að kanna möguleg laugarstæði. Jónas fór á þá staði þar sem til tals hafði komið að sundlaugar yrðu reistar, að hluta fyrir ríkisstyrk.⁵⁹ Í *Tímanum* sumarið 1929 er að finna grein eftir Jóhann þar sem hann fjallar um þörf á áframhaldandi uppbyggingu sundlauga hér á landi. Þar segir: „Athugunin var í því fólgin, að mæla hita og vatnsmagn hveranna, velja stað fyrir sundlaug, leiðbeina um steypuefni o.fl. Kom þar til greina: Góð aðstaða til þess að byggja sundlaug, aðgengilegt umhverfi, vegalengd að heitu og köldu vatni, fallhæð og frárennsli.“⁶⁰ Í blaðgreininni fjallaði Jóhann um helstu niðurstöður sínar og nefndi fimm sundlaugar sem þegar höfðu verið gerðar og allar nutu jarðhita en þær voru í upphafi án skýlis og skjólgarðs. Eftir ferð sína um landið lagði Jóhann á ráðin um sundlaugabyggingar á átta stöðum.⁶¹

Á þessum tíma var þegar komin talsverð hreyfing á sundlaugagerð víða um land. Fyrsta yfirbyggða sundlaug landsins var byggð 1926 við Laugaskóla í Reykjadal í kjallara nýrrar álmu sem

þá var reist við skólann (sjá nánar um héraðsskóla bls. 26-27 og kafla 4.3.3). Sundlaugin var fyrsta yfirbyggða sundlaug landsins. Á næstu árum reis nokkur fjöldi yfirbyggðra lauga. Fyrsti yfirbyggði sundskálinn (stakstætt laugarhús) var sundskáli Svarfdæla sem vígður var 1929. Fleiri yfirbyggðar sundlaugar fylgdu svo í kjölfarið á næstu árum; sundlaugin á Reykjum í Hrútafirði (b. 1929), sundskálinn á Hveravöllum (b. 1930), sundlaug Austurbæjarskóla (b. 1930), Sundskáli Sælingsdals (b. 1932) og sundskálinn að Álafossi (b. 1933) og svo þar á eftir Sundhöllin í Reykjavík (b. 1937).



Mynd 13: Sundskáli Svarfdæla er elsti sundskáli landsins en hann var vígður 1929. Myndin er frá vígsludegi og birtist áður í *Íslendingi* 1979.

Á þriðja áratug 20. aldar fjölgar sundlaugum mikið. Framan af risu sundlaugar nær eingöngu á stöðum sem nutu jarðhita en þegar leið á 3. áratug 20. aldar urðu þær raddir æ háværi sem bentu á mikilvægi þess að koma einnig upp sundlaugum á „köldum stöðum“. Segja má að

⁵⁹ *Tíminn* 14.05.1930, bls. 111-112.

⁶⁰ *Tíminn* 16.02.1929, bls. 36-37.

⁶¹ *Tíminn* 1929, 10. tbl., bls. 36.

nokkur tímamót verði 1929 þegar Ungmennafélagið Bolvíkingur lauk við gerð steyptrar laugar með búningsklefum í Bolungarvík. Laugin er á köldu svæði og var fyrsta kolakynta laug landsins en fram að því höfðu flestir talið að gerð sundlauga á slíkum svæðum væri ógerleg. Í grein í *Lesbók Morgunblaðsins* frá 1933 kemur fram að ungmennafélagið hafi með „tilraun sinni“ gert möguleikann á almennri sundkunnáttu talsvert betri en áður þar sem hægt verði að gera sundlaugar víðar og ekki þurfi að leita á „afskekktu og fjarlægja staði til náms“ og kemur fram að ungmennafélaginu hafi borist fjöldinn allur af fyrirspurnum um laugina úr öðrum kaптúnunum.⁶²

Á eftir Bolungarvík reis næst kolahituð laug í Vestmannaeyjum (b. 1934) og Keflavík (b. 1938). Á sama skeiði risu einnig sundlaugar sem ekki nutu jarðvarma við Héraðsskólann á Núpi (b. 1930) og Alþýðuskólann á Eiðum (vígð 1943 eftir langan aðdraganda). Árið 1939 byggðu Siglfirðingar sundlaug, sem nýtti kælivatn ljósavélar til laugarinnar og á næstu árum bættust við fleiri laugar sem ekki nutu jarðvarma. Ástæða er til að fjalla sérstaklega um þær laugar sem risu í tengslum við byggingu héraðsskóla víðs vegar um landið og verður nú vikið að þeim.

Lög um héraðsskóla voru samþykkt árið 1929 og miðuðust að því að byggðir yrðu skólar í öllum héruðum landsins sem veita myndu ungmennum bóklega menntun ásamt vinnukennslu en einnig efla hreysti og heilbrigði með daglegri útivist og íþróttum. Sundlaugar urðu strax mikilvægur hluti af menningu héraðsskólanna.⁶³ Elsta yfirbyggða sundlaug landsins, sundlaugin á Laugum í Reykjadal, var byggð í tengslum við uppbyggingu héraðsskóla þar. Á næstu árum fylgdu nokkrar fleiri slíkar skólalaugar, undantekningalítið tengdar héraðsskólunum (sjá þó sundlaug í Austurbæjarskóla). Í bók Lýðs Björnssonar *Héraðsskólinn í Reykholti* er fjallað um þátt Jónasar Jónssonar frá Hriflu í þróun og stofnun lýðháskóla á Íslandi.⁶⁴ Flestir skólanna risu á tímabilinu 1925-35 en skólarnir að Núpi (gerður að héraðsskóla 1929), Eiðum (gerður að alþýðuskóla 1919) og Hvítárvöllum (síðar færður að Reykholti) voru byggðir á eldri skólum.

Héraðsskólinn á Laugum reis fyrstur héraðsskólanna árið 1925 og næstur var skólinn á Laugarvatni 1928. Ári síðar, 1929, var skólinn að Núpi í Dýrafirði gerður að héraðsskóla. Árið 1930 var Hvítárbakkaskóli fluttur að Reykholti og Héraðsskólinn í Reykholti stofnaður. Tveimur árum síðar hófst kennsla að Reykjum í Hrútafirði (en yfirbyggð sundlaug hafði verið gerð þar 1929). Héraðsskólinn að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp tók til stafa 1934 og loks Skógaskóli undir Eyjafjöllum árið 1949. Á öllum þessum stöðum (að Hvítárbakka frátöldum) voru gerðar sundlaugar, en laugin á Skógum var reyndar ekki gerð fyrr en á seinni hluta 20. aldar og fellur því utan þessarar úttektar. Í tveimur tilfellum voru laugarar gerðar á undan skólunum (Reykjum í Hrútafirði og Reykjanesi við Ísafjarðardjúp) og hafa án efa átt hlut í því að umræddar jarðir urðu

⁶² *Lesbók Morgunblaðsins* 12.02.1933, bls. 46-47.

⁶³ Lög um héraðsskóla nr. 626/1929.

⁶⁴ Lýður Björnsson. 2013, bls. 55-58.

fyrir valinu sem héraðsskólar. Við val á staðsetningu skólanna vó jarðhiti þungt enda ljóst að hann gæti auðveldað upphitun húsa og sundiðkun.⁶⁵ Í grein Jónasar Jónassonar í *Víðari* 1936 kemur fram tveir af skólunum njóti ekki jarðhita heldur séu hitaðir með raforku og lýsi það stórhug að búið sé að reisa sundlaug á öðrum þeirra (Núpi – hituð með rafmagni og kolum) og önnur í bígerð á við Eiðaskóla – hituð með rafmagni.⁶⁶

Önnur þáttaskil verða árið 1940 með gildistöku íþróttalaganna en með þeim var sund gert að



Mynd 14: Hreppslaug í Skorradal. Ljósmynd Þjóðminjasafn Íslands ÞJ Borg N. 698.

skyldunámsgrein í skólum. Henni var fylgt eftir með sundreglugerð sem staðfest var 1. apríl 1943. Með því færðist ábyrgð á sundkennslu og viðhaldi og gerð sundlauga yfir á ríki og sveitarfélög í mun meira mæli en áður. Fram að þeim tíma höfðu verið byggðar a.m.k. 25 steinsteyptar laugar, langflestar að frumkvæði og með stuðningi ungmennafélaga. Í tengslum við gildistöku íþróttalaganna var stofnaður íþróttasjóður til eflingar á íþróttalífi og veitti Alþingi sjóðnum árlega fé til ráðstöfunar auk þess sem

íþróttanefnd var t.d. heimilað að reka veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppnir og leggja ágóða hennar í sjóðinn.⁶⁷ Með þessu færðust styrkir til sundlaugabygginga frá Alþingi til íþróttasjóðs.

⁶⁵ Sama heimild, bls. 57.

⁶⁶ *Víðar* 01.01.1936, bls. 42.

⁶⁷ *Íslendingur* 16.08.1950, baksíða (án blaðasiðutals).

4. Þróun sundlaugabygginga: Dreifing, efni, einkenni og byggingarlist

Hér á eftir fylgir samantekt um helstu niðurstöður heimildauttektar um íslenskar sundlaugar byggðar fyrir 1950 en gert er ráð fyrir að ítarlegri úttekt á byggingarlist húsanna verði gerð þegar vettvangsúttekt á byggingunum lýkur.

4.1 Fjöldi lauga og dreifing

Við úttekt á íslenskum sundlaugabyggingum voru skráð 93 mannvirki (sjá viðhengi). Í flestum tilfellum er um að ræða bæði sundlaugarþró og sundlaugarhús en þó eru nokkur dæmi um að undir sérstakri færslu séu yngri sundlaugarhús, hafi eldri hús verið rífin. Áhugavert er að skoða fjölda nýrra lauga eftir áratugum og einnig dreifingu þeirra.

Staðsetning lauganna virðist, eins og gefur að skilja, oftast hafa ráðist af náttúruferi, fyrst og fremst jarðhita og aðgengi að vatni. Þrátt fyrir þetta virðast einhver tengsl á milli staðsetninga sundlauga í dreifbýli og eldri miðstöðva í sveitum. Nokkuð er t.d. um að sundlaugum sé valinn staður á jörðum þar sem fyrir var (eða hafði verið) samkomustaður, þinghús eða skólalald. Greinilegt er að sundlaugar í dreifbýli hafa víða gegnt margvíslegu og víðtæku hlutverki öðru en einungis sundkennslu og voru þær gjarnan samkomustaðir fyrir unga og aldna. Sem dæmi má nefna eldri búningsklefa Hreppslaugar í Skorradal. Þar var sett upp spunaverksmiðja og í því sundlaugarhúsi sem síðar reis við laugina var höfuðvígí ungmennafélagsins Íslendinga. Þar var bókasafn hreppsins og húsið var auk þess leigt út til barnakennslu og félagsstarfssemi.


Saga sundlauga nær í flestum tilfellum ekki lengra aftur en til seinni hluta 19. aldar og aðeins eru fá dæmi þekkt um sundlaugar eldri en frá seinni hluta eða jafnvel síðasta fjórðungi þeirrar aldar. Þá fer sundlaugum fjölgandi í sveitum landsins en flestar eru torflaugar eða fyrirhleðslur í lækjum og ám. Laugarnar teljast til fornleifa og eru hluti af úttekt sem nú er unnið að um fornar laugar hjá Fornleifastofnun Íslands og því ekki skráðar sérstaklega nema stærri laugar með laugarhúsum.⁶⁸ Fundist hafa heimildir um tíu laugar með laugarhúsum frá síðasta aldarfjórðungi 19. aldar. Flestar þeirra eru í Eyjafirði og Borgarfirði (þrjár í hvorri sýslu) en hinar laugarnar voru í Reykjavík, Mýrarsýslu, Árnessýslu og Ísafjarðarsýslu (ein laug í hverri sýslu).⁶⁹

Sundlaugum fjölgaði hægt í upphafi 20. aldar. Á fyrsta áratug aldarinnar var aðeins byggð ein ný laug (nýja sundlaugin í Laugardalnum í Reykjavík) og á næsta áratug á eftir (1911-1920) líklega aðeins þrjár stærri laugar með laugarhúsum (Sundlaugin að Stóra-Ási, Leirárlaug í

⁶⁸ Gylfi Helgason. 2023.

⁶⁹ Í Eyjafirði voru það Akureyrarlaug, Reykjalaug og laugin á Syðra-Laugalandi, í Borgarfirði Langholtslaug, Norður-Reykjalaug og Lundalaug, gömlu laugarnar í Reykjavík, Veggjalaug í Mýrarsýslu, Gamla laugin á Flúðum í Árnessýslu og eldri laug á Reykjanesi í Ísafjarðarsýslu.

Borgarfjarðarsýslu og sundlaug að Reykjum, Reykjarbraut). Veruleg hreyfing komst fyrst á sundlaugabyggingar á þriðja áratug 20. aldar en þá voru byggðar 22 laugar víðs vegar um landið, flestar í Ísafjarðarsýslu (fjórar laugar) og Árnessýslu (þrjár laugar) en tvær í Borgarfjarðar-, Eyjafjarðar-, Gullbringu- og Kjósar-, Húnavatns- og Suður-Þingeyjarsýslu og ein í Reykjavík, í Barðastrandar-, Rangárvalla-, Skagafjarðar- og Strandasýslu. Allar laugar sem byggðar voru fram til 1929 eiga það sammerkt að vera á heitum svæðum og vera hitaðar með jarðvarma. Árið 1929 var hins vegar brotið blað í sögu sundlauga hér á landi þegar sundlaugin í Bolungavík var vígð. Hún var fyrsta laug landsins sem byggð var á köldu svæði og var vatn í hana hitað með kolum. Ári síðar var sundlaug Héraðsskólans á Núpi vígð en hún var hituð með rafmagni (a.m.k. til að byrja með).




Mynd 15: Fjöldi nýbyggðra sundlauga, yfirbyggðra og ópinna eftir áratugum á fyrri hluta 20. aldar. Gögn byggð á heimildauittekni höfundar. Þess má geta að meðal yfirbyggðra lauga 1921-30 er talin laugin í Valborgargjá (sem þó er ekki yfirbyggð laug í hefðbundnum skýlningi). Að benni frátalinni eru yfirbyggðar laugar á þessu skeiði 8 talsins.

Á árunum 1931-1940 hófst blómaskeið sundlaugabygginga fyrir alvöru en á þessum áratug voru byggðar 28 sundlaugar/laugarhús. Af þeim voru tæp 90% á heitum svæðum en þrjár laugar voru reistar á köldum svæðum á þessu tímabili, sundlaugin í Vestmannaeyjum (b. 1933) og Keflavík (b. 1938) sem voru báðar kolakyntar og svo sundlaug Siglufjarðar (b. 1933) en í hana var nýtt kælivatn/affallsvatn véla (hreint og hitað vatn sem hitnaði við að kæla vélbúnað). Á þessu tímabili risu flestar laugar í Ísafjarðarsýslu (fimm laugar) en fjórar laugar í Eyjafjarðarsýslu og þrjár í bæði Árnes- og Skagafjarðarsýslu. Í öðrum sýslum voru byggðar færri (og í sumum tilfellum engar). Svipaður gangur hélst í sundlaugagerð á 5. áratugnum þrátt fyrir heimsstyrjöld og voru samtals byggðar 29 laugar/laugarhús á þessu skeiði (þótt tvær þeirra sem hér eru taldar með hafi raunar ekki verið vígðar formlega fyrr en 1951 – Sundhöllin í Keflavík og nýtt sundlaugarhús í Varmahlíð). Á þessu skeiði má segja að sundlaugabygging á köldum svæðum hafi komist á flug enda reynsla komin á ýmsar útfærslur á því hvernig hita mætti upp kalt laugarvatn. Á þessu skeiði risu 11 laugar

sem ekki nutu jarðvarma og voru þær því tæp 40% af öllum byggðum laugum á þessu skeiði. Fjórar laugar sem nýttu sér affallsvatn véla risu á þessu tímabili (Sundlaug Flateyrar b. 1942, Neskaupsstaðar b. 1943, Sundlaug Þórshafnar b. 1944 og Sundlaug Patreksfjarðar b. 1946). Sundlaugin í Hafnarfirði sem byggð var 1943 var í upphafi kynt með kolum (ásamt rafmagni) en sundlaug Eiðaskóla (b. 1943), Bjarnalaug (b. 1944), Sundhöll Ísafjarðar (b. 1945), sundlaug Höfðakaupstaðar (b. 1947), sundlaug Búðakaupstaðar (b. 1947) og sundhöll Seyðisfjarðar (b. 1948) voru allar olíuhitaðar í upphafi.

Um miðbik 20. aldar höfðu verið byggðar sundlaugar í öllum sýslum landsins að frátalinni Austur-Skaftafellssýslu en fjöldi lauga/laugarhúsa sem byggð höfðu verið fram til 1950 var þó mjög breytilegur eftir svæðum samanber mynd 16. Eins og sjá má af súluritinu risu flestar sundlaugabyggingar í Ísafjarðarsýslu og þá Eyjafjarðar-, Borgarfjarðar- og Árnessýslu en aðeins voru 1-2 laugar í níu sýslum (tvær í Dala-, Mýra-, Norður-Þingeyjar-, Rangárvalla- og Strandasýslu og ein laug í Norður-Múla-, Skaftafells- og Snæfellssýslu, ásamt Vestmannaeyjum). Rétt er að geta þess að yfirlitið nær til allra bygginga sem reistar voru (þ.e. bæði þá staði þar sem ný laug og hús reis og einnig þá staði þar sem nýtt hús var byggt við eldri þró). Yfirlitið endurspeglar því ekki fjölda lauga sem voru í notkun á hverju tímarskeiði. Laugarnar voru einnig misstórar og -veglegar.



Mynd 16: Fjöldi sundlauga/ laugarhúsa sem byggð voru á úttekartímabilinu, eftir sýslum

Ljóst er að áratuginir milli 1930 og 1950 marka mikið uppbyggingarskeið í íslenskrum sundlaugagerð en á þessum 20 árum voru samtals reistar um 57 sundlaugar og/eða laugarhús. Sem dæmi um það hversu mikið uppbyggingarskeið þetta tímabil var má nefna að árið 1944 var unnið að smíði níu

sundlauga og undirbúningi að gerð 10 sundlauga í viðbót⁷⁰ og líklega hafa hvorki fyrr né síðar verið jafn margar laugar í bígerð á einum og sama tíma. Um miðbik aldarinnar voru sundlaugar í öllum 13 kaupstöðum landsins nema tveimur (Húsavík og Sauðárkróki) og var unnið að undirbúningi að byggingu sundlauga á báðum stöðunum.⁷¹

4.2 Þróun sundlauga: Opnar eða yfirbyggðar laugar?

Þegar sundlaugabyggingar frá fyrri hluta 20. aldar eru skoðaðar má sjá að opnar laugar eru margfalt fleiri en yfirbyggðar, sem eru um fjórðungur allra lauga sem risu á þessu tímabili (22/93). Í upphafi voru laugar oftast opnar sökum kostnaðar við gerð yfirbyggingar, en í upphafi 20. aldar voru laugarhúsin ætíð úr timbri. Þegar komið er fram á miðjan 3. áratuginn fara sundlaugarbyggingar að verða steiptar í meira mæli og sundskálar/-hallir verða algengari. Á áratugnum milli 1920 og 1930 eru reistar næstum jafnmargar yfirbyggðar laugar og opnar og margir virðast vera þeirrar skoðunar að best sé að stunda sund hér á landi í yfirbyggðri laug. Eftir það fer hlutur yfirbyggðra lauga minnkandi og fjöldi nýrra yfirbyggðra lauga dregst talsvert saman á meðan fjöldi nýrra opinna lauga vex hratt (sjá mynd 15). Áhugavert er að velta fyrir sér þessari þróun og hvað skýrir hana.

Ýmislegt var rætt og ritað um kosti og galla yfirbyggðra lauga á öðrum fjórðungi 20. aldar. Í upphafi töldu menn t.d. að hentugra væri að byggja yfir laugar á köldum svæðum þar sem auðveldara væri að kynda yfirbyggða laug en opna og halda þeim yl sem fengist með kyndingu í húsinu. Í upphafi töldu menn líka að ef mögulegt ætti að vera að nýta laugina allt árið um kring þyrfti hún að vera yfirbyggð og er víða að finna lýsingar á þeim munaði að geta í frosti og kulda heimsótt sundlaug í yfirbyggðu húsi og notið vatnsins í yl og skjóli. Rök voru færð fyrir því að þrátt fyrir að kostnaður við yfirbyggðar laugar væri talsvert meiri þá gætu þær samt borgað sig þar sem kennslan gæti farið fram á mun lengra tímabili og á „ódyrari“ tíma og þannig gætu fleiri lært sundtökin í hverri laug.⁷² Ókostirnir voru hins vegar ýmsir. Þar sem sundlaugar voru gerðar í kjallara húsa olli raki og hiti gjarnan skemmdum á innviðum. Þetta kemur m.a. fram í bréfi sem forsvarsmenn nýbyggðrar laugar á Laugum í Reykjadal rituðu félögum sínum í Svarfaðardal sem stóðu þá í byggingu sundskála, þar sem þeir hvetja Svarfdælinga eindregið til að hafa þak úr steini enda hefði allt timbur í þeirra byggingu skemmt mjög fljótt og töldu þeir að allt timburverk yrði orðið ónýtt á Laugum á 4-5 árum.⁷³ Ýmsar frásagnir hafa varðveist af slíkum vandamálum í innilaugunum, t.d. þeim sem voru í kjallara stærri bygginga (s.s. í Reykholti, Núpi og Laugum en

⁷⁰ Þorsteinn Einarsson. 01.05.1944.

⁷¹ *Menntamál* 01.03.1950, bls. 55.

⁷² *Tíminn* 16.02.1929, bls. 36-37.

⁷³ *Teikningar Sveinbjarnar Jónssonar af Sundskála Svarfdæla*.

einnig víðar). Á fyrstu áratugum yfirbyggðra lauga höfðu sumir einnig áhyggjur af því að ekki væri hollt að synda í yfirbyggðum laugum og að loftið þar væri ekki heilnæmt, en þær áhyggjur voru fljótlega kveðnar niður þótt almennt hafi þótt og þyki heilnæmara að stunda sund í opnum laugum.⁷⁴ Aðrir gallar yfirbyggðu lauganna voru þó veigameiri og vó sú staðreynd að þær voru dýrari þungt. Þegar fram liðu stundir, kom einnig í ljós að opnar laugar voru betur sóttar og má segja að það hafi endanlega orðið til þess að opnu laugarnar tóku nær alfarið yfir.⁷⁵ Á fyrri hluta aldarinnar (og síðar) var hins vegar tekist á um það af hörku hvort byggja skyldi opna eða yfirbyggða laug. Jóhann Fr. Kristjánsson ráðunautur segir t.d. frá því að þegar hann kom að Reykjum í Hrútafirði hafi verið uppi ráðagerðir um að byggja þar opna sundlaug en honum hafi tekist að sannfæra menn um að betra væri að gera þar yfirbyggða laug. Sú laug var byggð og vígð árið 1929.⁷⁶ Laugin varð síðar kjallari einnar skólaálmunnar en varð ekki langlíf þar sem ný, opin sundlaug, var vígð á staðnum 1948. Þegar sundlaugin á Akranesi (Bjarnalaug) var byggð var eitt stærsta vafamálið sem sundlaugarnefndin glímdi við hvort laugin skyldi vera opin eða yfirbyggð. Auk þess að vera ódýrari taldi nefndin að laugin yrði bjartari og skemmtilegri og sunnið hollara og heilsusamlegra ef „hægt væri að komast hjá yfirbyggingu.“⁷⁷ Yfirbyggingin myndi hins vegar hafa ýmsa kosti í för með sér, m.a. þann að hægt væri að synda um miðjan vetur en einnig hafði nefndin áhyggjur af sóti, foksandi og rusli í opinni laug. Í ljósi þessa ákvað nefndin að láta teikna laugina með yfirbyggingu en byggja hana fyrst opna og meta svo hvort byggt yrði yfir hana að fullu. Bjarnalaug var því vígð sem opin laug 1944 en síðar byggt yfir hana og yfirbyggða laugin vígð 1951. Svipaða sögu er að segja af fleiri stöðum, þ.e. byggðar voru opnar laugar með veggjum í kring og síðar byggt yfir þær að fullu. Þetta var t.d. gert í Hafnarfirði (laug byggð 1943, lokið við yfirbyggingu 1952), í Keflavík (þar sem sundlaug og laugarhús úr timbri voru gerð 1939, steinsteyptir klefar 1943 og loks yfirbyggð 1951), Sundhöll Siglufjarðar (þar sem laug og elstu laugarhús voru byggð 1939 en byggt yfir laugina 1962) og yngri sundlaug Héraðsskólans á Laugavatni (sem var byggð 1939 en yfirbyggð 1944).


Einstaka dæmi voru þó á hinn veginn, þ.e. að opnar laugar voru byggðar með það í huga að byggt yrði yfir þær síðar sem varð svo ekki af og má nefna sundlaugina í Reykholti í Biskupstungum, í þessu samhengi. Hún var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni og byggð 1929 með háum veggjum í kring sem stóð til að byggt yrði yfir, en aldrei varð af því. Einnig má nefna sundlaug Vestmannaeyja sem dæmi um að menn hafi hallast að því að gera yfirbyggða laug en fallið frá því. Þar var opin laug um áratuga skeið og margoft komu fram hugmyndir um að leggja af gömlu

⁷⁴ *Tíminn* 23.12.1929, bls. 262.

⁷⁵ Haraldur Guðnason.1991, bls. 394.

⁷⁶ *Tíminn* 16.02.1929, bls. 37.

⁷⁷ *Akranes* 3. árg., 7-8. tbl., bls. 87-92.



Mynd 17-19: Bjarnalaug á Akranesi. Hvatinn að laugarbyggingunni var sjóslýs sem átti sér stað árið 1939 en þá drukknuðu fjórir ósýndir sjómenn rétt utan við fjöruna við Teigavör. Bjarni Ólafsson skipstjóri var einn þeirra sem lést og var í kjölfarið stofnaður minningarsjóður hans til að standa straum af kostnaði við byggingu sundlaugar. Bjarnalaug var vígð á sjómannadaginn 1944. Efst mynd og mynd til vinstri eru frá Ljósmyndasafni Akraness en neðri mynd til hægri birtist í greininni Önnur stórgjöf til Akraneskaupstaðar (Akranes 1944, bls. 88) og þar sést vel að laugarþróin er opin.

laugina og byggja nýja. Fleiri en ein tillaga voru lagðar fram, flestar yfirbyggðar. Árið 1972 var búið að samþykka að hefja framkvæmdir við yfirbyggða sundhöll þegar upp komu athugasemdir við þá hugmynd að sundlaugin skyldi vera yfirbyggð, enda hafi viðhorf til slíkra lauga verið að breytast og reynslan sýnt að aðsókn í opnar laugar væri talsvert meiri en í yfirbyggðar. Var því ákveðið að endurskoða teikningar með þetta í huga og gera þess í stað við gömlu laugina tímabundið. Daginn sem endurbætur á gömlu lauginni áttu að byrja hófst gosið í Heimaey sem færði gömlu sundlaugina á kaf í hraun og allar ráðagerðir á upphafsreit.⁷⁸

Tvennt virðist hafa vegið þyngst í þeirri staðreynd að yfirbyggðar laugar urðu þegar fram liðu stundir sjaldan fyrir valinu. Annars vegar sú staðreynd að yfirbyggðar laugar reyndust almennt verr sóttar en þær opnu og hins vegar að þær reyndust (kannski að hluta til af sömu ástæðu) dýrari í rekstri, sérstaklega fyrir minni sveitarfélög. Þegar komið var fram yfir miðja öldina má sjá af

⁷⁸ Haraldur Guðnason. 1991, bls. 394

ýmsum gögnum á Þjóðskjalasafni Íslands og blaðagreinum að uppi voru ýmsar hugmyndir um hvernig nýta mætti yfirbyggð laugarhús betur úti á landi. Þær voru þá sumar hverjar aðeins í notkun lítinn hluta árs þar sem of dýrt þótti að hita laugarvatnið yfir vetrarmánuðina, en engu að síður þurfti að halda hita á húsnaði svo að það skemmdist ekki. Ein hugmynd sem náði nokkurri útbreiðslu var sú að setja gólf í húsin að vetrarlagi og nýta þau sem íþrótt/fimleikahús. Einnig eru dæmi um að laugarhús hafi verið nýtt fyrir mannamót og böll, t.d. nefna sundhöllina í Sælingsdal, á Hveravöllum og Siglufirði.⁷⁹

Yfirbyggðar sundlaugar urðu fátíðari og á síðustu áratugum hafa slíkar laugar helst risið samhliða útilaugum eða í tengslum við endurhæfingu, sundkeppnir eða sérhæfða starfsemi.

4.3 Þróun lauga og laugarhúsa

Sundlaugar og -laugarhús tóku miklum breytingum á því tímabili sem úttektin nær yfir. Hér verður fjallað um þróun þeirra, eins og hægt er út frá heimildakönnun einni saman.

4.3.1 Laugarþrær

Elstu sundlaugar landsins (sem fjallað er um í fornleifaúttekt um sundlaugar – en eru að mestu undanskildar hér) voru gjarnan sundpollar sem gerðir voru með garðhleðslu fyrir ár og læki. Með tímanum varð laugarhleðslan sums staðar umfangsmeiri. Í sumum tilfellum voru þannig gerðar laugar sem voru ýmist hlaðnar að fullu eða stungnar eða grafnar ofan í jörðina og svo hlaðnar að hluta. Sum af elstu sundlaugamannvirkjunum voru hlaðin, ýmist úr torfi eða grjóti. Sem dæmi um slíkar laugar má nefna sundlaugarnar í Laugardal, Grafarbyggð, Norður-Reykjalag, Veggjalag (eldri), Lundalag, sundlaug Akureyrar (eldri laug), sundlaugina á Reykjum í Ólafsfirði og sundlaugina að Syðra-Laugalandi (eldri).

Torflaugarnar áttu það sammerkt að þær voru ekki endingargóðar og ekki óalgengt að hlaða þyrfti upp garðinn/laugina flest vor. Fljótlega var því farið að vinna með endingarbætra byggingarefni og nokkur dæmi eru um laugar sem gerðar voru með vandaðri grjóthleðslu og steinlími, s.s. gamla laugin á Flúðum (Grafarbyggð) og eldri laugarnar í Reykjavík (frá 1908). Fyrsta steypumannvirkið tengt sundlaug er líklega í Langholti í Bæjarsveit. Þar var fyrst gerð torflaug 1873 sem var endurbyggð 1893 og var þá gerður steinsteypur stúflugarður, um 10 m á lengd.⁸⁰ Yfirleitt er laugin í Laugardal (b. 1908) talin vera er fyrsta steinsteypa laugin. Hún var með steypum laugarbotni þótt veggir hennar hafi verið hlaðnir úr grágrýti. Annað steypumannvirki sem gert var í sundlaug á svipuðum tíma var í Leirárlaug í Borgarfirði (b. 1908)

⁷⁹ Sjá t.d. *Alþýðublaðið* 01.03 1957 og Þjóðskjalasafn H21 – Teikningar Íþróttasjóðs.

⁸⁰ Sama heimild.

en þar var laug gerð með því að höggva niður í móhelli í bakka árinna, og síðan steipt fyrir. Fyrsta laugin með steiptum sundlaugarveggjum er líklega á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp en veggir hennar voru steiptir einhvern tímann á árbilinu 1900 til 1920.⁸¹ Fyrir utan þær laugar sem nefndar hafa verið hér að framan virðast allar sundlaugar á Íslandi hafa verið hlaðnar úr torfi eða grjóti (og/eða niðurgrafnar að hluta) fram yfir 1910 en eftir það fer að bera meira á steypu í sundlaugargerð. Á næstu tuttugu árum voru flestar nýbyggðar sundlaugar ýmist steiptar og hlaðnar (jafnvel náttúrulegar að hluta) eða steiptar að fullu. Í fyrrnefnda flokkinn falla laugar að Stóra-Ási, Reykjum við Reykjabraut (eldri), Leirárlaug (laug og eldra hús), Varmárlaug, sundlaugin í Valborgargjá, Sundlaugin að Barði í Fljótum og líklega sundlaugin í Stekkjarhvammi. Allar voru þessar laugar blendingar, þ.e. við gerð þeirra nýttu menn sér náttúrulegar aðstæður að hluta. Laugar samanstóðu t.d. af steiptum stíflum eða voru höggnaðar eða sprengdar ofan í jörðina (þá gjarnan að hluta með hleðslu eða steypumannvirkjum) eða þær voru byggðar með bæði hleðslu og steypumannvirkjum.

Eftir 1920 fjölga steinsteiptum laugum. Á meðal þeirra elstu eru, Seljavallalaug (b. 1923), steinsteipt laug á Akureyri (b. 1922-23, reyndar með hellulögðum botni), nýja laugin á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp (b. 1925) og sundlaugin á Reykjum, Reykjabraut (b. 1925), auk þess sem fyrsta yfirbyggða laugin var gerð á Laugum í Reykjadal árið 1926. Mikil þáttaskil verða í sundlaugargerð um þetta leyti og eftir 1932 eru aðeins þekktar tvær sundlaugar sem ekki voru steiptar að fullu en það er Unaðsdalslaug (b. 1936) sem var gerð úr torfi og steinsteypu og sundlaugin við Litlá í Kelduhverfi (b. 1946) sem var gerð með því að stífla ána, líklega með steypugarði. Aðrar laugarþrær sem gerðar voru eftir 1932 voru steinsteiptar.


Í *Yfirliti yfir Íþróttamannvirki á Íslandi* kemur fram að upp úr 1930 hafi verið gerðar steinsteiptar sundlaugar á 20 stöðum hér á landi með lítilli eða engri járnbindingu og að þessar laugarþrær hafi þá allar verið horfnar (um 1980) ef frá eru taldar yfirbyggðu laugar að Sælingsdal, á Hveravöllum í Reykjahverfi og Sundskáli Svarfdæla. Síðan yfirlitið var gert hafa tvær af umræddum laugum horfið og er nú sundskáli Svarfdæla einn eftir af ofangreindum laugum.⁸² Ýmislegt bendir þó til þess að rangt sé farið með það í yfirlitinu að sundskáli Svarfdæla sé með lítilli eða engri járnabindingu. Sveinbjörn Jónsson hönnuður byggingarinnar hafði aflað sér þekkingar á gerð steinsteypumannvirka í Noregi og hann hafði hlotið einhverja þjálfun í burðarþolsfræðum. Að auki fékk hann Geir Zöega verkfræðing til að yfirfara niðurstöður sínar og staðfesta þær.⁸³

⁸¹ Þorsteinn Einarsson. 01.05.1944, bls. 2.

⁸² *Yfirliti yfir Íþróttamannvirki á Íslandi* (handrit á Þjóðskjalasafni) bls. 31.

⁸³ Lesbók Morgunblaðsins 47. Tölublað 24.11.1929. Helgi Már Halldórsson 1978: Sundskáli Svarfdæla, námsritgerð.

Nokkra fjölbreytni er að finna í stærð og dýpt laugarþróa og almennt má segja að þær hafi farið stækkandi á tímabilinu. Minnstu sundlaugar landsins voru innan við 50 m² að stærð. Allra minnstu laugar landsins voru sundlaugin á Reykjum í Ólafsfirði (20 m²), í Hvammi í Skaftártungu (32 m²) og laugin á Laugalandi í Barðastrandarsýslu (32 m²) og litlu stærri voru laugarnar í Reykholti í Biskupstungnahreppi (40 m²), sundlaug Austurbæjarskóla (45.3 m²), sundlaug Héraðsskólans á Núpi (48 m²) og sundlaug Hörðdæla (50 m²). Aðrar laugar voru stærri og stærstu steypu laugarþærnar á þessu tímabili voru sundlaugin í Varmahlíð (400 m²), Sundlaug Reykjaness (eldri staður – 555 m²) og yngri laug á sama stað (600 m²). Margar af stærstu laugunum voru hins vegar ekki steyptar að fullu heldur réðu náttúrulegar aðstæður stærð þeirra. Þetta eru gömlu laugarnar í Laugardal (400 m²), Lundalaug (540 m²), Grafarbakkalaug á Flúðum (1174 m²) og laugin í Varmá (2000 m²). Lengd og breidd lauga var eins og gefur að skilja misjöfn en algengast var að þær væru 13 x 5-7 m (16 laugar) eða 25 x 8 m (12 laugar).




Mynd 20: Seljavallalaug og nánasta umhverfi hennar. Ómerkt teikning frá Teikningasafni Þjóðskjalasafns Íslands_22_7, merkt Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, dab. 7, nr. 450, febrúar 1926 á bakið.

Í greinargerð um laugar frá 1980 sem varðveitt er í handriti á Þjóðskjalasafni kemur fram að íslenskar laugar séu þá mjög mislangar og misbreiðar. Styst 7 ¾ m, lengst 50 m og breidd þeirra var frá 4,5 m til 22 m, sem gefur góða hugmynd um fjölbreytileika laugarþróa.⁸⁴

4.3.2 Laugarhús við opnar laugar

Ef litið er á efnivið og þróun laugarhúsa frá fyrstu tímabili úttektarinnar, má sjá að þau voru einföld að gerð í upphafi. Ekki hafa fundist heimildir um höfund laugarhúsa sem byggð voru fyrir 1925 með þeirri undantekningu þó að líklegt má telja að Björn L. Blöndal sundkennari sé höfundur elstu laugarhúsa í Laugardal og Knud Ziemsen verkfræðingur og síðar borgarstjóri hafi teiknað laugarhúsin sem risu í Laugardalnum 1908, þótt í hvorugu tilfelli hafi fundist teikningar. Ekki liggja alls staðar fyrir lýsingar á elstu húsum en þar sem þær eru tiltækar má sjá að aðeins eru örfá dæmi um laugarhús úr torfi og grjóti (eða torfi og grjóti að hluta). Aðeins fundust heimildir um fjögur slík hús sem risu við lok 19. aldar eða á fyrri hluta þeirrar 20 og voru þau öll nema eitt í Borgarfirði.

Undantekningin er sundlaugin á Reykjum við Reykjabraut. Ekki er vitað hvenær sundlaugarhúsið að Reykjum var byggt en líklega var það um eða fyrir 1918. Af lýsingu að dæma var það ekki kræsilegt og minnti mest á hrútakofa. Húsinu var skipt upp í „tvær krær“ sem voru aðskildar með timburpili en veggir voru úr torfi og grjóti. Kofinn stóð fram til 1925 þegar nýtt laugarhús reis



Mynd 21: Skýli við Leirárlaug, ljósmynd sem birtist í greininni Upphaf Leirárlaugar fyrir sextíu árum, *Tíminn*, 19.03.1967, bls. 218

á staðnum.⁸⁵ Við Lundalaug var byggt skýli úr torfi með timbursúð 1896 en hvorki hafa fundist ítarlega lýsingar á því eða ljósmyndir, og ekki vitað hvenær það hvarf af sjónarsviðinu. Við Leirárlaug var laugarhús byggt úr mótatimbri árið 1907. Timbrið hafði verið notað við að steypa vegg eða garð fyrir laugina. Húsið var því að mestu úr timbri en entist illa. Árið 1940 var þörf á nýju húsi við laugina og fór þá svo að byggt var hús úr torfi, grjóti og timbri. Húsið er því óvenjulegt í sögu íslenskra laugarhúsa á 20. öld, enda ekki vitað um önnur laugarhús úr torfi og grjóti byggð eftir 1920. Hætt var að nota húsið einhvern tímann á bilinu 1968-1982.


⁸⁴ „Stærð fjöldi og tæknibúnaður íslenskra sundlauga“ Þjóðskjalasafn Íslands (DD_05 - Skrár um sundstaði og upplýsingar um sundlaugar – skjöl frá Menntamálaráðuneyti) frá 1980, bls. 1

⁸⁵ Guðmundur Frímann. 1978, bls. 81

Þrátt fyrir að aðeins sé vitað með vissu um fyrrgreind fjögur laugarhús úr torfi og grjóti má búast við að þau hafi verið eitthvað fleiri og voru laugarhúsin á Norður-Reykjum t.d. úr torfi eða timbri og ekkert vitað um efnivið húsa á Laugalandi/Skjaldfönn, fyrstu húsa við Barðslaug eða húsa við Reykjalaug á Ólafsfirði þótt e.t.v. sé líklegra að þar hafi staðið lítil timburskýli en hús úr torfi og grjóti.

Að frátöldum þeim húsum sem fjallað er um hér að ofan (og segja má að séu undantekningin frá reglunni), voru sundlaugarhús fram til 1930 undantekningalítið úr timbri. Fyrstu laugarhúsin úr steypu voru líklega laugarhúsin við Grafarbakka laug á Flúðum (en byggingarár þess fannst þó ekki). Elstu staðfestu steinsteypuhúsin við laug risu við Seljavallalaug 1922 en hús og laug eru nú friðuð. Ef frá eru taldar yfirbyggðar sundlaugar risu aðeins tvö önnur steinsteypt hús við laugar hér á landi fyrir 1930 og áttu þau það sameiginlegt að gegna miklu fjölpættara hlutverki en því að vera einungis laugarhús. Annað húsanna var byggt við Steinsstaðalaug 1926 og þjónaði það m.a. sem samkomuhús allt fram til 1960. Húsið stendur enn, þótt laugin sjálf sé horfin. Hitt húsið var í Reykholti í Biskupstungnahreppi og var byggt sem barnaskóli og heimavist ári áður en laugin var gerð. Eftir það gegndi skólinn líka hlutverki laugarhúss. Önnur steinsteypt hús voru ekki við íslenskar laugar fyrr en komið var fram á 4. áratug aldarinnar.

Af þeim 22 opnu laugum sem risu á 4. áratugnum voru byggð steinsteypt laugarhús í þriðjungi tilfella (við átta laugar: sundlaugina að Brautarholti, á Sveinseyri, Unaðsdalslaug, sundlaugina í Hvammi, sundlaug Hörðdæla, sundlaug Íþróttaskólans við Geysi, sundlaugina á Syðra-Laugarlandi og sundlaugina að Laugarlandi í Holtum). Laugarhúsin á Laugalandi í Holtum voru byggð sem samkomuhús með margþætt



Mynd 22: Sundskýli í Hvammi í Skafiártungu sem líklega var byggt 1937. Ómerkt teikning, geymt á meðal teikninga Íþróttasjóðs, Þjóðskjalasafn Íslands.

hlutverk (m.a. laugarhús) en hin steinsteypu húsin voru öll byggð í þeim tilgangi einum að þjónusta laugargesti.


Þegar húsagerð og byggingareinkenni laugarhúsa á fyrstu áratugum 20. aldar er skoðuð kemur í ljós að timbur- og steinhúsin voru keimlík að lögun þrátt fyrir ólík byggingarefni. Með örfáum undantekningum (sem ræddar eru hér á eftir) voru húsin einföld, ferhyrningslaga að grunnfleti og aflöng, og stóðu yfirleitt við sundlaugarendann, örskammt frá laugarþrónni. Þau skiptust oftast í litla klefa og gjarnan voru á bilinu 2 til 8 dyr sem vísuðu út að laug og stundum litlir gluggar á milli eða ofan við dyr. Flest voru húsin með flatt eða hallalítið þak, oftast skúrþak. Á þessi lýsing við öll steinhúsin ef frá er talið laugarhúsið á Syðra-Laugalandi sem stóð þó vissulega við sundlaugarendann. Því var skipt í tvo klefa með gangi á milli með þrennar dyr sem vísuðu að lauginni. Þetta hús var hins vegar undir háu mænisáspaki og minnir um margt meira á útihús frá því um miðbik aldarinnar heldur en dæmigert íslenskt laugarhús frá þessu skeiði.

Þau timburhús sem helst skáru sig frá flóru laugarhúsa á þessu tímabili eru sundskálinn við Reykjanes við Ísafjörð (b. 1931), elsta laugarhúsið í Keflavík (b. 1938) og laugarhúsið í Laugaskarði í Hveragerði (b. 1938). Sundskálinn á Reykjanesi var raunar ekki hefðbundið laugarhús í neinum skilningi. Það var þó byggt í tengslum við laugina og þjónaði fyrst sem bæði búningsklefi og heimavist þeirra sem sóttu sundnámskeið og mun lengur sem heimavist eftir að skóli reis á staðnum. Sundskálinn var einfalt timburhús með mænisáspaki, eitt rými með rúmstæðum við langveggi. Laugarhúsið sem fyrst var byggt í Keflavík var einfaldur timburskúr við aðra langhlið laugarinnar en fljótlega vék hann fyrir steinsteypum búningsklefum og áhorfendapalli, sem enn síðar varð hluti af metnaðarfyllri sundhöll og laugarhúsið í Laugarskarði stóð talsvert hærra en laugin og minnti nokkuð á gróðurhús úr fjarska þar sem framhlið þess var að stóru leyti glergluggar.

Þegar litið er á þau laugarhús við opnar laugar sem risu á árunum 1940-1950 má sjá að fjölbreytni í húsagerð eykst nokkuð á þessu skeiði. Af þeim tæplega 30 laugarhúsum sem risu við opnar sundlaugar á þessu skeiði var yfirgnæfandi meirihluti nú steinsteypur og voru aðeins byggð fjögur laugarhús úr timbri á þessum tíma (auk laugarhúss við Leirárlaug sem þegar hefur verið minnst á og var úr torfi, grjóti og timbri). Tvö umræddra timburhúsa voru í Barðastrandarsýslu. Á Laugalandi í Barðastrandarsýslu var reist agnarlítið timburskýli við steinsteypa laug (líklega um 1940) og árið 1949 voru reist aflöng og sáraeinföld timburhús við Krosssundlaug. Eitt stærsta laugarhúsið úr timbri sem byggt hefur verið hér á landi er að líkindum það sem reist var í Laugardalnum í Reykjavík 1944. Langar, lágur, byggingar með skúrþaki sem verið höfðu við tvær hliðar laugarinnar frá því 1908 voru rifnar og í staðinn reist miklu stærra timburhús við vesturhlið laugarinnar, klætt bárujárnri bæði þak og veggir. Sundlaugarhúsin á Flateyri sem nú er horfið virðist

hafa verið timburhús og líklega gert eftir teikningu Bárðar Ísleifssonar. Sundlaugarhús Barðstrendinga (Krosssundlaug) var einnig timburhús, langt og mjótt með skúrþaki, líklega byggt eftir teikningu Bárðar eða ef til heldur með hliðsjón af henni.

Um 20 steinsteypt hús risu við laugar á 5. áratug 20. aldar og hannaði Bárður Ísleifsson 14 þeirra fyrir hönd Húsameistara ríkisins. Flest húsanna voru einföld steinsteypt hús á einni hæð, oftast




Mynd 23-24: Tvær gerðir af dæmigerðum laugarhúsum frá fyrri hluta 20. aldar. Til vinstri er „sýnidæmi“ um sundlaugarbyggingu sem var að finna með gögnum um gömlu Varmárlaugina en ekki fannst eiginleg teikning af eldra sundlaugarhúsi þar. Teikningin er merkt Bárði Ísleifssyni/ húsameistaraskrifstofu Ríkisins, Reykjavík í mars 1943. Þjóðskjalasafn, H25 Teikningar Íþróttasjóðs. Til hægri er tillaga Húsameistara ríkisins að sundlaugarhúsi og heimavist. Þjóðskjalasafn Íslands H25 – Teikningar Íþróttasjóðs.

með lágu mænisás- eða skúrþaki. Nokkur af laugarhúsunum voru byggð eftir sömu eða svipuðum teikningum. Sú gerð af sundlaugarhúsi Bárðar sem fór hvað víðast var aflangt laugarhús, með 2-3 dyrum að laug og 1-2 dyrum á hinni langhlið hússins, oftast undir mænisásþaki og stundum með viðbættu inngönguhúsi á miðri þeirri langlið sem vísaði frá lauginni. Sundlaugarhúsin við Gljúfrolaug (b. 1944), Brautartungu (b. 1947), á Þelamörk (b. 1947), Flúðum (b. 1948), Kolviðarneslaug (b. 1947) og sundlaug Höfðakaupstaðar (b. 1947) eru þannig öll svipuð. En laugarhúsin á Flúðum og Þelamörk skera sig þó frá öðrum þar sem þær voru með inngönguhúsi með mælisásþaki á miðri langhlið. Laugarhúsin við Selárlaug eru einnig áþekkt áður nefndum húsum þótt að húsin þar séu tvö og snúi þvert á hvort annað. Auk fyrrnefndra húsa má hugsanlega skipa laugarhúsum í Varmahlíð (b.1950/51) í þennan flokk þótt gluggagerð sé nokkuð frábrugðin og jafnvel einnig húsi við laugina á Sólheimum í Grímsnesi en ekki hafa fundist teikningar af því. Vel

er hugsanlegt að Sundlaugin á Patreksfirði sem Bárður teiknaði hafi tilheyrt þeirri húsagerð sem hér hefur lýst en hvorki fundust frumteikningar né nægjanlega góðar ljósmyndir til að staðfesta það á heimildastiginu.

Önnur gerð af sundlaugarhúsum eftir Bárð sem var byggð á nokkrum stöðum á sama tímabil eru



Mynd 25: Teikning af sundlauginni á Þórshöfn, dagsett 5. mars 1942 og undirrituð af Bárði Ísleifssyni fyrir hönd húsameistara ríkisins. Vardveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

aflöng laugarhús við laugarendann með þverálmum við báða enda. Slík hús mynduðu skjólsælan sundlaugargarð við annan enda laugarinnar og voru fyrst byggð á Neskaupsstað (b. 1943) en síðar risu svipuð hús á Þórshöfn (b. 1944), Ólafsfirði (b. 1946) og á Reykjum í Hrútafirði (b. 1948). Ekki hafa fundist teikningar af Gvendarlaug hins góða (b. 1947) en af ljósmyndum að dæma mætti ætla að húsin væri tilbrigði við sömu teikningu, þó angarnir tveir sem ganga út frá húsgöflum séu ekki hornrétt á aðalbygginguna líkt og í þeim húsum sem hér voru upptalin. Bárður Ísleifsson tók til starfa hjá húsameistara ríkisins árið 1935, nýkominn frá námi í byggingarlist í Kaupmannahöfn. Lokaverkefni hans var fólgið í gerð stórrar sundahallar við Háskóla Íslands. Húsið minnir að ýmsu leyti á Sundhöll Reykjavíkur en þó ekki með þeim einkennum sem þykja bera svipmót formsköpunar Eliel Saarinen.⁸⁶ Bárður hefur verið þaukunnugur öllu sem laut að gerð sundlauga og því hefur legið beint við að fela honum slík verkefni fyrir hönd embættisins.

Af laugarhúsum sem risu við opnar laugar um þetta leyti eru nokkur sem skera sig úr og má þar nefna laugarhús eftir óþekktan höfund við sundlauginu á Víðivöllum sem byggt var um

⁸⁶ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 244.

1950 og minnir á einföldustu laugarhúsin sem risu á tímabilinu 1925-1940. Einnig fellur laugarhús við Grettislaug (1945) eftir Halldór Kristinn Halldórsson arkitekt í þennan flokk en húsin voru byggð sem viðbygging við samkomuhús sem Guðjón Samúelsson hafði áður teiknað. Við sundlaugina á Reykhólum var árið 1928 reist lítið baðhús eftir teikningu Einars Erlendssonar, sem var aðstoðarmaður húsameistara ríkisins. Þetta var timburhús af einföldustu gerð og líkt mörgum öðrum, með skúrþaki, samhverft um miðju með karla og kvennaklefum til sitt hvorrar handar. Óvenjulegt virðist það hafa verið að því leyti að þakið skagaði langt fram yfir langhliðina sem sneri að lauginni og aðeins var gengið í húsið um dyrnar sem vísuðu að lauginni.

Bjarnalaug á Akranesi er í raun réttir yfirbyggð sundlaug/sundhöll þótt hún hafi upphaflega verið byggð sem opin laug. Sundlaugin var tekin í notkun árið 1944 sem opin laug, en þó hafði framhlið hússins verið reist og aðrir útveggir að nokkru leyti. Nefnd hafði verið skipuð til að undirbúa byggingu laugarinnar og velktist hún lengi í vafa um hvort betra eða verra væri að byggja yfir laugina. Þegar framkvæmdir hófust hölluðust nefndarmenn að því að laugin skyldi vera opin en þegar á leið var niðurstaðan orðin sú að byggja ætti yfir hana. Sú framkvæmd hófst árið 1950 og lauk ári seinna. Sundhöllin er að útliti skyld mörgum öðrum byggingum sem Bárður Ísleifsson teiknaði en einkum eru líkindi með lokagerð Sundhallar Keflavíkur.

Auk þeirra húsa sem hér hefur verið fjallað um má nefna að vitað er um a.m.k. tvö tilfelli þar sem aðstaða fyrir baðgesti var/virðist hafa verið sköpuð í húsrými sem myndað var undir breiðum sundlaugarbakka. Í tilfelli Hreppslaugar var þetta líklega gert um eða eftir 1940 þegar laugin var lengd um 5 m og minna er vitað um húsrýmið undir norðurenda sundlaugarinnar á Reykjanesi við Ísafjarðardjúpi (því að þrátt fyrir að laugin hafi einnig verið lengd um 5 m um svipað leyti eða 1944 var það til suðurs en laugarhúsin eru undir norðurhluta laugar og lítið sem ekkert vitað um notkun hússins). Í hvorugu tilviki hafa fundist teikningar af mannvirkinu og raunar fundist afar litlar upplýsingar um tildrög, gerð eða notkun þeirra.

Sem fyrr segir heyrir það til undantekninga að höfundar laugarhúsa sem byggð voru fram til 1925 séu þekktir. Hins vegar eru höfundar laugarhúsa sem risu á öðrum fjórðungi 20. aldar þekktir í tveimur þriðju hluta tilvika og eftir því sem á líður fjölgar húsum nafngreindra arkitekta/höfunda. Af yfirliti yfir höfunda sundlaugarhúsa við opnar laugar má sjá að lang atkvæðamestur var Bárður Ísleifsson hjá Húsameistara ríkisins en hann kom að gerð a.m.k. 15 slíkra húsa á tímabilinu (við eftirfarandi sundlaugar: við Geysi, á Siglufirði, Neskaupsstað, Þórshöfn, Gljúfralaug, á Patreksfirði, Ólafsfirði, Þelamörk, Höfðakaupstað, Kolviðarneslaug, Gvendarlaug hins góða, Flúðum, á Reykhólum (yngri hús), Reykjum í Hrútafirði (yngri hús) og Selárlaug. Raunar virðist líklegt að hann sé höfundur a.m.k. tveggja húsa til viðbótar (sundlaug Flateyrar og Krosssundlaug). Mörg þessara húsa virðist Bárður hafa teiknað einn (a.m.k. 12 laugar)

en aðrar með Guðjóni Samúelssyni eða öðrum arkitektum. Öll þessi hús teiknaði hann sem starfsmaður Húsameistara ríkisins. Laugarhús Bárðar eru flest einfaldar byggingar á einni hæð, ýmist með skúr- eða mæniasþaki og gjarnan fjölda dyra að laug. Guðjón Samúelsson kom að gerð þriggja laugarhúsa við opnar laugar, tvö þeirra voru í raun félagsheimili/skólabygging sem nýttust sem laugarhús (Ásbyrgi á Laugarbakka og Reykholt í Biskupstungnahreppi) og óvíst er hversu mikla aðkomu hann átti að þeirri þriðju sem er laugarhúsið á Reykhólum en Bárður Ísleifsson ritar einn undir teikningarnar þótt laugin sé skráð sem sameiginlegt höfundaverk.

Aðrir sem komu að gerð fleiri en eins laugarhúss við opnar laugar á tímabilinu eru Einar Erlendsson hjá Húsameistara ríkisins (sem kom að hönnun áðurnefndrar laugar í Reykholti í Biskupstungu með Guðjóni, teiknaði eldri laugarhús á Reykhólum og sundlaugarhús í Brautarholti) og Jóhann Fr. Kristjánsson sem teiknaði sundlaug Hörðdæla og elstu laugarhús í Keflavík auk þess sem hann hannaði líklega laugarþró og hugsanlega laugarhús á Reykjum við Reykjarbraut. Aðrir höfundar laugarhúsa við opnar laugar á tímabilinu komu aðeins að gerð einnar laugar.⁸⁷

4.3.3 Laugarhús yfirbyggðra lauga

Á því tímabili sem hér er til úttektar voru reistar 22 yfirbyggðar sundlaugar hér á landi.⁸⁸ Af þeim má þó taka tvær út fyrir sviga enda ólíkar öðrum og stöndugri byggingum og er það annars vegar sundlaugin í Valborgargjá á Reykjanesi sem var inni í helli að hluta og getur því ekki flokkast sem opin laug en er þó ekki yfirbyggð í hefðbundnum skilningi, og hins vegar laugin í Stekkjarhvammi á Svalbarðsströnd en yfir henni var einhver konar timburbygging sem engar teikningar, ljósmyndir eða lýsingar hafa fundist af og fauk á endanum í ofsavæðri.


Aðrar yfirbyggðar laugar voru hefðbundnari. Ef litið er á helstu arkitekta yfirbyggðra sundlauga má sjá að Guðjón Samúelsson er sá sem kemur að flestum þeirra, en hann er tengdur samtals 12 af sundlaugarbyggingunum 20 með einum eða öðrum hætti. Einar Erlendsson kom að hönnun sjö lauga, oft í samvinnu við Guðjón en þeir Jóhann Fr. Kristjánsson og Bárður Ísleifsson komu að hönnun fjögurra lauga, Bárður oftast í samvinnu við Guðjón.

⁸⁷ Finnboði R. Þorvaldsson að húsum við sundlaug Vestmannaeyja, Jón J. Fannberg að húsum við sundlaug Bolungarvíkur, Jón Þ. Ólafsson og Viggó Nataniélsson að húsum við sundlaug Ségandafjarðar, Páll Kristjánsson að sundskála við Reykjanes, Ísafjarðardjúp, Pétur Sigurðsson að húsum við sundlaug á Steinsstöðum, Sigurður Björnsson að húsum við Efri-Hreppslaug, Sveinbjörn Jónsson að húsum við Brimneslaug, Þórir Baldvinsson að sundlaugarhúsum í Laugaskarði, Guðmundur Guðjónsson kom að gerð Gvendarlaugar hins góða ásamt Bárði Ísleifssyni, Sigurður Greipsson að laugarhúsum við sundlaug Íþróttaskólans í Haukadal ásamt Bárði og Már Ríkhartsson að laugarhúsum í Ásbyrgi ásamt Guðjóni Samúelssyni

⁸⁸ En þá er ekki talið með Valborgarlaug sem var vissulega undir þaki (í helli).

Í raun má gróflega skipta yfirbyggðum sundlaugum sem risu á fyrri hluta 20. aldar í tvennt, annars vegar sundlaugar sem risu í tengslum við skólahús, oftast í kjallara þeirra og/eða í viðbyggingum og hins vegar stakstæðir sundskálar/-hallir til almennra nota.

Elsta yfirbyggða laug landsins tilheyrði Héraðsskólanum á Laugum í Reykjadal (b. 1926). Skólahúsið á Laugum teiknaði Jóhann Fr. Kristjánsson sem tvær burstir. Síðar var ákveðið að laugin skyldi vera sambyggð suðurenda hússins. Einar Jónsson yfirsniður skólans teiknaði laugarþró og kjallara, en síðar var byggð yfir laugina þriðja burstin í stíl við þær fyrri. Svipaða sögu er að segja um ýmsar aðrar laugar, s.s. elstu laugina á Laugarvatni sem fyrst var gerð í kjallara skólahússins tímabundið (b. 1928, Guðjón Samúelsson) en var síðar í sérstakri byggingu áfastri skólanum. (b. 1929, Einar Erlendsson/Guðjón Samúelsson). Sundlaugin á Reykjum í Hrútafirði var byggð stakstæð í upphafi (b. 1929, líklega byggð eftir teikningu Jóhanns Fr. Kristjánssonar) en varð síðar ein álma af þremur í héraðsskólanum (sem Guðjón Samúelsson teiknaði). Sundlaug Héraðsskólans í Reykholti var í kjallara skólahússins þar sem hafði áður verið hlaða (b. 1930 eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar/Einars Erlendssonar). Sundlaug Héraðsskólans á Núpi (b. 1930 eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar/Einar Erlendssonar) og sundlaug Austurbæjarskóla (b. 1930 eftir teikningu Sigurðar Guðmundssonar). Að auki má nefna sundlaug Eiðaskóla sem reis síðast héraðsskólalaganna (b. 1943) í viðbyggingu við skólahúsið (eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar/Einar Erlendssonar).



Mynd 26: Teikning af sundhöllinni á Ísafirði, dagsett í maí 1943 og undirrituð af Guðjóni Samúelsyni (og Einari Erlendsyni) fyrir hönd Húsameistara ríkisins. Vardveitt á Þjóðskjalasafn Íslands. (Húsameistari ríkisins_C1123).

Á fyrri hluta 20. aldar voru byggðar 12 stakstæðar sundhallir. Fyrstu fjórar, sem risu fyrir 1933 voru að frumkvæði ungmennafélaga en allar þær laugar sem gerðar voru eftir 1935 voru á

vegum hins opinbera og teiknaðar af Húsameistara ríkisins eða aðstoðarmönnum hans. Elsta stakstæða yfirbyggða sundlaug landsins er Sundskáli Svarfdæla sem byggður var 1929 eftir teikningu Sveinbjörns Jónssonar byggingarfræðings. Ári síðar reistu ungmennafélagar í Reykjavhverfi og víðar sundskálann á Hveravöllum eftir teikningu Jóhanns Fr. Kristjánssonar og tveimur árum síðar reistu félagar í héraðssambandi ungmennafélaga Dalamanna sundskála í Sælingsdal, hugsanlega einnig eftir teikningum Jóhanns Fr. Kristjánssonar.⁸⁹ Síðasta yfirbyggða laugin sem byggð af einkaframtaki var Sundhöllin við Álafoss (b. 1933 eftir teikningu Einar Sveinssonar/Eiríks Einarssonar). Þessar fjórar elstu stakstæðu sundhallir eru allar gerðar úr steinsteypu. Sundskálarnir á Hveravöllum og í Sælingsdal eru keimlíkir, enda mögulega báðir teiknaðir af Jóhanni Franklín. Af ljósmynd má sjá að búningsálma byggingarinnar í Sælingsdal hefur upphaflega verið með flötu þaki og svolítið lægri en þakið yfir lauginni. Seinna var gerð teikning sem sýnir þak sundlaugarinnar hækkað og komið þar fyrir gluggaröð yfir þaki búningsálmunnar. Ekki varð af framkvæmdum.

Fyrsta sundhöllin sem reis í þéttbýli er Sundhöll Reykjavíkur (b. 1937) sem Guðjón Samúelsson teiknaði. Sundlaugin var lang stærsta og veglegasta sundlaugarhús sem þá hafði risið hér á landi og í því var að finna ýmsar nýjungar, eins og t.d. hreinsun sundlaugarvatns með síu á laugarvatni og klórblöndun. Mótun Sundhallarinnar tók mörg ár og mynd hennar tók miklum breytingum á þeim tíma. Fyrsta tillaga Guðjóns frá árinu 1925 sýnir hús með þremur burstum og eftirlíkingu af hlöðum kömpum á milli. Síðar gerði hann teikningu í nýklassískum stíl en að lokum reis hús í anda finnska arkitektsins Eliel Saarinen. Byrjað var á framkvæmdum 1929 en hlé varð á framkvæmdinni frá 1931 til 1937 þegar henni var að fullu lokið. Þegar Sundhöllin var teiknuð þótti ekki við hæfi að karlar og konur væru samtímis í sundi og voru búningsklefar og böð við það miðuð, þ.e. einn búningsklefi sem reiknað var með að væri opinn fyrir annað kynið í einu. Á þeim árum sem hlé varð á framkvæmdinni breyttust viðhorf og í nágrennalöndum okkar þótti orðið nauðsynlegt að karlar og konur gætu samtímis notið sunds. Breyta þurfti nýlegum sundböðum í Ósló og Kaupmannahöfn þannig að búningaástaða yrði fyrir bæði kynin. Guðjón fylgdist vel með þessari þróun og ákveðið var að gera sambærilegar úrbætur á hálfbyggðri Sundhöllinni. Í samræmi við þessi breyttu viðhorf voru þær sundlaugar og sundhallir sem síðar risu gerðar þannig að konur og karlar gætu notað þær á sama tíma.

Stíleinkenni Sundhallar Reykjavíkur vöktu aðdáun og fullyrða má að þær sundhallir sem síðar risu báru flestar ef ekki allar einhvern keim af henni þó stundum væri hann óljós.

⁸⁹ Þótt hugsanlegt sé einnig að Þorleifur Eyjólfsson arkitekt hafi teiknað húsið en Pétur Ármannsson arkitekt telur að rithönd Þorleifs Eyjólfssonar sé á teikningunni.

Sundhöll Ísafjarðar var vígð 1945 og byggð eftir teikningum þeirra Guðjóns Samúelssonar og Einars Erlendssonar en húsið þjónaði einnig sem íþróttahús bæjarins og bókasafn. Húsið mótaðist af þríþættu hlutverki þess og sker sig því meira frá öðrum sundhallarbyggingum en ella. Hins vegar eru form þess og gluggagerð mjög áþekk því sem er í ýmsum sundhöllum öðrum.

Tveimur árum síðar var Sundlaug Búðakaupþúns vígð, gerð eftir teikningu Einars Erlendssonar/Bárðar Ísleifssonar. Hún er líklega minnst allra sundhalla landsins og mjög látlaus. Þrátt fyrir að laugin sé yfirbyggð virðist hún aldrei nefnd sundhöll en e.t.v. hafa slík „hallar“ heiti aðallega þótt hæfa stærstu yfirbyggðu laugunum. Form hússins og gluggagerð fylgir þeirri hefð sem skapast hafði um sundlaugarhús, en einhalla þakið minni óneitanlega á frumstæðari búningshús eldri sundlauga. Guðjón Samúelsson teiknaði einnig sundhallirnar á Seyðisfirði (b. 1948) og í Keflavík (b. 1949), báðar ásamt Bárði Ísleifssyni. Sundhöll Seyðisfjarðar var glæsilegt hús, sannkölluð höll. Henni svipar mjög til húsa Eliel Saarinen og stigahúsið er gert áberandi og nær svolítið upp fyrir húsaþakið eins og um turn sé að ræða, en slíkt einkenndi mörg af húsum finnska arkitektsins.⁹⁰ Svipað formmál og einkenni má sjá í ýmsum öðrum byggingum Guðjóns, t.d. Héraðsskólanum í Reykholti. Sundhöll Seyðisfjarðar er nú hjúpuð mállklæðningu og hefur við það látið á sjá.

Guðjón Samúelsson lést í vetrarlok 1950 en hann teiknaði einnig (ásamt Bárði Ísleifssyni) nokkrar yfirbyggingar og laugarhús sem ekki var lokið við fyrr en eftir dauða hans. Þessar sundhallir eru Bjarnalaug á Akranesi sem var vígð 1944 en ekki byggt yfir hana fyrr en 1951 (eftir teikningu Guðjóns og Bárðar Ísleifssonar), Sundhöll Hafnarfjarðar (teikning eftir Einar Erlendsson/Guðjón Samúelsson/Bárður Ísleifsson) sem var vígð 1943 sem opin sundlaug en byggt yfir hana síðar og hún vígð sem sundhöll 1951.

Sundhöll Hafnarfjarðar virðist hafa verið ætlað að vera opin sundlaug því til eru teikningar frá 1939 og 1941 sem sýna laug með lágum, mjóum húsum á laugarbakkanum. Laugin var tekin í notkun árið 1943 og um 1950 var byggt glæsilegt hús yfir hana sem verðskuldar sundhallartignina.

Í sundlaugarbyggingunni á Akureyri var innanhússundlaug en einnig nýttist búningsaðstaðan fyrir útilaugina (teikning Bárðar Ísleifssonar og Guðjóns Samúelssonar). Húsið var lengi í byggingu og vígt 1956, sex árum eftir dauða Guðjóns. Sundlaugin á Akureyri hefur aldrei verið kölluð sundhöll þótt byggingin sé glæsileg. Ef til vill stafar það af því að útisundlaugin hefur reynst vera aðallaugin og innisundlaugin miklu minna notuð og aðallega til sundkennslu.

⁹⁰ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 41.

Að lokum má geta um Sundhöll Siglufjarðar sem byggð var sem opin laug 1939 eftir teikningu Bárðar Ísleifssonar en opnuð að nýju 1962 sem sundhöll, gerð eftir teikningu Guðmundur Guðjónsson arkitekts, sem var starfsmaður húsameistaraembættisins.

Eins og sjá má af umfjölluninni hér að framan varð talsverð þróun í gerð lauga og laugarhúsa á tímabilinu sem hér er til skoðunar. Eru þá ónefndar þær framfarir sem urðu á tímabilinu í tæknibúnaði í laug og laugarhúsum. Á elsta stigi sundlaugagerðar voru laugarnar gjarnan hlaðnar úr torfi og hreinlætið eftir því, enda finnast fjölmargar lýsingar á þessum elstu laugum þar sem þeim er líkt við drullupolla eða súkkulaðiböð. Eftir að farið var að steypa laugarþrær fór hreinlæti batnandi en framan af voru laugarnar þó ekki með hreinsibúnaði. Fyrsta hreinsikerfið var sett upp í Austurbæjarskóla og þótti nokkur nýlunda. Fyrstu sérsníðuðu hreinsitækjunum komið fyrir í Sundhöll Reykjavíkur. Þau voru af erlendri gerð en síðar voru slík hreinsitæki smíðuð hér á landi.⁹¹ Mörg hinna elstu laugarhúsa voru án nokkurrar sturtuáðstöðu en þegar líður á tímabilið verður sú breyting að farið var að setja sturtur við búningaklefa og gera kröfu um að allir þvoí sér áður en þeir gangi til lauga. Annað hreinlætismál sem virðist snemma hafa verið í brennidepli í sögu sundlaugahaldis hér á landi var að algengt virðist hafa verið að fólk hafi hrækt í laugarnar. Þetta sýna margvísleg skrif sem og sundlaugarreglur frá fyrri hluta aldarinnar þar sem gjarnan var hamrað á því að ekki mætti hrækja í laugina. Víða voru settar upp sérstakar hrákarennur til að fólk gæti fullnægt hrákþörf sinni án þess að menga laugina. Í umfjöllun um nýtt laugarhús við sundlaug Akureyrar (1956) segir: „Stranglega verður bannað að hrækja í vatnið, en hrákadallar eru á bakkanum. Er þessi háttur nýr hér á landi. Víðast eru hrákarennur við laugarnar.“⁹² Hrækjandi sundlaugagestir urðu hins vegar minna vandamál þegar frá leið og jafnt og þétt voru þægindi sundlaugagesta aukin samhliða auknu hreinlæti. Það þóttu til að mynda talsverð tímamót þegar sundlaug Patreksfjarðar á Vatnseyri var vígð 1945 að í laugarhúsinu voru búningklefarnir upphitaðir og í blaðagrein um vígslu laugarinnar er það sögð algjör nýjung í sundlaugum.⁹³ Önnur nýjung í tengslum við laugarnar var gufuböð. Þegar kom fram á 4. áratuginn fóru gufuböð að verða algengari. Árið 1935 var byggð gufubaðstofa við sundlaugarpall á Héraðsskólanum á Núpi og var það fyrsti skólinn á landinu „sem byggir gufubaðsstofu í fornum stíl“ samkvæmt blaðagrein frá því ári en á þessu skeiði má sjá af teikningum og bréfaskriftum í safni Húsameistara ríkisins og víðar að gufubaðstofur njóta aukinna vinsælda og er víða bætt við sundlaugar á árunum fram til 1950.⁹⁴

⁹¹ Þorsteinn Einarsson. 01.05.1944, bls. 3.

⁹² *Dagur* 11.07.1956, bls. 1 og 7.

⁹³ *Morgunblaðið* 22.06.1945, bls. 5.

⁹⁴ *Víðar* 01.01.1936, bls. 42.

Á því tímabili sem hér er til úttektar voru heitir pottar eða setlaugar þó ekki enn komnar til sögunnar. Við yfirferð gagna fannst teikning af nýrri laug í Laugardal frá 1955 sem gerði ráð fyrir heitum potti eða setlaug en ný laug var ekki gerð þar fyrr en talsvert seinna (1966) og þá ekki nákvæmlega eftir umræddri teikningu. Fyrsti heiti potturinn sem reis við íslenska sundlaug var í Vesturbæjarlaug sem vígð var 1961. Hann gerði Gísli Halldórsson arkitekt og var fyrirmyndin annars vegar Snorralaug (sem hann hafði gert teikningu af í námi sínu) og hins vegar sturtubotninn í Laugardalslauginni. Gísli greindi frá því í viðtali að sturtubotninn hafi orðið kveikjan að hugmyndinni. Botninn var djúpur og þar vildi safnast talsvert af heitt vatn og sóttu börn mjög í að liggja í botninum og njóta heita vatnsins.⁹⁵ Heitar setlaugar áttu eftir að gjörbreyta íslenskri sundlaugamenningu á stuttum tíma og nú eru fáar laugar hér á landi sem ekki bjóða upp á heita potta. Ekki verður þó nánar fjallað um þá hér frekar en aðrar nýjungar sem ruðu sér til rúms í íslenskri sundlaugamenningu á seinni hluta 20. aldar.


⁹⁵ *Morgunblaðið* 21.06.2009, bls. 27

5. Ástand lauga og laugarhúsa

Gert er ráð fyrir því að betri hugmynd um ástand sundlaugabygginga (bæði lauga og húsa) fái á síðari stigum rannsóknarinnar, þegar mannvirkin verða skoðuð á vettvangi. Þó hefur á heimildastiginu verið reynt að afla upplýsinga eins og hægt er um hvort laugar og laugarhús standi enn eða ekki.

Svo virðist sem örlög íslenskra sundlaugabygginga frá fyrri hluta 20. aldar séu nokkuð sorgleg. Af þeim laugum sem byggðar voru fyrir hundrað árum eða fyrr (fyrir 1925) eru aðeins þrjár í notkun, sú elsta er Grafarbakkalaug sem opnaði aftur eftir nokkurt hlé 2014 og er í fullri notkun þótt laugarhúsin séu aflögð, Seljavallalaug þar sem bæði laug og laugarhús eru í notkun og sundlaugin á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp þar sem laugin er í notkun en laugarhúsin löngu aflögð.

Þegar horft er til laugarþróa sem byggðar voru eftir 1925 er ástandið skárra. Þó er staðan sú að tæplega helmingur (43%) þeirra laugarþróa sem byggður var á fyrri hluta 20. aldar eða fyrr er horfinn að mestu eða öllu leyti. Þegar horft er á sjálf laugarhúsin er staðan mun verri. Um 2/3 (eða 64%) af þeim sundlaugarhúsum sem risu hér á landi fyrir 1950 hafa síðar horfið að fullu eða mestu



Mynd 27: Ástand laugarhúsa sem byggð voru fyrir 1950. Rétt er að geta þess að engin vettvangsúttekt hefur enn farið fram og í mörgum tilfellum er því ástand laugarhúsanna ekki að fullu þekkt þótt víða hafi fundist vísbendingar um ástand þeirra.

og í 3% tilfella í viðbót eru líklega aðeins óveruleg ummerki um húsin til staðar. Af laugarhúsunum eru um 15% enn til staðar en ekki lengur notuð sem laugarhús. Aðeins 17% af laugarhúsum sem byggð voru fyrir 1950 gegna enn upprunaleg hlutverki sínu. Þetta eru sláandi tölur en til samanburðar má nefna að Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrú ríkisins vann samantekt um laugar árið 1983 og áætlaði þá að um 52 laugar sem byggðar voru fyrir árslok 1950 væru enn í notkun.⁹⁶

⁹⁶ Þorsteinn Einarsson: *Skrá yfir íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1983*, DD05, Varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Ljóst er því að það gengur hratt á byggingararf sundlauga á Íslandi. Á undanförunum fáum árum hafa mörg merkileg laugarhús verið rifin og eru nýjustu dæmin líklega Sundhöll Keflavíkur og Sundlaug Þórshafnar. Af eldri dæmum um merkilegar sundlaugar sem hafa orðið niðurrifi að bráð má nefna Sundskálann í Sælingsdal og á Hveravöllum. Algengast er hins vegar að eldri laugarhús hafi verið rifin þegar ný og stærri laugarhús voru gerð á sama stað en um það eru of mörg dæmi til að telja upp hér. Dæmi um hið gagnstæða, þar sem valið hefur verið að láta eldri hús standa áfram þótt ný hús hafi risið við laugina, er t.d. Grafarbyggðalaug á Flúðum þar sem ný hús voru byggð við hlið laugarinnar en gamla laugarhúsið stendur enn sem steypuleifar á laugarbakkanum og gefur það sundlaugarstaðnum tvímælalaust meiri sögulega dýpt.

Þrjár sundlaugar hafa verið friðlýstar samkvæmt lögum um menningarminjar en það eru Seljavallalaug, Hreppslaug og Sundhöll Reykjavíkur. Síðastnefnda laugin var friðlýst árið 2004 og nær friðunin til ytra borðs og innra borðs laugar, búningsklefa og sturtuklefa.⁹⁷ Umræða um friðun Seljavallalaugar komst fyrst á dagskrá í kringum 75 ára afmæli hennar 1998 en laugin var loksins friðlýst 2006 á grundvelli menningarsögulegs gildis enda talin ein best varðveitta laugin frá byggingarskeiði hennar. Árið 2014 var svo Hreppslaug í Borgarfirði friðlýst að frumkvæði ungmennafélagsins Íslendinga.⁹⁸ Laugin var friðuð á grundvelli staðbundins menningarsögulegs gildis og fágætis en í friðlýsingunni kemur fram að laugin er eitt af elstu dæmum um upprunalegt steinsteipt mannvirki sem tengist hagnýtingu heits vatns í þágu sund- og baðmenningar.⁹⁹ Í álitinu kemur einnig fram að steiptur hluti laugarinnar sé lítið breyttur en seinni tíma viðbætur svo sem handrið, skjólveggir og þjónustuhús séu heldur til lýta og er það undanskilið friðun.

Auk þessara þriggja lauga sem hafa verið friðlýstar er vert að nefna sérstaklega eldra laugarstaðið á Laugarvatni sem var í Héraðsskólahúsinu en það er nú friðlýst bygging.

Þær laugar og laugarhús sem byggð voru fyrir 1923 njóta nú friðunar vegna aldurs en friðunarákvæðið nær ef til vill aðeins til Grafarbyggðalaugar sem enn er í notkun en þó er hugsanlegt að ummerki um Lundalaug og Leirárlaug falli undir þetta ákvæði (en ástand þeirra lauga er ekki þekkt). Sundlaugabyggingar frá öðrum aldarfjórðungi 20. aldar eru því í talsverðri hættu, virðast vera að hverfa hratt og njóta engrar friðunar. Brýnt er því að hugað sé að þessum hluta menningararfsins. Í þeim efnum er mikilvægt að byggingarsögulegt gildi slíkra bygginga sé metið með heildstæða yfirsýn að leiðarljósi og er von höfunda að þessi úttekt nýtist vel við það.

⁹⁷ Gögn frá Minjastofnun Íslands, Huginn.

⁹⁸ *Skeisuborn*, 16.7.2014, bls. 145.

⁹⁹ Gögn frá Minjastofnun Íslands, Huginn.

6. Samantekt

Saga sundlauga og sundlaugamenningar er marglaga og flókin og hefur ýmislegt verið ritað um hana bæði hérlendis og erlendis.¹⁰⁰ Þótt ekki hafi verið hjá því komist að horfa eitthvað til menningarsögu sundlauga við yfirferð sem snýr að byggingararfi sömu húsa, er hér ekki fjallað markvisst um hinn óáþreifanlega menningararf sem sprettur af sunniðkun, enda er nú unnið að rannsóknum og samantekt um þann þátt sundmenningar á vegum Þjóðfræðideildar Háskóla Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Engu að síður er óhjákvæmilegt að tæpa lauslega á því hvernig sundlaugagerð er þéttofinn íslenski menningarsögu og samfélagsbreytingum á fyrri hluta 20. aldar. Uppbygging sundlauga og aukin áhersla á sundkennslu var ekki séríslenskt fyrirbæri heldur hluti af alþjóðlegri vakningu sem átti sér stað í ýmsum nágrannalöndum okkar (og víðar) um svipað leyti, jafnvel þótt að þróunin í íslenski laugagerð og laugarmenningu hafi tekið á sig nokkuð sérstaka mynd þegar frá liðu stundir. Laugar hafa frá upphafi verið almannarými og samkomustaðir. Elstu frásagnir af laugum í Íslendingasögum og Sturlungu sýna að þar kom fólk saman og naut heita vatnsins og samskipta hvert við annað. Þegar sundlaugagerð kemst á flug hér á landi í kringum aldamótin 1900 er það þó sundkennsla sem lífsbjörg sem varð hvati þeirrar umbyltingar sem hér varð í byggingu og notkun sundlauga á fyrri hluta 20. aldar. Sundkunnátta var lífsnauðsynleg og mikilvægasta hlutverk sundstaða átti að vera að kenna þjóð sem byggði á sjómennsku sund. Áherslan var einnig lögð á hreysti og heilbrigði og ljóst er að á fyrstu áratugum sundlaugabygginga veittu laugarnar sjaldgæft tækifæri til þvotta enda var þá aðgangur að vatni til líkamsþvotta í heimahúsum víðast takmarkaður.

Framan af voru það ungmennafélögin sem leiddu uppbyggingu sundstaða hér á landi. Í upphafi byggðu ungmennafélögin talsvert á þjóðernishugsjónum, enda stofnuð á tíma þegar sjálfstæðisbarátta Íslendinga var að komast á flug. Þetta má t.d. greina í þeim hugmyndir sem settar voru fram í tengslum við eflingu sundsins á 19. öld og í upphafi þeirrar tuttugustu, þ.e. að sundkunnátta væri að einhverju leyti endurvakning á hreysti og leikni fornra kappasem hefði glatast, líkt og margt annað í seinni tíð. Elstu laugar landsins voru flestar byggðar af ungmennafélögum, gjarnan að hluta eða fullu í sjálfboðavinnu. Þær voru byggðar af sameiginlegri hugsjón um gildi sunds og fórnfýsi. Margar þessara lauga voru einfaldar fyrst og höfuð það

¹⁰⁰ Sjá ýmsar rannsóknir þeirra Valdimars Hafsteinssonar og Arnar D. Jónssonar á sundlaugamenningu hér á landi og nemendaritgerðir á sviði arkitektúrs og þjóðfræði við íslenska háskóla sjá neðanmálsgrein nr. 1). Af erlendum rannsóknum á sviði sundmenningar má nefna bók Jeff Wiltse *Contested Waters* frá 2007 sem fjallar um laugar og laugamenningu í norðurríkjum Bandaríkjanna frá lokum 19. aldar og fram á 21. öld og áhrif stéttskiptingar og kynþáttaadgreiningar þar á og greinar Susie Scott (2009 og 2010) um sundlaugamenningu í Bretlandi og hvaða óskrifuðu reglum fólk fylgir í samskiptum í sunni. Á sviði arkitektúrs má nefna bók Thomas A.P. van Leeuwen, prófessors í arkitektúr við Leyden háskóla sem rannsakaði einkasundlaugar og sögu þeirra frá sjónarhorni arkitektúrsins sjá *The springboard in the pond* sem kom út árið 1998.

höfuðmarkmiði að vera staður þar sem kenna mætti ungmennum sund. Mikilvægasti þátturinn í staðarvali var oftast nálægð við heita uppsprettu og sumar þessara eldri lauga voru því ekki alveg í alfararleið. Segja má að margar af elstu laugunum séu byggðar í talsverðu návígi við náttúruna og að aðalsmerki þeirra sé einfaldleiki í laugarmannvirkjum auk þessa samspils laugar og náttúru.

Þegar lítið er yfir byggingarsögu íslenskra lauga fram til 1950 má segja að ungmennafélög hafi verið allsráðandi á stærstum hluta tímabilsins, eða allt fram til 1940 þegar ný lög tóku gildi sem færðu ábyrgð sundkennslu og sundstaða að mestu yfir á sveitarfélög og ríki.

Á tímabilinu fram til 1950 risu a.m.k. 93 sundlaugar/laugarhús og þegar lítið er til íbúafjölda, efnahags og tæknilegrar getu má það teljast gríðarlegt þjóðfélagslegt afrek að á þessu skeiði hafi þjóðin byggt sundlaug (og oftast margar) í hverju héraði.¹⁰¹

Þrátt fyrir að í upphafi hafi hvatinn að gerð sundlaugabygginga undantekningalaust verið sundkennsla urðu laugarnar fljótt ómissandi hluti af lífi fólks í þéttbýli jafnt sem dreifbýli. Líkt og áður urðu þær miðstöðvar fólks og fundarstaðir jafnvel þótt í upphafi hafi hugmyndir fólks um sundlaugarferðir verið ólík því sem hún var í dag. Markmiðið var að læra og æfa sundtökin og víða var framan af var ekki ætlast til að fólk dveldi langdvölum í lauginni (eða undir sturtunni).¹⁰² Þetta breyttist hins vegar fljótt og sundlaugarferðir urðu ekki bara æfing í hreysti og sjálfsbjörg heldur einnig hvíld og andleg næring fyrir sundlaugargesti. Á síðari hluta aldarinnar hefur sú þróun haldið áfram og má segja að í dag sé samfélagsþáttur sundferða og almenn slökun orðin eins veigamikill eða jafnvel veigamesti þáttur sundlaugarferða hér á landi.

Heimildaskráning um íslenskar sundlaugarbyggingar fram til 1950 sýnir að þær hafa tekið miklum breytingum á umræddu tímabili. Um flestar elstu byggingarnar er lítið vitað og er nokkuð algengt að hvorki sé þekkt hver teiknaði né byggði húsin. Þó hafa víða varðveist lýsingar eða ljósmyndir af laugum og húsum og hefur hér verið gerð tilraun til að safna saman eins miklum fróðleik um þessar laugar/-hús eins og kostur var. Svo virðist sem elstu húsin hafi gjarnan verið einfaldar timburbyggingar og elstu laugarnar ýmist torf eða grjóthlaðnar. Fljótlega eftir aldamótin 1900 fóru menn að hlaða sundlaugaveggi úr grjóti og nota steinlím til samloðunar en um 1920, urðu steypumannvirki algengari. Á fyrstu árum steinsteyptra lauga var nokkuð algengt að veggir þeirra væru ekki járnbentir og entust því verr en ella hefði verið.

Húsin sem fyrst risu við laugarnar voru í sumum tilfellum aðeins torfkofar en fljótlega urðu einföld timburskýli ráðandi. Slík skýli voru oftast byggð af vanefnum og entust gjarnan illa. Elstu sundlaugarhúsin voru í flestum tilfellum einfaldir búningsklefar eða skúrar sem ekki höfðu annan

¹⁰¹ Laugarnar voru þó mun fleiri ef allar torflaugar (án laugarhúsa byggðar í sveitum landsins fram til 1920) væru taldar en áætla má að þessar laugar séu mögulega á bilinu 200-300 til viðbótar. (sbr. Gylfi Helgason, munnleg frásögn).

¹⁰² Sjá t.d. afrit af reglum Sundlaugar Reykjavíkur á Þjóðskjalasafni Íslands DD 018.

tilgang en að veita skjól rétt á meðan skipt var yfir í sundklæði. Mörg þessara húsa voru timburkofar með skúrþaki, oft tvískiptir með sérinngangi fyrir hvort kynið. Önnur útfærsla sem sést víða á fyrsta aldarfjórðungi 20. aldar (sérstaklega í kaupstöðum) eru langir og lágreistir timburskúrar með nokkurn fjölda dyra út að laug, eða dyr úr hverjum klefa, allt að 6-10 dyrum. Dæmi um slíkar byggingar eru sundlaugarhús í Laugardal, á Akureyri, í Vestmannaeyjum og víðar.

Þegar frá leið var farið að steypa laugarhúsin en til að byrja með urðu litlar breytingar á útliti þeirra og gerð að öðru leyti. Húsin voru þannig mörg lítil, ýmist með flötu þaki eða skúrþaki og með nokkrum dyrum að laug. Nokkuð önnur lögmál virðast hafa ráðið um sundlaugarhús í þéttbýli. Endurnýjun húsakosts átti sér t.a.m. oft stað hraðar þar en í dreifbýli. Fyrstu byggingar sem risu á sundstöðunum viku iðulega fyrir veglegri og stærri byggingum og jafnvel þar sem sú varð ekki raunin hafa mörg húsanna verið rifin. Niðurstaða rannsókna á byggingararfi sundlauga fram til 1950 sýnir að á fyrri hluta 20. aldar risu mun fleiri mannvirki en áður var talið, en jafnframt að mikill hluti laugarhúsanna hefur þegar horfið vegna niðurrifs.

Fram til 1950 voru flestar sundlaugabyggingar einfaldar og hógværar, byggðar af naumhyggju til að þjóna ákveðnu hlutverki. Undantekningar frá þessu eru Sundhöll Reykjavíkur og fleiri sundhallir víðs vegar um landið. Sundhallirnar eru mótaðar af listrænum metnaði og gegna flóknu, hagnýtu hlutverki auk þess sem þær hafa táknrænt gildi fyrir samfélagið. En þrátt fyrir að litlu laugarhúsin láti lítið yfir sér við fyrstu sýn er fegurð gjarnan fólgin í samspili laugar og umhverfis og húsin eru í einfaldleika sínum mikilsverður minnisvarði um það einfalda í íslenskri byggingarhefð sem ekki skal vanmeta. Enn er þó ýmislegt á huldu um þá byggingaarfleið sem sundlaugamannvirki eru og ástand þessa minjaflokks en vonir höfunda standa til að vettvangsúttekt á næstu misserum muni varpa enn betra ljósi á eðli og ástand sundlaugabygginga á fyrri hluta 20. aldar.

Heimildaskrá

- Alþýðunblaðið* 01.03.1957, baksíða „Sund og fimleikar iðkaðar í einum og sama salnum.“
- Akranes* 1944. „Önnur stórgjöf til Akraneskaupstaðar“. 3. árg. 7-8. tbl. bls. 87-92.
- Björn Bjarnason. 1908. *Íþróttir fornanna á Norðurlöndum*. Reykjavík, Sigurður Kristjánsson.
- Dagur* 11.07.1956. „Opnun nýju laugarinnar markar tímamót í sundmálum bæjarins“ bls. 1.
- Dagur* 11.07.1956. „Með fyrirhleðslu úr torfi og grjóti voru fyrstu sundskilyrðin fengin á Akureyri“ bls. 7.
- Eggert Ólafsson I-II. 1975. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar I-II*. Steindór Steindórsson frá Hlöðum íslenskaði. Reykjavík.
- Ferðabók Sveins Pálssonar*. 1945. Snælandsútgáfan. Reykjavík.
- Freysteinn Sigurðsson. 1998. *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi. Stutt og ófullkomin drög að yfirlitskerá*. Orkustofnun. Greinargerð FS98-02.
- Guðmundur Frímenn. 1978. *Þannig er ég – viljirðu vita það. Ósamstæðir minningaþættir um lifandi menn og dauða*. Akureyri, Ögur.
- Gylfi Helgason. 2023. *Fornar laugar: Ástand, eðli og bættumat fornra lauga á Íslandi*. Fyrsti áfangi. Óútgefin framvinduskýrsla. Fornleifastofnun Íslands.
- Haraldur Guðnason. 1991. *Við Ægisdyr: Saga Vestmannaeyjabæjar í 60 ár*, II. bindi. Reykjavík, Vestmannaeyjabær.
- Íslendingur* 16.08.1950 „Glæsileg sundlaugarbygging“ baksíða (án blaðsíðutals).
- Íþróttablaðið* 01.02.1925, „Sund og sundnám“ bls. 9-10.
- Íþróttablaðið* 01.04.1925 „Yfirbyggð sundlaug í Reykjavík“ bls. 24-26.
- Íþróttablaðið* 05.05.1952 Einar Kristjánsson, “Ávarp til sundfélaganna í Reykjavík”, bls. 2-3.
- Íslensk fornrit I–XVII. bindi*. 1935-2002. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Jón M. Ívarsson, Björn Bjarndal Jónsson, Anna Möller, & Sæmundur Runólfsson. 2007. *Vormenn Íslands: saga UMFÍ í 100 ár*. Ungmennafélag Íslands.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1943. Kaupmannahöfn.
- Jóhann Jóhannsson og Róbert Arnar Birgisson. 2007. *Sundlaugavenjur Íslendinga: nota Íslendingar sund sem heilsurækt? Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar*.
- Jón M. Ívarsson. 2010. *HSK í 100 ár*. Garðabær, Héraðssambandið Skarphéðinn.
- Jón Þorsteinsson. 2005. „Heitar laugar til forna á Íslandi.“ *Læknablaðið* 91, bls. 617–621.
- Jónas Jónasson. 1979. *Hofdala Jónas*. Akureyri, Bókaforlag Odds Björnssonar.
- Katrín Dröfn Guðmundsdóttir. 2017. *Ábrif sundlauga: Líðan, upplifun, hegðun*. Óbirt MA ritgerð í þjóðfræði. Háskóli Íslands.
- Katrín Heiðar. 2020. *Högnu Sigurðardóttir. Sundlaugin sem ekki varð*. Óbirt lokaritgerð til BA prófs við Arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands.
- Katrín Snorradóttir. 2013 *Það er bara andlegt og líkamlegt meðal að fara í sund: Upplifun sundgesta af laugarferðum og samanburður á einka- og almenningslaugum*. Óbirt BA-ritgerð í þjóðfræði, Háskóla Íslands, Félagsvísindadeild,

- Klara Sól Ágústsdóttir. 2016. *Hvernig getur arkitektúr stuðlað að bættri bað- og sundlaugarmenningu?* Óbirt BA ritgerð í arkitektúr við Listaháskóla Íslands.
- Kristleifur Þorsteinsson. 1938. *Héraðssaga Borgarfjarðar II. (kaflinn: „Notkun jarðhita í Borgarfirði“)*. Reykjavík, útg. vantar.
- Kristín Una Sigurðardóttir. 2009. *Laugar landsins: hvernig hafa sundlaugar og bygging þeirra þróast í samfélagi Íslendinga á 20. öld?* Óbirt BA-ritgerð við Háskóla Íslands, Arkitektúr.
- Lúðvík Kristjánsson. 1952. *Úr bæ í borg: nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Reykjavík, Helgafell.
- Lesbók Morgunblaðsins* 14.08.1927, “Tuttugu ára sundkennara-afmæli” bls. 250-252.
- Lesbók Morgunblaðsins* 12.02.1933, „Sundlaug í Bolungarvík“, bls. 46-47.
- Lýður Björnsson. 2013. *Héraðsskólar Borgfirðinga : Hvítárbrakkí - Reykholt*. Reykholt, Snorrastofa.
- Lög um héraðsskóla nr. 626/1929*. <https://www.althingi.is/altext/pdf/41/s/0626.pdf>
- Menntamál* 01.04.1925, „Menntamálin á Alþingi 1925“, bls. 98-99.
- Menntamál* 01.03.1950. „Sundskylduákvæðin 10 ára“. Þorsteinn Einarsson, bls. 54-59.
- Morgunblaðið* 22.06.1945, „Nýja sundlaugin á Patreksfirði“ bls. 5
- Nanna Ólafsdóttir. 1973. „Baðstofan og böð að fornu“ *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags 1973*, bls. 62-86.
- Nachtegall, F. 1836. *Sund-reglur prófessors Nachtgalls : auknar og lagaðar eptir Íslands Þörfum*. Kaupmannahöfn, P.N. Jørgensen.
- Norðurland*. „Hverar og laugar“ Þorkell Þorkelsson, 02.20.1909, bls. 27.
- Morgunblaðið* 21.06.2009. „Þá voru þeir ekki eins vondir í skapinu, pólitíkusarnir“ viðtal við Gísla Halldórsson, bls. 27-27.
- Oddur Einarsson. 1971. *Íslandshýsing. Qualiscuenque descriptio Islandiae*. Sveinn Pálsson þýddi. Reykjavík, Menningarsjóður.
- Ólafur Rastrick. 2008. Nýjar skyldunámsgreinar í *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Skólahald í bæ og sveit 1880-1945*. 1. bindi af tveimur. Ritstj. Loftur Guttormsson. Reykjavík: Háskólaútgáfa, 2008. Bls. 196-209.
- Páll Líndal. 1986–1991. *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. Reykjavík, Örn og Örlygur.
- Pétur H. Ármannsson. 2020. *Guðjón Samúelsson búsameistari*. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Safn til sögu Íslands og íslenszka bókmennta að fornu og nýju*. 1856. „Íslenszkar gátur, skemmtanir, víkivakar og þulur.“ Reykjavík, Hið íslenszka bókmenntafélag.
- Skinfaxi* 10.06.1914 „Ungmennafélagsmál“ bls. 82.
- Skinfaxi* 01.08.1916, 8. tbl. „Úr skýrslum U.M.F.Í. 1915.“, bls. 98.
- Skinfaxi* 01.12.1925, „Sund.“ höfundur G. bls. 137-139.
- Skinfaxi*, 01.02.1927. „Bréf til ungmennafélaga í Borgarfjarðar- og Mýrarsýslu.“, bls 28.
- Sigurður Bjarnason. 1987. „Sundkennsla í Reykjanesi í 150 ár“. *Ártrit Sögufélags Ísfirðinga*, bls. 12-18.
- Skessuborn*, 16.7.2014, „Friðlýsing Hreppslaugar staðfest“ bls. 145.

Skólablaðið 02.28.1907, „Vestan hafs og austan: böðun og sund“ bls. 16.

Sturlunga: Sturlunga saga. 1988. I.-II. bindi. Örnólfur Thorsson, ritstj. Reykjavík: Svart á hvítu.

Sundbóke ÍSÍ fyrir hvern mann, Reykjavík, 1920/1921.

„Sundlaugar fyrr og nú“ Gangverk: fréttabréf VST: Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens hf. 02.02.2001.

Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar: Saga hitaveitna og jarðbitanýtingar á Íslandi*. Safn til iðnsögu Íslendinga, XII. bindi. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.

Scott, Susie. 2009. „Reclothing the Emperor: The Swimming Pool as a Negotiated Order.“ *Symbolic Interaction* 32: 123-145.

Scott, Susie. 2010 „How to look good (nearly) naked: The performative regulation of the swimmer’s body“. *Body and Society* 16 (2):143-168.

Tíminn 1929, 10. tbl. Jóhann Fr. Kristjánsson: „Sundlaugar í sveitum“, bls. 36-37.

Tíminn 23.12.1929, „Alþýðuskólar“ bls. 262-263.

Tíminn 14.05.1930, „Þegar „verkin tala“, bls. 111-112.

Thomas A.P. van Leeuwen. 1998. *The springboard in the pond: An Intimate History of the Swimming Pool*. Rhode Island, Mit Pr.

Uno von Troil. 1961. *Bréf frá Íslandi*. Haraldur Sigurðsson íslenskaði. Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Víðar 01.01.1936, „Núpsskóli 1906-1936“, bls. 26-54.

Iltse, Jeff. 2007. *Contested waters: A social history of swimming pools in America*. Chapel Hill, University of North Carolina Press.

Þorsteinn Einarsson. 01.05.1944. “Hugsjónir rætast”, *Íþróttablaðið*, bls. 3-4.

Þorsteinn Einarsson. 1977. *Drög að sögu íslenskrar íþróttar*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Þorsteinn Einarsson. 1984. *Skrá yfir íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1983. Safnað hefur og skráð fyrir íþróttanefnd ríkisins Þorsteinn Einarsson*. Reykjavík, Íþrótt- og æskulýðsmáladeild Menntamálaráðuneytisins.

Örn D. Jónsson og Edward Huijbens. 2005. *Félagsvist heita vatnsins. Í Rannsóknir í félagsvísindum VI: Viðskipta- og hagfræðideild*. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Örn D. Jónsson. 2010. „Good clean fun: How the outdoor hot tub became the most frequented gathering place in Iceland.“ Í *Þjóðarspejillinn*. Ritstj. Ingjaldur Hannibalsson. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Vefsíður:

<https://sundlaugar.is/>

<https://lifandihefdir.is/sundmenning-islendinga/>

<http://icelandictimes.com/sundlaugar-reykjavikur/>

Gögn frá Minjastofnun Íslands

Gögn um friðaðar laugar úr Huginn, húsagrunni Minjastofnunar Íslands.

Viðtöl og heimildir úr ÍSMUS

SÁM 86760 EF_Hjörtur Ögmundarson_Laug að Laugarlandi

<https://www.ismus.is/i/audio/id-1027358>

SÁM 95/3890 EF_Stefán Jóhann Guðmundsson_Laug í Laugarskarði_byggingarsaga

<https://www.ismus.is/i/audio/id-1048308>

SÁM 89/1959 EF_Valdimar Björn Valdimarsson_Reykjafjarðarlaug_um sundkennslu_

<https://www.ismus.is/i/audio/id-1008813>

SÁM 95/3882 EF_Jóna Erlendsdóttir Um Lárus Rist og sundlaugarbyggingu í Hveragerði

<https://www.ismus.is/i/audio/id-1048247>

SÁM 95/3886 EF_Grímur Jósafatsson_Um sundlaugarbyggingu og sundkennslu, Lárus Rist

kemur 1938: <https://www.ismus.is/i/audio/id-1048272>

SÁM 99/3925 EF_Haukur Níelsson_Um sundkennslu í Varmá við Álafoss

<https://www.ismus.is/i/audio/id-1048587>

SÁM 10/4213 ST_Hróbjartur Jónasson Um sundlaugina í Varmahlíð

<https://www.ismus.is/i/audio/id-1043660>

EF Magnús Rafnsson. Minningar úr Reykjavík og Bjarnarfirði – myndbandsupptaka

<https://www.ismus.is/i/audio/id-1043636>

EF Pálmi Sigurðsson. Minningar úr Reykjavík og Bjarnarfirði – myndbandsupptaka

<https://www.ismus.is/i/audio/id-1044630>

Þjóðháttafni Þjóðminjasafns Íslands

Svör við spurningaskrá 119: Sundlaugamenning á Íslandi.

Að auki hefur verið farið yfir um 550 greinar um sundmenningu, sundlaugagerð og framkvæmdir við sundlaugar af tímarit.is.

Þjóðskjalasafn Íslands

Á Þjóðskjalasafni Íslands var farið yfir skjöl og teikningar úr 167 kössum sem borist höfðu safninu úr Menntamálaráðuneytinu og snertu sundlaugar og sundlaugarbyggingar.

Gögn frá Menntamálaráðuneyti, Sér má l, Íþrótt- og félagsheimilasjóður

Yfirskiðalafl.	Fl.	Kassanr	Örk	Ártal	Efni
H	H	49	1	1933	Stykkishólmur, Þingeyri, Núpur, Súgandafjörður, Ísafjörður, Reykir A. Hún., Sauðárkrókur, Árskógsströnd, Húsavík, Eiðar, Litlihvamur
H	H	49	1	1933	Stykkishólmur, Þingeyri, Núpur, Súgandafjörður, Ísafjörður, Reykir A. Hún., Sauðárkrókur, Árskógsströnd, Húsavík, Eiðar, Litlihvamur
D - Sér má l	DD	5	4	1929	1969 Skrár um sundstaði og upplýsingar um sundlaugar
D - Sér má l	DD	17	5	1941	1942 Teikningar af íþróttahúsum, íþróttasvæðum og sundlaugum, fáein bréf
D - Sér má l	DD	96	4	1941	1970 Skeiðahreppur vegna sundlaugar
D - Sér má l	DD	17	7	1948	1948 Reglur Sundhalla Reykjavíkur og Sundlauganna í Reykjavík
D - Sér má l	DD	105	1	1951	1952 Sundskýrslur, kaupstaðir
D - Sér má l	DD	105	3	1951	1952 Sundskýrslur, Vestur-Húnavatnssýsla - Norður-Þingeyjarsýsla
D - Sér má l	DD	105	4	1952	1953 Sundskýrslur, kaupstaðir
D - Sér má l	DD	106	1	1952	1954 Sundskýrslur, Gullbringusýsla - Strandasýsla
D - Sér má l	DD	106	2	1952	1953 Sundskýrslur, Vestur-Húnavatnssýsla - Norður-Þingeyjarsýsla
D - Sér má l	DD	106	3	1952	1953 Sundskýrslur, Rangárvallasýsla - Árnessýsla
D - Sér má l	DD	107	3	1952	1954 Sundskýrslur, Norður-Múlasýsla - Vestur-Skaftafellssýsla
D - Sér má l	DD	107	1	1953	1954 Sundskýrslur, Gullbringusýsla - Strandasýsla
D - Sér má l	DD	107	2	1953	1954 Sundskýrslur, Vestur-Húnavatnssýsla - Norður-Þingeyjarsýsla
D - Sér má l	DD	107	4	1953	1954 Sundskýrslur, Rangárvallasýsla - Árnessýsla
D - Sér má l	DD	108	1	1954	1955 Sundskýrslur, Gullbringusýsla - Strandasýsla
D - Sér má l	DD	95	11	1965	1965 Skrár yfir íþróttamannvirki: Sundlaugar, leikfimisalir
D - Sér má l	DD	69	6	1966	1966 Sundhöll Reykjavíkur, vatnsnotkun
D - Sér má l	DO	85	7	1967	1972 Sundlaugar

D - Sér má l	DD	47	14		Sundlaugar á Íslandi (dönsk gerð)
D - Sér má l	DD	61	1		Íþróttasjóður, skjalaskrár: Teikningar íþróttasvæða, skíðaskála og lyfta, íþróttahúsa, sundlauga. Nafnaskrár eftir hlaupandi númerum
D - Sér má l	DD	104	16		Hitun sundlauga. Hita- og loftræstikerfi, gerð þeirra og rekstur. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens
D - Sér má l	DD	104	18		Gerð sundlauga
D - Sér má l	DD	110	14		Hirðing sundlauga eftir Sigurð H. Pétursson, gerlafræðing
Yfirskjalaf l Heiti skjalaf l. H - Íþrótt a- og félagsheimilasjóður	H	Kassi 21	Örk 6	frá ár 1943	til ár Efni 1962 Sundlaugar, sundlauga- og fimleikahús, almennar upplýsingar
H - Íþrótt a- og félagsheimilasjóður	H	21	7	1943	1952 Sundlaugar, almennt
H - Íþrótt a- og félagsheimilasjóður	H	21	8	1955	1968 Búningsklefar við sundlaugar, almennt
H - Íþrótt a- og félagsheimilasjóður	H	22	1	1925	1964 Reykjavík, Sundhöll Reykjavíkur - Sundlaugar í Laugardal
H - Íþrótt a- og félagsheimilasjóður	H	22	7	1937	1955 Hafnarfjörður, Sundhöll Hafnarfjarðar
H - Íþrótt a- og félagsheimilasjóður	H	22	6	1942	1978 Keflavík, Sundlaugin í Keflavík
H - Íþrótt a- og félagsheimilasjóður	H	22	3	1954	1971 Reykjavík, Sundlaug Vesturbæjar
H - Íþrótt a- og félagsheimilasjóður	H	22	2	1972	1972 Seltjarnarnes, sundlaug
H - Íþrótt a- og félagsheimilasjóður	H	22	4		Reykjavík, sundlaug barnaskólans við Breiðagerði
H - Íþrótt a- og félagsheimilasjóður	H	22	5		Reykjavík, sundlaug við Skíðaskálann í Hveradölum

H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	23	2	1943	1950 Akranes, Sundlaug Akraness
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	23	3	1944	1975 Ísafjörður, Sundhöll Ísafjarðar og heilsugæslustöð
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	23	5	1948	1968 Siglufjörður, Sundlaug Siglufjarðar
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	23	1	1962	1967 Kópavogur, Sundhöll Kópavogs
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	23	4	1963	1972 Sauðárkrúkur, sundlaug
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	24	5	1944	1972 Vestmannaeyjar, Sundhöll Vestmannaeyjum
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	24	1	1949	1969 Akureyri, Sundlaug Akureyrar
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	24	2	1952	1960 Húsavík, Sundlaug Húsavíkur
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	24	3	1956	1976 Seyðisfjörður, Sundlaug Seyðisfjarðar
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	24	4	1957	1966 Neskaupstaður, Sundlaug Neskaupstaðar
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	25	7	1941	1964 Stykkishólmur, sundlaug
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	25	10	1941	1941 Barðaströnd, sundlaug
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	25	1	1942	1966 Mosfellssveit, sundlaug að Varmá
H - Íþrótt- og félagsheimilaskjöldur	H	25	11	1942	1954 Reykhólar, sundlaug

H - Íþrótt- og félagsheimilásjóður	H	25	5	1945	1967 Laugargerði, Snæf., sundskáli við Kolviðarneslaug
H - Íþrótt- og félagsheimilásjóður	H	25	13	1945	1953 Þingeyri, sundlaug
H - Íþrótt- og félagsheimilásjóður	H	25	6	1947	1970 Hellissandur, sundlaug
H - Íþrótt- og félagsheimilásjóður	H	25	8	1950	1959 Laugar, Dal., sundskáli að Sælingsdalslaug
H - Íþrótt- og félagsheimilásjóður	H	25	4	1952	1976 Borgarnes, sundlaug
H - Íþrótt- og félagsheimilásjóður	H	25	3	1957	1957 Varmaland, Mýr., sundlaug
H - Íþrótt- og félagsheimilásjóður	H	25	14	1964	1964 Reykjanes við Djúp, íþróttahús og sundlaug

Blandað efni: Kassar með efni um sundlaugar, Þjóðskjalasafn Íslands

Númer	Ár	Innihald
64/		Sólgarðar við Barðslaug. Búnaðarfélag Íslands. Tún og jarðir 5027
22/1	1934-1934	Sundlaug í Hörðudal í Dalasýslu. Undirritað 3. júlí 1934, Teiknistofa Byggingar- og landnámssjóðs, Jóh. Th. Kr. (?) (Jóhann Tr. Kristjánsson?). Stjórnarráð Íslands I. Db. 10,
22/2	1933-1933	Sundlaug Súgfirðinga, í Súgandafirði í Ísafjarðarsýslu. Tvær teikningar. Undirritaðar í janúar 1933, Jón Þ. Ólafsson. Stjórnarráð Íslands I. Db. 10, nr. 331.
22/3	1927-1927	Sundlaug í Bolungarvík í Ísafjarðarsýslu. Undirrituð 14. október 1927, Jón J. Fannberg. Stjórnarráð Íslands I. Db. 10, nr. 331 (eldra Db. 8, nr. 195).
22/4	1931-1931	Sundskálar í Reykjanesi í Ísafjarðarsýslu. Undirrituð 14. maí 1931, Páll Kristjánsson. Einnig: Samþykktur þessu fyrirkomulagi, Rvík 20. maí 1931, Einar Erlendsson. Stjórnarráð Íslands I. Db. 10, nr. 331 (eldra Db. 9, nr. 15).

22/5	1929-1934	Sundþró fyrir Ólafsfjörð í Eyjafjarðarsýslu. Tvær teikningar. Undirritaðar 28. janúar 1929 og 23. júní 1934, Sveinbjörn Jónsson. Stjórnarráð Íslands I. Db. 10, nr. 331 og Db. 11, nr. 308.
22/6	1926-1928	Sundskáli í Svarfaðaral í Eyjafjarðarsýslu. Tvær teikningar. Undirritaðar í júní 1926 og 18. maí 1928, Sveinbjörn Jónsson. Stjórnarráð Íslands I. Db. 9, nr. 15 (eldra Db. 8, nr. 195).
22/7	1926-1926	Sundlaug í Austur-Eyjafjallasveit í Rangárvallasýslu, og landinu í kringum hana. Mun vera Seljavallalaug. Óundirrituð og ódagsett, en er merkt Alþingi, nr. 2/1926. Stjórnarráð Íslands I. Db. 7, nr. 450.
16/22	1941-1941	Sundlaug Eiðaskóla í Múlasýslu. Raflagnateikningar. Komið frá Rafmagnseftirliti ríkisins.
16/26	1943-1949	Sundhöll á Akranesi. Tvær teikningar. Raflagnateikningar. Komið frá Rafmagnseftirliti ríkisins.
16/26	1945-1945	Sundlaug á Seyðisfirði í Múlasýslu. Raflagnateikningar. Komið frá Rafmagnseftirliti ríkisins. Fjórar teikningar.
16/28	1943-1943	Sundlaug á Norðfirði í Múlasýslu. Raflagnateikningar. Komið frá Rafmagnseftirliti ríkisins.
16/48	1943-1943	Laugarvatnsskóli Í Árnassýslu. Sundlaug og leikfimisalur. Raflagnateikningar. Komið frá Rafmagnseftirliti ríkisins.
15/49	1944-1944	Leikfimisalur og sundlaug á Ísafirði. Raflagnateikningar. Komið frá Rafmagnseftirliti ríkisins. Fjórar teikningar.

Kassar frá Húsameistara ríkisins, 1997/072, A – Skjöl skrifstofu Húsameistara ríkisins (1910-1997)

Þjóðskjalasafn Íslands

Heiti skjalafll.	Skjalaf l.	Kassan r.	Ör k	frá ár	til ár	Efni
A - Skjöl skrifstofu Húsameistara	A	135	1	1916	1934	Myndamót af byggingum eftir Guðjón Samúelsson. Háskóli Íslands - Laugarvatnsskóli - Reykholtsskóli - Reykjaskóli.
A - Skjöl skrifstofu Húsameistara	A	137	1	1916	1934	Myndamót af byggingum eftir Guðjón Samúelsson. Þjóðleikhúsið - Arnarhvoll - Sundhöllin í Reykjavík. - Reykjavíkur Apotek - Landsbankinn Austurstræti (innan) og fleira.


A - Skjöl skrifstofu Húsameistara	A	147	1	191 1	196 3	Spjaldskrá í trékassa. Barnaskólar, gagnfræðaskólar, sjúkrahús, læknabústaðir, kirkjur, sýslumannsbústaðir, prestsetur, sundlaugar, ýmsar byggingar.
B - Verk - Viðskiptamenn	B	131	1	194 5	199 1	Barna- og gagnfræðaskólar. Akranesi - Akureyri - Bolungarvík - Breiðagerðiskóli í Reykjavík. - Drangnesi - Flateyri - Hafnarfirði - Skóli Ísaks Jónssonar Reykjavík. - Laugavatni - Lundi í Öxarfirði - Nesjaskóli - Patreksfirði - Reykholt í Biskupstungum - Safamýrarskóli í Reykjavík. - Gagnfræðaskólinn á Skólavörðuholti - Vestmanneyjar - Vík - Pykkvabær. Nýbyggingar, viðbyggingar, viðhald, verklýsingar, útboð, ljósmyndir.
B - Verk - Viðskiptamenn	B	136	1	192 0	198 1	Héraðskólar. Eiðaskóli - Reykjaskóli - Laugaskóli - Skógaskóli - Laugarvatn - Tilboð, reikningar, bréf, ljósmyndir.
B - Verk - Viðskiptamenn	B	189	1	192 9	193 7	Sundhöll Reykjavíkur við Barónsstíg. Frumskissur, bréf, útboðslýsing, útboð.
B - Verk - Viðskiptamenn	B	190	1	192 6	193 8	Sundhöll Reykjavíkur við Barónsstíg. Útboðslýsing, bréf, frumskissur.
B - Verk - Viðskiptamenn	B	250	1	192 9	196 7	Héraðs-, barna- og gagnfræðaskólar. Akranes - Kirkjubæjarklaustur - Laugaskóli - Laugarvatnsskóli - Núpsskóli - Reykjanesskóli - Reykjaskóli - Varmahlíðarskóli. Stofnkostnaður, reikningsyfirlit, kostnaðaráætlun. Heimavist, íþróttahús.
C - Teikningar	C	151	1			40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Héraðskólinn á Laugarvatni (Árnessýsla).
C - Teikningar	C	151	2			40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Héraðskólinn á Laugarvatni (Árnessýsla). Ýmsar tengdar byggingar.
C - Teikningar	C	151	3			40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Héraðskólinn á Laugarvatni (Árnessýsla).
C - Teikningar	C	155	3			40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Héraðsskóli að Núpi, Dýrafirði (Vestur - Ísafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	155	6			40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Skóli Núpssveit, Presthólahreppi (Norður - Þingeyjarsýsla). Aðalteikning.
C - Teikningar	C	155	11	192 9	193 0	40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Skóli í Reykholti (Borgarfjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	157	4	193 2	193 2	40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Barnaskóli á Skútustöðum (Suður - Þingeyjarsýsla).
C - Teikningar	C	326	1	194 7	194 7	42. Háskólar, menntaskólar, kennaraskólar, lýðháskólar. Menntaskólinn á Laugarvatni (Árnessýsla). Tillaga / riss.
C - Teikningar	C	383	3	194 3	194 3	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Akranesi (Borgarfjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	383	7	194 9	194 9	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Akureyrar (Eyjafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	384	2			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug í Ásbyrgi, Torfustaðahreppi (Austur - Húnavatnssýsla).

C - Teikningar	C	384	4			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Brautarholti, Skeiðum (Árnessýsla).
C - Teikningar	C	384	5			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Eskifirði (Suður - Múlasýsla).
C - Teikningar	C	384	7			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Fáskrúðsfirði (Suður - Múlasýsla).
C - Teikningar	C	384	8			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Flateyrar (Vestur - Ísafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	384	9	194 3	194 3	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Íþróttahús og gistihús að Geysi Haukadal (Árnessýsla). Aðal- og sérteikningar.
C - Teikningar	C	384	11			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Hafnarfjarðar (Gullbringusýsla).
C - Teikningar	C	384	12			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Hafnarfjarðar (Gullbringusýsla).
C - Teikningar	C	385	1			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Barði Fljótum (Skagafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	386	1			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Hellissandi (Snæfellssýsla).
C - Teikningar	C	386	2			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug og leikfimisalur á Hellissandi (Snæfellssýsla).
C - Teikningar	C	386	3			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug í Hrísey (Eyjafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	387	2	194 3	194 3	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug, Höfðahverfi (Eyjafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	387	5	195 6	195 6	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug og íþróttahús á Ísafirði (Norður - Ísafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	387	6	193 0	194 3	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug og íþróttahús á Ísafirði (Norður - Ísafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	387	8	194 7	194 7	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug í Keflavík (Gullbringusýsla).
C - Teikningar	C	388	3			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug, Kolviðarnes (Snæfellssýsla).
C - Teikningar	C	388	5	194 5	194 5	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Baðstofa í Mýrdal (Vestur - Skaftafellssýsla).
C - Teikningar	C	388	7	194 6	194 6	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug og íþróttahús í Ólafsvík (Snæfellssýsla).
C - Teikningar	C	388	9	194 1	195 0	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug og fimleikahús - óstaðsett.
C - Teikningar	C	388	10	195 5	195 9	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug og fimleikahús - óstaðsett.
C - Teikningar	C	389	1			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug og íþróttahús í Ólafsvík (Snæfellssýsla).
C - Teikningar	C	390	1			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Yfirbyggð sundlaug í Reykjavík.
C - Teikningar	C	391	1	192 8	193 5	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundhöllin í Reykjavík. Aðalteikning.

C - Teikningar	C	391	2	192 9	193 7	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundhöllin í Reykjavík . Sérteikning.
C - Teikningar	C	391	3	192 9	193 5	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundhöllin í Reykjavík . Verkfræðiteikning.
C - Teikningar	C	392	3	193 0	193 0	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug að Reykholti Biskupstungum (Árnessýsla).
C - Teikningar	C	392	4	192 8	194 8	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Reykhólum (Austur - Barðastrandasýsla).
C - Teikningar	C	392	5	196 4	196 4	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Reykhólum (Austur - Barðastrandasýsla).
C - Teikningar	C	392	6	192 9	192 9	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Reykjanesi, (Norður - Ísafjarðarsýsla). Skáli.
C - Teikningar	C	392	7	194 6	194 6	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Reykjaskóla, Hrótafirði (Vestur - Húnavatnssýsla).
C - Teikningar	C	392	8	194 1	194 1	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug að Reykjum (Austur - Húnavatnssýsla).
C - Teikningar	C	393	1	194 8	195 8	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Siglufjarðar (Skagafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	393	2	194 5	195 4	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Seyðisfirði (Norður - Múlasýsla).
C - Teikningar	C	393	3	194 3	195 2	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Stykkishólmi (Snæfellssýsla).
C - Teikningar	C	393	7	195 3	195 3	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Svarfdæla (Eyjafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	394	1			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug að Varmá (Kjósarsýsla).
C - Teikningar	C	394	2			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Syðra - Laugalandi (Eyjafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	394	3			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Syðra - Laugalandi (Eyjafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	394	4			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug að Varmalandi {Borgarfjarðarsýsla}.
C - Teikningar	C	394	6			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Vestmannaeyjum.
C - Teikningar	C	999	1	193 0	193 0	40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Reykjatangaskóli / Héraðsskólinn á Reykjum, Hrótafirði. Sjá einnig lagnateikningar í teikningasafni Húsameistara ríkisins í flokku 40 undir heitinu: Skóli, Reykjum, Hrótafirði.
C - Teikningar	C	1000	1			40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Skóli í Reykholti (Borgarfjarðarsýsla). Pípulagnir.
C - Teikningar	C	1007	1	194 3	194 7	40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Skóli að Laugalandi í Eyjarfirði (Eyjafjarðarsýsla).

C - Teikningar	C	1015	7	193 1	194 1	40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Skóli á Fáskrúðsfirði (Suður-Múlasýsla). Sundlaug og viðbygging.
C - Teikningar	C	1036	1	193 3	198 8	40. Skólar (grunnskólar, barna- og gagnfræðaskólar). Barnaskólinn á Brautarholti að Skeiðum (Árnessýsla).
C - Teikningar	C	1071	1	194 8	194 8	42. Háskólar, menntaskólar, kennaraskólar, lýðháskólar. Menntaskólinn á Laugarvatni (Árnessýsla).
C - Teikningar	C	1122	1	194 6	194 6	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Búningsklefi við sundlaugar - Óstaðsett.
C - Teikningar	C	1123	1	194 3	194 3	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug og íþróttahús o.fl. á Ísafirði (Norður - Ísafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1125	1	194 3	194 7	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Leikfimiús - óstaðsett.
C - Teikningar	C	1126	1	193 9	193 9	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Leikfimiús á Akranesi (Borgarfjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1131	1	195 5	195 5	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Akureyrar (Eyjafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1137	1	194 5	195 0	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Gufubaðsstofa - óstaðsett.
C - Teikningar	C	1448	1	195 4	196 3	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Ísafirði (Norður - Ísafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1450	1	194 0	194 2	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Hafnarfjarðar (Gullbringusýsla).
C - Teikningar	C	1452	1			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Akureyrar (Eyjafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1453	1	194 9	196 1	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundhöll Siglufjarðar - Loftræsting, pípulagnir (Skagafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1454	1	195 5	195 6	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Akranesi, Bjarnarlaug (Borgarfjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1456	1			47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Vestmannaeyja.
C - Teikningar	C	1460	1	194 8	194 8	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug við barnaskóla Fáskrúðsfjarðar (Suður - Múlasýsla).
C - Teikningar	C	1461	1	195 4	195 4	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Flateyrar (Vestur - Ísafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1462	1	196 0	196 0	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug í Hrísey (Eyjafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1464	1	195 3	196 0	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug og íþróttahús á Eskifirði (Suður - Múlasýsla).

C - Teikningar	C	1465	1	196 9	196 9	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug að Brautartungu, Lundarrreykjadal (Borgarfjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1473	1	194 5	194 8	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Seyðisfjarðar (Suður - Múlasýsla).
C - Teikningar	C	1474	1	196 5	196 5	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Neskaupsstað (Suður - Múlasýsla).
C - Teikningar	C	1475	1	196 2	196 2	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundhöllin í Reykjavík.
C - Teikningar	C	1476	1	195 0	195 1	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug í Reykjavík.
C - Teikningar	C	1477	1	194 8	194 8	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaugarskýli í Selárdal, Vopnafirði (Norður - Múlasýsla).
C - Teikningar	C	1479	1	196 1	196 1	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug Kolviðarnesi við Laugagerðisskóla í Eyjahreppi (Snæfellssýsla).
C - Teikningar	C	1481	1	195 2	195 2	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug - Suðureyri við Súgandafjörð (Vestur - Ísafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1483	1	194 7	194 7	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug í Varmahlíð (Skagafjarðarsýsla).
C - Teikningar	C	1485	1	195 0	195 0	47. Íþróttahús, sundlaugar og tengd mannvirki. Sundlaug á Þórshöfn (Norður - Þingeyjarsýsla).
C - Teikningar	C	1699	1	196 5	197 1	Hítateikningar o.fl. í húsum eftir Geir Agnar Zoëga. Fossvogskirkja. Hofsnæs í Örfæm. Lögreglustöð í Vestmannaeyjum. Ýmis einbýlishú. Sundlaug á Reykhólum. Barnaskóli að Laugalandi. Héraðsskólinn að Laugum. Prestsetur í Odda.
C - Teikningar	C	1785	1	193 4	193 5	Bárður Ísleifsson - Skólateikning. Sundhöll í Reykjavík norðan við Melavöllinn á núverandi lóð Þjóðarbókhlöðunnar.
C - Teikningar	C	1792	3	191 6	191 6	Jón Þorláksson landsverkfræðingur - Sundlaug á Reykhólum.



Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu þekkttra sundlauga frá fyrri hluta 20. aldar.

VIÐAUKI 1


Yfirlit yfir sundlaugabyggingar fram til 1950:
Heimildaúttekt

Reykjanes/Reykjavík og nágrenni.....	4
Sundlaugin í Valborgargjá (1928-1932).....	5
Sundlaug Keflavíkur (1938-1943).....	8
Sundhöll Keflavíkur – yngri laugarhús (1951-2018?)	11
Sundlaug/-höll Hafnarfjarðar (1943-)	16
Sundlaugarnar gömlu í Laugadal/Laugarneslaugar (1886-1907)	22
Sundlaugarnar gömlu í Laugadal (1908-1944?)	26
Sundlaugarhús í Laugardal (1944?-1966)	30
Sundlaug Austurbæjarskóla (1930-).....	33
Sundhöll Reykjavíkur (1937-).....	36
Varmárlaug (1927-1933?).....	42
Sundlaug Álafoss, Mosfellsbæ (1933-).....	45
Vesturland.....	48
Bjarnalaug, Akranesi (1944-).....	49
Leirárlaug eldri hús (1920-c.1940?).....	53
Leirárlaug - yngri hús (1940?-1970?).....	55
Hreppslaug (elstu laugarhús og laug) (1928 -).....	57
Sundlaug Lundarreykjardals/Brautartungulaug, (1947-).....	60
Langholtslaug (1894-1950?)	62
Sundlaug Héraðsskólans í Reykholti (1933-)	63
Norður-Reykjalaug (1894-1900?)	68
Sundlaugin að Stóri-Ási (1912-1945?)	69
Lundalaug (1895-1913).....	70
Veggjalaug/Varmalandslaug eldri (1895-1930)	72
Veggjalaug/Varmalandslaug yngri (1931-1960)	75
Kolviðarneslaug (1947-).....	78
Snorralaug/Sundlaug Hörðdæla (1937-1970)	81
Sundskáli Sælingsdals (1932-1994?).....	83
Vestfirðir	87
Reykhólalaug/Grettislaug eldri (1928-1948)	88
Reykhólalaug/Grettislaug yngri (1948-).....	91
Sundlaugin Laugalandi (1940?-?).....	93
Sundlaug Barðstrandar/Krosssundlaug (1949-).....	95
Sundlaug Patreksfjarðar (1945-2007).....	97

Sundlaug Tálknafjarðar (1935-1987)	99
Sundlaug Héraðsskólans á Núpi (1930-).....	101
Sundlaug Flateyrar (1942-1968?)	105
Sundlaug Súgandafjarðar (1933-1991)	108
Sundlaug Bolungavíkur (1929-1969)	111
Sundhöll Ísafjarðar (1945-)	114
Sundlaugin á Reykjanesi, eldri laug (1889-1925)	118
Héraðsskólinn á Reykjanesi, elsta laugarskýli/laug (1925/1934-1944).....	122
Héraðsskólinn á Reykjanesi, laugarskýli (1945?-1980).....	125
Héraðsskólinn á Reykjanesi, sundskáli (1931-1941)	126
Sundlaugin, Laugalandi (1936-)	130
Unaðsdalslaug (1936-1962?).....	131
Sundlaugin í Reykjarfirði (1938-1970/1980*)	133
Gvendarlaug hins góða/Klúkulaug (1947-1987).....	136
Hveravíkurlaug (1929-1970?)	139
Norðurland Vestra	141
Sundlaug Héraðsskólans á Reykjum eldri (1929-1948).....	142
Sundlaugin Héraðsskólans á Reykjum yngri (1948-)	146
Sundlaugin við Ásbyrgi/Grettislaug (1944-2000?)	148
Reykir við Reykjabraut eldri (1913-1925)	151
Reykir við Reykjabraut yngri (1925-1965?)	153
Sundlaug Höfðakaupstaðar/á Skagaströnd (1947-).....	156
Sundlaug Varmahlíð elstu hús (1939-1951)	158
Sundlaug Varmahlíð yngri laugarhús (1939/1951-1995)	160
Steinstaðalaug (1927-1980)	162
Víðivallalaug eldri laugarhús (1937-1949)	166
Víðivallalaug yngri laugarhús (1950-1986)	167
Sundlaugin Sólgorðum/Barðslaug (1932-1971)	168
Norðurland Eystra	170
Sundhöll Siglufjarðar (1939-)	171
Sundlaug á Reykjum (1900?-1930)	175
Brimneslaug (1931-1946?).....	176
Sundlaug Ólafsfjarðar (1946-)	178
Sundskáli Svarfdæla (1929-)	182
Sundlaugin Þelamörk/Jónasarlaug (1947-1991).....	187

Sundlaug Akureyrar eldri laug (1897-1922).....	189
Sundlaug Akureyrar yngri laug (1922/1937-).....	192
Hrafnagilslaug (1936-1960).....	200
Sundpollurinn Syðra-Laugalandi (eldri laug) (1873-?1900).....	202
Sundlaugin Syðra-Laugalandi (1932-1964).....	203
Stekkjjarhvammur (1932-1952).....	207
Gljúfralaug (1944-1988).....	208
Sundlaugin við héraðsskólann á Laugum (1926-).....	211
Sundskáli Hveravalla (1930-1970).....	214
Krossdalir/Sundlaugin í Litlá (1946?-1960).....	217
Sundlaug Þórshafnar (1944-1998).....	219
Austurland.....	221
Sundlaug Vopnafjarðar/Selárdalslaug (1949-).....	222
Sundlaug Eiðaskóla/Alþýðuskólinn á Eiðum (1943-).....	226
Sundhöll Seyðisfjarðar (1948-).....	230
Sundlaug Neskaupsstaðar/Stefánslaug (1943-).....	233
Sundlaug Fáskrúðsfjarðar/Búðakauptúns (1947-).....	236
Suðurland.....	239
Sundlaugin Hvammi, Skaftártungu (1937-1970).....	240
Seljavallalaug (1923-).....	242
Sundlaugin á Laugalandi (1936-).....	246
Skeiðalaug (1938-1975).....	248
Grafarbakkaug/Gamla laugin/Hverahólmi (1891-).....	250
Flúðalaug (1948-).....	252
Sundlaug Íþróttaskólas í Haukadal (1931-1994?).....	254
Sundlaugin Reykholti (1929-1975?).....	256
Sundlaug Héraðsskólans á Laugarvatni, eldri, bráðabirgða laug (1928-1929).....	259
Sundlaug Héraðsskólans á Laugavatni (1929/1944-1999).....	261
Sundlaugin Sólheimum (1943-).....	264
Laugaskarð (1938-).....	266
Vestmannaeyjar.....	269
Sundlaug Vestmannaeyja/Miðhúsalaug (1934-1973).....	269

REYKJANES/REYKJAVÍK OG NÁGRENNI



Sundlaugar í Reykjavík og á Reykjanesi. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Gögn í vinnslu - má ekki mola

SUNDLAUGIN Í VALBORGARGJÁ (1928-1932)

Staðsetning: Reykjanes í landi Staðar, Grindav.

Byggingarár: 1928

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Laugarbús horfið, laug sést enn


Höfundur: Ólafur P. Sveinsson, vitavörður

Byggt af/eigandi: Ólafur P. Sveinsson.

Yfirbyggð/ opin: Yfirbyggð

Hitun: Jarðvarmi

Ólafur P. Sveinsson, vitavörður gerði sundlaug í Valborgargjá 1928. Í *Verkamanninum* er sagt frá því að Ólafur sé með eindæmum mikill athafnamaður og hafi unnið að gerð ýmissa mannvirkja á svæðinu með börnum sínum, m.a. hafi hann sprengt hraunið og búið til eins konar sundhelli.¹ Í *Alþýðublaðinu* sama ár kemur fram að Ólafur hafi fundið holu með volgum sjó og sprengt í kjölfarið bergið. Þar kemur fram að Ólafur „gerði þar stórt jarðhús eða helli, en þar inn af er jarðhellir. Sá hellir er 10 metra breiður og 20 metra langur það er mælt hefur verið“ og kemur fram að auki hafi Ólafur steipt fjórar tröppur að dyrum jarðhússins. Þar segir einnig „Hann hefir gert þak á húsið og sett hurð fyrir dyr. Hefir hann þurft að sprengja mikið úr berginu og velta í burtu stórgrýti og gert þannig sundþró í sjálfu jarðhúsinu. Um stórstraumsfjörü flæðir alt á efstu tröppubrún, en þar til hliðar er pallur, þar sem gott er að sundklæðast, og er tjaldað fyrir nokkurn hluta hans. Hitinn í sjónum er 25-30 stig en lofthiti í hellinum eða jarðhúsinu 18 til 19 stig að jafnaði, en hefir þó oft komist upp í 22 stig. Framhellir þessi sem Ólafur hefur búið til, er tilvalinn til sundæfinga. Þykir heimamönnum gott að bregða sér í laugina og leggjast til sunds, og munu þar margir fleiri á eftir fara.[...] Örskammt frá hellinum er laug. Þar er ofanjarðarbað að fá, svo að kjósa má um það og hellisbaðið. Í laugina rennur heitur og kaldur sjór úr uppsprettum, og er bezt að gista hana með flóði eða aðfalli sjávar. Í sumar mældi Þorkell Þorkelsson, forstöðumaður Veðurstofunnar, hitann í lauginni, og var hann þá 26—27 stig. Ólafur hefir dýpkað laugina á kafla og gert stétt út að henni, og má nota stéttina fyrir áhorfendapall, þegar sund er æft í lauginni. Hellirinn og laugin eru kippikorn frá vitavardarhúsinu, í austur frá Valahnjúk sem gamli vitinn stóð á. Hellisgerðin er þess verð, að henni sé á loft haldið. Mun og margur ánægju af hljóta og þá væntanlega minnnast þakklátlega þess, er verkið vann. Sundhellirinn er minnismarki um hugkvæmni og framkvæmdadug Ólafs Sveinssonar vitavardar. Ekki má gleyma því, þegar verka hans er minnst að hvorki er hann



Laugin í Valborgargjá. Mynd til vinstri birtist í Víkurfréttum laugarlaginn 6. mars 2021 en myndina til hægri tók höfundur 2021. Ekki fannst gömul mynd sem sýnir laugarbús.

¹ *Verkamaðurinn*, 27.11.1928, bls. 4

eigandi jarðarinnar né hefir lífstíðarábúð á henni, því að vitavardarstaðan er aðeins veitt til óákveðins tíma.”²

Í *Sögu Grindavíkur* segir: „Strax á fyrsta starfsári félagsins [Íþróttafélags Grindavíkur] fóru menn að íhuga möguleikana á því að koma upp sundlaug í byggðarlaginu, því brýn nauðsyn þótti að bæta ástandið í sundkennslu. Í Grindavík voru aðeins örfáir menn syndir, og vann Einar Kr. Einarssonar, skólastjóri, mikið brautryðjanda verk, þegar hann reyndi að kenna grindvískum börnum að synda [...]. Bíll var notaður til að flytja krakkana og viðlegubúnað þeirra út á Reykjanes, og þar dvöldust þau í 12-15 daga. [...] Árið 1932 var tekið upp á því að fara með þau börn, sem áttu að fermast, upp að Álafossi í Mosfellssveit og þau látni læra sund þar. [Það þótti langt ferðalag og mikið rætt um úrbætur í sundlaugarmálum í Grindavík]. Því var það svo, að sumir beindu sjónum sínum frekar að sundaðstöðunni vestur á Reykjanesi og töldust hagkvæmdast að gera úrbætur þar. Um svipað leyti höfðu komið fram hugmyndir um það að stækka Reykjaneslaugina. Sumarið 1937 hafði síra Brynjólfur Magnússon farið, ásamt Karli á Karlsskála, út á Reykjanes til þess að skoða ástand laugarinnar, og í minnisbók síra Brynjólfs segir um þessa ferð: „Fórum á Reykjanes [...]. Skoða sundlaugin, henni illa viðhaldið. Þakið mikið til fallið af henni yfir innganginum. Einn staur þar undir þakinu svo tærður að dottið getur niður af tæpum steinstalli á hverri stundu. Framþil dyranna farið og klefinn slæmur. Dyraumbúnaður heita má ónýtur, og tjaldað fyrir innganginn í laugina með pokatuskum. Lýsing laugarinnar að öðru leyti: Laugin, sem nú er þegar ég skoða hana (fjara) (lítið eitt að falla að) er þannig gerð, að Ólafur fyrv. vitavörður sem gerði hana, hefur sprengt upp hraunklöpp svo að um flóðið myndast pollur sem er 3 ½ faðmur minn á lengd, 1 faðmur á breidd í annan endan, en nær 1 ½ faðmur á breidd í hinn endan að suðvestanverðu. Laugin sem pollurinn þannig myndar er lítið eitt víðari að neðan og [við] vesturendann gengur vatnið inn undir bergið og myndar þar einnig hellisskúti. Er hægt að fara þar inn undir þegar vatn er í lauginni svo sem ½ faðm og stækkar laugin við það. Þegar laugin er full um flóðið er hún í vesturendann full mannhæð á dýpt, en nokkuð grynri að austanverðu. Algerlega fjarar um laugina um fjöru, því sjórinn sem að vestan og sunnan rennur inn undir hrauninu myndar hana ásamt jarðvatninu, sem met er af brennisteins- og hveraefnum kemur að ofan og austan. Niður í hana hefur Ólafur gert 3 steinsteyptar tröppur með dálitlum steypum palli í kring. Fellur sjórinn um flóðið er mest er í laugina upp á 3ju tröppu og lengist laugin við það um ½ faðm. Hægra megin við innganginn sem að norðaustan er þiljaður með fjöllum og dyraumbúnaði (alt skemt og opið) er fordyri með bekk og þar af inn af ... annar klefi sem nota má og klæða sig úr í. Er pokatjald á milli klefanna um þveran innganginn.”³

Fornleifavernd ríkisins (núverandi Minjastofnun Íslands) skráði svæðið árið 2008. Í skýrslu um skráninguna segir: „Sundlaugin er ágætlega heilleg. Hún er innan túngarðs sem liggur kringum Bæjarfell og vitavardarbústað og niður í átt að tjörn ofan við malarfjöruna austan við Valahnúk. Laugin er við SV horn túngarðsins. Um er að ræða náttúrulega gjá og hefur verið hlaðinn steinveggur úr grágrýti við annan endann, svo hún er nokkurn veginn ferköntuð, og liggja steintröppur niður í hana á annarri langhliðinni. Steinveggurrinn er hruninn að hluta. Ekki sáust merki yfirbyggingar eða annars umbúnaðar sem lýst er að ofan.”⁴

Á skilti sem er við laugina kemur fram að þegar börn úr Grindavík voru við sundkennslu voru þau flutt í laugina á hestum þegar voraði, um 15 km leið. Á meðan á námskeiðinu stóð bjuggu börnin í tjöldum og þar bjuggu einnig tvær konur sem sáu um matseld og voru 20 börn í tjaldbúðunum í einu í 12-15 daga í senn. Þar kemur einnig fram að vatnið í lauginni er nú 15-20 gráðu heitt en var

² *Alþýðublaðið* 03.11.1928, bls. 2 og 5

³ Jón Þ. Þór, *Saga Grindavíkur 1800–1974*, bls. 254-255,

⁴ *Umhverfi Reykjanesvirkjunar: Fornleifaskráning*, 2008. Agnes Stefánsdóttir. Fornleifavernd ríkisins, bls. 12-13

26 gráður þegar kennt var og að laugin var endurhlaðin 2012 fyrir tilstuðlan Ferðamálasamtaka Reykjaness.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

SUNDLAUG KEFLAVÍKUR (1938-1943)

Staðsetning: Frammesvegur 9, Keflavík
Byggingarár: 1938

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Horfin vegna yngri bygginga

Höfundur: Jónbann Franklin Kristjánsson (laug +?hús)


Byggt af/eigandi: Ungmennafélag Keflavíkur,
 Keflavíkurbær/ Ríkissjóður

Yfirbyggð/ opin: Opin

Hitun: Í upphafi kolakynnt sjóvatn

Hér er skráð laugarþró og elstu laugarhús við laugina. Fyrstu hugmyndir um sundlaugarbyggingu í Keflavík komu fram 1929.⁵ Á árunum eftir 1931 vann Ungmennafélagið í Keflavík að þróun hugmynda um sundþró sem mætti nota til sundkennslu og stæði niður við sjávarmálið, niðurgráfin þannig að sjór félli í hana á flóði. Var hugmyndin að nota sólarljós til að hita lauginna en fallið var frá þessum hugmyndum.⁶

Í grein í *Nýja dagblaðinu* frá 1937 kemur fram að það hafi verið eitt helsta áhugamál Keflvíkinga um langt skeið að koma upp sundlaug í bænum enda hafi kennsla í sjó gengið illa og sárafáir Keflvíkingar séu syndir. Í greininni kemur fram að það hafi verið árið 1934 að farið var að kanna af alvöru möguleikann á því að byggja sundlaug í bænum en gengið hægt þrátt fyrir góðan vilja og samskot til að hefja fjármögnun.⁷ Í október 1936 var kosin sundlaugarnefnd Ungmennafélagsins



Sundlaug Ungmennafélags Keflavíkur 1939. Teikningin er gerð eftir að byggingu lauk þegar uppi voru áform um gerð gulfubaðs. Teikningin er merkt Helga S. Jónssyni. Þjóðskjalasafn, H49 Teikningar Íþróttasjóðs.

⁵ *Morgunblaðið* 03.07.1929, bls. 4

⁶ *Vísir* 16.08.1938, bls. 3

⁷ *Nýja dagblaðið* 03.12. 1937, bls. 3



Sundlaug Keflavíkur. Mynd til vinstri er tekin við víslu laugar 1939 en mynd til hægri líklega um 1940. Báðar myndir fengnar úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 10 og 11.

sem víðaði að sér miklum fróðleik um sundlauga og sér í lagi gerð og rekstur sundlauga á köldum stöðum. Var þá sérstaklega horft til Bolungarvíkur og Vestmannaeyja.⁸ Á sama tíma var einnig stofnaður Sundlaugarsjóður. Vorið 1936 var svo hafist handa við byggingu laugar eftir teikningu Jóhanns Fr. Kristjánssonar en var aðeins náð að hálfsteypa laugina áður en fjármagn þraut. Verkið hélt þó áfram síðar og var sundlaugin vígð 19. júlí 1939. Saga laugarþróar og húsa er samrofin og því erfitt að greina í sundur sögu húsa en hér er skráð elstu sundlaugarhús (og laug) en yngri hús sem voru fyrst steipt 1943 og svo yfirbyggt 1950 skráð saman á sérstakri færslu.

Hjörleifur Stefánsson ritaði ítarlega samantekt um sögu sundhallarinnar í Keflavík og vann varðveislumat á henni fyrir Minjastofnun Íslands árið 2018 í tengslum við hugmyndir um niðurrif laugarinnar. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir er byggð á úttekkt hans en vísast í skýrslu Hjörleifs um ítarlegri sögu sundhallarinnar.

Í umfjöllun um staðarval segir Hjörleifur: „Þegar á hólminn var komið fannst ekki heppilegur staður við Grófina en landeigandi Vatnsness lét félaginu í té lóð á Vatnsnesi vestanvert við Básinn, sem er svolítið vik í ströndina yst á nesinu. Þarna bjuggust menn við að geta ávallt dælt hreinum sjó í laugina og réð það miklu um staðarvalið. Fá hús voru á Vatnsnesi á þessum tíma, en rétt austan við lóð sundlaugarinnar stóð fiskvinnsluhús, sem risið hafði um 1930. Ungmennafélagið fékk Jóhann Franklín Kristjánsson til að leggja á ráðin um sundlaugarbygginguna og gera af henni teikningar en ekki er ólíklegt að sú tilhögun hafi verið ákveðin í samráði við húsameistara ríkisins og jafnvel að Jóhann hafi gert teikningarnar í umboði húsameistara eða fyrir hann. Jóhann hafði ferðast um Vesturland árið 1928 á vegum ríkisstjórnarinnar til að leggja á ráðin um sundlaugabyggingar og var jafnframt ráðgjafi bænda um byggingarmál.

Verkstjórn framkvæmdarinnar var í höndum Kristins Jónssonar, formanns sundlaugarnefndar Ungmennafélagsins. Trésmíðameistari var Þórður Einarsson en múrverkið var undir stjórn Ingva Loftssonar. Benedikt Gröndal verkfræðingur teiknaði hitalögn hússins en Sigurður Jónsson pípu­lagningameistari sá um að leggja hana.

Byrjað var að reisa mannvirkið í maí 1937 og sundlaugin tekin í notkun í júlí 1939. Byggingin kostaði um 18 þúsund krónur sem aflað var með frjálsum samskotum og gjöfum frá einstaklingum og félögum. Kvennadeild Slysavarnarfélags Íslands í Keflavík og Kvenfélagið Freyja í Keflavík lögðu einna mesta af mörkum auk þess sem styrkur fékkst úr ríkissjóði og sýslusjóði Gullbringusýslu og Keflavíkurhreppur veitti styrk til framkvæmdarinnar. Laugin var ívið stærri en ráð var fyrir gert í upphafi eða 16,7 m x 7 m. Í fyrstu var laugin undir berum himni og vatninu dælt

⁸ *Vísir* 16.08.1939, bls. 3

í hana með slökkvislögum úr sjónum. Sundlaugin var gerð úr steinsteypu en vegna fjárskorts voru búningsklefar og skjólveggir gerðir fyrst um sinn úr timbri. Búningsklefarnir voru óupphitaðir og baðklefar einnig og ekki var innangengt milli klefanna. Sjórinna í lauginni var kaldur því ekki var til fé til að kaupa hitunarbúnaðinn. Frá upphafi var ráðgert að byggja einnig sólbaðsskýli og íþróttahús og ætla má að frá upphafi framkvæmda hafi legið fyrir teikningar að þessum mannvirkjum eða að minnsta kosti einhver drög að teikningum.”⁹

Sundlaugin í Keflavík var þriðja sundlaug landsins til að vera hituð með kolum á eftir Bolungavík og Vestmannaeyjum. Sundlaugarhúsin voru úr timbri og voru frá upphafi hugsuð til bráðabirða.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfundar

⁹ Hjörleifur Stefánsson. 2018. *Sundhöll Keflavíkur: Mat á varðveislugildi*, bls. 6-10.

SUNDHÖLL KEFLAVÍKUR – YNGRI LAUGARHÚS (1951-2018?)

Staðsetning: Frammesvegur 9, Keflavík

Höfundur: Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins, Bárður Ísleifsson arkitekt, síðustu viðbætur Jes Einar Þorsteinson arkitekt.

Byggingarár: 1951

Byggt af/ eigandi: Keflavíkurbær/ Ríkissjóður

Helstu endurbætur: 1967, 1980, 1987

Yfirbyggð/ opin: Yfirbyggð

Staða/ ástand: Rífin 2018?

Annað: Í upphafi kolakynnt sjóvatn, síðar hitaveita

Sundlaugin í Keflavík var vígð 1939 og voru þá timburhús við laugina (sjá fyrri færslu) en hugmyndin var þó alltaf að byggja yfir laugina. Strax árið 1943 farið að huga að gerð yfirbyggingar, en yfirbyggð sundlaug hlaut gjarnan virðingarheitið sundhöll. Sundhöllin í Keflavík var tekin í notkun 1. desember 1951. Laugin var 16 2/3 x 8.5 m að stærð. Hún var upphaflega hituð með kolum en síðar olú og rafhitun áður en tekin var upp hitaveita.¹⁰

Í yfirlitsskrá í bók Guðjóns Samúelssonar kemur fram að Guðjón hannaði ásamt Bárði Ísleifssyni Sundhöll Keflavíkur, árið 1947 (Guðjón Samúelsson, Bárður Ísleifsson).¹¹


Í skýrslu Hjörleifs Stefánssonar um sundhöll Keflavíkur segir: „Árið 1943 hafði fjárhagurinn jafnað sig og ákveðið var að byggja varanlega búningsklefa og aðra nauðsynlega aðstöðu, sem ráð hafði verið fyrir gert. Stjórn Ungmennafélagsins fékk húsameistara ríkisins til þess að gera teikningar að byggingu meðfram vesturhlíð laugarinnar með inngangi, búningsklefum, baðherbergi, áhorfendastúkum og sólpalli þaðan sem vel sæist yfir laugina. Einnig var gert ráð fyrir hreinsunarbúnaði fyrir laugarvatnið. Ekki er ljóst hvert samhengið var milli þessarar hönnunar húsameistara ríkisins og þeirrar hönnunar sem fyrir lá þegar bygging laugarinnar var undirbúin. Framkvæmdir við húsið hófust sumarið 1943 og lauk ári síðar með búningsklefum og skjólveggjum úr steinsteypu. Einnig höfðu verið keypt tæki til upphitunar og hreinsunar á sjónum sem dælt var í laugina. Af ljósmynd sem til er af húsinu má sjá að sólbaðssvalirnar sem eru yfir áhorfendapöllum voru ekki hluti af mannvirkinu. Ekkert þak var yfir áhorfendasvæðinu og þar sem nú eru kringlóttir gluggar voru op í gegnum vesturvegginn, án glers. Af framansögðu má telja víst að gerðar voru teikningar að sundlauginni sem tekin var í notkun 1939 og einnig voru þá gerðar teikningar að búningsklefum, sólbaðspalli og íþróttahúsi. Árið 1943 gerði húsameistari ríkisins teikningar að búningsklefahúsinu sem var fullsmíðað 1943, en ekki er loka fyrir það skotið að þar hafi verið um að ræða fullkomnum á þeim teikningum sem fyrir lágu að frádregnu íþróttahúsinu. Teikningar að þessum byggingaráföngum sem hér hefur verið lýst hafa ekki fundist þrátt fyrir umtalsverða leit.“¹²

Um búningshúsið frá 1943 segir Hjörleifur Stefánsson: „Af þeim upplýsingum sem fundist hafa um búningsklefahúsið verður ekkert fullyrt um hver höfundur þess sé. Húsið var mótað í anda fúnkisstefnunnar sem á þessum tíma var hámodins. Flest þau hús sem Jóhann teiknaði voru nær anda þjóðlegrar rómantíkur en þó var hann farinn að hneigja list sína að módernisma um það leyti

¹⁰ Spjaldskrá um sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti DD 95 Þjóðskjalasafn Íslands

¹¹ Pétur Ármannsson. 2020, bls 403

¹² Hjörleifur Stefánsson. 2018. *Sundhöll Keflavíkur: Mat á varðveislugildi*, bls. 6-10.




Sundlaugin í Keflavík, báðar teikningar merktar Guðjóni Samúelsyni og Bárði Ísleifssyni, Reykjavík 6. mars 1947. Teikningar búsameistara ríkisins (C387_08) varðveittar á Þjóðskjalasafni Íslands.

sem búningssklefahúsið reis. Jóhanni hafði verið falið að leggja á ráðin um sundlaugabyggingar fyrir ríkisvaldið árið 1928, hann gerði fyrstu teikningar að Keflavíkurlaug um 1935 og alls ekki fráleitt

að ætla að húsameistari ríkisins hafi falið honum að gera þær teikningar sem Ungmennafélagið þurfti árið 1943. Hins vegar verður að nefna að þegar búningasklefahúsið var teiknað hafði Þórir Baldvinsson tekið við forstöðumannsembætti Teiknistofu landbúnaðarins og ekki er loku fyrir það skotið að hann hafi teiknaði húsið, en stíleinkenni þess liggja nærri höfundarverkum Þóris. Á starfstíma Þóris hjá Teiknistofu landbúnaðarins teiknaði stofan sundlaugarskýli í Hveragerði. Bárður Ísleifsson var nýkominn til starfa hjá húsameistara og hefur vafalítið borið með sér nýjustu strauma byggingarlistar frá Kaupmannahöfn. Hins vegar er ekki hægt að benda á nein einkenni í búningasklefahúsinu sem hann hefur endurtekið síðar í öðrum húsum. Hins vegar er engum vafa undirorpið að Bárður Ísleifsson hannaði yfirbyggingu sundlaugarinnar. Nafn hans á teikningunni er ótvíræð sönnun þess auk þess sem svípmót byggingarinnar segir sína sögu um skapara sinn.”¹³

Í riti Hjörleifs Stefánssonar segir ennfremur: „Árið 1947 var ákveðið að byggja yfir sundlaugina og var húsameistara ríkisins falið að gera teikningar að yfirbyggingunni. Guðjón Samúelsson og samstarfsmaður hans, Bárður Ísleifsson, rituðu nöfn sín á teikningarnar en Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen annaðist tæknihönnun. Þessar teikningar hafa varðveist og af þeim má sjá nokkuð glögggt hvernig búningasklefahúsið hefur verið áður en byggt var yfir laugina. Teikningar húsameistara sýndu einfalt hús með lágu risi yfir sundlauginni en að auki var gert steinsteypt þak yfir áhorfendastúkunum og þar voru sólbaðssvalir. Stigarnir milli búnings- og baðklefa og sundlaugarsalarins voru framlengdir þannig að þeir náðu til sólbaðssvalanna. Á teikningunum var gert ráð fyrir gufubaðstofum við enda áhorfendastúkanna, öðrum megin fyrir karla og hinum megin fyrir konur. Þessu var ekki fylgt eftir við byggingu hússins, líklega til að áhorfendastúkurnar gætu verið stærri. Afleiðingin varð hins vegar sú, að stiginn að sólbaðssvölunum varð nokkuð lengri og brattari en ella hefði orðið og aðkoma að svölunum óhöndugleg. [...] Framkvæmdum lauk 4. desember 1951 og sundlaugin var þar með orðin að Sundhöll. Húsið var nú fullbyggt að segja má og hlé varð á framkvæmdum í nokkur ár. Gert hafði verið ráð fyrir gufubaðstofu í kjallaranum en það dróst til ársins 1957 að hún opnaði. Þá tók til starfa nýmóðins „finnsk“ gufubaðstofa í kjallara Sundhallarinnar með sérstökum búningasklefa og baði. Sama ár var tekinn í notkun „clórmiðlari“ sem jók hreinlæti og „gerði vatnið tærara og skemmtilegra.“ Þann 12. nóvember 1967 varð mikill eldsvöði í Sundhöllinni. Eldur kviknaði í loftræstibúnaði gufubaðstofunnar í norðurenda hússins og barst þaðan í gegnum loftstokka í einangrun og þakviði. Sprenging varð í húsinu og gluggar þeyttust út í heilu lagi. Miklar skemmdir urðu víða á húsinu og töldu menn jafnvel tvísýnt um að ráðist yrði í viðgerð. Í ljós kom að skemmdir reyndust þó minni en talið var í fyrstu og í kjölfarið var ráðist í viðgerð og endurbyggingu þaksins. Jes Einar Þorsteinsson arkitekt hannaði endurbætur á búningasklefum og gerð nýrrar gufubaðstofu í kjallara en gluggapóstum á sundlaugarsalnum var breytt eftir teikningu húsameistara ríkisins sama ár. Gerð var útbygging úr kjallaranum til suðausturs til að skapa rými fyrir aukinn tækjabúnað, tæplega 9 m² að stærð. Þakið var endurbyggt að fullu og þakbrúnir endurskapaðar í nýrri mynd. Viðgerðin tók skamman tíma því Sundhöllin var opnuð aftur 27. janúar 1968. Árið 1980 var tekið í notkun nýtt útivistarsvæði með kringlóttri byggingu, án þaks, með setlaugum austan við Sundhöllina eftir teikningu Jes Einars Þorsteinssonar frá 1978 og burðarþolsteikningum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Tveimur árum síðar var þak sundhallarinnar endurnýjað aftur og því breytt eftir teikningum Steinars Geirdal. Við þessa aðgerð virðist sem þökunum yfir stigahúsunum hafi verið breytt. Þau voru áður lárétt en voru nú gerð með lágu risi. Ári síðar var húsið klætt að utan með lóðréttum timburborðum og margvíslegum frágangi úr sléttu áli við glugga og þakskeggi var breytt í það horf sem verið hefur síðan. Um sama leyti var nýr loftræstibúnaður settur í húsið með tilheyrandi rafmagns- og stjórnbúnaði.

¹³ Sami, bls. 22-24



Sundhöllin í Keflavík. Mynd til vinstri er að byggingu lokinni 1944 en mynd til hægri eftir að viðbyggingin rís. Myndir úr samantekt Hjørleifs Stefánssonar 2018, bls. 13 og 16.

Árið 2006 hafði ný sundlaug sem nefnd er Vatnaveröld verið tekin í notkun í Keflavík og eftir það var Sundhöllin um hríð aðeins notuð fyrir skólasund og sundæfingar eldri borgara. Reykjanesbær seldi bygginguna árið 2007 eignarhaldsfélaginu Fasteign. Bærinn leigði þó húsið af félaginu, lét byggja yfir sundlaugarþróna og gera þar öflugt gólf. Síðan var húsið leigt eða lánað hnefaleikafélagi Keflavíkur sem hefur haft þar aðsetur sitt síðan. Fasteign seldi húsið félagi sem nefnist Reykjanesbyggð. Það félag varð gjaldþrota og Landsbankinn eignaðist Sundhöllina og seldi hana árið 2016 félagi sem nefnist Vatnsnesssteinn. Í febrúar 2018 sótti félagið um heimild byggingarnefndar Reykjanesbæjar til að rífa Sundhöllina.¹⁴

Í lýsingu hússins segir Hjørleifur: „Lögun hússins er nokkuð margbrotin og skýrist af byggingarsögu þess sem er nokkuð flókin. Stærsti hluti byggingarinnar sem hýsir sundlaugina er með lágu risþaki með norður-suðurstefnu sem klætt er báruáli. Á suðurgaflinum er stór gluggi sem myndaður er af fjórum samliggjandi háum gluggum. Norðurgaflinn er gluggalaus og á austurhlidinni eru fjórir háir gluggar sömu gerðar og á suðurgaflni en stakstæðir. Bygging sem hýsir inngang og búningsklefa er við vesturhlidina. Hún er að mestu leyti einlyft á kjallara með sólbaðssvölum á þaki en til beggja enda eru hún þó tvílyft og þar eru stigar milli búningsklefa jarðhæðar og sólbaðssvalanna. Yfir stigahúsunum eru lágreist mænispök með austur-vesturstefnu. Á miðri vesturhlid er tvílyft útbygging þar sem er inngangur. Á vesturvegg byggingarinnar sem hýsir sundlaugina eru 10 gluggar að sólbaðssvölunum. Gluggar eru á vesturvegg búningsklefanna og kringlóttir gluggar eru ofarlega á sama vegg og veita birtu inn í áhorfendastúku. Framan við útidyrnar er skýli með veggjum og þaki yfir. Austan við sundlaugina er steinsteypdur, kringlóttur pallur til útivistar, um 1,5 m á hæð og ofan í hann eru mótaðar tvær setlaugar. Á brún pallsins er há bárujárnsgirðing á jarnstaurum og efst á henni um eins metra breitt þak eða skyggni inn yfir palljaðarinn. Milli pallsins og sundlaugarinnar er steinsteypd gönguleið og dyr á austurhlid sundlaugarhússins. Útveggir hússins eru klæddir lóðréttri timburklæðningu í fölgrænum lit. Klæðningin er negld á lárétta planka sem festir eru við steinsteypdu veggina. Þakbrúnir og gafflþríhyrnur ná lítið eitt fram yfir veggfleti og eru klæddar báruáli eins og þakið. Gluggakarmar eru úr timbri en utan við þá eru áfellur úr sléttum málm, líklega áli. Efst á vesturvegg hefur klæðning þakbrúnarinnar horfið á kafla og þar má sjá steinsteypa þakbrún upprunalega veggjarins. Þar blasa við nokkrar skemmdir á steypunni. Göt hafa verið rofin í timburklæðningu vesturveggjar. Heildaryfirbragð byggingarinnar er dapurlegt. Viðhald hennar hefur greinilega verið vanrækt um árabíl og svipmótið ber þess glöggan vott. Hluti af þakbrún á vesturhlid hefur líklega fokið af og þar skín í eldri þakbrún úr steinsteypu sem er í slæmu ástandi. Ytri hjúpur hússins er í mjög slæmu

¹⁴ Sami, bls. 6-10

ástandi. Göt hafa verið rofin í timburklæðningu veggjanna. Gluggar eru flestir lélegir, gler er sums staðar brotið og gluggaáfellur eru óvandaðar.¹⁵

Úr gagnagrunnu MÍ: „14.08.2018: MÍ ekki samþykkt niðurrifi en sér ekki fært að eiga frumkvæði að tillögu að friðlýsingu hússins. GV. 11.09.2018: Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur heimilað niðurrif Sundhallarinnar. GV¹⁶ Ekki er ljóst hvort byggingin hefur þegar verið rifin.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

¹⁵ Sami, bls. 5-7

¹⁶ Gögn úr gagnagrunni Minjastofnunar Íslands.

SUNDLAUG/-HÖLL HAFNARFJARÐAR (1943-)

Staðsetning: Herjólfsgötu 10b, Hafnarfirði

Höfundur: Einar Erlendsson, Guðjón Samúelsson
*búsameistari ríkisins / (Ágúst Pálsson)/ Bárður Ísleifsson og
Jes Einar Þorsteinsson-sérb.)*

Byggingarár: 1943/1953

Byggt af/eigandi: Hafnarfjörður/Ríkissjóður

Helstu endurbætur: 1951-1952, 1980

Yfirbyggð/ opin: Upphaflega opin, yfirbyggð árið 1953

Staða/ástand: Í notkun

Annað: Sjólaug bituð með kolum og rafmagni í upphafi

Í *Sögu Hafnarfjarðar* kemur fram að nokkrar þreifingar höfðu átt sér stað vegna byggingar sundlaugar í Hafnarfirði frá 1928.¹⁷ Sundfjelag Hafnarfjarðar var stofnað árið 1928 og í blaðagrein frá því ári



Í efri röð: Sundlaugin í Hafnarfirði við vígslu 1943 (til vinsri mynd af heimasíðu Hafnarfjarðar <https://hafnarfjordur.is/sundholl-hafnarfjarðar-80-ara/> en til hægri mynd frá Vígslu, úr *Víkunni* 03.02.1944 Nedri myndir eru af yfirbyggðri laug báðar úr *Sarpi* (SÍS-1277-1 og 0005-2323)



kemur fram að á stofnfundinn ættu allir þeir „sem áhuga hafi á hinn fögru og nytsömu íþrótt, sundinu“ að koma. Þar kemur fram að sundlaugargerð í Hafnarfirði ætti að vera auðveld þar sem frá rafmagnsstöðinni renni 30 stiga frárasarvatn sem sé engum til gagns eins og er og því sé æskilegt að laugin sé nærri rafmagnsstöðinni.¹⁸ Niðurstaðan reyndist hins vegar sú að ekki væri nógur kraftur á umræddu vatni til að það dygði til sundlaugar. Næstu ár á eftir var mikið rætt um væntanlega sundlaug í bænum og varð málið m.a. bitbein í kostningabaráttu árið 1930.¹⁹ Á fjórða áratugnum stækkaði bærinn ört og upp komu hugmyndir um að gera kolakynnta laug líkt og gert

¹⁷ *Saga Hafnarfjarðar*, bls. 296

¹⁸ *Morgunblaðinu* frá 06.06.1928, bls. 4

¹⁹ sjá t.d. *Alþýðublaðið* 14.02.1930, bls. 3, *Brúin* 01.02. 1930, bls 2 og *Brúin* 15.02. 1930, bls. 3

Sundlaugaverkefni – drög að skrá vfir íslenskar sundlaugar fram til 1950



Trær teikningar af sundlaugin í Hafnarfirði úr forum Húsameistara ríkisins (C384_11-12). Sú efri er merkt Ágústi Pálssyni/Húsameistara ríkisins 4. mars 1939 en sú neðri Einari Erlendssyni í mars 1941 og hefur hann breytt upprunalegri teikningu nokkuð, fjölgað dyrum og fleira smálegt.

hafði verið á Bolungarvík.²⁰ Á Þjóðskjalasafni Íslands eru varðveittar teikningar frá Guðjóni Samúelssyni að yfirbyggðri sundlaug sem hugsuð var sambyggð við Lækjarskóla (Skólabraut 3),

dagsett í mars 1937 og árið 1938 fól sundlauganefnd „Emil Jónssyni að gera uppdrátt af sundlaug og kostnaðaráætlun [...] var gert ráð fyrir að laugin yrði u.þ.b. 20 m löng, 8 m breið og 1,5-2,5 m djúp, yfirbyggð úr timbri. Henni var valinn staður við leikfímishús barnaskólans og féllust nefnarmenn á uppdráttinn og áætlunina í höfuðatriðum“ en líklega varð aldrei að gerð laugarinnar. Á endanum fór það því svo að sundlaugin reis við Krosseyrarmalir við Gatklettt.²¹

Fleiri en ein teikning er varðveitt af opnu lauginni en svo virðist sem húsið hafi verið gert eftir teikningu Einars Erlendssonar sem var þó í grunninn endurbætt teikning Ágústs Pálssonar en allar þessar teikningar eru þó gerðar í umboði húsameistara ríkisins.

Sundlaugin var í upphafi opin (ekki yfirbyggð) og var vígð sunnudaginn 29. ágúst 1943. Ítarlega lýsingu á lauginni er að finna í tímaritinu *Sveitarstjórnarmálum* 1943 og er hún birt hér óstytt:



„Sundlaug þessi er mikið mannvirki, er tekur yfir 700 fermetra svæði og er ein hæð. Hún er sjólaug og er við Krosseyrarmalir, í kvos vestan undir hraunbrúninni. Sjónum er dælt í laugina með rafmagnsdælu, hann hitaður upp með kolum og rafmagni og hreinsaður í fullkomnum hreinsunartækjum, sem vélsmiðjan Hamar í Reykjavík smíðaði og setti upp. Sjálf laugarþróin er að stærð 25X8.0m. Dýptin í grynri endann er 90 cm, en 3 m í dýpri enda. Grynri hluti laugarinnar er um helmingur af lengdinni, en með jöfnum halla frá 90 cm til 160 cm; úr því dýpkar ört í 3 m. Hrákarennna með niðurföllum er umhverfis alla laugina, enn fremur eru gangpallar meðfram allri lauginni og eru að breidd 2 til 2.6 m. Búningsklefum, böðum og afgreiðslu er komið fyrir við grynri enda laugarinnar. Við anddyri fer miðasala fram, og er gert ráð fyrir, að þar verði afgreidd handklæði og sundskýlur. Þegar komið er inn úr anddyrinu, er rúmgóður forsalur, sem er jafnframt biðstofa. Úr forsalnum er gengt í allar bað og búningsdeildir, í sundkennaraherbergi og inn á laugarpallinn. Til hægri er gengið í búningsdeildir karla, bæði einmenningsklefa, 10 að tölu, sem eru með óhreinum og hreinum göngum, sama fyrirkomulag og er í sundhöllinni í Reykjavík —, og enn fremur er þar hópklefi fyrir 35 menn, með sérstökum læstum skáp fyrir hvern. Úr hópklefa og einmenningsklefum er gengið í þrifaböðin, en þar eru 5 sturtubásar ásamt vöskum, þar sem fæst heitt og kalt bað. Við þrifaböðin eru salerni og tilheyrandi snyrtiklefar. Hver baðgestur verður að fara í steypibað áður en hann fer í laugina, en úr steypiböðunum er gengið inn á laugarpallinn. Fyrirkomulag og stærð kvennadeildar er alveg eins, og er gengið í hana til vinstri úr forsalnum. eru því búningsklefar fyrir 80 manns. Auk þessara búningsdeilda er sérstök gufubaðsdeild, og er einnig gengið í hana úr forsalnum. Í gufubaðsdeildinni er gufubaðsklefi eða baðstofa, 2.5X2.5 m að stærð, þrifabað og salerni, ásamt búningsklefa, sem er svo stór, að hann er líka notaður eftir baðið, og eru þar legubekkir fyrir 6 menn. Þá er einnig klefi fyrir kerlaug og allstórt herbergi fyrir enda kvennadeildar, þar sem kenna á sundtökin á þurru landi, svo kallað þurrsund. Ekki er byggt yfir laugina, en gert er ráð fyrir, að svo verði síðar, og hefur allri byggingu verið hagað með hliðsjón af því, en hár skjólgarðsveggur er kringum laugina, og búningsklefarnir skýla að nokkru leyti. Í kjallara, undir nokkrum hluta búningsklefanna, eru hreinsunartæki, 2 stórir tankar, sem sjónum er dælt í, þar sem hann síast og hreinsast. Þá eru þar einnig hitunartæki, sem hita upp sjóinn í lauginni, og miðstöðvarketill fyrir búningsklefa, ganga og þrifaböð. Rotþró fyrir allt frárennsli hefur verið byggð. Þá er gert ráð fyrir að útbúa sólbaðsskýli. Bygging sundlaugarinnar hófst á árinu 1940, en tafðist á ýmsan hátt vegna vöntunar á nægilegu vinnuafla og vegna erfiðleika með að fá efni og alls konar tæki. Upphaflega var ákveðið að byggja sundlaugina með almennum samskotum og þá valin nefnd, er í áttu sæti men frá ýmsum félagssamtökum í Hafnarfirði og frá bæjarstjórn. En vegna þess hve mannvirkið reyndist umfangsmikið og dýrt, vegna hinna breyttu tíma, varð niðurstaðan sú, að bærinn byggði laugina með styrk úr ríkissjóði. Alls söfnuðust 30 þúsundir króna með

²⁰ *Haukur* 10.02.1934, bls. 3-4

²¹ *Saga Hafnarjarðar*, bls. 298-30

frjálsum samskotum. Gerð og fyrirkomulag sundlaugarinnar var ákveðið í samráði við húsameistara ríkisins, íþróttafulltrúa og íþróttanefnd ríkisins. Sundlaugin mun hafa kostað alls rúml. 500 þús. kr., og verður framlag frá ríkissjóði að líkindum 2/5 kostnaðar. Sundlaugin er rekin af Hafnarfjarðarkaupstað, og fer kennsla þar fram bæði fyrir skólanemendur og almenning. Með

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda



Sundlaugin í Hafnarfirði. Teikningar Bárðar Ísleifssonar dagsettar í júlí 1942.

byggingu sundlaugarinnar hafa Hafnarfirðingar hrint í framkvæmd miklu nauðsynja- og menningarmáli fyrir þennan mikla útgerðar- og sjómanna bæ.”²²

²² Sveitarstjórnarmál, 01.12.1943, bls 31-32

„Árið 1940 var hafizt handa um að gera sjálfa sundlaugina, og var þróin steipt upp og vélarhúsið að öðru leyti en því, að ekki var unnt að steypa loft vegna skorts á steypustyrktarjárnni [...]. Sundlaugin var opin með upphituðum sjó. Bráðlega kom í ljós að það dró úr notagildi hennar, að hún var ekki yfirbyggð, því að aðsókn að henni var lítil á öðrum árstímum en um hásumarið [...]. Eins og fyrr segir, var notaður upphitunar sjór í lauginni en árið 1950 var því hætt, þar eð leiðslur og tæki þoldi ekki seltuna.“²³ Eftir það var notað ferskvatn. Laugin hafði fyrst verið hituð með kolum en síðar rafmagni en hún fékk hitaveitu 1975. Á árinu 1952 var lokið við yfirbyggingu laugarinnar.

Í yfirlitsskrá í nýútkominni bók um Guðjón Samúelsson segir að laugin hafi verið byggð 1944 (var þó vígð í ágúst 1943) og endurbætt 1951²⁴ en annars staðar er talað um að endurbæturnar hafi tekið lengri tíma, jafnvel allt frá 1947 til ársins 1955.

Í lok ágúst 2023 varð Sundhöll Hafnarfjarðar 80 ára og var að því tilefni efnt til fögnuðar (11. september 2023). Þá var nýtt söguskilti afhjúpað fyrir utan laugina á þeim stað sem sund var kennt áður en húsnæðið var byggt og í anddyri hússins voru sýndar tillögur að breytingum og endurbættum á sundlauginni og sögulegar ljósmyndir.²⁵

Sundhöll Hafnarfjarðar er sviplík nokkrum öðrum sundhallarbyggingum landsins frá því um miðbik 20. aldar, en meðal einkenna þeirra eru einföld form og háir gluggar. Þær sverja sig í ætt við Sundhöll Reykjavíkur.

²³ *Saga Hafnarfjarðar*, bls. 298-30

²⁴ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 402

²⁵ <https://hafnarfjordur.is/sundholl-hafnarfjardar-80-ara/>

SUNDLAUGARNAR GÖMLU Í LAUGADAL/LAUGARNESLAUGAR (1886-1907)

Staðsetning: Laugardal, Reykjavík

Byggingarár: 1884/1886

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Horfin vegna yngri laugar/húsa

Höfundur: Björn L. Blöndal?

Byggt af/eigandi: Sundfélag Reykjavíkur

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Saga laugarhalds í Reykjavík (Laugarneslaugar) er löng. Í greinargerðinni *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi* segir; „Nokkuð er síðan vatn þvarr í Þvottalaugunum vegna vatnstöku úr borholum og enn lengra síðan fólk fór þangað í náttúrulegar laugar til baða. Saga Þvottalaugarinnar er nokkuð sérstök. Líklega hefur Hallgerður langbrók stundað Þvottalaugarnar, þegar hún bjó í Laugarnesi. Laugaferðir voru stundaðar þangað frá Reykjavík á 18. öld, einkum um helgar. Þar framkvæmdu Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson fyrstu rannsóknarborun á Íslandi (í ágúst 1755). Þar voru sundlaugarnar í Reykjavík seinna gerðar.“²⁶

Í *Ferðabóke Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* fjalla þeir félagar um laugar sem þá voru í notaðar til baða í Laugarnesi en þá (um miðja 18. öld) voru þær ekki notaðar til sunds enda voru þær litlar og grunnar. Þar segir; „Laugarnes nefnist bær og kirkjustaður milli Reykjavíkur og Viðeyjar, og dregur það nafn af laug þar í nágrenninu. Hverinn, sem heita vetnið rennur frá niður í baðlaugina er all vatnsmikill og sjóðandi heitur. [...] Baðlaugin er allstór og djúp. Heiti lækurinn frá hvernum fellur í hana, en einnig kalt vatn, sem temprar mjög hitann í lauginni. [...] Fyrir neðan baðlaugina eru tveir eða þrír staðir, sem hentugir eru að baða sig í, og eru þeir notaðir til þess, þegar vatnið í aðallauginni er of heitt á sumrin eða hún offyllist af fólki, því að margir koma að Laugarnesi frá nágrennabæjunum til þess að taka sér bað í lauginni. En einkum er laugin þó sótt af farmönnum úr Hólminum og starfsfólki Innréttinganna í Reykjavík á laugardags- og sunnudagskvöldum.“²⁷

Ýmsir aðrir menntamenn á 18. og 19. öld geta um laugar s.s. Uno von Troil sem lýsir því hvernig íslenskir elskhugar hreinsi böðin sérstaklega vel fyrir ástmeyjar sínar.²⁸ Sveinn Pálsson lýsir laugunum nokkuð vel (1798) og segir að menn baði sig jafnan þar sem lækurinn er passlega heitur mitt á milli Laugarneshóls og sjávar. Hann getur þess þó að fyrir komi að menn festi sig í leðjunni ef þeir gái ekki að sér. Hann segir að karlar og konur komi langan veg til að njóta baðanna en telur ekki að þar eigi sér nokkuð ósæmilegt stað líkt og Troil hafði gefið í skyn.²⁹

Í *Sögu Reykjavíkur: Bærinn vaknar* er upphaf sundlauga og sundkennslu í Reykjavík rakið en þar segir; „Sárafaír Reykvíkingar kunnu sund um 1870. Laugin í Laugalæknum var skítugur pollur sem myndaður var með því að kippa nokkrum hnausum í burtu. Ekki mun mikið hafa verið synt í honum og fer ekki sögum af sundkennslu þar (nema 1824). Sumarið 1873 hófu hins vegar tveir ungir prentarar, sem höfðu lært að synda, þeir Ingimundur Ingimundarson og Benedikt Pálsson, sundkennslu í Laugunum og sá síðarnefni auglýsti kennslu ári eftir. Mun hún síðar hafa fallið niður. Vorið og sumarið 1884 varð sundvakning í Reykjavík. Þá hóf Björn L. Blöndal að kenna sund eftir

²⁶ *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi*, Freysteinn Sigurðsson, bls. 2

²⁷ *Eggert Ólafsson*. II. bindi, 1975, bls. 179-180

²⁸ Uno von Troil. 1961, bls. 41

²⁹ Sveinn Pálsson. 1945, bls. 68-72

að sundstæðið hafði verið stækkað og endurbætt í kjölfar þess var stofnað sundfélag Reykjavíkur um haustið.³⁰

Ekki er fjallað um eldri laugar í sérstakri færslu hér en af lýsingum að dæma var eldri laug lítil og gruggug og afmörkuð með torfhleðslum og ekkert skýli fyrir sundfólk. Ekki er vitað til þess að laugarhús hafi verið við laugina fyrir en 1886.

Björn L. Blöndal, sundkennari beitti sér fyrir því árið 1884 að gerð yrði góð sundlaug á þessum slóðum þegar Laugalækurinn væri stíflaður, dýpkaður og breikkaður „þannig að þar myndaðist laug sem var hæf til sundkennslu. Það haust var Sundfélag Reykjavíkur stofnað [...]. Félagið lét hláða stíflugarða fyrir ofan laugarstæðið og veita nokkru af Laugalæknum í laugina. Síðar [1886] reisti félagið sundskýli við laugarar. Stóð það í miðri lauginni á stólpum með bryggjum umhverfis en frá þeim lágu brýrar að laugarbökkun“³¹

Björn Blöndal drukknaði 1887 og féll sundkennsla þá niður í nokkur ár og laugarhúsið grotnaði niður. Kennsla hófst að nýju 1891.³² Sama ár var gefið út á prenti kennsluefni um sund með sundreglum prófessors Nachtegall. Í formála ritsins og viðbótum þess er að finna lýsingu Björns Jónssonar á Laugardalslauginni og sundlaugarhúsinu, en þar segir: „Í laugunum hjá Reykjavík (Laugarnesi) er skýli, timburhús, yfir miðjum sundpollinum, [...]. Húsið stendur á 4 steinlímdum grjóttstöplum, 2 álna háum frá botni. Það er 9 álna langt og 6 álna breitt, en 5 ½ áln. hátt upp í mæni (rúm 4 áln. undir bita), og loft í báðum endum, geymsluloft fyrir sundkennsluáhöld og vinnutól. Klefar tveir lokaðir eru í öðrum enda hússins, handa þeim, er eigi vilja lauga sig innan um aðra, og stigar úr þeim niður um gólfid ofan í laugina; þar getur hver maður laugað sig svo enginn sjái, jafnt konur sem karlar, með því að vatnið nær fast upp að gólfi. Að öðru leyti er húsið óhólfað í sundur og ætlað sundlærlingum til skýlis á meðan þeir klæða sig úr og í fötin, og eins milli þess, sem þeir eru niðri í lauginn, sé nokkuð að veðri; sömuleiðis almenningi, er vill lauga sig; er þar og stigi niður um gólfid. Utan með húsinu á 3 vegu eru 1 álmar breiðar skarir, er koma í stað sundfleka, og bryggja frá húsinu yfir á syðri laugarbakkann. Hiti á lauginni miðri er á sumrum 20-30 stig á C, eftir veðráttu, efst meiri.“³³

Í grein í *Fjallkonunni* árið 1900 kemur fram að nokkur ár séu liðin frá því komið var á sundkennslu í Laugunum en ekki hafi verið staðið almennilega að því. Í greininni segir: „Sundlaugin er hin mesta ómynd. Þar þarf mikillar aðgerðir, ef vel ætti að vera. Það er alveg ófært að baða sig þar eða synda þar, af því þangað rennur allur óþverri úr Laugunum, þar sem þvotturinn er þveginn; getur það verið hættulegt heilsu manna, það því er lækarnir sjálfir segja, og munu menn trúá þeim. Auk þess er sundlaugin óþverraleig að öðru leyti; botninn með leðju og nauðsynlegan útbúnað vantar til að baða sig þar. Til að ráða bót á þessu þarf að grafa skurð úr hvernnum allra efst, eða ofan við þann stað, þar sem kvenfólkið þvær, og veita heita vatninu á hentugan stað, þar sem búin væri til sundlaug og baðstöð. Þar ætti að mega veita köldu vatni eftir þörfum.“³⁴ Um ástand lauganna var ritað víða á þessum árum og á einum stað segir: „Það er líkt því að Reikvíkingar uni sér einna best innan um óþverrann, því þegar þeir baða sig eða láta kenna sumum sínum að synda, nota þeir til

³⁰ Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar, 1870-1940, fyrri bluti*. 1991, bls. 478

³¹ *Sögustaður við sund*, III. bindi, bls. 105-106.

³² *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar, 1870-1940, fyrri bluti*. 1991, bls. 479

³³ *Sundreglur prófessors Nachtegall*, Formáli og viðbætur Björns Jónssonar. 1891, vi, bls. 38-52,

³⁴ *Fjallkonan*. 27.10.1900, „Lauganes-laugarar“, bls. 4



Gamla sundlaugin rétt fyrir aldamótin 1900. Bryggjan yfir á suðurbakka laugarinnar sést vinstra megin við bú en á myndinni eru piltar úr Lærða skólanum. Myndin er úr bók Sveins Þórðarsonar. 1998, bls. 77 en kemur frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur

þess forarpoll. Pollurinn er auðvitað skreyttur fögru nafni og kallaður sundlaug. Lauginn hefur einn kost til að bera, sem er að vatnið er volgt, en eigi að telja upp aðra eiginleika hennar verður ekki hægt að nefna þá fögrum nöfnum. Vatnið í lauginni kemur úr þvottalaugunum þar sem 100-200 manns þvo alskonar óhrein fót á degi hverjum og gefur að skilja að það er skolp, en ekki vatn, sem rennur úr laugunum og þvottahúsunum. Það kann að vera að þetta vatn hreinsist lítið eitt á leiðinni ofan í sundlaug, en alt fyrir það er vatnið í henni með skolplit og það kemur fyrir að íldulíkt er að því. Auk þess eru í því fliksur og slí, sem myndast í læknum, losnar og rennur ofan í sundlaug og staðnæmist þar.“ Lýsingin heldur áfram og segir að það sé bagalegt að kenna sund við þessar aðstæður og að börn fái slíkt vatn upp í sig og skritið að bæjarbúar skuli ekki þvertaka fyrir að senda börnin sín til sundkennslu þarna. Síðan segir að líklega mætti hreinsa vatnið áður en það fer í lagina og „væri sjálf laugin steinlímd, svo að hún væri vatnsheld, mætti tæma hana oft svo hún irði hreinsuð.“³⁵ Í lokinn er þess krafist að aðstæðan sé endurbætt og eigi bæjarbúar að gera þá kröfu á bæjarstjórnina.

„Sumarið 1903 veitti Alþingi styrk til viðgerðar á Laugunum gegn því að bæjarstjórn tæki að sér verkið. Virðst þá hlutverki Sundfélagi Reykjavíkur hafa að mestu verið lokið, en bæjarstjórn tók að sér nauðsynlegar endurbætur og viðhald. Leirubakkar voru að laugunum á þrjá vegu og leir í botni svo að hún varð oft gruggug og í leysingum varð hún ónothæf vegna kulda.“³⁶ Í frétt í *Vísni* 1912 er fjallað um sundkennslu Páls Erlingssonar sundkennara og er þar að finna nánari lýsingu á sjálfri lauginni eins og hún var í upphafi 20. aldar: „Laugin var þá 23 x 8 faðmar [um 38 x 13 m], ofurlítið mjórri í annann endann og mis-djúp. – Það kom brátt í ljós, að þessi viðgerð var ekki einhlýtt. Botninn var ekki steinlímdur, svo að vatnið gruggaðist við sunnið, og leirinn sig í gegnum veggina,

³⁵ *Ingólfur* 14.06.1903, forsiða

³⁶ *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar, 1870-1940, fyrri hluti*. 1991, bls. 478

sem ekki voru steinlímdir. Vatnið var þá tekið úr Laugalæknum og oft óhreint af þvottaskolpi, og urðu þeim mun meiri brögð að því, sem fólkið varð fleira í bænum, því að þá óx laugaþvotturinn. Í rigningum varð vatnið svo kalt, að hita laugarvatnsins gætti nær ekki og óhreindin fóru einatt vaxandi,...“³⁷ Eftir að Reykjavíkurborg tók við rekstri lauganna árið 1903 voru þær nefndar Sundlaugar Reykjavíkur. Ári síðar, 1904 kemur fram í *Ísafold* að bæjarstjórn Reykjavíkur var að skoða gerð nýrrar laugar í barðinu að vestanverðu við laugalækinn milli þvottahúsanna og Laugarlands.³⁸ Ekkert gerðist þó í því máli strax og að endingu fór svo að héraðslæknir, Guðmundur Björnsson, bannaði sund í lauginni, nema hún væri endurbætt. Varð það til þess að sundkensla féll alveg niður 1904-1905 en árið 1906 var sund kennt í gömlu lauginni í seinasta skipti. „Þá hafði bæjarstjórn Reykjavíkur tekið að sér að endurbæta laugina, og var það gert „konungssumarið“ 1907. Var unnið að því lengi sumars og ekkert kennt það árið.“³⁹ Endurbætt laug var tekin í gagnið 1908 (sjá næstu færslu).

Ekki fannst teikning af laugarhúsinu sem stóð á þessu skeiði í lauginni en eins og sjá má að ofan hafa varðveist ítarlegar lýsingar og ljósmyndir. Húsið var einfalt timburhús undir mæniasþaki. Dyr voru á langvegg að laug og tvískiptur 6 rúðugluggi á göflum.

³⁷ *Vísir*, 26.08.1912

³⁸ *Ísafold* 1904.04.23, bls.91

³⁹ Sama heimild

SUNDLAUGARNAR GÖMLU Í LAUGADAL (1908-1944?)

*Staðsetning: Laugardal, Reykjavík**Byggingarár: 1908**Helstu endurbætur:**Staða/ástand: Horfin vegna yngri**laugar/laugarhúsa**Höfundur: Knud Zimsen verkfræðingur**Byggt af/ eigandi: Reykjavíkurbæ/ borg**Yfirbyggð/ opin: Opin**Hitun: Jarðvarmi*

Fljótlega upp úr aldamótunum 1900 jókst umræða um að endurbóta væri þörf á sundlaug Reykjavíkur. Í ávísögu Knud Zimsens kemur fram að hann hafi engin afskipti haft af sundlauginni fyrr en hann hafði verið í embætti sínu sem bæjarverkfræðingur í nokkur ár eða 1902. Þá vaknaði áhugi hans á lauginni. Hann segir að ástand laugarinnar hafi ekki verið upp á marga fiska og ekki nægjanlega góðð til sundkennslu. Hann segist hafa vitað af því að Páll Erlendsson hafi kennt í lauginni lengi og að Ingibjörg Brands væri að læra sundkennslu erlendis til að geta kennt þegar hún kæmi heim. Hann taldi þau verðskulda betri laug og ákvað því að gera tillögu að nýrri sundlaug. Hann segir: „Laugin sú sem ég gerði tillögu um, átti öll að vera upphlaðin og steipt í botinn, jafnframt átti hún að vera yfirbyggð og klefarnir upphitaðir. Ennfremur átti vatnið, samkvæmt tillögum mínum, að koma hreint í laugina. – Bæjarstjórnin hafði ekki nunnad [sic] að því við mig, að ég gerði áætlun um nýja sundlaug, heldur var þetta eitt af þeim verkefnum, sem létu mig ekki í friði. Þakkirnar voru líka eftir því. Ég heyrði haft eftir einum bæjarfulltrúanum, að hann teldi ráðlegast að láta þessa verkfræðinefni koma sem minnst að málefnum bæjarins, ef tillögur hans yrðu allar á borð við þessa sundlaugarhugmynd hans.“⁴⁰ Knud segist hafa tvíelfst við mótstöðuna og haldið baráttu fyrir sundlaugarmálinu áfram næstu árin.

Líkt og Knud átti von á mætti Ingibjörgu Brands sundkennara gamli forarpollurinn þegar hún sneri heim úr námi í Danmörku 1903 og atlaði að hefja sundkennslu. Hún mætti heldur ekki alltaf miklum skilningur á þeirri hugmynd að kenna ætti stúlkum, jafnt sem drengjum, sund.⁴¹ Tímarnir voru þó að breytast og því samhengi má benda á að þegar þau tímamót urðu í jafnréttisbaráttu hér á landi að kona tók til fyrsta sinn til máls á bæjarstjórnarfundum í Reykjavík (19. mars 1908) var hennar fyrsta mál að berjast fyrir því að stúlkur fengju þess kost, líkt og piltar, að læra sund. Það var Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem flutti tillögu um jafnan rétt til sundkennslu og jafnvel þótt að ekki hafi allir verið sáttir tillögu hennar fór svo að hún var samþykkt og sundkennsla stúlkna hófst í kjölfarið.⁴² Ingibjörg Brands kenndi stúlkum fyrstu árin og vann talsvert brautryðjandastarf í þeim efnum. Hún var einnig í framvígissveit þeirra sem börðust fyrir nýrri sundlaug í Laugardalnum, ásamt Páli Erlendssyni og Knud Zimen.

Sundlaugarmálið var á dagskrá bæjarstjórnar 1904 og var niðurstaða nefndar sem hafði rannsakað málið sú að ekki þótti svara kostnaði að gera við gömlu laugina. Betra væri að gera nýja laug frá grunni (eftir tillögum Knud Zimsens) nærri þvottalaugunum og leiða heitt vatn í hana með járnrennum. Þar segir ennfremur „Laugin á að vera 30 álna löng og 15 álna breið. Veggir hlaðnir úr grjóti og steinlímdir og botninn steinsteiptur. Annar helmingur laugarinnar á að vera 2 álna djúpur, en hinn 4 álna og skal reisa hús yfir henni allri en skúr verður þar með annari hlið skálans og verða þar 15 baðklefar.“ Voru kostir laugarinnar taldir margir, m.a. að hægt væri að nota hana allt árið og hún yrði hrein. Lögð var fram kostnaðaráætlun og lagt til að vörður yrði að störfum og

⁴⁰ Knud Zimsen. *Úr bæ í borg*, bls. 360

⁴¹ *Lesbók Morgunblaðsins* 14.08.1927, bls. 250

⁴² Knud Zimsen. *Úr bæ í borg*, bls. 363

Það kostaði 5-10 aura inn til að fjármagna laun sundvarðar. Var þetta samþykkt og vildu menn helst að hafist yrði handa strax á sama ári.⁴³ Í annarri grein í sama blaði kemur fram að 25 manns ættu að geta synt í einu í lauginni og að það geti verið 40 manns í lauginni í einu ef helmingurinn sé syntur. Ennfremur segir: „sé hún notuð 10 stundir á dag og ½ ætluð hverjum manni, til sunds eða laugar þá geta hana notað 800 manns á dag“⁴⁴ Mikill spenningur var yfir þessari ráðgerðu laug og í grein í *Frækorni* frá sama ári segir „Hér er verið að bjóða Reykvíkum þau hlunnindi, sem eiga varla sinn líka í öllum heimi, og víst er um það: Útlendingar munu koma til með að meta þetta, eins og verðugt er. En svo meigum vér ekki sjálfir láta oss lítið finnast til um það.“⁴⁵

Árið 1906 kemur fram í *Ísafold* að bæjarstjórnin hafi ákveðið að gera „loksins“ nýja sundlaug⁴⁶ en raunin varð þó sú að þegar málið var tekið fyrir aftur þetta ár þá alveg horfið frá fyrri ráðgerð um sundlaug á nýjum stað en samþykkt að gera sundlaug þar sem sú eldri var. Mánuði síðar fól bæjarstjórn veganevnd málið og var þá enn búin að draga úr umfangi framkæmda og ákveðið að gera við gömlu sundlauginna. Knud Ziemsen segir í æviminningum sínum að málið hafi lent í „tömu ráðabruggi“. Hann segir að árið 1907, þegar fimm ár voru liðin frá því að hann hafði fyrst hreyft við hugmyndinni, hafi bæjarstjórn svo loksins samþykkt byggingu nýrrar sundlaugar og staðið við. Hafist handa við gerð laugar sama ár og lokið ári síðar. Hún var gerð á sama stað og eldri laug en var ekki yfirbyggð. Að sögn Knud var laugin nokkuð óbreytt fram yfir 1930.⁴⁷

„Fyrst í stað var heitt vatn lagt í laugina í opnum tréstocki, en árið 1910 var heita vatnið leitt úr járnörum frá Þvottalaugunum. Ári síðar var lögð í hana köld æð úr Gvendarbrunnum.“⁴⁸ Árið 1907 hófst kennsla í nýrri sundlaug í Laugardal og á sama tíma var unnið að smíði á 17 fataskiptaklefum en laugin var formlega tekin í noktun árið 1908. Nýja laugin var fyrsta steinsteypa laug landsins (þ.e. sú sem var að fullu steinsteypa en veggir í lauginni á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp höfðu þó verið steypdir á undan). Í frétt í *Vísir* frá 1912 er nýju lauginni lýst en þar segir að endurbætur hafi verið gerðar 1907 ekki síst í tengslum við konungskomuna. Það sumar var talsvert unnið að umbótum á lauginni og þá ekkert kennt. Nýja laugin var hlaðin úr grásteini, límd saman með steinlími og botninn var úr steinsteypu. Laugin var 18,8 x 18,8 m stór og vegg hæð 1,1 m þar sem hún var grynnt en 2,3 m á mesta dýpinu og lágu átta stigar niður í hana og tvö stökkbretti af bakka hennar. Umhverfis laugina var bárujárnsveggur og gangstétt úr timbri umhverfis þrónna. Tuttugu klefar voru við laugina, ýmist sagðir geta tekið 40 eða allt að 60 manns. Yfir laugina miðja lág trébrú, „bæði til prýði og hægðarauka fyrir kennsluna.“ Í greininni segir ennfremur: Heita vatninu er veitt beint úr Laugunum í neðanjarðarpípum, svo að það óhreinkast alls ekki á leiðinni, en saman við það blandað köldu vatni í sundlauginni, svo að nú má takmarka hita vatnsins nokkurn veginn. Venjulega er skipt um vatn einu sinni í viku.“⁴⁹

Laugin var mikil bragarbót fyrir Reykvíkinga og fljótlega (árið 1910) var farið að hafa hana opna allt árið. Þó voru ýmis vandamál við laugina. Á forsíðu *Lögrettu* kemur fram að greinarhöfundur hafi verið gladdur þegar hann heyrði að endurbæta ætti sundlaugina og að sumarið 1907 hafi hann hjólað að lauginni til að skoða hana. Þá segir hann „Það var þá búin að gera sjálfa sundlaugina og verið að smíða badhúsið. Sundlaugin er myndarleg. [...] Hún er aðeins tvær álnir á dýpt að ofanverðu, en 3 1/“ alin að neðanverðu. Þá er vatni hleypt í hana, er 8 þumlingum borð á henni. Það verðu þá 1 2/3 álnar dýpi, þar sem það er grynnt, og er það fulldjúpt fyrir börn, einkum þá er

⁴³ *Ingólfur*, „Sundlaugarmálið“ 14. 05.1904, bls. 83 „Sundlaugarmálið“

⁴⁴ *Ingólfur* 05.05.1904, bls. 106

⁴⁵ *Frækorn* „Sundlaug við Laugarnar“ 07.01.1904, bls. 104.


⁴⁶ *Ísafold*, 01.06.1906, bls. 7

⁴⁷ Knud Ziemsen. *Úr bæ í borg*, bls. 360-362

⁴⁸ *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar, 1870-1940, fyrri hluti*. 1991, bls. 480

⁴⁹ *Vísir* 26.08.1912 „Starfsemi Páls Erlingssonar sundkennara“ blst. vantar

Þess er gætt að hallar og dýpkar frá bakkanum. Það hefði verið gott að hafa nokkurn hluta af henni með álnardýpi fyrir börn að bursla í. Allur botninn er látinn hallast, til að hægt sje að láta alt vatnið renna burtu úr lauginni og fá síðan nýtt vatn í hana. Það er nauðsynlegt að skipta um vatn í sundlaugum til þess að það sé hreint. En því aðeins getur fengist hreint vatn í laugina, að hreint vatn sje leitt í hana. En því miður er því eigi að fagna í Reykjavík, ef útbúnaðurinn á sundlauginn verður eins og hann var fyrra haust og mjer var sagt að hann ætti að verða. Í hana var þá hleypt þvottaskolpinu úr Laugunum.“ Hann bætir við að hann hafi synt víða en „aldrei hef jeg synt í öðru eins óþverra skolpi eins og í sundlauginni gömlu við Reykjavík. Jeg geri það eigi aftur“. Hann segir mikinn mun á gömlu og nýju lauginn en vatnið sé það sama og ekki fólki bjóðandi, sér í lagi ekki þeim sem eru að læra að synda enda sé þar vatn sem komi af skoli klæða t.d. berklaveikra. Hann leggur til að vatn sé leitt beint frá uppsprettunni. Hann gagnrýnir einnig steinsteypubotninn í stað sandbotns. Hann segir að skynsamlegast hefði verið að gera laugina niður við sjó og veita heita vatninu þangað enda viti allir að auðveldara sé að synda í saltvatni.⁵⁰




Myndir úr Laugardalslaug á því skeiði sem gömlu sundlaugarhúsin voru við lýði (sem stóðu frá 1908 og líklega til 1944) báðar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Myndin til vinstri er tekin 1928, ljósmyndari óþekktur (nr. 2002 11 191) en mynd til hægri á tímabilinu 1909-1920 og ljósmyndari var Magnús Ólafsson (MAÓ 937).

Ljóst er að viðhaldi á lauginni var eftir sem áður gjarnan ábótavant. Í grein frá „skólapilti“ í *Morgunblaðinu* 1919 segir: „Hverjum, sem lítur á sundlaugina, hlýtur að verða það ljóst, að hin háa bæjarstjórn Reykjavíkur heldur henni opinni að eins til málamynda eða sjálfri sér til afsökunar, en alls ekki af áhuga fyrir þeirri fögru, göfugu og nytsömu íþrótt, sem þar er kend. Klefarnir eru ómálaðir og fornfálegir og gangurinn umhverfis laugina er sumstaðar svo fúinn, að full hætta stafar af. Laugin sjálf er víða sprungin, og að sögn heldur hún ekki nema litlum hluta þess vatns, sem í hana rennur; auk þess er nokkur hluti pípunnar fyrir heita vatnið ónýtur; í fáum orðum sagt: sundlaugin er með öllu ónothæf eins og hún er nú. Allir skólar hér í bænum hafa aðgang að sundkenslu við laugina ókeypis. eru þetta óneitanlega mikil hlunnindi, og gætu verið til stórgagns fyrir nemendur, sem heima eiga í bænum, og ekki síður fyrir nemendur utan af landi, En eins og laugin er nú, er óhætt að fullyrða, að hún kemur ekki að hálfum notum vegna kulda og annara óþæginda, sem stafa af ónógum og illum útbúnaði. Hr. Ólafur Friðriksson hefir gert það að tillögu sinni í bæjarstjórninni, að laugin verði endurhætt, svo að hún geti orðið almenningi að notum alt árið. Þetta hefir bæjarstjórnin samþykkt, en hvað dvelur framkvæmdirnar?“⁵¹

⁵⁰ *Ljögretta*, 29.04.1908, forsíða, aðsend grein frá frá Boga Th. Melsted

⁵¹ *Morgunblaðið* 19.04.1919, bls. 2

Í grein frá P. Jak. sundkennara í *Vísir* árið 1937 kemur fram að þó að laugin frá 1908 hafi verið ágæt á sínum tíma séu nú liðnir þrjú áratugir og á þeim tíma hafi íbúafjöldi Reykjavíkur fimmfaldast og þarfir breyst en lítið sem ekkert gerst í sundlaugarmálum.⁵²



Teikning Jóns Kaldals af endurbótum á Laugardalslauginni gerð 1933. Varðveitt á meðal ganga Íþróttasjóðs (frá Menntamálaráðuneyti, H49, Þjóðskjalasafn Íslands)

Á fjórða áratuginum virðast komar upp hugmyndir um endurbyggingu laugar eða öllu heldur laugarhúsa en á meðal gagna frá Íþróttasjóði er varðveitt teikning eftir Jón Kaldal sem virðast fela í sér niðurrif þeirra húsa sem stóðu að hluta og byggingu nýrra. Af því virðist hins vegar ekki hafa orðið og þegar en ný hús voru loksins gerð við lagina á 5. áratugnum virðist ekkert hafa verið hróflað við lauginni sjálfri. Laugarhúsin voru að mestu rifin snemma á 5. áratugnum.

Ekki hefur fundist teikning af lauginni frá 1908 og ekki vitað hver teiknaði hana þótt líklegast sé að Knud Ziemsén hafi verið höfundur hennar. Af ljósmyndum má sjá að sundlaugarhúsin voru einföld smíði, löng röð klefa úr timbri meðfram suðurhlíð laugar og að hluta til austurhlíð hennar líka. Dyr voru á hverjum klefa (flestar með tígullaga glugga) og bárujárn á þaki. Lengi framan af voru ekki sturtur í laugarskýlunum og fataklefarnir ekki upphitaðir fyrr en 1934. Árið 1938 hafi vatnið úr þvottalaugunum m.a. verið notað í sundlaugina og einnig notað til að hita upp búningsklefana.⁵³

⁵² *Vísir* 31.12.1934, án blaðsíðutals

⁵³ Sveinn Þórðarson. 1998, *Auður úr iðrum jarðar*, bls. 280 og 87

SUNDLAUGARHÚS Í LAUGARDAL (1944?-1966)

Staðsetning: Laugardal, Reykjavík

Byggingarár: 1944?

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Horfin vegna yngri

laugar/laugarhúsa

Höfundur: ?

Byggt af/eigandi: Reykjavíkurbæ / borg

Yfirbyggð / opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Á fjórða áratug 20. aldar virðast vera komnar fram hugmyndir um endurbætur eða endurbyggingu lauga í Laugardalnum. Ný laugarhús risu þó ekki fyrr en á 5. áratug 20. aldar (líklega á bilinu 1940-1944). Nýja laugarhúsið var stórt hús sem reist var við vesturenda (norðvestur) laugar. Þá virðast klefarnir við suðurhlíð laugar hafa verið rifnir en hugsanlega hefur eitthvað af þeim skúrum við austurhlíð laugar enn staðið. Sjálfri lauginni virðist hins vegar lítið sem ekkert hafa verið breytt í




Sundlaugin í Laugardalnum, eftir að nýtt laugarhús var byggt á 5. áratug 20. aldar. Myndirnar eru báðar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Mynd til vinstri LOG 017 4-1 og mynd til hægri LOG 017 4-2

framkvæmdunum. Af ljósmyndum að dæma var nýja laugarhúsið stór bygging sem náði eftir endilagri vesturhlíð laugar, timburhús með mænispaki og fjölda glugga á þakinu. Af ljósmyndum að dæma virðist húsið einfalt að gerð. Til eru myndir innan úr húsinu sem sýna innréttingar og skipulag.



Sundlaugin í Laugardalnum, eftir að nýtt laugarhús var byggt á 5. áratug 20. aldar. Myndirnar eru báðar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs að vesturhlíð hússins árið 1953 (VIG LAU 1250 001 2-1) og á mynd til hægri er einnig horft til norðvesturs. Sú mynd er tekin 1954 og þá má sjá að húsið hefur verið stækkað til vesturs (HLAP 054 3-1)

Ekki hafa fundist teikning af laugarhúsinu. Ekki er loku fyrir það skotið að laugarhúsið hafi verið hugsað sem skammtímalausn því hugmyndir um mun stærra og glæsilegri sundlaugu voru komnar á stjá þegar aðeins var liðinn um áratugur frá byggingu hússins. Til er teikning frá í ágúst 1955 sem



Hugmynd Guðmundar Sveinssonar að nýrri laug í Laugardalnum frá ágúst 1955. Þegar hafist var handa við laugarbyggingu þremur árum síðar voru höfundar laugar þó þeir Einar Sveinsson, Bjarni Konráðsson og Jes Einar Þorsteinsson.



Sundlaugin í Laugardalnum. Á myndinni má sjá húsin sem voru byggð á 5. áratugnum við vesturblið laugar og sólbaðsskjli við austurblið laugar. Myndin birtist í bók Sveins Þórðarsonar. 1998, bls. 85.

sýnir lauslegt riss af nýrri laug sem minnir talsvert á þá sem síðar var byggð í Laugardalnum. Teikninguna gerði Guðmundur Sveinsson og á henni er m.a. að finna heitan pott. Árið 1955 hafði ekki enn verið gerður heitur pottur við íslenska sundlaug svo þetta voru nýmæli. Þremur árum síðar var hins vegar hafist handa við framkvæmdir við nýja sundlaug, á nýjum stað, sunnan við Sundlaugarveg. Sundlaugin var gerð eftir teikningu arkitektanna Einars Sveinssonar, Bjarna Konráðssonar og Jes Einars Þorsteinssonar. Sundlaugin var tekin í notkun 1. júní 1968 og fellur því utan þess tímaramma sem hér er til umfjöllunar. Viðbygging var gerð við laugina 1986 og 2005 voru bætt við 50 m innilaug og potti. Árið 2007 var svo bætt við potti með sjóvatni við austurenda laugar.

SUNDLAUG AUSTURBÆJARSKÓLA (1930-)

Staðsetning: Barónsstíg 32, Reykjavík

Byggingarár: 1930

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Til staðar, ekki í notkun

Höfundur: Sigurður Guðmundsson arkitekt

Byggt af/ eigandi: Reykjavíkurbær/ Ríkissjóður

Yfirbyggð / opin: Yfirbyggð

Hitun: Jarðvarmi

Uppdráttur að nýjum barnaskóla í Reykjavík, Austurbæjarskóla, var lagður fram á bæjarstjórnarfundum og samþykktur þann 6. maí 1926 og stóðu vonir til að hefja þar kennslu 1927. Austurbæjarskólinn var fyrsta húsið sem fékk heitt vatn frá Laugaveitu, en svo nefndist fyrsta hitaveita Reykjavíkur, sem fékk vatn frá borholum í Laugardalnum.⁵⁴

Skólabýggingin var afar nýtískuleg og voru innan byggingarinnar, bíosalur, söngsalur, myndasalur, matsalur, náttúrufræðisalur og síðast en ekki síst baðstofa og sundlaug.⁵⁵ Í afmæliritinu *Austurbæjarskólinn 1930-1980* er saga skólans rakin í stuttu máli. Í ritinu kemur fram að áratugurinn 1920-30 hafi farið í undirbúning fyrir byggingu hins nýja skóla og þá hafi Sigurður Guðmundsson húsameistari verið ráðinn til að gera teikningar og sjá um bygginguna. Fram kemur að byggingarframkvæmdir hafi verið í fullum gangi árin 1927-1929 og í fyrstu hafi verið gengið seinlega enda þurfti að sprengja mikið fyrir byggingunum. Kennsla hófst 9. nóvember 1929, áður en skólinn var tilbúinn. Annars staðar segir að 1930 hafi fyrsta hitalögn frá laugunum í Reykjavík verið lögð í nokkur hús, þar með talið Austurbæjarskóla.⁵⁶ „Sundlaugin var ætluð fyrir báða skóla




Mynd til vinstri: Austurbæjarskóli 2023 (höfundur) en sundlaugin er í kjallara lengst til hægri á mynd. Myndi til vinstri er úr úttektarskýrslu VSO (Samantekt VSO um ástand og aðgengi í Austurbæjarskóla frá 2021)

⁵⁴ Lýður Björnsson. *Saga Hitaveitu Reykjavíkur* bls. 65

⁵⁵ *Vísir* 07.06.1926, án blaðsíðutals

⁵⁶ *Austurbæjarskólinn 1930-1980*. bls. 1-4



Teikningar Sigurðar Guðmundssonar af Austurbæjarskóla frá 1926. Hlæðið niður af vef Reykjavíkurborgar. Sundlaugin er í kjallara hússins, fyrir miðri byggingu.

[Ílka Miðbæjarskólans] og stundatöflu hagað þannig, að kennsla nýttist þar fyrir skólana báða á skólatíma dagsins^{cc57}

Samkvæmt spjaldskrá úr Menntamálaráðuneyti (líklega gerð um miðja 20. öld) er laugin 7.75 x 5.85 m að stærð og búningsklefar/laugarhús sögðu þeir sömu og fyrir íþróttahús. Laugin er í kjallara skólans í miðálmu.

Í grein um sund sem birtist í *Morgublaðinu* 1997 segir: „Skólinn var í fremstu röð skólahúsa í Evrópu hvað varðaði möguleika á sérkennslu margra greina. Þar var einnig sundlaug sem notuð var til sundkennslu nemenda þess skóla og raunar fleiri skóla. Það var til mikilla framfara fyrir alla skólaæsku í Reykjavík að fá þessa laug til sundnáms í Austurbæjarskólanum.“⁵⁸

Í bókinni *Auður úr iðrum jarðar* kemur fram að bakrennslisvatn miðstöðvarkerfis skólahússins hafi verið notað í sundlaug og einnig böð.⁵⁹

Laugin er enn á sínum stað í skólahúsinu en hefur ekki verið notuð til kennslu nokkur síðustu ár.

⁵⁷ Sama heimild, bls. 4

⁵⁸ *Morgublaðið* 15.04.1997, bls. 26C


⁵⁹ Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar*, bls. 280

SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR (1937-)

Staðsetning: Reykjavík, Barónsstígur 45A
Byggingarár: 1937
Helstu endurbætur: 1980-81, 2001, 2017
Staða/ástand: Í noktun

Höfundur: Guðjón Samúelsson arkitekt.
Byggt af/ eigandi: Reykjavíkurbær/ borg og Ríkissjóður
Yfirbyggð/ opin: Yfirbyggð frá upphafi
Hitun: Jarðvarmi,
Annað: Húsið er friðað frá árinu 2004

Strax í kringum aldamótin 1900 hófst umræða um möguleikann á því að koma upp yfirbyggðri sundlaug „nær bænum“. Knud Zimsen, bæjarverkfræðingur, lagði fram slíka tillögu 1902, en hún fékk ekki hljómgrunn í bæjarstjórn Reykjavíkur og féllu slíkar hugmyndir niður um skeið.⁶⁰ Á þriðja áratugnum fóru slíkar hugmyndir hins vegar aftur á kreik.⁶¹ Árið 1923 hélt Jónas frá Hriflu jómfrúarræðu sína á Alþingi og fjallaði þar nauðsyn þess að gera sundhöll í Reykjavík og lagði síðar fram þingsályktunartillögu um að hafin yrði rannsókn á möguleikum þess að koma upp yfirbyggðri sundlaug í Reykjavík.⁶² Árið 1924 ritaði Íþróttasambandið menntamálanefnd efri deildar bréf og



Skjipulagsuppráttur (Lesbók Morgunblaðsins 29.11.1934, bls. 4) sem sýnir Háborg Guðjóns Samúelssonar, Landspítalann, sundlaugin, leikvang og járnbrautina.

⁶⁰ Knud Zimsen. 1943 *Úr bæ í borg*, bls. 363-364

⁶¹ Sveinn Þórðarson. 1998. *Audur úr iðrum jarðar*, bls. 277

⁶² *Tíminn* 14.05.1939, bls. 111

fer fram á að ríkið leggi (án endurgjalds) til hæfilega stóra lóð á Arnarhóli fyrir sundlaug.⁶³ Á þessum árum var lögð á það talsverð áhersla að laugin yrði í miðbænum og helst í túni Arnarhólsbæjarins en frá því var síðar fallið þar sem mikilvægast þótti að tryggja lauginni hita frá gömlu laugunum sem átti að leggja að Austurbæjarskóla og því æskilegt að sundlaugin yrði nálægt honum. Í *Íþróttablaðinu* birtist grein árið 1925 undir yfirskriftinni „Yfirbygd sundlaug í Reykjavík“. Þar kemur fram að ástand í sundlaugarmálum í Reykjavík sé ófullnægjandi og mörg hundruð börn sæki laugarnar á hverju vori og ónóg pláss sé til að sinna þeim auk þess sem sundhald að vetrum sé lítið vegna kulda og ófærðar. Eigi sundlaugar að ná almennum vinsældum þarf samkvæmt greinarhöfundu að „stækka laugarnar, flytja þær nær bænum og byggja yfir þær,...“. Greinarhöfundur bendir á að þetta sé löngu ljóst og hafi Ben. G. Waage m.a. minnst á þetta mál í dagblöðum fyrir 10 árum og Jónas Jónasson alþingismaður á þingi 1923. Í greininni kemur fram að veturinn á undan hafi stjórn Íþróttasambands Íslands snúið sér til menntamálanefndar (efri deildar) og beðið um stuðning hennar til að koma málinu á hreyfingu. Í kjölfarið hafi fengist samþykkt þingsályktunartillaga með áskorun á stjórnina að „láta rannsaka skilyrði fyrir því, að reist verði yfirbyggð sundlaug í bænum eða við hann, með heitu vatni úr laugunum og sjóvatni.“⁶⁴ Stjórnin fól húsameistara ríkisins að gera uppdrátt og kostnaðaráætlun. Í ýmsum greinum sem rituð voru um málið kemur fram að þar sem búið sé að ákveða hvar barnaskólinn skuli standa, og að í hann skuli leitt heitt vatn frá laugunum, sé afararsælast að sundlauginni sé valinn staður nærri barnaskólanum svo að hún geti nýtt heitt affallsvatn frá honum. Í áðurefndri grein í *Íþróttablaðinu* kemur fram að Guðjón Samúelsson húsameistari hafi „lagt hina mestu alúð við verkið, kynt sér rækilega gerð slíkra sundlauga í öðrum löndum og gert síðan uppdrátt þann, sem hér er birtur.“ Greininni fylgir ljósmynd af mögulegu útliti sundhallar, sem var sú fyrsta af þremur teikningum Guðjóns Samúelssonar að lauginni sem gerði ráð fyrir þremur burstum. Samkvæmt greininni áttu laugarnar að vera þrjár og byggt yfir þær allar sérstaklega þannig að húsið hafði ásýnd burstabæjar Samkvæmt þessari fyrstu hugmynd átti miðlaugin að vera stærst (25 x 12 stikur og 2.5 stikur á dýpt). Í henni skyldi vera volgt vatnsveituvatn og var hún ætluð þeim sem þegar kynnu að synda en vildu æfa sund og fyrir sundkeppnir en ekki til kennslu. Beggja vegna við laugina voru áætlaðir fataklefar og sturtur. Til hægri handar átti svo að vera kennslulaug 25 x 8 m stór en það grunn að „unglingar botni alstaðar í henni“ og til vinstri 20 x 8 m stór sjólaug þar sem sjó yrði blandað heitu vatni. Við annan enda þeirrar laugar skyldi vera bústaður umsjónarmanns og á efri hæð svalir fyrir áhorfendur, kennslu og æfingarsvæði og pallur fyrir sólböð. Gert var ráð fyrir því vatn í laugina fengist úr Laugaveitu, hitaveitunni sem ætlunin var að leggja að væntanlegum spítala og barnaskóla. Engu að síður var gert ráð fyrir að þetta yrði mjög dýr framkvæmd og samhent átak alþingis og Reykjavíkur þyrfti til að af þessu gæti orðið.⁶⁵

⁶³ *Nýja dagblaðið* 21.03.1937, bls. 2-3

⁶⁴ *Íþróttablaðið* 4. tbl. 10.04.1925, bls. 24-26

⁶⁵ Sama heimild, bls. 24-26.



Sundhöll Reykjavíkur. Myndin til vinstri er tekin 1936 þegar bygging hennar var langt komin (Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Magnús Ólafsson/MAÓ 256). Mynd til hægri er úr bók Péturs H. Armannssonar (2020), bls. 243 og sýnir póstkort af Sundhöllinni, nýbyggðri (ljósmyndari óþekktur)

Upphaflega hafði hugmyndin verið að sjór í sjólaugina kæmi úr Rauðarárvík en meinbugir þóttu á því þar sem holræsi bæjarins höfðu þar útrennsli. Einnig þótti það annmarki á tilögunni að engin lauganna þriggja þótti fullnægjandi að stærð.⁶⁶ Samkvæmt grein í *Morgunblaðinu* síðla árs 1929 lagði Guðjón Samúelsson nýjan uppdrátt fyrir Veganefnd bæjarstjórnar þann 18. apríl 1929.⁶⁷ Var nú gert ráð fyrir einni sundlaug 33 m langri en að henni væri skipt í tvennt. Í öðrum enda yrði 8 m löng sjólaug en 25 m vatnslaug í hinum. Var byggingin nú fjórðungi minni en áður hafði verið áætlað. Í húsinu áttu að vera 30 einmenningsklefar og 6 klefar fyrir 10 menn hver og tvær stofur fyrir íþróttamenn, þvotta- og snyrtiklefar og íbúð fyrir umsjónarmann, ásamt sólbadsstað. Nefndin féllst á uppdráttinn í aðalatriðum en vildi þó koma fyrir kerlaugum þar sem unnt væri að fara í sjóböð. Stóðu vonir til að hægt yrði að ráðast í bygginguna og jafnvel að hún yrði tilbúin 1930.⁶⁸

Á undirbúningstímanum kom fram gagnrýni á ýmis atriði fyrirhugaðrar laugar. Í febrúar 1929 eru í *Morgunblaðinu* raktar athugasemdir bæjarverkfræðings sem gagnrýnir fyrirhugaða staðsetningu laugarinnar, þakgerð hússins og stefnu þess, auk þess sem honum þykir slæmt að dýpri endi laugarinnar væri upp í brekku (þar sem þyrfti að sprengja mikið af klöpp) og að inngangur væri frá Barónsstíg.⁶⁹ Greininni svarar Guðjón í *Vísir* sama ár.⁷⁰

„Árið 1927 kemur Jónas frá Hriflu með þá hugmynd að ríkissjóður leggði fram 50 þúsund krónur í Sundhallarbyggingu gegn því að bæjarsjóður legði fram jafn háa upphæð. Tillagan var ekki samþykkt. Árið 1928 bar ríkisstjórnin fram frumvarp um byggingu Sundhallar í Reykjavík. Frumvarpið hljóðaði uppá að ríkið leggði fram 100 þúsund krónur og að borgin legði fram annað eins auk lóðarinnar.”⁷¹ Í árslok 1933 greindi *Morgunblaðið* frá því að alþingi hafi samþykkt að styrkja sundlaugargerðina um 100 þkr auk þess sem á vantaði til að hlutur ríkisins í kostnaði yrði 2/5 af heildarkostnaði verksins.⁷² Á vef um sögu íþróttanna í Reykjavík kemur fram að sundhöllin var tekin í notkun árið 1937 eftir langa og erfiða byggingarsögu og ennfremur segir: „Með Sundhöllinni

⁶⁶ Borgarskjalasafn. Gjörðabók veganefundar 1915-32, fundir 30. júlí 1928, 15. janúar, 2. september. 1929 Aðfnr. 4645

⁶⁷ *Morgunblaðið* 19.11.1929, bls. 2

⁶⁸ *Morgunblaðið* 18.05.1929, bls. 3

⁶⁹ *Morgunblaðið* 10.02.1929, bls. 6

⁷⁰ *Vísir*, 20.03.1929, bls. 3-4

⁷¹ <https://reykjavik.is/sundhollin-almennar-upplýsingar>

⁷² *Morgunblaðið* 15.12.1933, bls. 6

gjörbreyttust aðstæður Reykvíkinga til sundiðkunar en ekki síður líkamsþrifa, enda voru sturtur eða baðkór fáséður munaður á heimilum bæjarbúa.⁷³

Guðjón Samúelsson teiknaði Sundhöllina á árunum 1929-1937. Á Þjóðskjalasafni Íslands er varðveitt greinargerð hans um aðdraganda og byggingarsögu Sundhallarinnar og þá gagnrýni sem hún hlaut á byggingarstiginu. Hér fylgir hluti hennar sem varpar ljósi á þróun hönnunar við húsið og byggingu þess.

„Í „Arkitekten“ 1934, 5.-6. hefti, eru prentaðar „internationaler“ reglur fyrir sundhallarbyggingum, og stendur þar m.a.: Sundþró skal vera 33 1/3 m. á lengd, 12,0 m. breið með föstum stigum, en með lausum stigum sparar það gríðarlega mikið, en lítill kostnaður að hafa lausa stiga (í okkar þró eru lausir stigar). Dýptin skal vera í grynri enda 0,70-90 m. en dýpri enda 3,5 m. Í sundlauginni skulu vera bæði hreinir og óhreinir gangar. Reynslan hefur sýnt, að miklu heppilegra er, að hafa inngang frá þvottaklefum inn í laugina við grunna endann. Þetta eru helztu atriðin í sundhallarfyrirkomulagi, og er það nákvæmlega sama fyrirkomulag og á okkar sundhöll. Með fyrstu uppdráttum sem ég sýndi veganeftnd hafði ég snúið sundhöllinn þannig, að dýpri endinn snéri að Barónsstíg en grynri endinn austur (öfugt við það sem nú er). Þetta gerði ég af þeirri ástæðu, að eins og fyrr var nefnt, er mjög æskilegt að hafa aðganginn að grunna andanum og er það gert með tilliti til þess, að þegar sundlaugargestir koma frá steypiböðum, athuga þeir ekki í flýtinum hvar þeir koma að sundlauginn og steypa sér beint í laugina.[...] Af þessari ástæðu er meira öryggi við grunna endann, enda hefði ég ekki séð neina sundhöll erlendis, sem komið er að djúpa endanum nema Kaupmannahafnarsundlaugina og sundhöllina á Friðriksbergi og er það talinn mikill ókostur á þessum sundhöllum“.⁷⁴

Því næst bendir Guðjón á að mikill kostnaður sé að hafa aðgengi að þróarbotninum að neðan þar sem þróarbotninn vilji oft springa og ýmsar viðgerðir nauðsynlegar og því taldi hann mikilvægt að þetta fyrirkomulag væri haft þrátt fyrir að það væri dýrara og taldi að það myndi margborga sig síðar en veganeftnd hafnaði þeirri tillögu. Hann segist hafa byrjað á uppdrætti sundlaugarinnar í samráði við veganeftnd á miðju ári 1928 en hugmynd að stærð laugar hafi komið frá Dómsmálaráðherra. Á þessu tímabili segir Guðjón að hugmyndin hafi verið að hafa glerþak yfir allri lauginni og fékk hann tilboð í það en veganeftnd þótti það of dýrt og „felldi þá tillögu“. Í greinargerð Guðjóns kemur fram að snemma árs 1929 hafi hann farið til Norðurlanda til að kanna þjóðleikhúsbyggingar og hafi hann þá í leiðinni skoðað þær sundhallir sem voru á Norðurlöndum og rætt við arkitekta þar. Þegar heim var komið hafi hann áfram unnið að hönnuninni. Hann heldur áfram: „Byggingin boðin út að haustin 1929, og samkvæmt því útboði átti að fullsteypa allt húsið og húða það allt að innan og utan. Kristinn Sigurðsson fékk ákvæðisvinnuna, en eftirlit með verkinu fyrir bæjarins hönd hafði Sigurður Ólafsson, verkfræðingur. Þessu verki þeirra var lokið og úttekt fór fram 4. okt. 1931, gerð af bæjarverkfræðingi. Að þessu loknu var ekkert aðhafst við sundhöllina og lítið um hana rætt við mig nema einstöku sinnum af íþróttamönnum. Þeir spurðu mig stöku sinnum hvort ég vissi til hvort nokkuð væri í undirbúningi með áframhaldið og kvaðst ég þá ekki vita neitt um það. Í ágúst 1934 virðist svo aftur kominn skriður á málið því 23. ágúst 1934 fær fjármálaráðuneytið (3) bréf frá borgarstjóra. Seinnipartinn í ágúst kom stjórn íþróttamanna til mín og fór að tala um sundhöllina. Sögðust þeir búast við að bráðlega yrði byrjað á sundhöllinni og fóru svo að tala um, að mjög æskilegt væri, að fá eina sameiginlega sundþró úr báðum sundþrónum og sögðu að þetta hefði alltaf verið ósk þeirra, en hinu vildi ég þó skjóta fram,

⁷³ <https://www.ibr.is/saga-ithrotta-i-reykjavik>

⁷⁴ Guðjón Samúelsson *Um aðdraganda og byggingarsögu Sundhallarinnar*, Húsameistari ríkisins, B189, Þjóðskjalasafn Íslands, bls. 1-10

að þegar fyrsti sundhallaruppdrátturinn var samþykktur með 2 sundþróm, þá virtust allir mjög ánægðir með það.“⁷⁵

Í framhaldinu segir Guðjón að hann hafi alltaf haft þessa umræðu um eina laug eða tvær á í huga og því búið svo um hnútana að samtals voru báðar laugar 33 1/3 m að lengd. Af sömu ástæðu hafi hann einnig sett vegginn á milli þeirra þannig að unnt yrði að fjarlægja hann ef þyrfti. „Nokkru eftir að íþróttamenn töluðu við mig, hringdi fyrrverandi borgarstjóri Jón heitinn Þorláksson til mín, og spurði mig að því, hvort ég myndi ekki vinna að húsameistarastörfum við sundhöllina ef byrjað yrði aftur. Ég tók þessu mjög dauflaga og sagði að þetta verk væri fyrir utan mitt embættisstarf. Þegar ég byrjaði á starfinu og gerðist að nokkru leyti brautryðjandi þess, taldi ég líklegt að þeir, sem ættu að njóta starfsins, myndu sýna skilning og velvild til þess, en svo hefir mér ekki reynzt, öðru nær. Og ég vildi ekki eiga í sífeldum erjum út af þessu, en Jón sálugi lagði mjög hart að mér að halda áfram með verkið, og sagði að ef ég hætti við það, þá þýddi það að verkið kæmist ekki áfram, því hér væri enginn, sem kynni neitt til sundhallabygginga. Að síðustu gekk ég inn á það, að halda áfram í þeirri von að betri skilningur kæmist á þetta mál.“⁷⁶

Guðjón segir þó að áður en hann hafi byrjað á verkinu hafi hann fengið bréf frá bæjarráði með alls kyns athugasemdum (m.a. frá stjórn íþróttamanna) sem honum hafi þótt fáránlegar, svo einkennilegar raunar að hann taldi sig knúinn til að fá yfirlýsingu frá stjórn íþróttamanna um óskir þeirra og hafi hann þannig ætlað að reyna að fá frið um framhaldið. En svo fór að einn stjórnarmanna (Kjartan Þorvarðarson) neitaði að skrifa undi yfirlýsinguna þar sem hann taldi hana árás á bæjarverkfræðing og hann taldi sundhöllina afar misheppnað og best hefði verið að hún lægi í rústum.

Guðjón skrifar: „Út af samtali okkar um þetta mál skrifaði Kjartan sál. svo langar skammargreinar og svívirðingar um sundhallarbygginguna í Morgunblaðið 1934, tölubl. 230, 231 og 233. Ég verð að segja að mig langaði mjög að skrifa svargreinar við þessu blaðaskrif, þótt ég vissi, að hér væri um fádæma illgirni og þekkingarleysi og reynt að gera sundhallarmálinu allt hið illa sem unnt var, en á hinn bóginn áleit ég, að með óþverra blaðaskrifum, ósanngjörnum og heimskum, mætti gjörsamlega eyðileggja allt sundhallarmálið. Áleit ég því réttast að þegja. Fyrst ég hafði tekið að mér að fullgera sundhöllina hvað húsameistarastörfum viðvök og vissi að landsstjórn og bæjarstjórn vildu offra svo miklu fyrir íþróttamálin, þá vildi ég gera allt til þess að heimska eins af svokölluðum íþróttamönnum eyðilegði ekki allt fyrir komandi kynslóðum og áleit að þegar sundhöllin væri fullgerð myndi hún sjálf dæma sig.“⁷⁷

Í greinargerðinni kemur þó fram andsvar við sumum af „aðdróttunum“ Kjartans. Guðjón segir það rétt að laugin hafi þurft að vera dýpri (4-5 m í stað 3.5 m eins og hún var) en hann segir að alþjóðareglur kveði þó á um 3.5 m. Hann hafi sagt að hreinsiklefar hafi verið helmingi of litlir en reynslan hafi sýnt að þeir hafi verið alveg nógu stórir. Stærsta atríðið hafi hins vegar verið það sem Kjartan hafi nefnt „vöntun á áhorfendasvæði“ en pláss sé fyrir 450 manns og fram að þessu hafi flest mætt 200-300. Guðjón segir að það einkennilega hafi verið að eftir „árásir“ Kjartans hafi mikill hluti íþróttamanna byrjað að skammast og kvarta yfir sundhöllinni þrátt fyrir að margir þeirra hafi lítið vitað um málið. Guðjón segir svo „Þegar sundhöllin var teiknuð, var gert ráð fyrir því, að ekki væru þar sameiginleg böð karla og kvenna [þ.e. að karlar og konur færu ekki í laugina á sama tíma og hún því aðeins opin fyrir annað kynið í einu og því ekki gert ráð fyrir búningsklefum fyrir bæði kyn heldur sameiginlegum búningsklefa sem notaður væri af konum og körlum til skiptis],

⁷⁵ Sama heimild

⁷⁶ Sama heimild

⁷⁷ Sama heimild

enda var þá engin sundhöll á Norðurlöndunum með því fyrirkomulagi og mjög fáar sundhallir t.d. í Þýskalandi. [...]Skömmu eftir þennan tíma var Kaupmannahafnarsundhöllin byggð, og þá var það fysta sundhöllin með því fyrirkomulagi, sem byggð var á Norðurlöndunum.[...] Þegar Kaupmannahafnarsundhöllin hafði starfað nokkra stund, þótti þetta fyrirkomulag heppilegt og fór að ryðja sér til rúms og m.a. urðu Oslobúar að breyta fyrirkomulaginu á Torvgatansbað í Oslo, og gerðu þar sameiginleg böð karla og kvenna, og eftir því sem forstjórinn í Wien sagði mér, kostaði sú breyting að mig minnir 40 þús. kr. Samskonar breyting og fyrr er nefnd, að gerð var á Torvgatansbað í Oslo, verðum við að gera á okkar sundhöll því hún er gerð eftir sama fyrirkomulagi og tíðkaðist yfirleitt á þeim tíma, er hún var reist. Við verðum því fyrir sömu áföllum og Torvgatansbað, að breyta öllu fyrirkomulaginu í samböð, en sá er munurinn á, að í Oslo kostaði þetta ca. 40 þús. kr, en hjá okkur kostaði þessi breyting ásamt niðurrifi á vegg í laug kr. 5-6.000.⁷⁸

Hann bætir við að eina rétta greinin sem hafi komið í dagblöðum sé grein Erlings Pálssonar, yfirlögregluþjóns í janúar 1936 sem hafi verið skrifuð af sanngirni og yfirvegun enda hafi hann gert sér far um að kanna sundhallir í öðrum löndum.

Samkvæmt spjaldskrá úr Menntamálaráðuneyti (frá því um miðja 20. öld) var í fyrstu reiknað með að laugin yrði 22.22 x 10 m en síðar var ákveðið að hún skyldi verða 33 1/3 x 10 m. Sundhöllin markaði nokkur tímamót í sundlaugagerð hér á landi því þar var hreinsitækjum (síun á laugarvatni og klórblöndun) í fyrsta sinn komið fyrir í sundlaug.⁷⁹ Í bókinni *Auður úr iðrum jarðar* kemur fram að jafnvel þótt vatnið í Sundhöllinni hafi komið úr þvottalaugunum 1938 þá hafi sundhöllin í raun ekkert notað af heitu vatni heldur hafi þangað einungis runnið bakrennslisvatn „volgvatnsveitunnar“ frá 26 íbúðarhúsum „gömlu hitaveitunnar.“⁸⁰ Í gögnum frá Menntamálaráðuneyti segir „Fyrstu árin var heitu vatni dælt frá Þvottalaugunum en eftir að sú leiðsla bilaði var heita vatnið tekið úr leiðslu frá Hitageymslunum á Öskjuhlíð.“⁸¹

Sundhöllin hefur hlotið margvíslegt viðhald í gegnum árin. Árið 1980 voru settir heitir pottar á svalir við austurhlið hússins. Árið 2001 voru gerðar enn frekari breytingar á Sundhöllinni. Þá var sett eimbað á svalir og breytingar gerðar á afgreiðsluborði og ljósbaðsstofu. Samkeppni var haldin um gerð útisundlaugar við Sundhöllina og árið 2017 var Sundhöllin opnuð aftur eftir umfangsmiklar endurbætur og viðbyggingu eftir vinningstillögu VA arkitekta.

Þann 20. desember 2004 var Sundhöllin friðuð með sérstöku ákvæði og nær friðunin tekur til ytra borðs og innra borðs laugar, búningsklefa og sturtuklefa Sundhallar Reykjavíkur.⁸²

Mjög ítarleg umfjöllun um Sundhöllina, ásamt teikningum er að finna í bók Péturs H. Ármannssonar um Guðjón og vísast hér til hennar fyrir ítarlegri lýsingu á byggingarsögunni.⁸³

⁷⁸ Sama heimild

⁷⁹ Þorsteinn Einarsson, *Drög að sögu íþróttamannvirkja*

⁸⁰ Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar*, bls. 280

⁸¹ DD 95 Þjóðskjalasafn Íslands.

⁸² Gagnagrunnur Minjastofnunar Íslands

⁸³ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 234-246

VARMÁRLAUG (1927-1933?)

*Staðsetning: Við Varmá**Byggingarár: 1927**Helstu endurbætur:**Staða/ástand: Horfin, leifar dýfingapalla sjást.**Höfundur: óþekktur?**Byggt af/ eigandi: Sigurjón Pétursson/UMF Afturelding?**Yfirbyggð/ opin: Opin**Hitun: Jarðvarmi*

Í *Mosfellsbær: saga byggðar í 1100 ár*, segir: „Samfara auknum framfarahug á Íslandi á seinni hluta 19. aldar horfðu menn til nýrrar nýtingar á jarðhita. Eitt af því var sundkennsla og var Mosfellsveit hentug til sundiðkunar, einkum Varmá. Í ána féllu heitir hveralækir í Reykjahverfi og hitastigið gat verið hæfilegt til sunds. Björn Bjarnason kenndi piltum sund í Varmá og segir í minningarskrifum sínum: „Sundpoll gerði ég við einn volga lækinn, og kendi þar nokkrum piltum sund. En sá galli var á, að moldarjarðvegur var að pollinum á alla vegu og í botni, og vildi gruggast vatnið, er farið var að busla í því.“⁸⁴ Þar segir einnig að baðhús vinnufólks á Reykjum hafi verið reist við Varmá árið 1910.

„Að frumkvæði Lestrarfélags Lágafellssóknar var laugarfélag stofnað í Mosfellsveit árið 1895 sem hafði sundiðkun og sundlaugargerð á stefnuskrá sinni. Félagsgjaldið var ein króna þeir sem unnu við laugagerðina voru undanþegnir félagsgjaldi. Utanfélagsmenn gátu fengið að fara í laugina á sunnudögum, klukkustund í senn og skyldu þeir greiða 25 auro í aðgangseyri. Konum og körlum var ekki hleypt samtímis í laugina.“⁸⁵

Verksmiðjurekstur við Álafoss, hófst árið 1896 og í tengslum við hann varð nokkur framþróun í sundlaugarmálum eftir að Sigurjón Pétursson glímukappi tók við rekstrinum og starfrækti samhliða honum ýmsa starfsemi, s.s. íþróttaskóla og sundlaug. Þá var „Varmá stífluð ofan við fossinn og myndaðist þar mikið lón, um 100 metrar á lengd og 20 metrar á breidd. Reyndist staðurinn hinn ágætasti sundstaður og var haft á orði að hér væri komin ein lengsta sundlaug í heimi. Ungmennafélagið Afturelding gekkst fyrir sundkennslu í Varmá og sundvakning virðist hafa skapast meðal Mosfellinga. Ekki er getið um sundlaugarhús við eldri laugar í Varmá en hún var notuð í tengslum við íþróttaskóla sem Sigurjón Pétursson starfrækti (Íþróttaskóli Álafoss) á staðnum fyrir börn og unglínga. Þar var m.a. kennd leikfimi og sund. Keppt var í sundi, dýfingum og sundknattleik. Skólinn lagðist niður 1940. Þá stöðvuðust allar frekari framkvæmdir við skólann og starfsemi hans lagðist niður.“⁸⁶


Í *Skinfaxa* 1909 er þess getið að það hafi verið UMF Aftureldingu í Mosfellsveit (stofnað var þann 11. apríl 1908) sem hafi gert sundlaug í Varmá⁸⁷ og nokkrum árum síðar, eða 1915 er þess getið í sama blaði að í Mosfellsveit vinni Afturelding nú að því að koma sér upp „verulega góðri sundlaug

⁸⁴ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær Saga byggðar í 1100 ár*, bls. 265

⁸⁵ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær Saga byggðar í 1100 ár*, bls. 265–266

⁸⁶ Sama heimild, bls. 304-310

⁸⁷ *Skinfaxi*, 12.01.1909, bls. 22



Sundskálinn við Varmá. Myndir frá vígslu. Mynd til vinstri í eigu Héraðsskjalassafns Mosfellsbæjar en mynd til hægri er úr grein í Íþróttablaðinu um vígsluna (1. september 1927, bls. 100)

og verður hún nokkuð dýr.⁸⁸ Samkvæmt myndatexta í bók Sveins Þórðarsonar *Auður úr iðrum jarðar* lét Sigurjón Pétursson reisa sundskála á þessum stað 1927 en líklega var það í samvinnu við ungmennafélagið. Sundskáli var vígður þann 12. júní 1927.⁸⁹ Í *Lesbók Morgunblaðsins* 1926 kemur fram að lónið í Varmá sé einhver allra besta sundlaug á Íslandi og þar segir svo: „Í sumar bygði Sigurjón á eigin spýtur stóran sundskála og stökkpall hjá lauginni, og í vor lærðu 28 menn að synda þarna.“⁹⁰ Í *Íþróttablaðinu* sama ár er sundlaug og sundskála lýst og kemur þar fram að skálinn var vígður 12. júlí sama ár. Í greininni segir: „Sundskálinn er 4,10 metr. á breidd, 6,60 metrar á lengd og 3,15 metr. á hæð. Má einnig nota hann sem glímuskála. Hitaleiðsla liggur í gegn um hann og sólbáðsskýli er framan við hann. Frá honum liggur gangbrú út á dýfingarpallinn, en við hliðina á honum má líka vaða út í laugina.“⁹¹

Í upptöku sem varðveitt er í Ísmús ræðir Haukur Níelsson um ýmislegt er varðar sund- og íþróttaiðkun segist hann aðspurður ekki hafa stundað íþróttir þar sem þau námskeið sem voru í gangi við Varmá hafi verið fyrir aðkomufólk (sem hafi verið í fæði og upphaldi á meðan á námskeiðinu stóð) en ekki fyrir heimafólk. Sérstök sundnámskeið voru haldin fyrir heimamenn. Fyrsti sundkennarinn sem hann man eftir var Sveinn Þórarinnsson sem var Þingeyingur af ætt (einnig málari). Þá voru gerðar Mullers æfingar á morgnanna og sund var kennt úti í lauginni (en þá var ekki komin innilaug) og daglegar gönguferðir. Ein fyrsta sundkennsla sem hann man eftir var þegar fermingarbörn úr Útskálasókn komu á námskeið sem varði um hálfan mánuð. Þarna voru dýfingarbretti, eitt mjög hátt en fleiri lægri og æfði fólk þar dýfingar líka. Fyrsta mótið í sundknattleik (á landinu) fór fram á Álafossi, í lóninu við Varmá. Hann segir að laugin hafi ekki verið mjög köld þótt hún hafi verið misheit. Einn dag á ári var ekkert unnið í verksmiðjunni og allir karlmenn þurftu að moka leðjunni (mikið á annann meter) sem safnaðist fyrir í lóninu, langmest næst stíflunni beggja vegna við árstrauminn sem ætlaður var til að hreinsa lauginni.

Lítið er vitað um elsta sundskýlið við Varmá en í gögnum frá Íþróttasjóði má sjá að stöðluð teikning af einföldu sundlaugarskýli er á meðal gagna um laug í Varmá. Hún er þó dagsett 1943 þannig að varla er hún af því húsi sem þar reis 1927.⁹² Ári eftir að laugarhúsið reis, 1928 tekur Íþróttaskólinn á Álafossi til starfa. Í auglýsingu frá 1929 kemur fram að strax er farið að safna fyrir

⁸⁸ *Skinfaxi* 01.11.1915, bls. 128

⁸⁹ Sveinn Þórðarson. *Auður úr iðrum jarðar*. 1998, bls. 79

⁹⁰ *Lesbók Morgunblaðsins* 25.09.1926, bls. 303

⁹¹ *Íþróttablaðið* 01.09.1927, bls. 99-100

⁹² Teikning af sundskýli, varðveitt meðal gagna frá Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafni Íslands

nýjum og betri sundskála.⁹³ Árið 1930 er staðnum lýst á eftirfarandi hátt: „Þar er hin ágætasta sundlaug hér á landi. Hún er 100 metrar á lengd og 20-40 m. á breidd. Vatnið í henni er 22 gráðu heitt. Tveir stökkpallar eru við hana, annar 1 m. og 90 cm. á hæð, og hinn 3 metra hár. Sundskáli var bygður þar árið 1926 og síðan hefir sundkensla farið þar fram á hverju sumri. S.l. voru voru 20 drengir þar að sundnámi. Þeir voru á aldrinum 8-14 ára og lærðu að synda á 5 vikum, enda höfðu þeir ágætan sundkennara, þar sem var Vignir Andrésson, sá hinn sami, sem áður var sundskálavörður í Örfirisey. Alt starfsfólk verksmiðjunnar lærir að synda, og að loknu erfiði dagsins þvær það annirnar af sér í volgri lauginni næstum daglega, enda segir Sigurjón að lækiskostnaður sinn vegna starfsfólksins sé mjög lítill, og þakkar hann það hinni ágætu laug.”⁹⁴

Í grein í *Vísir* 1930 kemur fram að Sigurjón hafi látið koma fyrir raflýsingu við laugina til að hún nýttist betur og kemur þar fram að beðið hafi verið um slíka lýsingu í Reykjavík árum saman án árangurs.⁹⁵ Ekki er vitað hvenær húsið vék en líklega var það um svipað leyti og ný sundlaug var tekin í notkun í Álafoskvosinni árið 1933.

⁹³ *Morgunblaðið* 13.09.1929, forsíða

⁹⁴ *Alþýðublaðið* 05.09.1930, bls. 3

⁹⁵ *Alþýðublaðið* 5. september 1930, bls. 3 og *Vísir* sama dag, bls. 3-4

SUNDLAUG ÁLAFOSS, MOSFELLSBÆ (1933-)

Staðsetning: Álafossvegur 22, Mosfellsbæ

Byggingarár: 1933

Helstu endurbætur: 1998, 2000

Staða/ástand: Hús stendur, nú nýtt sem hljóðver


Höfundar: Einar Sveinsson og Eiríkur Einarsson arkitekta

Byggt af/ eigandi: Álafossværksmiðjan

Yfirbyggð / opin: Yfirbyggð

Hitun: Jarðvarmi

Fljótlega eftir að sundskáli var gerður við sundlaugina í Varmá komu fram hugmyndir um að bæta aðstöðu til sunds enn frekar. Strax 1929 var byrjað að safna fyrir nýjum sundskála en síðar urðu hugmyndirnar enn stærri. Í blaðgrein um starf Sigurjóns Péturssonar og laugar Álafoss frá 1934 segir: „Í hinni gömlu sundlaug á Álafossi, er Sigurjón lét gera á fyrstu árum sínum þar, geta alt að því 100 menn eða jafnvel fleiri, verið að sundi samtímis. Sú laug er opin, sem kunnugt er, og talin ágæt. — Þar hefir sundkenslan farið fram undanfarin sumur. Sigurjón er óvenjulega stórhuga íþróttamaður. Og hann gat ekki sætt sig við það til lengdar, að þess væri ekki kostur að iðka sund á Álafossi að vetrinum. Vitanlega geta þeir, sem hraustir eru, notað hina opnu laug í vetrarveðrum, en hinir munu þó fleiri, sem kveinka sér við því að fara í opna sundlaug að vetri til í misjöfnu veðri. S. P. ákvað því að koma upp nýtísku sundlaug undir þaki. Og hann var ekki að melta og sjóða þá fyrirætlan með sér von úr viti, heldur hófst þegar handa, með þeirri atorku, sem honum er láginn. Og nú er hin nýja sundlaug tekin til starfa fyrir all-löngu. Hefir fólkið flykst að Álafossi síðustu vikurnar og sundgestir skift hundruðum suma dagana. Hin nýja sundlaug er 15 m. löng, 7 m. breið og 5 ¾ m. há. — Vatnið er tveggja metra djúpt, og sífeldur straumur í laugina og úr henni. En alt vatnið endurnýjast einu sinni á sólarhring. Hrákarennan er við annan hliðvegginn og streymir þar um vatn jafnt og þétt. Er slíkt til mikilla bóta og raunar alveg sjálfsgöð þrifnaðar- og heilbrigðisráðstöfun. Í botni laugarinnar er komið fyrir rafmagnsljósum og lýsa þau svo vel, að nægilegt reynist að kveldi, þó að annara ljósa njóti ekki. Gluggar eru á suðurgafli laugarinnar og vesturhlið, og hitaleiðslur um allt húsið. Enginn má fara óþvegin í laugina og eru steypuþæki í sérstökum klefum, bæði fyrir karla og konur. Þar er og sápa og annað, er þurfa þykir. — Gestir skulu og taka sér kalda steypu til hressingar, er þeir koma



Uppmaling og teikning Gunnars Mús Eðvarðssonar frá 1997 af sundlauginni sem þá var breytt í vinnustofu listamanns og stúdíóbúð. Ekki fundust upprunalegar teikningar Einars Sveinssonar og Eiríks Einarssonar af lauginni. Teikning af kortaref Mosfellsbæjar

úr lauginni. Við stökkpallana eru skálar með vatni, og skulu gestir lauga þar fætur sína, áður en þeir leggjast til sunds. Búningsherbergi karla og kvenna eru hin þokkalegustu og raflýst. Gert er ráð fyrir, að leikfímishús verði reist við aðra hlið sundlaugarinnar, undir eins og S. P. treystir sér til að leggja í þann kostnað. En á þaki sundlaugarinnar verður sólskýli. Norðanmegin lækjarins (árinnar) verður íbúðarhús íþróttaskólans. Sigurjón Pétursson er einn hinn merkasti íþróttafrömuður hérlendur, og sjálfur þjóðkunnur garpur í mörgum íþróttageinum. Hann var lengi glímukonungur landsins, sem kunnugt er, og þótti ekki dælt við hann að fást. Það er bersýnilegt, að þörfin fyrir hina nýju sundlaug á Álafossi hefir verið mikil. Um það ber órækt vitni hin mikla aðsókn, sem þar hefir verið daglega að kalla má, síðan laugin tók til starfa. Eins og áður segir, hafa sundgestir skift hundruðum suma dagana og stundum dag eftir dag. – Er þess að vænta, að áhuginn fari heldur vaxandi en þverrandi, því að það er hverjum manni gott, ungum jafnt sem rosnum, að fara í volga laug, synda þar góðan sprett og lauga sig því næst í köldu vatni.”⁹⁶

Í tilefni af víglsunni orti Egill Sigurðsson eftirfarandi vígslukvæði⁹⁷

Hér er höll, með heitum legi.

Hér má fólkið leika sér.

Hér má synda á hverjum degi,

hvernig sem að veður er.

*Ef um landið væri víða
vatn í kennslu í svona þró
færri myndu börn þá biða
bana af að falla í sjó*

*Hefur löngum heyrst á fróni:
„heiður þeim sem heiður ber“.
Sigurbjörgu og Sigurjóni
Sundhöllina þökkum vér.*

⁹⁶ *Vísir* 26.05.1934, án blaðsíðutals

⁹⁷ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær Saga byggðar í 1100 ár*, bls. 310



Mynd til vinstri Álafosslaug vígð 1933 af <https://skjalavefur.bermos.is>. Mynd til hægri tekin af húsinu 2022.

Í spjaldskrá úr Menntamálaráðuneyti frá því um miðja 20. öld kemur fram að eigandi laugarinnar er enn Álafossværksmiðjan og er laugin sögð yfirbyggð og 12.5 x 6 m stór. Þar kemur fram að síðast hafi verið kennt í lauginni 1959 og hún sögðu „horfin“ en húsið stendur raunar enn þótt ekki sé það nýtt sem sundlaug.⁹⁸ Álafosslaug var meðal fyrstu lauga sem byggt var yfir ásamt lauginn á Laugum í Reykjavhverfi, Sundskála Svarfdæla og Sundskálanum í Sælingsdal. Í viðtali 1939 hélt Sigurjón Pétursson því fram að hún væri fyrsta sundhöll landsins en ekki er það alveg rétt. Í viðtalinu greinir hann svo frá: „Að minnsta kosti sá ég og skildi fyrstur allra gildi baða og sunda og lét reisa fyrstu sundhöllina á Íslandi. Stendur hún hjá klæðaverksm. minni, Álafoss, sem er skammt frá Rvík. Þar vinna um 100 manns, sem eru nú allir syndir og fá sér bað daglega.“⁹⁹

Í Sögu Mosfellsbæjar segir: „Á 4. áratugnum var reist sundhöll að Álafossi eftir teikningu Einars Sveinssonar (1906–1973) og Eiríks Einarssonar (1907–1969) og var hún vígð árið 1933 [...]. Álafosslaugin var mikil lyftistöng fyrir sundiðkun í Mosfellssveit. Hreppsyfirvöld gerðu samning við Sigurjón um gjaldfrjás afnot Mosfellinga af lauginni og kennslu skólabarna í bringusundi og baksundi. Greiddi hreppurinn fyrir það fast verð, 500 krónur á ári. Álafosslaugin var notuð til sundkennslu skólabarna um 30 ára skeið [...]. Álafosslaugin var eini opinberi sundstaðurinn í Mosfellssveit þar til Varmárlaug var vígð þar árið 1964.“¹⁰⁰

Samkvæmt myndatexta í bók Sveins Þórðarsonar *Auður úr iðrum jarðar* (1998, bls. 79) kemur fram að laugin var fjölsótt af hermönnum á stríðsárunum en eftir að Varmárlaug var vígð árið 1964 var hún aflögð sem sundlaug og notuð í sambandi við gólfteppagerð á Álafossi.¹⁰¹

Árið 1998 var laugarhúsinu breytt í vinnustofu og íbúð listamanns, en teikningar að breytingunum gerði Gunnar Már Eðvarðsson. Aftur var húsinu breytt árið 2000 og komið þar fyrir tónlistarstúdíói.¹⁰²

⁹⁸ DD 95 Þjóðskjalasafn Íslands


⁹⁹ *Dagblaðið Vísir*, 30.08.1939, bls. 7-8

¹⁰⁰ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær Saga byggðar í 1100 ár*, bls. 307–310

¹⁰¹ Sveinn Þórðarson. *Auður úr iðrum jarðar* 1998, bls. 79

¹⁰² Upphaflegar teikningar hússins hafa ekki fundist en teikningar að breytingunum er að finna á Kortavef Mosfellsbæjar.

VESTURLAND



Sundlaugar á Vesturlandi. Lofmynd: Lofmyndir ehf

BJARNALAUG, AKRANESI (1944-)

Staðsetning: Laugarbraut 6

Byggingarár: 1944

Helstu endurbætur: 1951 (yb.), 1972, 1981

Staða/ástand: Í notkun


Höfundur: Guðjón Samúelsson, Bárður Ísleifsson arkitektar

Byggt af/eigandi: Akranesbær, Ríkissjóður (sjá þó*)

Yfirbyggð/opin: Opin en síðar yfirbyggð

Hitun: Olúkyntt framan af, hitaveita frá 1982

Í yfirlitsskjali um byggingar Guðjóns Samúelssonar í bók um hann kemur fram að hann hannaði sundhöllina á Akranesi árið 1943 og er teikningin þar merkt honum og Bárði Ísleifssyni.¹⁰³ Í yfirlitsriti úr Menntamálaráðuneyti er arkitekt sagður Bárður Ísleifsson. Laugin var vígð á sjómannadaginn 1944. Hún var 12 x 5.6 m að stærð.¹⁰⁴





Bjarnalaug. Efst mynd og mynd til vinstri eru frá Ljósmyndasafni Akraness en neðri mynd til hægri birtist í greininni Önnur stórgjöf til Akraneskaupstaðar (Akranes 1944, bls. 88) og þar sést vel að laugarþróin er opin.

Laugin er kennd við Bjarna Ólafssonar en *minningasjóður hans, Skipstjórafélagið Hafþór og sjómanna- og vélstjóradeild Verkalýðsfélags Akraness kostuðu gerð laugarinnar og gáfu hana svo

¹⁰³Pétur Ármannsson. 2020, bls. 403

¹⁰⁴Yfirlitsrit úr menntamálaráðuneyti, DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands



Bjarnalaug. Teikningar merktar Guðjóni Samúelsyni og Bárði Ísleifssyni dagsettar 2. júní 1943. Þjóðskjalasafn, Húsameistari ríkisins, C383_03

bænum. Minningarsjóður Bjarna var stofnaður í kjölfar slyss sem átti sér stað í febrúar 1939 þegar Bjarni og þrír aðrir sjómenn drukknuðu nærri fjörunni við Teigavör. Varð það hvati mikilla umræðna um öryggi sjómanna og mikilvægi sundkennslu og þess að koma upp sundlaug í bænum. Ítarlega var fjallað um laugina, aðdraganda byggingar og vígsluna í grein í *Akranesi* skömmu eftir vígsluna. Þar kemur fram að einhugur var í sundlaugarnefndinni sem undirbjó framkvæmdina um hvar laugin ætti að vera. Lóðin var keypt af kvenfélaginu á staðnum og að auki var keyptur lítill hluti af einkalóð. Eftirfarandi atriði voru höfð í huga við staðarvalið: „1. Að hann er miðsvæðis í

bænum 2. Er fallegur og liggur vel við sól 3. Hvað leiðslur eru þarna stuttar og að ljósamótornum, sem er hitagjafinn. [...] Upphaflega ákvað nefndin ágreiningslaust að byggja laugina 25 m langa, með hliðsjón af að hún taldi það æskilegast, og að hennar dómi fullnægði ekkert annað kröfum tímans. Íþróttafulltrúi ríkisins Þorsteinn Einarsson tjáði okkur þegar reynsla sína og annara í þessum málum. Öll sú reynsla var á þann eina veg, að ekki væri mögulegt að hita hér svo stóra laug á þann hátt sem hér væri hugsað. Af reynslu þeirra sem hita laugar sínar með kolum, sáum við líka að það var heldur ekki mögulegt vegna óhemju reksturskostnaðar.”¹⁰⁵

Í kjölfarið var ákveðið að hafa laugina 16 $\frac{3}{4}$ en eftir frekari bollaleggingar var niðurstaðan sú að laugin yrði að vera enn minni ef ætti að ná að hita hana upp án þess að kostnaður færi upp úr öllu valdi, eða 12.5 x 6.75 m að stærð. Í greininni er lauginni lýst á eftirfarandi hátt:

„Við þessa laug er allstórt áhorfendasvæði, en það þekkist hvergi fyrr hér á landi. Þrátt fyrir að endirinn yrði sá um stærðina að hún yrði ekki methæf, fannst nefndinni sjálfsagt að halda sig við fyrstu hugmynd sína um áhorfendasvæði. Það var af ýmsum talið úr okkur, en við lögðum eindregið fyrir húsameistara að teikna laugina þannig. Við erum mjög ánægðir yfir þessari tilhögun. Með þessu var og miklu hægara að koma fyrir sólskýli, sem fer ágætlega yfir áhorfendasvæðinu. Er ætlast til að við báða enda þess komi steyptr stig upp á skýlið. [...] Mesti vandi nefndarinnar í sambandi við bygginguna var efalaust yfirbygging sjálfrar laugarinnar. Erfiðleikarnir voru meiri í þessu efni en annars fyrir það, að þeir sem reynsluna höfðu annarsstaðar, sögðu sitt á hvað um gæði og galla opinnar laugar eða yfirbyggðrar. Við litum svo á, að það hefði vafalaust marga góða kosti að geta komist hjá yfirbyggingu. Bjartara og skemtilegra, hollara og heilsusamlegra, kostnaðarminna í byggingu og rekstri að hafa hana óyfirbyggða. Aðal hættan frá okkar sjónarmiði er sót, foksandur og allskonar rusl. Miklu meiri en sú sem stafar af kulda, a. m. k. þegar mótórnir eru meira eða minna notaðir. Hugsun okkar var því lengi sú, að geta tekið laugina í notkun fyrir miðjan vetur, svo þegar á liðnum vetri hefði getað fengist fullkomin reynsla í þessu efni. En því miður gat það ekki orðið. Með hliðsjón af þessu gerðum við engar ráðstafanir til yfirbyggingar í bráð. Og einmitt af þeim sökum eru veggirnir í kringum laugina sjálfa ekki múrhúðaðir, því að það er aðeins til að kasta peningum, að gera það ef byggt verður yfir. Við gerum því ráð fyrir að reynsla verði látin skera úr um þetta efni á næsta vetri, ef þessi reynsla hefur ekki þegar fengist við notkun í sumar og haust. Laugin sjálf er 12.50 m. á lengd og 6.75 m. á breidd. Dýpt laugarinnar er mest 2 metrar, en 90 cm. þar sem hún er grinst. Áhorfendasvæðið er þrjú upphækkaðir pallar við suðurhlið. Breiðir gangar eru á hina þrjá vegu. Forhlið og aðaldir snúa að Freyjugötu. Framan við húsið eru myndarlegar tröppur. Af þeim er gengið inn í anddyri laugarinnar. Inn að lauginni liggja 3 smá herbergi hvert við hliðina á öðru. Norðast og næst stiga upp á efri hæð, þar sem Rauða-krossdeild Akraness hefur Gufubaðstofu — liggur herbergi, sem ætlað er fyrir aðgöngumiðasölu, við hlið þess er herbergi fyrir kennara, og þá fyrir húsvörð. Úr öllum þessum herbergjum liggja dyr út að lauginni. Úr anddyrinu er ennfremur til beggja handa gengið inn í búningsherbergi laugargesta. Hægra megin, — eða að sunnanverðu — fyrir konur, en í norður álmunni fyrir karla. Þar inni eru bekkir og 22 fataskápar hvoru megin. Snyrtiherbergi fylgir og hverjum þessara klefa. Inn af þessum búningsherbergjum, — nær lauginni — eru baðherbergi með heitum og köldum steypiböðum. Úr þeim er svo gengið út í laugina, og eru það aðeins nokkur fótstílar. Byggingin öll er að flatarmáli 270 ferm. en 1263 kbm. Undir öllu aðal húsinu er mikill kjallari. Þar er ráðgert að koma fyrir tækjum til að hreinsa laugarvatnið. Þar eru og ágæt herbergi til geymslu. Ennfremur er þar miðstöðvarkynding hússins, svo og fyrir þrifaböðin. Gangur er og allt í kringum laugina

¹⁰⁵ Akranes 3. árg, 7-8. tbl, bls. 87-92

neðanjarðar. Á framhlið hússins er pallur til skjóls yfir dyrum, en þar fyrir ofan er letrað með stórum stöfum: Bjarnalaug.¹⁰⁶

Í greininni eru einnig taldir upp þeir sem að húsbyggingunni komu: “Óskar Sveinsson, sem haft hefur þar aðal umsjón og framkvæmd. Aðalsteinn Árnason, sem hefur annast alla múrhúðun, utan og innan. Sveinn Guðmundsson, hefur annast raflögn alla. Vélsmiðja Þorgeirs & Ellert, niðursetningu allra hitunartækja og vatnslögn að lauginni. Vélsmiðjan Jötunn í Reykjavík gerði svokallaðann „forvermara“ - það er stór járndúnkur, sem stendur út við ljósastöðina, en „púst“ vélanna er leitt í þennan kút og látið hita vatn sem rennur um hann í mörgum járnþípum. — Annar aðal- hitagjafi er svo kælivatn mótórana. - Lárus Árnason hefur séð um þá málningu sem þegar hefur verið framkvæmd. Hurðir og glugga hefur Lárus Þjóðbjörnsson smíðað. Einar Magnússon var umsjónarmaður hér í fyrra sumar. Teikningar voru gerðar af skrifstofu húsameistara ríkisins, í samráði við íþróttafulltrúa Þorstein Einarson, Óskar Sveinsson og nefndina. Miðstöðvar- teikningu gerði Sigurður Flygenring. Óskar gerði síðan ýmsar tillögur til breytinga eða viðauka meðan húsið var í byggingu, sem allar hafa verið til bóta. Hefur hann verið mjög áhugasamur um að þetta færi sem best úr hendi.”¹⁰⁷

Laugin var við vígslu afhent bæjarfélaginu til ævilangrar eignar með þeim skilyrðum að 1) aðgangseyrir væri ekki hærri en þyrfti til að reka lagina 2) Að þeir sem gáfu lagina fengju að velja 3 menn af 5 í stjórn hennar 3) að bærinn ritaði nöfn þeirra sjómanna sem druknað hefðu á þessum slóðum á stöpla framan við laug og 4) að húsi og tækjum væri vel við haldið.¹⁰⁸

Eins og fram kemur að ofan var laugin opin þegar hún var vígð en þó framhlið byggingarinnar að fullu gerð og hluti veggja umhverfis. Hafist var handa við að byggja yfir lagina vorið 1950 og yfirbyggingu árið 1951 og í nóvember það ár var laugin tekin í notkun sem sundhöll.¹⁰⁹

Í tilefni vígslu laugarinnar samdi Páll Guðmundsson eftirfarandi vísu sem hér er látinn fylgja:

*Bjarnalaug á Bjargi stendur,
besta minning hans.
Úti á sjó við Íslandsstrendur
aflakóngur lands.
Sundnám styrkið, sóma ei hallið
saman vinnið fljótt.
Akraness á æsku kallið.
Æfið líkamsprótt.*

Bjarnalaug er enn í notkun en bætt hefur verið við heitum potti utandyra.

¹⁰⁶ Sama heimild

¹⁰⁷ Sama heimild

¹⁰⁸ Sama heimild sjá einnig „Bjarnalaug og tengsl hennar við sjómannadaginn á Akranesi“. Grein rituð í blað sjómannadagsráðs 1979 af Herdísi Ólafsdóttur í tilefni af 40 ára afmæli Sjómannadagsins á Akranesi, „Önnur stórgjöf til Akraneskaupstaðar“, *Akranesi*, 3. árg, 7-8. tbl, bls. 87-9

¹⁰⁹ DD 95 spjaldskrá Menntamálaráðuneytis, Þjóðskjalasafn Íslands

LEIRÁRLAUG ELDRI HÚS (1920-C.1940?)

*Staðsetning: Leirá, Hvalfji.sveit**Byggingarár: 1920**Helstu endurbætur:**Staða/ástand: Leifar laugar á sínum stað,**hús líklega alveg horfin**Höfundur: Íþróttanefnd ríkisins (laug)**Byggt af/ eigandi: UMF Haukar**Yfirbyggð/ opin: Opin**Hitun: Jarðvarmi*

Undir þessari færslu er skráð laug og eldri laugarhús.

Leirárlaug er fornfræg laug og en þar lést Árni Oddsson lögmaður 1665. Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar er getið um laugina sem þeir lýsa sem lítilli, kringlótti og upphlaðinni baðlaug skammt frá hvernum. Þeir segja að þar hafi verið sæti fyrir 6-10 manns og hægt hafi verið að tjalda yfir hana. Aukinheldur geta þeir félagar þess að við laugina hafi verið tóft eða gerði þar sem laugargestir gátu klæðst/afkæðst.¹¹⁰ Í handriti um fornar laugar á Þjóðskjalasafni kemur fram að forn baðlaug er einnig með þessu nafni um 15 m gang upp með ánni frá Leirárskóla en engin merki þessarar laugar voru þá sjáanleg (þ.e. 1941).¹¹¹ Ítarlega var fjallað um Leirárlaug í tilefni á 60 ára afmæli hennar í sunnudagsblaði *Tímans* 1967 en þar segir: „Munnmælasaga er um það, að hin heita uppspretta hafi færzt úr stað eftir andlát Árna lögmanns, og engum vafa er undirorpið, að fótur er fyrir þeirri sögu, hvenær sem þetta hefur gerzt. [...] Í byrjun þessarar aldar vætlaði heitt vatnið aðeins upp úr nakinni móhellu við bakka Leirár, og engar líkur eru til þess, að þar hafi nokkurn tíma verið laug gerð fyrir þann tíma. Aftur á móti er bersýnilegt, að einhvern tíma fyrir meir hefur verið jarðhita- svæði miklu austar í flóanum, eigi langt frá upptökum svonefnds Tannakotslækjar, og má þar enn sjá hverahrúður og leirflög, þar sem gróður festir ekki rætur.“¹¹²

Í bókinni *Borgfizk blanda* er fjallað um sundlaugina Leirárlaug en þar kemur fram að laugin var stærð laugarinnar var 13 x 7 m og um helmingur af lauginni hafi verið 2/3 úr metra að dýpt en hinn hlutinn 2 m djúpur. Þar kemur fram að í uppsprettuaganu sé hitinn um 53 stig en h, en laugin full sé um 20 stig. „Lítið timburskýli var við laugina, þó með torfveggjum að einhverju leyti. Eyjólfur [V. Sigurðsson frá Fiskilæk] segir, að þetta sumar hafi sundkennsla hafist í lauginni, og var kennt á hverjum sunnudegi, ... Síðar hafi verið byrjað að kenna á námskeiðum, fyrst í vikutíma og síðan lengur.“ Eldri baðlaug er ekki skráð sérstaklega.

„Það var haustið 1907, að tveir menn í Leirársveit tóku sig til og hófu laugargerð við uppsprettuna í bakka Leirár. Þar voru að verki Eggert Gíslason, ungur bóndi í Leirárgörðum, og Árni Böðvarsson í Vogatungu, síðar ljósmyndari á Akranesi. Ekki höfðu þeir annað verkfæra en haka og skóflu, og með þeim hjuggu þeir upp móhelluna, sem þó var ekki auðunnin, enda víða í henni blá- og grýtishnullungar. En ekki settu þeir það fyrir sig, þótt oft þyrfti að reiða hakann til höggs og seint gengi að spæna upp móhellunni. Linntu þeir ekki fyrir en þarna var fenginn viðhlítandi bás inn í bakkann. Var síðan steipt fyrir framan básinn vorið 1908 og stóð Böðvar bóndi Sigurðsson

¹¹⁰ Eggert Ólafsson I. bindi. 1975, bls. 64

¹¹¹ Þorsteinn Einarsson *Handrit um fornar laugar*, DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

¹¹² „Upphaf Leirárlaugar fyrir sextíu árum“, *Tíminn*, 19.03.1967, bls. 218 og 228

í Vogatungu fyrir því verki. Úr timbrinu, sem notað var í mót, var síðan byggt ofurlítið skýli, þar sem fólk gat haft fataskipti. Laug sú, sem þarna fékkst, var tólf metra löng og sex metra breið. Ekki var vatnsmagnið meira en svo, að hún var þrjá sólarhringa að fyllast. Í þessari laug var samt kennt sund í fjöldamörg ár, og margt ungt fólk lærði þar að fleyta sér. Mjög fáir menn sunnan heiðar kunnu að fleyta sér þegar sund laugin var byggð. Fyrsti sundkennarinn við lagina var Þingeyingur, Ingvar að nafni en meðal þeirra, sem síðar kenndu þar, var Jón íþróttakennari Þorsteinnsson. Aðbúnaður allur var fátæklegur í fyrstu. Sundskýlur voru ekki til og busluðu menn naktir í lauginni fyrst í stað. Var þá sumum lítið um það gefið, er fólk kom aðvífandi til þess að horfa, svo sem oft var um messudaga á Leirá. En brátt eignaðist fólk sundboli, og flotbelgir voru gerðir úr kindarbjórum. Skýlið entist illa, og var þá gripið til þess ráðs að hlaða tóft skammt frá, og kom hún eftir það í stað skýlisins [sjá næstu færslu]. Þegar að því kom nú fyrir fáum árum, að barnaskóli handa sveitunum sunnan Skarðsheiðar, var byggður á Leirá, var borað í gamla laugarbakkann, og kom þá þar upp talsvert magn af sjóðandi vatni. Er það nú leitt alllangan veg, tvo eða þrjá kílómetra, niður að skólabyggingunum.¹¹³

Í tímaritinu *Akranesi* kemur fram í grein um vígslu Bjarnalaugar að strax eftir stofnun Ungmennafélags á Akranesi 1910 hafi félagið hafist handa við að auka sundkunnáttu fólks á svæðinu og árið 1911 er sundnámskeið haldið á þeirra vegum í Leirárlaug. Þar segir „Viðlega nemendanna var ekki alveg á sundlaugarbarminum. Hún var niður í Vogatungu.“¹¹⁴

Laugin var skráð í fornleifaskráningu af Fornleifastofnun Íslands árið 2003 en þar segir: „Það er fast austan við Leirá, 1,7 km norður af bæ. Nú er ekki talið líklegt að hún hafi verið ofan við Börðin, enda er enginn jarðhiti þar.“ Þarna eru nú leifar af steyptri laug sem hætt var að nota um 1970. Ekki sést til eldri lauga.¹¹⁵ Í heimildum gætir misræmis um það hvenær laugin var hlaðin og er ýmis sagt árið 1908 eða 1915/1920 en mögulegt er að laugin hafi verið endurhlaðin 1915/20.

Hér er skráð laug og elstu laugarhús byggð um 1908 úr timbri en ekki hafa fundist teikningar eða ljósmyndir af því skýli.

¹¹³ *Borgfirzka blanda VI*, bls. 105

¹¹⁴ *Akranes* 3. árg, 7-8. tbl, bls. 87-9

¹¹⁵ Birna Lárusdóttir og Oddgeir Hansson 2003, bls. 71–72,

LEIRÁRLAUG - YNGRI HÚS (1940?-1970?)

Staðsetning: Leirá, Hvalfi.sveit

*Byggingarár: 1940?**

Helstu endurbætur: 1960

Staða/ástand: Leifar laugar á sínum stað, líklega líka hluti af húsgrunni


Höfundur: Óþekktur

Byggt af/ eigandi: UMF Haukar

Yfirbyggð/ opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Leirárlaug var fyrst gerð árið 1908 en endurgerð á árunum 1915/20 (sjá fyrri færslu). Upphaflega var gert timburskýli við laugina en hér er skráð það hús sem byggt var síðar. Í bókinni *Borgfízk blanda* er fjallað um Leirárlaug og þar kemur fram að skýlið sem upphaflega var byggt við laugina entist illa og var þá gert nýtt skýli skammt frá og var það torfhláðið að hluta. „Þegar að því kom nú fyrir fáum árum, að barnaskóli handa sveitunum sunnan Skarðsheiðar, var byggður á Leirá, var borað í gamla laugarbakkann, og kom þá þar upp talsvert magn af sjóðandi vatni. Er það nú leitt alllangan veg, tvo eða þrjú kíló- metra, niður að skólabyggingunum.“¹¹⁶



Skýli við Leirárlaug, ljósmynd sem birtist í greininni Upphaf Leirárlaugar fyrir sextú árum, Timinn, 19.03.1967, bls. 218

Laugin var skráð í fornleifaskráningu af Fornleifastofnun Íslands árið 2003 en þar segir: „,,Talið er að laugin sem Árni Oddsson lést í hafi verið þar sem ávallt var sundlaug í seinni tíð. Það er fast austan við Leirá, 1,7 km norður af bæ. Nú er ekki talið líklegt að hún hafi verið ofan við Börðin, enda er enginn jarðhiti þar.“ Þarna eru nú leifar af steyptri laug sem hætt var að nota um 1970. Ekki sést til eldri lauga.¹¹⁷ Í heimildum gætir misræmis um það hvenær laugin var hláðin og er ýmis sagt árið 1908 eða 1915/1920 en mögulegt er að laugin hafi verið endurhláðin 1915/20.

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, kemur fram að eigandi laugar var UMF Haukar og hún var byggð 1920 og endurbyggð 1960.¹¹⁸ Samkvæmt *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* er laugin sögð 12.5 x 6.75 m að stærð, þá voru engir búningasklefar í nokkun við laugina. Arkitekt laugarinnar er þar sagður Íþróttanefnd ríkisins.¹¹⁹

Hér er í raun skráð yngri laugarhús byggð um 1940 en ekki hafa fundist teikningar eða ljósmyndir af því skýli. Laugarhúsið var úr torfi og timbri reis og er nokkuð óvenjulegt í sögu íslenskra laugarhúsa á 20. öld og birtist mynd af því í grein um laugina frá árinu 1967 en hefur fallið úr

¹¹⁶ *Borgfízk blanda VI*, bls. 105

¹¹⁷ Birna Lárusdóttir og Oddgeir Hansson 2003, bls. 71–72

¹¹⁸ DD 95, Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands

¹¹⁹ DD 05, *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands

notkun á tímabilinu 1968-1982. Af loftmynd að dæma er sundlaugarþróin á sínum stað og einhverjar leifar af húsbyggingu austan við.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

HREPPSLAUG (ELSTU LAUGARHÚS OG LAUG) (1928 -)

Staðsetning: Efri Hreppi, Skorradal

Byggingarár: 1928-30

Helstu endurbætur: 1950, 1958, 1981, 2020

Staða/ástand: Laug í notkun, sundlaugarhús
horfð vegna yngri bygginga?

Höfundur: Sigurður Björnsson byggingameistari

Byggt af/eigandi: UMF Íslendingur, ríkissj.

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Annað: Friðlýst 2014

Í *Borgfirzki blöndu* segir: „Daníel [F. Teitsson, árið 1936] segir, að fyrst hafi verið stíflað þar síki og veitt í það heitu vatni úr uppsprettum, sem koma upp í melnum norðan við Efra-Hreppstúnið. Að tilhlutan UMF Íslendinga hófst þarna sundkennsla árið 1912 [...]. Laugin, sem myndaðist við fyrnefnda stíflu, var um 80 m löng, 4-6 m á breidd og dýpið 1-2 m. Hitinn 18-25 á C. Daníel segir, að þessi laug hafi alltaf verið forarpollur, því erfitt hafi verið að hreinsa þetta síki.“¹²⁰ Í *Vísir* árið 1928 kemur fram að Guðjón Samúelsson húsameistari hafi verið á ferð um Borgarfjörð þá í mánuðinum með Benedikt Gröndal verkfræðingi. Tilgangur ferðarinnar var margþættur m.a. að mæla út stað fyrir nýtt fjós á Hvanneyri en einnig hafi þeir kannað hvaða staður kynni að henta best fyrir héraðsskóla. Að lokum kemur fram í greininni að húsameistarinn hafi athugað Hreppslaug við Andakilsá þar sem „sé í ráði að byggja sundlaug.“¹²¹



Hreppslaug. Báðar myndir eru úr Sarpi. Mynd til vinstri er tekin áður en laugin var lengd og laugarhús gerð undir norðurenda henna en mynd til hægri eftir að laugarhúsin voru komin undir laugina (Lpr/1997-14)

Laugin var byggð og rekin af UMF Íslendingi en teiknuð af Sigurði Björnssyni yfirsmið Hvítárbrúar. Strax árin 1928-1929 var steipt laug upp sem var „20x10 m og dýpt 1,5-3,2 m. Hitastig hennar er 20-30, en breytilegt eftir veðri, þar sem vatnið er leitt í hana í opnum tréstockum. Ekkert skýli var við laugina fyrst, og segist Daníel hafa notast við tjöld þess í stað.“¹²² Í dag er laugin sögð 25 m löng og hefur því líklega verið lengd um 5 m snemma, líklega fyrir eða um 1940.

¹²⁰ *Borgfirzki blanda VI* bls. 6 og 109

¹²¹ *Vísir* 02.05.1928 „Utan af landi“

¹²² *Borgfirzki blanda VI*, bls. 109, 6

Í grein sem birtist um laugina í *Bændablaðinu* 2014 var saga laugarinnar rakin. Þar kemur eftirfarandi fram: „Þann 13. mars 1928 tókust samningar milli Ungmennafélagsins og landeiganda í Efri-Hreppi (Guðrúnar J. Guðmundsdóttur og Þorsteins Jónssonar) um að Ungmennafélagið eignaðist landssvæði (um 370 m í ummál) fyrir laugina og leyfi til að nota heita uppsprettu á svæðinu fyrir laugina. Vinnan við sundlaugarbygginguna var að langmestu leyti unnin í sjálfböðavinnu af ungmennafélagsfólki. Allt bygginarefni laugarinnar var flutt sjóleiðina á pramma frá Borgarnesi að Skipalæk (við Skeljabrekku) og þaðan á hestvögnum að Efri-Hreppi. Öll steypa í mannvirkid var auk þess handhræð á tréþalli og hellt í mótin.“¹²³

Við norðurenda laugarinnar voru byggðir þrjú klefar með bárujárnsþaki, einn fyrir karla, einn fyrir konur og einn fyrir hesta enda komu flestir sundlaugagesta ríðandi til laugar til að byrja með. Á 6. áratugnum var hafist handa við byggingu nýs laugarhús og lauk smíði þess líklega 1955 en þó var það hugsanlega ekki fullbúið fyrr en 1969, eða lagað það ár, samkvæmt greininni í *Bændablaðinu*. Húsið var nefnt Laugarbúð. Auk þess að gegna hlutverki þjónustuhúss/sundlaugarhús hafði húsið ýmis önnur hlutverk, þar hélt ungmennafélagið Íslendingur fundi sína, þar var lengi bókasafn hreppsins auk þess sem húsið var leigt út til barnakennslu og félagsstarfsemi samkvæmt greininni.¹²⁴

Friðlýsing laugarinnar var að frumkvæði ungmennafélagsins.¹²⁵ Laugin var fyrsta steinsteypa sundlaugin í Borgarfirði og var friðlýst árið 2014. Minjastofnun Íslands lagði til að laugin yrði friðlýst „á grundvelli staðbundins menningarsögulegs gildis og fágætis, en laugin er eitt af elstu dæmum um upprunalegt steinsteyppt mannvirki sem tengist hagnýtingu heits vatns í þágu sund- og baðmenningar.“ Í texta Minjastofnunar Íslands segir einnig „að mati Minjastofnunar hefur Hreppslaug gildi frá sjónarhóli byggingarlistar sem óvenjulegt steinsteypumannvirki, hannað af Sigurði Björnssyni yfirsmið Hvítárbrúar. Laugin hefur mikið menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um félags- og íþróttastarf ungmennafélaganna og sem mikilvægur staður í menningar- og félagslífi héraðsins.“¹²⁶ Í álitinu kemur einnig fram að steypur hluti laugarinnar sé lítið breyttur en seinni tíma viðbætur svo sem handrið, skjólveggir og þjónustuhús séu heldur til lýta og er það undanskilið friðun. Einnig kemur fram að endurbætur séu aðkallandi og við húsakönnun mátti sjá að ástand steypuveggja laugarinnar að norðan og vestan var ekki gott.¹²⁷

Sjálft laugin fannst ekki í Fasteignamati en þar eru upplýsingar um búningsklefa (það hús sem var fullbyggt 1955- sem hér er fjallað um lauslega en ekki í sérstakri færslu þar sem húsin voru yngri en viðmið úttektar) og sundskýli/laugarbúð (byggt 1940) sem líklega eru búningsklefarnir undir laugarendanum sem skráðir voru með laug undir þessari færslu. Við hlið laugarhússins, undir lauginni var m.a. reist hesthús. Arkitekt sundlaugarhúss á austurbakka laugar var húsameistari ríksins.

Í grein um sögu laugar í *Bændablaðinu* kemur fram að sundkennsla hófst í lauginni árið 1930. Um langt skeið sóttu börn úr Borgarnesi sundkennslu í lauginni og tjölduðu þá í 1-2 vikur á bökkum Andakílsár á meðan. Samkvæmt greininni var þá sett upp mótuneyti í einum klefanum við sundlaugarendann. Klefarnir gegndu þannig ýmsum hlutverkum og var m.a. sett upp spunaverksmiðja í einum þeirra á vegum hreppsins og komu bændur með lopa og spunnu úr honum band. Í tengslum við þetta lét hreppurinn steypa gólf í umræddan klefa og setja upp ofn

¹²³ Huginn, Guðrún G. Guðmundsdóttir og Borgar Páll Bragason, *Bændablaðið*, 09.06.2014, bls. 46

¹²⁴ Sama heimild

¹²⁵ *Skessuborn*, 16.7.2014, bls. 145

¹²⁶ Gögn frá Minjastofnun Íslands, Huginn

¹²⁷ Sama heimild

með heitu vatni. Síðar fengu konur að nota klefann sem búningsklefa en það var þá eini klefnn með upphitun. Klefarnir voru notaðir fram yfir miðja 20. öld þegar hafist var handa við byggingu sundlaugarhúss sunnan við laugina. Fyrstu árin var engin heitur pottur við laugina en fljótlega var búin til stífla í gilinu ofan laugarinnar og var það einn helstu samkomustaður ungs fólks að kvöldagi. Síðar var samkvæmt greininni steiptur lítill pottur, um 1.5 m stór, í gilinu og rann vatn úr honum í sundlaugina. Var hann vinsæll samkomustaður að kvöldlagi og segir sagan að í honum hafi mest verið 13 fullorðnir einstaklingar.¹²⁸ Síðar var þessum potti lokað af heilbrigðisyfirvöldum en fleiri heitir pottar voru gerðir austan við laugina og voru þeir þrír talsins þegar sundlauginni var lokað vegna endurbóta í ágúst 2020.

Auk opunar fyrir almenning er skólasund kennt í lauginni og þar fara einnig fram sundæfingar auk þess sem þar eru haldin s.k. ármót fyrir nokkur ungmennafélög.¹²⁹ Í *Bændablaðinu* kemur fram að á fyrstu árum laugarinnar hafi melurinn sunnan við laugina verið ógróinn og þá hafi gjarnan fallið aurskriður ofan í laugina. Einhverju sinni hafi stór skriða fallið og þá hafi skólapiptar af Hvanneyri gert sér leik að því að ríða niður í vatnið og sundríða síðan um laugina. Í greininni kemur fram að rekstur laugarinnar verið erfiður fjárhagslega enda félagið aðeins 200 manna félag. Árlega hefur því verið sótt um ýmsa styrki til að tryggja rekstur hennar, m.a. frá sveitarfélaginu. Í tengslum við 80 ára afmæli Hreppslaugar 2008 var ástand laugar og húss kannað og var niðurstaðan m.a. sú að sjálft sundlaugarhúsið væri svo gott sem ónýtt. Ein ástæðan fyrir því (auk ónógs viðhalds) var sú að heitri lækjarsprænu hafi verið veitt undir húsið og hún séð um að hita það en samfelldur hiti og raki hafði einnig farið illa með viði hússins.¹³⁰

Þegar Hreppslaug var friðlýst var sundlaugarhúsið undanskilið og í kjölfarið var tekin ákvörðun um að rífa það og byggja nýtt hús. Við húsakönnun í Skorradal 2020 var húsið lauslega kannað fyrir niðurrif en sundlaugin skoðuð eftir að húsið hafði verið rífið í ágúst 2020. Sundlaugarhúsið var einfalt timburhús með mænispaki klæddu bárujárnri. Húsið var klætt skarsúð. Gengið var inn í það norðvestarlega á suðvesturhlið en þrennar dyr voru einnig á norðausturhlið, að sundlaug. Þegar húsakönnun var gerð á svæðinu snemma sumars 2020 hafði niðurrif búningsklefa verið heimiluð og í síðari skoðun, í ágúst 2020 hafði húsið verið rífið. Undir vesturenda laugarinnar eru fjögur steinsteipt rými sem upphaflega voru notuð sem búningsklefar sem líklega hefur verið bætt við þegar laugin var lengd um 5 m. Að mati þeirra sem gerðu húsaskráninguna væri vert að gefa eldri búningsklefum undir sundlaug meiri gaum og þarft að huga að endurbótum þeirra á næstunni.¹³¹

Lauginni var lokað í ágústbyrjun 2020 og sundlaugarhúsið þá rífið. Nýtt sundlaugarhús var reist í staðinni eftir teikningu Ómars Péturssonar Byggingarfræðings og var það vígt 5. júlí 2022.

Ekki hefur fundist teikning af laug eða eldri laugarhúsum.

¹²⁸ Huginn, Guðrún G. Guðmundsdóttir og Borgar Páll Bragason, *Bændablaðið*, 09.06.2014, bls. 46-47

¹²⁹ *Skessuborn*, 16.7.2014, bls. 145

¹³⁰ *Skessuborn*, 16.7.2014, bls. 145

¹³¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. *Húsakönnun í Skorradal* (væntanlegt)

SUNDLAUG LUNДАРREYKJARDALS/BRAUTARTUNGULAUG, (1947-)

Staðsetning: við Tunguá/Borg

Byggingarár: 1947

Helstu endurbætur: 1964, 1970

Staða/ástand: Í notkun

Höfundur: Húsameistari ríkisins

Byggt af/eigandi: UMF Dagrenning, ríkissj.

Yfirbyggð/öpin: Öpin

Hitun: Jarðvarmi

Fyrsta viðleitni til sundlaugargerðar við Brautartungu átti sér stað vorið 1894. Um veturinn hafði Tunguá myndað stóra lyngu og grafið mól úr eyrinni og í pollinn rann heitt vatn úr Brautatunguhver svo að hann svo að hann varð volgur.¹³² Í bókinni kemur fram að vorið 1913 hafi Ungmennafélagið Dagrenning hlaðið fyrir lita kvísl úr ánni (þar sem heitt vatn rann í úr Brautartungu-hver) og kennt þar sund þar um sumarið.¹³³ Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld kemur fram að fyrst var kennt í kvísl úr Tungnaá en frá 1913 hafi sundkennsla farið fram í laugarpollinum þarna og þar hafi verið kennt í mörg ár.¹³⁴ Árið 1917 kemur fram í *Skinfaxa* að Dagrenning í Lundarreykjardal hafi endurbætt sundlaug félagsins það ár. Ekkert sundskýli eða -hús var við þessar fyrstu laugar svo að vitað sé og því er þessi sundstaður ekki skráður á sérstakri færslu.¹³⁵

Í fréttum af ungmennafélaögum frá 1929 kemur fram að ungmennafélagið standi fyrir öflugri sundkennslu og til standi á vori komanda (1930) að steypa þar sundlaug.¹³⁶ Ekki virðist hafa orðið að þessum áætlunum a.m.k. benda heimildir til að sundlaug og laugarhús hafi fyrst verið vígð 1947. Gunnar Einarsson gaf félaginu um 3 ha land og hitaréttindi til að sundlaugin gæti orðið að



Sundlaugin í Brautartungu. Mynd til vinstri er úr Sarpi (myndanr. ÞJ-BnS_444) tekin af Þorsteini Jósepsyni á árabílinu 1947-65. Mynd til hægri er af facebook síðu félagsheimilisins.

¹³² *Borgfirzke blanda VI*, bls. 111-113

¹³³ *Borgfirzke blanda VI*, bls. 111

¹³⁴ Spjaldskrá DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

¹³⁵ *Skinfaxi* 01.12.1917, bls. 93

¹³⁶ *Skinfaxi* 01.04.1929

veruleika. Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld kemur fram að sundlaugin sé 12.5 x 6 m stór¹³⁷ en í yngra yfirlitsskjali (frá 1983) er hún sögð 12 x 6.75 m.¹³⁸ Þar kemur einnig fram að endurbætur voru gerðar á lauginn 1964 en segir jafnframt „Þessi laugarþó grotnaði niður og var endurbyggð að fullu sumarið 1970 og þá haldið í henni aftur sundnámskeið“.

Laugarhús Brautartungulaugar eru steinsteypt hús á einni hæð, undir mænisáspaki. Sú hlið sem snýr að laug var með þremur dyrum og gluggum á milli og til endanna. Húsin eru keimlík stöðluðum teikningum Bárðar Ísleifssonar af sundlaugarhúsum en gluggagerðin passar þó ekki að fullu við neina af þeim teikningum sem komu í leitirnar við yfirferð gagna frá Húsameistara og Íþróttnefnd. Langlíklegast verður þó að telja að Bárður sé höfundur laugarhúsanna.

Laugarþró er líklega nokkuð breytt frá upprunalegri gerð en laugarhús virðast lítið breytt á sínum stað. Sundlaugin virðist eitthvað notuð en hún virðist lítið opin.¹³⁹

¹³⁷ Spjaldskrá DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

¹³⁸ Yfirlit yfir mannvirki frá 1983 – DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

¹³⁹ sbr. sjá facebook síðu félagsheimilis <https://www.facebook.com/brautartunga>

LANGHOLTSLAUG (1894-1950?)

*Staðsetning: v/Laugarlæk í Bæjarsveit**Byggingarár: 1894**Helstu endurbætur: 1900/1929**Staða/ástand: Horfin?**Höfundur: Óþekktur**Byggt af/ eigandi: UMF Íslendingur**Yfirbyggð/ opin: Opin**Hitun: Jarðvarmi*

Í *Borgfirzki blöndu* segir: „Það var fyrst á síðari helmingi 19. aldar að nokkrir Borgfirðingar hreyfðu því máli að byggð væri sundlaug í Laugarlæk milli Bæjar og Langholts í Bæjarsveit. Komst það í verk, að laug væri byggð þar úr torfi, um annað byggingarefni var þá ekki að ræða. Svo þar það vorið 1873 (?) að Björn Lúðvíksson Blöndal, sem þá átti heima norður í Húnavatnssýslu, var fenginn til þess að kenna nokkrum mönnum sund [...] Svo féll það mál niður þar til árið 1894. Varð þá sundkennsla í volgu vatni tekin upp að nýju af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Var Langholtslaug þá endurbyggð og önnur hjá Norður-Reykjum í Hálsasveit.“¹⁴⁰ Síðar segir: „Lýsing á Langholtslaug, breidd 10 m, lengd 30 m + mjór stokkur sem má þó synda ca 200 m. dýpt 1,5-2 m. hiti 20-30 stig celcius. Mjög mismunandi efst og neðst. Steyptur stíflugarður að neðan ca. 10 m á lengd. Annars sjálfgerð. Móhellubotn. Við hana hefur ávallt verið skýli til að afklæða sig í. Gert upp 1929 ásamt garðinum. Að tilhlutan UMF Íslendinga.“¹⁴¹

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, er talin upp sundlaug Bæjarsveitar í Andakílshreppi: Eigandi Björn Blöndal „Stífla úr steinsteypu 1900, hveravatn, stærð: Steypuveggir í lækjarfarvegi um 10 m og varð þá sundfært allt að 200 m. Dýpi 1.5 til 2 m við stíflu hiti 20-30°C. Alltaf skýli við laugina sem var endurbætt ásamt stíflugarði 1929. Kennt öðru hvoru frá 1900-1912.“¹⁴²

Í örnefnaskrá segir: „Nú hækkar landið, og sunnanverðu við Laugalækinn er hóll, sem heitir Laugarhóll. Það er norðan á þeim hól, sem nýbýlið stendur, Laugarholt. En suðvestan á sama hól stendur annað nýbýli, byggt úr Bæjarlandi, og við þennan hól er Langholtslaug, sem gefur bæði ylinn og ástæðuna til nafnsins.“¹⁴³

Ljóst er að sundlaugarhald á þessum slóðum á upphaf sitt að rekja aftur á miðja 19. öld þótt hér sé miðað við ártal þeirrar laugar sem byggð var í lok 19. aldar. Lítið er vitað um þessa laug og hvorki fundust ljósmyndir eða teikningar af laugarþró eða húsi. Ekki er vitað hvenær hætt var að nota hana og óljóst um hvort einhver ummerki sjást um hana en það er þó talið ólíklegt.

¹⁴⁰ *Borgfirzki blanda* VI, bls. 107-108

¹⁴¹ Sama heimild

¹⁴² Spjaldskrá, Menntamálaráðuneyti, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

¹⁴³ *Örnefnaskrá Langholt og Laugarholt*, Ari Gíslason skráði, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn (nafnið.is)

SUNDLAUG HÉRAÐSSKÓLANS Í REYKHOLTI (1933-)

Staðsetning: Reykholti

Byggingarár: 1930

Helstu endurbætur: 1946, 1950

Staða/ástand: Úr notkun en til staðar

Höfundur: Guðjón Samúelsson arkitekt og Einar Erlendsson, fyrir hönd Húsameistara ríkisins


Byggt af/eigandi: Borgarfj.sýsla/Ríkissj.

Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð

Hitun: Jarðvarmi

Reykholt er einn sögufrægasti baðstaður landsins. Í *Landnámu* getið um Tungu-Odd sem fór til laugar í „Reykjaholti“ þar sem sauðhús hans voru.¹⁴⁴ Frægust er þó auðvitað Snorralaug sem er talin hafa verið hlaðin á 13. öld og er kennd við Snorra Sturluson. Snorralaug var eina af fyrstu 10 friðlýstu fornminjum á Íslandi og er líka ein af þeim þrettán laugum sem víst er talið að hafi verið notaðar til forna og ein af þeim fjórum þeirra sem enn eru nothæfar.

Sundlaug var gerð í Reykholti um 1930 í tengslum við byggingu héraðsskólans á staðnum. Laugin var 12.05 x 5.65 m að stærð. Í yfirlitsskrá aftast í bók um Guðjón Samúelsson segir að hann hafi hannað Héraðsskólalúsið en nafn Einars Erlendssonar er einnig á sumum teikninganna.¹⁴⁵ Í yfirliti yfir sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti, kemur eftirfarandi fram: „Hreinsun: sandur (þróin var




Reykholtsskóli, nýreistur 1930. Efst mynd til vinstri er úr bók Péturs H. Ármannssonar (*Ljósm. Jón Kaldal*) 2020, bls. 199. Efri mynd til hægri er án ártals (úr bók Ljós Björnssonar *Héraðsskólar Borgfirðinga* bls. 143) en þar er horft beint á sundlaugarbygginguna. Neðri mynd til vinstri er innan úr lauginni 1939 (Ljós Björnsson *Héraðsskólar Borgfirðinga* bls. 93) og neðri mynd til hægri er frá sama sjónarhorni tekin rétt fyrir aldamót 200 og birtist í grein Roni Horn í *Morgunblaðinu* 1999, bls. 11.

¹⁴⁴ *Íslensk Fornrit I*, bls. 192-193

¹⁴⁵ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 403

upphaflega gömlu hlöðutóft¹⁴⁶ Í yngra yfirliti kemur fram að laugin var endurbætt 1950 og að búningsherbergi séu þau sömu og fyrir íþróttahús.¹⁴⁷

Ýmislegt er varðveitt um aðdraganda og byggingu héraðsskólans og sundlaugar í Reykholti og var saga skólans tekin saman í ritinu *Héraðsskólar Borgfirðinga* en þar segir: „Tillaga nefndarinnar um breytingu á teikningu kann að hafa snert staðsetningu sundlaugar. Andrés Eyjólfsson kveður Jónas Jónsson, ráðherra kennslumála, hafa komið til sín þar sem hann var að skrifa þingræður á Alþingi. Þá tilkynnti ráðherra að hann hafði ákveðið að skipa Andrés í byggindarnefnd Reykholtsskóla í staðinn fyrir Lúðvíg Guðmundsson [Skólastjóra Hvítárþakka]. Orsökina var ágreiningur mill þeirra Jónasar og Lúðvígs um staðsetningu skólahúss og sundlaugarinnar, Jónas vildi hafa laugina í kjallara skólahússins og skólahúsið sem næst gamla bæjarstæðinu, en Lúðvíg skólanefndarformaður, að



Reykholtsskóli, Guðjón Samúelsson, teikning frá maí 1930. Myndin fengin úr bók Péturs H. Ármannssonar um Guðjón frá 2020, bls. 198.



hvort tveggja yrði úti á túni þar sem mætti fá til laugarinnar sjálfrennandi vatn úr hvernium Skriflu. Hann taldi einnig, að vatnið í lauginni, mundi skemma steypuna í skólahúsinu ef hún yrði innanhús, og mun þetta hafa komið á daginn síðar. Andrés kvaðst hafa óttast, að neitun yrði talin bera vott um lítinn áhuga Borgfirðinga á skólabyggingunni, og lofaði að taka starfið að sér, lítt hrifinn því. Hann kvaðst hafa talið líklegt, að nemendur hefðu meiri not af laug í skólahúsinu en úti á túni, og fylgdi því ráðherraum að málum varðandi það atriði.¹⁴⁸ Nokkru aftar segir: „Eins og fyrr er dregið á var fimleikahúsið og sundlaugin hvorugt fullgert, þegar skólinn tók til starfa. Var því ákveðið, að vígsla skólans færi ekki fram fyrr en 7. nóv, enda var skólinn þá fullgerður [...]. Skólahúsið í Reykholti var vígt í nóvember 1931 og var þá m.a. hleypt vatni í sundlaug skólans, sem áður hafði verið hlaðan. [...]. Gufubaði var komið upp sunnanvert við skólann sumarið 1934,

¹⁴⁶ Yfirlitsskjal, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

¹⁴⁷ Yfirlit yfir mannvirki frá 1983 – DD05, Þjóðskjalasafn Íslands


¹⁴⁸ *Héraðsskólar Borgfirðinga*, Lýður Björnsson. 2013, bls. 64-65

og mun það einnig hafa verið notað sem þvottahús. [...] Framkvæmdum var haldið áfram næstu ár. Skólanefnd samþykkti hinn 28. apríl 1944 að láta gera sturtur og búningsklefa við hlið sundlaugarinnar og þá væntanlega einnig gufubað og gang. Þessum framkvæmdum var lokið 1946. Áður hafði gufubaðið verið vinstra megin við gang úr anddyri til laugar og sturtur hægra megin.



Þversnið af laugarþró í Reykholtsskóli ofar (merkt Guðjón Samúelsson, teikning frá maí 1930) en neðar er teikning af klefabýggingu í kjallara frá 1944 merkt Einari Erlendssyni. Báðar teikningar úr safni Húsameistara ríkisins Þjóðskjalasafn Íslands C155_11

Þar höfðu þvottaflokkar síðar aðstöður. Á árunum 1945 og 1946 var vatnsaflstöðin ónóg orðin, og var þá afl aukið með því að setja upp dísekafstöð í Reykholti. Henni var valinn staður í kjallara undir smíðahúsi. Reykholt var tengt Andakílvirkjun árið 1947.¹⁴⁹ Í bókinni kemur fram að „Áður en sundlaugin var tekin í gagnid var sund stundum kennt í Snorralaug¹⁵⁰ og þar er að finna mynd af sundæfingu í Snorralaug árið 1940 sem er þó eftir að sundlaugin opnar.¹⁵¹ Í bókinni vitnar hann



Dversnið af norðurálmú skólalúbsanna sem birtist í bókinni Héraðsskólar Borgfirðinga. 2013, bls. 179

¹⁴⁹ Sama heimild, bls. 72-73, 75

¹⁵⁰ Sama heimild, bls. 92

¹⁵¹ Sama heimild, bls. 95

Í kafla um landsmót UMFÍ þar sem segir: „Miðstöð sundiðkana var í Reykholti, þar sem héraðsskólinn var nýrisinn, með sundlaug og íþróttahúsi. Þegar skyldusundið var lögleitt 1940, komu þangað börn af öllu Vesturlandi. Einna fremst í flokki voru börn Þóris Steinþórssonar skólastjóra og Þorgils Guðmundssonar íþróttakennara. Steinþóra minnst þess, að áður en sundlaugin komst í gagnið upp úr 1930 hafi þeim börnunum verið kennt að synda í sjálfri Snorraaug, en eftir að sundlaugin var fullbúin, voru þau að busla öllum stundum. Börn Þorgils voru betur sett, þau þurftu ekki að fara úr húsi til að komast í sund, bara niður nokkrar tröppur, en Steinþóra og systkini hennar þurftu að fara 10-20 m milli húsa til að komast í laugina...“.

Laugin í Reykholti var notuð til kennslu, a.m.k. fram til 2000. Í grein Roni Horn í *Morgunblaðinu* 1999 segir: að laugin hýsi þá „fallega kennslulaug fyrir börn“¹⁵² Laugin er ekki lengur í notkun en er enn á sínum stað. Sett var gólf yfir hana og er rýmið nú notað sem fundaraðstaða.

¹⁵² Roni Horn *Morgunblaðið* 10.04.1999, bls. 12

NORÐUR-REYKJALAUG (1894-1900?)

Staðsetning: Norður-Reykjum, Hálsasveit

Byggingarár: 1994

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Horfin?

Höfundur: Óþekktur

Byggt af/eigandi: Sundstofnunin á Norður-Reykjum

Yfirbyggð/opin: Opin

Hítun: Jarðvarmi

Í *Borgfirzkeri blöndu* er fjallað um „Sundkennslustofnunina á Norður-Reykjum“ og hún sögð ein myndarlegasta félagsmálastofnun sem höfundi sé kunnugt um. Þar segir: „Varð þá sundkennsla í volgu vatni tekin upp að nýju [1894] af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Var Langhóltslaug þá endurbyggð og önnur hjá Norður-Reykjum í Hálsasveit.“¹⁵³ Síðar segir: „Laugin var byggð í hveralæknum á Norður-Reykjum, rétt fyrir vestan túnið. Hún var hlaðin úr torfi.“ Síðar segir: „Laugin mun hafa verið 9 faðma og 6 faðmar á breidd [um 15 x 10 m]. Strax var byggt svonefnt „sundhús“ og var það svo nærri, að vel sundfærir menn gátu stungið sér úr dyrum þess í laugina. Í þessu húsi voru trébekkir og þiljað ofan við þá, en ekki er nú vitað um stærð þess.“¹⁵⁴

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld kemur fram að stíflað hafi verið 1894 og byggt skýli. Laugin mun hafa verið 6-8 m og rúmír 200 m að lengd. Þar segir einnig: „Sundstofnunin á Norður-Reykjum stóð að framkvæmdum og hófst kennsla 1894. Sundkennarar 2 og 2 prófdómarar. Síðasti reikningur vegna kennslu frá 1898, ef til vill hefur verið kennt þar síðan“¹⁵⁵

Í örnefnaskrá er getið um laugina en þar segir „Svo voru aðrir hverir, Norðurhverir, beint í norður frá gamla bænum. Úr hverunum kom svo Hveralækur, sem var aðalbæjarlækurinn. [...] Hveralækur rann vestur úr túninu. Þorvaldur, faðir Stefáns, stíflaði lækinn og bjó þar til sundlaug.“¹⁵⁶

Lítið er vitað um laug og laugarhús og hvorki fundust teikningar eða ljósmyndir af henni. Ástand er ekki þekkt en líklega eru ummerki um laug/laugarhús horfin að mestu eða fullu.

¹⁵³ *Borgfirzke blanda* VI, [Jón Sigurðsson, Hraunási], bls. 105, 113-114

¹⁵⁴ Sama heimild

¹⁵⁵ Spjaldskrá úr Menntamálaráðuneyti DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

¹⁵⁶ *Örnefnaskrá Norður-Reykja*, Ari Gíslason skráði, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn (nafnið.is)

SUNDLAUGIN AÐ STÓRI-ÁSI (1912-1945?)

Staðsetning: Stóra-Ási, Hálsasveit

Byggingarár: 1912

Helstu endurbætur: 1929, 1939

Staða/ástand: Horfin

Höfundur: Óþekktur/heimamenn

Byggt af/eigandi: Ungmennafélagið Brúin

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Í *Borgfirzki blöndu* segir: „UMF Brúin byggði sundlaug sína fyrir sunnan Stóra-Ás 1910-11. Laugin var byggð í lækjarfarveg, og var móbergskast notað fyrir annan hliðarvegginn. Hinn hliðarveggurinn var steiptur og grafinn að framanverðu. Stærð laugarinnar var um 28 m, breidd 8 m og dýpt 2,5 m við framgafl en 1 m við innri. Vatnið í læknum var aðallega úr laug, sem er alllagt suður á Ásmýrum, og var því veitt í þennan farveg fyrir löngu síðan og notað til að knýja kornmyllu þar heima. Í þurrki og hita var vatnið alveg hlýtt, en óþægilega kalt ella, sökum aðrennslisvatns og langrar vegalengdar frá lauginn“¹⁵⁷

Í örnefnaskrá er staðsetningu laugar lýst á eftirfarandi hátt: „Nú snúum við til baka ofan í Dal Norðan megin í Dalnum, sunnan í Kvíahæðinni, er lítil móhelluskriða. Í henni miðri er nokkuð stór grágrýtissteinn, einn og stakur, nefnist Dvergasteinn. Þar nokkru ofar, þar sem Dalurinn fer að þrengjast og grynnka, eru leifar af sundlaug, sem ungmennafélagið Brúin byggði þar, sennilega 1911 eða 1912. Hún var steinsteipt að hluta og var í notkun fram undir 1930“¹⁵⁸

Í *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983* er laugin sögð byggð 1929 og má ætla að þá hafi verulegar endurbætur átt sér stað, hugsanlega hefur hún þá verið steipt. Sú laug, sem þar var síðast í notkun var 12.5 x 5 m að stærð og við hana stóð „lítilfjörlegt búningshús“ samkvæmt yfirlitinu en þar er sagt að höfundur sé óþekktur/heimamenn.¹⁵⁹ Í öðru yfirlitsskjali um sundlaugar frá Menntamálaráðuneyti kemur fram að engin hreinsitækni séu þá í lauginni og hún sé í einkaeign.¹⁶⁰ Þrátt fyrir að víða sé talað um að laugin fari úr notkun strax um 1930 má sjá af skýrslum ungmennafélaga fyrir árið 1939 að þá „byggðu Ungmennafélögin Brúin í Hálsasveit og Hvítársíðu sundlaug úr járnbentri steinsteypu skammt frá samkomustað félagsins við Stóra-Ás. Samkvæmt skýrslunni var laugin 12x6 m stór og lögðu félagar fram alla vinnu til verksins eða um 100 dagsverk 1941.“¹⁶¹ Í samantektinni *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi* segir „Þar var sundlaug við hveralæk, auk þvottahúss, kornmyllu og rafstöðvar (1928).“¹⁶² Af loftmyndum að dæma virðast litlar sem engar leifar eftir af lauginni

Hvorki fundust ljósmyndir né teikningar af lauginni

¹⁵⁷ *Borgfirzki blanda VI*, bls. 116-117

¹⁵⁸ *Örnefnaskrá Stóra-Ás*, Magnús Kolbeinsson/Ari Gíslason, bls. 4,

¹⁵⁹ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983* DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

¹⁶⁰ *Yfirlit yfir sundlaugar*, DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands

¹⁶¹ “Sundstarf ungmennafélaga”, *Skinfaxi* 01.04.1939, bls 38

¹⁶² Freysteinn Sigurðsson, *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi*, bls. 4

LUNDALAUÐ (1895-1913)

Staðsetning: Lundar/Ásar, Stafholtst.br. *Höfundur:* Óþekkt/heimamenn
Byggingarár: 1895-1896 *Byggt af/eigandi:* Ungmennafélag Stafholtstungna?
Helstu endurbætur: *Yfirbyggð/opin:* Opin
Staða/ástand: Laugin sést enn, upprunalegur *Hitun:* Jarðvarmi
skúr líklega horfin (þó þarna sé skúr)

Í *Borgfirzki blöndu* segir: „[Kristján F. Björnsson, 1936] Hér koma þá upplýsingar sem ég hef getað fengið um Lundalaug: Laugin var byggð 1895. Var hún byggð fyrir gjafavinnu og peningasamskot [...]. Stærð laugarinnar er um 30x18 m, dýpt hennar mun hafa verið 1-2 m í dýpri endann. Næsta ár (1896) var byggður kofi við laugina úr torfi með timbursúð. Fyrsta sumarið (1895) var ekkert skýli til að klæða sig eða afklæða, kann þó að vera tjald hafi verið notað [...]. Síðast mun hafa verið kennt þar [...]1913. [...] Laugin er alveg við hverinn og vildi helst til heit fyrst eftir að vatnið var endurnýjað. Lundahver er 80 gráðu heitur.“¹⁶³ Laugin var við hveralæknum við Þverá.¹⁶⁴

Í bókinni *Víð Veggjalaug* segir: „Lundalaug var stærri en laugin við Veggjalaug. Hins vegar var hún alveg við hverinn og átti það til að verða of heit til sundkennslu. Þó var þar kennt í hálfan annan áratug en kennsla loks sameinuð Veggjalaug. [...] Lengi sáust greinilegar hleðslur á tvo vegu laugarinnar.“¹⁶⁵ Aftur segir ennfremur: „Sundkennsla féll niður í einhver ár en þegar Ungmennafélag Stafholtstungna var stofnað 1912 var það eitt af fyrstu og mikilvægustu verkefnum þess að hefja aftur kennslu. Var það og gert og fékkst styrkur hjá sýslunefnd og ef til vill úr landssjóði til að hefja sundkennslu strax á fyrsta ári félagsins. Eins og sést af þessu tók ungmennafélagið sundið strax föstum tókum. Veggjalaug og Lundalaug voru ónothæfar án viðgerða. Menn voru settir í að gera við þær og fóru 15 dagsverk í Veggjalaug og 10 dagsverk í viðgerðir á Lundalaug. Mikið var unnið í sjálfbodavinnu við árlegar viðgerðir og hreinsun.“¹⁶⁶ Í bókinni kemur fram að árið eftir (1913) hafi verið ákveðið að sameina sundkennslu í lauginum tveimur og kenna í Veggjalaug.

Engar upplýsingar fundust um upphaflegt laugarhús og ekki fundust gamlar ljósmyndir eða teikningar af laug eða laugarhúsum. Í bókinni *Víð Veggjalaug* er birt mynd ljósmynd af



Lundalaug, ljósmynd úr bókinni Víð Veggjalaug (bls. 90), líklega tekin í kringum 2020. Ljósmyndari Helgi Bjarnason

¹⁶³ *Borgfirzki blanda VI*, bls. 118-119

¹⁶⁴ *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi*, Freysteinn Sigurðsson, bls. 4

¹⁶⁵ *Víð Veggjalaug*: athafna- og samfélagsmiðstöð í sveit. 2021. Helgi Bjarnason, bls. 91

¹⁶⁶ Sama heimild, bls. 92-93

lauginni og við hana stendur „Lundalaug er enn til þó ekki hafi verið kennt sund í henni í meira en 100 ár.“¹⁶⁷ Við lagina stendur lítill skúr úr timbri.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

¹⁶⁷ Sama heimild, bls. 90

VEGGJALAUG/VARMALANDSLAUG ELDRI (1895-1930)

<i>Staðsetning:</i>	<i>Laugaland/Varmaland,</i>	<i>Höfundur:</i>	<i>Óþekktur/heimamenn</i>
<i>Stafholtsveggjum</i>			
<i>Byggingarár:</i>	<i>1895</i>	<i>Byggt af/eigandi:</i>	<i>Sundlaugarfélagið/UMF Stafholtst.</i>
<i>Helstu endurbætur:</i>	<i>1903 og fleiri</i>	<i>Yfirbyggð/opin:</i>	<i>Opin</i>
<i>Staða/ástand:</i>	<i>Horfin vegna bygginga</i>	<i>Hitun:</i>	<i>Jarðvarmi</i>

Veggjalaugar er getið í Ferðabók Eggerts og Bjarna og var hún þá notuð sem baðlaug af heimamönnum.¹⁶⁸ Í landi Stafholtsveggja hafa verið gerðar þrjár sundlaugar frá lokum 19. aldar. Sú fyrsta, sem hér er skráð 1895 (úr torfi), sú næsta steipt 1931 (sjá sérstaka færslu) og sú þriðja byggð 1958 og endurbætt síðar (og fellur utan þessarar úttektar). Eldri laugarnar voru gjarnan nefndar Veggjalaug eftir stærsta hvernum á hverasvæði Stafholtsveggja.

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld er talin upp sundlaug Stafholtstungu. Hún er sögð byggð 18 x 30 „Kennt öðru hvoru frá 1895 til 1913.“¹⁶⁹

Samkvæmt *Borgfirzkeri blöndu VI* hófst sundkennsla í Stafholtstungnahreppi árið 1895 „Fyrir því stóðu nokkrir áhugasamir menn. [...] Sundfélag þetta byggði gömlu sundlauginn við Stafholtsveggjahver og skýli (eða skúr) fyrir sundnemana. [...] Árið 1912 er stofnað ungmennafélag í Stafholtstungnahreppi. Þá vaknar aftur upp áhugi hjá ungum mönnum fyrir sundíþróttinni, og þeir hafa stöðugt á stefnuskrá sinni að koma upp góðri sundlaug og fljótt var stofnaður sjóður, sem til þess var ætlaður. Fyrst um sinn varð þó að hafa torflaugina og var hún hreinsuð á hverju vori, áður en sundkennsla byrjaði [...]. Að lokum segir Jón: „Fyrst þegar áhugi vaknaði hjá mönnum að koma upp sundlaug voru skiptar skoðanir um, hvar sundlaugin ætti að vera, hjá Lundahver eða Stafholtsveggjahver, og samkomulag náðist ekki svo að sundlaugar voru byggðar við báða hverina.“¹⁷⁰ Lýsing á sundlauginn frá 1935 (frá Jóni Brynjólfssyni) er eftirfarandi: „Gamla laugin er 22x14 m. Hún stendur í halla og er því ekki nema einn hliðarveggur í henni. Laugin smá dýpkar út að honum og er þar ca, 1,80 m. Þessi laug er nú ekkert notuð og henni ekki haldið við.“¹⁷¹



Gamla Veggjalaugin til vinstri. Ljósmynd úr bókinni Við Veggjalaug (bls. 87 – frá Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar). Myndin til hægri er tekin af Helga Bjarnasyni líklega í kringum 2020 (bls. 90 úr sömu bók)

¹⁶⁸ Eggert Ólafsson II. bindi. 1975, bls. 67

¹⁶⁹ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands, DD 95


¹⁷⁰ *Borgfirzke blanda VI*, bls. 119-121

¹⁷¹ Sama heimild

Í bókinni *Víð Veggjalaug* segir „Sundfélagið byggði skýli fyrir sundnema eftir að sundlaugin var byggð. Jóhannes Þorbjarnarson segir að það hafi verið lítil og einfaldur blikkskúr, í mesta lagi 3 sinnum 3 metrar að stærð (*Samtal 1992*).“¹⁷² Í bókinni segir enn fremur: „Mikil vinna fór í það hjá félagsmönnum áhugafélagsins að gera við laugina og skýlið. Það sést á gögnum frá Jósef Björnssyni á Svarfhóli sem varðveitt eru á Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar og varða árin 1903 og 1904. Vorið 1903 var laugin svo illa farin og skýlið einnig að næstum ómögulegt var að nota mannvirkin enda höfðu þau lítið verið notuð, að því er ráða má af slitrum úr bréfi Sigurðar Einarssonar til félaga sinna vegna söfnunar á dagsverkum og peningum til að gera við laugina og hefja sundkennslu á nýjan leik. Kemur þar fram að þeim þætti leitt ef þetta merka fyrirtæki lognaðist út af fyrir deyfð og félagsleysi manna og ómögulegt yrði að kenna þeim sund sem það vildu læra.“ Í gögnum sem stuðst er við í bókinni má sjá að laugin hefur verið endurhlaðin þá um sumarið og gengust 20 nemendur undir próf þá um haustið. Næstu ár einkenndi barningur viðhald laugar og -húss starfið. Sum árin tókst að tryggja fjár til viðhalds og sundprófs en önnur ekki.¹⁷³ Í bókinni segir enn fremur:

„Sundkennsla féll niður í einhver ári en þegar Ungmennafélag

Stafholtstungna var stofnað 1912 var það eitt af fyrstu og mikilvægustu verkefnum þess að hefja aftur kennslu. Var það og gert og fékkst styrkur hjá sýslunefnd og ef til vill úr landssjóði til að hefja sundkennslu strax á fyrsta ári félagsins. Eins og sést af þessu tók ungmennafélagið sundið strax föstum tókum. Veggjalaug og Lundalaug voru ónothæfar án viðgerða. Menn voru settir í að gera við þær og fóru 15 dagsverk í Veggjalaug og 10 dagsverk í viðgerðir á Lundalaug. Mikið var unnið í sjálfboðavinnu við árlegar viðgerðir og hreinsun.“¹⁷⁴ Í bókinni kemur fram að árið eftir hafi verið ákveðið að sameina sundkennslu í laugunum tveimur og kenna í Veggjalaug og segir: „Áður en til þess kom þurfti að ráðast í endurbætur á lauginni því veggur hennar hafði sprungið út. Nokkrir félagsmenn unnu að því að því einn virkan dag



*Afstæða eldri og yngri laugar. Kort sem birtist í bókinni *Víð Veggjalaug* (bls. 91) og er af skipulagsupprætti frá 1942, eftir að hætt var að nota gömlu laugina.*

¹⁷² *Víð Veggjalaug*: athafna- og samfélagsmiðstöð í sveit. 2021. Helgi Bjarnason, bls. 89

¹⁷³ Sama heimild, bls. 91

¹⁷⁴ Sama heimild, bls. 92-93

og var talið að 12 dagsverk hefðu farið í viðgerðina.“ Í bókinni kemur fram að flestir hafi komið til laugarinnar fótgangandi en börnum hafi stundum verið komið fyrir á nágrannabæjum til að hægt væri að komast í laugina daglega. Um 1930 var byrjað að liggja í tjöldum við laugina. Talið er að vörnámsskeiðin hafi verið 1-2 vikur en áður hafði á tímabili alltaf verið kennt á sunnudögum.¹⁷⁵

„Það kostaði mikla vinnu að halda við gömlu torflauginni. Hún gruggaðist og var ekki alltaf álitleg fyrir almenna sundgesti þótt hún hafi eitthvað verið notuð af almenningi. Ekki var hægt að keppa í henni. Sundkeppnir félagsins fóru yfirleitt fram í Norðurá, skammt frá skólahúsinu á Hlöðutúnsholti sem jafnframt var fundarhús félagsins. Það varð baráttumál ungmennafélagsins að byggja nýja sundlaug. Það dróst þó á langinn vegna fjárskorts.“¹⁷⁶

„Lengi vel sáust hleðslur gömlu torflaugarinnar sem stóð fyrir neðan hverasvæðið. Hveralækurinn rann í laugina og einnig vatn úr tveimur litlum hverum. Öll ummerki voru afmáð þegar sveppahúsin voru byggð.“¹⁷⁷

Sýning um sögu gömlu sundlauganna við Veggjalaug í Stafholtstungum, *Borgfirsk sundlaugarmening í 120 ár* hefur verið opnuð í baðhúsi sundlaugarinnar á Varmalandi í Borgarfirði. 120 ár eru liðin frá því fyrsta sundlaugin var gerð á hverasvæðinu við Veggjalaug og sundkennsla hófst.

¹⁷⁵ Sama heimild, bls. 92

¹⁷⁶ Sama heimild, bls. 99

¹⁷⁷ Sama heimild, bls. 90

VEGGJALAUG/VARMALANDSLAUG YNGRI (1931-1960)

Staðsetning: Laugaland/Varmaland, *Höfundur:* Óþekktur/heimamenn?

Stafboltsveggjalandi

Byggingarár: 1931

Byggt af/eigandi: Barnask. og Húsmæðraskólinn á Varmalandi, Ungmennafélag Stafholtstungna, Ríkissj.


Helstu endurbætur:

Yfirbyggð/opin: Opin

Staða/ástand: Horfin vegna yngri laugar og -
húsa *Hitun:* Jarðvarmi

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, kemur fram að eigandi Skaftholtsveggjalaugar var barnaskólinn að Varmalandi og húsmæðraskóli Borgfirðinga. Laugin var steipt en með malarbotni og um 20 x 10 m stór.¹⁷⁸ Í öðrum heimildum kemur þó fram að UMF Stafholtstunguhrepps lagði líka mikið til laugarinnar. Eldri laug (sú sem hér er skráð) er sögð byggð 1931, en sú yngri sem byggð var 1960 (25 x 8 m) er of ung til að falla innan ramma verkefnis.

Í bókinni *Við Veggjalau* segir: „Jónas Ólafsson, vinnumaður í Stafholti, hreyfði fyrstur hugmyndinni um að steypa upp sundlaug, ef marka má fundargerðarbækur ungmennafélagsins sem varðveittar eru á Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar, og stóð manna mest fyrir byggingu hennar. Hann ræddi málið á fundi 1919. Miklar viðgerðir þurfti að gera á torflauginni nokkrum árum seinna og hreyfði það líka við sundlaugarmálinu. Lögð var áhersla á að safna fé í laugarsjóð og gekk það allvel. Svo fór að á árinu 1930 var keypt efni í nýja sundlaug og því ekið á staðinn og sumarið á eftir var laugin steipt. Verkstjóri við sundlaugarbygginguna var Jón Jónsson sem lengið hafði verið ráðsmaður á Gilsbakka en var síðar bóndi í Árdal. Mölin í steypuna var keyrð úr Norðurá. Laugin var 20 sinnum 10 metrar að stærð. Grunna laugin var um metri á dýpt og sú djúpa um tveir metrar.



Veggjalau. Báðar myndirnar eru úr bókinni Veiðir og Veggjalau (bls. 107 t.v. og 106 t.h). Myndin til vinstri er tekin áður en sundlaugarskjlið var lengt en til hægri eftir.

Stökkpallur var byggður við syðri enda byggingarinnar, ríkissjóður lagði til um þrjú þúsund grónur, sýslusjóður 400 kr og UMSB greiddi 200 kr. Afgangurinn var fjármagnaður með laugarsjóði, gjöfum og láni sem Stafholtstungnahreppur ábyrgðist. Félagið komst ágætlega frá sundlaugarbyggingunni fjárhagslega. Ekki má þó gleyma að framkvæmdin var félagslegt afrek hjá fámennu félagi. [...] Fyrsta sundnámskeið ungmennafélagsins í nýju lauginni var haldið vorið 1932. Með nýrri og glæsilegri aðstöðu jókst stórlega aðsókn að námskeiðum félagsins, nálega tvöfaldaðist [...] Sveitungar fóru einnig meira í sund. Sundlaugin var miðdepill mannlífs í sveitinni. Oft var

¹⁷⁸ Spjaldskrá, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

mikil umferð við laugina á sunnudögum á sumrin og komu jafnvel gestir langt að í ævintýraleit. Ekkert gjald var tekið enda engin gæsla.“¹⁷⁹

Í bókinni segir einnig: „Ætlunin var að steypa skúra við laugina en þar sem það var ekki gert strax var settur upp bráðabirgðaskúr við norðurenda hennar. Það var gert árið eftir byggingu laugarinnar svo að hægt væri að hefja sundkennslu. Það var timburskúr, klæddur með tjörupappa. Hann var ekki hitaður upp og aðstaðan ekki góð. Á árinu 1933 var köldu vatni veitt í sundlaugina, það var fjögurra daga verk sem unnið var í sjálfboðavinnu. [...] Skúrinn var síðar lengdur og honum breytt. Strákar í öðrum endanum, stelpur í hinum og kútageymsla á milli. Þá voru notaðir sundkútar sem soðnir voru saman úr gúmmíslöngum. [...] Eitthvað var reynt að gera við skúrinn. Vorið 1948 veitti sýslunefnd til dæmis fé til endurbóta á búningsklefum og kaldavatsleiðslu. Þó var hann enn það lélegur þegar barnaskólinn tók til starfa að ekki var talið fært að kenna börnum að vetrinum, að óbreyttu. Skólanefndin bauð fram efni úr barnaskólabyggingunni ef ungmennafélagið vildi lagfæra skúrinn. [...] Ekki var gengið frá samningum um lands- og hitaréttindi fyrir sundlaugina til framtíðar áður en hún var byggð. Fyrir 1930 var engin leiga greidd fyrir stæði gömlu torflaugarinnar eða heita vatnið í hana en stundum greidd smávegis gjald fyrir hestabeit. Eftir að nýja laugin var byggð mun núverandi eigandi og ábúandi Stafholtsveggja, Björn Ólafsson, hafa samþykkt að árleg leiga fyrir land og hita skyldi vera 50 krónur og ungmennafélagið samþykkti það. Ungmennafélagið reyndi strax eftir að laugin var opnuð að ná samningum við Björn um land við laugina til að byggja steinsteypa sundskála. Samningar tókust ekki. Síðar var farið að ræða um frekari uppbyggingu við laugina í þágu ungmennafélagsins, eins og um íþróttavöll og félagsheimili og um ýmsa aðra stöðu. Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi taldi að byggja þyrfti traustan og vistlegan skála með búningsherbergjum, böðum salernum og fleiru. Hann myndi snúa inngöngudyrum í norðaustur-eða vestur. Gera þyrfti ráð fyrir lengingu laugarinnar, áhorfandasvæði og sólbaðssvæði. Á árinu 1944 var ungmennafélagið komið með tvær teikningar að sundskúrum sem í ráði var að byggja við sundlaugina í framtíðinni. Kostnaður við að byggja samkvæmt betri teikningunni var áætlaður 40 þúsund kr. Þá fjármuni átti ungmennafélagið ekki til og áfram stóð á leyfi landeigenda. [...] Sundlauginn varð baggi á ungmennafélaginu. Það þurfti að leggja kalt vatn í hana og einhver mistök voru gerð við það, laga þurfti umhverfi og stöðugar kröfur voru um að laga veginn yfir Veggjaháls svo að bílfært yrði að sundlauginni. Að þessu unnu ungmennafélagar í sjálfboðavinnu. Það tók langan tíma að koma þessum verkum áfram og á fundum ungmennafélagsins var auk þess rætt um að umgengni við laugina væri til skammar.“ Í kjölfarið var farið að biðja um að gjald væri greitt fyrir laugarheimsókn sem sett var í bauk á staðnum og skánaði þá fjárhagur laugar eitthvað, auk þess sem þar voru haldin mót og fleira slíkt.¹⁸⁰

Á öðrum stað í sömu bók segir: „Þegar barnaskóli tók til starfa á Varmalandi jókst notkun sundlaugar Ungmennafélags Stafholtstungna á Laugalandi. Þótt laugin væri ekki nema liðlega tuttugu ára gömul var farið að sjá á henni og búningsaðstaðan var aldrei góð. Strax á fyrsta skólavetri barnaskólans var farið að huga að nýrri sundlaug á athafnasvæði skólans en málið var leyst til bráðabirgða með lagfæringu á sundskúrum við eldri laugina. Barnaskóli Mýrarsýslu og Húsmæðraskóli Borgfirðinga sóttu um það til menntamálaráðuneytis í nóvember 1955 að fá fé á fjárlögum til byggingar sundlaugarþróar á Varmalandi en slíkt mannvirki hafði verið sett á skipulag við væntanlegt íþróttasvæði neðan við barnaskólann. [...]“¹⁸¹ „Skólarnir höfðu hug á að byggja nýja sundlaug sem hafði nokkru áður verið sett á skipulag neðan við barnaskólan. Ungmennafélagið samþykkti boð um að taka þátt. Einhver peningaupphæð var lögð fram en meginhluti framlags félagsins var í formi sjálfboðinnar vinnu félagsmanna. Stóð félagið við sinn

¹⁷⁹ *Víð Veggjalang*, 2021, bls. 99-101

¹⁸⁰ Sama heimild, bls. 102-107.

¹⁸¹ Sama heimild, bls. 269

hlut. Sundlaugin var byggð á árunum 1957-1958 og fellur hún því utan tímaramma þessa verkefnis. Þegar hætt var að nota „nýju“ sundlauginu sem var nú vitaskuld orðin „gama“ sundlaugin, var helsta eign ungmennafélagsins verðlítill orðin. Hún var þó seld ásamt laugarskúrnum, að því að kemur fram í reikningum félagsins fyrir árið 1962. Eigendur Laugalands keyptu sundlaugarkerið, að minnsta kosti, og væntanlega einnig skúrinn. Hann stóð að minnsta kosti um tíma við hlið sveppahlöðunnar. Sundlaugin var notuð sem vatnsgeymir fyrir gróðurhúsin til ársins 1988 og eftir það jafnað yfir og þar er nú hestagerði.¹⁸²

Ekki hafa fundist teikningar af laugarhúsunum en af ljósmynd að dæma virðast þau hafa verið einföld timburhús með skúrþaki, lengja eða skúrröð meðfram laugarendanum. Byggt hefur verið við húsið á einhverjum tímamarki og það langt. Þá voru þrjár dyr á því að laug og þrjú tvöfaldir gluggar á sömu hlið.

¹⁸² Sama heimild, bls. 110

KOLVIÐARNESLAUG (1947-)

Staðsetning: Kolviðarnesvegur, Eyja-og Höfundur: Bárður Ísleifsson arkitekt/Húsameistari ríkisins
Miklabólshreppur
Byggingarár: 1946 *Byggt af/ eigandi:* Ungmennafélagið Eldborg, Ríkissjóður
Helstu endurbætur: 1965 *Yfirbyggð/ opin:* Opin
Staða/ ástand: Í notkun? *Hitun:* Jarðvarmi

Saga sundlaugarhalds við Kolviðarnes er löng og byrjaði sundlaugakennsla þar um miðja 19. öld. Í *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi* segir: „Þar var sundlaug við Haffjarðará (á svipuðum stað og nú) frá því fyrir miðja síðustu öld og aftur snemma á þessari öld.“¹⁸³ Í *Snæfellingar og Hnappdalingar III* segir: „Það mun hafa verið sumarið 1917, að sundkennsla var hafin í Kolviðarneslaug fyrir forgöngu ungmennafélagsins Eldborgar og að fengnu leyfi hluteigandi landeiganda. Þá hafði laugin verið byggð upp á sama hátt og í fyrri daga, þ.e. sundpollur gerður með fyrirhleðslu í sjálfbodavinnu að öllu leyti. Fyrsti hvatamaður að þessu var Kristján Jóhann Kristjánsson frá Haukatungu, síðar verksmiðjueigandi og framkvæmdastjóri í Reykjavík, hann var fyrsti formaður ungmennafélagsins Eldborgar [...]. Sá visir að sundskóla, sem lagður var í Kolviðarnesi nálægt 1840 af þeim Jóni og Gesti, öðrum eða báðum, náði ekki að þroskast eða bera svo varanlega ávöxt svo kunnugt sé, utan þau fornfálegu verksummerki við laugina, sem fyrr var lýst [...]. Það segir sig sjálf að hinn tilbúni sundpollur í Kolviðarnesi var ekki ásjálegur, eftir að hafa verið ónotaður og umhirðulaus í 70–80 ár. Stíflugarðurinn var orðinn að hrúgu, og innan hans hafði safnast lag af leðju úr ýmsum jarðvegsefnum. Fyrsta verkið til endurreisnar sundstaðarins var að fjarlægja leðjuna. Einu tiltæku verkfærin voru skóflur, og með þeim hætti mætti verkið kallast óvinnandi, nema á mjög löngum tíma, því leðjan var svo þunn að hún toldi illa á sköflublöðum. Ráðið var, að safna vatni hvað eftir annað í sundstæðið, róta síðan upp í botnleðjunni, og hleypa svo öllu fram eins hratt og unnt var. Þetta hreinsunarverk tók tvo daga.“¹⁸⁴ Hér verður fjallað lítillega um þessar eldri laugar en ekki stóðu við þau laugarhús svo að þeirra er ekki getið í sérstakri færslu.

Kolviðarnes var einn þeirra staða sem Jóhann Fr. Kristjánsson kannaði í yfirferð sinni yfir mögulega sundlaugarstaði í yfir vestanvert Ísland: „Kolviðarnes. Sund hefir verið kent þar í litlum óþrifalegum polli. Höfuðkosturinn er, að þarna er Haffjarðará fast við upptök heita vatnsins og er hún ágætt sundvatn þegar hásjávað er. Laugarstæði er ágætt. Vatnið er 60 stiga heitt, magn þess 1 ^ 1. á sek., fallhæðin 3,5 m. og leiðslan 50 m. löng að fyrirhuguðu laugarstæði. Kalt vatn er hægt að fá frá brunni, en öruggast er þó að leiða það ofan úr Kolviðarnesvatni á að giska 400 m. Sveitin umhverfis er þéttbýl og mundi verða sótt að þessari laug frá sveitum í Hnappadalssýslu og miklum hluta í Snæfellsnessýslu, ef þarna kæmi góð sundlaug með skýli, sem búa mætti í meðan nám stendur yfir. Það er mjög takmörkuð sú tala nemenda, sem koma mætti fyrir á næstliggjandi bæjum, enda stendur laugin langt frá þeim. — Í Landbroti austan Haffjarðarár eru heitar uppsprettur, en skilyrði eru þar mikið lakari fyrir sundstað. Vatnsmagnið er aðeins 1/3—y^ 1. á sek., hitinn 47 stig C. og fallhæð er erfitt að fá. Þarna hafa Kolbeinsstaðahreppsúar í hyggju að byggja heimavistarbarnaskóla og gæti volga vatnið komið honum í góðar þarfir.“¹⁸⁵

Í grein í *Tímanum* þar sem fjallað er um væntanlega byggingu og sundkennslu á staðnum kemur fram að hugmynd Jóhanns hafi verið að þar yrði gerð “yfirbyggð sundlaug við Kolviðarneslaug,

¹⁸³ *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi*. Freysteinn Sigurðsson, bls. 5


¹⁸⁴ *Snæfellingar og Hnappdalingar III* Saga Eyja-Kolb, bls. 46 og víðar Um viðhald laugar, sjá t.d. 16 dagsverk 1918 -sbr. *Skinfaxa* 01.09.1918, bls. 70

¹⁸⁵ *Tíminn* 16.02.1929, bls. 38

að stærð 7X15 metrar, myndi kosta 12—15 þúsund krónur. Er þar í talin heimavistar baðstofa, sem rúmaði 12-15 manns, fataklefar og girðing um það land, sem nauðsynlega þyrfti að fá með lauginni.”¹⁸⁶

Í *Snæfellingar og Hnappdælingar III* segir: Héraðssamband ungmennafélaganna á Snæfellsnesi tók að sér staðinn 1930 ásamt því hlutverki, sem honum var ætlað, og nú stendur þar allmyndarlegt sundsetur föstum fótum, og á eflaust fyrir sér langa framtíð. Þar er nú steinsteypt sundlaug 8 x 25 metra að stærð ásamt sundskýli og ráðgert er, að innan skamms verði lokið við smíði á húsi til heimavistar fyrir nemendur og kennara. Virðist engin fjarstæða að gera ráð fyrir, að áður en langt um líður verði laugin yfirbyggð og hafi þá einnig til að bera ýmis þau þægindi, sem nú orðin talin eru ómissandi og sjálfssögð á slíkum stað, svo sem raflýsingu og gufubað [...]. Ýmsir hafa gerst hér aðilar með því hlaupa undir hinn fjárhagslega bagga af framkvæmdum með ungmennasambandinu: svo sem Íþróttasjóður og sýslusjóður Snæfells- og Hnappadalssýslu. Óskar Pétursson eigandi og ábúendi Hrossholts og Richard Thors framkvæmdastjóri í Reykjavík eigandi að Kolviðarnesi hafa, að sögn, sýnt sér þann höfðingsskap, að láta lagina af hendi til afnota án endurgjalds, og sá síðarnefndi hefir auk þess gefið 10 þúsund krónur til stofnunarinnar.¹⁸⁷

Teikning af laugarhúsi er gerð af Bárði Ísleifssyni og dagsett til 4. maí 1949. Húsið er einfalt, steinsteypt hús á einni hæð og með þaki undir mæniasás. Húsið var með tveimur dyrum á báðum



Sundlaugin í Kolviðarnesi. Teikning frá 4. maí 1949, merkt Bárði Ísleifssyni. Húsameistari ríkisins, C388_03, Djóðskjalasafn Íslands

langhliðum. Í húsinu voru áætlaðir bað- og búningsklefar fyrir bæði kynin ásamt borðstofu, eldhúsi og anddyri. Ekki er vitað hvort húsið var reist eftir teikningunni.

¹⁸⁶ *Tíminn* 05.04.1930, forsíða

¹⁸⁷ *Snæfellingar og Hnappdælingar III* Saga Eyja-Kolb, bls. 46 og víðar

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, kemur fram að eigandi laugar er Hnappadals- og Snæfellssýsla og laugin sögð 25.8 x 8 m stór. Þar segir einnig: „1965 gáfu þessir eigendur Laugargerðisskóla í Kolviðarnesi þau mannvirki sem lauginni tilheyrir“¹⁸⁸

Í yfirliti yfir sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti kemur fram að laugin sé byggð 1948/31 og að fyrsti eigendi sé ungmennafélagið en árið 1965 sé hún samþykkt sem „skólamannvirki“¹⁸⁹

Engar gamlar ljósmyndir af lauginni hafa fundist.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

¹⁸⁸ Spjaldskrá, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands


¹⁸⁹ Yfirlit yfir sundlaugar, Menntamálaráðuneyti DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

SNORRALAUG/SUNDLAUG HÖRÐDÆLA (1937-1970)

Staðsetning: Fremri Hrafnabjörg, Hörðudal *Höfundur:* Jóhann Fr. Kristjánsson byggingafræðingur.
Byggingarár: 1937 *Byggt af/ eigandi:* Sundfélag Hörðdælinga, Ríkissj.
Helstu endurbætur: *Yfirbyggð/ opin:* Opin
Staða/ástand: Ekki í notkun, leifar af laug *Hitun:* Jarðvarmi
og laugarhús sjást

„Í Laugardal neðst var bærinn Laugar og mun hafa verið byggður fram undir síðaskipti, en fór þá í eyði og hefur ekki verið byggður síðan. Þar bjó Lauga-Snorri, einn af traustustu fylgismönnum Sturlunga. Dróg bærinn nafn sitt af laug, er hann stóð við. Þar er nú sundlaug Hörðdælinga.“¹⁹⁰

Sundlaugin var byggð af Sundfélagi Hörðdælinga. Það var stofnað 8. ágúst 1915 að Snorrallaug í Laugardal. Samkvæmt *Árbók Ferðafélags Íslands* var fyrst byggð sundlaug úr torfi í Hörðudal 1915 við heita uppsprettu (en ekki getið um laugarhús) og sundfélag stofnað. Var fyrsti formaður þess Hákon Hens Helgason frá Ketilsstöðum og fyrsti sundkennari Vilhjálmur Ögmundsson í Vífildal.¹⁹¹ Í bókinni kemur fram að fyrst hafi verið byggð steinsteypt laug á þessum stað um 1930 og þá hafi við þær framkvæmdir fundust leifar af mannvirki sem hafði getað verið forn setulaug. Kristján Helgason frá Dunkurbakka greindi Kristjáni Eldjárn löngu síðar svo frá þessu og er þar vísað í örnefnaskrá: „Örskammt frá eyðibýlinu Laugum í Laugadal er nú steypst sundlaug. Fyrir



Sundlaug í Hörðudal í Dalasýslu. Undirritað 3. júlí 1934, Varðveitt í Teikniskerá Þjóðskjalasafns 22/1 frá Teiknistofu Byggingar- og landnámsjóðs, Jóh. Fr. Kr. (Jóhann Fr. Kristjánsson). Stjórnarráð Íslands I. Db. 10

¹⁹⁰ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1947, bls. 26

¹⁹¹ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1997, bls. 149-150

mörgum árum var átt við hitaveitu til laugarinnar, en svo háttar til á staðnum, að í brekkurótum kemur heitt vatn og litlu neðar í aflíðandi halla er heitt dý. Við gröft í dýið kom í ljós haglega hlaðinn hringur úr steinum í svo sem eins meters dýpi. Ekki man Kristján hve breiður hann var, en hann telur að tveir eða fleiri menn hafi getað setið innan í honum. Hann heldur að hringurinn hafi verið um 1 m að dýpt. Ekki var haggð við mannvirki þessu, en eitthvað mun hafa verið hlaðið ofan á það.¹⁹²



Sundlaug í Hörðudal í Dalasýslu, 1998, Sarpur (Byggðasafn Dalamanna), númer 2137/2010-1-14

Samkvæmt varðveittri teikningu af lauginni var hún 12,5 m löng en í gögnum Menntamálaráðuneytis er laugin sögð 10 x 5 m stór og laugarhúsið sagt „skúr“.¹⁹³ Samkvæmt teikningu Jóhanns skyldi laugarhúsið vera lítið og tvískipt, líklega með tveimur litlum klefum og tvennum dyrum að laug. Af ljósmynd af húsarústinni að dæma var hins vegar bætt við þriðju dyrunum á milli hinna tveggja og má geta sér til um að þar hafi verið geymsla eða aðstaða fyrir sundkennara. Í yfirlit um opinberar framkvæmdir á árinu 1948 kemur fram að sundskálinn var fokheldur það ár.¹⁹⁴ Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti var „síðast kennt 1954“¹⁹⁵ en yngri yfirliti um sundlaugar úr sama ráðuneyti kemur fram að laugin varð ónothæf árið 1970.¹⁹⁶ Samkvæmt kommenti á Facebook á síðu Byggðasafns Dalamanna kemur fram að laugin var notuð síðast 1972: „Þá létu nokkrir vegagerðarguttar renna í laugina og fengu sér „sundsprett“ í henni.“

Í *Árbók Ferðafélagsins* segir „Vegna ágangs og umferðar gekk leiðslan með heita vatninu í sundur svo að vatnið fraus eitthvert sinn og sprengdi botn laugarinnar. Leifar hennar og búningsklefa standa þó enn til minnis um framtakið. Í hlíðarfætinum var einnig plantað nokkrum trjám.“¹⁹⁷

Ekki hefur fundist gömul ljósmynd af lauginni frá þeim tíma sem hún enn var notuð.

¹⁹² Sama heimild

¹⁹³ Yfirlit um sundlaugar Íslands úr Menntamálaráðuneytinu, DD 05

¹⁹⁴ *Alþýðublaðið* 21.01.1948, bls. 7

¹⁹⁵ Yfirlit um sundlaugar, líklega frá miðri 20. öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

¹⁹⁶ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

¹⁹⁷ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1997, bls. 149-150

SUNDSKÁLI SÆLINGSDAL (1932-1994?)

Staðsetning: Laugum, Sælingsdal

Byggingarár: 1932

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Horfinn/rifinn.

*Höfundur: Jóhann Fr. Kristjánsson byggingarfræðingur.
Leiðbeiningar og lagnateikning íþróttanefnd ríkisins*

Byggt af/eigandi: Héraðssamb. Ungmennafélag Dalamanna

Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð

Hitun: Jarðvarmi

Löng hefð er fyrir laugarhaldi í Sælingsdal og getið um laugar þar bæði í Sturlungu og Íslendingasögum. Í Íslendingasögu Sturlungu kemur fram að synir Hvamms-Sturlu og fleira fólk hafi farið úr Hvammi til laugar í Sælingsdal¹⁹⁸ og í Laxdælu má segja að laugin sé vettvangur mikilvægra viðburða en þangað fór Gestur Oddleifsson og dvelst á leið til þings hvert sumar.¹⁹⁹ Kjartan Ólafsson gerði sér einnig tíðförlu til „Sælingsdalslaugar“ og með honum Bolli fóstbróðir hans og var þar Guðrún Ósvífursdóttir „að laugu“.²⁰⁰ Eggert Ólafsson getur um laugin í Ferðabók sinn og segir að hún sé þekkt fyrir að vera heilnæm baðlaug.²⁰¹

Í *Skrá yfir fornar baðlaugar* segir að skammt frá Tungukirkju hafi verið baðlaug „sem var mikið notuð til forna og einnig nú á tímum.“²⁰²

Þegar fyrstu hugmyndir um sundlaugarbyggingu í Sælingsdal koma fram eru þær óhjákvæmlega tengdar fornri frægd. Í grein um fyrirhugaða byggingu Ungmennafélagsins segir í *Skinfaxa* 1927: „Ungmennasamb. hefir ákveðið að byggja sundlaug að Laugum í Sælingsdal. Laugin á að verða steinsteypt og yfirbyggð og að öllu hin vandaðasta. Má þar kenna sundvetur og sumar, því að volgt vatn verður leitt í steinþróna. Líklegt er að verk þetta geti orðið Dalamönnum hin mesta menningarbót þá er það er fullgert. Ánægjulegt er að leggja rækt við svo merkilegan stað, sem hina fornfrægu laug þar vestra, sem nú á að taka til sundnotkunar. Laug þessi mun frægust allra lauga hér á landi, því að við hana er bundið ástaræfintýri þeirra Kjartans og Guðrúnar og Bolla, sem Laxdæla hefir gert ódauðlegt. Ef einhver nágrannaþjóðin ætti laug þessa og æfintýri það, sem við hana er tengt, mundi hún verða gerð að sælustað bæði andlega og líkamlega. Þangað myndu árlega koma þúsundir manna, sem notuðu heita vatnið sér til heilsubóta og fólkið mundi dreyma stóra drauma um hreysti og glæsímensku, vitsmuni og heitar en hamingjusnaugar óskir, en skáld og listamenn mundu víðfræga þennan fornfræga stað, þroskabót og hugarheill ættu Dalamenn að hafa af slíkri gersemi.“²⁰³

Í úttekt Jóhanns Fr. Kristjánssonar á mögulegum sundlaugarstæðum frá 1928 er að finna eftirfarandi lýsingu á möguleikum sundlaugargerðar á Laugum: „Laugar í Hvammssveit. Þar eru tvær heitar uppsprettur sín hvoru megin í melhrygg uppi í fjallsrótum, skamt upp af bænum Laugum. Önnur laugin er dálítið stærr og fjær bænum. Þar er aðstaða betri til þess að gera sundlaug. Landið umhverfis er þurt og greiðfært, en því hallar talsvert til austurs. Vatnið kemur upp úr klettasprungu, 58 stiga heitt og magnið er rúmlega 1 hter á sek. Leiðslan á því að fyrirhugaðri sundlaug verður um 130 m. löng en leiðla á köldu vatni, úr smálæk verður um 160 m. löng. Hin laugin er 56 stiga heit, vatnsmagnið rúmlega 1/3 1. á sek. (24 1. á mínútu). Verður hún

¹⁹⁸ *Sturlungasaga* I, bls. 232

¹⁹⁹ *Íslensk fornrit* V, bls. 87-88


²⁰⁰ *Íslensk fornrit* V, bls. 112

²⁰¹ Eggert Ólafsson I. bindi 1975, bls. 223

²⁰² *Skrá yfir fornar baðlaugar*. Þorsteinn Einarsson, handrit (DD 05), Þjóðskjalasafn Íslands

²⁰³ „Ungmennasamband Dalasýslu byggir sundlaug að Laugum í Sælingsdal“ *Skinfaxi* 01.11.1927

leidd í Laugabæinn. Á að giska 300-400 m. frá fyrirhugaðri sundlaug er stöðuvatn, vel fallið til þess að iðka í sund og þreyta kappsund á íþróttamóti. Hreinsun á botninum getur verið kostnaðarlítill með framræslu og hægt er að fá stað fyrir leikvöll rétt þar hjá. Samband U. M. F. Dalasýslu, hefir í hyggju að koma upp vandaðri yfirbygðri sundlaug að Laugum, hinum forna bústað Guðrúnar



Sælingsdalslaug. Ráðgert var að halda uppi sundkennslu fyrir bluta vetrar í húsinu og því voru höfð íbúðarherbergi í lauginni. Teikningin birtist í bók Sveins Þórðarssonar. Auður úr iðrum jarðar. 1998, bls. 80

Ösvífuradóttur. Áhuginn virtist vakandi í þessu máli, enda muna Dalamenn það, að til forna áttu þeir frægan sundmann, Kjartan Ólafsson.²⁰⁴

Sundskálinn í Sælingsdal var ein af fyrstu yfirbyggðu sundlaugum landsins (ásamt sundskálanum í Svarfaðardal, Sundskála Hveravalla, Sundlauginni á Laugum í Reykjahverfi og að Álafossi). „Árið

²⁰⁴ *Tíminn* 16.02.1929, bls. 37



Sundlaugin í Sælingsdal. Efri mynd til vinstri (A-JG-52 ljósmyndari Jón Guðmyndsson/Guðmundur Jónsson), tekin á bilinu 1933-1940. Myndin til vinstri er tekin 1966-68 (Sarpur myndanr. B2012-1-173 Ljósmyndari Sigurbans Vígnir). Mynd í neðri til vinstri er tekin á einu af böllunum sem haldið var í lauginn (af Facebook síðunni "Dalirnir okkar") en mynd til hægri á vígsludegi nýrrar laugar 1994 þegar niðurrif gömlu laugarinnar var yfirvofandi (Sarpur myndar. B -2000-2-124 ljósmyndari Arnáís Erna Ólafsdóttir)

1929 samdi ungmennafélag Dalamanna við bóndann á Laugum um að félagið fengi afnot af heitu vatni til þess að koma upp sundlaug á staðnum gegn því að ungmennafélagið legði heitt vatn í bæinn²⁰⁵ Laugin var vígð 1932 og var 14 x 8.5 m.²⁰⁶ Höfundur var líklega Jóhann Fr. Kristjánsson byggingarfræðingur/Leiðbeiningar og lagnateikning íþróttanefnd ríkisins en talsverð líkindi má sjá með Sundskálanum í Sælingsdal og sundskálanum á Hveravöllum sem Jóhann teiknaði einnig á svipuðum tíma og hafa báðar byggingar vikið. Jóhann var gamalla ungmennafélagi. Einnig hefur þó verið stungið upp á að höfundur laugarhúss gæti verið Þorleifur Eyjólfsson arkitekt en Pétur Ármannsson taldi sig þekkja rithönd Þorleifs á teikningunni. Í lýsingu á lauginni kemur fram að „áfastar við lagina verða svo byggingar þær, sem nauðsynlegar eru til starfrækslu, — svefnhýsi, borðstofa, eldhús, kennaraberggi, geymsla, bað og búningsklefar.....telja glöggir menn að hún muni verða fullkomnasta sundlaug, setn enn er byggð í sveitum hjer á landi.“²⁰⁷

Í afstöðuteikningu af Sælingsdal frá 1956 má sjá að viðbygging hefur verið við norðurhorn sundskálans og er hún merkt „núverandi heimavist“ (en á teikningunni eru líka hugmyndir um nýja heimavist).²⁰⁸

Í texta við ljósmynd af sundlauginni í Sælingsdal frá 1994 í Sarpi (mynd 2000-2-130) kemur fram að myndin er tekin við „Sælingsdalslaug síðari“ þegar hún var vígð 24. júlí 1994 og þar sést

²⁰⁵ *Leitin að týndu lauginni*, Guðmundur Ólafsson bls. 9

²⁰⁶ Þó sögð 15 x 8 m stór samkvæmt *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* (DD 05 – Þjóðskjalasafn Íslands)

²⁰⁷ „Ungmennasamband Dalasýslu byggir sundlaug að Laugum í Sælingsdal“ *Skinfaxi* 01.11.1929

²⁰⁸ Húsameistari ríkisins C-157_09, Þjóðskjalasafn Íslands


grunnskólinn á staðnum meðfram langhlið laugar og önnur hús ekki og er þarna væntanlega hætt að nota gömlu innilaugina.²⁰⁹ Í umræðuhópnum „Dalirnir okkar“ kemur fram Rekstrar- og framkvæmdanefnd Laugaskóla hafi lagt til að laugin væri rifin vegna slyshættu 1994 enda hafi húsið þá verið mjög illa farið. Í kjölfarið er sagt að Sveitarstjórn Dalabyggðar hafi leitað eftir afstöðu Ungmennafélags Dalasýslu og Húsafriðunarnefndar til að fá að rífa gamla sundskálann og niðurstaðan hafi verið að rífa húsið. Það virðist hafa verið gert einhvern tíma á árunum 1994-2000. Í grein Roni Horn í *Morgunblaðinu* 1999 kemur fram að þar hafi verið fallega hannaður pottur þegar hún heimsótti staðinn en hann hafi verið í slæmu ásigkomulagi þá. Hún segir þær upplýsingar komnar frá bónda sem sá um laugina að hún hefði verið notuð sem almennur samkomustaður og dansstaður.²¹⁰ Upplýsingar um það sama er að finna í Facebook hópnum „Dalirnir okkar“. Þar er að finna myndir sem teknar voru þegar samkomur og böll voru haldin í sundskálanum. Þann 01.03.2021 er einnig fjallað um laugina í hópnum og hún þar sögð önnur elsta innilaug landsins og að mikill mistök hafi verið að hún var rifin en kemur þar kemur jafnframt fram sú sögn að laugin sjálf sé ennþá lítið sem ekkert skemmd undir mól og múrbroti úr húsinu.²¹¹

²⁰⁹ Sarpur, mynd 2000-2-130

²¹⁰ Roni Horn, *Morgunblaðið* 10. apríl 1999, bls. 12

²¹¹ Facebook hópurinn: „Dalirnir okkar“ 01.03.2021

VESTFIRDIR



Laugar á Vestfjörðum. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Gögn í vinnslu - má ekki nota

REYKHÓLALAUG/GRETTISLAUG ELDRI (1928-1948)

Staðsetning: Reykbólum

Höfundur: Einar Erlendsson arkitekt f.b. húsameistara ríkisins, Jón Þorláksson verkefndingur.

Byggingarár: 1928

Byggt af/eigandi: UMF Breiðfirðingar


Helstu endurbætur:

Yfirbyggð/opin: Opin

Staða/ástand: Horfin vegna yngri laugar og húsa

Hitun: Jarðvarmi

Saga lauga á Reykhólum er löng. Þegar Eggert og Páll fóru um svæðið um miðja 18. öld var þar engin laug en þeir rannsökuðu þrjá hverir á svæðinu.²¹² Í *Sýslu- og sóknarhýsingum* frá því um miðbik 19. aldar er hins vegar nefnd laugin „Bóndalaug“ og kemur þar fram að margir getið baðað sig í henni en ekki hvort hún sé einungis notuð til baða.²¹³ Í *Barðstrendingabók* er fjallað um baðlaug á þessum slóðum en þar segir: „Suður frá bænum eru enn þrír hverir, sem kallaðir eru Suðurhverir. Einn þeirra nefnist Berghver. Í læk, sem úr honum rennur, er fornegt mannvirki, laug eða þró, kölluð Grettislaug. Kemur það ekki illa heim við Grettissögu, þar sem sagt er frá viðureign þeirra Grettis og Þorgeirs Hávarssonar.“²¹⁴ Í *Skrá yfir fornar baðlaugar* eftir Þorstein Einarsson segir „E. Ól. ræðir mikið um Reykhólahverina vegna vinnslu salts og telur þá notaða við suðu mata og þvotta. Hann nefnir að vatn úr einni holunni sé heilnæmt t.d. við innvortissjúkdómum. Hann



Teikning af laugarþró á Reykbólum frá 1916. Teikning merkt Jóni Þorlákssyni. Þjóðskjalasafn, Húsameistari ríkisins, Húsameistari ríkisins, C1792_1


²¹² Eggert Ólafsson I. 1975, bls. 223-224

²¹³ *Sóknarhýsingar Vestfjarða I*, bls. 56

²¹⁴ *Barðstrendingabók*, bls. 28

minnist ekki á „Grettislaug“, sem er þarna enn örnefni. Hleðsla sézt þar engin en nokkuð af stöku hleðslugrjóti²¹⁵

Í grein sinni um möguleg sundstæði á vestanverðu landinu (byggt á vettvangsúttekt frá 1928) lýsir Jóhann Fr. Kristjánsson Reykhólum á eftirfarandi hátt: “Þar hefir sund verið kent í svokallaðri Kúatjörn, óþrifapólli, en ekki skortir heita vatnið. Reykhólabærinn stendur á háum og víðáttumiklum hól (afbragðstúni og túnstæði), umgirtum flóa á þrjá vegu og Sandskeiðinu á einn



Sundlaugin að á Reykhólum frá 1928. Teikning merkt Einari Erlendsyni/ húsameistaraskrifstofu Ríkisins, Reykjavík janúar 1928. Þjóðskjalasafni, Húsameistari ríkisins, C392_04

veg. Þar er mikið og gott steypuefni. Að sunnan og vestan undir hólnum eru hverirnir, níu að tölu, með nöfnum og enn fleiri nafnlausir. Allir liggja þeir lágt. Hæstir eru Suðurhverirnir. Þeir eru nálægt 7 m. hærrí en flóinn. Flestir eru hverirnir talsvert vatnsmikir, þetta nálægt $1\frac{1}{2}$ — 2 l. á sek., að undanskildum Kraflanda, sem er þeirra langtum mestur og heitastur (suðuhiti), en hitinn í hinum hverunum flestum er 88-90 stig. Besta sundlaugarstæðið er við fyrnefna Kúatjörn. Má laga tjörnina með litlum tilkostnaði og gera úr henni góðan sundpoll, en yfirbygð laug með baði og heimavistarskóla ætti að reisa þar hjá. Umhverfið er hlýlegt og skemtilegt og nægilegt sygrúm fyrir leikvöll á holti þar rjett hjá. Eini gallinn er sá, að lítið er um kalt vatn á Reykhólum. Alstaðar er velgja í jörðinni þar sem ég kannaði, þetta um 18—20 gráður í lindar-seitlum. En mikið og gott neysluvatn er uppundir fjalli. Þangað er nálægt 1200 m. frá Reykhólabæ, en 1500 m. frá fyrirhugaðri sundlaug.²¹⁶

²¹⁵ Skrá yfir fornar baðlaugar. Þorstein Einarsson Þjóðskjalasafni Íslands, DD 05

²¹⁶ Tíminn 16.02.1929, bls. 38

Þrátt fyrir að engin almennileg sundlaug hafi verið á Reykhólum þegar Jóhann heimsótti staðinn höfðu um skeið verið uppi hugmyndir um að gera þar steinsteypta laug. Til er teikning af laugarþró á Reykhólum frá 1916, gerð af Jóni Þorlákssyni verkfræðingi, síðar forsætisráðherra. Ekki er ljóst hvort sú sundlaugarþró var gerð en a.m.k. kemur fram í fréttum af ungmennafélögum í Barðastrandasýslu sama ár og Jóhann heimsótti staðinn (1928) að Ungmennafélagið Afturelding hafi „ráðist í það stórvirki, að byggja yfirbyggða sundlaug að Reykhólum. Ráðgert er að verk þetta muni kosta um 7500 krónur. Laugin verður steinsteypt, með timburskúrum. Þar getur sundfólk hafst við meðan það klæðist og afklæðis. „Afturelding“ mun hafa ráðist í þetta stórvirki í því trausti, að bæði nærsveitir og ríkissjóður muni leggja fé til verksins, enda myndi bygging laugarinnar reynast félaginu ofurefli að öðrum kosti.“²¹⁷ Til er teikning frá 1928 gerð af Einari Erlendssyni af fyrstu laugarhúsunum sem þarna risu. Teikningin sýnir aðeins húsin en ekki laugina og er líklegt að hún hafi verið gerð eftir eldri teikningu Jóns Þorlákssonar og líklega þegar risin. Samkvæmt teikningu Einars var sundlaugarhúsið lítið hús með skúrþaki og má sjá að það hefur verið á bakka 8-9 m breiðrar/langrar laugar. Ekki fundust upplýsingar um hvenær laugarhúsið var rífið en það hefur líklega verið rífið þegar nýja húsið var reist 1948 og væntanlega þá laugin löguð eða henni breytt.

Ekki hefur fundist gömul ljósmynd af lauginni en samkvæmt teikningu virðist hún hafa verið lítið timburhús með skúrþaki. Á móti lauginni virðast tvöfaldar dyr á miðju húsi og lítill gluggi til hvorrar hliðar. Dyr og gluggi voru einnig á húsgafli. Húsið skiptist upp í anddyri og tvö salerni þar inn af og þá kvennaklefa og karlaklefa.

²¹⁷*Skinfaxi* 1928, 2. tb. bls. 31

REYKHÓLALAUG/GRETTISLAUG YNGRI (1948-)

Staðsetning: Reykjabraut 12, Reykþólum

Höfundur: Bárður Ísleifsson arkitekt f.h. Húsameistara ríkisins. (Guðjón Samúelsson?)

Byggingarár: 1948

Byggt af/eigandi: UMF Breiðfirðinga/skólinn að Reykþólum, Ríkissjóður


Helstu endurbætur:

Yfirbyggð/öpin: Öpin

Staða/ástand: Í notkun

Hitun: Jarðvarmi

Nýtt sundlaugarhús (og líklega ný sundlaug) var gerð á Reykþólum 1948. Nýja laugin var 25 x 8 m að stærð og hana hannaði Húsameistaraskrifstofa ríkisins/Guðmundur Guðjónsen.²¹⁸ Í yfirliti í bók um Guðjón Samúelsson kemur hins vegar eftirfarandi fram: „1928/1948 Reykhólar, sundlaug og búningsklefar (Einar Erlendsson, Bárður Ísleifsson).“²¹⁹ Einar hannaði eldri laugarhús. Samkvæmt þessu mættiætla að Bárður Ísleifsson og Guðjón Samúelsson hefðu hannað hús og laug en ekki Guðmundur eins og sagt er í yfirliti úr Menntamálaráðuneyti. Teikningin að húsinu er merkt Bárði.



Sundlaugin að á Reykþólum frá 1930. Teikning merkt Bárði Ísleifssyni/húsameistaraskrifstofu Ríkisins, Reykjavík 24. apríl 1948. Þjóðskjalasafn, Húsameistari ríkisins, C392_04

²¹⁸ Yfirlittskjal um sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

²¹⁹ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 404

Í yfirlitsskjali um sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti (DD 05) kemur fram að laugin var fyrst eign Ungmennafélags Norður-Breiðafirðinga en síðar eign skólans að Reykhólum.²²⁰

Engin gömul ljósmynd af laug/laugarhúsi fannst.

Svipmót þess hús sem teikningin sýnir er keimlíkt ýmsum sundlaugarbyggingum sem Bárður Ísleifsson hafði hönd í bagga með á vegum embættis húsameistara ríkisins.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

²²⁰ Yfirlitsskjal um sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

SUNDLAUGIN LAUGALANDI (1940?-?)

Staðsetning: Barðastrandarsýsla

Byggingarár: ca. 1940

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Laugarbús horfið, leifar af laug enn til staðar?

Höfundur: Óþekktur/ heimamenn?

Byggt af/ eigandi: Theodór Þorláksson

Yfirbyggð/ opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Sundlaug var fyrst gerð á Laugalandi 1916-17 en líklega var ekkert laugarhús við hana og er hún því ekki skráð sérstaklega. Hjörtur Ögmundarsson lýsir sundlaugagerðinni í upptöku sem aðgengileg er á Ísmus. Þar kemur fram að fyrsta félagið sem stofnað var í hreppnum var Sundfélagið og félagsmenn þess, nokkrir unglingar. Fyrst hafi verið hlaðin torflaug úr hnaus á þessum stað þar sem fyrir var volg laug 1916-1917 og þar lærði hann að synda. Hann segir að



Sundlaugin á Laugalandi. Efri myndirnar tvær eru úr Sarpi, teknar um 1950 af Ólafi Ólafssyni (nr. ÓÓla-69 og 70) en neðri myndin er af vef Reykibólubrépps <https://gaml.reykibolar.is/myndasofn/myndir/98/2294/>

laugin hafi svo síðar verið steipt en hann heyri sagt að hún sé alveg biluð núna. Hann segir aðeins frá sundfélaginu, að greiðsla hafi verði fyrir félagsaðild og a.m.k. einu sinni hafi sundfélagðið staðið fyrir dansskemmtun.²²¹

Í *Örnefnaskrá Laugalands* kemur fram að laugin var byggð af Theodóri Þorlákssyni (síðasta ábúenda jarðarinnar) sem var fæddur á Laugarlandi en flutti í burtu en svo aftur á jörðina 1940. Líklega er laugin gerð á 5. áratug 20. aldar þótt ekki hafi fundist beinar heimildir um byggingarár.²²²

Á laugina er minnst í skýrslunni *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi frá Laugin 2016* en þar kemur fram að laugarþróin sést, í það minnsta var hnit tekið við gömlu laugina sem er steinsteipt.²²³

²²¹ ÍSMUS, SÁM 86/760 EF

²²² *Örnefnaskrá Laugalands*, Guðmundur Theodórsson/Jónína Hafsteinsdóttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn (nafnið.is)

²²³ *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi frá Laugin 2016*, MHH Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 9, bls. 17-18

SUNDLAUG BARÐSTRANDAR/KROSSSUNDLAUG (1949-)

Staðsetning: Laugarnesi, við Hagavatn, *Höfundur:* Leiðbeiningateikningar íþróttanefnd ríkisins og Birkimel

Byggingarár: 1949

Helstu endurbætur: 1975, 2011

Staða/ástand: Hús horfið vegna yngri bygginga, sundlaug í notkun

Byggt af/eigandi: UMF Barðastrandar

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Sundlaug Barðstrendinga sem stundum er nefnd Krosssundlaug var byggð 1949. Í *Breiðfirðingj* 1951 segir: „Nú hefur Ungmennafélag Barðstrendinga hafið byggingu nýrrar sundlaugar við botn Hagavatns. Er sundpróin sjálf steipt 5 x 12^{1/2} m að stærð. Heitir staðurinn Laugarnes. Eftir er að



Gamla langarhúsið við Sundlaug Barðastrandar. Mynd til vinstri er tekin á 10. áratug 20. aldar og birtist í grein Roni Horn í Morgunblaðinu 10. apríl 1999. Myndi til hægri birtist í tímaritinu Lífum betur og á benni sést húsið einnig en þá hafa skúrar norðan við laugarenda risið. Gömlu húsin voru rifin (einbvern tíma eftir 2000) og gámum komið fyrir á austurbakka laugar í þeirra stað.


byggja búningaklefa. Er það mikið átak fyrir ungmennafélag í fámennri, strjábýlli sveit að koma upp slíkri byggingu.²²⁴ Í *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983* er Sundlaugin á Barðastönd talin upp og kemur þar fram að laugin er frá 1949 og að búningaklefar eru við laugina. Er arkitekt þar sagður Leiðbeiningateikningar íþróttanefnd ríkisins og heimamenn.²²⁵

Var laugin rekin af Ungmennafélaginu. Í *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi* 1975 segir: „Breyting varð 1975 á uppstreymi jarðvatns og laugin því ónothæf sem stendur.“²²⁶ Þrátt fyrir það

²²⁴ *Breiðfirðingur* 1951. bls. 69

²²⁵ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

²²⁶ *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi* 1975, Þorstein Einarsson, DD05, Þjóðskjalasafn Íslands.



Á meðal gagna úr Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands, H25 fannst staðlaður uppdráttur af litlu og einföldu laugarskjáli (til vinstri) sem sendur hafði verið Ungmennafélagi Barðstrandar á þeim tíma sem þeir voru að huga að sundlangargerð. Af ljósmyndum sem hafa fundist af skjálinu virðist þó sem það skjáli sem hafi rísið hafi verið nær teikningunni til hægri sem er einnig ein af þeim stöðluðu teikningum sem til voru af sundlaugarbyggingum. Húsið var meðfram austur langhlíð laugar og inngönguskúrinn snéri að laug. Teikning: Húsameistrari ríkisins, C388_09-10

komst laugin aftur í notkun og er enn í notkun. Hún var tekin í gegn 2011 og þá hlaðinn heitur pottur yfir uppsprettu eða borholu neðan við laug.

Á gömlum ljósmyndum má sjá að sundlaugarskjálið gamla var með einhalla skúrþaki. Hins vegar má líka sjá að húsið hefur verið lengra en teikningin gerir ráð fyrir, líklega nær þeirri lengd sem sýnd er á teikningunni til hægri. Sundlaugarhúsið hefur nú verið rífið og ný hús og gámar teknir í nokkun í þeirra stað.

SUNDLAUG PATREKSFJARÐAR (1945-2007)

Staðsetning: Vatnseyri, Patreksfirði

Byggingarár: 1945

Helstu endurbætur: 1979, 1980

Staða/ástand: Rífin 2007

Höfundur: Bárður Ísleifsson f.b. Húsameistara ríkisins

Byggt af/ eigandi: Patreksfjarðarhreppur, Ríkissj.

Yfirbyggð/ opin: Opin

Hitun: Hituð með affallsvatni, síðar rafhituð

Sundlaug Patreksfjarðar var vígð 17. júní 1945. Í *Morgunblaðinu* er greint frá vígslu laugarinnar viku síðar. Þar kemur þar fram að fyrsta hugmyndin að gerð laugarinnar hafi komið frá Steinvöru Gísladóttur, félagskonu í slysavarnardeildinni Unni árið 1941 og beitti deildin sér fyrir undirbúningi að sundlaugargerð. Í greinni er lauginni lýst svona: „Laugin og öll húsakynni hennar eru úr steinsteypu, og múrhúðuð að utan með gulum skeljasandi. Laugin sjálf er að stærð 16.5x7 m en utanmál byggingarinnar allrar er 30x17 metrar. Umhverfis laugina er mikið áhorfendasvæði á alla vegu, og upphækkað á einn veg, en háir veggir á þrjár hliðar. Búningsklefar og steypuböð eru fyrir konur og karla, einnig gufubað, klefi fyrir sundkennara, aðgöngumiðaklefi, salerni og geymsla. Í kjallara er miðstöð, er hitar steypuböð og gufubað. Upphitun klefanna er algjör nýjung í sundlaugum, og fer fram með heitu lofti. Eru öll húsakynni og laugin sjálf mjög vistleg og vel frá öllu gengið, enda í engu sparað að gera alt sem best og fullkomnast. Vatnið í lauginni er heitur sjór, hitaður upp með sjerstökum og mjög fullkomnum útbúnaði, í hraðfrystihúsinu „Kaldbakur“, sem



*Sundlaugin á Patreksfirði. Mynd til vinstri er úr *Skinfaxa* 01.04.1946_bls. 46 en mynd til hægri úr *Sarpi*, ljósmynd Þorsteinn Jósefsson (A-ÞJ-Barð_375).*


er þar allnærri. Er hringrás á vatninu, og hreinsað í til þess gerðum tækjum.“²²⁷

Í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að laugin var þá rafhituð.²²⁸ Í *Vestfjarðarriti III* segir: „Íþróttamiðstöð“ með íþróttasal, líkamsrækt, sundlaug og heitum pottum, var byggð hjá skólanum 2003–2005. Var þá aflögð eldri sundlaug á Vatnseyri.“²²⁹

²²⁷ *Morgunblaðið* 22.06.1945, bls. 5

²²⁸ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

²²⁹ *Vestfjarðarriti III*, bls. 329



Deiliskipulag íþróttavallar og sumdlaugar á Vatnseyri 1943, byggt á aðalskipulagsuppdrætti Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. Skipulagsstofnun en mynd úr skýrslunni Vatnseyri: Húsakönnun, greinargerð í ágúst 2019, bls. 9.

Í *Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018* segir: „Gamla sundlaug Patreksfjarðar stendur á um 0,2 ha lóð. Hugmyndir eru um nýta búningssklefa fyrir íþróttavöll og lauginu sem skautasvell.²³⁰ Laugin var rifin 2007 skv. gagnagrunni Minjastofnunar Íslands.²³¹

²³⁰ *Vatnseyri: Húsakönnun, greinargerð í ágúst 2019*, GINGI teiknistofa, bls. 9

²³¹ Huginn, gagnagrunnur Minjastofnunar Íslands

SUNDLAUG TÁLKNAFJARÐAR (1935-1987)

Staðsetning: Sveinseyri

Byggingarár: 1935

Helstu endurbætur: 1987 hús þá rifði

Staða/ástand: Laug í notkun, stækkuð, laugarhús horfið vegna yngri húsa,

Höfundur: Ókunnur/heimamenn?

Byggt af/eigandi: Tálknafjarðarbær, ríkissj.

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Elsta laugin sem byggð var á Tálknafirði var hlaðin úr torfi og varð eins og oft var með slíkar laugar ansi gruggug. Samkvæmt upplýsingum á vef sveitarfélagsins var laugin byggð fyrir fjármagn úr sýslusjóði og fóru þar fram sundnámskeið fyrir alla sýsluna.²³²



Sundlaugin á Tálknafirði 1935-37. Ljósmynd úr Sarpi. Mynd til vinstri nr. Lpr/2015-362, ljósmyndari Geir Geirsson Zoega en mynd til hægri nr. Lpr/2010-357 úr forum Gunnars M. Magnússonar rit höfundar

Þegar Jóhann Fr. Kristjánsson ferðaðist um vestanvert Ísland til að kanna möguleg sundlaugarstæði skoðaði hann m.a. Sveinseyri í Tálknafirði og ritaði eftirfarandi um hana: „Hér er ekki um vel heita uppsprettu að ræða, hitinn aðeins 27 stig C, en vatnsmagnið er mjög mikið - stór lækur - Á hann upptök sín neðst í fjalli skamt upp frá bænum Sveinseyri og steypist þar fram af allhárrí brekku. Jarðhitinn þarna er hulinn og ekkert ofanjarðar, sem gefur vísbendingu um hann. Á Sveinseyri hefir sundkensla farið fram þrátt fyrir mjög óaðgengilegan sundpoll. En bót er það í máli, að barnaskólahús er nálægt pollinum og hafa nemendur haft aðsetur í því. Kaupúnin, Patreksfjörður og Bíldudalur eru sitt á hvora hönd og sækja börn þaðan sundnám að Sveinseyri. Þörfin er því brýn, að þar komi góð sundlaug. Skilyrðin eru ekki ágæt, en viðunandi. Leiðslan á heita vatninu verður um 530 m. löng. fallhæðin 12 m. kalda vatns leiðslan 150 m. löng. Steypuefni er nálægt og leikvöll má gera með litlum kostnaði.”²³³

Sundlaugin á Tálknafirði/Sveinseyri var byggð 1935 og var upphaflega 20 x 10 m stór. Í gögnum frá ráðuneyti kemur fram að ókunnugt sé um höfund laugarinnar og það hafi hugsanlega verið heimamenn.²³⁴ Af ljósmyndum að dæma var laugarhúsið langt og mjótt, lágreist steinsteypt hús á einni hæð og með flötu þaki eða skúrþaki. Á þeirri hlið sem snéri að laug voru þrennar dyr og fjórir gluggar og má gera ráð fyrir að búningasklefar karla hafi verið í öðrum enda byggingarinnar en

²³² www.talknafjordur.is/ibuavefur/saga_skolahalds/

²³³ *Tíminn* 16.02.1929, 38


²³⁴ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

búningsklefar kvenna í hinum og á milli hafi verið geymsla, aðstaða fyrir sundkennar eða eitthvað á máta. Hátt stökkbretti var við sundlaugarendann.

Í *Skrá yfir sundlaugar í Vestfirðarkjördæmi* 1975 segir: „Lélegt laugarhús og sama er að segja um þró.“²³⁵ Á meðal gagna íþróttasjóðs er varðveitt riss eftir Þorstein Einarsson, ódagsett, sem sýnir klefana „eins og þeir eru og eins og mætti breyta þeim“²³⁶ ekki er ljóst hvort umræddar tillögur urðu að veruleika.

Í *Dagblaðinu Vísir* 1987 kemur fram að börn á Táknafirði héldu maraþonsund til að safna fyrir því að lokið væri að byggja íþróttahús og félagsheimili (sem þá var búið að vera í byggingu í 5 ár og langt í land). Af ljósmynd með fréttinni má sjá að gömlu laugarhúsin virðast enn standa.²³⁷ Í *Skinfaxa* frá 1988 kemur fram að fyrir ári hafi Táknafirðingar tekið sig til og rutt burt öðrum gaflinum á sundlauginni og lengt hana úr 20 m og í 25 m. Þar kemur fram að íþróttahús bæjarins (á laugarbarminum) sé ekki eins vel státt og sé komið upp að hálfu leyti.²³⁸

Nú er laugin 25 m löng með tveimur heitum pottum og laugarhúsið er íþróttamiðstöð við laugina. Ekki er ljóst hvenær gamla laugarhúsið var rífið.



Sundlaugin á Táknafirði, riss Þorsteins Einarssonar (ódagsett) að mögulegum endurbótum á laugarhúsum, sem líklega urðu ekki að veruleika

²³⁵ *Skrá yfir sundlaugar í Vestfirðarkjördæmi* 1975. Þorsteinn Einarsson. DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

²³⁶ Gögn frá íþróttasjóði úr Menntamálaráðuneyti, H25, Þjóðskjalasafn Íslands, H25

²³⁷ *Dagblaðið Vísir* 17.07.1987, bls. 18

²³⁸ *Skinfaxi* 4. tbl. 01.08.1988, bls. 35

SUNDLAUG HÉRAÐSSKÓLANS Á NÚPI (1930-)

Staðsetning: Núpi í Dýrafirði

Höfundur: Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins og/eda Einar Erlendsson arkitekt fyrir hans bönd.

Byggingarár: 1930

Byggt af/eigandi: Sýslur, ríkissjóður

Helstu endurbætur:

Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð

Stað/ástand: Líklega enn á sínum stað en stóð tóm lengi

Hitun: í upphafi hituð með rafmagni og kolum, síðar olíu og rafmagni

Sundlaugin á Núpi í Dýrafirði var byggð í tengslum við byggingu héraðsskóla á sama stað. Í *Skrá um sundstaði og upplýsingar um sundlaugar frá 1980* segir að allar íslenskar laugar fram til 1940 hafi verið byggðar í nágrenni við heitar uppsprettur nema sundlaugin á Núpi í Dýrafirði sem tekin var í notkun 1930.²³⁹ Laugin var 8 x 6 m stór og var í upphafi hituð með rafmagni og kolum en síðar rafmagni og olíu.²⁴⁰ Samkvæmt bókinni um Guðjón Samúelsson hannaði hann húsið 1931²⁴¹ en hann virðist ekki hafa hannað sundlaugina. Elsta teikning af húsinu er hins vegar merkt Einari Erlingssyni (frá 15.09.1931).²⁴² Í bókinni um Núpsskóla er umrædd teikning sögð sú eina sem varðveitt er af húsinu og þar er einnig birt teikning af nýbyggingu sem sögð er merkt Einari.²⁴³ Í *Yfirliti yfir mannvirki 1983* er Einar einnig sagður arkitekt laugar.²⁴⁴ Sundlaugin var í hálfum kjallara hússins og þar var einnig íbúð íþróttakennara skv. tímaritinu *Víðari* en þar segir: „1935 var svo byggð gufubaðstofa út frá sundlaugarpallinum, svo að skólinn getur nú boðið nemendum sínum og gestum heitt gufubað, heitt og kalt steypibað ásamt sundi á sama stað í húsinu. Er það fyrsti skólinn á landinu, sem byggir gufubaðstofu í fornum stíl.“²⁴⁵ Í grein í *Samvinnunni* frá 1933 kemur fram að til hafi staðið að hita laugina með raforku og nota til þess nóttina en að það hafi reynt



Núpur við Dýrafjörð (ljósmyndir úr bókinni Núpsskóli við Dýrafjörð, bls. 197 til vinstri og 304 til hægri). Ljósmynd til vinstri er tekin á árunum 1943-1949 en sundlaugin var í viðbyggingunni til vinstri við miðjubúsið. Á ljósmyndi til hægri er laugarþróin í kringum 1990.

²³⁹ *Skrá um sundstaði og upplýsingar um sundlaugar frá 1980*, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands, bls. 1

²⁴⁰ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

²⁴¹ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 403

²⁴² *Núpsskóli í Dýrafirði*. 2017, bls. 159

²⁴³ Sama heimild, bls. 160 vísað er í „Einar Erlendsson. ÞÍ. Mrn. 2012-3 T-TD 1-1 Núpsskóli

²⁴⁴ *Yfirliti yfir mannvirki 1983*, DD05, Þjóðskjalasafn Íslands


²⁴⁵ *Víðar* 01.01.1936, bls. 42

nokkrum erfiðleikum bundið en að „skólanefndin muni áreiðalega ekki hætta fyrir en það tekst“²⁴⁶ en í grein frá árinu 1936 kemur fram að sundlaugin er þá hituð með kolum og rafmagni.²⁴⁷

Ítarlega er fjallað um sundlaugina í bókinni *Núpskóli í Dýrafirði* en þar segir: „Fyrirætlunum um héraðsskóla fylgdu ákvarðanir um lóð og húsakynni. Það vekur í raun athygli að engin umræða eða spurningar vakna um það að skólinn skuli eignast jörð. [...] Hér má staldra við og minna á að á Vestfjörðum var ekki einhugur um skólastað héraðsskóla á Núpi. Í fyrsta lagi virðist þátttaka Strandasýslu aldrei hafa komið alvarlega til álita. Í öðru lagi voru uppi talsmenn héraðsskóla við Ísafjardardjúp eða á Barðaströnd. Þeir höfðu fyrir sér röksemd baráttumanna fyrir héraðsskólum yfirleitt, þann að hagkvæmur skólarekstur fælist í jarðhita, að skólarnir risu á jarðhitastöðum, t.d. í Reykjanesi eða á Reykhólum. Jarðhita vantaði á Núpi. Á móti báru þá talsmenn Núpaskóla fram vatnsvirkjun sem gæti komið í stað jarðhita.“ Á blaðsíðu 160 segir enn fremur: „Í fyrstu frásögn fundargerðar skólanefndar er gert ráð fyrir 55 m langri byggingu. Sú teikning hefur ekki komið til framkvæmda og hún hefur heldur ekki varðveist. Þessi hluti er þannig einungis áfangi til heildarinnar sem ætluð var...[...] Neðsta hæð húsin, sundlaugarhæðin, er á teikningunni kölluð

²⁴⁶ *Samvinnan* 01.02.1933, bls. 82

²⁴⁷ *Víðar*, 01.01.1936, bls. 42



Efst má sjá teikningu af skólahúsinu og fyrstu viðbótinni við það, þar sem m.a. voru búningsskefjar fyrir sundlaug. Teikningin er í ágúst 1943. Neðar til vinstri er búningsherbergin og kjallari frá 1943, séð frá austan en skv. upplýsingum í bókinni Núpsskóli í Dýrafirði voru líklega ekki kjallaragluggar á húsinu þar sem þeir eru sýndir. Neðri teikning til hægri sýnir svo skýpulag í kjallara skólans þar sem sundlaugin er (Núpsskóli í Dýrafirði, teikning efst og neðri röð til vinstri bls. 193 en í neðri röð til hægri á bls. 169)

kjallari, og ofan við hana á teikningunni sýndur „Neðri-Kjallari“. Hann er raunar ekki neðar en hinn heldur til hliðar við sundlaugina, undir sundlaugarpallinum og er grafinn lítið eitt dýpra en sundlaugin. Á teikningunni eru tröppur sýndar á báðum hlutum teikningarinnar og orðin „Filtrer vjelar“ í neðri kjallaranum. Það eru væntanlega hita- „element“ og dæla. Þessu er ekki lýst í neinum varðveittum gögnum skólans og er tilgáta höfundar. Í þessum hluta var forhengi og fatasnagar á bak við en engar sturtur“²⁴⁸

Árið 1940 var gerð úttekt á stofnkostnað skólans og þar kemur fram: „II. Skólahús (sjá stofnkostn. Ib) byggt 1930-32. Steinsteypuhús með korkeinangrun 2 hæðir og kjallara: sundlaug 6 x 8 m, fataklefi, rafmagnsklefi, miðstöðvarherbergi, gufubaðstofa,....“²⁴⁹

Í lýsingu á húsinu segir: „Nýja skólahúsið (það sem komið er). Teikningar að þessum húshluta liggja fyrir syðra og tel ég því óþarft að lýsa því. Húsið er allt úr vandaðri steypu og bæði loft steyp.“

²⁴⁸ Núpsskóli í Dýrafirði. 2017, bls. 156

²⁴⁹ Sama heimild, bls. 188-189

Járnpak er yfir klæðn. og tvöf. pappi. Einangrun í kjallara og stofuhæð er kork. Múrhúðað innan á hann. Skilrúm þau sem ekki eru steipt eru forskallaður víður. Efri hæðin er öll einangruð þannig. Sementsvatn er dregið á vegg, síðan tjargað eða asfaltborðið, þá trérimlar með tvöf. pappi og innst eru teu-testplötur (texplötur?) 12 mm þykkar. Öll skilrúm trégrindur 2^{“*22} með teutestplötum báðum megin. Á loftinu líka. Síðan málaður maskínupappír eða veggfóður. Sundlaugin hefur verið máluð innan í haust (sumar yfirstrikað)...^{“250}

„Á fundi skólanefndar í maí 1943 er loksins ákveðið að byggja við skólahúsið samkvæmt teikningu Þóris Baldurssonar. Svo virðist að bæði hafi verið erfitt að fá byggingarefni og verkamenn til starfans en ekki er nú talað um fjárskort. Eiríkur Þorsteinsson tók að sér að útvega eða reyna að útvega hvort tveggja og er verk hafið við vesturálmú að áliðnu sumri 1943. Engu er þó lokið næsta vor en unnið að bað og búningsherbergi við sundlaugina, heimavist fyrir stúlkur og tvær kennaraíbúðir.“²⁵¹ Í texta kemur fram að ytri álman hafi verið byggð 1944 en austurálman sé frá 1946.

„Varðveitt teikning af fyrsta áfanga stækkunar byggingarinnar frá 1932 er dagsett í ágúst 1943 og árituð af Einari Erlendssyni. Skólanefnd hafði skv. fundargerð 20. maí 1943 ákveðið að byggja við skólahúsið skv. teikningu Þóris Baldurssonar „með nokkrum breytingum ef þurfa þykir.“ Skýringin á þessum víxlun nafna er ekki þekkt eða hvort í henni felast breytingar á tekningu Einars sem getið er í fundargerð 22. mars 1938. Skólanefndin hafði ekki verið ánægð með hana og hafði óskað eftir viðræðum við húsagerðameistara ríkisins um breytingar á henni. Hvort heldur sem var hefur í aðalatriðum verið byggt eftir hinni varðveittu teikningu. Teikningin er í 8 hlutum á einu blaði. Þar af eru 3 hlutar eða teikningar af bakhúsið við bygginguna 1932. Furðuhljótt er um það viðbótarmannvirki á bókum skólans. Þetta eru búningsklefar við sundlaugina og kjallari undir hluta þeirra.“ Á bls. 195 kemur fram að ákveðið var að koma upp baðstofu/gufubaði árið 1935 og hún er líklega fullbyggð sama ár. Í ársskýrslu skólans segir „Eldstæði hefur verið sett í baðstofuna er smíðað hefur Guðm. Sigurðsson á Þingeyri. Kom brátt í ljós við notkun að klæða þurfti innan veggina, með einangrandi efni og koma fyrir einhverri upphitun, þar sem eldstæðið er á milli múrveggja á 3 vegu en steinar ofan á plötunni, svo þett gefur mjög lítinn hita frá sér til upphitunar í sjálfu herberginu“²⁵² Ári síðar virðast hreinsitæki sundlaugar komin í gott lag sem og gufubaðstofa og búningsklefar.²⁵³

Skólarekstur á Núpi var nokkuð erfiður og í bókinni um skólann segir: „Tvennt blasið við sem gerði skólarekstur á Núpi erfiðari en annars staðar. Jarðhiti var ekki fyrir hendi og rafstöð sem átti að koma í staðinn brást því hlutverki sínu að verulegu leyti. ...Hitt var líklegra þyngra í skauti þegar frá leið að sýslurnar sem stóðu að stofnun skólans gengu úr skaftinu. fyrst sneri Norður-Ísafjarðarsýsla sér að rekstri eigin skóla á Reykjanesi. Stöðugt vaxandi tregðu eða getuleysis gætti síðan í samskiptum skólans og Barðastrandasýslu. Við þetta bættist að eftir 1930 dró stórlega úr þrótti ungmennafélaga. Þeir höfðu í raun verið stekari barkhjarl stofunar héraðsskóla en hver einstök sýsla.“²⁵⁴

Skólalald var á Núpi allt til 1992. Árið 2017 seldi ríkið eigin sínar á Núpi og samkvæmt nýjum eigendum (Fyrirtækið HérogNú ehf) stóð til að reka þar ferðaþjónustu. Árið 2022 voru eignir á Núpi hins vegar aftur auglýstar til sölu og var þá sundlaugin þar talin upp á meðal eigna.

²⁵⁰ Sama heimild, bls. 91

²⁵¹ Sama heimild, bls. 193-194

²⁵² Sama heimild, bls. 194

²⁵³ Sama heimild, bls. 95

²⁵⁴ Sama heimild, bls. 193

SUNDLAUG FLATEYRAR (1942-1968?)

Staðsetning: Grundarstíg 11, Flateyri

Byggingarár: 1942

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Horfin


Höfundur: Líklega byggt á dæmi-teikningu Bárðar Ísleifssonar arkitekts að sundlaug.

Byggt af/eigandi: Ungmennafélagið Grettir, ríkissj.

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Í upphafi hituð með kælivatni véla



Íþróttafélagið Grettir var stofnað 1933 á Flateyri og strax í upphafi var eitt helsta markmið félagsmanna að gera sundlaug á Flateyri. Í grein í *Skinfaxa* frá 1955 kemur fram að fyrstu árin hafi verið stefnt að þessu en lítið gerst en árið 1937 hafi Síldarverksmiðjur ríkisins á Sólbakka átt vatnsþró sem var ekki notuð enda í ólagi en fékk félagið að laga hana og nota og ókeypis gufu til að hita upp vatnið. Þarna var kennt sund í 2 ár en þá var hætt að starfrækja verksmiðjuna og féll þá sundið einnig niður. Árið 1940 voru Íþróttalögin samþykkt og jókst með þeim áhersla á að koma upp sundlaugum. Þá var Jón Jónsson forstjóri og aðaleigandi Hraðfrystihúss Flateyrar og



Sundlaugin á Flateyri, myndir ofar eru af vegg núverandi sundlaugar á staðnum mynd að neðan úr bókinni Vormenn Íslands 2007, bls. 60

var ákveðið að verja nokkru af rekstrarhagnaði til að byggja upp sundlaug sem hita skyldi með kælivatni frá vélum hraðfrystihússins. Varð þetta úr og tók Grettir formlega við lauginni 1943 og

rak hana í þrjú en þá höfðu bæði komið fram skemmdir á lauginni og skipt hafði verið um vélar í hraðfrystihúsinu, og var ekki lengur hægt að nota kælivatn véla til upphitunar. Ekki var á hreinu



Ekki fannst upprunaleg teikning af laug/laugarhúsi á Flateyri. Efri teikningarnar tvær eru frá því í desember 1953 (Húsameistari ríkisins_C384_09) gerðar af Óskari Sveinssyni/Húsameistara ríkisins og virðist þá hafa staðið til að endurbæta sundlaugarhúsið eða byggja nýtt. Af lagnateikningu frá því í febrúar 1954 (Húsameistari ríkisins, C1461) virðist þó hvorugt sundlaugarhúsið hafa orðið fyrir valinu heldur L-laga bygging og má vera að byggt hafi verið við upprunalegt hús.

hvort félagið ætti laugina eða ekki og ljóst að endurbætur myndu kosta allmikið og því var ekki ráðist í þær. Á þessum tíma hafði Hraðfrystihús Flateyrar verið selt öðru félagi en sundlaugin hafði verið undanskilin í sölnunni (og þá lítið á hana sem eign Grettis) og fékkst formlegt afsal á lauginni

til Grettis í október 1948 og var þá hafist handa við viðgerðir og endurbætur þrátt fyrir bágan fjárhag.²⁵⁵

Af gömlum ljósmyndum að dæma var laugarhúsið einfalt hús á einni hæð með litlu anddyri fyrir miðju húsi (frá laug) og einum dyrum á húsinu miðju að laug. Ekki er ljóst hvort það var við laugarendann eða meðfram langhlið laugar. Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, er sundlaug Flateyrar talin upp og sögð steinsteypt og 16.67 x 7 m stór. Þar stendur einnig: „4. febr. 1943 lauk ungf. Grettir við laugina hjá Hraðfrystihúsi Flateyrar, síðast kennt 1959.“²⁵⁶ Sundlaugin að Grundarstíg 11 er talin upp ásamt öðrum eignum hraðfrystihússins á Flateyri á nauðungaruppboði í *Morgunblaðinu* 1968 “ásamt eignum, lóðum og öðru tilheyrandi, þinglýstur eigandi Fiskiðju Flateyrar.”²⁵⁷ Sundlaugin hefur líklega verið rifin á 7. áratug 20. aldar en núverandi sundlaug reis á þeim áttunda. Lóðin Grundarstígur 11 virðist nú óbyggð.

²⁵⁵ *Skinfaxi* 1. tbl. 01.04.1955, bls 18-21

²⁵⁶ Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

²⁵⁷ *Morgunblaðið* 11.06.1968, bls. 18

SUNDLAUG SÚGANDAFJARÐAR (1933-1991)

Staðsetning: Laugum Súgandafirði

Byggingarár: 1933

Helstu endurbætur: 1975

Staða/ástand: Hvarf í snjóflóð, undirbleðsla sést líklega enn

Höfundur: Viggó Natanelsson og heimamenn skv. gögnum úr Menntamálaráðuneyti, Jón Þ. Ólafsson skv. teikningu


Byggt af/ eigandi: Íþróttafélagið/ Ungmennafélagið Stefnir

Yfirbyggð/ opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Samkvæmt samantektinni *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi* hefur laug lengi verið á Laugum²⁵⁸ en óvíst hvort sú elsta var torfhláðin og engar vísbendingar eru um að laugarhús hafi staðið við eldri laugar þannig að þær eru ekki skráðar sem sérstök færsla.

Sundlauginni á Laugum við Súgandafjörð er nokkuð lýst í *Skutli* 1933 en þar segir: „Er laugin byggð nokkuð fram í sjó og fremri veggur hennar traustur og breiður; á þar að reisa vandaðan sundskála. Stærð laugarinnar er 10x6 m. Nokkuð fyrir ofan þar sem laugin er byggð er laugaruppspretta um 40 stiga heit; verður leitt vatn úr henni í sundlaugina og blandað sjó og er gert ráð fyrir, að meðalhiti í lauginni verði um 16 stig.”²⁵⁹ Í greininni kemur fram að það var Íþróttafélagið Stefnir sem var í fararbroddi í sundlaugarbyggingunni en einnig hafi ýmsir einstaklingar, hópar og opinberir aðilar, m.a. hreppurinn styrkt verkið.



Sundlangin í Súgandafirði merkt Jóni Þ. Ólafssyni, janúar 1933. Teikningasafn Þjóðskjalasafns Íslands, 22/2

²⁵⁸ *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi*. Freysteinn Sigurðsson, bls. 5

²⁵⁹ *Skutull* 28.06.1933, bls. 7

Sundlaugin í Súgandafirði var vígð 30. júlí 1933. Í grein í *Skutli* kemur fram að sundlaugin var byggð af samtakamætti Súgufirðinga og var þar Stefnir í forystu. Þar kemur fram að sundlaugin sé „hin myndarlegasta að öllum frágangi, vatnið þægilega heitt og notalegt til sundnáms.“²⁶⁰ Í *Vestfjarðarriti II* segir: „Sundlaug var byggð við Laugar 1933 á vegum Íþróttafélagsins Stefnis og að verulegum hluta í sjálfböðavinnu. Önnur félög svo sem Kvenfélagið Ársól, Stórstúkan Dagrún og Verkalýðs- og sjómannafélagið Súgandi lögðu einnig fram fé til verksins. Sundlaugin var byggð fyrir neðan bakka þar sem heit uppspretta var rétt innan við landamerki Lauga og Suðureyrar. Uppspretta þessi var rúmlega 40 gráða heit á yfirborði en vatnsmagnið lítið. Við þessa uppsprettu var borað síðar og vatnið virkjað til hitaveitu og náðist þá heitara vatn og meira. Sundlaugin sjálf var 6 x 10 m með hallandi botni og var hún notuð til kennslu frá 1933 til 1991. Við vígsluathöfn hennar 3. júlí 1933 flutti Gunnar M Magnús hugljúft kvæði frumort um lindina sem laugaði beran stein. Ný sundlaug var byggð 1991-1992 á vegum sveitafélagsins. Var henni valinn staður innan við Barnaskólann á Suðureyri.“²⁶¹



Sundlaugin við Súgandafjörð. Mynd til vinstri er úr Sarpi (A-DJ_VÍs-235) tekin af Þorsteini Jósepsyni á tímabilinu 1940-1965. Mynd til hægri er frá Ljósmyndasafni Ísafjarðar.

Í yfirlitsskjali um íslenskar sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti kemur fram að hreinsitækni í lauginn sé engin og hún ónothæf frá 1969 þótt samkvæmt blaðagrein hafi verið kennt í henni allt til 1991.²⁶² Í skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi 1976 segir: „ófullkomnir bað og búningsklefar, jarðvarmi og olíuhitun. Hefur oft verið ónothæf. Var í 3ja sinn lagfærð 1975 og í henni haldið námskeið. Nemendur stundum fluttir í Sundh. Ísafjarðar.“²⁶³

Heita vatnið í nýju lauginu kemur enn úr bolholunni nærri gömlu lauginni. Í grein í *Morgunblaðinu* er fjallað um opnun nýju laugarinnar en þar stakk sér fyrstur til sunds Guðni Ólafsson sem samkvæmt blaðinu hafði verið mikill hvatamaður að gerð gömlu laugarinnar 1933. Í greininni kemur þar fram að þá hafi sundlaugin verið eina sundlaugin á norðanverðum Vestfjörðum.²⁶⁴ Í grein í *Vestfirski fréttablaðinu* síðsumars sama ár kemur fram að sundlaugin megi muna fífil sinn fegurri, að upphaflega hafi vatnið í hana komið beint úr borholunni en að hún hafi aðallega verið notuð á sumrin og síðast kennt í henni sumarið 1991. Í greinni kemur fram sú hugmynd að halda vatni á lauginni, m.a. fyrir áhugasama ferðamenn en þess getið að það kunni að vera hreinlætis og aðgengismál sem þurfi að skoða.²⁶⁵

²⁶⁰ *Skutull* 27.07.1933, bls. 3

²⁶¹ *Vestfjarðarriti II*, bls. 480

²⁶² Yfirlitsskjali um íslenskar sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

²⁶³ Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi 1976 eftir Þorstein Einarsson, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

²⁶⁴ *Morgunblaðið* 16.02.1992, bls. 32

²⁶⁵ *Vestfirski fréttablaðið* 20.08.1992

Í nóvember 1995 féll snjóflóð í norðanverðum Ségandafirði sem m.a. splundraði útveggjum gömlu sundlaugarinnar en þar höfðu 7 kindur leitað skjóls og drápust þær allar.²⁶⁶

Til er teikning af laugarþró frá 1933 merkt Jóni Þ. Ólafssyni en samkvæmt gögnum úr Menntamálaráðuneyti voru hönnuðir heimamenn og Viggó Natanelsson en hugsanlegt er að Jón hafi aðeins hannað og teiknað sjálfa laugina en laugarklefar hannaðir af Viggó og heimamönnum.

Laugin sneri langhlið að sjó. Hár steinsteptur veggur var á þrjá vegu um laugina og var laugarhúsið innan við langvegginn sjávarmegin. Steyptu laugarveggirnir mynduðu þannig þrjá af fjórum veggjum klefahússins. Fjórði veggurinn, sem sneri að lauginni, var úr timbri með sex dyrum og gluggum ofan þeirra.

²⁶⁶ DV 07.11.1995, bls. 7

SUNDLAUG BOLUNGAVÍKUR (1929-1969)

Staðsetning: Bolungavík
Byggingarár: 1929
Helstu endurbætur:
Staða/ástand: Horfin

Höfundur: Jón J. Fannberg
Byggt af/ eigandi: UMF Bolungavík, ríkissj. ofl
Yfirbyggð/ opin: Opin
Hitun: Fyrsta kolabitaða laug landsins, síðar hituð með olíu

Ungmennafélag Bolungavíkur gerði fyrst sundlaug á staðnum 1915 en ekki er vitað hvernig hún var og ekki er getið um laugarhús við hana og var hún því ekki skráð sérstaklega hér. Líklega hefur eldri laugin verið torfhláðin, í það minnsta virðist hún ekki hafa verið endingargóð og hóf ungmennafélagið fljótlega söfnun fyrir nýrri laug og var sundlaug með sundlaugarhús byggð þar á árunum 1928-1929. Í *Íþróttablaðinu* 1925 kemur fram að félagið hafi safnað fé til laugar í nokkur ár og orðið „nokkuð ágengt“ í söfnuninni. Þar kemur fram að söfnunin sé svo langt komin að félagið hafi látið gera uppdrátt að lauginni og beðið Íþróttasambandið að leggja fram kostnaðaráætlun vegna verksins.²⁶⁷ Í grein í *Búfræðingnum* er rifuð upp byggingarsaga laugarinnar og þar kemur fram að upphaflega hafi staðið til að hafa laugina óupphitaða og 15 x 30 m stóra og þannig hafi verið byrjað á verkinu um 1915. Sökum fjárskorts hafi verið ákveðið að leggja frekari vinnu á hilluna þar til safnað hefði verið meiri fjármunum og ekki byrjað aftur á verkinu fyrr en 1928. Í greininni kemur fram að þá hafi hugmyndirnar verið búnar að gjörbreytast, sundlaugin minnkuð um helming og ákveðið að kynda hana með stórum miðstöðvarkatli. Í greininni kemur fram að ný laug var gerð á sama stað og gamla laugin frá 1915 og að um þann enda gömlu laugarinnar sem ekki var notaður voru steiptir veggir jafnháir sundlaugarveggjunum og hann notaður sem sólskýli.²⁶⁸

Teikning af lauginni er frá árinu 1927 og var laugin að mestu byggð á árunum 1928-29.²⁶⁹ Í tímaritinu *Ægi* 1933 kemur fram að Bolvíkingar hafi fullgert myndarlega steinsteipta sundlaug fyrir þorpið sem hituð sé með kolum. Í greininni kemur fram að Hitunarofn sé „í steinvegg öðrum megin laugarinnar, niður við botn hennar. Þess konar sundlaugarhitun mun lítt eða eigi þekkt hér á landi áður“. Í greininni kemur fram að það var ungmennafélagið sem stóð að byggingunni með dyggri aðstoð þorpsbúa og kostnaður var um 14 þúsund krónur.²⁷⁰

Í öðrum heimildum má sjá að laugarbyggingin hlaut líka styrki úr ríkissjóði, sýslusjóði og örlítinn styrk frá Hólshreppi. Góða lýsingu á lauginni er að finna í *Lesbók Morgunblaðsins* frá 1933 en þar kemur fram að laugin sé fyrsta kolakynnta laugin hér á landi og því sé UMF Bolungavíkur brautryðjandi á þessu sviði. Þar segir ennfremur: „Laugin stendur í miðju þorpinu og er stærð hennar sem hér segir: lengd 15 mtr., breidd 8 mtr. og dýpt 1.1-2 mtr. (mis djúp). Utan um alla laugina er 2.2 mtr. hár steypuveggur til skjóls og innan hans eru hitaðir klfar fyrir karla, konur og sundkennara til að afklæðast í. Laugin var starfrækt fyrst síðastl. sumar og reyndist þrýðilega. Áður höfðu sumir spáð mjög illa fyrir lauginni. en UMF B ljet það ekkert á sig fá. Það var aðallega tvent, sem menn óttuðust: 1. að hitunar kostnaðurinn yrði óbærilegur og 2. að laugin yrði „forarpollur“, eins og það var orðað, en hvorugt réttist...“ Í greininni kemur fram að laugin var tæmd og þvegin vikulega og engir fengu að fara í laugina nema þeir hefðu heilbrigðisvottorð. Í greininni kemur fram að enn eigi eftir að sementshúða skjólveggi utan og innan og sólskýli vanti.²⁷¹

²⁶⁷ *Íþróttablaðið* 1925. 1. árg. 2-3.tbl, bls. 1

²⁶⁸ *Búfræðingnum* 01.01.1938, bls. 100-102

²⁶⁹ Teikningasafn Þjóðskjalasafns Íslands 22/3,


²⁷⁰ *Ægir* 1933. 01.01.1933, bls. 30

²⁷¹ *Lesbók Morgunblaðsins* 12.02.1933, bls. 46-47

Í grein í *Vestfirskra fréttablaðinu* kemur fram í viðtali við Guðmund Magnússon sem var formaður Ungmennafélagsins að laugin var gjarnan 16-18 gráðu heit.²⁷²

Í greininni í *Vesturlandi* 1971 kemur fram að Ungmennafélagið á staðnum hafi staðið fyrir byggingu sundlaugarinnar og þó ennfremur hvatamaðurinn og „arkitektinn“ Jón J. Fannberg sem var í mörg ár oddviti í Bolungarvík. Þar kemur fram að sundlaugin var notuð á hverju sumri í hátt á fjórða áratug en á öðrum stöðum er talað um 35 ár.²⁷³ Á teikningu Fannbergs frá 1927 er gert ráð fyrir yfirbyggðri laug. Þar má sjá að þakið átti að vera með svonefndum kraftsperrum. Á teikningunni má líka sjá að laugarpróna á að steypa við steinsteypa sundlaugarveggi sem fyrir eru á staðnum.²⁷⁴

Rekstur sundlaugarinnar var á nokkuð erfiður á köflum og í blaðagrein frá 1951 segir: „Sundlaug Bolungarvíkur hefur löngum verið erfið viðfangs og var útlit fyrir að hún yrði eigi starfrækt meir, en áhugamenn undir forustu Elíasar Guðmundssonar formanns UMF. Bolungarvíkur, komu fyrir



Teikning Jóns J. Fannbergs af Sundlauginni á Bolungarvík frá árinu 14. október 1927. Teikningasafn Þjóðskjalasafns Íslands 22/3

²⁷² *Vestfirskra fréttablaðið* 12. tölublað, bls. 8

²⁷³ *Vesturland* 16.04.1971, bls. 4

²⁷⁴ *Teikningasafn Þjóðskjalasafns Íslands 22/3*



Sundlaugin í Bolungarvík. Ljósmyndin til hægri er af vegg nýju sundlaugarinnar í Bolungarvík en myndin til hægri er skjáskot úr kvikmynd af Youtube "Bolungarvík a tiny Icelandic village in 1968"

við laugina nýjum hitunartækjum og gerðu við ýmislegt, svo að sundkennsla gat hafist um 20. júní.²⁷⁵

Samkvæmt spjaldskrá um laugar úr Menntamálaráðuneyti var seinast kennt í lauginni 1964 og hún ónothæf frá 1969. Þá orðin of léleg til að hægt væri að halda henni opinni án verulegra endurbóta.²⁷⁶ Eftir það þurftu Bolvíkingar að sækja sund til Ísafjarðar allt þar til ný laug var gerð þar 1977 aðeins ofar í þorpinu.²⁷⁷

Alveg hefur verið sléttað úr öllum ummerkjum um laugarþró og laugarhús og þar sem þau stóðu er nú slétt grasflöt.

²⁷⁵ Íþróttablaðið 01.07.1951

²⁷⁶ Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands (með yngra kroti á)

²⁷⁷ Alþýðublaðið 09.03.1977, bls. 4

SUNDHÖLL ÍSAFJARÐAR (1945-)

Staðsetning: Austurvegi 9

Byggingarár: 1945

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Í notkun

Höfundur: Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins eða Einar Erlendsson arkitekt fyrir hans hönd.

Byggt af/ eigandi: Ísafjarðarkaupstaður/ Ríkissj.

Yfirbyggð/ opin: Yfirbyggð

Hitun: Ólíukynt í upphafi en síðar rafmagn

Sundhöll Ísafjarðar (og leikfímihús) var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni og Einari Erlendssyni/Húsameistara ríkisins á árunum 1943-1946.²⁷⁸

Upphafið má rekja til 3. áratugarins en þegar leið á hann fóru að heyrast raddir um mikilvægi þess að byggja sundlaug á Ísafirði og varð málið fljótt pólitískt. Árið 1929 er gerð sundlaugarbyggingar t.a.m. talin upp sem mikilvægt verkefni á verkefnaskrá Alþýðuflokksins fyrir kostningar.²⁷⁹ Sama ár birtist stutt tilkynning í blaðinu: „Sundkýli hefir bærinn látið reisa í Suðurtanga, almenningi til afnota. Betra en ekkert. Sundlaug, upphituð, er takmarkið.”

Í *Sögu Ísafjarðar* er aðdraganda byggingar sundhallar lýst: „Nú er ekki vitað, hver, eða hverjir, áttu fyrstir hugmyndina að sundhallarbyggingu í bænum, en ein heimild hermir, að á fundi í Sjómannafélagi Ísfirðinga 12. nóvember 1934 hafi Gestur Sigurðsson skipstjóri borið fram tillögu um að sjómenn beittu sér fyrir henni. Við vitum ekki hverjar undirtektir tillaga Gesta fékk, en á fundi bæjarstjórnar nær tveim árum síðar, 1. október 1936 var fyrst kosin sundlauganefnd [...].




Sundlaughöllin á Ísafirði. Ljósmyndin til vinstri er tekin fljótlega eftir að laugin er byggð (af facebook síðunni Gamlar myndir 31. júlí 2016) en myndin til hægri úr Sarpi (myndanúmer A-ÞJ-NÍs-161) tekin á árabílinu 1946-1965 af Þorsteini Jósefssyni.

Nefndin kom saman til fundar hinn 28. október og var þar ákveðið að leggja til, að sundhöllinni yrði valinn staður á Riistúni, þar sem áformað er að reisa leikfímishús fyrir skóla bæjarins.²⁸⁰

²⁷⁸ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 403

²⁷⁹ *Skutull*, 23.12. 1929, bls. 2

²⁸⁰ *Sögu Ísafjarðar*, IV. bindi, bls. 61-63



Sundlaughöllin á Ísafirði, teikning merkt Guðjóni Samúelsyni frá maí 1943. Þjóðskjalasafn, Teikningar Húsameistara ríkisins C1123

Á næstu árum voru ritaðar um þetta ýmsar greinar í blöð og tímarit og varð ákallið um yfirbyggða, upphitaða laug í kaupstaðnum æ háværra. Í grein sem birtist í *Vesturlandi* 1936 kemur fram að enginn kaupstaður á landinu nema Ísafjörður og Hafnarfjörður séu ennþá sundlaugarlausir.²⁸¹ Á þessum tíma virtist loksins að komast hreyfing á sundlaugarmálið og höfðu hátíðarhöldin 17. júní sama ár t.d. það að markmið að safna fé fyrir sundlaugarbyggingunni sem þá var ráðgert að vígja 17. júní 1937.²⁸² Það reyndist nokkur bjartsýni og ári síðar, vorið 1937, hafði lítið sem ekkert gerst í sundlaugarmálinu, engar ákvarðanir höfðu verið teknar um staðsetningu og teikningar og kostnaðaráætlanir lágu ekki fyrir.²⁸³ Staðan var enn svipuð árið 1940 þótt þá væri tekið að safnast nokkuð fé í sundlaugarsjóð.²⁸⁴

Í *Sögu Ísafjarðar* segir: „Framkvæmdir við sundhöllina hófust haustið 1943 og var hún byggð samkvæmt teikningu Guðjóns Samúelssonar húsameistara, undir stjórn Ragnars Bárðarsonar byggingameistara. Var unnið ósleitilega að verkinu næstu árin og í ársbyrjun 1946 var sundhöllin tilbúin til notkunar. Hún var vígð við hátíðlega athöfn 1. febrúar það ár og kom fram í vígsluræðu Kjartans J. Jóhannessonar, að þá nam kostnaður við verkið u.þ.b. 475 þúsund krónum. Þar af hafði um 162 þúsund krónum verið safnað með frjálsum framlögum bæjarbúa, íþróttasjóður ríkisins lagði fram 120 þúsund krónur og bæjarsjóður 73 þúsund. Það sem þá vantaði var áformað að taka að láni. Sundhöllin á Rüstúniu var mikið mannvirki á sínum tíma og framlag bæjarbúa til framkvæmdarinnar sýnir glögg, hve mikils þeir hafi metið hana. Þegar byggingin var risin, var laugin óspart notuð og fyrstu þrjá dagana, sem hún var opin, sóttu hana alls 758 gestir. Sambyggt sundhöllinni reis íþróttahús og á efri hæð tengibyggingar þessara mannvirkja hlaut Bókasafn Ísafjarðar húsnæði.“²⁸⁵

Laugin er 16 ³/₄ x 7 m stór og var olúkynt í upphafi. Stærð sundlaugarsalar var 11 x 24 m. Í búningsklefum kvenna voru 3 klefar fyrir steypiböð og fótlaugar og 24 skápar fyrir vatnað og eins í karlaklefa nema 31 skápur. Þar kemur fram að sundlaugin verði hituð með kolum og rafmagni en þá hafi rafmagnshitunartækjum enn ekki verið komið fyrir.²⁸⁶

Í *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkegjörðum* 1976 segir: „Sundkennsla þar fyrir nemendur allra skóla á Ísafirði, svo og frá Súðavíkurreppi, Bolungarvík, Flateyrarhreppi og Mosvallahreppi og stundum frá Suðureyrarhreppi“²⁸⁷

Í skjölum frá Íþróttasjóði eru varðveittar fjölmargar tillögur að sundhöll á Ísafirði frá 1941 (merktar Halldóri Erlendssyni) og gera flestar ráð fyrir stærra, L-laga húsi, en aðrar þó ýmist húsi með viðbyggingu að baka til eða löngu húsi. Á meðal gagna eru einnig teikningar frá Jes Einari Þorsteinssyni frá 1964 sem gerðu ráð fyrir stækkun búningsklefa til norðurs, annars vegar á þann hátt að norðurhlíð hússins yrði samfelld (það er miðjuhlutinn yrði stækkaður til samræmis við bæði austur- og vesturálm) og hins vegar teikning sem sýnir viðbyggingu bæði við miðhluta og austurhluta til norðurs en ekkert varð úr slíkum framkvæmdum.²⁸⁸

²⁸¹ *Vesturland* 03.10.1936, forsíða

²⁸² *Skutull* 16.06.1936, bls. 4

²⁸³ *Skutull* 21.04.1937, bls. 2


²⁸⁴ *Vesturland* 26.10.1940, forsíða

²⁸⁵ *Saga Ísafjarðar* IV. bindi, bls. 61-63

²⁸⁶ DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

²⁸⁷ *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkegjörðum* 1976. Þorsteinn Einarsson, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

²⁸⁸ H23 og H49 Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands



Sundlaughöllin á Ísafirði. Húsameistari ríkisins, C387_06, Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundhöll Ísafjarðar er enn í notkun svo gott sem óbreytt þótt heitum og köldum potti hafi verið komið fyrir á laugarbakkanum. Húsið er tvílyft steinsteypuhús múrhúðað með skeljasandi.

SUNDLAUGIN Á REYKJANESI, ELDRI LAUG (1889-1925)

*Staðsetning: Reykjanesi, Ísafirði**Byggingarár: 1889**Helstu endurbætur:**Staða/ástand: Laug sést, laugarbús horfið**Höfundur: óþekktur**Byggt af/eigandi: Ungmennafélaginu Huld**Yfirbyggð/öpin: Öpin**Hitun: Jarðvarmi*

Saga laugahalds á Reykjanesi er löng. Í Ferðabók Eggerts og Bjarna frá því um miðja 18. öld er þess getið að í Reykjarfirði sé hver ekki langt frá bæ og nálægt honum sé annar hver og grjóthlaðin baðlaug.²⁸⁹ Sundkennsla hefst mjög snemma á staðnum og er talið að fyrst hafi verið kennt í Hveravíkinni í sjónum, niður undan gömlu sundlauginni.

Elsta þekktu sundlaugin á þessum stað er frá 1837 en þá var grafin lítil torflaug í nesinu. Lítið er hins vegar vitað um hana og líklegast hefur þar ekki verið laugarhús og var hún því ekki skráð sérstaklega.²⁹⁰ Í *Sögu Ísafjarðar II* er fyrstu sundkennslu á svæðinu lýst: „Fyrsti sundkennari á Reykjanesi var norðlenskur maður, Gestur Bjarnason [...]. Samkvæmt bréfi Markúsar Jónssonar bónda að Ármúla, dagsettu 21. júní 1853, kenndi Gestur sund í Reykjanesi það sumar [...]. Gestur kenndi í sundpolli, sem gerður var þannig, að vatn úr heitri uppsprettu var veit í poll eða tjörn, þar sem síðar var gerð torflaug [...]. Var sund síðan kennt á Reykjanesi fram til 1934, að undanteknu árunum 1896–1897 og 1915–1919.“²⁹¹ Ekki er nákvæmlega vitað hvar elsta laugin var en talið líklegast að hún hafi verið á svipuðum slóðum og sú laug sem hér er skráð og var gerð 1887. Þannig er hún skráð í fornleifaskráningu Reykjaness.²⁹² Laugin er líklega eitt elsta dæmið um torfhlaðna sundlaug á Íslandi og er merkileg fyrir þær sakir.

Í greininni „Sundkennsla á Reykjanesi í 150“ er saga sundiðkunar á þessu svæði rakin en þar segir m.a.: „Árið 1890 er hafist handa um byggingu torfsundlaugar í Reykjanesi. Átti Skúli Thoroddsen þátt í því að smástyrkur var veittur til framkvæmdarinnar. Sumarið 1891 hefst kennsla í henni. En þá fara menn að gera sér ljóst að nauðsynlegt sé að koma upp „skýli handa námspiltum“ við laugina.“²⁹³

Í *Þjóðviljanum unga* er síðla árs 1891 rituð grein um sundkennslu á Reykjanesi árið 1891. Þar kemur fram að eftir ráðstöfun sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu hafi sundkennsla hafist síðastliðið vor á Reykjanesi. Þar séu heitir hverir og uppsprettulindir og auðvelt væri að gera þar bestu sundlaug með hæfilega heitu vatni. Í greininni kemur fram að þurft hafi að fá mann alla leið úr Eyjafirði (Páll Magnússon snikkari á Akureyri) til að sjá um kennsluna og sé það sorglegt að Ísfirðingar eigi engann sundmann sem sé fær um þetta í ljósi þess hversu sjómennska er mikilvæg á svæðinu. Í greininni er kvartað yfir að það hafi of fáir piltar nýtt sér kennsluna og það beri vott um „sorglegt áhugaleysi almennings“. Þar segir að að þeim fjórum hreppum sem næst séu sundstaðnum hafi piltar af 10 heimilum komið en enginn hafi komið úr hinum 10 hreppum sýslunnar. Segir hann að þetta hljóti að skrifast á áhugaleysi því þær 6 kr sem þurfti að borga fyrir kennsluna geti ekki hafa hamlað neinum. Vonast höfundur (ónafngreindur) eftir því að sýslunefndin tryggi það að

²⁸⁹ Eggert Ólafsson I. 1975, 225

²⁹⁰ Sigurður Bjarnason frá Vigur. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 1987, 11

²⁹¹ *Saga Ísafjarðar II*, bls. 238-239

²⁹² Margrét Hallmundsdóttir. 2013, bls. 12 og 25-26

²⁹³ *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga*. 1987, 16

sundkennsla verði nú á hverju ári og áhuginn glæðist smátt og smátt. Að lokum segir hann „Nauðsynlegt er og, að sem fyrst verði komið upp dálitlu skýli við sundlaugina, með því að slæmt er, að eiga eingöngu að búa í tjöldum, ef votviðrasöm tíð er, getur það bæði tafið fyrir kennslunni og enda bakað piltunum heilsutjón, því að ekki eiga menn víst, að ætíð hittist á jafn góða tíð, og um sundkennslutímamann í vor eð var“.²⁹⁴

Árið 1894 ritar Björn Ásgeirsson grein um sund og sundkennslu þar sem kemur fram að árið á undan (sumarið 1893) hafi orðið lítið úr sundkennslu á Reykjanesi sem mun hafa stafað af sýslufundaleysi og málaferlum sem þar hafi gengið og óskar bréfritari eftir því að þess verði gætt að þetta gerist ekki aftur heldur tryggi það á næsta fundi að sundkennsla lognist ekki alveg út af enda ætti „engum að dyljast það, hver þýðingamikil, og nauðsynleg til manndáða og þjóðþrifa, sundkennslan er“. Hann segir að á Reykjanesi sé ekki hægt að kenna aðstöðuleysi um þar sem heitt vatn sé nægt og segir „ég tek til dæmis í Reykjanesinu, þar sem áformað var, að reist yrði sundkennsluhús síðast líðið sumar; hvergi væri hentugra að stofna sundskóla að mörgu leyti; þar mætti gera góða sundlaug uppí á nesinu, og í einni vík úti á nesinu sem kölluð er Hveravík, er sjórinn hálfvolgur, svoað það getur verið hagræði fyrir pilta, sem farnir eru að geta fleytt sér, að synda þar við og við, því að bæði er það léttara að synda í sjó, en í ósöltu vatni, og svo er það hollt og hressandi þar í nesinu og plássíð skemmtilegt, og fagurt útsýni, og víða eru þar sléttir vellir, sem væru góð leiksvið, eða glímuvellir, er sundnemendur gætu notað í frítíma sínum.“ Hann segir að sumir haldi að skortur á sundkennurum sé vandamálið en það þurfi ekki að vera því allir þeir sem lært hafi sund eigi að geta leiðsagt, sérstaklega ef þeir eru með sundreglur Nachtgalls.²⁹⁵ Ári síðar, 1895 fékk Bjarni svo 300 kr í styrk „í eitt skipti fyrir öll“ til að byggja hús við sundlaugin en skilyrðin fyrir styrknum voru nokkur, m.a. þau að húsið „væri vel íbúðarhæft fyrir námssveina“, að Bjarni haldi húsinu við í a.m.k. 10 ár og að byggingunni væri lokið fyrir vorið 1896. Bjarni lauk húsasmíðinni fyrir áramótin 1896 en sundlaugarhald féll engu að síður niður það ár og árið á eftir vegna dræmrar þátttöku.²⁹⁶

Í *Sögu Ísafjarðar II* er sundnámskeiðum á Reykjanesi sem hófust upp úr 1890 lýst og þar kemur fram að þau stóðu í 4–6 vikur á sumri og þau sóttu unglingar víða að úr Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað. „Kennt var bringu-, bak- og björgunarsund, og fór kennslan á árunum 1891–1914 fram í torflauginni, sem gerð var 1891, og í sundhúsi sem reist var 1893“. Síðar segir: „Laugin var aldrei vel hrein, sérstaklega gruggaðist hún mikið í innri og grynri endann. Piltar og kennari lifðu við skrínukost, gerðir út heiman að. Egg og kjöt og fiskur var allt soðið í litla hvernum, sem lækur rennur út í lauginu og mynda hana aðalega ásamt heitri uppsprettu, sem er utarlega í lauginni sjálfri nálægt vestari bakkanum. Úr hvernum þessum var líka hellt upp á kaffikönnuna.“

²⁹⁴ *Þjóðviljinn ungi* 31.10.1891, bls. 23

²⁹⁵ *Þjóðviljinn ungi* 21.02.1894, bls. 53-54

²⁹⁶ *Ársrit Sögufélags Ísfríðinga*. 1987, Sigurður Bjarnason frá Vigur. 1987. „Sundkennsla í Reykjanesi í 150 ár“, bls. 18



Sundlaugin í Reykjanesi. Efri mynd er úr Sarpi (safnanr. Lpr/1992-666 Björn Pálsson). Mynd neðar og til vinstri er úr Sarpi, (aðfang nr.766533), en mynd til hægri er fengin úr skýrslu Margrétar Hallmunds 2013, en er þar sögð í eigu Húsafríðunar ríkisins.

Borðað var við stórt borð í aðalherbergi hússins og reyndar eina herberginu því að framan við það var aðeins forstofa, en þar var hlemmur í gólfi yfir opi, sem hægt var að smeygja sér um niður í tjörnina og upp úr henni, ef menn vildu, t.d. gestir sem klæddu sig úr og í úti. Rúmstæði voru í þessu aðal- og eina herbergi 4 hvoru megin – tvö og tvö hvort upp að öðru – svo rúmgóð að 2 og þrjú piltar gátu vel sofð í þeim.²⁹⁷ Í bók Kristjáns Jónssonar *Af sjónarhóli* er lauginn lýst eins og hún var 1903 en þá var laugin torfhlaðinn garður og afrennslisop úr honum miðjum. Hann lýsir laug og laugarhúsi: „Timburpallur var meðfram lauginni að austan, og stóð þar lítið timburhús, með lokrekkjum til beggja handa, en geymslukompa í öðrum enda þess. Mig minnir að 20 rúmstæði væru í húsinu,…”²⁹⁸

²⁹⁷ *Sögu Ísafjarðar II*, bls. 237-239

²⁹⁸ Kristjáns Jónssonar 1967. *Af sjónarhóli: skýggæzt í spor nokkurra samtíðarmanna: minningapattir*, bls. 53

Í upptöku sem varðveitt er á Ísmus lýsir Valdimar Björn Valdimarsson sundlaugum og sundkennslu á Reykjanesi. Hann segir að snemma hafi verið hlaðin sundlaug þarna og hann hafi lært sund þarna aldamótaárið 1900. Þegar hann fór svo norður 1906 þá hittir hann Jónas frá Hriflu sem var mjög áhugasamur um sundlauginu og kennsluna og spurði mikið og var „frámunalega hrifinn af því“ og sagt að svona yrðu þeir að koma sér upp í Þingeyjarsýslum.²⁹⁹

Árið 1907 kemur fram í *Ágripri af sýslufundargerðum Norður-Ísafjarðarsýslu* að 25.-26. mars 1907 hafi verið veittar 120 kr til viðgerðar á sundhúsinu á Reykjanes og þá greinilegt að uppi stendur hús sem þarfnast viðgerðar.³⁰⁰ Í grein í *Ísafold* kemur 1926 fram að sundkennsla hafi farið fram í gömlu lauginni sem hafi lengi verið „álitin allgóð“ en smám saman hafi hún farið að versna þar til í fyrra að hún reyndist alveg ónothæf.³⁰¹ Því virðist laugin hafa fallið úr notkun árið 1925, sama ár og ný laug var tekin í notkun. Sjö árum síðar kemur fram í blaðagrein að gamla laugin hafi fallið saman.³⁰²

Ljóst er að laugin á þessum stað var fyrst torfhláðin en svo steipt. Steypuleifarnar laugar eru enn til staðar og má sjá marka fyrir grunnu laugarhúsa að hluta. Umhverfis eru ýmsar minjar tengdar lauginni, s.s. gamlir stígar, og hlaðnar tröppur, vörður og fleira.³⁰³ Árið 1899 var laugin lengd um 2 m og var þá orðin 20 m löng en innan við 1 m á dýpt.³⁰⁴ Á þessum stað stóð fyrst stakt timburhús (með mænisáspaki – sjá efstu ljósmynd) en síðar var byggt við það annað hús minna og samfast. Samkvæmt grein um sundkennslu á Reykjanesi var húsið síðan tekið niður og flutt út að bryggjunni yst á nesinu.³⁰⁵ Húsið stendur enn og er friðuð bygging. Í Húsakönnun Reykjanes frá 2013 er umrætt hús skráð og er þar sagt byggt 1898 (fastanúmer 223-2463), stærð 23,3 m² og hönnuður ókunnugur. Þar er húsið hins vegar upphaflega sagt byggt sem hafnarhús og byggjandi Nauteyrar- og Reykjafjarðarhreppur, þannig að upplýsingarnar koma ekki heim og saman við fornleifaskráningu og eru líklega rangar. Húsið er einlyft með risþaki og veggir úr timbri, klæddir bárujárni en undirstöður eru hlaðnar úr grjóti. Í húsakönnuninni er að finna mat á gildi, ástandi og varðveislugildi.³⁰⁶

Ekki hafa fundist teikningar af laug og laugarhúsi.

²⁹⁹ SÁM 89/1959 EF

³⁰⁰ *Ágripri af sýslufundargerðum Norður-Ísafjarðarsýslu*, 11.04.1907, bls. 143

³⁰¹ *Ísafold*, 10.08.1926, bls. 3

³⁰² *Skutull* 02.09.1932, bls. 2

³⁰³ sjá skýrslu Margrétar Hallmundsdóttir 2013

³⁰⁴ *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga*. 1987, Sigurður Bjarnason frá Vigur. 1987. „Sundkennsla í Reykjanesi í 150 ár“, bls. 20

³⁰⁵ *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga*. 1987, Sigurður Bjarnason frá Vigur. 1987. „Sundkennsla í Reykjanesi í 150 ár“, bls. 12

³⁰⁶ *Reykjanes, Ísafjarðardjúpi: Húsakönnun*. 2013. Tæknideild Ísafjarðarbæjar (höfunda ekki getið), bls. 15,

HÉRAÐSSKÓLINN Á REYKJANESI, ELSTA LAUGARSKÝLI/LAUG
(1925/1934-1944)

Staðsetning: Reykjanesi, Ísafirði

Byggingarár: 1925

Helstu endurbætur: 1944

Staða/ástand: Húsin voru rifin en laugin enn notuð (endurbætt)

Höfundur: Óþekktur

Byggt af/eigandi: Ungmennafélagið Huld, sýsla og ríkissjóður

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Í þessari færslu er fjallað um steinsteyptu lagina á Reykjanesi og elstu laugarhús. Það var Ungmennafélagið Huld sem gekkst fyrir því að ný laug var gerð á Reykjanesi. Í blaðagrein frá 1923 kemur eftirfarandi fram: „Ágóðanum [af hlutaveltu sem ungmennafélagið hélt] verður varið til að byggja nýja og betri sundlaug utar á nesinu, þar sem saltbrennslan áður var. Er þess full þörf, því að laugin er nú hvorki svo stór né svo vel útbúin sem vera ber. Ungmennafélagið Huld gengst fyrir þessu, en bærinn og sýslan hafa lofað nokkrum fjárstyrk auk þess, sem félagið fær nú til sundkenslunnar af almannafé. Í sumar hafa nemendurnir í tómsundum sínum steipt talsvert af hleðslusteinum. Verður svo væntanlega á hverju sumri, uns nóg efni er komið í nýtt og stórt hús. Ýmsir góðir menn hafa gefið nokkra poka af sementi, og vonandi verður svo framvegis. Ætti því húsið ekki að verða svo dýrt, og ekki þarf að kaupa kol til að hita það með. Nógur er hitinn í hverunum. Mun vandfundinn hentugri staður til sundnáms og sumardvala fyrir börn og fullorðna, hrausta sem heilsulitla. Margir vel syndir menn hafa bjargað bæði sinu lífi og annara, þar sem hverjum ósyndum manni var vís bani búinn, og enn fleiri ósyndir menn hafa látið líf sitt, þar sem góður sundmaður hefði, átt vísa björgun. Því skyldi hver maður láta börn sín læra sund.”³⁰⁷

Vorið 1925 kemur fram í *Skutli* að samþykkt var í bæjarstjórn að leggja 200 kr til að „dytta að“ gömlu lauginni á Reykjanesi og auk þess 1500 krónur til að byggja nýja sundlaug sem sé sama framlag og sýslan sé búin að lofa. Var styrkurinn bundinn því að nemendur vinni að steypusteinagerð á hverju sumri í fyrirhugaðan skundskála.³⁰⁸ Einnig var sótt um styrk fyrir fimmtungi kostnaðar (2000 kr) skv. *Íþróttablaðinu*.³⁰⁹

Árið 1925 var gerð ný og glæsileg, steinsteypt laug á nýjum stað á Reykjanesi. Laugin var byggð „milli sauðburðar og sláttar eða á u.þ.b. einum mánuði“.³¹⁰ Ekki hafa fundist teikningar af lauginni eða elstu laugarskýlum. Af ljósmyndum má sjá að engin laugarhús voru við lagina allra fyrstu árin og þá líklega tjaldað á flötinni umhverfis hana þegar laugin var nýtt til sundkennslu á sumrin en síðan reistur sundskáli (sjá sérstaka færslu). Í grein í *Skutli* 1932 kemur fram að árið á undan hafi verið byggt „allmyndarlegt íbúðarhús fyrir nemendur“ og sé markmiðið að koma þarna upp fullkomnum íþróttaskóla. Næsta skref sé svo að byggja góða búningssklefa við lagina og einnig skorti fimleikahús.³¹¹


³⁰⁷ *Skutull* 13.07.1927, bls. 2

³⁰⁸ *Skutull* 11.04.1925, bls. 2

³⁰⁹ *Íþróttablaðið* 01.02.1925, bls. 9

³¹⁰ *Morgunblaðið* 07.11.1984, „Héraðsskólinn á Reykjanesi 50 ára“ bls. 42

³¹¹ *Skutull* 02.09.1932 bls. 2



Ljósmyndir af elstu laug og laugarskýli á nýjum stað á Reykjanesi. Efst myndin er úr grein Aðalsteins J. Eiríkssonar (bls. 123-127). Myndir í miðröð er frá myndirnar eru frá Ljósmyndasafni Ísafjarðar (thýra_juul_153) og sýna elsta sundlaugarskýlið (teknar á árabílinu ca. 1930-1943). Neðsta myndin (Sarpur Lþr/2003-68-141) er líklega tekin eftir að laugin er stækkuð 1944, a.m.k. virðist nýtt hús risið á laugarbakkanum.

Sundlaugin á Reykjanesi var sjálfsagt einn helsti hvati þess að árið 1933 var ákveðið að skólasetur

skyldi gert á Reykjanesi og í kjölfarið byggð þar skólahús og skólalald hófst 1934. Í upphafi var stofnaður barnaskóli á þessum stað en strax á fyrsta ári var stofnuð unglíngadeild við skólann. Aðalsteinn Eiríksson skólameistari var hvatamaður skólans og skólastjóri hans um árabil. Reykjanesskólinn var tekinn í tölu héraðsskóla á Alþingi 1937.

Í grein um fyrstu starfsár skólans á Reykjanesi eftir Aðalstein J. Eiríksson segir eftirfarandi: „Árið 1933 var ákveðið á almennum hreppsfundum í Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppi, að þessir tveir hreppar skyldu sameinast um að byggja barnaskóla í Reykjanesi. Samið var við landeiganda — Ísafjarðarkaupstað — um lóð undir skólahúsið, 400 fermetra að stærð, og við Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu um afnot af sundlaug og heimavist, er kaupstaðurinn og sýslan áttu, og var aðeins notað til íþróttakennslu að sumrinu.“³¹² Ekki er getið um sundlaugarskýlið í þessari lýsingu en það virðist þó standa 1934 þegar ýmsar framkvæmdir tengdar skólanum voru á fullu og hefur líklegast risið á árunum 1930-34. Í lýsingu á framkvæmdum tengdum skólanum á fyrstu árum hans segir enn fremur fyrir árið 1936: „Næst liggur fyrir að leiða sjó í sundlaugina, dæla honum með mótör. Áætlaður kostnaður er kr. 1500.00. Er þegar fengið loforð fyrir fé þessu. Sundlaugin er 30,5x12 m. Dýpt 1,2 m. og 3 m., hallandi botn. Við laugina eru 3 stökkpallar og 8 búningsklefar.“³¹³

Upprunalega var laugin á Reykjanesi 30,5 x 12,5 m löng með rúnuðum hornum og 1-2,5 m á dýpt. Fyrstu laugarhúsin voru á austurbakka laugarinnar, og virðist hafa náð eftir honum endilöngum. Á elstu ljósmyndum má sjá að laugarhúsin samanstóðu af átta klefum í röð með skúrþaki og var á hverju þeirra hurð og lítill gluggi ofan við. Af ljósmyndum að dæma var byggingin úr timbri en samkvæmt frásögnum úr tímaritum unnu nemendur að því að steypa hleðslusteina í laugarhús árin á undan þannig að ekki er ljóst hvort þeir hafa á endanum verið nýttir í annað. Ekki er ljóst hversu lengi þessi skýli stóðu en líklega hafa þau vikið fremur fljótlega eða fyrir 1940, í það minnsta er þá unnið að byggingu handavinnustofu pílta á sama stað en í bréfi frá Aðalsteini Eiríkssyni til Húsameistara ríkisins frá 12. desember 1940 eru taldar upp eignir Reykjanesskóla sem þá er kominn í hóp héraðsskóla og er þá sundlauginn svo lýst: „Sundlaug óyfirbyggð ... Áfast við sundlaugina er handavinnustofa pílta, ekki fullgerð – stærð 4m x 17 m. Verður nokkur hluti hennar undir gólfi leikfimiúss, sem áformað er að byggja með austurhlið sundlaugarinnar.“³¹⁴

Aðalsteinn J. Eiríksson lét lengja laugina í 50 m árið 1944³¹⁵ og var hún lengd til suðurs en þar eru horn laugar nú hornrétt (90°C). Viðbótin við laugina var grunn og fossaði þar inn mjög heitt vatn þannig að hún nýttist e.t.v. ekki alveg eins vel og skyldi. Ekki er vitað með vissu hvenær upprunalegt sundskýli við laugina vék en haf gömlum myndum mætti ætla að þau hafi vikið áður en laugin var lengd 1944 en þó er í frásögn af námskeiðahaldið þar rætt um búningsklefa austan við laugina sem virðast þá reyndar nokkuð hrörlegir og án hurða.³¹⁶ Óljóst er hvar búningsklefinn var eftir þetta en líklegast að hann hafi verið í húsinu sem áætlað var sem leikfimiúss/handavinnustofa pílta á austurbarmi laugar eða mögulega undir norðurenda laugar (sjá sérstaka færslu um yngstu húsin)

³¹² *Víðar* 1937 1. tölublað, „Yfirlit um framkvæmdir“ bls. 124-127

³¹³ Sama heimild

³¹⁴ Húsameistari ríkisins, B250_01, Þjóðskjalasafn Íslands

³¹⁵ *Morgunblaðið* 07.11.1984, bls. 42

³¹⁶ ÞP 2013-2-61

HÉRAÐSSKÓLINN Á REYKJANESI, LAUGARSKÝLI (1945?-1980)

*Staðsetning: Reykjanesi, Ísafirði**Byggingarár: 1944/45?**Helstu endurbætur:**Staða/ástand: ?**Höfundur: Óþekktur**Byggt af/ eigandi: sjósla og ríkissjóður**Yfirbyggð/ opin: opin, sama laugarþró og í fyrri færslu**Hitun: Jarðvarmi*

Upprunalega var laugin á Reykjanesi 33 x 12.5 m löng með rúnuðum hornum. Þá stóð laugarskýlið á austurbakka laugarinnar og virðist hafa náð eftir honum endilöngum (sjá færsluna á undan). Elstu skýlin voru rifin fyrir 1944 þegar laugin var lengd í núverandi stærð eða 50 m. Ekki er ljóst hvar laugarhúsið er á þessu tímabili en undir norðurenda laugar eru steipt hús og má velja því upp hvort þau hafi tekið við sem búningssklefar um skeið þótt ekki sé hægt um það að fullyrða að svo stöddu. Önnur bygging reis á austurbakka laugar og er ekki útilokað að hún hafi getað þjónað sem laugarskýli. Í bréfi Húsameistara ríkisins frá 12. desember 1940 eru taldar upp eignir Reykjanesskóla sem þá er kominn í hóp hérðasskóla og er þá sundlauginn svo lýst: „Áfast við sundlaugina er handavinnustofa pilta, ekki fullgerð – stærð 4m x 17 m. Verður nokkur hluti hennar undir gólfi leikfimiús, sem áformað er að byggja með austurhlíð sundlaugarinnar.“³¹⁷ Þarna virðast eldri búningssklefar á austurbakka laugar hafa vikið en ekki sagt hvar búningssaðstaða við laug er á þessum tíma og hugsanlegt að aðstaðan hafi verið í húsinu sem áætlað var sem leikfimiús/handavinnustofa pilta - sjá ljósmynd í fyrri færslu). Engar heimildir, teikningar eða ljósmyndir hafa fundist að laugarhúsinu sem tók við eftir 1940-1944.

Ljóst er að þegar leið fram á 20. öldina urðu laugarskýlin léleg. Á meðal gagna frá Íþróttasjóði eru teikningar Jes Einarssonar, dagsettar 14.11.1964 sem miðuðu við að byggt yrði íþróttahús og búningssaðstaða þar sem sundlaugin er og sundlaugin færð til vesturs, hún minnkuð og við hana gerðir heitir pottar.³¹⁸ Ekki er ljóst hvers vegna ekki varð af umræddum áætlunum.

Í *Skrá yfir sundlaugar í Vestfirðarkjördæmi* 1976 segir: „...léleg búings- og baðaðstaða. Laugarþró að verða ónothæf. Sundkennsla fyrir nemendur barna- og héraðsskóla.“³¹⁹ Svo virðist að eftir 1976 en fyrir 1983 hafi verið hætt að nota umrædd búings- og baðaðstaða því í *Yfirlit yfir mannvirki 1983* kemur fram að laugarhús/búningssherbergi séu nú í kjallara heimavistar.³²⁰

Í nóvember 1984 var haldið upp á 50 ára afmæli Héraðsskólans á Reykjanesi og í grein af því tilefni í *Morgunblaðinu* kemur fram að steypa í veggjum laugarinnar sé þá orðin ótraust og laugin hættuleg og einnig vantaði búningssklefa og steypiböð fyrir laugina.³²¹

³¹⁷ Húsameistari ríkisins, B250_01, Þjóðskjalasafn Íslands

³¹⁸ Gögn íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti H25, Þjóðskjalasafn Íslands

³¹⁹ *Skrá yfir sundlaugar í Vestfirðarkjördæmi* 1976. Þorsteinn Einarsson. DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

³²⁰ *Yfirlit yfir mannvirki 1983*, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

³²¹ *Morgunblaðið* 07.11.1984, bls. 42

HÉRAÐSSKÓLINN Á REYKJANESI, SUNDSKÁLI (1931-1941)

Staðsetning: Reykjanesi, Ísafirði
Byggingarár: 1931

Höfundur: Páll Kristjánsson

Byggt af/eigandi: Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu/ ríkissjóður

Helstu endurbætur:


Staða/ástand: Sundskálinn brann 1941

Yfirbyggð/ opin: Opín

Hitun: Jarðvarmi



Hér er skráður svokallaður Sundskáli sem var byggður fyrir nema sem komu til sundnámskeiða að Reykjanesi og þjónaði raunar sem heimavíst sundgarpna fremur en laugarskýli. Árið 1925 var gerð ný steinsteypt laug á nýjum stað á Reykjanesi (sjá síðustu færslu) og árið 1931 var byggður sundskáli við lauginna sem þjónaði þeim tilgangi að hýsa þá nemendur sem þangað komu til sundnáms að sumri. Í grein í *Skutli* 1932 kemur fram að árið á undan hafi verið byggt „allmyndarlegt íbúðarhús fyrir nemendur“ og sé markmiðið að koma þarna upp fullkomnum íþróttaskóla. Næsta skref sé svo að byggja góða búningsklefa við lauginna og einnig skorti fimleikahús.³²²

Þessar byggingar báðar hafa án efa verið einn hvati þess að þegar kom að því að koma á fót skóla í sameinuðum hreppum Nauteyrar og Reykjafjarðar þá varð Reykjanes fyrir valinu. Þrátt fyrir að sundskálinn hafi ekki verið dæmigert laugarhús þá var hann byggður í þeim tilgangi einum að gera




Teikning af skála við sundlauginna í Reykjanesi frá árinu 1931. Teikningasafn Þjóðskjalasafns Íslands_22_4

³²² *Skutli* (02.09.1932 bls. 2)



Tvær teikningar af sundlaugarbúsum/sundskála á Reykjanesi, báðar undirritadar af Guðjóni Samúelssyni. Efri myndin er frá júlí 1929 en sú neðri frá því í desember sama ár. (Húsameistari ríkisins C392_06, Þjóðskjalasafn Íslands).

sundkennslu í lauginni mögulega og er því hér talinn með sundlaugarbyggingum. Í grein um fyrstu starfsár skólans á Reykjanesi eftir Aðalstein J. Eiríksson segir eftirfarandi: „Árið 1933 var ákveðið á almennum hreppsfundum í Nauteyrar- og Reykjarfjardarhreppi, að þessir tveir hreppar skyldu sameinast um að byggja barnaskóla í Reykjanesi.



Sundskálinn á Reykjanesi. Efsta myndin birtist í grein um sundlaugina í Menntamálum 01.03, bls. 56. Miðjumynd í greininni Yfirlit um framkvæmdir 1937 eftir Aðalstein Eiríksson (bls. 125) en neðsta myndin er frá Ljósmyndasafni Ísafjarðar

Samíð var við landeiganda — Ísafjarðarkaupstað — um lóð undir skólahúsið, 400 fermetra að stærð, og við Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu um afnot af sundlaug og heimavist, er kaupstaðurinn og sýslan áttu, og var aðeins notað til íþróttakennslu að sumrinu.“ Varðveist hefur uppdráttur af sundskálanum sem Páll Kristjánsson teiknaði í maí 1931. Þegar ákveðið var að stofna

skóla á Reykjanesi var ákveðið að afnot af sundlaug og sundskála fylgdu. Sundskálinn fór þar með að þjóna hlutverki heimavistar fyrir skólann.³²³ Í lýsingum á framkvæmdum „Sumarið 1935 ... var heimavistin endurbætt, byggð borðstofa, sem rúmar 60 manns, forstofur með salernum og þvottaskálum í sambandi við svefnskála. Áður rúmaði heimavistin 40 nemendur, en nú 60. [...] Heimavistarhúsið er timburhús, klætt utan með »Eternit« plötum. Er það bráðabirgðabygging. Stefnt er að því, að allar nýbyggingar séu vandaðar og varanlegar, skipulegar og hagkvæmar.“

Í bréfi frá frá Aðalsteini Eiríkssyni til Húsameistara ríkisins (dagsett þann 12. desember 1940) er að finna upptalningu á eignum Reykjanessskóla og matsverði þeirra þegar héraðsskólinn tók til starfa 1. janúar 1937. Þar kemur fram að sundskáli (þar nefndur heimavistarhús) var fyrir 40 nemendur og var enn klætt „eterniti“. Húsið var ein hæð með geymslulofti og var gólfplötur þess 136 m² en unnið sé að byggingu nýrrar heimavistar.³²⁴ Gamla heimavistin var enn í umræddu húsi þegar þegar það brann til kaldra kola þann 26. mars 1941.³²⁵ Sumarið 1941 var svo byggt nýtt heimavistarhús ofar á hverasvæðinu og var gólfhiti í því. Þetta timurhús var forskalað og hét það Ásgarður. Á sjöunda áratug 20. aldar setti viðreisnarstjórnin fjármagn í stórfellda uppbyggingu heimavistarhúsa héraðsskólanna og var þá Ásgarður rifinn og nýtt og stærra hús reis á sama stað.

³²³ *Víðar* 1937 1. tölublað, bls. 124-127

³²⁴ *Bréf til húsameistara ríkisins Húsameistari ríkisins frá Aðalsteini Eiríkssyni, dagsett þann 12. desember 1940, B250_01, Þjóðskjalasafn Íslands*

³²⁵ *Morgunblaðið* 28. mars 1941, bls. 3

SUNDLAUGIN, LAUGALANDI (1936-)

Staðsetning: Skjaldfannardal, Nauteyrarbr., *Höfundur:* Óþekktur/heimamenn?
N-Ísafj.
Byggingarár: 1936 *Byggt af/eigandi:* Jarðareigandi
Helstu endurbætur: *Yfirbyggð/opin:* Opin
Staða/ástand: Laugarhús líklega borfið, laug *Hitun:* Jarðvarmi
enn í notkun

Lítill sundlaug var byggð á Laugalandi í Skjaldfannardal árið 1930. Í *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi* 1976 segir: „opin, 10 x 5 m jarðvarmi, lítið laugarhús. Einkaeign. Ekki notuð til sundkennslu.“³²⁶ Á öðrum stað er lengd laugar sögð 12.5 m en ekki er ljóst hvort er rétt.

Samkvæmt grein í *Skutli* var laugin vígð í byrjun septembermánaðar 1937³²⁷ en ekki 1930 eins og er sagt í yfirlitsblaði frá Menntamálaráðuneyti um sundlaugar³²⁸ en þar er laugin sögð ónothæf frá 1970. Í *Yfirliti yfir mannvirki 1983* er laugarhús/búningklefar sagðir til staðar en í einkaeign.



Sundlaugin á Laugalandi í Skjaldfannardal, skjáskot úr þættinum Um land allt

Í þættinum *Um land allt* á Stöð 2, var 2012 fjallað um ábúendur á Laugalandi og m.a. lauginu en samkvæmt þættinum var laugin þá enn í noktun en ekki virtist laugarhús standa við lauginu.³²⁹

Hvorki fundust teikningar eða gamlar ljósmyndir af lauginni.

³²⁶ *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi* 1976 eftir Þorstein Einarsson, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

³²⁷ *Skutull* 18.09.1937, bls. 4

³²⁸ Yfirlitsblað um sundlaugar, DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands

³²⁹ *Um land allt* á Stöð 2, 21. október 2012

UNADSDALSLAUG (1936-1962?)

Staðsetning: Unaðsdalur, Snæfjallabr, Ísafj. *Höfundur:* Óþekktur/ heimamenn?
Byggingarár: 1936 *Byggt af/ eigandi:* UMF Ísafold
Helstu endurbætur: *Yfirbyggð/ opin:* Opin
Staða/ástand: Ummerki um laug sjást *Hitun:* Jarðhiti
mögulega, hús líklega borfið

„Ungmennafélagið Ísafold stóð fyrir ýmsum framkvæmdum á innri Ströndinni á fjórða áratugnum, m.a. byggingu sundlaugar inni á Dal, nálægt Heimstafelli. Laugin var hlaðin og tréstockur til frárennslis. Búningsklefar voru hinsvegar steiptir og eru leifar þeirra enn uppistandandi. [...] Sundnámskeið voru haldin við sundlauginna a.m.k 4 eða 5 sumur og voru alltaf um 10-20 manns á þessum sundnámskeiðum, mest krakkar 8-16 ára, en einnig eldri unglingar og jafnvel fullorðið fólk. [...] Nemendurnir voru til skiptis í lauginni stuttan tíma í einu, vegna þess hvað hún var köld, en fóru oft á dag og hlupu í leikjum á milli til að fá í sig hita.“³³⁰

Laugin var frammi á Dalsdal og er staðsetningu hennar lýst í örnefnaskrá Unaðsdals: „Þegar gengið er upp frá Rjúkandisánni fram Dalsdal, verður fyrir manni lækur, nokkuð volgur, sem á upptök sín í uppsprettu dálítið framar. Áður fyrr var þessi lækur kallaður Silungalækur, en nú er hann almennt kallaður Laugarlækur. Það heiti er komið að því að árið 1936 byggði ungmennafélag, sem þá var starfandi í hreppnum, laug úr torfi og steinsteypu við uppsprettuna. Í þessari laug lærðu margir ungir hreppsþúar að synda, þar á meðal faðir minn og nokkur systkini hans. Þessi laug er nú komin úr notkun og stendur tóm“³³¹



Sundlaugin í Unaðsdal úr úr Horfin býli og buldar vattir í Snæfjalla- og Grunnvíkurbreppum hinum fornu.

Samkvæmt skránni mætti ætla að laugin hefði verið komin úr notkun fyrir 1962.

Í greininni „Síðasti bærinn í dalnum“ sem birtist í *Morgunblaðinu* 1996 segir: „Í Ungdæmi Kjartans [Helgasonar, síðasta bóndans í Unaðsdal] var ungmennafélagið Ísafold stofnað og gekk margt af unga fólkinu á ytri ströndinni í það. Var þá komið á hestum á sumrin og farið fram á Dalsdal, en þar var byggð sundlaug við volgru á fjórða áratugnum. „Pabbi gefur ungmennafélaginu landspildu til að byggja sundlaug í því augnamiði að kenna sund. Þá var að vakna áhugi fyrir því að þeir sem færu á sjó kynnu að synda. Það voru fengnir sundkennarar og þeir kenndu þarna nokkur ár“³³²

³³⁰ *Horfin býli og buldar vattir í Snæfjalla- og Grunnvíkurbreppum hinum fornu* (án blaðsíðutals) 2019 (2. Útg) Ólafur J. Engilbertsson. Snjáfjallasetur.

³³¹ *Örnefnaskrá Unaðsdals*, bls. 9, Ingólfur Kjartansson frá Unaðsdal skráði, af nafnið.is

³³² „Síðasti bærinn í dalnum“, *Morgunblaðið* 24.11.1996, bls. 34

Í *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi* 1976 segir: „opin, jarðvarmi, lítil þró (stærð þróar) lítið afdrep. Ekki notuð til sundkennslu.“³³³

Ekki fundust teikningar af laug eða laugarhúsi.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

³³³ *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi* 1976, Þorsteinn Einarsson DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

SUNDLAUGIN Í REYKJARFIRÐI (1938-1970/1980*)

Staðsetning: Grunnavíkurbær, Strandir, Ísaf. Höfundur: Heimamenn, „jafnvel útlendingar“
Byggingarár: 1938 Byggt af/ eigandi: UMF Gláður
Helstu endurbætur: 1988, 1990 Yfirbyggð/ opin: Opin
Staða/ástand: Laugarhús horfin vegna yngri húsa, laug í noktun Hitun: Jarðvarmi

Elsta sundlaugin í Reykjarfirði var torflaug, stífla við afrennsli volgrar tjarnar, gerð um 1930 en ekki stóðu laugarhús við þessa laug. Ítarleg samantekt um byggingarsögu eldri og yngri laugar er að finna í grein sem birtist í tilefni af 50 ára afmæli sundlaugarinnar 1988 en þar segir: „Frumkvöðull að byggingu laugarinnar var Jóhannes Jakobsson í Reykjarfirði. Þegar hann var 12 ára gamall, voru honum og fleiri unglingum í Reykjarfirði kennd sundtökin. En sundlaug var engin svo ekki gafst mikið færi á að æfa þessa nýju íþrótt. En unglingarnir dóu ekki ráðalausir frekar þá en nú. Með Jóhannes sem fyrirliða, hlóðu þeir stíflugarð fyrir afrennsli volgrar tjarnar sem var í Firðinum og myndaðist þá allgóð sundlaug. Við hana undu þeir sumarlangt, en næsta vor ruddi jökuláin stíflugarðinum burt. En þeir hlóðu hann að nýju og gekk þannig allmörg ár. En nú höfðu ýmsir málsmetandi menn tekið eftir þessu frumkvæði unglinganna í Reykjarfirði og á sýslufundi N-Ísafjarðarsýslu veturinn 1935 fékk sr. Jónmundur Halldórsson prestur á Stað í Grunnavík því til leiðar komið að fjárveiting fékkst til endurbóta á sundlaug í Reykjarfirði og byrjun sundkennslu þar. Hann fékk síðan Jóhannes til að standa fyrir framkvæmdum og byrja kennslu. Jóhannes gekk



Reykjarfirðarlaug. Myndin vinstri er tekin á sundmóti á árunum 1943-43 en mynd til hægri á einu af fyrsta sundnámskeiðinu í laugin í kringum 1940. Báðar myndirnar birtust í greininni Sundlaugin í Reykjarfirði N-Ís. fimmtíu ára í Morgunblaðinu 5. ágúst 1988

í ungmennafélag sveitarinnar 1936 [Ungmennafélagið Gláður] og lagði þar fram tillögu um sundlaugarbyggingu. Var samþykkt að tilnefna í nefnd til að undirbúa málið. [...] Vorið 1937 voru kosningar til Alþingis, og var haldinn framboðsfundur á Arngerðareyri. Jóhannes sem þá var 19 ára gamall fór á fundinn af forvitni, því ekki hafði hann kosningarétt. Meðal ræðumanna var Vilmundur Jónsson landlæknir, sem þá var að bjóða sig fram til Alþingis í fyrsta sinn. Að fundi loknum gaf hann sig á tal við Jóhannes, og spurði hvað svo ungum manni myndist að þingmenn ættu helst að gera. Jóhannes svaraði því að lítið vissi hann um það, en sitt áhugamál væri bygging sundlaugar í Reykjarfirði, en til þess vantaði fjármagn. Vilmundur kvaðst heita á hann að ef hann næði kosningu skyldi hann útvega fjárveitingu frá ríkinu til sundlaugarbyggingar. Leikar fóru svo að Vilmundur hlaut kosningu, og um sumarið 1937 veitti Alþingi styrk að upphæð kr. 600 til

sundlaugarbyggingar í Reykjarfirði, fyrir forgöngu Vilmundar, og seinna 300 kr. viðbótarstyrk. En Vilmundur gerði ekki þar með endasleppt, hann útvegaði teikningu af sundlaug og sendi sement með vitaskipinu til Reykjarfjarðar síðla sumars. Í bréfum sem hann skrifaði Jóhannesi í júlí og ágúst sama ár, hvetur hann til að vel verði vandað til byggingarinnar, grafið vel fyrir og að notuð verði næg járnbinding í steypuna og efnið verði að vera fyrsta flokks. Um haustið þegar sumarverkum lauk í Reykjarfirði var hafist handa og unnið var eins lengi og hægt var fram eftir hausti. Næsta vor hófust framkvæmdir að nýju og lokið við byggingu sundlaugarinnar. Og 2. júlí 1938 rann upp sá langþráði dagur, sundlaugin var vígð að viðstöddum 73 gestum. Og næsta dag hófst sundnámskeið með 25 nemendum. Landeigendur í Reykjarfirði gáfu land undir laugina. Jóhannes stóð fyrir byggingu hennar og naut dyggilegrar aðstoðar Guðfinns bróður síns. Mikið var gefið af vinnu við bygginguna, ekki síst af þeim Reykjarfjarðarbræðrum. Mun þar vera um að ræða meira en 100 dagsverk. Nokkrir sveitunga þeirra lögðu einnig fram vinnu, sem í flestum tilfellum var unnin endurgjaldslaut, en það sem greitt var af vinnulaunum greiddi Jóhannes sjálfur, því fjárveiting Alþingis fór eingöngu til efniskaupa. Síðar voru byggðir búningsklefar við laugina, sem nauðsynlegt var ekki síst vegna þess að á hverju vori fóru þar fram sundnámskeið fyrir börn úr hreppnum. En búningsklefarnir hafa fyrir löngu orðið að falla fyrir tímans tönn og voru hreinsaðir burt fyrir mörgum árum. Þá var líka orðið sýnt að gera þyrfti átak til að endurbyggja sundlaugina, því steypan, þó góð væri árið 1938, var farin að láta á sjá, og botninn tekinn að leka. Og enn sem fyrr var það Jóhannes sem vakti athygli á málinu, skrifaði greinar í blöð, og benti á að úrbóta væri þörf. Hann fékk þannig bæði loforð um einhver framlög frá velunnurum laugarinnar og skátarnir á Ísafirði lofuðu vinnu, þegar verkið hæfist. Sumarið 1986 var sundlaugin endurbyggð. Lögðu menn úr Hjálparsveit skáta á Ísafirði leið sína norður í Reykjarfjörð og hjálpuðu til við verkið. Gekk það bæði fljótt og vel. Bakkar laugarinnar voru svo þússaðir og tyrft í kring, og laugin máluð hvít. Þar með var hún aftur tilbúin að taka á móti gestum sem leið eiga um Hornstrandir, enda leggja margir leið sína í Reykjarfjörð og njóta þar ókeypis hvíldar og hressingar í þessari perlu Hornstranda. Hvít og glampanði fögur með léttu gufubólstra sem stíga upp úr hreinu og tæru laugarvatninu, því brennisteinslykt finnst ekki, mun sundlaugin næstu áratugina hvíla margan þreyttan ferðalang. Ekki er hægt að ljúka svo þessari frásögn að ekki sé getið ábúenda í Reykjarfirði, sem ár eftir ár meðan búið var í Firðinum tóku á móti öllum nemendum sem sóttu sundnámskeiðin á vorin. Oft var þá fjölmennt í heimili hjá Matthildi og Jakobi í Reykjarfirði, sem höfðu flesta nemendur í fæði og húsnæði meðan námskeiðin stóðu. Má t.d. nefna að þegar sundlaugin var vígð árið 1938 tóku þau á móti öllum þeim gestum sem þangað komu og allir voru í mat og kaffi, og nokkrir gistu.”³³⁴

Það var Ungmennafélagið Gláður sem stóð að sundlaugargerðinni ásamt Jóhannesi og Guðfinni Jakobssonum og föður þeirra bræðra og tók laugargerðin samtals um 150 dagsverk og 23 hestadagsverk.³³⁵

Sundlaugin í Reykjarfirði er 20 x 8 m stór og 1,7 m á dýpt og voru höfundar „heimamenn jafnvel útlendingar“ samkvæmt *Yfirliti yfir mannvirki 1983*.³³⁶ Í yngra yfirliti kemur fram að engin hreinsitæki

³³⁴ Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, *Morgunblaðið* 05.08.1988, bls. 20-21.

³³⁵ Frétt sem gerð var á 80 ár afmæli laugarinnar 30.01.2019, Rúv <https://www.ruv.is/frett/thriggja-daga-ganga-i-reykjarfjarðarlaug>

³³⁶ *Yfirliti yfir mannvirki 1983*, DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

voru í lauginn 1970 og að laugarhúsið sé „skúr“.³³⁷ Í skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi 1976 kemur fram að skýlið stendur enn og að laugin hafi áður verið notuð til sundkennslu þegar „byggð var í Grunnavíkurbreppi.“³³⁸

Sundlaugin var lagfærð fyrir 50 ára afmælið árið 1988 og 1990 voru byggðir fataklefar við lagina með sturtuaðstöðu og klósettum en eldri laugarhús höfðu vikið talsvert fyrr. Árið 2003 voru gerðir heitir pottar við lagina og ári síðar pallur og skjólveggur.³³⁹

Í greininni „Sundlaugar fyrr og nú“ kemur fram að 52 °heitt hveravatn rennur í lagina og hitastigið ráðist því talsver taf veðri. Þar kemur fram að árið 1990 hafi verið hafist handa við að byggja baðhús með sturtu og snyrtiaðstöðu fyrir ferðafólk og Lovísa Christiansen arkitekt hafi teiknað húsið.³⁴⁰

³³⁷ Yfirlit yfir sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

³³⁸ *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi 1976*, Þorsteinn Einarsson, DD 05, Þjóðskjalasafni Íslands

³³⁹ <http://www.reykjarfjordur.is/sundlaug/>

³⁴⁰ „Sundlaugar fyrr og nú“ Gangverk: fréttabréf VST: Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens hf. 02.02.2001, bls. 6. Þarna er vísað í Erlu Jóhannesdóttur. “Reykjafjörður” Ársrit Útivistar 1999 og 2000 bls. 137-40.

GVENDARLAUG HINS GÓÐA/KLÚKULAUG (1947-1987)

Staðsetning: Laugarhóli, Bjarnafirði, Kaldur. *Arkitekt:* Bárður Ísleifsson & Guðmundur Guðjónsson, Húsameistaraskrifstofa ríkisins
Byggingarár: 1947 *Byggt af/eigandi:* Sundfélagið Grettir, Ríkissj.
Helstu endurbætur: *Yfirbyggð/opin:* Opin
Staða/ástand: Laugarhús horfið vegna yngri húsa, laug í notkun *Hitun:* Jarðvarmi

Hinar fornu Klúkulaugar er m.a. getið í Ferðabók Eggerts og Bjarna og er hún þar sögð „vatnsmikil og hlaðin upp úr höggnum steinum og sæti allt umhverfis í henni. Hægt er að hleypa vatni í hana og úr henni að vild.“³⁴¹

Á facebook síðu Hollvinafélags Gvendarlaugar segir: „Sundlaug í Bjarnafirði á sér langa sögu. Árið 1928 hófust Bjarnfirðingar handa við sundþró sem grafin var neðarlega í Kýlalekinn sem



Klúkulaug/ Gvendarlaug hins góða í Bjarnafirði. Báðir myndir eru úr Sarpi og sýna eldra laugarhús. Mynd til vinstri er tekin við vögslu 1947 (myndanúmer B-2020-25-78) en mynd til hægri er tekin af Jóhanni Birni Arngrímssyni á tímabilinu 1980-1990 (myndanr. 2010-1-0)

rennur frá Svanshóli í gegnum túnið framan við Odda. Í framhaldi af þeim framkvæmdum var Sundfélagið Grettir stofnað 22. desember sama ár. Félagið gekkst fyrir því að steipt var á sama stað 16x8 metra laug sem tekin var í notkun sumarið 1929 og notuð fram yfir 1940 [ekki heimildir um laugarhús við þessa elstu laug og hún því ekki skráð sérstaklega]. Þegar sú laug varð ónothæf var farið að huga að nýrri laug við jarðhitann á Klúkujörðinni. Framkvæmdir við hana hófust árið 1943 og var samstarfsverkefni Grettis og Kaldrananeshrepps. Gríðarlegt verk var að grjótpúkka grunn laugarinnar og var hún loks tekin í nokun árið 1947. Var hún nefnd *Gvendarlaug hins góða* eftir gamalli baðlaug sem er litlu ofar við Laugarlækinn. Sú laug er sögð vígð af Guðmundi biskup Arasyni Hólabiskup um aldarmótin 1200 og er nú á skrá yfir friðaðar fornminjar. Vatnið úr þeirri laug sem alla tíð hefu þótt mikil heilsulind er nú leitt í sundlaugina. Á þessu ári eru því liðin 60 ár frá því að laugin var tekin í notkun og þykir hún enn glæsilegt mannvirki. Þeir eru ófáir sem hafa dáðst að dugnaði og framsýni þeirra sem stóðu að byggingu laugarinnar. Það hefur verið sannkallað „Grettistak“ að koma öllu efni, grjóti og steypu í laugina án þess að notast við nútíma flutningstæki eða aðrar vélar. Og svo vel hefur verið vandað til verksins að steypan er enn óskemmd, eftir þessi

³⁴¹ Eggert Ólafsson. 1975. II. bindi, bls. 225

60 ár. Laugin er enn þann dag í dag með bestu laugum, lögleg keppnislaug, vel volg og þægileg. Um 2-3000 manns synda í lauginni árlega, þrátt fyrir að nýjar laugar hafa nýlega verið teknar í notkun í nágrenninu. Laugin er formlega séð eign hreppsins, en hefur verið rekin sjálfstætt, fyrst með hótelinu en síðar í samvinnu við Galdrasýninguna á Klúku. [...] Hreppurinn hefur séð um nauðsynlegasta viðhald, málningu og þess háttar.”³⁴²

Í myndbandsupptöku af viðtali við Pálma Sigurðsson sem varðveitt er á Ísmus segir hann frá sundlaugargerð í Bjarnafirði. Segir að sundlaugin hafi verið byggð að mestu leyti í sjálfbodavinnu. Byrjað var að byggja hana 1943 og byrjað að kenna í henni 1947 þótt hún væri þá kannski ekki fullkláruð. Í forystu var Sundfélagið Grettir sem var ungmennafélagið í sveitinni og nánast allir voru í því sem konir voru til vits og ára. Hann segir að fyrir sitt minni hafi verið gríðarleg sjálfbodavinna verið unnin við laugina. Talar um samtakamátturinn hafi verið mikill að byggja 25 metra laug út í sveit á Íslandi þar sem líklega hafi ekki einu sinni verið til dráttarvél.³⁴³ Í myndbandsupptöku af viðtali við Magnús Rafnsson kemur fram að áður en laugin var steipt, á 3. áratug 20, aldar hafi verið pínulítill moldarlaug sem var svo löguð á 5. áratugnum og þá steipt upp þessa fína steipta laug.³⁴⁴

Í tímaritnu *Vestfirðir* var fjallað um sögu laugarinnar 2012 en þar segir: „Árið 1928 voru nokkrir ungir Bjarnfirðingar í vegavinnu inni í dalnum. [...] Ekki mörgum dögum seinna mátti sjá þessa sömu ungu menn með haka og skóflur úti á lindarbökkunum og vinna þar af kappi. Hér skyldi byggð sundlaug Bjarnfirðinga.“ Þannig skrifar Þorsteinn Matthíasson, frá Kaldrananesi um upphaf sundmenningar í Bjarnafirði. Næstu áratuginu voru byggðar tvær litlar sundlaugar í firðinum, sú fyrri hlaðin úr torfi en sú síðari var steipt þró í volgum skurði. Um 1940 var tekin ákvörðun um að byggja veglega 25 metra langa sundlaug við jarðhitann á Klúkujörðinni, þar sem seinna var byggður skóli sveitarinnar. Undirbúningur tók nokkurn tíma, en árið 1942 var hafist handa við bygginguna. Næstu árin var unnið þegar tími gafst frá bústörfum, mest í sjálfbodavinnu og árið 1947 var laugin vígð og tekin í notkun. [...] Vandað var til verksins á öllum stigum þess og var sóttur verkfræðingur yfir fjöllin til Djúpuvíkur til ráðgjafar, þ.á.m. að velja lauginni stað. Mikið verk var síðan að grjótpúkka undir hana og næstu tvö sumur báru menn grjót úr hlíðinni á börum til að styrkja undirlagið og jafna út botninn. Enginn bílvegur var í firðinum og þurfti að flytja öll aðföng á hestum frá höfninni á Kaldrananesi og framan frá Svanshóli. Steypan var hrærð í höndum á brettum og flutt í hjólbörum. Að lokum var hlaðið upp að einum vegg laugarinnar undir pall, en mönnum entist ekki örendið til að klára hleðsluna við hina veggina. [...] Arnlín [Þ. Óladóttir á Bakka í Bjarnafirði] segir að nú, ríflega 60 árum síðar, sé laugin ennþá mjög góð. „Steypan er sterk en farin að láta aðeins á sjá þar sem ekki var hlaðið að henni. Safnþróin sem upphaflega var byggð til að safna saman vatni í laugina dugar enn sem slík og er laugin alltaf hlý og notaleg. Sumarið 2008 var stofnað Hollvinafélag Gvendarlaugar hins góða og er tilgangur félagsins að ljúka við verkið og gera nauðsynlegar endurbætur, endurnýja lagnir og annað sem til þarf. Hollvinafélagið er meðlimur í Vatnavinum Vestfjarða og hafa arkitektar á þess vegum verið okkur innan handar við áætlanir og endurbætur. Félagið hefur unnið við umbætur á umhverfi laugarinnar og hefur verið að safna í sjóð til þess að eiga fyrir stærsta áfanga endurbótanna, að steypa hlífðarkápu utan á þær tvær hliðar sem ekki voru varðar í sínum tíma með grjóthleðslu og hlaða að þeim. Væntingar standa til að það verði gert sumrin 2013 og 2014. Eitt af verkefnum Hollvinafélagsins hefur verið að safna upplýsingum um byggingu laugarinnar á sínum tíma og sögu hennar. Sundfélagið Grettir í Bjarnafirði og félagar þess áttu drýgstan þátt í verkinu og var þeim reistur minnisvarði við laugina.

³⁴² Facebook síða Hollvinafélags Gvendarlaugar <https://www.facebook.com/groups/46955824117>

³⁴³ Pálmi Sigurðsson, <https://www.ismus.is/i/audio/id-1044630>

³⁴⁴ Magnús Rafnsson, <https://www.ismus.is/i/audio/id-1043636>

Við höfum komist yfir fundargerðir, lista yfir kostnað, vinnuframlag og gamlar myndir frá byggingu og vígslu laugarinnar. Einnig höfum við átt þess kost að ræða við nokkra af þeim sem unnu við bygginguna og er þeim ofarlega í huga hve samstaðan var mikil, vinnugleðin og ákafinn þessi ár sem unnið var við laugina hverja stund sem gafst. Það er ekki hægt annað en fyllast aðdáun yfir elju og vandvirkni þessa fólks þar sem unnið var við ótrúlega erfiðar og frumstæðar aðstæður,“ segir Arnlín.³⁴⁵

Í *Yfirliti yfir mannvirki 1983* kemur fram að Gvendarlaug hins góða var byggð 1947 og var 25 x 8 m að stærð en af öðrum heimildum má ráða að áður stóð torflaug á sama stað (þó án laugarhúss). Arkitektar af lauginni frá 1947 voru þeir Bárður Ísleifsson og Guðmundur Guðjónsson hjá Húsameistara ríkisins.³⁴⁶

Í *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi 1976* segir: „lélegt laugarhús (böð- og búingskl.), jarðvarmi. Sundnámskeið árlega fyrir börn og unglinga úr Kaldraneshreppi, Hrófbergshreppi, Hólmavíkurhreppi og Kirkjubólshreppi.“³⁴⁷ Ekki hafa fundist teikningar af lauginni en af ljósmyndum að dæma hefur húsið verið steinsteypt með skúrþaki. Húsið var við enda laugarinnar, fremur langt og mjótt, áþekkt ýmsum öðrum litlum sundlaugahúsum af einföldustu gerð frá sama tímaskeiði.

Árið 1987 var laugarhúsið rífið og nýtt hús byggt sem enn stendur. Í blaðgrein frá sama ári segir: „Nýja húsið kemur í stað gamals húss, sem orðið var úr sér gengið eftir mikla notkun. Stendur nýja húsið á grunni þess gamla. Með tilkomu nýja hússins batnar að- staða við sundlaugina verulega og má gera ráð fyrir að hún njóti mikilla vinsælda ferðamanna í sumar. Ekki er ljóst hver heildarkostnaður við laugarhúsið verður, enda er það ekki fullfrágengið enn. Húsið er byggt fyrir framlög ríkissjóðs og Kaldraneshrepps, en Hólmavíkurhreppur og Lionsklúbbur Hólmavíkur hafa einnig lagt fé til byggingarinnar.“³⁴⁸

Hollvinafélag Gvendarlaugar hins góða hefur á síðustu árum fengið nokkra styrki til að taka saman byggingarsögu sundlauga í Bjarnarfirði og söga Sundfélagsins Grettis. Laugin er ekki í Fasteignaskrá, bara búningssklefarnir.

³⁴⁵ *Vestfirðir* 07.12.2012, bls. 6

³⁴⁶ *Yfirlit yfir mannvirki 1983*. DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

³⁴⁷ *Skrá yfir sundlaugar í Vestfjarðarkjördæmi 1976*. Þorsteinn Einarsson, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

³⁴⁸ *Tíminn*, 20.05.1987, bls. 4

HVERAVÍKURLAUG (1929-1970?)

Staðsetning: Kaldrananeshr., Steingrímsf. *Arkitekt:* Óþekkt/heimamenn?
Byggingarár: 1929 *Byggt af/eigandi:* Ungmennasamband Strandasýslu, ríkissj.
Helstu endurbætur: *Yfirbyggð/opin:* Opin
Staða/ástand: Laug og laugarhús borfin, *Hitun:* Jarðvarmi
mögulega einhverjar steypuleifar í fjöru

Sundlaugin við Hveravík við Steingrímsfjörð, Strandasýslu var byggð 1929. Í *Aðalskipulagi Kaldrananes* segir: „Þrjú ungmennafélög í Strandasýslu mynduðu með sér samband árið 1927, þ.e. Hvöt í Kirkjubólshreppi, Geislinn í Hrólfbergshreppi og Neisti í Kaldrananeshreppi. Aðaltilgangur sambandsins var að taka við sundlauginni í Hveravík.“³⁴⁹

Í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að laugin var 15 x 7 m að stærð og laugarþró steinsteyp, vatn hitað með jarðvarma en á þeim tíma sem skráin var gerð var laugarhúsið horfið.³⁵⁰ Í öðrum yfirlitum kemur fram að laugin sé ónothæf³⁵¹ og sum staðar er einnig staðhæft að laugin sé frá 1922. Í *Sögulegum laugum í byggð á Íslandi* segir: „Laugavirki í Hveravík munu að vísu vera ung (fyrsta



Tvær myndir af hveravíkurlauginni, báðar af facebook síðunni gamlar strandamyndir. ljósmynd til vinstri er án ártals (jón jónsson birtir). myndin til hægri tekin um 1970 þegar vegur var lagður yfir lauginna (mynd hjalti líðvíksson, birtist 5. apríl 2021)

laugin byggð 1934, steyp), en voru og eru dálítið sérstæð vegna legu sinnar í flæðarmáli.“³⁵² Staðurinn var skráður í fornleifaskráningu árið 2001 og þar er eftirfarandi lýsing: „Nordan við nýbýlið Hveravík. Þar sem vegurinn beygir út Hveravíkina er steinsteypur ferhyrndur grunnur. U.þ.b. 2 m frá veginum. Grýtt fjara og kemur heit uppspretta þar fram frá veginum. Steinsteypur ferhyrnd bygging og er sá hluti hennar sem snýr að sjónum horfin. [...] Þetta var einnig samkomustaður og þar var danspallur við lauginna.“³⁵³ Ekki er ljóst hvort þarna er verið að lýsa sundlauginni en samkvæmt upplýsingum og ljósmynd á Facebook síðunni *Gamlar Strandamyndir* hvarf laugin undir vegagerð um 1970 – hugsanlegt er að steypuleifar sjáist eftir húsgrunn eða hluti laugar.

³⁴⁹ *Aðalskipulagi Kaldrananes*, bls. 72

³⁵⁰ *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983*, Menntamálaráðuneyti, DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

³⁵¹ *Yfirlit um sundlaugar*, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands


³⁵² *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi*. Freysteinn Sigurdsson, bls. 6

³⁵³ Ragnar Eðvardsson, *Fornleifaskráning í Kaldaðarneshreppi, Strandasýslu, Lokaskýrsla* bls. 22

Ekki hefur fundist teikning af húsinu en af ljósmynd að dæma hefur það verið lítill timburskúr með flötu þaki og tveimur dyrum sem vísuðu að laug og litlum glugga til hliðar. Líklega hafa hlutarnir tveir verið kvenna- og karlaklefi og ekki er að sjá að frekari rými hafi verið við lagina.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

NORDURLAND VESTRA



Sundlaugar á Norðurlandi Vestra. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Gögn í vinnslu - má ekki nota

SUNDLAUG HÉRAÐSSKÓLANS Á REYKJUM ELDRI (1929-1948)

Staðsetning: Reykir, Hrútafirði

Byggingarár: 1929

Helstu endurbætur: 1932

Staða/ástand: Húsið stendur en laug úr notkun um 1948

Höfundur: Jóhann Fr. Kristjánsson – laug, Hús: ekki vitað

Byggt af/ eigandi: Ungmeflög, ríkissjóður og nágrannasýslur


Yfirbyggð/ opin: Yfirbyggð

Hitun: Jarðvarmi

Saga laugarhalds á Reykjum er býsna löng en frægt er að Sturla Sighvatsson var í lauginni á Reykjum í Hrútafirði þegar hann fékk þau tíðindi að Vatnsfirðingar hefðu gert honum aðför á Sauðafelli veturinn 1229 en gripið í tómt.³⁵⁴ Ekki er vitað hvernær elsta sundlaugin er gerð á Reykjum en í *Sögulegum laugum í byggð á Íslandi* segir: „Sundlaug hefur líklega verið þar einhvern tíma snemma á 19. öld, í köldum læk með hvervatni frá Reykjahver. Matsuða var í Reykjahver um síðustu aldamót.“³⁵⁵ Ekki er getið um laugarhús við umrædda laug og var hún því ekki skráð undir sérstakri færslu.

Fyrstu hugmyndir um gerð yfirbyggðar sundlaugar á Reykjum koma fram fljótlega eftir 1920 en 1924 er þess getið í *Skinfaxa* að stjórn Ungmannasambands Austur-Húnavatnssýslu hafi sótt um styrki til byggingarinnar til ríkissjóðs og sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.³⁵⁶ Hafði sýslunefndin þá þegar lofað láni en þar sem ekki þótti nægur tími til stefnu ákvað stjórnin að fresta byggingu laugarinnar fram á næsta vor [vorið 1925] og fól stjórn að „panta cement og annað efni, sem þarf til þess að fullgera laugina, svo snemma, að hægt sé að flytja það á staðinn að vetri á ísum.“

Árið 1928 ferðaðist Jóhann Fr. Kristjánsson um vestur- og suðurland fyrir tilstuðlan Jónasar Jónassonar frá Hriflu til að kanna og velja þá staði þar sem æskilegt væri að stofna til sundlauga.³⁵⁷ Í grein Jóhanns frá 1929 kemur fram eftirfarandi umfjöllun um laugina á Reykjum: „Hiti laugarinnar er 96 gr. C. Vatnsmagn nálægt 1 3/4 lítri á sekúndu. Vegalengd að fyrirhugaðri sundlaug 240 m. Fallhæð heita vatnsins að yfirborði sundþróar 6,5 m. Kalt vatn er ekki fánlegt, nema



Mynd til vinstri: Sundlaugarbúsið (til bægrí) og miðálma Héraðsskólans á Reykjum, en myndin er tekin áður en vesturálman er byggð. Ljósmyndari Arngrímur Ólafsson er ljósmyndin er fengin úr bók Péturs Armannssonar, 2020, bls. 201. Mynd til bægrí: höfundur

³⁵⁴ *Sturlungasaga I*, bls. 329


³⁵⁵ *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi*. Freysteinn Sigurðsson, bls. 6

³⁵⁶ *Skinfaxi*, 01.04.1924, bls. 29-30

³⁵⁷ *Tíminn*, 14.05.1930.

brunnvatn úr mýri. Vegalengd að því 90 m. Fallhæð 3,5 m. Sundlögin stendur á vel þurrum grasigrónum velli í mölbornum jarðvegi. Aðstaða því ágæt fyrir leikvöll, án þess að lagfærður sé til muna. Ákveðið hafði verið að byggja þarna opna laug að stærð 10X20 m. og efni pantað og komið á staðinn. Eg fékk því til leiðar komið að hætt var við að byggja opna laug, en í þess stað var bygð lítil laug yfirbygð. Stærð þróarinnar er aðeins 6.75X10 m og pallur langs með hliðinni 1.25 m. á breidd, en langs með pallinum er skáli, afklæðningsherbergi, gangur og baðklefi. Alt undir sama þaki og sundþróin, sem hefir flatt steinsteypuþak. Veggghæð þróarinnar er 1,10-1,50 m., en Sunnan undir lauginni á að gera sólbaðsskýli og ef til vill líka opna sundlaug síðar. Mikill kostur er það við þennan sundstað, að ekki eru nema fáir tugir metra tii sjávar og er þar vík ágætlega vel lóguð til þess að æfa í sund. Fyrir framkvæmdum hafa staðið félög í Bæjarhreppi og í Staðarhreppi.”³⁵⁸

Jóhann Franklín byggingafræðingur gerði teikningar að lauginni.³⁵⁹ Sundlaugin á Reykjum var byggð á árunum 1927-28 og voru það ungmennafélög beggja vegna Hrutafjarðar sem stóðu að





Skólaláhus og sundlaug að Reykjum í Hrutafirði. Að ofan eru frumdrög að suðurblíð húss frá júní 1930 og að neðan innri skípan. Teikningar úr Bók Péturs Ármannssonar. 2020, bls. 200

³⁵⁸ *Tíminn* 16.02.1929, bls. 37

³⁵⁹ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 202

framkvæmdinni. Fljótlega eftir að sundlaugin var fullgerð var ákveðið að byggja héraðsskóla á svæðinu og hefur sundlaugarbyggingin og jarðhitinn líklega ráðið nokkru um staðarvalið. Skólabyggingin var hönnuð þannig að hún var í þremur álmum, miðálma sem var nokkru hærri en hliðarálmur, hvor til sinnar hliðar, allar í einni lengju. Önnur hliðarálman var byggð yfir sundlaugina



Teikning af héraðsskóla á Reykjanesi frá september 1930, undirrituð af Guðjóni Samúelssyni en yfirstyrkað og merkt Ben. Gröndal. Húsameistari ríkisins Húsameistari ríkisins, C0999_01.

en á efri hæð yfir lauginni var áformaður bústaður skólastjóra. Hafist var handa við skólabygginguna vorið 1930. Miðstöðvarhitun var í húsinu frá hvernnum. Lauk þessum áfanga 1932.

Í bókinni *Héraðsskólinn að Reykjum 1931-1981* er saga skólans rakin að nokkru³⁶⁰. Þar er í upphafi bókar talað um hversu mikil áhrif ungmennafélagshreyfingin hafði hér á landi og kemur þar fram að í byrjun þriðja áratug 20. aldar hafi ekki verið um aðra skóla að ræða utan þéttbýlis en Hvítárbakkaskóla, Eiðaskóla og Núpaskóla og þar á eftir segir: „Um þessar mundir óx áhugi framsýnna manna á að hagnýta jarðhita til hitunar sundlauga og skólahúsa. Voru ungmennafélagar fremstir í flokki. Ungmennafélögin í Þingeyjarsýslu beittu sér fyrir stofnun Laugaskóla, og á Suðurlandi var Laugarvatnsskólinn reistur, báðir á heitum stöðum. Á Reykjavíki austan megin Hrútafjarðar sameinuðust ungmennafélagar báðum megin fjarðarins um að reisa yfirbyggða sundlaug á árunum 1927-1928. Heitt vatn var leitt í laugina úr Reykjahver, sem er skammt ofan tangans. Mikið samskotafé safnaðist til þessarar framkvæmdar báðum megin fjarðarins. Aðalhvatamenn munu hafa verið Bjarni Þorsteinsson, kennari á Hlaðhamri og Jóhann Jónsson bóndi og smiður í Bæ. Vann Jóhann mikið við smíði laugarinnar. Vorið 1929 var sundlaugin vígð af Jónasi Jónssyni þáverandi kennslumálaráðherra, að viðstöddu fjölmenni. Eins og kunnugt er beitti Jónas Jónsson sér mjög fyrir nýtingu jarðhita, byggingu sundlauga og stofnun héraðsskólanna. Var hann áhrifamestur í þeim efnunum um sína daga.³⁶¹ Um þessar mundir mun hafa vaknað áhugi manna að reisa héraðsskóla við sundlaugina á Reykjavíki. Menn höfðu fregnir af ágæti Laugaskóla og Laugarvatnsskóla, sem voru að mótast á sínum fyrstu árum.“ Í bókinni kemur fram að ekki hafi verið teljandi ágreiningur um staðarval fyrir væntanlegan skóla og hafi sundlaug og jarðhiti þar vegið þungt. Húsbygging hófst 1932 og þegar skólalald hófst höfðu verið liðnir 7 mánuðir frá því að byrjað var að byggja skólalúsið.³⁶²

„Búið var að byggja ofan á sundlaugina íbúð, sem ætluð var skólastjóra, og tvö þriðju að miðhluta skólalússins, sem var kallari og tvær hæðir. Kjallarinn var ætlaður fyrir borðstofu og eldhús...“³⁶³ Í bókinni kemur fram að herinn tók yfir svæðið á hernámsárunum.

Sumarið 1946 var hins vegar byggð útisundlaug á Reykjum ásamt búnings- og baðherbergjum (sjá næstu færslu) og var þá innisundlaugin lögð niður. Þá var sett í hana gólf og þar innréttað herbergi fyrir nemendur. Í úttekt sem gerð var af Guðmundi Guðjónssyni arkitekt frá húsameistara ríkisins árið 1956 kemur fram (bls. 29): „Sundlaugarþróin gamla, sem er undir heimavist pílta, er ófyllt og óloftræst. Bæta þarf úr því hið fyrsta“

Guðjón Samúelsson skráður fyrir leikfimiðhúsi og héraðsskólanum en ekki er ljóst hver er höfundur eldri sundlaugarbyggingar þótt hugsanleg sé að það sé Jóhann Fr. Kristjánsson.³⁶⁴

³⁶⁰ *Héraðsskólinn að Reykjum 1931-1981*. 1985, bls. 11-29

³⁶¹ Sama heimild, bls. 11-12

³⁶² Sama heimild, bls. 16

³⁶³ Sama heimild, bls. 20

³⁶⁴ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 404

SUNDLAUGIN HÉRAÐSSKÓLANS Á REYKJUM YNGRI (1948-)

Staðsetning: Reykir, Hrutafirði

Byggingarár: 1948

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Í notkun


Arkitekt: Bárður Ísleifsson?

Byggt af/eigandi: Ríkissjóður, nágrannasýslur

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Í spjaldskrá frá Húsameistara ríkisins kemur fram að ekki sé til grunnteiking af lauginni. Í bókinni *Héraðsskólinn að Reykjum 1931-1981* er saga skólans rakin að nokkru. Upphaflega var þar gerð yfirbyggð sundlaug, byggð 1927-28 og vígð 1929. Þegar opin sundlaug var gerð var eldri sundlaug aflögð og varð hluti af skólahúsum Héraðsskólans á Reykjum (sjá fyrri færslu).³⁶⁵ Í bókinni segir: „Sumarið 1945 kom til umræðu í skólanefndinni bygging sundlaugar. Þar sem líkur þóttu á, að erfitt yrði með efnisútleitu og skortur væri á stórvirkum tækjum til þess að grafa fyrir sundlauginni, var ákveðið að fresta framkvæmdum til næsta árs, en undirbúa bygginguna, svo að verk gæti hafist snemma á því vori. Sumarið 1946 var svo byggð útisundlaug 25 x 7.5 m að stærð, ásamt búnings- og baðherbergjum. Skjólveggur var steypdur um sundlaugina að norðan og vestan,




Sundlaugin á Reykjum, ómerkt teikning frá 22. ágúst 1946, varðveitt í gögnum Húsameistara ríkisins, C_392_07, Þjóðskjalasafni Íslands.

en létt girðing að sunnan.“ Árið 1962 ákvaðu sýslurnar sem stóðu að skólanum á móti ríkinu að ríkið yrði eitt rekstrar og eignaraðili að skólanum.³⁶⁶

³⁶⁵ *Héraðsskólinn að Reykjum 1931-1981*. 1985, bls. 11-27

³⁶⁶ *Sama heimild*, bls. 84



Sundlaugin á Reykjum. Mynd til hægri er líklega tekin skömmu eftir að laugin er byggð og á henni má sjá álmu sem gekk til vesturs frá norðurenda hússins en síðar vék (?) fyrir sambyggðu húsi (atb. uppruni óljós). Mynd til hægri er tekin eftir að sambyggt hús hefur verið gert úr bókinni Héraðsskólinn á Reykjum 1931-1981, bls. 33.

Í gögnum frá Íþróttasjóði er að finna tvær teikningar af sundlauginni á Reykjum.³⁶⁷ Sú fyrri er gerð í maí 1946 og undirrituð af Ó. Sveinssyni (Guðjón Samúelsson kvittar undir afstöðuteikningu sem gerð var á sama tíma) en sú síðari er gerð 22. ágúst sama ár og er óundirrituð en virðist gerð með hendi Bárðar Ísleifssonarog er hún sú teikning sem notuð hefur verið, eða í það minnsta virðist henni fylgt að mestu og er hún í raun keimlík staðlaðri teikningu Bárðar af sundlaugarhúsi (hér nefnt sýnidæmi B) frá 1942.

Sundlaugin að Reykjum var hituð með jarðvarma og 25 x 8 m að stærð skv. spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, en þar er arkitekt sagður Húsameistaraskrifstofa ríkisins/ Guðmundur Guðjónsson.³⁶⁸

³⁶⁷ Gögn Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti H26, Þjóðskjalasafn Íslands

³⁶⁸ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

SUNDLAUGIN VIÐ ÁSBYRGI/GRETTISLAUG (1944-2000?)

Staðsetning: Laugarbakka, Húnavatnss.

Höfundurt: Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins/Leiðbeiningateikningar og lagna íþróttanefnd ríkisins, Halldór Halldórsson?

Byggingarár: 1944

Byggt af/eigandi: Ungmennafélagið Grettir, ríkissj.


Helstu endurbætur: 1978

Yfirbyggð/öpin: Öpin

Staða/ástand: sundlaug breytt í tvo heita Hitun: Jarðvarmi potta

Að fornu var baðlaug á Reykjum og geta þeir Eggert og Bjarni um hana í bók sinni og segja að hún sé kunn frá „öndverðri byggð Íslands“, að vatnið í henni sé tært og gott og hún sé talsvert notuð til baða.³⁶⁹

Sundlaug var fyrst gerð á þessum slóðum í tengslum við þéttbýlismyndun þar á fyrri hluta 20. aldar. Í blaðgrein í *Tímanum* 1966 er fjallað um myndun þorpsins á Laugarbakka og byggingu samkomuhúss og sundlaugar á staðnum. Þar segir: „Árið 1933 var byggt samkomuhús á landi Reykja, á eystri bakka Miðfjarðarár og var því valið nafnið Ásbyrgi. Það var hitað upp með vatni úr lauginni, sem er í brekkunni milli bæjarins og árbakkans. - Til þeirrar heitu laugar gekk Sigríður á Ósi, systir Þórðar hreðu, með léreft sín, svo sem segir í Þórðarsögu. - Nokkrum árum eftir að



Teikning af sundlaug og búningshúsi sem tengdi sundlaug og samkomuhéimili. Teikningin er merkt Guðjóni Samúelsyni frá 30. nóvember 1942 en í hornið kvittar einnig Már Ríkardsson. Væðveitt í gögnum Húsameistara ríkisins_C384_02

³⁶⁹ Eggert Ólafsson. 1975. II. bindi, bls. 12



Ljósmynd úr Sarpi sýnir Laugarbakka á árunum 1940-1965. Félagsheimilið Ásbyrgi/ búningsskefjar er lengst til vinstri á mynd og sundlaugin þar austan við. Ljósmyndari Þorsteinn Jósefsson, myndanúmer BJ_Hun-39

samkomuhúsið var byggt, var reist véla- og bifreiðaverkstæði, ásamt íbúðarhúsi, þar á bakkanum, og nú eru risin 6 íbúðarhús til viðbótar á þessum stað. Þorpið, sem þarna hefur myndast, nefnist Laugarbakki. Öll húsin eru hituð með vatni úr Reykjalaug, en þar tókst að auka magn heita vatnsins með borun fyrir nokkru síðan. Undirbúningur er nú hafinn að því að byggja þar barnaskólahús fyrir sveitahreppana í sýslunni. Skömmu eftir 1940 var byggð sundlaug austan við samkomuhúsið á Laugarbakka, og þar er sundkennsla hvert vor. Og fyrir um það bil 10 árum var ákveðið, að gera miklar breytingar á gamla húsinu. Hefur nú verið byggt við það á þrjá vegu, svo að úr því hefur verið gert allstórt og vandað samkomuhús. Oft hefur reynt erfitt að byggja við gömul hús, svo að vel fari, en hér hefur það tekizt vel. Arkitektinn, sem teiknaði nýja húsið, heitir Halldór Halldórsson [Halldór Kristinn Halldórsson (1900-1969), Arkitektatal bls. 280] en yfirsíður við það var ungur Vestur-Húnvetningur, Björn Traustason byggingameistari frá Hörgshóli í Vesturhópi, maður mjög vel fær í sinni grein. Allur frágangur byggingarinnar er prýðilegur. En umsjón með framkvæmdinni og fjárútteganir í því sambandi annaðist Jóhannes Björnsson, hreppsnefndaroddiviti. — Eigendur hússins eru Ytri-Torfustadahreppur, Ungmennafélagið Grettir og Kvenfélagið Iðja.³⁷⁰

Í umfjöluninni hér að ofan er arkitekt hússins talinn Halldór Halldórsson en Halldór starfaði um tíma á skrifstofu húsameistara ríkisins. Á sumum teikninganna er einnig að finna nafn Más Ríharðssonar, sem einnig vann fáein ár hjá húsameistara. Líklega hafa því báðir men komið að teikningu hússins sem var gerð hjá embætti húsameistara ríkisins sem með raun réttu mætti telja höfund þess.

³⁷⁰ *Tíminn* 05.07.1966, bls. 8

Jóhann Fr. Kristjánsson skoðaði Reyki/Laugarbakka í yfirreið sinni til að kanna aðstöðu fyrir sundlaugar 1928 og segir um staðinn: „Reykir í Miðfirði. Þar er lítil laug, suðvestan undir hárrí brekku í túnfætinum, en neðanundir taka við flatlendir móar (bakkar) og yrði sundlaug að gerast þar. Sé heita vatnið leitt í 80 m. löngum pípum, fengist fallhæðin 3 m. að laugarbotni, með því móti að grafið sé 0,5 m. í jörðina. Vatnsmagnið er aðeins 0.45 l. á sek. og hitinn 70 stig. Kalt vatn er ekki fáanlegt nema sem brunnavatn úr seitolulindum í brekkunni. Vegalengd að þeim 150—220 m. Að öðru leyti er aðstaðan góð, staðurinn skemtilegur og vel, í sveit kominn. Efst í brekkunni við Reykjabæinn er jarðhitinn 70 stig. Bendir það til þess að þar sé falinn mikill jarðhiti.”³⁷¹

Sundlaugin á Laugarakka (við Ásbyrgi/Grettislaug) var byggð 1944 af Ungmennafélaginu Gretti og var laugin 16 2/3 x 7 m að stærð.³⁷² Samkvæmt *Húnaþingi* var laugin steipt við samkomuhúsið en þegar lög um félagsheimili gengu í gildi á árunum 1946-59, „...var byggt við húsið [...] einnig búningsherbergi við lagina.”³⁷³

Einhvern tíma á árunum 2000-2007 féll sundlaugin endanlega úr notkun og var breytt í 2 heita potta.

³⁷¹ *Tíminn* 16.02.1929, bls. 37

³⁷² *Yfirlit yfir mannvirki 1983*, DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

³⁷³ *Húnaþingi* bindi I, bls. 357

REYKIR VIÐ REYKJABRAUT ELDRI (1913-1925)

Staðsetning: við Reykjabraut, Húnavatnsbr. *Höfundur: Óþekktur/ heimamenn*
Byggingarár: 1913/15 *Byggt af/ eigandi: A-Húnavatnssýsla*
Helstu endurbætur: *Yfirbyggð/ opin: Opin*
Staða/ ástand: Horfin vegna yngri bygginga *Hitun: Jarðvarmi*

Undir færslunni er skráð eldri laug og eldri laugarhús (sjá næstu færslu á eftir fyrir yngri laug og hús).

Saga laugarhalds á Reykjum við Reykjabraut er býsna löng. Hennar er getið í Ferðabók Eggerts og Bjarna³⁷⁴ og samkvæmt *Sýslu- og sóknarlýsingum* um miðja 19. öld voru í Staðarsókn í Hrutafirði 2-3 menn sem kunnu að synda en þeir höfðu lært sund af Sund-Gesti á Reykjum á Reykjabraut í Húnavatnssýslu.³⁷⁵ Í samantektinni *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi* kemur fram að þar hafi verið byggð laug 1820 en að þar hafi verið baðlaug á 18. öld sem hafi þótt góð „kvennasóttum og hægðartregðu.“³⁷⁶ Í bókinni *Í Föðurtúni* segir Páll Kolka frá sundlauginni á Reykjum á Reykjabraut árið 1823, þá voru þar um tuttugu nemendur í sundkennslu. Vatni var þá veitt í lægð og torfgarður hlaðinn fyrir framan.³⁷⁷

Í *Húsaskráningu Húnavatnsbrepps* er fjallað um laugina en þar segir: „Hitt er víst, að í lok 19. aldar var upphlaðin torflaug rétt sunnan við bæinn á Reykjum og hitinn í henni um 50 gráður. Þá veitti Alþingi sýslunefndum í landinu fjárstyrk til sundkennslu og af þeim sökum hóf sýslunefnd Húnavatnssýslu árið 1896 að veita fé til uppbyggingar laugar og sundkennslu á Reykjum. Vorið eftir var ráðist í gerð sundlaugar og voru unnin fjórtán dagsverk við „að stinga torf í garðinn við laugina, flytja efnið að og hlaða.“ Þetta verk annaðist Kristján Sigurðsson bóndi gegn eftirgjaldi, auk þess sem hann fékk á næstu árum nokkrar bætur fyrir átroðning á túni og annað ónæði vegna sundkennslunnar.³⁷⁸ Ljóst er að laugar voru á Reykjum á 19. öld og jafnvel fyrir en hér er skráð sú fyrsta sem vitað er til að hafi verið með einhvers konar laugarhúsi. Ekki er fjallað um eldri laugar í sérstakri færslu.

„Sundkennsla var stunduð víða í sýslunni á þessum og næstu árum, en um 1913 var afráðið að Reykir yrðu framtíðarstaður fyrir sundiðkun í sýslunni. Árið eftir veitti sýslunefndin nokkurt fé til þess „að koma upp viðunanlegum sundpolli“ og sem fyrir var Kristjáni Sigurðssyni falið að hafa umsjón með framkvæmdum. „Sundpollinum“ var m.a. þannig lýst 1915: Steinsteipugarður var gerður á 3 vegu við sundstæðið, sem hallar frá vestri til austurs. Austan við sundstæðið var steiptur steingarður 9 metra langur – sem er breidd sundstæðisins – 1 meter 78 sentímetra hár og 10 sentímetra á þykkt. Að norðanverðu var steiptur steingarður, 2 metrar 32 sentímetrar á lengd, 1 m. 75 sm. á hæð og 11½ sm. á þykkt. Fyrir ofan, eða vestan, álmu þessa, sem liggur frá þvergarðinum, tekur við grasigróin brekka, er heldur vatninu í sundpollinum og virðist þetta nægilegt aðhald að vatninu þeim megin. Að síðustu var steinsteipugarður ger, að sunnanverðu við sundstæðið, sem einnig liggur frá þvergarðinum og er 4 m. 20 sm. á lengd. Páll Kristjánsson á Reykjum lærði ungur sund heima og stundaði einnig sundnám í Reykjavík. Hann var góður sundmaður og hóf

³⁷⁴ Eggert Ólafsson II. bindi. 1975, bls. 12

³⁷⁵ *Sýslu- og sóknarlýsingar I*. 1950, bls. 184

³⁷⁶ *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi*, Freysteinn Sigurðsson, bls. 6

³⁷⁷ *Í Föðurtúni*. 1950. Páll Kolka, bls. 164- 65

³⁷⁸ *Húsaskráningu Húnavatnsbrepps*. 2019. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur, bls. 279

sundkennslu á Reykjum í þessari gömlu sundlaug árið 1918. Meðal nemenda hans árið eftir var Guðmundur Frímanna rithöfundur, sem lýsti aðstæðum þannig: Ekki var Reykjalaugin vegleg borin saman við lauginu sem nú er starfrækt þar á bæ. Minnir mig að veggirnir væru úr torfi og grjóti. En búningaklefinn minnti mest á venjulegan hrútakofa þeirra tíma. En tvær voru krærnar, aðskildar með timburpili, blessunarlega gisnu að okkur strákunum fannst. Úr þessu fékkst verulega bætt árið 1925.³⁷⁹

Í *Húnaþingi* segir: „Vorið 1914 var gamla laugin á Reykjum endurbætt og síðan kennt þar sund flest vor. En aðstaðan var ófullkomin og úrbóta þörf.“³⁸⁰

Lítið er vitað um eldri laugarhús annað en það sem kemur fram í lýsingu Guðmundar Frímanna að ofan, þ.e. að húsið hafi mest minnt á venjulegan hrútakofa og verið aðskilið með timburpili. Ekki fundust ljósmyndir eða teikningar af lauginni eða laugarhúsunum. Ný laug var vígð 1925 og þá eldri laug og laugarhús væntanlega rífin.

³⁷⁹ Guðmundur Frímanna. 1978. *Þannig er ég – viljirðu vita það. Ósamstæðir minningaþættir um lifandi menn og dauða.* Akureyri, bls. 81.

³⁸⁰ *Húnaþingi* bindi I, bls. 328-329

REYKIR VIÐ REYKJABRAUT YNGRI (1925-1965?)

Staðsetning: við Reykjabraut, Húnavatnsbr. *Höfundur:* Jónas Fr. Kristjánsson byggingafræðingur. (a.m.k. laug)

Byggingarár: 1925

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Horfin


Byggt af/eigandi: A-Húnavatnssýsla, ríkissjóður

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Sundlaugin á Reykjum við Reykjabraut var byggð 1925 og tók við af eldri sundlaug og laugarhúsi á sama/svípuðum stað (sjá fyrri færslu). Um aðdraganda byggingarinnar er fjallaði í *Húnaþingi* en þar segir: „Vorið 1914 var gamla laugin á Reykjum endurbætt og síðan kennt þar sund flest vor. En aðstaðan var ófullkomin og úrbóta þörf. Á héraðsþingi [Ungmennasambands Austur-Húnavetninga] var um það rætt að steypa sundlaug og gera hana sem bezt úr garði á allan hátt. Var síðan byggingameistari fenginn til að athuga aðstæður allar og gera teikningar að þessu mannvirki. Undirbúningur að laugarbyggingunni tók langan tíma, enda geisadi heimstýrjöldin fyrri og verðhrun að henni lokinni. Var beðið til ársins 1924 og þá byggð sú sundlaug sem verið hefur í notkun allt til þessa dags. Laugin er 10 sinnum 20 m að stærð, byggð úr steinsteypu og heitt og kalt vatn leitt til hennar í járnþípum. Kostaði hún 8 þús. kr., sem var mikið fé á þeim tíma. Áformað var að byggja síðar yfir lagina, en varð ekki af, vegna erfðara fjárhagsástæna. Sundskýli fyrir nemendur voru ekki fullnægjandi.”³⁸¹ Laugin var 1,1 á dýpt þar sem hún var grynnt en 2,2 m þar sem dýpst var.³⁸²

Á meðal gagna frá Íþróttasjóði eru teikningar af nýju sundlaugarhúsi við Reyki við Reykjabraut, gerð af af Einari Erlendssyni og er dagsett til desember 1941. Húsið áætlað kjallari og hæð en svo virðist sem það hafi aldrei orðið að veruleika.³⁸³



Reykjalaug við Reykjabraut. Teikning frá desember 1941 – en húsið virðist aldrei hafa verið byggt. Teikningin er gerð af Einari Erlendssyni. Gögn Húsameistarar ríkisins, C392_08, Þjóðskjalasafn Íslands

³⁸¹ *Húnaþingi* I. bindi, bls. 328-329

³⁸² *Tíminn* 16.02.1929, bls. 36

³⁸³ Menntamálaráðuneyti, gögn frá Íþróttasjóði H49, Þjóðskjalasafn Íslands

Í *Svörum við spurningum Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns um sund* kemur fram að um 1960 hafi Reykjalaugin verið eina laugin í Austur-Húnavatnssýslu þar segir: „Aðstaðan á Reykjum var sennilega ekki upp á marga fiska. Á laugarbakkanum stóðu tveir skúrar, annar fyrir drengi, hinn fyrir stúlkur. Þar höfðu nemendur fataskipti. Nokkru fjær var steinhús. Á því voru tvennar dyr, minnir mig, og var annar helmingurinn ætlaður stúlkum en hinn drengjum. Þar voru salerni og aðstaða til að borða nesti. Nemendur voru fluttir að Reykjum á morgnana og sóttir um miðjan dag þegar kennslu lauk.“³⁸⁴

Í *Húsakönnun Húnavatnshrepps* er fjallað um lagina: „Úr þessu [lélegri aðstöðu við eldri laug] fékkst verulega bætt árið 1925. Þá var byggð sundlaug úr steinsteypu, um 50 m suður af núverandi íbúðarhúsi, af ungmennasambandi sýslunnar og Jóhanni Franklín Kristjánssyni, byggingameistara í Reykjavík, sem gerði tillögur um gerð laugarinnar. Sundlaugin var 20 m löng og 10 m að breidd, en var að öðru leyti þannig lýst í fasteignauttekt 1940: „Sundlaug – steptir veggir og botn. Kofi úr timbri, pappaklæddur, 18 m³. Sundlaug, ekki yfirbyggð. Eigandi A-Húnavatnssýsla. [...] Sundskáli 3,2 × 2,5 m, af timbri. Pappaklæðning. [...] Á jörðinni er kvöð um endurgjaldslaus afnot og aðgang að sundlauginni og land fyrir leikvöll.“³⁸⁵ Mannvirkið er nú horfið, en í laugarstæðinu stendur nú hitaveituskúr yfir borholu. Líklega voru eldri laugarar á líkum slóðum”.



Reykjlaug við Reykjabraut, ljósmynd tekin á árabílinu 1940-65. Ljósmynd Þorsteinn Jósefsson. Sarpur: safnanúmer A – ÞJ_–Hun_305

Laugin var einnig skráð í fornleifaskráningu 2009: “Sundlaugin frá 1926 stóð samkvæmt Erlendi G. Eysteinsyni á Stóru-Giljá um 50m suður af bæ á Reykjum (munnl. heimild 18.01.2010). Óvíst er um staðsetningu elstu lauganna en líklega hafa þær verið á svipuðum slóðum. [...] Sunnan við íbúðarhúsið á Reykjum er í dag malarborið bílastæði og sunnan við það hitaveituskúr yfir borholu þar sem sundlaugin var síðast.”³⁸⁶

Samkvæmt *Húsakönnun í Húnavatnshreppi* gerði Jóhann Fr. Kristjánsson byggingameistari tillögu að lauginni en í spjaldskrá um laugar sem varðveitt er á meðal gagna úr Menntamálaráðuneyti kemur fram að laugarhúsið sé skúr og arkitekt er sagðir „heimamenn“³⁸⁷. Einhverjar hugmyndir virðast hafa verið uppi um gerð nýrrar laugar og húsa á 7. áratugnum. Á meðal gagna Íþróttasjóðs er í það minnsta að finna teikningu af laug og húsum frá 14.01.1965 sem merkt er „Reykir við Reykjabraut 2. tillaga“ og einnig ljósmynd af módeli af húsi og laug.³⁸⁸ Með í yngra yfirlitsskjali frá ráðuneytinu kemur fram að sundlaugin er eign bóndans að Reykjum en sé ónothæf. Þar kemur einnig fram að í nóvember 1970 var tekin í notkun við Húnavallaskóla sundlaug úr plasti (sem líklega hefur tekið

³⁸⁴ *Svör við spurningum Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns um sund*, listi 119 númer 2013-2-17

³⁸⁵ *Húsakönnun Húnavatnshrepps*, 2019, bls. 279

³⁸⁶ Guðmundur St. Sigurðsson Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga. 2009. *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps III: Stóra-Giljá og Reykir við Rekjabraut*. Skýrsla no 2009/100. Bygðasafn Skagafjarðar, Sauðárkrókur, bls. 63

³⁸⁷ Spjaldskrá um laugar, frá Menntamálaráðuneyti, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

³⁸⁸ Gögn Íþróttasjóðs, frá Menntamálaráðuneyti, H26, Þjóðskjalasafn Íslands

við hlutverki þessarar).³⁸⁹ Í *Árbók Ferðafélagsins* frá 1964 kemur fram að skyldunám unglunga í sundi hvert ár fer þá enn fram í lauginni³⁹⁰ þannig að líklega hefur því verið hætt rétt fyrir 1970.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

³⁸⁹ Líklega frá 1970-80, DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands

³⁹⁰ *Árbók Ferðafélagsins*. 1964 bls. 139


SUNDLAUG HÖFÐAKAUPSTAÐAR/Á SKAGASTRÖND (1947-)

Staðsetning: Einbúastígur 6, Skagaströnd, Höfundur: Bárður Ísleifsson arkitekt f.b. húsameistara Húnav.s. ríkisins
Byggingarár: 1947 Byggt af/eigandi: UMF Fram
Helstu endurbætur: 2017 Yfirbyggð/opin: Opin
Staða/ástand: Laugin frá 1947 er í noktun Hitun: Olúbitun (upphaflega) en hituð með rafmagni til og hugsanlega endurbættir búningskefjar 2013
ennig?

Sundlaug Höfðakaupstaðar eða Skagastrandar var byggð 1947 af ungmennafélaginu Fram. Samkvæmt *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* er laugin 12,5 x 6 m að stærð var arkitekt laugar húsameistari ríkisins/Bárður Ísleifsson.³⁹¹ Á vefnum sundlaugar.is kemur fram að töluverðar endurbætur hafi verið gerðar á lauginni 2017 og þá dúkur endurnýjaður í laug og nýr pottur með



Sundlaug Búðakaupstaðar/ Skagastrandar. Mynd til vinstri er úr Sarpí (safnanúmer A-DJ-Hun_271/ Þorsteinn Jósépsson) en mynd til hægri af vefnum sundlaugar.is. Ekki er augljóst af myndinni að dæma hvort húsið er upprunalegt en mikið breytt eða hvort atla má að nýtt hús hafi verið byggt á þessum stað.



Tvær af sundlaugarteikningum Bárðar Ísleifssonar af „stöðluðum laugarbúsum“ sem líkjast talsvert laugarbúsum í Búðakaupstaðar. Húsið á eldri ljósmynd virðist gert eftir teikningu til vinstri sem er gerð í mars 1943 (H25_íþróttasj.teikningar, Þjóðskjalasafn Ísl). Yngri myndir af húsi við laug minna hins vegar meira á teikningunni til hægri en hún er dagsett til 14. febrúar 1950 (Húsameistrari ríkisins_C388_09-10)

³⁹¹ *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983*, DD05 Þjóðskjalasafn Íslands

útsýnisvegg gerður. Af samanburði teikninga, gamalla ljósmynda og nýrra má ætla að sundlaugarhúsið sé enn við lýði, nokkuð breytt þó og hefur þakið m.a. verið endursmíðað. Ekkert verður þó um þetta fullyrt nema með athugun á staðnum.

Laugarhúsið virðist steinsteypt og á einni hæð. Af gömlum myndum að dæma var það líklega með skúrþaki og strompi upphaflega, þremur dyrum að laug og gluggum til beggja enda.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

SUNDLAUG VARMAHLÍÐ ELSTU HÚS (1939-1951)

Staðsetning: Birkimel, Varmahlíð

Byggingarár: 1939

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Hús véku fyrir steiptum húsum, laug enn í notkun

Höfundur: Húsameistari ríkisins

Byggt af/ eigandi: UMF Fram

Yfirbyggð/ opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Saga laugarhalds í Varmahlíð er löng. Í *Jartegnum úr Jóns sögu helga* getur um för tveggja kvenna til laugar í Skagafirði sem líklega var á Reykjarhóli, þar sem nú er Varmahlíð. Samkvæmt sögunni leitaði þangað talsverður fjöldi kvenna með þvotta þótt vetur væri og hörkufrost. Laugarhús voru á staðnum en ekkert sagt um gerð þeirra. Er þetta væntanlega eitt elsta dæmið um laugarhús (þó ekki skráð sérstaklega enda ekkert um það vitað). Greinir sagan frá því hvernig hrafnn stelar skóm annarrar konunnar og stefndi í óefni um að hún kæmist heim og því endaði hún á að fara ofan í laugina og heita á Jón helga og skilaði hrafnninn að endingu skónum.³⁹²

Samkvæmt heimasíðu Skagafjarðar var fyrsta sundlaugin reist í Varmahlíð 1912 „þegar Ungmennafélagið Fram gerði sundlaug úr torfi. Í þeirri laug var kennt flest sumur fram til ársins 1928.“ Ekki er vitað til að laugarklefi hafi verið við laugina og er hún því ekki skráð sérstaklega hér.

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Fastur liður í uppbyggingu alþýðuskólans í Varmahlíð var sundlaugin sem byggð var á árunum 1938-1939 og kostaði þá tæpar 30.000 krónur. Hún þótti að öllu leyti hin vandaðasta, byggð úr járnbenntri steinsteypu, 33,35 m löng og 12,5 m breið. Mesta dýpi í vatni var 3,03 m en grynnt vatn var 0,83 m. Var hún vígð á fjölmenri samkomu sunnudaginn 27. ágúst 1939... [...] Aðsókn að lauginni varð ekki sem skyldi næstu árin. [...] Búnaður við laugina var ófullnægjandi því að hróflað var upp óhituðum timburskylum sem búningsklefum vestan við



Laug og laugarhús í Varmahlíð. Á myndunum má fá ágæta hugmynd um laugarhúsið á þessum stað sem var byggt úr timbri með einballa þaki og fernum dýrum til austurs. Mynd til vinstri er frá Ljósmyndasafni Akraness en mynd til hægri er tekin á árabílinu 1940-50 og er frá Hérðasskjalasafni Skagafjarðar 1940-1950_Hsk N00016-A-A-Mú89

laugina. 1941 var þó leidd í þá upphitun og við svo búið varð að una fram til 1951 að nýir, uppsteiptir klefar voru teknir í notkun eftir að hafa verið fjögur ár í smíðum.³⁹³

³⁹² *Biskupasögur I*, bls. 211-212

³⁹³ *Byggðasaga Skagafjarðar II*. bindi, bls. 421-422

Hróbjartur Jónasson lýsir sundlaugagerðinni í Varmahlíð á upptöku sem varðveitt er í Ísmus og þar segir hann af öllum þeim verkefnum sem hann hafi unnið að hafi umrædd sundlaug verið eitt það erfiðasta og hann segir að enginn maður í dag gæti byggt laugina með þeim tækjum sem hann þurfti að nota. Hann segir að gröfturinn hafi verið mjög erfiður og þó hafi aldrei neitt verið sprengt. Stórgrýti hafi verið á laugarstæðinu og það hafi verið bundið í smiðjumó og það sé eitt það versta sem hægt er að komast í.³⁹⁴ Á skiltum í laugarhúsi sundlaugarinnar kemur fram að laugin var byggð á grundvelli styrkja frá ríkinu og með gjafavinnu frá Ungmennafélaginu Fram og Varmahlíðarfélaginu.

Ekki hefur fundist teikning af elstu laugarhúsunum en mikið af ljósmyndum af lauginni og laugarhúsum er varðveittar. Sundskýlið var gert úr mótatimbri og var sem fyrr segir vestan við laugina, þó ekki alveg fyrir miðju hennar (en náði lengra til suðurs en laug). Það var aflangt og með skúrþaki.

³⁹⁴ ÍSMUS SÁM 10/4213 ST_Hróbjartur Jónasson_ <https://www.ismus.is/i/audio/id-1043660>

SUNDLAUG VARMAHLÍÐ YNGRI LAUGARHÚS (1939/1951-1995)

Staðsetning: Birkimel Varmahlíð

Byggingarár: 1950-1951

Helstu endurbætur: 1988-89, 1995

Staða/ástand: Laugarhús horfin vegna yngri bygginga laug enn í notkun.

Höfundur: Húsameistari ríkisins

Byggt af/eigandi: Varmahlíðarfélagið/UMF Fram/Ríkissjóður

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Á fjórða áratugnum var Varmahlíðarfélagið stofnað og barðist það fyrir byggingu Héraðsskóla Skagfirðinga í Varmahlíð. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Fastur liður í uppbyggingu alþýðuskólans í Varmahlíð var sundlaugin sem byggð var á árunum 1938-1939.“ Upphaflega voru byggð óupphituð timburskýli vestan við laugina (sjá fyrri færslu) en 1951 voru „nýir, uppsteyptir klear (voru) teknir í notkun eftir að hafa verið fjögur ár í smíðum.“³⁹⁵ Á fimmta áratugnum komu fram hugmyndir um að byggja héraðsskóla í Varmahlíð og teiknaði Guðjón Samúelsson þá skólabyggingu héraðs og gagnfræðiskóla með sundlaug á svæðinu (dagsett í janúar 1947) sem aldrei varð að veruleika.³⁹⁶

„Sundlaugin í Varmahlíð er enn við lýði með góðu viðhaldi og endurbótum. Á árinu 1989 var laugin síðast tekin til viðgerða og endurbóta þegar steypur var í hana milliveggur sem skildi að djúpu laugina 25 metra langa, að vestan og grunnu laugina að austan sem notuð er fyrir kennslu



Yngri laugarhús í Varmahlíð sem hafa líklegast verið rifin um 1995 þegar ný hús voru gerð norðan við laugina. Báðar myndir eru af vef Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, mynd til vinstri er með númerið IS HSk N00279-A-B-B187-B187 en mynd til hægri er tekin 1951, IS HSk N00279-A-BG1147

barna. Þá voru einnig sett hreinsitæki í litlu laugina með lokuðu hringrásarkerfi og heitur pottur við en stóra laugin grynkuð. Þessum aðgerðum lauk 1992. Nýir búningsklear voru gerðir á árunum 1988-1989 norðan við laugina og hannaðir með það fyrir augum að geta líka þjónað

³⁹⁵ *Byggðasaga Skagafjarðar*, II. bindi, bls. 421-422

³⁹⁶ Pétur Ármannsson. 2020, 352

Íþróttahúsinu sem fáum árum síðarvar byggt norðan við klefana og tekið í notkun 3. september 1995.³⁹⁷

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95 er eigandi laugar sagður Varmhlíðarfélagið.³⁹⁸

Ekki hafa fundist teikningar af húsinu en af gömlum ljósmyndum að dæma var húsið steinsteypt og á einni hæð. Það var undir lágu mænisáspaki og á þeirri hlið sem sneri að laug voru fjórar dyr að sundlaug um miðbik hússins en beggja vegna við þær gluggaröð af litlum gluggum nærri þakskeggi.

³⁹⁷ Sama heimild

³⁹⁸ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

STEINSTAÐALAUG (1927-1980)

Staðsetning: Ljótungsstaðabreppur

*Höfundur: Pétur Sigurðsson tónskáld, yfirsniður (?)**

Byggingarár: 1927

Byggt af/ eigandi: UMF Framför, Ljótungsstaðabr, ríkissj.

Helstu endurbætur:

Yfirbyggð/ opin: Opin

Staða/ástand: Laug horfin en mögulega stendur laugarhús enn?

Hitun: Jarðhiti

*Skv upplýsingum í úttekt um Íslensk skólahús frá fyrri hluta 20. aldar.

Saga sundlaugarhalds á Steinsstöðum er mjög löng en talið er að elsta sundlaugin þar sé byggð 1822 (og er m.a. getið í *Sýslu- og sóknarlýsingum*³⁹⁹) og er laugin ein af fyrstu sundkennslustöðunum hér á landi. Enn eldri laug var notuð til þvotta á 18. öld og áreiðanlega fyrr og m.a. getið í *Ferðabók Sveins Pálssonar* frá 1792 (en Sveinn var frá Steinsstöðum). Elsta þekkta laugarhúsið á svæðinu, sem fékk nafnið Laugarhús, er hins vegar frá 1927 og er hér því miðað við það ártal.

Í *Byggðum Skagafjarðar* segir „Á Steinsstöðum var verulegur jarðhiti, lághitasvæði vestur undir Svartánni, samtengt jarðhitasvæðinu á Reykjum [...]. Árið 1822 kom Jón Þorláksson Kjernersted frá Skriðu í Hörgárdal vestur að Reykjum í Tungusveit og kenndi þar sund, alls 24 sinnum. Þetta var fyrsta sundkennsla sem vitað var um í Skagafirði [...]. Séra Jón Konráðsson á Mælifelli getur þessa í sóknarlýsingu frá 1839: „Allskammt frá Reykjum er Steinsstaðalaug, sem sprettur í hólbrekku, þvotta- og þófaralaug ... úr henni rennur lítil lækjarspræna og gerir tjörn þar rétt hjá, sem ýmist kallast Reykja- eða Steinsstaðatjörn; úr henni felur aftur lækur ofan í Svartá þar skammt frá. Þessi lækur var stíflaður sumarið 1822 hvar við tjörnina óx á dýpt og vídd, og var tjörn þessi brúkuð til sundæfinga í júní það sama sumar.“⁴⁰⁰



*Laug og laugarhús á Steinsstöðum. Myndin til vinstri er tekin 1937 og heita uppsprettan næst þrónni sést á myndinni (birtist í bókinni *Auður úr iðrum jarðar*, bls. 80). Mynd til hægri er tekin af laug og laugarhúsi eftir að félagsheimili og ný laug hafa verið byggð nedar (Héraðsskjalasafn Skagafirdinga 1971-90, myndanúmer GI_486_141)*

Í *Sögu Saudárkróks* er fjallað endurnýjun sundlaugar á Steinsstöðum en þar segir : „Í febrúar 1889 eru sýslufundarmenn að störfum á Saudárkróki og berst þá áskorun varðandi sundkennslu í héraðinu: „Í bréfi dags. 17. þ.m. hefur Stefán Stefánsson á Vedramóti skorað á sýslunefndina að hlutast til um, sundkennsla hefjist á hentugum stað í sýslunni.“ Sýslunefnd gat ekki afgreitt málið þá þegar, því að nokkurs undirbúnings þurfti við. Kosin var þriggja manna nefnd til að athuga

³⁹⁹ *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1873*, II Skagafjarðarsýsla, Mælifells- og Reykjavrestakall frá 1839, bls. 72

⁴⁰⁰ *Byggðir Skagafjarðar* bindi III, bls. 147-48

beiðnina sem var samþykkt. Nefndin valdi „sem sundstæði svonefnda fyrir framan Reyki, og var garður hlaðinn fyrir laugina, er kostaði 50 krónur.“ Fór kennsla þar fram vorið 1889. Daginn áður en henni lauk, bilaði hleðslugarðurinn, og var sundstæðið ónothæft nema viðgerð kæmi til. Var veittur til hennar á sýslufundi 1890 tíu króna styrkur, en fyrir henni stóð helzt Árni Eiríksson á Nautabúi síðar bóndi á Reykjum. Hann gekkst fyrir því síðar, að sundskýli væri reist þar og samkomuhús – Fyrrgreint ár var samþykkt að leggja fram 25 krónr til sundstæðis í Fljótum.⁴⁰¹ Í *Byggðum Skagafjarðar* segir enn fremur: „Steinstaðalaug varð fyrsti opinberi sundstaður sýslunnar þegar sundkennsla hófst þar farið 1899 með tilstyrk sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. Var þá byggð sundlaug með fyrirhleðslu í laugarlæknum en degi áður en kennslu átti að ljúka bilaði garðurinn svo að laugin varð ónothæf [...]. Laugin var talsvert mannvirki, talin um það bil 50 faðma löng og 20 faðma breið. Norðveggur hennar hefur líkindum verið um það bil þar sem húsið Lækjarbakki 13 stendur nú. „Laugarveggir voru að vestan hlaðnir úr torfi og grjóti og fyllt að veggjum þeim megin, er vissi frá lauginni en að norðan var hár og þykkur torfgarður, enda var laugin þar dýpst og þar var hún tæmd. Að sunnan og austan héldu hávaðar að vatninu í sundstæðinu en hverinn var syðst fyrir laugarendanum.“ Þannig lýsti Hlín Sigurðsson á Reynistað lauginni um aldamótin 1900. Laug sú er gerð var á dögum Jón Kjærsted var minni.“ [...]. Framkvæmdir við byggingu nýrrar Steinsstaðasundlaugar hófust sumarið 1925 og lauk 1927. Var það fyrsta steinsteypa sundlaug í Skagafirði. Þær voru í reynd tvær. Sú minni við austurhlíð laugarhússins, um það bil 14x24 metra, steyp t í hólf og gólf en þótti og köld og hélt ekki vatninu. Fljótlega var því gerð önnur laug miklu stærri austan og sunnan við hina fyrri með því að steypa vegg frá lauginni suður um hverinn og annan garð að norðan til austurs. Var það 6 metrum sunnar en norðurveggur laugarinnar og vesturveggurinn einnig örlítið austar en vesturveggur minni laugarinnar. Að austan og sunnan hélt landið að lauginni og lækurinn frá hvernum rann beint í hana auk þess sem uppsprettur voru í botninum. Þessu laug var með leirbotni, heitari og var meira notuð til sundiðkana. Þessi mannvirki voru notuð fram til ársins 1980 að núverandi sundlaug var tekin í notkun sunnan við félagsheimilið Árgarð, Þá var síðast kennt í minni lauginni í norðvesturhorninu. Laugarstæði var síðan notað sem bílaþvottaplan með því að brotinn var úr norðurveggurinn. Ekkert minnir lengur á þessi mannvirki nema laugarhúsið, hverinn svokallaði og steypar þrær við hann út og niður frá sumarbústað Hannesar Péturssonar. Reyndar stóðu veggir steypu laugarinnar fram um 1998, en þá voru þeir brotnir niður.“⁴⁰²

Í samantekt um íslenskar skólabyggingar frá fyrri hluta 20. aldar er fjallað um húsið og það sagt steinsteypuhús, hæð og ris, kjallari undir leiksviði í upphafi 11.3 x 6,3 m og veggir sagðir steinsteyptir, sléttþúsaðir og málaðir, mænispak úr timbri, klætt bárujárni. Eigandi er þar sagður sveitarfélagið. Búningsklefar karla voru í kjallara hússins en kvenna á leiksviðinu og í klefum við það, yfir kjallara. Í samantektinni kemur fram að húsið var samkomuhús til 1974 en þá hafi húsinu verið breytt í kennsluhúsnæði fyrir Sveinsstaðaskóla, leiksvið tekið niður og kjallari fylltur og geymsluloft sett í risið. Gluggaskipan á gaflum hefur verið breytt. Þar kemur einnig fram að form hússins hafi haldist óbreytt, gluggar þarfnast viðhalds og dæluskúr við húsið er talinn til lýta.⁴⁰³

Í yfirlitsskjali úr Menntamálaráðuneyti kemur fram að laugin sé 25 x 15 m stór og opin.⁴⁰⁴ Í samantekt um sögu hússins í *Feyki* kemur fram að „Það var ungmennafélagið Framför sem byggði Laugarhúsið 1926 og ekki bara húsið heldur líka sundlaug og reyndar heldur tvær en eina. Allt var þetta byggt úr steinsteypu. Húsið var byggt fyrst og aðalsmiður við það var Pétur Sigurðsson frá

⁴⁰¹ *Saga Sandárkeróks*, bls. 302-303

⁴⁰² *Byggðir Skagafjarðar* bindi III, bls. 147-48

⁴⁰³ *F Fundarhús og skólar í sveitum landsins: Könnun á fjölda og ástandi varðveittra húsa frá fyrri hluta 20. aldar*, áfangaskýrsla fyrir Húsafríðunarnefnd, desember 2010. Gláma-KÍM, bls. 61 í viðauka

⁴⁰⁴ Yfirlitsskjali úr Menntamálaráðuneyti, DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands

Geirmundarstöðum, sem er þekktastur fyrir að vera tónskáld og söngstjóri. Húsið var og er u.þ.b. 71 fermetri að stærð og í því var leiksvið í suðurenda og undir því var kjallari, þar sem kaffisala fór fram á samkomum. Húsið var um alllangt skeið eitt af aðal samkomustöðum héraðsins. Þar voru opinberir dansleikir, kaffikvöld á vegum félagsins og framboðsfundir vegna alþingiskosninga, svo nokkuð sé nefnt. Húsið var ýmist nefnt Laugarhúsið eða Samkomuhúsið við Steinstaðalaug. Félagið átti ekki lóðina undir húsinu og m.a. þess vegna var horfið að því ráði að byggja nýtt félagsheimili þegar þetta þótti orðið of lítið og úrelt vegna breyttra tíma. Þegar svo nýtt félagsheimili var komið í notkun, þá keypti sveitarfélagið Lýtingsstaðahreppur Laugarhúsið til afnota fyrir skólann og þá var innréttingum breytt. Nú er þar bókasafn Lýtingsstaðahrepps. Umræðan um- og undirbúningur að byggingu nýs félagsheimilis var hafinn í ungmennafélaginu fyrir 1960, (í jan. 1957 eða fyrr). Á félagsfundi 22. janúar 1957 var samþykkt að ráðast í byggingu nýs félagsheimilis. Leitað var til annarra félaga innan hreppsins og til hreppsins sjálfs um þátttöku í byggingunni og varð það niðurstaðan að sveitarfélagið (hreppurinn) yrði með meira en helming hlut á móti ungmennafélaginu og öðrum félögum en allstór hluti var kostaður af Félagsheimilaskjóði ríkisins og af ríkinu vegna skóla, því ákveðið var að nota húsið til íþróttakennslu á vegum skólans. Undirbúningur og bygging hússins, Árgarðs, stóð yfir í mörg ár. Það var vígt og tekið í notkun 1. desember 1974.⁴⁰⁵

Laug og laugarhús voru skráð í fornleifaskráningu árið 2000 en í henni segir um eldri sundlaug: „Hefur náð norður á mótis við húsið Lækjarbrekku 13. [...] Ekkert sést af sundlaug þessari. [...] Steinsstaðalaug hefur verið talin annar elsti sundkennslustaður á Íslandi.“ Í skráningunni kemur fram að sléttað hafi verið yfir mannvirkin. Um yngri laug segir ennfremur: „Austan og suðaustan við Laugarhúsið. (Bókasafnið) [...] Ekkert sést af sundlauginni nema smá veggstubbur við suðaustur horn Laugarhússins. [...] Laugarhúsið var byggt árið 1926, og sundlaugin síðan steypt árið 1927, austurveggur hússins hefur verið notaður sem hluti af laugarvegg. Laugin var 14 x 24 m, veggir háir og sterklegir, Síðan var önnur sundlaug byggð við þessa. Hún var austan og sunnan við, náði 6 m, styttra norður og aðeins styttra vestur, en hún náði allt suður aðaluppsprettu heita vatnsins. Hún mjókkaði nokkuð til suðurs. Enginn veggur var að austanverðu meðfram melnum. Þessi sundlaug virkaði stærri en hin og var heitari og var aðallega synt í henni. Hin þótti heldur köld. Ytri laugin brotnaði niður smátt og smátt, innri minni laugin var síðan brotin niður 1998, og er aðeins smá bútur eftir af henni við suð-austur horn Laugarhússins, (Bókasafn í dag.)“⁴⁰⁶ Í skráningunni kemur fram að sundlaugin sé horfin og þar sem hún hafi verið sé nú grasi gróíð svæði.

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld kemur fram að eigandi sé Lýtingsstaðahreppur og laugin sé 25 x 15 m stór. Þar segir ennfremur „sjá íþrm. skr. 1946 síðast kennt 1964.“⁴⁰⁷ Í yfirlitsskrá úr Menntamálaráðuneyti frá 1971 er laugin merkt sem ónothæf.⁴⁰⁸

Í gögnum frá Íþróttaskjóði eru teikningar af yngri sundlaug á staðnum frá 1980, unnin af Teiknistofunni HF Ármúla, Gísla Halldórssyni og fleirum. Þar er m.a. teiknaður heitur pottur við sundlaug og skjólgarður í kring en líklega hefur aldrei orðið að þessum áformum.⁴⁰⁹

⁴⁰⁵ *Feykir* 03.09.2021, <https://www.feykir.is/is/frettir/bokasafnid-a-steinsstodum-sameinast-varmahlidarstarfssod>

⁴⁰⁶ Katrín Gunnarsdóttir. 2000. Byggðasafn Skagfirðinga, bls. 20

⁴⁰⁷ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. Öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁴⁰⁸ Yfirlitsskrá, Menntamálaráðuneyti DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

⁴⁰⁹ Gögn frá Íþróttaskjóði, Menntamálaráðuneyti, H26, Þjóðskjalasafn Íslands

Sjálfst Laugarhúsið stendur ennþá en haustið 2021 var starfsemi bóksafns þar lögð af og sameinuð bókasafninu í Varmahlíð. Ekki er ljóst hvaða starfsemi er í húsinu nú.

Ekki fannst teikning af lauginni.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

VÍÐIVALLALAUG ELDRI LAUGARHÚS (1937-1949)

Staðsetning: Víðivellir, Akrahreppur, Sk

Byggingarár: 1937

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Laug er líklega enn á sínum stað eldra sundlaugarhúsi vék fyrir yngra

Höfundur: óþekktur/heimamenn?

Byggt af/eigandi: Ungmennafélagið Glóðafeykir

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Í *Bygðasögu Skagafjarðar* segir: „Á fundi ungmennafélagsins Glóðafeykis 7. janúar 1934 var fyrst vakin umræða um byggingu sundlaugar á Víðivöllum. Þeirri umræðu var haldið áfram næstu ár og Gísli Sigurðsson bóndi á Víðivöllum gaf land undir laugina og austan hennar sem var hugsað sem íþróttasvæði fyrir félagið. Hafist var handa við að steypa upp laugina sumarið 1937 og var frágangi hennar að mestu lokið vorið 1938. Yfirmiður var Jón Sigfússon. Sundkennsla hófst þá um vorið og kenndi Hjalti Jónsson frá Valadal. Kennt var á vegum ungmennafélagsins til 1944 en þá tók skólanefnd Akrahrepps við og hefur líklega verið kennt til 1960. Í upphafi var búningsklefi við laugina í lélegum bárujárnsskúr en síðar voru steyptir tveir klefar norðan við laugina og slétt á milli þeirra [sjá sérstaka færslu um það hús]. Laugin er á landamerkjum Víðivalla og Víkurkots eins og þau voru dregin við útskiptingu Víkurkots, þannig að laugin sjálf er í landi Víðivalla en búningsklefarnir í landi Víkurkots. Merkjalinan er um stéttina á milli. Byggingarkostnaður var um 3.000 krónur, þar af fékkst 1.200 króna framlag úr ríkissjóði en mikil fjáröflun og gjafavinna var lögð fram af ungmennafélögum. Laugin er 6.5 x 13.10 m að utanmáli og hallar botninum undan brekkunni. Var hún eitthvað notuð til sundæfinga fram til 1985-1986.“⁴¹⁰



Víðivallalaug í Skagafirði (Loftmynd: Loftmyndir ehf). Á myndinni merkjalinan sem liggur yfir stéttina við laugarhúsið vel.

Hvorki fannst teikning eða ljósmynd af elsta laugarhúsinu

⁴¹⁰ *Bygðasaga Skagafjarðar* IV. bindi bls. 330-331

VÍÐIVALLALAUG YNGRI LAUGARHÚS (1950-1986)

Staðsetning: Víðivellir, Akrahreppur, Sk Höfundur: óþekktur
Byggingarár: 1949-50 Byggt af/ eigandi: Akrahreppur?
Helstu endurbætur: Yfirbyggð/ opin: Opin
Staða/ástand: Laug er líklega enn á sínum Hitun: Jarðvarmi
stað en laugarhús fallið

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* kemur fram að sundlaugin á Víðivöllum var steipt á árunum 1937-38 (sjá færslu um eldri sundlaugarhús) af ungmennafélaginu Glóðafeyki en 1944 tók skólanevnd Akrahrepps við rekstri laugar. Upphaflega var búningsklefi við laugina „í lélegum bárujárnsskúr en síðar voru steiptir tveir klefar norðan við laugina og slétt á milli þeirra“ og eru það steiptu húsin sem hér eru skráð (en sama laugin var notuð).⁴¹¹ Laugin er 6.5 x 13.10 m að utanmáli og virðist hún hafa mest verið notuð fram til 1960. Samkvæmt spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti var nýtt sundskýli byggt við laugina 1949-1950 og þar segir á einum stað að hafi síðast verið kennt 1960 en á öðrum að laugin haf verið ónothæf frá 1970.⁴¹² Í *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983* er laugin skráði í flokknum „Laugar sem ekki eru fyrir alm. afnota eða við stofanir og hæli/laugar sem enn eru við líði en ekki í notkun.“⁴¹³ Í *Byggðasögu Skagafjörðinga* (segir hins vegar að laugin hafi verið notuð annað slagíð sundæfinga fram til 1985-1986“ og að laugarhús stóðu fram á 9. áratug 20. aldar en séu nú „löngu fallin.“⁴¹⁴

Ekki hefur fundist teikning af laugarhúsunum en af ljósmynd að dæma hefur húsið verið



Víðivallalaug í Skagafjörði, báðar myndir eru úr Byggðasögu Skagafjarðar bls. 330. Mynd til vinstri er tekin 1985 þegar laugarhúsið stóð enn en síðari myndin 2006

steinsteipt og ein hæð með tveimur dyrum að laug og þremur gluggum. Líklega hefur verið skúrþak á húsinu.

⁴¹¹ *Byggðasaga Skagafjarðar* IV. bindi bls. 330-331

⁴¹² Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands


⁴¹³ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, Menntamálaráðuneyti, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

⁴¹⁴ *Byggðasaga Skagafjörðinga* IV. bindi bls. 330-331 – myndatexti

SUNDLAUGIN SÓLGÖRDUM/BARÐSLAUG (1932-1971)

*Staðsetning: Barði í Fljótum**Byggingarár: 1932**Helstu endurbætur:**Staða/ástand: Horfin vegna yngri laugar og bygginga**Höfundur: Óþekktur.**Byggt af/eigandi: Sýsla**Yfirbyggð/opin: Opin**Hitun: Jarðvarmi.*

Saga sundlaugarhalds á Barði í Fljótum nær allt aftur til ársins 1893. Þá var laug hlaðin um heita uppsprettu og heitu og köldu vatni veitt í laugina, en ekki er getið um laugarhús (og laugin því ekki skráð á sérstakri færslu). Um laugar á þessum stað er fjallað í *Byggðum Skagafjarðar* en þar segir: „Sundlaugin á Barði er norðaustan undan Akraásnum, um 500 metra vegalengd frá bænum á Barði. Þar var gerð laug til sundkennslu vorið 1895. Þó er mögulegt að kennsla hafi byrjað þar 1893. Barðslaugin var nokkru minni en laugin á Lambanes-Reykjum en svipuð að gerð, lækur rann frá laugaruppsrettunni norður í sundtjörnina. Þarna hefur síðan staðið sundlaug, því sem næst á sama stað. Þar heita nú Sólgarðar og hefur verið byggt þar ágætt skólasetur fyrir Fljótin. Talið er að Þorsteinn Þorsteinsson (1853-1924) bóndi í Vík hafi verið helsti hyatamaðurinn að því að byggja sundstæði við Barðslaug, sem tekið var í notkun 1895. Herdís dóttir hans (1893-1968) mun vera ein af fyrstu konum er lærði sund í Fljótum. Fljótlega fóru stúlkur í auknum mæli að læra sund en fyrstu árin hafði eingöngu verið lögð áhersla á að kenna drengjum [...]. Veturinn 1910 sendi Páll sundkennari bréf til sýslunefndarinnar þar sem hann óskaði eftir fjárstyrk til viðgerðar á Barðslaug sem þá var að falli komin. Var samþykkt að veita allt að 50 kr. Í viðgerðir „ef þörf þykir“. Þrátt fyrir loford um fjárstyrk brást öll sundkennsla árið 1910 og var borið við kaldri veðráttu en einnig má gera ráð yfir að ekki hafist unnist tíma til að lagfæra sundstæðið. Aftur var sótt um styrk í sýslusjóði til sundkennslu árið eftir og fengust þá 30 krónur til viðbótar til viðgera á Barðslaug en 40 krónur til nýframkvæmda við Gilslaug. Um vorið var unnið að endurbótum á sundstæðinu og kennt þar um sumarið og næstu tvö ár á eftir. Árið 1914 fór Fljótsmönnum að „daprastundið“ ef svo má segja, og öll sundkennsla féll niður hin næstu ár. Var því borið við að vorharðindi væru meginorsök en efalaust hefir fleira komið til. Kennsla hófst aftur við Barðslaug 1919. Hafði þá sundstæðið drabbast niður eftir nokkurra ára vanhvirðu. Sótt var um styrk til viðhalds og endurbóta, en sýslunefnd var þá hætt að sinna kvabbi um viðhaldsfé, styrkti aðeins sundkennsluna og brýndi fyrir hlutaðeiganda að viðhald sundstæða skuli vera í höndum viðkomandi félaga og á þeirra



Afstöðuteikning sem sýnir afstöðu nýju sundlaugar og þeirrar gömlu (til vinstri). Til hægri er uppdráttur af laugarhúsum meðfram langhlíð laugar en teikningin er ódagsett og ekki merkt og því ekki víst hvort hún sýni laugarhúsin sem stóðu við eldri laugina eða hugmynd að nýjum húsum sem ekki varð að veruleika. Báðar teikningar frá Húsameistara ríkisins, C385_01

kostnað. Kennt var við laugina til 1923, en eftir það verður að teljast vafasamt að nokkur kennsla hafi verið fyrir en 1932. Þá var búið að endurbyggja laugina. Var hún grafin niður og síðan hlaðin innan með grjóti, en torfgarður settur utan með til þess að hún héldi sæmilega vatni. Stærð hennar var þá u.þ.b. 12x22 metrar. Nokkur árum síðar var steipt innan á veggina. Sú laug var notið fram til ársins 1974. Ný sundlaug að Sólgorðum var tekin í notkun ári 1975. Er hún á sama stað og gamla laugin.⁴¹⁵

Samkvæmt gögnum úr fórum Húsameistara ríkisins hefur ekki varðveist frumrit teikninga af lauginni. Á meðal gagna frá Íþróttasjóði er hins vegar uppdráttur að nýjum búningsklefum sem til stóð að væru meðfram langhlið (eldri?) laugar.⁴¹⁶

Í yfirliti yfir sundlaugar frá Menntamálaráðuneyti frá 1971 er laugin sögð ónothæf þá.⁴¹⁷ Uppdráttur af nýju lauginni (sem fellur utan tímaramma rannsóknar) er gerður af Bárði Ísleifssyni 3. september 1963 en árið 1971 er uppdrátturinn lagfærður og húsinu breytt aðeins og þá rita undir uppdráttinn bæði Bárður og H. Jónsson og virðist núverandi laugarhús teiknuð eftir honum. Í gögnum frá Húsameistara ríkisins eru varðveittar bréfaskriftir í tengslum við byggingu nýrrar laugar en þar kemur fram að gamla laugin sé „lítills virði“, veggir hennar hafi verið steinsteiptir en í botni klöpp og möl. Einnig kemur fram að nýja laugin var austan við þá gömlu til að gera aðkomu að búningsklefum betri miðað við það fyrirkomulag sem sýnst sé á teikningum nýrrar laugar sem Bárður Ísleifsson hafi teiknað.


Ekki hafa fundist teikningar eða ljósmyndir af eldri laug.

⁴¹⁵ *Byggðir Skagafjarðar* VIII. bindi, bls. 453

⁴¹⁶ Gögn frá Íþróttasjóði, Menntamálaráðuneyti, H26, Þjóðskjalasafn Íslands

⁴¹⁷ Yfirlit yfir sundlaugar, Menntamálaráðuneyti, DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

NORÐURLAND EYSTR



Sundlaugar Norðurlandi Eystra. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Gögn í vinnslu - má ekki sýna

SUNDHÖLL SIGLUFJARÐAR (1939-)

Staðsetning: Hvanneyrarbraut 52

Höfundur: Bárður Ísleifsson/Húsameistaraskrifstofa ríkisins
upphaflegur hönnuður, endurbætur frá 1948 Óskar Sveinsson. Hönnuður yfirbyggingar Guðmundur Guðjónsson

Byggingarár: 1939

Byggt af/eigandi: Siglufjarðarkaupstaður, Ríkissjóður

Helstu endurbætur: 1946, 1949, 1958, 1967, 1968

Yfirbyggð/ opin: Fyrst opin svo yfirbyggð

Staða/ástand: Eldri laugarhús rífin þegar laugin var yfirbyggð? Laug í notkun

Hitun: í upphafi hituð með kælivatni af aflvél, blöndu af kolum, rafmangi og olíu og að lokum hitaveita

Fyrsta kennslulaugin á Siglufirði var byggð skammt innan við bæinn 1923. Í frétt í *Framtíðinni* sama ár er þess getið að UMF Siglufjarðar hafi látið gera umrædda laug í samvinnu við fleiri félög og með aðstoð góðra manna. Þá var laugin langt komin og til stóð að hefja sundkennslu næsta vor.⁴¹⁸ Umrædd laug hefur ekki orðið langlíf og ekki er vitað til þess að nokkurt laugarhús hafi verið byggt við hana og er hún því ekki skráð sérstaklega hér.

Það var svo á 4. áratug 20. aldar að umræða um heita laug á Siglufirði kemst á flug. Árið 1934 gerðu sjálfsstæðismenn málið að sínu og hófu könnun á því hvernig best færi að leiða heitt vatn að mögulegri sundlaug og í kjölfarið var skipuð fimm manna sundlaugarnefnd til að fjalla um málið út frá öllum hliðum þess.⁴¹⁹ Á næstu árum var talsvert deilt um hvort ætti að byggja sundlaugina sem næst heitu uppsprettunum á Skútum (þar sem köld sundlaug hafði verið gerð 1924) eða í bænum, hvort hægt væri að nýta uppsprettuna eingöngu, að hluta eða hvort til þyrfti að koma rafhitun eða kolahitun, hvort hún skyldi vera opin eða yfirbyggð o.s.frv.⁴²⁰ Um þetta var deilt í nokkurn tíma en árið 1936 voru fjórir verkfræðingar fengnir til að meta það hvar best væri að hafa laugina og hvernig úr garði gerða. Í blaðinu *Reginn* segir: „Leggja þeir einróma til, að sundlaugin verði byggð í Hvanneyrarkrók, norðan við Hvanneyrará, um 20 m. frá sjó, og fyrst um sinn hituð upp með kælivatni frá rafstöð bæjarins, en síðar með kolum eða rafmagni, eða hvorttveggju. Sundlaugarnefndin hefir fallist á álit verkfræðinganna og ákveðið að laugin skuli byggð á




Sundlaugin á Siglufirði áður en hún var yfirbyggð. Mynd til vinstri er tekin 1935-40 af Vigfúsi og Jóni (Sarpur 25-35592) en mynd til hægri er tekin 1953 af Guðna Þórðarsyni (Sarpur Þ3049)

⁴¹⁸ 11.08.1923 *Framtíðin*, „U.M.F. Siglufjarðar“, forsíða

⁴¹⁹ *Siglufirðingur* 06.01.1934, bls. 3 og *Siglufirðingur* 01.09.1934, bls. 1-2

⁴²⁰ *Neisti* 24.06.1936, bls. 1-2, *Neisti* 01.10.1936, bls. 3-4, *Neisti* 08.10.1934, 2-3, *Einberji*, 18.09.1936, bls. 1-3

áður nefndum stað. Stærð laugarinnar verður 25x10 til 12 metrar. Er það mjög samleg stærð. Laugin mun snúa í austur og vestur. Klefar verða norðantil og og mynda skjól gegn norðanáttinni. Sunnan við laugina mun verða byggt sólskýli, svo að fólk geti notið þar sólbaða. Gert er ráð fyrir að nota sjó í laugina, jafnframt kælivatninu, og þar sem laugin er svo skammt frá sjó, munu margir



Teikning af opinni laug á Siglufirði. Efri myndin er gerð 1948 (grunmynd 1. hæðar) af Óskari Sveinssyni en neðri myndin 10 árum síðar af merket Guðmundi Guðjónssyni. Húsameistari ríkisins, C393_01


synda í sjónum þegar veður leyfir. Njóta menn þá þeirrar beztu hollustu, sem til er í sambandi við sundiðkun, sjóbaða og sólbaða. Mun þetta auka mjög líkamsrækt manna, þrifnað og heilbrigði. Sjálfsgat virðist að gera sund að skyldunámsgrein við barnaskólann, og verða þá allir unglingar hér syndir eftir fáein ár. Sundlaugarnefndin mun nú hefja fjársöfnun til sundlaugarinnar og er þess að

vænta, að bæjarbúar bregðist vel við, þar sem hér er um hið mesta nauðsynjamál að ræða. Einnig væntir nefndin þess, að margir leggi fram vinnu ókeypis við byggingu sundlaugarinnar, einkum ungir menn. Siglufirðingar! Minnst þess að margar hendur vinna létt verk. Byggið sundlaugina í sumar.”⁴²¹

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, er laugin sögð byggð byggð 1934 og endurbætt 1958. Þar kemur fram að hún var 33.33 x 10 m stór og víðast er Bárður Ísleifsson sagður hönnuður fyrstu laugar/laugarhúsa.⁴²² Almennt er víðast sagt að laugin sé byggð 1939. Hús við laugina virðast í upphafi hafa verið meðfram sundlaugarendanum endilöngum. Líklega hefur verið skúrþak á byggingunni og á henni voru þrennar dyr að laug og litlir gluggar á milli. Ekki fannst upprunaleg teikning Bárðar af lauginni en af ljósmyndum að dæma minnir hún talsvert á sumar af stöðluðu teikningum hans af laugum, þótt hún samsvari sér ekki fullkomnlega við neina þeirra.

Lauginn fékk kælivatn ljósavélar og „til þess að hiti verði nægur, er kælivatnið hitað af útblástursreyk aflvélarinnar í til þessgerðum katli.“ Á öðrum stað er hún sögð hituð með olíu og rafhitun.⁴²³ Laugin fékk hitaveitu árið 1976.

Ljóst er að rekstur laugarinnar gekk ekki átakalaust fyrstu árin. Í fréttum árið 1947 er sundlaugin sögð í „niðurníðslu“ og fram kemur að sundlauginni hafi undanfarin ár ekki verið sýndur sá sómi sem vonir stóðu til og síðasta sumar hafi laugin hreinlega ekki verið notuð. Þar kemur fram að í laugina vanti bæði hitunar og hreinsunartæki til að hún geti talist fullnægjandi mannvirki og einnig



Teikning af laugarbyggingu á Siglufirði merkt Húsameistara ríkisins/Guðmundi Guðjónssyni 14. júní 1958. Varðveitt í gögnum frá Húsameistara ríkisins, C393_01

⁴²¹ Reginn 31.05.1938, forsíða

⁴²² Spjaldskrá um laugar úr Menntamálaráðuneyti, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁴²³ Þorsteinn Einarsson. Íþróttablaðið 03.05. 1962, bls. 3

þurfi að koma upp baðklefum og lagfæra búningsklefa og er í greininni ákall um að bragarbót verði gerð í þessum efnum.⁴²⁴ Árið 1948 er gerð teikning að viðbyggingu við laugina og virðist sem staðið hafi til að stækka laugarskýlið frá báðum endum þess en ekki er ljóst hvort af varð. Tíu árum síðar teiknar Guðmundur Guðjónsson arkitekt yfirbyggingu yfir sundlaugina f.h. húsameistara ríkisins og var hún vígð að nýju 1. maí 1962. Yfirbyggingin fellur utan tímaramma verkefnisins (sjá þó teikningu). Í grein í *Þjóðviljanum* 1962 kemur fram að laugin hafi verið í byggingu síðustu 4 ár á undan og verði héðan í frá nefnd Sundhöll Siglufjarðar.⁴²⁵ Yfirbyggða sundlaugin var þannig að gólf var sett í hana á vetrum og húsið notað sem leikfimisalur og þar voru einnig stundum haldin böll. Hún er enn í notkun.

Ekki fannst frumteikning af upprunalegri laug.

⁴²⁴ *Einberji* 08.03.1947, blaðsíðutal vantar og *Sigfirðingur* 05.06.1947, bls. 3

⁴²⁵ *Þjóðviljinn* 03.05.1962

SUNDLAUG Á REYKJUM (1900?-1930)

*Staðsetning: Reykjum Ólafsfirði**Höfundur: Heimamenn?**Byggingarár: 1900?**Byggt af/ eigandi: ?**Helstu endurbætur:**Yfirbyggð/ opin: Opin**Staða/ástand: Einhver ummerki um laug Hitun: Jarðhiti**sjást en engin ummerki um laugarbús*

Badlaug var á Reykjum á fyrri öldum og fjalla þeir Eggert og Bjarni um hana í Ferðabók sinni og geta þess sérstaklega að hana megi vel stækka svo að hún kæmi að betri notkun en nú.⁴²⁶ Laugar á þeim stað er einnig getið í *Sýslu og sóknarlýsingum* frá 1839 en þar segir: „... laugar eru í sókn þessari, önnur á Reykjum nálægt bænum utan í túninu ... sem notaðar eru við þóf og þvotta.“⁴²⁷ Í bókinn *Auður úr iðrum jarðar* segir: „Á Reykjum, innsta bæ í Ólafsfirði, var sundlaug með volgu vatni. Þar hafði verið hlaðið fyrir volgru svo að úr varð sundpollur eins og algengt var áður fyrir. Skömmu eftir aldamótin var komið upp litlu sundskýli við laugina þar sem löngum fór fram sundkennsla. En hvort tveggja var að langt var að sækja laugina og hitt að hún þótti naumast boðleg lengur eftir að sett höfðu verið lög sem heimiluðu bæjar- og sveitarstjórnnum að skylda unglunga til sundnáms. Þá var ráðist í að gera steinsteypa laug við Brimnes.⁴²⁸ „Fyrir hann var hlaðið í byrjun þessarar aldar og kennt sund í pollinum.“⁴²⁹ Laugin var skráð í fornleifaskráningu 2003 en þar kemur fram að laugin er við Laugarlæk sem rennur úr Reykjalaug efst í túninu og um 130 m norðaustan við bæ. Þar segir: „Hægt er að sjá hvar hleðslan hefur verið þó að hún hafi nú verið rofin og skemmd. Af þeim leifum sem sjást má ráða að hleðslan hafi verið allt að 15 m á lengd en 2 m á breidd. Austan við hleðsluna voru þvottalaugarnar sem voru heitar og mjög hentugar til þvotta að sögn Jóns Guðmundssonar. Fólk kom víða að til að þvo í lauginni.“⁴³⁰

Hvorki fundust teikningar né ljósmyndir af lauginni.

⁴²⁶ Eggert Ólafsson. 1975. II. bindi, bls. 15

⁴²⁷ *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyyafjarðar*, bls. 57

⁴²⁸ Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar*, bls. 350

⁴²⁹ Örnefnalýsing Ólafsfjarðar, bls. 46

⁴³⁰ Elín Ósk Hreiðasdóttir. 2003. FS196-03031 (fornleif EY-038:010), bls. 16

BRIMNESLAUG (1931-1946?)

Staðsetning: Brimnesi, Ólafsfirði

Byggingarár: 1931

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Óþekkt



Höfundur: Sveinbjörn Jónsson

Byggt af/ eigandi: Ólafsfjararhreppur/ Fiskifélag Ísl., Sýslusj.

Yfirbyggð/ opin: Opin

Hitun: Köld laug

Sundkennsla í Ólafsfirði hófst í Reykjalaug (sjá fyrri færslu) „En hvort tveggja var langt að sækja laugina og hitt að hún þótti naumast boðleg lengur eftir að sett höfðu verið lög sem heimiluðu



Ofar er teikning Sveinbjörns Jónssonar af sundlaugarþró á Brimnesi frá 1929. Laugin var 18 x 6.5 m stórr. Nedar er yngri útgáfa af laugarþró og laug (15 x 6 m) og laugarhúsi (frá 1934), sem einnig er gerð af Sveinbirni er eftir að laugin er risin. Ur Teikningasafni Þjóðskjalasafns 22/5. Merkt Stjórnarráð Íslands I. Db. 10, nr. 331 og Db. 11, nr. 308 á bakið

bæjar- og sveitarstjórnnum að skylda unglunga til sundnáms. Þá var ráðist í að gera steinsteypta laug

við Brimnes.⁴³¹ „Það varð úr að hreppsnefnd fékk samþykki borgarfunda til að taka lán og hefja byggingu sundlaugar í nánd við kaupúnið og voru þær samþykktir endurteknar hvað eftir annað á árunum 1927 og 1928. Það ýtti undir Ólafsfirðinga að þeir vissu að í undirbúningi var að setja lög um sund sem skyldunámsgrein til fullnaðarprófs í skólum landsins. Sumarið 1929 hófust framkvæmdir við sundlaugarbyggingu og var farið eftir teikningu og áætlun Sveinbjörns Jónssonar.⁴³² Lauginni var valinn staður sunnan og ofan við Brimnes og var hún byggð úr steinsteypu, 18 x 6 m að stærð. Við hana var reist 5 x 2,5 m timburskýli og lauk verkinu 1931. Vatnið í sundlauginni var kalt árvatn. Það var Ólafsfjarðarhreppur sem byggði laugina en fékk til þess nokkurn styrk frá Fiskifélagi Íslands (Fiskiping) og sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu. Hvort sem bygging sundlaugarinnar var fljótfernisleg eða ekki þá er hitt víst að menn fundu fljótt að hún hafði ekki það aðdráttarafl sem heit sundlaug hefur. Strax 1934 komu því fram óskir um að byggð yrði sundlaug með heitu vatni og hafði Ungmennafélag Ólafsfjarðar forystu í málinu.“⁴³³ „Kosin var sameiginleg nefnd á vegum ungmennafélagsins og íþróttafélagsins og skyldi hún athuga hvort tiltækilegt væri að byggja sundlaug. Þá hafði nokkru fé verið safnað í sjóð. Það var að vísu ekki stór upphæð en alls höfðu safnast um tvö þúsund krónur.“⁴³⁴ Var þetta upphafið að því að ný laug var gerð á Ólafsfirði.

Engar ljósmyndir fundust af laugarþró eða -húsum en af teikningu af laugarhúsi að dæma var það lítið skýli úr timbri, með skúrþaki. Húsið var með tveimur dyrum að laug og skiptist í kvenna- og karlaklefa og gengt úr þeim báðum á salerni og litla geymsla þar við hlið í miðju hússins.

⁴³¹ Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar*, bls. 350

⁴³² Teikning af laug, Teiknisafn Þjóðskjalasafns 22/5. Merkt Stjórnarráð Íslands I. Db. 10, nr. 331 og Db. 11, nr. 308 á bakhlið

⁴³³ *Úr sögu Ólafsfjarðar*, bls. 258-259

⁴³⁴ Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar*, bls. 350

SUNDLAUG ÓLAFSFJARÐAR (1946-)

Staðsetning: Tjarnarstíg 1, Ólafsfirði
Byggingarár: 1946

Helstu endurbætur: 2010
Staða/ástand: Í notkun

Höfundur: Bárður Ísleifsson/Húsameistaraskrifstofa ríkisins
Byggt af/eigandi: Ólafsfjarðarkaupstaður, Sameining, Ríkissj.

Yfirbyggð/opin: Opin
Hitun: Jarðvarmi

Í *Sögu Ólafsfjarðar* er getið um að fljótlega eftir að Brimneslaug hafi verið tekin í gagnið hafi menn fundið að hún hafði ekki sama aðdráttarafl og heit sundlaug myndi hafa. Því fór það svo að strax 1934 voru komnar fram hugmyndir um að gerð yrði ný sundlaug með heitu vatni og var það sérstakt baráttumál ungmennafélagsins sem m.a. leitaði að heitum uppsprettum í nágrenni kaupsinsins. „Loks var ákveðið að byggja sundlaug í landi Ósbrekku þar sem heitir Laugaengi. Framkvæmdir hófust sumarið 1934 og var þá grafið fyrir sundþró og á sama tíma var gengið um bæinn og safnað lofordum um fjárframlög og vinnu við verkið. Ungmennafélagið fékk vilyrði hreppsnefnar fyrir því að sveitarsjóður mundi ábyrgjast lántökur félagsins en lánin átti að nota í byggingu sundskála við laugina. En þegar allt var komið á fullan gang kom í ljós að vatnið nægði ekki til laugarinnar og framkvæmdum var hætt. Næstu árin var hljótt um málið en forráðamenn Ungmennafélagsins lifðu þó enn í vonina um að byggja mætti sundlaug með heitu vatni.“⁴³⁵

Það var í raun áhugi á sundlaugargerð sem varð þess valdandi að ungmennafélagið ákvað að sameinast Íþróttafélaginu Leiftur 1938, enda töldu félögin að þannig gætu þau beitt meiri slagkrafti í aðaláhugamál beggia félaga sem var að koma upp betri sundlaugarbyggingu. Sameinað félag, var nefnd Sameining.⁴³⁶

„Sundlaugarmálið var samt áfram í mikilli óvissu og kemur t.d. fram á hreppsnefndarfundi 7. júní 1941 að menn voru ósammála um staðarval og fleira varðandi laugina. Eru þar nefndir þrjár staðir sem til greina geti komið: Reykir, Skeggjabrekkudalur og Brimnespollur. Á fundinum var ákveðið að bíða eftir íþróttafulltrúa ríkisins, sem þá var væntanlegur háfum mánuði síðar, og fá hans álit á málinu. Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, skoðaði hugsanlega sundlaugarstaði sumarið 1941 og eftir að hann hafði ráðfært sig við sitt fólk við heimkomuna suður sendi hann um áramótin 1941 og '42 símskeyti til Ólafsfirðinga. Í því kom fram að sundlaugarmálið væri skólamál vegna sundskyldu skólabarna og í framhaldi mælti hann með því að sundlaugin að Reykjum yrði endyrnýjuð og tekin í notkun á nýjan leik. 31. janúar 1942 héldu hreppsnefnd og skólanefnd fund um málið. Þar var tekin sú ákvörðun að gera við Reykjalaug og byggja skýli til eldunar og matreiðslu [...]. Fram eftir 1942 var staðsetning sundlaugarinnar [í Ólafsfirði] enn í óvissu og hélst það í hendur við óvissuna um framgang hitaveitunnar. [Fyrsta bæjarhitaveita landsins utan Reykjavíkur var gerð á Ólafsfirði og var þar í raun kominn hiti í hvert hús á undan Reykjavík.⁴³⁷] Loks var þó ákvörðun tekin og heitavatnsleiðslan lögð haustið 1943 framan af Skeggjabrekkudal og niður í bæ. Þar með var endanleg staðsetning sundlaugarinnar ákveðin því vorið 1942 hafði Magnús Ingimundarson látið börn sín, Hólmfríði og Gunnlaug, gefa lóð undir laugina. Gjöfin var að sjálfsögðu þegin með þökkum og árin 1944 og 1945 var sundlaug Ólafsfjarðar byggð. Sundþróin sjálf er 8 x 25 metrar en auk þess voru byggðir búningsklefar og annað húsrými. Var þetta í fyrsta

⁴³⁵ *Úr sögu Ólafsfjarðar*, bls 259-261.

⁴³⁶ *Úr sögu Ólafsfjarðar*, bls. 319-20


⁴³⁷ Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar*, bls. 350

sinn sem byggt var eftir þessari teikningu húsameistara og þótti svo til fyrirmyndar að hún var notuð síðar þegar farið var að byggja sundlaugar víða um land.⁴³⁸

Sundlaugarbyggingin er keimlík mörgum öðrum slíkum húsum frá sama tímarskeiði en er þó meðal þeirra stærstu. Byggingin er þvert við enda sundlaugarinn, steinsteypt með skúrpaki, fremur mjó og með álmum til beggja enda með stefnu laugarinnar. Þannig mynda þrjár álmur hússins hálflokað rými sem opnast að lauginni. Inngangur er á miðri hliðinni sem snýr frá sundlauginni og er húsið samhverft um miðjuna með búnings- að baðklefum kvenna og karla til hvorrar handar.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

⁴³⁸ *Úr sögu Ólafsfjarðar*, bls 259-261.



Ekki fundust frumteikningar af lauginni á Ólafsfirði en hún er þó líklega teiknuð eftir þessari teikningu Bárðar Ísleifssonar eða útfærslu á hennar. Teikningin er af „stöðluðu“ laugarhúsi á meðal gagná Húsameistrara ríkisins_C388_09-10

Sundlaugin er neðst í brekkunni, sunnan við tjörnina í bænum. „Þann 1. júlí 1945 var sundlaugin vígð við hátíðlega athöfn. Eftir það hófst markviss sundþjálfun innan Íþróttafélagsins. Fjölmargir lögðu hand á plóginn þegar verið var að byggja Sundlaug Ólafsfjarðar og er erfitt að nafngreina þá er fremst stóðu því hætt er við að einhverjir gleymist. Þó má þess geta að einn helsti upphafsmaður byggingarinnar var Jón J. Þorsteinsson en meðan laugin var í byggingu munu áhyggjurnar mest hafa lent á Brynjólfi Sveinssyni.“⁴³⁹ Sundlaugin var að stóru leyti byggð í sjálfbodavinnu félaga í Íþróttafélaginu Sameiningu en var síðan afhent Ólafsfjarðarbæ. Ítarlega lýsingu á lauginni er að



Sundlaugin á Ólafsfirði. Mynd til vinstri er líklega tekin á vígsludaginn (birtist á Facebook síðunni Gamlar myndir 27. janúar 2020 – Ingveldur Jónsdóttir). Myndi til hægri er úr Sarpi (myndanúmer Lpr/2010-190)

⁴³⁹ Úr sögu Ólafsfjarðar, bls. 319-320.

finna í *Íþróttablaðinu* í tengslum við vígslu hennar en þar segir: „Sundlaugin þeirra Ólafsfirðinga er eitt hið allra vandaðasta mannvirki sinnar tegundar, sem hérlendis hefur verið reist og mun hafa kostað um 200 þús. krónur. Sundþróin er 25x8 mtr., grynnt í norðurendann en dýpkar til suðurs. Mesta dýpi eru 2.5 mtr. Norðan við laugina er bygging, sem tekur yfir allan norðurenda laugarinnar og nokkru betur, en frá báðum endum hennar ganga álmur til suðurs og myndar byggingin því skjólgarð um nyrðri enda laugarinnar. Flatarmál byggingarinnar er um 85 fermetrar. Aðalinngangurinn er í mitt húsið að norðanverðu og er þar fyrst komið inn í forstofu og er þar einnig miðasala fyrir sundgesti. Herbergi sundkennara er inn af forstofunni og má þaðan sjá yfir alla sundlaugina enda í milli. Til vinstri frá forstofunni er búningsklefi karla með 33 lokuðum skápum til fatageymslu. Í álmunni til suðurs eru steypiböð og salerni en í enda álmunnar er gufubaðstofa. Til hægri frá forstofu er búningsklefi kvenna með 33 skápum til fatageymslu. Í vesturálmunni til suðurs eru steypiböð og salerni en í enda álmunnar er geymsluherbergi. Allir útveggir byggingarinnar eru hlaðnir úr tvöföldum r-steini með 18 cm. mómylsnu á milli til einangrunar. Milliveggir eru hlaðnir úr sléttum steinum. Þak er úr tvöfaldri járnbennti steinsteypu og er einangrað með reidngi á milli. Byggingin er öll múrbúðuð innan og máluð. Gólf eru múrhúðuð og lituð brún. Skápar, hurðir og annað úr tré innanbúss er lakkað. Vatn til sundlaugarinnar er afrennslisvatn frá nokkurum íbúðarhúsum, en þau eru hituð með vatni frá hitaveitu Ólafsfjarðar. Er innrennslisvatnið í þróna um 35° heitt og vatnsmagnið um 4 sekúndulítrar. Búnaðarklefar og byggingin yfirleitt er hituð upp með vatni úr aðalæð hitaveitunnar. Til viðbótar hitunar í gufubaðstofu eru notaðir rafmagnsöfnar. Vegna þessa fyrirkomulags er ekkert eldfæri né reykháfur í byggingunni. Allar vatns- og skolpveitur lagðar í gólf. Byggingin og umhverfi sundlaugarinnar er raflýst. Sundlaugin stendur í brekkujaðri. Brekkumegin er áhorfenda svæði, hlaðnir hækkandi stallar. Sundlaugin hefir til umráða um 2500 fermetra lóð, sem mannvirkin standa á og er lóðin afgirt. Teikningin af sundþró og byggingu var gerð í skrifstofu húsameistara ríkisins í samráði við íþróttafulltrúa ríkisins. Yfirverkstjórn hefir annazt Ágúst Jónsson trésmiðameistari í Ólafsfirði.⁴⁴⁰

Laugin var vígð 1. júlí 1945 og fyrst til að stínga sér í sundlaugina var Freydís Bernharðsdóttir þá 10 ára.⁴⁴¹ Á þaki byggingarinnar var komið fyrir skilti þar sem á stóð „Hreysti og fegurð sundið skapar“ úr kvæði Davíðs Stefánssonar, Sundmenn.

Laugin er enn í notkun og er laugarþróin óbreytt. Árið 2010 var svæðinu umhverfis hins vegar breytt talsvert og settir niður tveir pottar, barnalaug, fosslaug og tvær rennibrautir.

⁴⁴⁰ *Íþróttablaðið* 01.10.1945 „Sundlaug Ólafsfirðinga“ Þorsteinn Bernharðsson, bls. 2-3

⁴⁴¹ *Ísland í Hnotskurn* islandihnotskurn.is/Page.aspx?ID=483


SUNDSKÁLI SVARFDÆLA (1929-)

Staðsetning: Tjarnargarðsborn, Svarfaðardal *Höfundur:* Sveinbjörn Jónsson, byggingarfræðingur
Byggingarár: 1929 *Byggt af/eigandi:* UMF Svarfdæla & UMF Þorsteinn Svörfuður, Ríkissj.
Helstu endurbætur: 1968, 1986-88 *Yfirbyggð / opin:* Yfirbyggð
Staða/ástand: Hús stendur, í lítilli notkun *Hitun:* Jarðvarmi

Sundskálinn í Svarfaðardal er ein elstu yfirbyggð sundlaugum landsins og líklega er aðeins laugin á Laugum í Reykjahverfi (í kjallara skólans) eldri. Laugarhúsið er því fyrsti stakstaði, yfirbyggð sundskáli landsins. Til er talsvert efni um tilurð hans og byggingu.

Sundskálinn er ofan þjóðvegarsins, skammt nyrst í landi Laugahlíðar/Tjarnargarðshorns. Í grein í *Íslendingi* 1979 er farið yfir aðdraganda og byggingu laugarinnar en þar kemur fram að í desember 1922 hafi UMF Svarfdæla ákveðið að veita Kristni Jónssyni styrk til að fullnema í sig í sundlist og hafi hann farið á sundnámskeið til Reykjavíkur í þeim tilgangi. Sunnan heiða áttað Kristinn sig vel á mikilvægi þess að kenna sund í volgu vatni. Þegar hann kom heim ritaði hann grein í tímarit ungmennafélagsins og lagði til að gerð væri sundlaug við einhverja af þeim heitu uppsprettum sem voru á svæðinu. Tillaga þess efnis var samþykkt strax 1924 á ungmennafélagsfundum. Kristinn gekk á fund UMF Þorsteins Svörfuðar ári síðar og fékk félagið til liðs við hugmyndina og var lokaákvörðun um að ráðast í það stórvirki að gera sundlaug tekin á sameiginlegum fundum félaganna 15. nóvember 1925.⁴⁴²

Í *Byggðum Eyjafarðar* er fjallað um tildrög byggingar Sundskála Svarfdæla og kemur þar fram að einn mikilvægasti þátturinn í starfssemi Ungmennafélag Svarfdæla hafi frá upphafi verið barátta fyrir aukinni kunnáttu í sundi og því að koma upp góðri aðstöðu til sundiðkunar.⁴⁴³ Árið 1925 kemur fram í *Íþróttablaðinu* að á Alþingi liggi fyrir erindi um styrk til sundlaugargerðar frá Ungmennafélagi Svarfdæla.⁴⁴⁴ „Var kosin þriggja manna nefnd [...]. Þeir sömdu um kaup á





Sundskáli Svarfdæla á vígsludegi 1929. Myndin til vinstri birtist áður í Íþróttablaðinu 01.11.1929, bls. 85. Myndin til hægri er fengin úr húsakönnun Dalvíkurbyggðar eftir Kristján Hjartarson.

⁴⁴² *Íslendingur*, 1.tbl 1979, bls. 4-5.

⁴⁴³ *Byggðir Eyjafarðar*, 1990. I. bindi, bls. 149

⁴⁴⁴ *Íþróttablaðið* 01.02.1925, bls. 9



Teikningar Sveinbjarnar Jónssonar af Sundskála Svartfaldala. Efri myndin er eldri tillaga, gerð í júní 1926 en sú neðri frá 28. maí 1928 um það leyti sem hafist er handa við byggingu skálans. Úr Teikningasafni Þjóðskjalasafns 22/6. Stjórnarráð Íslands I. Db. 9, nr. 15 (eldra Db. 8, nr. 195).

byggingarlóð og jarðhitaréttindum við eiganda Tjarnagarðshorns. Byggingin reis svo af grunnni árin 1927-1928. Nefndin innti af höndum mikið og fórnfúst starf þau ár, sem byggingin stóð yfir. Fyrirmyndin af slíkri byggingu var engin til í landinu, og því þurfti að þreifa sig áfram með

fyrirkomulag, útvega fé, efni og ekki sízt þekkingu [...].⁴⁴⁵ Upphaflega hugmyndin var að hafa sundlauginu opna en um leið og framkvæmdir hófust 1927 var komist að þeirri niðurstöðu að best væri að byggja yfir lauginu og því fylgt eftir það.⁴⁴⁶ Nánar er farið yfir sögu laugarinnar yfirlitsgrein um tildrög hennar og byggingu í grein eftir Jón Baldvin Halldórsson frá Jarðbrú í *Íslendingi* 1979 (sem byggði að hluta á skólaritgerð Helga Más Halldórssonar við Menntaskólann á Akureyri frá árinu á undan). Samkvæmt greininni fór Sveinbjörn Jónsson byggingarmeistari á Akureyri (síðar kenndur við Ofnasmiðjuna) að Tjarnargarðshorni og skoðaði laugarnar þar. Hann mælti með að syðsta laugin yrði valin og að einhvers konar skýli yrði byggt yfir þróna. Á endanum var það sú nyrsta sem var nokkru norðar og ofar í fjallinu sem varð fyrir valinu en sundþrónni sjálfri var valinn staður nyrst í landi Tjarnargarðshorns. Þegar komið var í ljós að menn vildu gjarnan hafa lauginu yfirbyggða vann Sveinbjörn gerð teikningar fyrir Sundskála Svarfdæla. Í bréfi Sveinbjörns segir „Ég hefi þó ekki gert ráð fyrir að hlaðið yrði utan um skálann og þakið klætt með torfi til skjóls. Ef skálinn sýnir sig að verða of kaldur á fyrsta vetri, hleður maður utan um hann og spekkar hann þá ekki að utan. Aftur hef ég tekið með hitunarofna í klefana, sem ég tel nauðsynlega og gert ráð fyrir vönduðum frágangi.“⁴⁴⁷

Með umræddu bréfi til ungmennafélagssins fylgdi uppdráttur. Miklar athugasemdir komu við teikninguna og gerði Kristinn Jónsson nýjan uppdrátt í kjölfarið sem Sveinbjörn teiknaði síðar upp aftur. Vorið 1927 var hafist handa við sundlaugarbygginguna og var hún unnin í sjálfbóðaliðavinnu í 6 vikur með hökum, skóflum, fötum og hjólbörum. Síðar sama sumar var hafist handa við að steypa þróna og því lokið um haustið og einnig lögð leiðsla frá heitu lauginni að skálnum (um 550 m leið).⁴⁴⁸ Talsverðar umræður urðu um gerð þaks á skálnum og margir töldu að það myndi fúna á skömmum tíma og barst m.a. bréf frá Laugum (þar sem búið var að byggja laug í kjallara) þar sem lagt var áhersla á að þak yrði úr steini enda hefði allt timbur í þeirra byggingu skemmt mjög fljótt. Í kjölfarið var ákveðið að fylgja því ráði og hafa þakið úr steini. Sveinbjörn lagði fram uppfærða tillögu af skálanum 1928⁴⁴⁹ og þá um vorið byrjuðu smiðir og sjálfbóðaliðar að steypa vegg og stafni. Síðar sama sumar var þakið steipt og sundskálinn var að mestu tilbúinn um haustið en skálinn var vígður sumardaginn fyrsta 1929.⁴⁵⁰ Í grein í *Íslendingi* um laugarbygginguna kemur fram að styrktarknekti framan við á framhlið byggingarinnar voru steipt án vitundar hönnuðar hússins (Sveinbjörns Jónssonar) og sárnaði honum það mjög og taldi til óprýði enda taldi hann að þar með hefðu menn skemmt prófsteininn á alla hans reikninga á burðarþoli veggja hússins og það brautryðjendastarf í húsagerð sem hann hafði talið sig hafa unnið.⁴⁵¹ Í lýsingu á mannvirkjum í *Íþróttablaðinu* 1929 segir: „Ytra sem innra er skálinn allur úr járnblendri steinsteypu gerður. Þró, stjettar, veggir og þak. Lengd hans er 15,2 m., breidd 8,8 m, vegg hæð 2,4 m. en hæð af stjett til mænis 4,65 m. Sjálf þróin er 13 m. að lengd, 6,7 m. breið, og mest dýpt 2,75 m. Stjett er við suðurenda 2,1 m. breið, og að vestan meðfram hliðvegg endilöngum 1,3 m. á breidd. Þvert um skála við stafn að norðan eru svalir 1 m. yfir stjett, og verður þangað gengið upp tröppur, af stjettinni. Að breidd eru svalirnar 1,5 m.; en brúin sem liggur og þvert yfir þróna framan við svalirnar er 1 m. breið, en fáum sm. hærri en stjettin. Af stjettinni að vestan er gengið inn í klefana, sem eru við þá hlið skálans að endilöngu 5 að tölu auk salernis. Í einum þeirra eru steypiböð bæði heit og köld. Heita vatnið, sem tekið úr laug uppi í fjallshlið, er leitt í gufuþrýstípípuin 1 þuml. í þvermál. Leiðslan er 550 m. að lengd, og eru pípurnar allar vafðar tjörubornum umbúðum. Eigi

⁴⁴⁵ Sama heimild

⁴⁴⁶ *Íþróttablaðið* 01.11.1929, bls. 85

⁴⁴⁷ *Íslendingur* 1979, 1. tbl, bls. 4-5


⁴⁴⁸ Sama heimild

⁴⁴⁹ *Teikningar Sveinbjarnar Jónssonar af Sundskála Svarfdæla. Úr Teikningasafni Þjóðskjalasafns 22/6. Stjórnarráð Íslands I. Db. 9, nr. 15 (eldra Db. 8, nr. 195).*

⁴⁵⁰ Sama heimild, bls. 9

⁴⁵¹ *Íslendingur* 1979, 1. tbl, bls. 5

eru þær niðurgrafnar, því búist var við að jarðvatn mundi kæla þær, heldur er garður hlaðinn utan um þær alla leið. Í sjálfri lauginni er vatnið 20° C., en er það kemur úr pípunum í sundþróna er það 28° C. í sjálfri þrónni er vatnshitinn alt að 22°-23° en þó kemur fyrir að yfirborðið kólnar alt niður að 20° C þegar frost er úti og dyr opn- aðar við umgang. Við dýpri enda þróarinnar eru bretti uppsett, tvö í eins meters hæð yfir stjett, og eitt í tveggja metra hæð. Á stjettarbrúnum og einnig á brú og svölum eru járngrindur meðfram þrónni svo eigi sje hætta á að fólk falli í hana. Síur með



Hugmyndir að viðbyggingu við Sundskála Svarfdæla frá 1953 sem aldrei urðu að veruleika. Samkvæmt teikningunni skyldi húsið vera vestan megin við skálann, bæð og kjallari. Húsið er teiknað af Óskari Sveinsyni/Húsameistara ríkisins í nóvember 1953. Húsameistari ríkisins, C393_07, Þjóðskjalasafn Íslands

frárenslu eru í stjettinni og sömuleiðis í klefum, og rennur því ekkert af vatni niður í þróna, enda eru stjettarbrúnir hæstar næst þrónni. Þannig er þá bygging þessi er vera mun sú stærsta af samskonar tagi sem enn er reist hér á landi, - fullbúin - og tekin í þjónustu sundlistarinnar.⁴⁵² Á vígsludaginn, 25. apríl 1929 var miklu til tjaldað og var húsið fánum prýtt og lyngsveigar úr fjallshlíðinni bundnir saman fyrir ofan. „Smíðaður var og settur upp í nánd við skálann stór pallur úr tré þar sem skemmtiatriði fóru fram.“ Ýmsar ræður voru fluttar, m.a. farið yfir sögu laugarbyggingarinnar, söngvar sungnir og haldin sundsýning.⁴⁵³

Í *Byggðum Eyjafjarðar* segir: „Sundskálinn er fyrir marga hluta sakir merkilegt og sérstætt mannvirki. Öll er byggingin úr steinsteypu, bæði þróin, veggirnir og þakið. Hvílir þakplatan á þykkum járnþentum steinbogum og þótti mörgum sú hugmynd draumórakennd á sínum tíma. Skálinn hefur hins vegar sýnt sig að vera hið traustasta mannvirki og stóð betur en flestar byggingar sveitarinnar af sér jarðskjálftan mikla 1934. [...] Ekki voru við framkvæmdirnar notaðar aðrar vélar en bíll sem hafður var til aðflutninga. Voru það ungmennafélögin í Svarfardal og á Dalvík sem stóðu að byggingu skálans og ber hann hugsjónareldi og bjartsýni þessara horfnu ára glöggt vitni. Vatnið í lauginni var lengst af tekið úr volgri uppsprettu í hlíðinni beint ofan við skálann, en á sjöunda áratugnum var borað eftir heitara vatni nokkru sunnar og lögð ný aðveita.“⁴⁵⁴ Árið 1953 virðast hafa verið uppi hugmyndir að byggja við sundskálann að vestanverðu, í það minnsta er teikning að viðbyggingu við skálann eftir Óskar Sveinsson frá því ári á meðal varðveittra gagna

⁴⁵² *Íþróttablaðið* 01.11.1929, bls. 85-86

⁴⁵³ *Íslendingur* 1979, 1. tbl, bls. 5

⁴⁵⁴ *Byggðir Eyjafjarðar*, 1990. I bindi, bls. 149

Húsameistara ríkisins.⁴⁵⁵ Aldrei varð þó af framkvæmdinni. Árið 1966 tóku skólarnir á Dalvík og Húsabakka yfir rekstur Sundskálans úr höndum ungmannafélaganna og sjá enn um hann. Í *Skrá yfir mannvirki 1983* kemur fram að laugin hafi verið endurbætt 1968⁴⁵⁶ og árunum 1986-88 fóru fram gagngerar endurbætur á sundskálanum. Þá voru gerðar umfangsmiklar endurbætur og viðbyggingu með nýjum búningsklefum og baðklefum sem Haukur Haraldsson arkitekt teiknaði. Húsið var einangrað að utan með plasteinangrun og húðað með þunnum trefjamúr.⁴⁵⁷ Húsið er nú í slæmu ástandi, múrinn af flettast af því og húsið virðist án sémilegrar umhirðu.

Svarfaðardalshreppur sameinaðist Dalvíkurkaupstað og Árskógsstrandarhrepp árið 1998. Árið 1994 var stór og nútímaleg sundlaug var opnuð á Dalvík og eftir aldamótin 2000 hefur Sundskálinn verið í lítilli notkun.

⁴⁵⁵ *Húsameistari ríkisins, C393_07, Þjóðskjalasafn Íslands*

⁴⁵⁶ *Skrá yfir mannvirki 1983* frá Menntamálaráðuneyti DD05, Þjóðskjalasafn Ísland

⁴⁵⁷ Kristján Hjartason, Húsakönnun.

SUNDLAUGIN ÞELAMÖRK/JÓNASARLAUG (1947-1991)


Staðsetning: Þelamörk, Laugalandi
Byggingarár: 1947

Höfundur: Bárður Ísleifsson/Húsameistari ríkisins
Byggt af/eigandi: Ungmennafélög á svæðinu, eign þriggja hreppa, ríkisj.

Helstu endurbætur: 1991 (nýtt húsi), 2008
Staða/ástand: Laugarþró líklega í grunnin svipuð/eins, en laugarhúsi horfin vegna yngri húsa

Yfirbyggð/opin: Opin
Hitun: Jarðhiti

Laug var snemma gerð á Laugalandi í Hörgárdal og var þar laug þegar þeir Eggert og Bjarni ferðuðust um landið um miðja 18. öld.⁴⁵⁸ Sundlaug var fyrst byggð á þessum stað á árunum 1943-47 af ungmennafélögum á svæðinu og var nefnd Jónasarlaug til heiðurs Jónasi Hallgrímssyni sem var fæddur og uppalinn á þessum slóðum. Laugin varð sameign þriggja hreppa Glæsibæjar-, Öxnadals- og Skriðuhrepps (á öðrum stað er eigandi sagður Arnarneshreppur í stað Öxnadals). Fljótlega eftir að heimavistar-barnaskóli var reistur á Laugalandi á árunum 1960-1963 (arkitekt var Sigvaldi Thordarson) var laugin fljótlega afhent skólanum. Laugin og allar byggingar Þelamerkurskóla eru hitaðar með jarðhita og eru borholur á staðnum.⁴⁵⁹ Laug og laugarhúsi voru hönnuð af Bárði Ísleifssyni arkitekt og teiknuð eftir staðlaðri teikningu af sundlaug frá árinu 1945.⁴⁶⁰ Í gagnamöppu um laugina (meðal gagna frá Íþróttasjóði) fundust tvær teikningar af litlum sundlaugum á þessum stað, sú eldri merkt Bárði Ísleifssyni (frá mars 1943) og ber hún nokkurn svip af húsinu sem síðar var teiknað og reis á staðnum. Yngri teikning er frá maí 1946 og er merkt



Stöðluð langarteikning Bárðar Ísleifssonar frá júní 1945 sem laugarhúsi á Þelamörk virðast byggð eftir. Húsameistrari ríkisins_C388_09-10. Gögn Húsameistarar ríkisins, Þjóðskjalasafn Íslands

⁴⁵⁸ Ferðabók Eggerts Ólafssonar I. 1975, 15

⁴⁵⁹ Bygðir Eyjafjarðar II. bindi, 1990, bls. 560

⁴⁶⁰ Teiknisafn Húsameistara ríkisins, C388_09-10, Þjóðskjalasafn Íslands.

Óskari Sveinssyni. Er hún af enn smærra og einfaldara húsi en því sem var byggt og ekki er ljóst hvernig hún tengist framkvæmdum við sundlaugina sem voru þá vel á veg komar.⁴⁶¹



Jónasarlaug/ Sundlaugin á Þelamörk. Mynd til vinstri er af mynd af lauginni á vegg í laugarbyggingunni en mynd til hægri birtist á vef Rív í tilefni af 70 ára afmæli laugarinnar <https://www.riv.is/fretir/innlent/jagna-70-ara-afmaeli-jonasarlaugar-i-thelamork>

Laugin sem var vígð 1947 er syðst og neðst í húsapýrpingunni á Þelamörk og er 25 x 8 m breið. Á myndum sem teknar voru um það leyti sem laugarhúsin voru rifin má sjá að búið hefur verið að byggja skýli/viðbyggingu við vesturhlið laugarinnar. Gömlu laugarhúsin voru rifin 1991 þegar stórt hús byggt við laugarendann (hannað af VT Teiknistofu hf/Gunnari Vali Gíslasyni) sem er bæði laugarhús og íþróttahús skólans en laugarþróin virðist lítið breytt.⁴⁶² Við laugina hafa nú verið gerðir tveir heitir pottar, barnalaug, rennibraut og þar er einnig gufa og kalt ker. Yngri laugarhús falla utan úttektartímabils þessarar rannsóknar.

⁴⁶¹ Teikningar Íþróttasjóðs, H26, Þjóðskjalasafn Íslands

⁴⁶² Upplýsingar af teikningu sem er að vinna á vef sveitarfélagsins: <https://map.is/eyjafjordur/>

SUNDLAUG AKUREYRAR ELDRI LAUG (1897-1922)

Staðsetning: Grófargil, Akureyri

Byggingarár: 1897

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Horfin vegna yngri laugar og - húsa

Höfundur: Heimamenn?

Byggt af/ eigandi: Akureyrarbær


Yfirbyggð/ opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Sundlaug Akureyrar hefur ætíð staðið á sömu slóðum og hún gerir enn. Sundlaug var fyrst gerð á þessum stað 1897 á þann hátt að lækur sem þar rann í Grófargili var stíflaður með torfhleðslu. Hér er skráð elsta laugin á þessum stað og þau laugarhús sem stóðu við hana.

„Um mitt ár 1895 varð mikil breyting á sundmálum Akureyringa þegar Eggert Laxdal stakk upp á því í bæjarstjórn að lagðir yrðu fjármunir í sundkennslu eða til að koma upp sundpolli. Hugmyndin féll í góðan jarðveg og árið eftir var ráðist í að hlaða fyrirstöðugarð í skjólgóðum grashvamminum fyrir ofan Torfunef. Engu vatni var þó veitt á sundpollinn fyrr en árið eftir, torfhleðslan var fyrst að fá svolítinn tíma til að gróa. Vorið 1897, þegar vatninu var loks hleypt í sundpollinn, kom í ljós að stífluveggurinn var ekki orðinn nægjanlega traustur. Þegar að var komið einn aprílmorgun var komin stór glufa í vegginn og varla ökklaðjúpt vatn eftir í lautinni. [...] Bæjarstjórnin lagði þó ekki árar í bát. Hún hét á bæjarbúa að láta fé af hendi rakna svo að gera mætti gera við fyrirstöðugarðinn og þetta sama sumar hófst í fyrsta sinn sundkennsla á Akureyri. [...] Þessi fyrsta sundlaug Akureyar var um áratugaskeið aldrei kölluð annað en sundpollurinn og bar það nafn með rentu.“⁴⁶³

Arnór Bliki Hallmundsson tók nýverið saman sögu hússins og er þar að finna ítarlegar upplýsingar um bæði eldri og yngri sundlaug sem hér er stuðst við. Í greinargerð hans segir að á bæjarstjórnarfundum hafi komið fram að sundpollurinn hafi runnið fram og hugsanlega verið „sprengdur af mannavöldum“. Í kjölfarið var sett bann við efnistöku úr garðinum.⁴⁶⁴



Gamla laugin í Grófargili og laugarhúsið við hana 1907. Á myndinni er Lárus J. Rist að kenna sund. Myndin birtist í Degi 11.07.1956

Nokkuð ítarleg lýsing á mannvirkjunum er að finna í bók Tryggva

Þorsteinssonar *Varðeldasögur fyrir eldri skáta og yngri* en þar segir: „...hlaðinn var mikill torfgarður

⁴⁶³ *Saga Akureyrar II*, bls. 303

⁴⁶⁴ <https://arnorbl.blog.is/blog/arnorbl/entry/2260960/>

Þvert fyrir Grófargilið, þar sem sundlaugarlækurinn rennur. Neðst í stíflugarðinum var tréstockur og þegar honum var lokað myndaðist dálítill tjörn ofan við garðinn. Hún lagaði sig alveg eftir landslaginu, svo þarna mátti sjá nes og voga, og langt til vesturs lá hlykkjóttur fjörður upp lækjarfarveginn og nefndist það „hafsvæði“ Skottið. Þar náði vatnið okkur í ökkla og drullan eða leirinn í botninum náði líka í ökkla svo samanlagt náði þessi vaðall okkur í miðja kálfa. Annars var mesta dýpið austast við stíflugarðinn og upp eftir miðri tjörninni. Vatnið var eins og súkkulaði á litinn, en það var ekki neitt súkkulaðiþragð af því og það vissum við vel, því æði oft fengum við okkur sopa, - svona óvart. Sérstaklega þeir sem ekki þorðu að stinga sér, því vatnið var oftast 11-15 gráðu heit og margir supu hveljur þegar þeir óðu út í þetta.⁴⁶⁵



Skírn í söfnuði Arthurs Gooks, í gömlu sundlauginni á Akureyri. Á myndinni má vel sjá ójafna bakka laugarinnar og glittir í laugarhúsið allra lengst til hægri. Mynd Hallgrímur Einarsson Minjasafnið á Akureyri nr. 4299

Í grein í *Stefni* 1902 frá „gömlum bæjarbúa“ kemur fram áeggjan um ýmis framfaramál í bænum og m.a. að nauðsynlegt sé að koma upp sundlaug og baðhúsi.⁴⁶⁶ Líklega var ekkert skýli við laugina til að byrja með. Árið 1907 var ráðist í nokkrar endurbætur á sundpollinum. Ungmennafélag Akureyrar með Lárus Rist í foryrstu vann að því að gera nýjan stíflugarð fyrir sundlaugina (sem þá var á svolítið breyttum stað) en bæjaryfirvöld lögðu til grjót og torf í hleðsluna en lögðu einnig timbur og steinlím til verksins. Þetta sumar reis reis líka fyrsti sundskálinn við laugina. Búningsklefinn var byggður af Antoni Jónssyni. Húsið var við norðurhlið laugar austarlega. Af ljósmyndum má sjá að það var lítill timburskúr með einhalla þaki og þremur gluggum á vesturhlið. Svo virðist sem einar dyr hafi verið á suðurhlið, að laug.⁴⁶⁷ Eldri stíflan hafði ekki reynst vel en í þetta sinn var vandað mjög til verka og stóð stíflugarðurinn næstu þrjátíu árin. Laugin vildi þó verða bæði köld og gruggug og þrátt fyrir að sundáhugi væri mikill á Akureyri hamlaði aðstöðuleysi talsvert framþróun íþróttarinnar. Endurbætur voru fáar á fyrstu árunum þrátt fyrir að ungmennafélagar og þá sérstaklega Lárus Rist sem var í foryrstu allrar sundiðkunar á Akureyri á þessum tíma beittu sér ítrekað fyrir umbótum.⁴⁶⁸

Í *Fasteignamati frá 1916-1918* er sundlaugarhúsi á þessum stað lýst sem litlum timburskúr með hallandi þaki og var hann 3,1x3,1 m að stærð, ein hæð ósundurþiljuð.⁴⁶⁹

⁴⁶⁵ Tryggvi Þorsteinsson 1973: 22-23

⁴⁶⁶ *Stefni*, 10. árgangur, 13 blað, 1902, forsíða

⁴⁶⁷ *Saga Akureyrar III*,

⁴⁶⁸ *Saga Akureyrar III*, 271-271, 275

⁴⁶⁹ *Fasteignamat 1916-18*, færsla 160, Þjóðskjalasafn Íslands

<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916%20-%201918%20-%20Undirnat%20Akureyri%20I/?page=3>

Ekki hafa fundist teikningar af laug eða elsta laugarhúsi á Akureyri.

Saga sundlaugar á Akureyri er nokkuð samfelt og erfitt að greina hvenær um nýja laug eða laugarhús var að ræða en hér er þó skráð elsta laugin sem var í raun sundpollur með fyrirhleðslu og sá timburskúr sem reis við hana en um steypa laug og þau hús sem risu við hana er fjallað í færslunni hér á eftir.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

SUNDLAUG AKUREYRAR YNGRI LAUG (1922/1937-)

*Staðsetning: Þingvallastræti 21**Höfundur: heimamenn/útlendingar, yngri laugarhús: Bárður Ísleifsson/ Guðjón Samúelsson**Byggingarár: 1922/1937**Byggt af/eigandi: Akureyrarbær/Ríkissjóður (UMF Akureyrar)**Helstu endurbætur: 1958,**Yfirbyggð/ opin: Opin, síðar einnig yfirbyggð**Staða/ástand: Eldri laugarhús hafa vikið fyrir yngri, og laugarþró einnig tekið stórfelldum breytingum**Hitun: Jarðvarmi, rafhituð að hluta á einhverju tímabili*

Laugin í Grófargili var upphaflega aðeins sundpollur með fyrirhleðslu og litlu, óskiptu laugarhúsi og lýsir Lárus Rist honum í endurminningum sínum sem illum, óhreinum, köldum og ljótum (sjá fyrri færslu).⁴⁷⁰ Markmið Lárusar og félaga hans voru þó háleit, þ.e. að fá hreinan poll, 50 m langan en skrefin í átt að betri laug urðu mörg og sum seinfarin. Jafnt og þétt var þó unnið að endurbótum á lauginni. Árið 1918 var orðin mikil þörf á endurbótum og hét Kaupfélag Eyfirðinga þá m.a. stuðningi við endurbæturnar. Talsverðar endurbætur hófust á lauginni strax 1919 og var unnið að endurbótum á hverju ári og voru þær að talsverðu leyti unnar af UMF Akureyrar. Segja má að fyrsta skrefið í átt að nútímalegri sundlaug hafi verið tekið árið 1922 þegar kantar laugarinnar voru steiptir og varð lögun hennar þá regluleg og stjórnaði Sveinbjörn Jónsson verkinu. Í *Sögu Akureyrar* segir: “Sumarið áður [1922] hafði verið hafist handa um að steypa upp vegg sundlaugarinnar og byrjað á þverstíflu austan við gamla hleðsluvegginn. En peningarnir dugðu aðeins fyrir þessum eina stífluvegg og byggingarfræðingurinn Sveinbjörn Jónsson, sem stjórnaði verkinu, varð að bíða til næsta sumars með að halda steypuvinnunni áfram. Bæjarstjórnin sat fast á fé bæjarsjóðs og vildi ekki hleypa honum í miklar skuldir vegna framkvæmdanna í Grófargili. Í stað þess að gagnrýna þetta verklag lögðu margir bæjarbúar leið sína upp í gil, tóku sér skóflu í hönd eða haka, og grófu í jötunmóð fyrir veggjum sundlaugarinnar en aðrir fluttu að grjót og sement. Sveinbjörn fagnaði þessum sjálfboðaliðum og kannski var það að einhverju leyti þeim að þakka að vorið 1923 gátu Sveinbjörn og menn hans lagt lokahönd á sundlaugina. Búið var að steypa upp alla fjóra veggja hennar og helluleggja botninn, að vísu aðeins vestari endann þar sem menn náðu að fóta sig. Í hinum helmingnum var mól sem aðeins duglegir kafarar urðu varir við. Loksins voru Akureyringar lausir við moldargarðinn og moldarbakkana en vatnið í sundlauginni var áfram kalt tog þrátt fyrir steipta veggina ekki alltaf ýkja tært.”⁴⁷¹ Laugin varð þá 25 x 11 m stór. Jafnvel þótt laugin sé talin í eigu Akureyrarbæjar frá upphafi er ljóst að UMF Akureyrar lagði mikla vinnu í gerð og viðhald laugarinnar á fyrstu áratugum hennar. Félagið lagði bæði fram talsvert vinnuframlag og fjárframlög til byggingar, endurbóta og viðhalds. Á þessu tímabili var brekkan norðan og austan við laugina einnig grafin út í stöllum. Í grein í *Íþróttablaðinu* frá 1925 er lauginni lýst á eftirfarandi hátt: „Sundlaugin er 35'/2 stika á lengd, og 11 stikur á breidd, en annar endi hennar er 10 ½ stika. Dýptin er um 3 stikur mest, en 1 stika minst. Í sumar lærðu að synda þarna 120 manneskjur, og er laugin þó nokkuð köld. Það er mjög mikill áhugi fyrir sundíþróttinni á Akureyri, og er það án efa mikið að þakka sundgarpinum Lárusi J. Rist, sem lengi hefir kent þar sund af miklum áhuga, en við þröngan kost...“ Í greininni kemur m.a. fram að laugin sé í raun of köld til að hún henti að fullu til kennslu fyrir börn og unglinga og að vatnið komi úr mýrinni þar skammt ofan við og sé því ekki vel hreint þótt það hafi eitthvað síast í mölinni sem sett hafi verið við laugarbakkann. Þar kemur fram að nauðsynlegt sé að leiða vatn í laugina úr vatnsveitu bæjarins og auka hita, mögulega

⁴⁷⁰ Lárus Rist. 1947. *Að synda eða sökkva*, bls. 187⁴⁷¹ *Saga Akureyrar IV*, bls. 232

með rafmagnshitun. Þá þurfi að reisa fleiri búingsklefa í kringum laugina og byggja sundbryggju þvert yfir hana.⁴⁷² Árið 1923 kemur t.d. fram í *Skinfaxa* að félagið lagði á liðnu ári því sem samsvarar 30 dagsverkum í vinnu við þróna.⁴⁷³

Þrátt fyrir að kantar laugarinnar hafi verið steiptir strax 1922 var botninn það lengi vel ekki. Í stuttri grein í *Íslendingi* 1923 er sundlaugarferð utanbæjarmans á sólríkum degi lýst. Segir hann að sér hafi verið sagt að það væri „dýrindis sundlaug“ uppi á brekkunni en þegar þangað hafi verið komið hafi blasað við ófögur sjón og segir greinarhöfundur svo frá: „Í stað hins tæra og heilnæma vatns var laugin svokallaða hálf full af þykku leirskólpi. Hefi ég aldrei séð minna sannnefni á nokkrum hlut, en að kalla slíkt *laug*. Gryfja er rétta nafnið, og má þó skeyta framan við eftir því sem við á í hvert skifti: leir, skólpi, moldar eða ópverra. Sem sagt gryfjan er hálf full af leirskólpi, og þessi geðslegi lögur bunaði inni úr leirsýki, í einu horni hennar. Veggirnir sem uppúr stóðu voru þaktir þykku lagi af mold eða leir, og öll gryfjan gagnstæð því, að geta verið musteri hreinleika og heilbrigðis.“⁴⁷⁴ Á næstu árum var víða rætt um nauðsyn þess að steypa laugarbotn og einnig og ekki síður að hita laugarvatnið annað hvort með rafmagni eða með því að veita laugarvatni frá laugum í Glerárgili. Beitti Ungmennafélag Akureyringa sér talsvert í þessum eignum allt þar til það lagði upp laupana á 4. áratug 20. aldar.⁴⁷⁵

Það var svo árið 1933 að heitt vatn var leitt eftir leiðslum úr laugum í Glerárgili um 3 km leið að Akureyrarlaug. Var laugin eftir það yfirleitt 25-26 gráðu heit. Umræddum framkvæmdum stýrði Höskuldur Baldvinsson verkfræðingur. Botn laugarinnar var steiptur árið 1936 og er upphafsár hennar oft kennt við það tímabil og hún sögð frá 1937.⁴⁷⁶ Á Akureyri var haldið fyrsta keppnismótið í volgri laug árið 1934 og markaði það talsverðan viðsnúning í sundkeppnum hér á landi.⁴⁷⁷ Laugin sem var tekin í notkun 1937 var 33 1/3 x 10 m að stærð og var þá hituð með jarðvarma (og rafmagni að hluta). Höfundar þessarar elstu laugarþróar eru sagðir útlendingar/heimamenn.⁴⁷⁸

Á tímabilinu 1922 til 1945 risu þónokkur lítil hús og skýli við laugina sem hér eru skráð saman í einni færslu enda ekki alltaf ljóst í hvaða röð húsin voru byggð né heldur í öllum tilfellum hver þeirra voru sambyggð eða stakstæð.

Húsakynni við sundlaugina voru afar einföld framan af og ekki hafa fundist teikningar af þeim byggingum sem voru við laugina áður en hafist var handa við gerð nýrra laugarhúsa rétt fyrir 1950. Af ljósmyndum og öðrum upplýsingum má þó fá nokkra hugmynd um laugarhús á þessu skeiði (frá h.u.b. 1922-1950). Eins og getur um í fyrri færslu var fyrsta sundlaugarskýlið lítill timburskúr með einhalla þaki sem var við norðausturhorn laugar. Ekki er vitað hvenær skúrinn víkur en hús sem kunna að vera umræddur skúr eða endurbætt útgáfa hans. Ekki stóðu önnur hús við austurenda lauga 1922 (sem sjá má af ljósmyndum frá því ári), stóðu þó á þessum stað fram undir 1950. Af ljósmynd sem tekin var af lauginni 1927 að dæma má sjá að þá hefur verið búið að vinna nokkuð í umhverfi laugarinnar og eru þá stallar komnir meðfram báðum langhliðum hennar sem líklega hafa þjónað hlutverki áhorfendapalla. Á ljósmyndinni má sjá að þá hefur verið risið nýtt hús við laugina (sem væntanlega hefur risið á árabílinu 1922-27). Húsið stóð við vesturenda laugarinnar að norðanverðu og virðist vera timburskýli með skúrþaki. Á því eru þrennar dyr að laug og á

⁴⁷² *Íþróttablaðið* 01.02.1924, bls. 12-13

⁴⁷³ *Skinfaxi* 15.06.1923, bls. 29

⁴⁷⁴ *Íslendingur* 13.06.1924, bls. 4

⁴⁷⁵ Sjá t.d. *Dagur* 17.06.1927, 101-102, *Verkamadurinn* 07.07.1928, forsíða og *Norðlingur* 30.08.1928, bls. 3-4

⁴⁷⁶ <https://arnorbl.blog.is/blog/arnorbl/entry/2260960/>

⁴⁷⁷ *Íþróttablaðið*, Jónas Halldórsson. 01.03.1944, bls. 7

⁴⁷⁸ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983* DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

öðrum myndum af sama húsi má sjá að tvískiptir gluggar hafa verið á bakhlíð þess, líklega einn í hverju af rýmum þremur. Á mynd sem tekin er á árabílinu 1930-40 má sjá að örlítill skúr (kamar?) hefur til viðbótar verið byggður við vesturenda laugarinnar, skammt suðaustan við fyrrnefnd húsi og að þá er einnig risin röð skúra við austurhlíð laugarinnar. Ekki er ljóst hvort húsin austan við laugina eru risin 1927 (að frátöldum elsta skúrnum sem byggður var fyrir 1918) en ljóst er að þær byggingar eru a.m.k. risnar árið 1935 og sjást á ljósmynd frá því ári. Af ljósmyndum að dæma mætti ætla að þarna hafi risið röð skúra á einhverju tímabili fremur en að um eitt byggingarstig sé að ræða. Skúrarnir virðast allir úr timbri og líklega allir með skúrþaki. Fyrir miðri laug er samfelld bygging með fimm dyrum og hafa þar líklega verið búningsklefar. Sunnan við húsin er áþekkt bygging sambyggð með tvennum dyrum en nokkuð er lengra á milli þeirra og virðist byggingin einnig hafa náð svolítið lengra til austurs heldur en sá hluti sem er fyrir laugarendanum miðjum. Á ljósmynd frá 1945 (sem birtist á bls. 308 í *Sögu Akureyrar V*) má sjá að enn sunnar hefur áður en yfir lauk enn bæst við húsaröðina. Norðan við sjálfa búningsklefana var svo annar (sambyggður?) skúr sem stóð aðeins ofar brekkunni og nokkru hærra en byggingin að öðru leyti. Á honum eru tvennar dyr og á afstöðumynd af húsunum sem líklega er gerð um það leyti sem farið er að huga að nýjum sundlaugarhúsum má ráða að þessi hluti hafi staðið svolítið skakkt á önnur sundlaugarhús og gæti í grunninn byggt á eldstu laugarhúsunum á þessum slóðum.

Til er afstöðukort af sundlauginni sem líklega er gerð seint á fimmta áratug 20. aldar þegar farið var að huga að nýju laugarhúsi. Af uppdrættinum að dæma hafa þá laugarhúsin við vesturenda laugarinnar vikið en húsaröðin við austurendann stendur enn og af uppdrættinum má ráða að yngri hús (b. 1956) hafi verið byggð á sama stað og eldri skúrlengja þótt yngri hús hafi vissulega náð lengra í allar áttir nema til vesturs.⁴⁷⁹ Gömlu búningsklefarnir voru færðir efst í brekkuna norðan við langhlíð laugarinnar á meðan á byggingaframkvæmdum stóð og notaðir á meðan og þar til húsið var vígt og allra syðstu húsin í lengjunni (þar sem líklega var gufubað) stóðu enn fyrst eftir að ný sundlaug var gerð.⁴⁸⁰ Engar teikningar hafa fundist af eldri laugarhúsum við Akureyrarlaug.



Árið 1927 hafði lítið laugarhús risið við norðurhluta vesturenda laugarinnar. Ljósmynd til vinstri sýnir framhlíð hússins vel (ljósmynd af Facebook vefnum Gamlar ljósmyndir frá 23.02.2019 Guðjón Friðriksson birti) en á myndinni til hægri má sjá bakhlíð hússins. Á henni má einnig sjá að lítill kofi hefur verið reistur skammt frá (nokkru suðaustar) fyrrnefndum húsum en ekki er vitað í hvaða tilgangi. Þá sjást líka húsin við austurenda laugarinnar. Mynd til hægri er frá Hérðasskjalasafni Árnesinga og er tekin á árabílinu 1930-40.

Á hernámsárunum nýtti setuliðið sér laugina talsvert og gerði herinn samkomulag við Akureyrarbæ um notkun á lauginni á ákveðnum tíma. Á ljósmynd frá þeim tíma má sjá að enn hefur verið byggt við laugarhúsin austan við laugina, nú upp í brekkuna til suðurs. Á þessum tíma var gufubað við


⁴⁷⁹ Afstöðukort af sundlaug, íþróttahúsi og fleiri mannvirkjum við Sundlaug Akureyrar, ómerkt og ódagsett. Húsameistari ríkisins_C383_07

⁴⁸⁰ *Saga Akureyrar V*. bindi, bls. 308 og 309

laugina.⁴⁸¹ Sundlaugin þarfnaðist mikilla endurbóta um 1945. Byrjað var að huga að endurnýjun sundlaugamannvirkja á Akureyri á 5. áratug 20. aldar og hófust framkvæmdir við hana árið 1948. „Vorið 1949 luku langflest börn fullnaðarprófi frá Barnaskólanum án þess að hafa tekið áskilið sundpróf. Akureyrarveikin átti þar sök en líka hafði verið unnið að viðgerðum á sundlauginni um veturinn og vatnið oft á tíðum verið svo kalt að engu barni var hleypt ofan í laugina.“⁴⁸² Í *Sögu Akureyrar* segir „Sundlaugin hafði fengið að drabbast niður og þótti mörgum orðið löngu tímabært að gripið væri í taumana. Búningsklefarnir voru orðnir svo hrörlegir að nær ógjörningur var að halda þeim snyrtilegum. Bárújárnið, sem notað var í sólskýlin og átti að skilja að kynin var orðið ansi ryðgað og alsett götum...[...]. Bæjarstjórnin var öll af vilja gerð til að þoka málunum til betri vegar en kostnaður við nýja sundlaugarbyggingu óx henni í augum.“⁴⁸³

Í ágúst 1950 birtist teikning af áætluðu útliti laugarinnar í *Íslendingi* og þar er hönnuður sagður Bárður Ísleifsson og byggingin teiknuð á teiknistofu Húsameistara ríkisins⁴⁸⁴ en í yfirlitsriti um Guðjón Samúelsson er hann sagður höfundur ásamt Bárði.

Arnór Bliki Hallmundsson tók nýverið saman sögu hússins og er þar að finna ítarlegar upplýsingar um bæði eldri og yngri sundlaug. Þar kemur fram að ekki hafa fundið neinar bókanir hjá Byggingarnefnd um laugina.⁴⁸⁵ Bygging laugarinnar hófst sumar 1948 en verkið sóttist seint.



Tvær myndir af laugarbúsunum austan við laugarendann. Mynd til vinstri er tekin 1935 (Héraðsskjalasafn Árnesinga, myndasmíðar Asgeir L. Jónsson/AL_MA96_01037). Myndin til hægri er frá Ljósmyndasafni Austurlands (númer vantar)

„Þegar byggingarframkvæmdir höfðu staðið í tæp sex ár og enn var að minnsta kosti þriðjungur framkvæmdanna ólokið var ákveðið að spýta í lófanna. Í stað bæjarráðs, sem hafði farið með yfirstjórn nýju sundlaugarbyggingarinnar, var sett þriggja manna byggingarnefnd með Jón G. Sólnes í fararbroddi. Það reyndist heillaráð. Að frumkvæði Jóns var bæjarbúum boðið að kaupa skuldabréf svo að hraða mætti byggingarframkvæmdum.“⁴⁸⁶

⁴⁸¹ *Saga Akureyrar* V. bindi, bls. 56

⁴⁸² *Saga Akureyrar* V. bindi, bls. 263

⁴⁸³ *Saga Akureyrar* V. bindi, bls. 309-310

⁴⁸⁴ *Íslendingur* 16.8.1950

⁴⁸⁵ <https://arnorbl.blog.is/blog/arnorbl/entry/2260960/>

⁴⁸⁶ *Saga Akureyrar* V. bindi, bls. 309-310



Afstöðukort af sundlaug, íþróttahúsi og fleiri mannvirkjum við Sundlaug Akureyrar, ómerkt og ódagsett. Húsameistari ríkisins_C383_07. Kortid sýnir hugsanlega þau hús sem voru við lauginu áður en yngri hús voru byggð

Í grein í *Degi* árið 1953 er fjallað um þann seinagang sem hafi orðið í byggingu sundhallarinnar í Reykjavík og segir að norðanmenn séu orðnir ansi þreyttir á seinagangi í byggingu sinnar sundhallar sem hafi verið í byggingu í fjögur ár og lítið þokast í átt að lokamarkinu.⁴⁸⁷ Höfundur laugarhúss þess sem teiknað var 1949 en lokið 1956 þar sagður Bárður Ísleifsson. Í yfirlitinu kemur fram að innilaugin sem vígð var 1956 var 12,5 x 6 m að stærð.⁴⁸⁸ Bárður Ísleifsson teiknaði lauginu líklega að mestu þótt Guðjón Samúelsson húsameistari hafi verið skrifaður fyrir henni og er sagður hafa hannað lauginu á árunum 1949-1956 samkvæmt yfirlitsskjali í bók um hann.⁴⁸⁹ Þrátt fyrir að gerð laugarteikningar falli innan tímaramma sundlaugaverkefnisins (sem nær til lauga fram til 1950) miðast byggingarár laugarinnar við vígsluárið 1956 og fellur þannig utan þess tímabils sem hér er til rannsóknar. Engu að síður verður þó fjallað lauslega um lauginu hér.



⁴⁸⁷ *Dagur* 25.02.1953 „Undirbúningur að gerð heildaráætlunar um framkvæmdir“

⁴⁸⁸ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983* DD05, Þjóðskjalasafn Íslands

⁴⁸⁹ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 404

Sundhöllin var tekin í notkun í júlí 1956. Í blaðagrein í *Degi* frá 11. júlí er húsnæðinu lýst nákvæmlega:

„Aðalbyggingin er 2730 m³. Á neðstu hæð er mjög vönduð kennslusundlaug og hitunartæki næturhitun) og vélasalur. Á miðhæð er karladeildin með 58 búningsklefum og að auki 5





Tvær tillögur að nýrri byggingu sundlaugar Akureyrar. Sú efri er frá 2. júlí 1948 en sú síðar frá 28. febrúar 1949 en báðar eru þær merktar Bárdi Ísleifssyni. (Húsameistari ríkisins, Þjóðskjalasafn Íslands C383_07). Á neðri myndinni er húsíð farið að líkjast nokkuð endanlegri byggingu þótt viðbygging sunnan við hefði ekki risið heldur innisundlaugin endað í kjallara norðurbyggingar.

einmenningsklefum, þar sem hver baðgestur fær lykil að. Klefar þessir eru smíðaðir á Valbjörk h.f. og eru vandaðir að efni og frágangi. Hljóðeinangrun og loftræsting. Hljóðeinangrun er í loftinu, gerð af gosullarmottum og götuðum asbestplötum. Ljósín eru væt varin og hljóðeinangrunin líka, þ. e. gosullin. Loftræstingin á að vera fullkomin og er loftið hitað á neðstu hæðinni. Í karladeildinni eru 5 steypiböð. Blöndunin er að mestu sjálfvirk og er sá útbúnaður einnig í vélasal niðri. Er þessi blöndunartæki nauðsynleg vegna þess að slys gæti hlotist af sjóðandi vatni og í öðru lagi er hætt við að óþarflega mikil hitaorka færi til einskis að öðrum kosti. Þó er á einum stað við böðin sjóðandi vatn. Handklæðahillur eru þarna og að sjálfsögðu klósett. A gólfu eru gólfplísar, sem lítt munu þekktar hér á landi, nema á Flugvallarhótelinu í Keflavík. Þær eru snyrtilegar og sagðar sterkar. Á efstu hæðinni er kvennadeildin. Er þar mjög svipuð tilhögun og stærð. Þó er hárburrkan, sem þarna er fyrirhuguð, hvergi sjáanleg í karladeild. Klefar eru jafnmargir, en litir aðrir á þessari hæð. [...] Í norðurenda eru þurrböð, en eldri gufubaðstofa lögð niður. - Einnig er hvíldarherbergi fyrir baðgestina. Í baðstofunni á að geta verið mjög heitt eða allt að 100 stig. Loft, veggir og gólf er einangrað með 10 cm. þykku korklagi. Öll tæki sundlaugarinnar taka um 600 kílovattastraum, þar með talin upphitun beggja sundlauganna. Sérstök tæki hreinsa vatnið og eyða bakteríum, og klór er einnig notað til að eyða gróðri og gerlum. Kennslulaugin er mjög falleg og einkar þægileg til afnota. Þar er ágæt birta og gott loft, enda allhótt til lofts og hljóðeinangrun góð, eins og annars staðar í húsinu. Sjálft er vatnið lýst upp með 7 ljóskerum, sem eru undir yfirborði vatnsins og setja skrautlegan svip á laugina. Laugin sjálf er 12,5 metrar á lengd en tæpir 6 metrar á breidd, dýpt 90 cm. við annan endann, en 1,30 við hinn. Dýpst er laugin 1,65 m. Stranglega verður bannað að hrækja í vatnið, en hrákadallar eru á bakkanum. Er þessi háttur nýr hér á landi. Víðast eru hrákarennur við laugarnar. Sérlega þægilegt er fyrir gamalt fólk, svo og fatlað eða vanburða á einhvern hátt, að nota hina nýju innilaug. Er mikilsvert að hugsað var fyrir þessu við bygginguna. Hið vandaða ekki of gott. Segja má að þessi bygging öll sé framúrskarandi vönduð og falleg. Einhverjum mun þykja of mikið í borið. Hér mun þó sannast, eins og víða annars staðar, að hið vandaðasta er ekki dýrast, þegar til lengdar lætur. Væri líka vart afsakanlegt fyrir forráðamenn bæjarins og trúnaðarmenn þeirra, ef hinn endurbætti sundstaður Akureyringa væri ekki vandaður að allri gerð, svo sem menn hafa nú vit á að gera, án tildurs eða óhófs, og það hefur verið gert.⁴⁹⁰

Laugin hefur tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum. Árið 1970 var heitur pottur tekinn í gagnið. Frá 1978 hefur vatn í henni fengist frá Hitaveitu Akureyrar. Lengi vel var tennisvöllur á sundlaugarlóðinni en hann var lagður niður þegar sett voru upp skemmtitæki þar upp 1994 sem síðan hafa breyst en þar eru nú m.a. æslabelgir. Sumarið 1994 var einnig farið í talsverðar framkvæmdir við sundlaugina og mannvirki endurhönnuð og var þá einnig sett upp rennibraut við laugina sem einnig hefur tekið breytingum á síðustu árum. Árið 1994 var bætt við gufubaði, vaðlaug og útisturtum, árið 1998 var ný útilaug (25 x 15 m stórri) bætt við og árið 1999 var byggt við laugarhúsið og ný afgreiðsla tekin í noktun, glerhús með heitum innipotti o.fl. og árið 2000 var eldri hluti sundlaugarbyggingarinnar endurbættur.

⁴⁹⁰ *Dagur* 11.07.1956, bls. 1 og 7



Sundlaug Akureyrar á teikningum frá 1949. Teikningar eru merktar Guðjóni Samúelssyni/Bárdi Ísleifssyni Húsameistari ríkisins_C383_07, Þjóðskjalasafn Íslands

HRAFNAGILSLAUG (1936-1960)

Staðsetning: Hrafnagili, Eyjafirði
Byggingarár: 1936

Helstu endurbætur:
Staða/ástand: Horfin

Höfundur: Óþekkt/heimamenn

Byggt af/eigandi: Ungmennafélag Eyjafjarðar
 & Píparsveinafélagið

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðhiti

Saga laugarhalds á Hrafnagili er mjög löng en laugarinnar er getið í bæði *Reykdal* og *Sturlungu*. Þangað sendi Gissur Þorvaldsson menn sína veturinn 1253 (skömmu eftir jól) þegar hann leitaði hefnda eftir Flugumýrabrennu.⁴⁹¹ Laugar þar er einnig getið í Víga-Glúms sögu en þar virðast hafa safnast saman mannfjöldi í einhverjum tilgangi, líklega einungis til gleði og samveru.⁴⁹² Laugin virðist hafa verið samkomustaður og er enn í noktun þegar Eggert og Bjarni eru á ferðinni um miðbik 18. aldar. Þeir segja að laugin á Hrafnagili sé besta baðlaugin í allri sýslunni og mikið notuð.⁴⁹³ Ólafur Olavíus ræðir einnig um laugina í *Ferðabók sinni*.⁴⁹⁴

Gerð eiginlegrar sundlaugar á Hrafnagili komst fyrst á dagskrá á 4. áratug 20. aldar. Áður hafði sund verið kennt í Kristneslaug (þar sem ekki var gert laugarhús og er hún ekki skráð hér sérstaklega) sem var úr sér gengin og söknudu hreppsúar þess að eiga ekki nothæfa laug. Því ákvað ungmennafélagið að bæta úr þessu og tók höndum með hinu svonefnda „Píparsveinafélag“ á svæðinu til að koma upp laug á Hrafnagili. Laugin var byggð á árunum 1934-1936 norðvestan þinghúsið og var byggingu hennar lokið 1936. „Var nemendum úr Hrafnagils- og Saurbæjarhreppi kennt þar sund auk almennrar notkunar sem var mikil. Árið 1961 var laugin talin ónothæf og því aflögð. Síðar var sléttað yfir laugarstæðið og byggð þar fjárrétt, Reykárrett sem nú hefur verið flutt út að Kristnesöldu.“⁴⁹⁵



Hrafnagilslaug í Eyjafirði. Ljósmyndir úr safni Steingrims Guðjónssonar.

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti er Hrafnagilslaug talin upp en ekki fyllt út upplýsingar um eiganda. Hún er sögð byggð 1935 opin, 25 x 8 m að stærð og jafnframt er ritað: „Horfin, síðast kennt 1961“⁴⁹⁶

⁴⁹¹ *Sturlungasaga* I, bls. 498

⁴⁹² *Íslensk fornrit* VII, bls. 327

⁴⁹³ Eggert Ólafsson II. 1975, bls. 15

⁴⁹⁴ Ólafur Olavíus II. 1965, bls. 18

⁴⁹⁵ *Byggðir Eyjafjarðar*. 1990, II. bindi, bls. 746.

⁴⁹⁶ Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

Ekki hefur fundist teikning af laugarhúsunum en af gömlum ljósmyndum að dæma hefur húsið verið einfalt timburhús með skúrþaki og tvennum dyrum að sundlauginni og tveimur stórum gluggum (með níu rúðum) við hlið þeirra til beggja enda. Líklega hefur það skiptst í kvenna og karlalefa. Samkvæmt Jóni Steingrímssyni heimildamanni fuku sundlaugabyggingarnar 1960. Steingrímur Guðjónsson faðir hans á Kroppi (afi EH) keypti þá klefana eða byggingarefnið úr þeim og notaði það á Kroppi. Ekki var aftur byggt á þessum stað en samkvæmt Jóni var sjálf laugin notuð talsvert lengur. Hann segir þó að hún hafi verið orðin léleg og til dæmis hafi norðurhliðin (sú hlið sem sneri að sundlaugarhúsinu) verið farin að skaga talsvert inn í laugina vegna frostverkunar og hún því verið hálf bogadreginn horna á milli.

Ný sundlaug var tekin í gagnið á Hrafnagili á nýjum stað, austan Eyjafjarðarbrautar 1979 í tengslum við skólalald þar en hún fellur utan tímaramma verkefnisins og er því ekki sérstaklega fjallað um hana hér. Laugin var löguð mikið og endurnýjuð 2007.

SUNDPOLLURINN SYÐRA-LAUGALANDI (ELDRI LAUG) (1873-?1900)

<i>Staðsetning:</i> Syðra-Laugalandi, Öngulsst.br	<i>Höfundur:</i> Óþekkt/heimamenn
<i>Byggingarár:</i> 1873	<i>Byggt af/eigandi:</i> Framfarafélag Öngulsstaðahrepps
<i>Helstu endurbætur:</i> 1874, 1875	<i>Yfirbyggð/opin:</i> Opin
<i>Staða/ástand:</i> Líklega alveg horfið	<i>Hitun:</i> Jarðvarmi

Í blaðagrein í *Fróða* 1882 er bygging laugar og laugarhúss á Syðra-Laugalandi rakin en þar segir: „...vorið 1873 byggði Framfarafélag Öngulsstaðahrepps sundpoll fyrir ofan Syðra-Laugaland, þar sem bæði bæjarlæknum og lauginni var veitt í sundstæðið, og var þetta mikið verk, því það þurfti að fletja allt efni að í garðinn, búa til nýjan farveg fyrir lækinn bæði frá pollinum og svo til að geta komið í læknum heim á Laugalandstún, því pollurinn varð í bága við það. Þetta var mikið verk, en menn gengu ótrauðir og duglegir að þessu starfi... [...] Aptur vorið 1874 var byggt ofurlítið tímurbús við sundpollinn handa piltum að af klæðast og klæðast í, og stóð það á klöpp rjett við sundpollinn, þar sem hann var dýpstur. Húsið var snoturt, málað bæði utan og innan og kostaði talsvert; svo var sett flaggstöng og flagg á húsið, þegar sundsveinar voru prófaðir og gefinn vitnisburður, að fjölda manna viðstöddum. [...] Vorið 1875 var sundpollurinn endurbættur að veggjum, því þeir höfðu mikið sigið og pollurinn var því orðinn of grunnur, og enn þá var kennt sund,...“⁴⁹⁷

Í lauginni á Syðra-Laugalandi lærði einn helsti forvígismaður sundíþróttarinnar á fyrri hluta 20. aldar Lárus Rist að synda. Hann lýsir sundnámskeiði í lauginni í ævisögu sinni *Að synda eða sökkva* og þar kemur m.a. fram að drengirnir sem sóttu námskeiðið höfðu með sér útblásinn lambsbelg eða skinnsokk og voru þeir bundnir á bak sundsveinanna til að halda þeim uppi.⁴⁹⁸ Steingrímur Arason segir frá námi sínu í sundi í umræddri laug á sínum unglingsárum. Hann segir að á þessum árum hafi það þótt ganga undri næst, ef einhver var syndur en hann hafi orðið það eftir 10 daga námskeið í sundi sem Leó bóndi á Syðri-Tjörn kenndi. Á námskeiðinu með honum var Lárus Rist, Steingrímur segist hafa orðið alveg heltekinn af íþróttinni og hlóð sér laug heima á Þverá þegar námskeiðinu lauk og hafi átt hana í mörg ár og notað þótt köld væri. Hann segir einnig „Eftir þetta leiddist mér aldrei hjásetan, því að oftast var vatn einhvers staðar nálægt mér til að synda í, enda hafði ég yndi af því öðru fremur.“⁴⁹⁹ Ekki segir Steingrímur annað um staðsetningu á eldri lauginni á Syðra-Laugarlandi en að hún hafi verið þar sem Húsmæðraskólinn hafi seinna verið byggður.

Umrætt sundskýli hefur að líkindum verið eitt af fyrstu sundskýlum sem reist voru hér á landi. Ekki er vitað hversu lengi það stóð eða hvenær hætt var að nota laug og hús en væntanlega hefur það verið vel fyrir 1932 þegar ný laug var tekin í notkun. Gamla laugin virðist hafa verið á svipuðum slóðum og sú nýja.

Hvorki hefur fundist teikning né gömul ljósmynd af laugarhúsinu eða lauginni.

⁴⁹⁷ *Fróði*, 64. tbl, dálkur 45-47, rituð af Jóni Ólafssyni

⁴⁹⁸ Lárus Rist. 1947. *Að synda eða sökkva*, bls. 44

⁴⁹⁹ Steingrímur Arason. *Ég man þá tíð*, Reykjavík. 1953, bls. 143-144

SUNDLAUGIN SYÐRA-LAUGALANDI (1932-1964)

Staðsetning: Syðra-Laugalandi, Öngulsst.br Höfundur: Guðjón Samúelsson &?, yngri laug Guðmundur Guðjónsson


Byggingarár: 1932 Byggt af/eigandi: Ungmennafélag Ársól og Áróði og Húsmæðra og barnaskólinn.

Helstu endurbætur: 1964 er núverandi laug Yfirbyggð/opin: Opin byggð

Staða/ástand: Eldri laugarbús borfin, Hitun: Jarðvarmi

upprunalega laug og yngri hús standa (ekki í notkun)


Í grein í *Degi* 1937 eru afrek Framsóknarmanna í tengslum við skóla- og sundlaugargerð á Syðra-Laugalandi (og vangeta annarra í þeim sömu efnum) tíunduð rækilega. Þar er sagt að einu sinni hafi konur í Eyjafirði átt sinn eigin skóla á Laugalandi en hann hafi verið fluttur til Akureyrar og svo fallið niður. Síðan hafi verið mikið rætt um endurnýjun hans og endurnýjun sundlaugar en lítið gerst. Í greininni kemur fram að á tímabili hafi verið uppi hugmyndir um að gera nýju sundlauginu í „mýrarsvakka alllangt frá skólastaðnum“ en sem betur fer hafi Framsóknarmönnum tekist að koma í veg fyrir það. Þá kemur fram að tekist hafi að tryggja fé í kvennaskólann á staðnum og fá afar fallega teikningu af honum hjá Guðjóni Samúelssyni og sé skólinn nú ein tilkomumesta



Teikning af sundlaug á Syðra-Laugalandi eftir Guðjón Samúelsson, dagsett í júní 1932. Laugarþró var 7×14 m líkt og laugin sem var byggð sama ár en Guðjón gerir ráð fyrir að fyrirbygður skóli væri við langblöð laugarinnar en til bráðabirgða mætti reisa þar timburkefja. Ekki varð af þessu varð ekki en laugarþróin var hugsanlega gerð eftir teikningu Guðjóns. Húsameistari ríkisins, C394_02-03, Þjóðskjalasafn Íslands


opinbera byggingin í landinu og eigi að taka til starfa þá um haustið. Einnig kemur fram að byggt hafi verið sundlaugarhús fyrir námsmeijarnar og sveitina.⁵⁰⁰ Þar er getið um sundlaugarbygginguna en ekki hver hönnuður hennar var en varðveitt teikning af laugarþró bendir til að Guðjón Samúelsson hafi teiknað þróna þótt óljóst er hver sé hönnuður laugarhússins. Teikning Guðjóns

⁵⁰⁰ *Dagur* 10.06.1937, forsíða




Stærð og staðsetning laugar og laugarbúsa frá 1932. Til vinstri er lausleg uppmæling frá Sigurði Thoroddsen verkefrafæðistofu, fyrir Íþróttasjóð, varðveitt á meðal gagna Íþróttasjóðs (H26, Þjóðskjalasafn Íslands). Á ljósmynd til hægri má sjá bluta af búsinu lengst til hægri á mynd. Mynd úr Sarpi STÆ1-6998

er varðveitt í teiknisafni Húsameistara ríkisins og er hún frá árinu 1932. Umrædd teikning sýnir laug sem er 7 x 14 líkt og sú laug sem var gerð sama ár og er líklegast að laugin hafi verið gerð eftir teikningunni. Á henni gerir Guðjón þó ráð fyrir að laugin sé fast við ráðgerðan skóla (við langhlið hennar) en segir að þar megi gera búningsklefa úr timbri til bráðabirgða. Búningsklefinn sem gerður var við lagina var hins vegar steypdur og við laugarendann. Ekki er ljóst hver er höfundur húsanna var og ekki hafa fundist frumteikningar af þeim. Í ýmsum gögnum frá frá Íþróttasjóði má þó finna vísbendingar um húsið. Af uppmælingu af svæðinu eins og það var áður en nýtt laugarhús var gert má sjá að eldra hús var við austurenda laugar. Það var 7.8 x 6.19 m stórt en áfast því að sunnan var minni kofi (3.28 x 2.60 m). Á afstöðumynd af laug og húsi kemur fram að skúrinn sé ónýtur og einnig að stór sprunga sé í þeim gafli hússins sem snýr að sundlaug. Af teikningunni og ljósmyndum að dæma var húsið undir mænispaki sem sneri austur-vestur og á vesturgafli þess voru þrjár dyr, ein í kvennaklefan, önnur í karlaklefan og sú þriðja í gang þar á milli. Ekki eru gluggar teiknaðir á en af ljósmyndinni mætti ætla að 1-2 litlir gluggar hafi verið á gafilnum.




Stærð og staðsetning laugar og laugarbúsa frá 1932. Lauslegur uppdráttur (ekki mælt) frá Sigurði Thoroddsen verkefrafæðistofu, fyrir Íþróttasjóð, H26, Þjóðskjalasafn Íslands.

Jafnvel þótt elsta húsið á austurbakka laugar hafi verið steinsteypt var það líklega ekki hugsað sem endanlegt húsnæði og strax árið 1946 virðast uppi hugmyndir um endurnýjun hússins en til er teikning (varðveitt í gögnum frá Menntamálaráðuneyti Íþróttasjóðsteikningar H26) af húsi við



Teikning af nýja laugarhúsinu sem byggt var 1964 eftir að eldra hús hafði verið rifjóð. Arkitekt: Guðmundur Guðjónsson/Húsasmíðameistari ríkisins. Þjóðskjalasafn, H26 Teikningar Íþróttasjóðs.

laugarendann merkt Óskari Sveinssyni. Það er talsvert stærra en húsið sem þar stóð á þeim tíma. Sú hugmynd virðist ekki hafa orðið að veruleika. Síðar, þegar farið er að undirbúa gerð nýs laugarhús aftur var það Guðmundur Guðjónsson, húsasmíðameistari sem sá um hönnunina. Svo virðist sem gamla laugarþróin hafi fengið að halda sér, í það minnsta sýna teikningar af yngri laugarhúsum laugarþró í sömu stærð og áður (14 x 7 m). Ný laug var vígð 1964 og fellur því utan ramma þessarar rannsóknar.



Hugmynd að framkvæmdum við sundlaugarbús á Syðra-Langalandi frá 1946. Teikningin er merkt Óskari Sveinsyni en hún virðist vera hugmynd af stækkun þess húss sem þá var á staðnum en ekki hafa orðið að veruleika. Þjóðskjalasafn, H26 Teikningar Íþróttasjóðs.

Sundlaug og laugarhús standa enn en virðast ekki í notkun.

STEEKJARHVAMMUR (1932-1952)

Staðsetning: Brautarhóll/Neðri- Höfundurt: Óþekkt/heimamenn?
Dálkastaðir, Svalbarðsströnd
Byggingarár: 1932 *Byggt af/eigandi:* UMF Æskan, ríkissj.
Helstu endurbætur: Yfirbyggð/opin: fyrst opin og síðan yfirbyggð
Staða/ástand: Hús fáuð, líklega sléttað úr laug *Hitun:* Jarðhiti

Sundlaug og sundlaugarhús var byggt í Svalbarðsstrandarhreppi árið 1932. Í *Svalbarðsstrandarbók* segir: „U.M.F.Æ. [Æskan] tók þegar forystu í öllu félagslífi og hafði forgöngu að mörgu, er til framfara horfði. Á fyrstu árum sínum byggði það sundpoll í Stekkjarhvammi, upp frá Brautarhóli. Stóð það fyrir sundkennslu þar. Síðan studdi það byggingu yfirbyggðrar sundlaugar með volgu vatni. Var fyrst kennt þar veturinn 1932 [...]. Viðhald sundlaugarinnar var alltaf vanrækt, og 6. janúar 1952 fáuð byggingin af sundlauginni. Um leið var allri sundhæfni hér lokið.“⁵⁰¹ Í ársreikningi Fiskifélags Íslands fyrir árið 1931 kemur fram að á meðal aukafjárveitingum ársins var 500 kr styrkur til sundlaugargerðar á Svalbarðsstönd sem farið hefur til byggingu laugarinnar.⁵⁰²

Staðsetningu laugar er lýst í örnefnaskrá Neðri-Dálsstaða en þar segir: „Beint út af Sunnuhlíð, norður af Sundum, var Sundpollur í Háamelsgili. Þar var stundað og kennt sund áður fyrr. Þar kenndi Magnús Bjarnason frá Laufási, en fyrstur Leó Halldórsson.“⁵⁰³

Staðurinn var skráður í fornleifaskráningu árið 2005 en í henni segir: „Sundpollsmór er nú tún norður af súrheysturni í landi Sunnuhlíðar. Pollurinn var þar norðan við lækinn, um 25 metra vestur af þjóðvegi 1. Slétt tún liggur að læknum, búið er að umbylta öll og slétta úr lauginni.“⁵⁰⁴

Hvorki fundust gamlar ljósmyndir né teikning af laug eða laugarhúsi.

⁵⁰¹ *Svalbarðsstrandarbók*, bls. 123

⁵⁰² *Ægir* 01.03.1932, bls. 74

⁵⁰³ Ö-Neðri-Dálkastaðir, bls. 2. Ari Gíslason ritaði. Af vefnum nafnið.is

⁵⁰⁴ *Fornleifar í Svalbarðsstrandarhreppi*, Sædis Gunnarsdóttir/Fornleifastofnun Íslands. 2005, bls. 85, fornleif SP-013:012

GLJÚFRALAUG (1944-1988)

Staðsetning: Höfðabverfi, Grenivíkurbreppi
Byggingarár: 1944


Höfundur: Bárður Ísleifsson/Húsasmíðameistari ríkisins
Byggt af/eigandi: Íþróttafélagið Magni/Slysavarnarfélagið Ægir

Helstu endurbætur:
Staða/ástand: Hús og laug standa tóm

Yfirbyggð/opin: Opin
Hitun: Jarðhiti og rafmagn

Hugmyndir að sundlaugarbyggingu í Grýtubakkahreppi komust á flug snemma á 5. áratug 20. aldar. Í samantekt um aðdraganda og byggingarsögu laugarinnar kemur eftirfarandi fram „Á aðalfundi félagsins [Slysavarnarfélagsins Ægis] 9. desember 1943 var ákveðið að verja þeim peningum sem safnast kynnu á tilvonandi ágóðaskemmtun til styrktar sundskálabyggingu í Grýtubakkahreppi. [...]. Fyrstu árin voru ekki mikil efni til framkvæmda annarra en að líta í kringum sig eftir heppilegum stað til að byggja sundlaug. Fyrst og fremst var horft á Laugarsel þar sem sundpollur Dagsbrúnar hafði verið [...]. Grýtubakki átti land að ánni að sunnan en Bárðartjörn að norðan og á aðalfundinum 10. desember 1939 hafði sundlaugarnefndin aflað leyfis beggja landeiganda til framkvæmda og samþykkti fundurinn „að byggja sundlaug í Gljúfurárgili eða annars staðar ef henturgra þykir.“⁵⁰⁵

Í samantekinni kemur fram að Halldór Halldórsson byggingafulltrúi frá Garðsvík hafi verið ráðinn til athugana á hentugu laugarstæði og þar er því einnig haldið fram að Halldór hafi verið fenginn



Gljúfralaug, Grenivík. Teikningin er merkt Bárði Ísleifssyni/Húsameistara ríkisins 9. mars 1943. Teikning úr safni Íþróttarsjóðs, Þjóðskjalasafn Íslands H26

⁵⁰⁵ Brot úr Byggingasögu: mannlíf í Grýtubakkahreppi í 150 ár. 2013. Björn Ingólfsson, bls. 331-332

til að teikna laugina og búningsklefana⁵⁰⁶ og gera kostnaðaráætlun en teikning af laug og laugarskýli sem varðveist hefur er hins vegar merkt Bárði Ísleifssyni/Húsameistara ríkisins og virðist áreiðanlega hans verk. Hugsanlegt er að Halldór hafi rissað upp hugmynd að lauginni en húsameistari hafi síðan útfært hana og teiknað upp.

Í samantekt um byggingarsögu laugarinnar kemur fram að Slysavarnardeildin Ægir hafi haft forystu um að afla fjár til verksins og hafi leitað stuðnings víða og m.a. fengið stuðning frá sýslusjóði, ríkinu og fjölda félaga og einstaklinga. Þegar nægjanlegt fé hafði safnast var Ögmundur Ólafsson byggingameistari á Akureyri ráðinn til verksins og gekk byggingin ágætlega. „Þegar farið var að ræða hátíðarhöld í tilefni lýðveldisstofnunar 17. júní 1944 var ákveðið að tengja þau vígslu sundlaugarinnar. Laugin sjálf, sem var 6 x 12,5 m, var þá tilbúin og bráðabirgðavatnslögn að henni. En í húsinu, þar sem skyldu vera tveir búnings- og sturtuklefar, snyrtingar, herbergi fyrir sundkennara og kyndiklefi, stóðu aðeins steyptir útveggir. Ekkert þak og hvorki hurðir né gluggar [...]. Sundlaugin var eign Slysavarnardeildarinnar Ægis og sundlaugarnefndin sá alveg um rekstur hennar [...]. Um eða eftir 1970 lagðist reksturinn meira og meira yfir á sveitarfélagið. Það gerðist smám saman. Og 25. maí 1974 var sundlaugin formlega afhent hreppnum til eignar [...]. Hleypt var í sundlaugina í maí á vorin og úr henni þegar kom fram í september.“⁵⁰⁷ Í samantektinni kemur fram að „...í kyndiklefanum var miðstöðvarketill svo hægt væri að hafa heitt vatn í sturtunum og



Gljúfralaug, Grenivík. Mynd til hægri er úr Sarpi (nr. A-ST/Æ1-4140), tekin á tímabilinu 1944-1970. Ljósmyndair ekki skráður. Mynd til vinstri er tekin við vígslu laugar 17. júní 1944 og á henni sést vel að búsið er þaklaust. Myndin er úr bókinni Brot úr bygðasögu (myndasmíður SG), bls. 333

hita upp búningsklefa. Í fyrstu var hann kyntur með kolum. Þá var stundum kalt fyrst á morgnanna áður en almennileg glóð náðist í ketilinn. Það lagaðist eftir að olúkyndingin kom, hún fékk að ganga yfir nóttina líka. Vatnið í lindinni í Laugarselsmýrinni var að vísu ylvolgt en náði þó ekki að halda lauginni nema um það bil 12-16 gráðu heitri.“⁵⁰⁸

Þegar kröftur um eftirlit og hreinlæti urðu strangari stóð sveitarfélagið frammi fyrir því að þurfa girða laugina af með mannheldri girðingu og hafa þar fastan starfsmann yfir sumarið. Það var talið óyfirsíganlegt vegna kostnaðar. Þótt selt yrði í laugina kæmi aldrei inn með því móti nema lítið brot af kostnaðinum. Við þetta bættist að laugarveggurinn sem sneri út að ánni fór að molna að ofan sem benti til þess að steypa væri að láta sig. Menn sáu að ef þessi veggur brýsti þegar laugin

⁵⁰⁶ Sama heimild, bls. 332

⁵⁰⁷ Sama heimild, bls. 333-334

⁵⁰⁸ Sama heimild, bls. 335

væri full af börnum mundi þeim skola öllum út í á með hörmulegum afleiðingum [...]. Þetta sumar, 1988, var það síðasta sem sundlaugin í Gljúfárgili var opin,⁵⁰⁹

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, kemur fram að eigandi var þá Íþróttafélagið Magni og að hitagjafi var jarðhiti og rafmagn⁵¹⁰ en í *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983* úr sama ráðuneyti er laugin sögð rafhituð.⁵¹¹

Ný sundlaug var byggð á Grenivík árið 1990 en gamla laugin stendur tóm á sínum stað ásamt laugarhúsi, í mikilli niðurníðslu. Á heimasíðu hreppsins 23. maí 2012 koma fram hugmyndir um endurnýjun gömlu sundlaugarinnar í Gljúfurárgili og lýsir sveitarstjórn sig reiðubúna til að gefa sundlauginu félagsskap sem stofnaður yrði til að endurnýja og reka lauginu en ennþá hefur enginn boðið sig fram í það hlutverk eftir því sem best er vitað.⁵¹²

⁵⁰⁹ Sama heimild, bls. 331-337

⁵¹⁰ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵¹¹ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, DD05 Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands


⁵¹² Grenivik.is bréf frá Saman-hópnum, dags. 23. maí 2012.

SUNDLAUGIN VIÐ HÉRAÐSSKÓLANN Á LAUGUM (1926-)

*Staðsetning: Reykjadal**Byggingarár: 1926**Helstu endurbætur: 1960, 1974**Staða/ástand: Laugin teppalögð og nýtt sem frístundaberbergi í kjallara hússins**Höfundur: Einar Jóhannsson/Jóhann Fr. Kristjánsson**Byggt af/eigandi: Ríkið/Samb. Þingeyskra Ungmennaf.**Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð**Hitun: Jarðvarmi*

Á Laugum í Reykjadal reis fyrsti héraðsskólinn á landinu á árunum 1923-1928. Í blaðgrein í Tímanum 1930 er farið yfir verkefni Jónasar frá Hriflu og m.a. fjallað um aðkomu hans að uppbyggingu á Laugum en þar kemur fram að Jónas hafi ásamt nafna sínum Þorbergssyni þáverandi ritstjóra Dags og áhugamönnum í héraði barist fyrir því að koma upp alþýðuskóla á þessum stað í nágrenni hverahitans. Þar segir: „Bæði á þingi og í héraði beitti J. J. sér eindregið fyrir málinu gegn samhuga málsvörum íhaldsflokksins á báðum stöðum. Síðar vann J. J. að því að útvega ríkisstyrk í hina yfirbyggðu sundlaug skólans, og eftir að hann tók sæti í ríkisstjórninni, átti hann frumkvæði að því að breyta hlutfalli ríkisstyrks til héraðsskóla úr 2 / 5 í 1/2 og að bæta Þingeyingum upp það, sem á vantaði að skólinn hefði fengið styrk, sem því svaraði. Reistu Þingeyingar þá austurálmú skólans, sem annars hefði ekki getað orðið fyrst um sinn.”⁵¹³ Í bók um skólann kemur fram að Samband þingeyskra ungmennafélaga hafi verið í forystu um byggingu skólans og hafi afhent bygginguna héraðinu árið 1925. Við afhendingu hafi hún verið, eins og um hafi verið talað, tvær burstir með kjallara og risi. Þar segir enn fremur:

„En forvígismennirnir þess gátu ekki látið þar við sitja og höfðu þegar hafið undirbúning að byggingu sundlaugar við austurenda skólahússins. Þeir höfðu ákveðið að sundlaugin yrði neðsti hluti nýrrar álmu við skólann og því yfirbyggð sundlaug. Einar Jóhannsson yfirsniður skólans teiknaði lauginu og sá um framkvæmdirnar“⁵¹⁴ Í bókinni segir enn fremur: Einar yfirsniður skrifaði stjórn SÞU bréf í janúar 1925: „Sundlaugina hef ég teiknað 8x9 m á stærð, mér finst hún ekki mega vera öllu minni, gangstétt á tvo vegu og búningsklefa á báðum enda gangstéttarinnar. Gólfíð læt ég halla til að fá lauginu misdjúpa, getur hún verið allt að 2 metrum þar sem hún er dýpst, en 1,25 metr. grynnt og liggur þar trappa niður, mér finnst heppilegast að láta hana snúa út og suðurvestur við veginn og verður þá gengið inn í hana frá veginum eins og uppdrátturinn sýnir. Hana ef ég ætlað á 4.000,- þar hef ég gert ráð fyrir að brúka battinga þá sem til eru á staðnum til uppsláttar og mætti þar af leiðandi helst ekki innrétta efsta loftið fyrir en búið er að steypa sundlauginu. Á fyrsta




Fyrsta hugmynd Einars Jóhannssonar að sundlaugin á Laugum í Reykjadal. (Saga Laugaskóla 1925-1988, bls. 135)

⁵¹³ *Tíminn* 14.05.1930, bls. 111

⁵¹⁴ *Saga Laugaskóla 1925-1988*, Steinþór Þráinsson, bls. 134-135

bókfærða fundi skólaráðs Alþýðuskóla Þingeyinga sem haldinn var 16. júlí um sumarið var ákveðið að þegar skyldi ráðast í byggingu sundlaugarinnar sem ætti vera byggð sem kjallari nýrrar húsálmú áfastri skólahúsinu að austan. Þá var samþykkt að útvega lán til verksins til viðbótar þeim 5000 krónum sem Alþingi hafði veitt á framlögum 1926 og ráða Einar Jónasson yfirsmið sundlaugarinnar. Konráð Erlendsson eldri segir í minningum sínum að seinlega hafi gengið að grafa sundlaugarþrónna í melinn, enda ekki önnur áhöld að hafa en skóflur, mölbrióta og hjólbörur en melurinn var bæði harður og seigur. Hann segir að verkstjórinn hafi heitið Jón Einarsson, Ásgeir Austfjörð múrari á Akureyri hafi múrhúðað laugina og Benjamín Benjamínsson séð um vatnslagnir.⁵¹⁵ „Skólahúsið var steinsteypt með tvöföldum veggjum, tvílyft með kjallara og þremur samtengdum burstum, teiknað af Jóhanni Fr. Kristjánssyni byggingaráðunauti. Í kjallara hússins



Laugin á Laugum í Reykjadal. Myndin til vinstri sýnir póstkort af skólanum 1926-27 og á sundlaugarþakinu standa þrír drengir (Saga Laugaskóla 1925-1988, bls. 135). Myndin til hægri er af fullbyggðri byggingunni, tekin 2020, af höfundu

var yfirbyggð sundlaug sem var sú fyrsta sem gerð var í skóla á Íslandi. Laugaskólinn var fyrsti skóli á landinu sem hitaður var með laugarvatni. Nýting jarðhita til upphitunar átti eftir að verða veigamikill þáttur í staðarvali hérðasskólanna. Hún skipti sköpum fyrir rekstur þeirra auk þess sem sundkennsla og sundiðkun var mikilsráðandi þáttur í því að gera hérðasskólana aðlaðandi fyrir unglinga.⁵¹⁶

Árið 1925 kemur fram í *Íþróttablaðinu* að á Alþingi liggi fyrir erindi frá skólastjóra Alþýðuskóla Þingeyinga um styrk til sundlaugargerðar á Litlu-Laugum og hafi neðri deildin þá þegar lagt til 5000 kr styrk til verksins.⁵¹⁷ Kostnaður vegna skóla og sundlaugar skiptist á milli ríkis og Þingeyinga.

Sundlaugin var tekin í notkun í desember 1926. Í grein í *Tímanum* í árslok 1929 er fjallað um laugina og þar segir: “Mjög varð innilaugin vinsæl, og þótti nemendum þægilegt, að geta í norðlensku stórhriðunum gengið af svefnloftunum gegnum upphitun herbergi og fengið sér morgunbað í sundlauginni. Hefir sú orðið raunin á, að allir sem dvelja um stund á Laugum verða sundmenn og flestir góðir. Fyrir sundmentun sveitanna hefir laugin haft ómetanlega þýðingu. En þótt undarlegt sé hefir frá sumum andstæðingum skólans andað kalt til sundlaugarinnar á Laugum. Hefir því verið haldið fram í nafni fræðimensku, að óholt væri að synda í laugum, sem þak væri yfir. Væntanlega mun flestum þessum mönnum hafa gengið til ókunnugleiki á því að yfirbyggðar sundlaugar eru nú taldar hið mesta hnossgæti í öllum menningarlöndum, og notaðar vetur og sumar af ótölulegum fjölda fólks í stórborgum jafnvel hinna mildari landa, þar sem sund undir beru lofti ætti að vera auðveldara en á Íslandi að vetrinum til. Sem betur fer er þessi þekkingarvilla nú kveðin svo niður hér á landi, að ekki mun mein að verða. En furðanlegt er, að nokkrum skynberandi manni skuli

⁵¹⁵ Sama heimild, bls. 135

⁵¹⁶ Pétur Ármannsson. 2022, bls. 193

⁵¹⁷ *Íþróttablaðið* 01.02.1925, bls. 9



Laugin á Laugum 2020, ljósmyndir höfundur

hafa dottið í hug, að hentugt væri á sveitaskólum hér á landi, að freista unga fólksins til að vera nálega nakið við sundæfingar í opnum heitum laugum í frosti og harðviðrum. Eftir kosningamar sumarið 1927 breytti Alþingi styrkhlutun úr Þingeyjarsýslum, fyrir framlagi ríkissjóðs til héraðsskólabygginga, og skyldi nú greiða helming úr ríkissjóði. Áttu Þingeyingar þá nokkuð inni, og bygðu þeir með þeim styrk austurálmú hússins ofan á sundlaugina sumarið 1928.⁵¹⁸ Þegar sundskáli reis í Svarfaðardal var nokkuð litið til laugarinnar á Laugum sem fyrirmynd. Í bréfi frá Arnóri Sigurjónssyni frá Laugum til Svarfaldælinga leggur hann ríka áherslu á að þak laugarinnar verði steinsteypt og segir „Sundlaug okkar hér á Laugum er hituð upp með 4 stórum miðstöðvarofnum, lofthiti oftast um 20 stig, líkur og vatnshitun. Þó er rakinn svo mikill að alltaf drýpur úr loftinu jafnt og þétt. Gluggar og hurðir fúna sundur á 4-5 árum eins og horfir nú, annað tréverk er ekki í okkar laug. Ég get ekki skilið að bárujárnsþak verið endingarbetra yfir laug, líkri okkar, heldur en gluggarnir virðast verða.“⁵¹⁹

Í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að laugin var 11 x 6.4 m að stærð.⁵²⁰

„Gamla innisundlaugin á Laugum, sú elsta sinnar tegundar á landinu, ... gegndi mikilvægu hlutverki í nærfellt áttatíu ár þar til árið 2005 að vígð var ný útisundlaug sunnan við íþróttahúsið. Síðan þá hefur gamla innisundlaugin verið notuð sem félagsaðstaða og kennslustofa. Nýlega var ákveðið að smíða gólf í laugina til að auka notkunarmöguleika rýmisins.“⁵²¹

⁵¹⁸ *Tíminn* 23.12.1929, bls. 262

⁵¹⁹ *Íslendingur*, 1. tbl. 1979, bls. 4-5

⁵²⁰ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983. Yfirlit yfir mannvirki frá 1983* frá Menntamálaráðuneyti DD05, Þjóðskjalasafn Íslands. Í yfirlitinu er arkitekt sagður Guðjón Samúelsson.

⁵²¹ Vefur Framhaldsskólans á Laugum. <https://laugar.is/?p=1576>

SUNDSKÁLI HVERAVALLA (1930-1970)

*Staðsetning: Hveravöllum**Byggingarár: 1929/1930**Helstu endurbætur: 1937, 1942, 1948**Staða/ástand: Horfín**Höfundur: Jóhann Fr. Kristjánsson**Byggt af/eigandi: Ungmennafélag Reykhverfinga**Yfirbyggð/opin: byggð opin en yfirbyggð ári síðar**Hitun: Jarðvarmi*

Sundskáli Hveravalla var byggður af Ungmennafélagi Reykhverfinga og vígður 1930. Auk þess að vera sundlaug var skálinn mikið notaður sem félagsheimili/dansstaður og þá gólf sett í laugin. Laugin var 10 x 6 m að stærð en húsið var „lítið og lélegt“ samkvæmt yfirlitsskjali um sundlaugar frá Menntamálaráðuneyti frá seinni hluta 20. aldar en þar kemur einnig fram að laugin (eða jarðhitinn) hafi verið orðinn ónothæfur um 1970 og laugin þá að mestu komin úr notkun. Þó virðist hún eitthvað hafa verið notuð áfram, a.m.k. fram undir 1980.⁵²²

Í bókinni *Héraðssamband Suður-Þingeyinga 50 ára: afmálsrit* kemur eftirfarandi fram „...1929 hóf félagið sundlaugarbyggingu, sem var lokið að mestu, þegar steipt var þakhellan á þetta mannvirki seint í nóvember 1930, í hríðarveðri. Blessaðist þessi framkvæmd vel og hefur, að ég tel, orðið til ómetanlegs hagræðis fyrir félagsstarfið á ýmsan hátt. Þarna var nú fengin aðstaða til sundnáms, hvort sem var á sumri eða vetri, og svo var byggingunni einnig hagað, að fljótgert var að hleypa vatninu úr lauginni. Setja trégólf yfir dýpri enda hennar, og þá var fengin þarna rúmgóður samkomusalur, enda hafði félagið þarna um árabíl almennar skemmtisamkomur á miðju sumri (og sótti þangað oft fjölmenni), og svo félagsfundi, söngæfingar og fleiri mannamót, jafnvel brúðkaupsveizlur. En er hvort tveggja, að ungt fólk sættir sig ekki lengur við slíkan samkomusal sem laugin er, enda hefur Umf. Reykhverfinga hlotnast sú aðstaða nú, sem betur samsvarar tímans kröfum. [...] Laugin sjálf er 10x16 m og breið stétt fyrir enda hennar og einn fataklefi, allt úr járnbentri steinsteypu. [...] Árið 1937 var bætt við bygginguna gufubaðsstofu og salerni og 1948 byggði félagið enn til viðbótar annan fataklefa og einnig klefa með heitu og köldu steypibaði.“⁵²³


Þórður Jónsson í Laugarhlíð tók saman yfirlit um sögu laugar 1978 (varðveitt Héraðsskjalasafni Þingeyinga) og er hún hér birt lítið stytta:

„Frá hvern um í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu, hefur frá ómunatíð runnið mikið af sjóðheitu, hreinu vatni, sem í sameiningu við kalt uppsprettuvatn í næsta nágrenni verður að lítilli á sem Helgá heitir. Í henni var, þegar skammt leið frá síðustu aldamótum, hafin kennsla í sundi, við aðstaður, sem ekki þóttu þó viðunandi, þegar lengra leið og ungmennafélögin fóru að láta til sín taka, m.a. á sviði líkamsmenningar og íþróttu. U.M.F. Reykhverfinga (stofnað 10. nóv 1917), hófst því handa á vordögum 1929 við sundlaugarbyggingu á traustum grunni, örstutt frá Gatahver („Baðstofuhver“). [...] Fyrir lok júlí-mán. þ.a. var komið vatn í laugina og fólk að synda þar. Á næsta ári var svo laugin yfirbyggð og að mestu frá gengin til sinna nota. Eigandi þessa mannvirkis var – og er enn – u.m.f. Reykhverfinga, en til byggingarframkvæmdanna naut það fjárstuðnings mjög margra, stofnana og einstaklinga, m.a. sveitar- og ungmennafélaga, þeirra sem næst eru sundstaðnum, og svo einnig ríkisins, sem lagði fram fast að helmingi byggingarkostnaðarins, Sundbyggingu þessari var frá upphafi ætlað þrjúþætt hlutverk, og er þá fyrst að telja það að sundkennsla mætti þar fram fara. Og fyrsta námskeiðið í sunða var þar á útmánuðum 1931. – Og síðan hvort af öðru, með mislöngu millibili, alt til ársins 1970, en þá var það 44. í röðinni, og

⁵²² Yfirlitsskjali um sundlaugar frá Menntamálaráðuneyti, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵²³ *Héraðssamband Suður-Þingeyinga 50 ára: afmálsrit* Ritnefnd Gunnlaugar Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson, Þórður Jónsson. Héraðssamband Suður-Þingeyinga, 1965, Akureyri, bls. 142-143

nemendatalan, á þeim öllum samanlagt, orðin 949. – Kennsludagar á námskeiðum voru venjulega 12-14, og nemendatala komst upp í 36 á einu og saman námskeiðinu. – Þeir voru einkum úr nærsveitum við laugina, og svo ekki síður frá Húsavík, svo lengi sem ekki var byggð sundlaug þar. Stundum voru það hópar, á skólaskyldualdri, m.a. úr Flatey og Flateyjardal, meðan byggð var þar. Einnig úr N-Þingeyjarsýslu. Og oft og tíðum 1 eða 2-3 lengra að, frá Þingeyri, Siglufirði, Grímsey o.v.a.- Sundkennararnir voru á fyrstu árum heimamenn og ungm. félagar í Reykjahverfi, sem vel voru til starfsins færir, en síðar einatt aðkomumenn, með íþróttakennaramenntun að bakhjarli og þá komu oftast karlmenn. Og er margra góðra að minnast í hópi sundkennaranna. Næst er þess að



Sundskálinn á Hveravöllum. Ljósmyndir í efri röð (til vinstri) frá Héraðsskjalasafni Suður-Þingeyjarsýslu nr. 1100-2-33 og mynd til hægri frá Bygðasafni Skagafjarðar Bruno S, nr BS_2906.A_141, Ystibver gýs í forgrunni. Á neðri mynd til vinstri má sjá sundskálan úr fjarþeka, tekið frá Laufablið (Facebook síða Minjasafnsins á Akureyri) og á mynd í neðri röð til hægri má sjá sundlaugina búna sem veislusal, úr bókinni HDS 50 ára, bls. 143

geta að sundlaugarbyggingin þjónaði um langt árabíl því sérstæða hlutverki að vera aðalsamkomustaður í Reykjahverfi eða alt þar til þess er félagsheimili þess byggðalags komst á laggirnar og til nokkurra nota (1964). Vitanlega varð þó að hleypa vatninu úr lauginni fyrir hverja samkomu, og svo einnig oftast nær að leggja til þess sniðna tímurfleka yfir dýpri enda hennar, svo að gólfllötur „salarins“ væri allur í sömu hæð, og samkomugestir hefðu viðunandi olbogaráymi og athafnafrelsi, hvort heldur sem væri sitjandi eða dansandi, því annað húsrými fyrir þá en þessi 10 x 6 m salur, var svo takmarkað. En þröngt mega sáttir sitja, og saman standa, þegar svo ber undir. Þarna voru fundir af ýmsu tagi, söngæfingar karlakórs, afmælis- skírnar og jafnvel brúðkaupsfagnaðir og -veizlur, að ógleymdum öllum almennum skemmtisamkomum, og þá sér í lagi miðsumarssamkomum ungmennafélagsins, árvissum að heita mátti um langt skeið og mjög fjölsótt víða að. [...] 3. hlutverk sundlaugarinnar, sem hún hefur nú sinnt um 20 ára skeið, en það er að vera sundstaður, opin öllum, sem löngun hafa til sundiðkana. Og verður engri tölu komið á þá sem þeirra erinda hafa þangað komið. Að vísu var um árabíl sá háttur hafður á að sundlaugargestum var ætlað að skrá nöfn sín á eyðublöð til þess ætluð í búningsklefa laugarinnar. [...] Mest var aðsókn gesta eftir að byggð var gufubaðstofa, áföst við sundlaugarhúsið (1937) og

úr sama byggingarefni. [...] Nú á síðustu árum, eftir að nýtskulegri laugar eru komnar, hér og þar í nærsveitum, hefur mjög fækkað þeim, sem nota sundlaugina hér á Hveravöllum. En vinsældir hennar eru þó staðreynd [...] því þrátt fyrir auðsæ ellimörk á ytra borði byggingarinnar, þá er hlýja innan veggja hennar, og eins hreina vatnið bæði heitt og kalt til staðar, því líkt sem var á fyrstu árum þessa mannvirkis.⁵²⁴

Árin 1942 og 1948 veitti Íþróttanefnd ríkisins UMF Reykhverfis styrk vegna sundlaugar en ekki er ljóst hvaða endurbætur áttu sér þar stað.⁵²⁵

Ekki er vitað nákvæmlega hvenær húsið var rífið en líklega var það á árabilnu 1980-2000. Þess má geta að skammt frá yfirbyggðu lauginni var önnur laug í Laufahlíð, aðeins örfáum metrum frá þar sem rekið var barnaheimili fyrir krakka frá Akureyri á sumrin á árunum 1941-43 (af Þórði Jónssyni) en þar var heit sundlaug til afnota skv. upplýsingum við ljósmynd á Facebook síðu Minjasafnsins á Akureyri⁵²⁶ en líklega var ekki reist neitt laugarhús þar fyrr en miklu síðar og því ekki fjallað sérstaklega um laugina hér.

⁵²⁴ Þórður Jónsson í Laugarhlíð, *Söguleg úttekt um Hveravallalaug um 1978*, handrit varðveitt hjá Héraðsskjalasafni Þingeyinga

⁵²⁵ *Skínfaxi* 01.05.1942, bls. 46 og *Skínfaxi* 10.04.1948, bls. 58

⁵²⁶ Facebook síða Minjasafnsins á Akureyri 17. febrúar 2020.

KROSSDALIR/SUNDLAUGIN Í LITLUÁ (1946?-1960)

Staðsetning: Sundlaug við Litluá, *Höfundur:* Óþekkt/heimamenn
Keldumeshverfi

Byggingarár: 1946

Byggt af/eigandi: UMF Leifs heppna, Ríkissj.

Helstu endurbætur:

Yfirbyggð/opin: Opín

Staða/ástand: Sést til húss og laugar (2008) *Hitun:* Jarðvarmi

Lítið er vitað um laug og skála í Litluá í Krossdal en laugin virðist hafa verið í ánni og skáli við hana. Í bókinni *Land og fólk* segir: „Sund var lengi kennt í Litluá nærri upptökum en þar er áin um 14 gráðu heit. Fyrir 1950 var byggður þar skáli, lengi notaður við sundnámið.“⁵²⁷ Samkvæmt grein í *Þjóðviljanum* var úthlutað 300 kr styrk úr Íþróttasjóði árið 1946 fyrir sundskálanum við Litluá.⁵²⁸

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, er spjald fyrir sundstaðinn en þar kemur fram að ekki er vitað hver var eigandi. Þar segir: „Byggð stífla, hveravatn rennur í ána, skáli byggður við sundstaðinn síðast kennt 1960.“⁵²⁹ Í Skínfaxa 1948 kemur hins vegar fram að Íþróttasjóður styrkti UMF Leifs heppna í sundlaugargerð það ár og var sundskálinn fullgerður það ár.⁵³⁰

Göngubrú var yfir ána og var hún kölluð Bryggjan. Samkvæmt upplýsingum sem fylgdu ljósmynd af pollinum í Facebook færslu (Hildar Gunnlaugsdóttur) skiptist sundskálinn í stelpu- og



Laugin í Litluá. Myndin til hægri birtist á Facebook síðunni Gamlar myndir frá Kópaskeri og narsveitum, þann 3. maí 2021, færsla frá Hildi Gunnlaugsdóttur. Mynd til hægri er úr skráningarskýrslu Fornleifastofnunar Íslands, bls. 65

strákaklefa og á milli var kompa með kolakyndingu til að hita vatn í sturturnar. Hún segir einnig „Milli sundtíma náðum við í okkur hita í útileikjum. Jóhannes Þórarinsson í Krossdal / Árdal var sundkennari þegar ég man. Fyrir mörgum árum fórum við Bakkasystkin að skoða aðstæður þarna. Þá voru hænsni í sundskálanum og áin náði mér varla í hné.“

Skálinn var skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands 2006 en þar segir: „Skálinn, sem er steinsteyptur, stendur enn á vesturbakka Litluár rétt norðvestan við félagsheimilið

⁵²⁷ *Land og fólk*, 2003, bls. 84

⁵²⁸ *Þjóðviljinn* 14.01.1947 „Úthlutun úr íþróttasjóði ‘46“, bls. 7

⁵²⁹ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95,

⁵³⁰ *Skínfaxi* 01.04.1948, bls. 58

Skúlagarð og um 670 m austnorðaustur frá Krossdalsbænum. Enn kemur fyrir að menn dýfi sér í Litluá, þótt skálinn sé ekki lengur notaður.⁵³¹

Hvorki fundust gamlar myndir af skálanum né teikning.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

⁵³¹ Stefán Ólafsson/Fornleifastofnun Íslands. 2008, bls. 65.

SUNDLAUG ÞÓRSHAFNAR (1944-1998)

Staðsetning: Eyrarvegi 4b, Þórshöfn
Byggingarár: 1944

Höfundur: Bárður Ísleifsson/Húsameistari ríkisins
Byggt af/eigandi: UMF Langnesinga, (og Afturelding)
Kvenfélagið Hvöt, Skeggjastaða-, Saudanes- og
Svalbarðsstrandarhreppur, ríkisjóður

Helstu endurbætur:


Yfirbyggð/ opin: Opin

Staða/ástand: Hús og laug stöðu (laug fyllt)

Hitun: affallsvatn véla, síðar olíukynding

2021 – mögulega rifin sama ár?

Undirbúningur vegna sundlaugarbyggjnar á Þórshöfn hófst snemma á 5. áratug 20. aldar. Í *Langnesingasögu* segir: „Það voru Kvenfélagið Hvöt og UMFL sem beittu sér fyrir gerð hennar en fjármagn kom frá almenningi, hreppnum, íþróttasjóði ríkisins og félögum tveimur. Landeigendur, Guðmundur Vilhjálmsson og Ingimar Baldvinsson, gáfu lóð undir laugina. Sundþróin var úr steinsteypu, 12,5x5 metrar, og búningsklefar og önnur aðstaða var líka úr steypu. Sundlaugin var í fyrstu hituð upp með vatni af frystivélum frystihúss Kaupfélags Langnesinga en laust fyrir 1950 var keypt olíukynding til þess að hita vatnið með. Laugin var aðeins opin yfir



Í möppu fyrir Sundlaug Þórshafnar á meðal ganga úr safni Íþróttarsjóðs, Þjóðskjalsafn Íslands H26 er teikningin hér að ofan sem er ein af stöðluðu laugunum sem teiknaðar voru af sundlaugum á fyrri hluta 20. aldar. Teikningin er gerð af Bárði Ísleifssyni (Húsameistara ríkisins) og virðist hafa verið farið eftir benni í grunnatriðum þegar sundlaug Þórshafnar var gerð þótt reykháfi hafi verið batt við

sumarmánuðina, til septemberloka. Mannvirki þetta þótti hið merkasta og kom að góðum notum. Seinna voru unnar ýmsar endurbætur á sundlauginni og heitur pottur settur þar upp.⁵³²



Sundlaug Dórbafnar. Mynd til vinstri: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, mynd nr. HAP ÞOR 018 2-1. Mynd til hægri tekin af höfundu

Samkvæmt grein í *Morgunblaðinu* 1998 var laugin byggð fyrir almannafé að nokkru leyti. Voru dæmi um að foreldrar gæfu ákveðna upphæð fyrir hvert barn og landeigandi lagði landsvæði undir lagina.⁵³³

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, eru eigendur taldir Skeggjastaða-, Sauðanes- og Svalbarðsstrandarhreppur og Ungmennafélögin Afturelding og Langnesinga.⁵³⁴ Árið 1969 var sundlaugin lítt nothæf en ári síðar var komið var fyrir katli í henni.⁵³⁵ Í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að laugin er þá olúhituð og breitt yfir hana.⁵³⁶ Sundlaugin var jafnan opin í 4-5 mánuði á ári allt til 1998.⁵³⁷ Ný sundlaug var opnuð á nýjum stað á Þórshöfn 1995 og var síðar fyllt upp í gömlu sundlaugarþrónnu. Húsið stóð enn (2021) þegar höfundur var á ferð, en þá voru uppi hugmyndir um niðurrif og líklega hefur það verið rífið síðan.

⁵³² *Langnesingasaga II*, bls. 296–297.

⁵³³ Morgunblaðið 21.10.1998 <https://timarit.is/page/1917410?iabr=on#page/n15/mode/2up>


⁵³⁴ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵³⁵ Samantekt úr Menntamálaráðuneyti um sundlaugar landsins, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵³⁶ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, DD05 Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵³⁷ *Morgunblaðið* 21.10.1998, bls. 16

AUSTURLAND



Sundlaugar á Austurlandi. Loftmynd: Loftmyndir ehf

SUNDLAUG VOPNAFJARÐAR/SELÁRDALSLAUG (1949-)

Staðsetning: Vopnafirði
Byggingarár: 1949

Helstu endurbætur:
Staða/ástand: Í notkun

Höfundur: Bárður Ísleifsson/Húsameistari ríkisins
Byggt af/eigandi: Ungmennafélagið Einberjar/Vopnf.,
Ríkissj.
Yfirbyggð/opin: Opin
Hitun: Jarðvarmi

Saga laugarhalds í Selárdal í Vopnafirði er löng en Eggert og Bjarni geta þar um volgar laugar um miðja 18. öld.⁵³⁸ Elsta þekktu sundlaugin á þessum stað var steipt í Selárgili, nálægt ánni, rétt fyrir 1930 samkvæmt *Sveitum og jörðum í Múlasýslu*.⁵³⁹ Sú sundlaug brotnaði hins vegar í jökulhlaupi árið 1941. Ekki er getið um sundlaugarhús við þessa fyrstu laug og er hún því ekki skráð sérstaklega og




Tvær útgáfur af Selárdalslaug. Teikningar gerðar af Herði Björnsyni í apríl og maí 1945, byggðar á teikningu Bárðar Ísleifssonar af lauginni frá janúar sama ár. Á meðal teikninga Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti H27, varðveitt á Þjóðskjalasafni

⁵³⁸ Eggert Ólafsson II. 1975, bls. 114-115

⁵³⁹ *Sveitir og jarðir í Múlasýslu* bindi I, bls. 84

virðist raunar sem fleiri laugar hafi veirð byggðar á þessum stað, a.m.k. ef marka má frásögn Þorsteins Einarssonar íþróttafulltrúa „Í sumar var lokið við að byggja sundlaug í Vopnafirði. Sundlaug þessi er byggð í Selárgljúfrum við laug þá, sem er nú hin eina sem er í smíðum austanlands. Sundstaður þessi er einn hinn fallegasti, sem ég hefi séð og mannvirkið mjög traust. Sundlaugin stendur í hvammi niður í gljúfrum Selár. Gljúfrin tilkomumikil og áin fellur um flúðir eða gil og myndar lygna hylji. Þetta er í 3 eða fjórða sinn sem sundlaug er byggð á þessum stað. Hinar fyrri voru svo nærri ánn, að hún tók þær í vorleysingum. Sumt fólk hafði orðið vantrú á sundlaug í gljúfrinu vegna tveggja dauðsfalla sem átt höfðu sér stað við þennan sundstað. En bjartsýnt og raunsætt ungt og eldra fólk lét ekki slíkt á sig fá og hafa nú reist eina hina ágætustu sundlaug á Íslandi.“⁵⁴⁰

Eftir að eldri laug tók síðast af í vorleysingum var ákveðið að byggja nýja sundlaug fjær ánni. Það var ungmennafélagið á svæðinu sem stóð fyrir byggingu beggja lauganna.⁵⁴¹ Í grein sem rituð var í tilefni af 70 ára afmæli laugarinnar 2020 kemur fram að á fjórða áratugnum hafi komið til tals að gera sundlaug í þorpinu sjálfu og um tíma hafi verið rætt um að koma upp laug neðan við Garðsklett en fljótlega hafi verið horfið frá þeim hugmyndum. Talsverðu fé hafi hins vegar verið safnað í sundlaugarsjóð á árunum 1936-40. Í greininni segir ennfremur „Á fundi 1942 segir Björn



Laugarhús í Selárdal, undirrituð af Herði Björnssyni þann 9. maí 1945. Teikningin er víbót við teikningu Bárðs Ísleifssonar frá 1. janúar 1945. Á meðal teikninga Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti H27, varðveitt á Þjóðskjalasafni

⁵⁴⁰ *Vísir* 04.10.1950, bls. 5

⁵⁴¹ *Sama heimild*



Selárdalslaug. Myndirnar birtust á vef Ungmennafélagsins Einherja í tilefni af 70 ára afmælis laugarinnar 2020 og er önnur frá formlegri vígslu laugarinnar 1950 en hin nýleg. <https://www.einherji.net/frettir/70-ar-fra-vigslu-sundlaugarinnar-i-selargljufurum>

Jóhannsson skólastjóri frá því að hugur Íþróttanefndar ríkisins beinist að heitu uppsprettunni í Selárdal og uppbyggingu laugar þar. Ekki voru allir félagsmenn samþykkir þessum stað og nefndu menn nýjan stað í þorpinu fyrir laugina við frystihús Kaupfélagsins. Sundlaugin í Selárgljúfrum eina heita laug Austurlands og var strax talin einn fallegasti baðstaður landsins.⁵⁴² Framkvæmd við nýja laug í Selárgljúfrum í Selárdal hófust sumarið 1947. Ungmennafélagið vann ötullega að verkinu en einnig fengust styrkir í verkið frá Hreppsnefnd Vopnafjarðar, Íþróttanefnd ríkisins og fleirum og var laugin vígð 13. ágúst 1950. Ítarlega er fjallað um laugina í tilefni vígslunnar í *Skinfaxa* 1950 og er vígsluhátíð og laug þar lýst: „Sundþróin sjálf er 12,50 x 6 m. að stærð. Við laugina er byggt snoturt hús með aðstöðu fyrir böð, og heimavist fyrir 24 nemendur, kennaraherbergi, eldhús og borðstofa. Laugin er hituð upp með jarðhita, og má geta þess, að þetta er eina heita laugin byggð á Austurlandi, enda nokkuð notuð til baða á síðastliðinni öld, og þóttu böð þar holl gigtveikum. Nú hafa Einherjar gert margra ára draum að veruleika og með aðstoð Íþróttanefndar ríkisins komið þarna upp einum fegursta baðstað á landinu. Við laugina er hár melur, sem hefur verið hlaðinn upp með fallegum grasbekkjum. Vinnuna hafa Einherjar lagt til í frístundum sínum. Vígslan fór fram með hinni mestu þryði, þrátt fyrir miklar rigningar og óhagstætt veður við undirbúning. Jóhann Björnsson formaður Umf. Einherja stjórnaði hátíðinni. Fyrst messaði sr. Jakob Einarsson, prófastur, Hofi. Þá flutti Kjartan Björnsson formaður byggingarnefndar ræðu, þar sem hann rakti byggingarsögu sundlaugarinnar. Afhenti hann Einherjum laugina til afnota. Jóhann Björnsson tók við lauginni fyrir hönd Einherja og þakkaði byggingarnefnd og öðrum er unnið höfðu málinu vel. Þá stungu sér í laugina 3 ungir Vopnfirðingar. Bóas Emilsson íþróttakennari U.Í.A. flutti ávarp frá íþróttafulltrúa Þorsteini Einarssyni og kveðju frá stjórn U.Í.A. Að lokum sýndu börn nokkrar sundaðferðir og syntu boðsund. Dansað var í tjaldi fram eftir nóttu.”⁵⁴³

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, kemur fram að eigandi var enn Ungmennafélagið Einherjar.⁵⁴⁴ Í *Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi* 1976 segir: „Í henni er kennt börnum og unglíngum úr Vopnafjarðar- og Skeggiastaðahreppi.”⁵⁴⁵ „Endurbætur hafa verið gerðar á lauginni og er hún í ágætu ástandi, ávallt hefur þess verið gætt að halda umhverfi

⁵⁴² „70 ár frá vígslu sundlaugarinnar í Selárgljúfrum“ 13.08.2020, <https://www.einherji.net/frettir/70-ar-fra-vigslu-sundlaugarinnar-i-selargljufurum>

⁵⁴³ Skinfaxi 01.11.1950, „Vígsla Sundlaugar í Vopnafirði“ bls. 79-80. Byggir á frásögn Bóasar Emilssonar íþróttakennara.

⁵⁴⁴ Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵⁴⁵ *Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi* 1976, eftir Þorstein Einarsson, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

laugarinnar snyrtilegu. Fram undir 1975 var sundkennslu þannig háttað að nemendur dvöldu 1/2 mánuð í vist í húsum laugarinnar og mun oft hafa verið glatt á hjalla á þessum sundnámskeiðum. Í dag er börnum keyrt með skólabílum í sundkennslutímana. Vopnfirðingar nota sundlaugina mikið, enda um einstakan stað að ræða þar sem njóta má íslenskrar náttúru til hins ýtrasta um leið og sundsins.⁵⁴⁶

Á meðal teikninga Íþróttasjóðs fundust nokkrar teikningar af lauginni. Frumteikning af laug var gerð af Bárði Ísleifssyni 04.01.1945⁵⁴⁷ en á meðal teikninga sem fundust er þrívíddarteikning frá 1. maí 1945, gerð af Herði Björnssyni og grunnmyndir og flatarteikningar frá Herði frá 9. maí sama ár. Síðarnefnda teikningin er sögð „breyting á uppdrætti Bárðar Ísleifssonar húsameistara ríkisins, dagsett 4. janúar 1945.“⁵⁴⁸

⁵⁴⁶ <https://www.visitvopnafjordur.com/is/afthreying/sundlaugin>

⁵⁴⁷ Frumteikning Bárðar fannst þó ekki á meðal umræddra gagna

⁵⁴⁸ Teiknisafn Íþróttasjóðs H27, Þjóðskjalasafn Íslands

SUNDLAUG EIÐASKÓLA/ALÞÝÐUSKÓLINN Á EIÐUM (1943-)

Staðsetning: Eiðum

Byggingarár: 1943

Helstu endurbætur: 1969, 1977

Staða/ástand: Í notkun

Höfundur: Guðjón Samúelsson og Einar Erlendsson

Byggt af/eigandi: Ríkið

Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð

Hitun: Upphaflega olíubituð, svo bituð með raforku

Sundlaugin við Eiðaskóla var yfirbyggð og 12.5 x 6 m að stærð. Guðjón Samúelsson teiknaði laugin á samt Einari Erlendssyni ári 1938.⁵⁴⁹

Fjallað er um skólann á Eiðum í bókinni *Alþýðuskólinn á Eiðum*. Þar segir um sögu skólans: „Á Eiðum var starfræktur búnaðarskóli frá 1883 til 1918. Þá var breytt til og stofnaður „alþýðuskóli“, þ.e. tveggja vetra unglingaskóli með yngri og eldri deild. Búnaðarskólann ráku Múlasýslur, en ríkið rak alþýðuskólann...“⁵⁵⁰

Árið 1936 er þess getið í *Nýja dagblaðinu* og rafveita fyrir Eiðaskóla sé að verða tilbúin og muni hún duga fyrir hitun á húsum, ljósi og suðu og einnig fyrir hitun á sundlaug að mestu. Þar kemur fram að næsti áfangi, í beinu framhaldi af rafvæðingu, sé bygging sundlaugar.⁵⁵¹ Í greininni kemur fram að þegar Eiðaeignin var afhent ríkinu hafi það verið með því skilyrði að þar yrði rekinn vel útbúinn „æðri alþýðuskóli sem samsvaraði að öllu leyti kröfum tímans“ en engu að síður hafi það farið svo



Eiðalaug. Á mynd til vinstri er laugin í byggingu (mynd frá 1942, Héraðsskjalasafn Árnesinga - AL_MA_97_01479) en mynd til hægri sem er innan úr lauginni er frá Ljósmyndasafni Austfirðinga.

að Eiðaskóli hafi fengið rafstöð næst síðast af slíkum skólum og sé eini skólinn án sundlaugar. Í greininni kemur fram að Alþingi hafi samþykkt rífleg framlag til sundlaugar á Eiðum fyrir næsta ár og hafi ýmis félög og einstaklingar lýst yfir að þau muni styðja sundlaugarbygginguna með ýmsum hætti enda sér það mikið hagsmunamál fyrir Austfirðinga sem hafi setið eftir þegar kemur að uppbyggingu sundlauga sökum þess að þar sé jarðhiti takmarkaður.⁵⁵² Tveimur árum síðar, 1938 er laugin ekki enn komin í notkun en í grein í *Víði* frá sama ári kemur fram að til standi að laugin komist í gangið á næsta ári og þá verði Eiðaskóli eins útbúinn og „skólarnir á heitu stöðunum.“⁵⁵³

⁵⁴⁹ Samkvæmt yfirlitsskrá í bók Péturs Ármannssonar. 2020, bls. 405


⁵⁵⁰ *Alþýðuskólinn á Eiðum*. 1983

⁵⁵¹ *Nýja dagblaðið* 23.06.1936, bls. 2

⁵⁵² Sama heimild

⁵⁵³ *Víðir* 01.01.1936, bls. 52

„Sumarið 1939 var eftir allangan aðdraganda byrjað á sundlauginni, grafið fyrir henni þvert út frá norðausturhorni skólans. Það var mikill gröftur með handverkfærum. Kjallarinn var einnig steypur og laugarþróin 6.75 x 12.50 m og mesta dýpt 1.80 m. Síðan varð hlé á framkvæmdum til 1942, en þá haldið áfram og húsið byggt í einum fleng, lokið um mitt sumar 1943. Þá var að vísu búið að taka laugina í notkun. Hún var vígð í mars þetta ár. Rættist þá langþráður draumur þegar skólastúlkan Björg Finnbogadóttir og Benedikt Davíðsson, óreglulegur nemandi í skólanum þennan vetur, renndu sér niður í volgt vatnið, en þau voru einu syndu nemendurnir. Hins vegar komu þarna fullorðnir menn sem höfðu lært sund á dögum búnaðarskólans og á vegum ungmennafélaganna og syntu fram og aftur. Talsvert samskotafé safnaðist til íþróttahússins, upp undir 7 þúsund krónur í peningum, og auk þess 191 dagsverk í gröftinn 1939. Fyrstu framlögum var lofað 1935, en þá var sundlaugarmálið komið á dagskrá. Framkvæmd sundskyldulaganna innan fjórðungs á Austurlandi hófst á Eiðum vorið 1943 og sama ár og nokkrum mánuðum síðar á Neskaupsstað.“⁵⁵⁴ Íþróttahús var á efri hæð hússins. Húsin brunnu árið 1960 og var nýtt þak sett




Teikning af viðbyggingu fyrir sundlaugina á Eiðum. Teikningin er merkt Bárði Ísleifssyni/Húsameistara ríkisins í apríl 1942 og samþykkt af Íþróttasjóði 23/5 1942 af Íþróttasjóði. (Húsameistari ríkisins, C384), Þjóðskjalasafn Íslands.

á húsið strax eftir brunann og einnig skipt um gólf í íþróttahúsinu.⁵⁵⁵ „Sundlaugin var endurbætt 1969 og 1977 og þó var áður búið að skipta um glugga, sem voru orðnir fúnir. Fyrri árið var þróin flísalögð, en síðara árið sett í laugarsalinn loftræstikerfi og hljóðeinangrun úr timbri. Einhvern tíma var lagt grænt nælonteppi á laugarbarmana og er nú eins og að koma til heitu landanna að stíga þar

⁵⁵⁴ Sama heimild, bls. 41

⁵⁵⁵ Sama heimild, bls. 41



Teikning af viðbyggingu fyrir sundlaugin á Eidum. Merkt Bárði Ísleifssyni í apríl 1942. (Húsameistari ríkisins, C384), Djúðskjalasafn Íslands.

inn, vantar aðeins laufskrud trjáa. Áður voru búningsherbergi og baðklefar á tveimur hæðum við laugarsalinn, en þar hafa nú verið gerðar útidyr mót vestri og kennaraherbergi niðri en sánabað uppi.⁵⁵⁶ Í textanum kemur fram að gamli leikfimisalurinn hafi verið í húshlutanum sem var byggður 1926. Þar kemur fram að laugin var fyrsta yfirbyggða sundlaugin á Austurlandi.⁵⁵⁷

Í *Eiðasögu* er að finna nákvæmari lýsingu á húsinu úr skýrslu skólastjóra frá 1942: „Íþróttahöllin má heita fullgerð. Hún er hið myndarlegasta hús, vönduð að efni og vinnu, Húsið er teiknað í skrifstofum húsameistara ríkisins í samráði við íþróttafulltrúa [...]. Smiðir voru: Einar Stefánsson, Reykjavík og Guðmundur Þorbjarnason Seyðisfirði [...]. Húsið er 9,50x21 metri. Hæð 11.20 m. Viðvesturenda laugar er vélasalur, 4x9.5 m og 2.50 m á hæð. Í húsinu eru auk fyrrnefnds vélasalar: Á efri hæð: Leikfimisalur 9 m, lofthæð 5.20 m. Við enda salarins er búningsherbergi, sem jafnframt er leiksvið, og áfast við það er steypubaðklefi með heitum og köldum böðum, og salerni. Undir búningsherberginu er áhaldageymsla. Á neðri hæð: Sundlaugarsalur, sömu stærðar og leikfimisalur, sundlaugin er 6.75 x 12.50 m. Mesta dýpi er 1.80 m. Tveir búningssklar eru áfastir sundlaugarsal, með ræstiböðum og salernum. Gengið er inn í íþróttahúsið úr gamla fimleikasalnum, er var breytt í snyrtiherbergi og rúmgott anddyri, bæði fyrir skólann og íþróttahúsið. Vatnið í lauginni er hitað upp með miðstöð skólans, sem hituð er upp með rafmagni og kolum. Sundlaugarvatnið er á sífeldri hringrás gegnum sandsíu og hitara. Auðvelt hefur reynzt að halda lauginni hæfilega heitri. Skipt er um vatn tvisvar á ári. Vatnið helzt alltaf jafntært og ómeingað.“⁵⁵⁸

⁵⁵⁶ Sama heimild, bls. 42

⁵⁵⁷ Sama heimild, bls. 42

⁵⁵⁸ *Eiðasaga*. 1958, bls. 368-369

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti (líklega frá miðri 20. öld), kemur fram að laugin var hituð með raforku, bæði laug, baðvatn og loft.⁵⁵⁹

Í skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976 segir: „Þar er kennt börnum og unglíngum úr öllum hreppum á Héraði, 10 talsins, auk þess frá Stöðvarfirði, Borgarfirði, Breiðdal, Berufjarðarströnd, Geithellna- og Búlandshreppi.“⁵⁶⁰

Í Brunavirðing frá Brunabótafélagi Íslands dagsett 19. ágúst 1960 kemur fram að sundlaug og leikfímihús er 22 x 10 m stórt og hæð 10,8 m. „Sundlaugin er einangruð með vikarplötumen leikfímihúsið með torfi á timburgrind og klætt svo með texil og krossvið. Við endan á sundlauginn sem er 12. 5 m löng eru búningsklefar, en við endan á leikfímisalnum sem er 15.5 m langur er leiksvið.“ Í lýsingunni kemur fram að veggir eru steiptir og þakið er járnvarið timburþak og að steinsteipt loft sé á milli sundlaugar og leikfímihúss, skilrúm steipt. Húsið er hitað með miðstöð og í því eru rafmangsljós en hverki reykþáfur eða lendstæði.⁵⁶¹

Á undanförunum árum hafa mannvirki á Eiðum verið keypt og seld oftast en einu sinni og ýmsar ráðagerðir verið uppi um mögulegt hlutverk þeirra. Sumarið 2023 kom fram í frétt á Ruv að tveir athafnamenn að austan, þeir Einar Þorsteinsson og Kristmann Pálmason hafi keypt staðinn af Landsbankanum fyrir tveimur árum og ætli nú að hefja hann til vegs og virðingar. Þeir hafi þegar opnað gistirými fyrir 80 manns og ætli að halda áfram að gera mannvirki upp og gera að sveitahótel. Leggjá á hitaveitu í Eiða sem muni gjörbreyta rekstrinum og auðvelda möguleika á að nýta innvið s.s. sundlaugina segir Einar og virðist því sundlaugin enn vera á sínum stað.⁵⁶²

⁵⁵⁹ Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵⁶⁰ Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976, Þorsteinn Einarsson, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵⁶¹ Brunavirðing frá Brunabótafélagi Íslands dagsett 19. ágúst 1960, Héraðsskjalasafni Austurlands?

⁵⁶² <https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2023-06-20-eidastadur-tekur-stakkaskiptum-og-vaknar-til-lifsins-385943>

SUNDHÖLL SEYÐISFJARÐAR (1948-)

Staðsetning: Suðurgötu 5

Byggingarár: 1948

Helstu endurbætur: 1965, 1967, 2006

Staða/ástand: Í notkun

Höfundur: Guðjón Samúelsson/Bárður Ísleifsson

Byggt af/eigandi: Seyðisfjarðarkaupstaður/Ríkisð

Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð.

Hitun: Kynnt með olúkyndingu í fyrstu

Árið 1942 stofnuðu Seyðisfirðingar „sundlaugarsjóð“ og hófust handa við byggingu yfirbyggðrar laugar 1945. Laugin var vígð 8. júlí 1948. Hún var 12,5 x 7 m stór og var gufubað í kjallara hennar.⁵⁶³

Samkvæmt bók Péturs Ármannssonar um Guðjón Samúelsson þá teiknaði hann laugina ásamt Bárði Ísleifssyni á árunum 1945-1948.⁵⁶⁴ Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, er Bárður sagður hönnuður laugar og þar kemur einnig fram að hún var kynnt með olúkyndingu.⁵⁶⁵ Í Skrá um sundstaði og upplýsingar um sundlaugar er þess getið að fjarvarmaveita sé væntanleg í sundlaugina⁵⁶⁶ og í öðru yfirlitsskjali úr sömu öskju kemur fram að trégólf var sett yfir laug 1965 og að á vissum árstíma var húsið notað sem leikfimisalur. Í skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976 segir: „Þjónar einungis Seyðisfjarðarkaupstað og sveitinni.“⁵⁶⁷

Á meðal gagna frá Íþróttasjóði eru tvær tillögur (A og B) um breytingar á búningsklefum við sundlaugina, teiknaðar af Bárði Ísleifssyni, janúar 1966 en á heimildastigi rannsóknar er ekki ljóst hvort af varð og ef svo var hvor tillagan varð þá fyrir valinu.⁵⁶⁸ Á meðal ganga er einnig tillaga að „baðstofu í Sundhöll Seyðisfjarðar“ frá september 1976, teiknuð af Jes Einari Þorsteinssyni.⁵⁶⁹

Í grein Roni Horn í *Morgunblaðinu* 1999 segir hún undlaugina á Seyðisfirði sorglegt dæmi um endurbætur á laugarhúsum þar sem búið sé „að klæða að bygginguna að utan með állklæðningu, og skemma að innan með því að hylja að hluta til hágluggana sem eru svo einkennandi fyrir verk Guðjóns.“⁵⁷⁰

⁵⁶³ *Þjóðviljinn* 11.07.1938, „Sundhöll Seyðisfjarðar vígð“, bls. 7

⁵⁶⁴ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 450 (merkt Bárður Ísleifsson í yfirlitsskrá yfir verk hans í bókinni)

⁵⁶⁵ Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵⁶⁶ Skrá um sundstaði og upplýsingar um sundlaugar 1980, DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands 1980, bls. 2



⁵⁶⁷ Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976. Þorsteinn Einarsson, DD05, handriti á Þjóðskjalasafni Íslands

⁵⁶⁸ Gögn frá Íþróttasjóði, Menntamálaráðuneyti, H24, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵⁶⁹ Gögn frá Íþróttasjóði, Menntamálaráðuneyti, H24, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵⁷⁰ *Morgunblaðið* 10.04.1999, bls. 12 (Roni Horn)

Á vef Seyðisfjarðar kemur fram að laugin varð 50 ára árið 1998. Í greininni kemur fram að búið sé að bæta við tveimur heitum pottum (inni) auk gufubaðsins og nú sé hægt að ganga út í garð og þar eru bekkir og stólar til að sóla sig á.⁵⁷¹ Árið 2006 kemur fram í frétt í *Morgunblaðinu* að unnið hafi verið að ýmsu viðhaldi á lauginni, t.d. voru lagnir endurnýjaðar en mistök höfðu þá orðið



Teikning af Sundhöll Seyðisfjarðar merkt Guðjóni Samúelssyni og Bárði Ísleifssyni. Varðveitt á meðal gagna frá Húsameistara ríkissins, C393_02

⁵⁷¹ <https://www.sfk.is/is/thjonusta/ithrottir/sundholl>



Sundhöllin á Seyðisfirði, Ljósmyndir frá Héraðskjalasafni Austurlands. Efri myndin er númer 60-3114b en neðri myndin 60-3114 en hvorug er merkt ártali eða ljósmyndara

Þegar laugin var máluð sem urðu til þess að málningin flagnaði af þegar laugin var fyllt af vatni.⁵⁷² Sundhöllin er enn í notkun en hún hefur verið klædd málplötum og er ekki svipur hjá sjón miðað við stílhreinan svip hennar í upphafi.

⁵⁷² Morgunblaðið 26.02.2006, “Viðgerð á lauginni fór í vaskinn”

Sundhöll Seyðisfjarðar er sviplík nokkrum öðrum sundhallarbyggingum landsins frá því um miðbik 20. aldar, en meðal einkenna þeirra eru einföld form og háir gluggar. Þær sverja sig í ætt við Sundhöll Reykjavíkur.

SUNDLAUG NESKAUPSSTAÐAR/STEFÁNSLAUG (1943-)

Staðsetning: Miðstræti 15, Neskaupstað

Byggingarár: 1944

Helstu endurbætur: 2001-2006

Staða/ástand: Í notkun. Búið að rífa hluta af gamla laugarhúsinu norðan laugar en hluti stendur? Nýtt hús austan laugar og sjálf laugin að mestu endurnýjuð


Höfundur: Bárður Ísleifsson/Húsameistaraskrifstofa ríkisins,

Byggt af/eigandi: Neskaupsstaður, ríkissj.

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Kælivatns og oliubituð í upphafi

Saga sundlaugarhalds á Norðfirði nær aftur til upphafs 20. aldar en sundlaug var þar fyrst byggð á árunum 1911-1920. Í *Norðfjarðarsögu* er fjallað um aðdraganda og byggingarsögu eldri laugar og þar kemur fram að fyrst var rætt um gerð sundlaugar á fundi Ungmennafélags Norðfjarðar 27. nóvember 1910. Hugmyndin var sú að félagsmenn byggðu laugina sjálfir og öfluðu fjár til verksins eins og unnt væri. Var fyrst deilt um hvar laugin skyldi vera en síðar ákveðið að hún yrði við




Tvær ljósmyndir af Sundlaug Neskaupsstaðar eftir Þorstein Jósefsson. Báðar myndir eru teknar á bilinu 1944-1960, Mynd til mínstri númer ÞJ_Aust_374 en mynd til hægri ÞJ_Aust_373

Stóralæk í landi Bakka. Laugarbyggingin gekk þó hægt sökum fjárskorts en framkvæmdir hófust snemma árs 1912. Þá var gerður varnargarður og laug hlaðin (úr snyddu) en verkið virðist aldrei klárað. Árið 1920 tók Málfundarfélagið Austri sundlaugarmálið upp á sína arma og ákvað að ljúka gerð sundlaugarinnar.⁵⁷³

⁵⁷³ *Norðfjarðarsaga* II. bindi, bls. 677–680

Líklega hefur lítið skýli á einhverjum tímapakti risið við tjörnina en fátt er vitað um það og er þessi elsti sundstaður því ekki skráður sérstaklega hér enda varð skýlið ekki langlíft. Strax um 1929 er farið að ræða um að reisa steypa laug í bænum og safna í sjóð til þessa.⁵⁷⁴ Næstu ár var rætt um laugina og hvar hún skyldi vera og í grein frá 1933 er niðurstaða greinarhöfundar að best hljóti að fara á því að hafa laugina sambyggða skólalúsinu, en sú varð þó ekki raunin.⁵⁷⁵ Sundlaugin var vígð 1943. Í *Sveitum og jörðum í Múlasýslu* segir: „... glæsilegt mannvirki í fögru umhverfi í miðjum bænum. Utan við sundlaugina er lystigarður, upp undir hektari að stærð með hagræddu landslagi, trjám, og blómaskrúði, mikil bæjarprýði.“⁵⁷⁶

Laugin var teiknuð af Bárði Ísleifssyni/Húsameistara ríkisins og virðist gerð eftir teikningu frá 1942 sem Bárður gerði og notaði sem staðlaða teikningu af laug og laugarhúsum og var dreift víða. Nákvæmar virðist hafa verið byggt eftir þessari teikningu á Neskaupsstað en víða annars staðar þótt eitthvað hafi verið vikið frá upphaflegri teikningu og var t.d. stór reykháfur upp úr húsinu



Teikningin af sundlaug á Norðfirði er gerð af Bárði Ísleifssyni. Hönnunin var í raun stöðluð sundlaugarteikning og notaði Bárður hana sem grunnstefi í mörgum laugum. Í lauginni á Neskaupsstað virðist teikningunni fylgt nánar en víða annars staðar og var sundlaugarhúsið mjög áþekkt teikningunni. Teikningasafn Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti, H23, Þjóðskjalasafn Íslands

miðju enda naut laugin ekki jarðvarma eins og margar af þeim laugum sem risu á þessum tíma. Hún var í upphafi hituð með kælivatni og olíuhitun. Laugin var 25 x 8 m að stærð.⁵⁷⁷

Árið 1950 féllu aurskriður tvisvar á laugina og fylltu laug og búningsklefa af aur en Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi tók atburðinn sem dæmi um það hversu vænt fólki þætti um laugina sína: „Það sést glögglega af sögu sundlaugarinnar á Neskaupar, hve fólkinu þykir vænt um laugina sína,

⁵⁷⁴ Jafnarðarmáðurinn 31.12.1929, bls. 4.

⁵⁷⁵ Jafnarðarmáðurinn, 29.10.1933, bls. 4

⁵⁷⁶ *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, bindi III, bls. 10

⁵⁷⁷ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

Því að þrátt fyrir að aurskriður og vatnsflóð hafi tvívegis í ár runnið í gegnum búningsklefa og fyllt laugina, þá sér ekkert á henni, því að undir eins var gert við skemmdir og allur aur fjarlægður. Börn og unglingar unnu sleitulaust að því að hreinsa lagina.⁵⁷⁸

Á meðal teikninga Íþróttasjóðs eru teikningar af kyndilefa frá 1957-58 sem staðið hefur til að reisa við austurhlið suðurenda laugar en ekki er ljóst hvort af varð.⁵⁷⁹

Í skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976 segir: „olíuhitun, áður hituð með kælivatni af diselvélum. Þar er kennt börnum og unglingum í Neskaupstað, Norðfjarðarsveit og Mjóafirði.“⁵⁸⁰ Sundlaugin var endurbyggð á árunum 2001 til 2006. Fyrst var unnið að lagfæringu laugarþróar og síðar þjónusthúss. Á sama tíma var gætt við rennibraut við lagina.⁵⁸¹

Samkvæmt upplýsingum í spjaldskrá frá Húsameistara ríkisins er frumrit af laugarteikningu ekki til.

Af teikningunn má ætla að sundlaugarbyggingin á Neskaupstað hafi í upphafi a.m.k. verið mjög áþekk sundlaugarhúsi Ólafsfjarðar.

⁵⁷⁸ *Vísir* 04.10.1950, bls. 5

⁵⁷⁹ Teikningar Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti, H23, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵⁸⁰ Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976. Þorsteinn Einarsson, handrit DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵⁸¹ <https://www.visitfjardabyggd.is/menning-og-afthreying/sundlaugar/sundlaug/sundlaug-nordfjarar>

SUNDLAUG FÁSKRÚÐSFJARÐAR/BÚÐAKAAPTÚNS (1947-)

Staðsetning: Skólavegi 39-41

Byggingarár: 1947

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Í notkun

*Höfundur: Einar Erlendsson/Bárður Ísleifsson,
Húsameistaraskrifstofa ríkisins*

Byggt af/ eigandi: Búðabreppur/Ríkissjóður

Yfirbyggð/ opin: Yfirbyggð

Hitun: Olúbituð í uppbafi

Undirbúningur að gerð sundlaugar í Búðakauptúni hófst snemma á 5. áratug 20. aldar. Í bréfi sem ritað var af þeim Gunnari Ólafssyni og Birni Stefánssyn 15. maí 1942 (til Hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps) kemur fram að hvergi á landinu séu eins erfið sundskilyrði og þar en á síðustu árum hafi verið fundin upp aðferð til að hita upp sundlaugarvatn með bensíni eða hráolíuvélum og hafi sú aðferð t.d. gefist vel á Siglufirði og nú sé verið að byggja sundlaugar á Þórshöfn og í Neskaupsstað þar sem nota eigi hraðfrystihúsmótora til hitunarinnar og það sé einmitt sú aðferð sem þeir hyggist nota á Fáskrúðsfirði þegar leyfi hafi fengist. Þeir segja að verkið verði dýrt á sökum dýrtíðar en afar brýnt þar sem sundkunátta Fáskrúðsfirðinga sé mjög takmarkuð og varla geti talist að nokkur maður sé syndur þrátt fyrir að þeir stundi flestir sjósókn á einhverjum tímamarkum lífsins. Þeir segja því afar brýnt að hraða framkvæmd og að vel hafi gengið að safna í sundlaugarsjóð en nú þurfi Fáskrúðsfjarðarhreppur að leggja fé á móti svo hægt sé að hraða sundlaugarbyggingunni.⁵⁸² Sundlaug Búðakauptúns var byggð á árunum 1944-46 og árið 1945 fékk



Sundlaug Fáskrúðsfjarðar. Mynd til vinstri er tekin á árunum 1948-1965 af Þorsteini Jósefssyni (Sarpur nr. ÞJ_Aust_474) en myndin til hægri er af síðunni [around.is](https://www.around.is/s/sundlaug-faskrudsfjardar/) <https://www.around.is/s/sundlaug-faskrudsfjardar/>

laugin hæstu úthlutun frá Íþróttanefnd ríkisins.⁵⁸³ Hún var vígð 27. ágúst 1947. Sundlaugin var yfirbyggð og teiknuð af Einari Erlendssyni/Húsameistaraskrifstofu ríkisins.⁵⁸⁴ Hún var 12,5 x 6 m stór. Einar Sigurðsson var yfirmsiður við bygginguna samkvæmt frétt í *Þjóðviljanum*.⁵⁸⁵ Í greininni kemur fram að verð sundlaugarinnar var 334 þús. krónur og þar af voru 204 þús kr. frjálst framlag en 130 þúsund hafi verið greitt úr Íþróttasjóði.


⁵⁸² Bréf til Hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhreppar, ritað af þeim Gunnari Ólafssyni og Birni Stefánssyn 15. maí 1942, Fás 19-5, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁵⁸³ *Skínfaxi* 01.04.1945, bls. 67

⁵⁸⁴ Spjaldskrá Þjóðskjalasafns Íslands, DD, 95

⁵⁸⁵ *Þjóðviljinn* 29.08.1947, „Sundlaug Búðakauptaða vígð“, blaðsíðutal vantar

Í skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976 segir: „Þar kennt börnum og unglíngum úr Búðakauptúni og Fáskrúðsfjarðarhreppi“⁵⁸⁶




Tvær teikningar af Sundlaug Fáskrúðsfjarðar. Sú efri er merkt Einari Erlingssyni frá júlí 1938 (Húsameistari ríkisins_C1015) en sú neðri, sem byggt var eftir (Húsameistari ríkisins C384_07) er frá 20. janúar 1944, gerð af Bárði Ísleifssyni.

⁵⁸⁶ Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976. Þorsteinn Einarsson, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaug Fáskrúðsfjarðar er enn í notkun. „Sundlaugarhúsið er tvískipt og var austurhluti þess leikfimisalur og samkomuhús staðarins á árum áður. Félag eldri borgara á Fáskrúðsfirði hefur nú þennan hluta til afnota fyrir félagsstarf sitt,“ segir í visitfjardabyggd.is

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

SUDURLAND



Sundlaugar á Suðurlandi. Loftmynd: Loftmyndir ehf

SUNDLAUGIN HVAMMI, SKAFTÁRTUNGU (1937-1970)

Staðsetning: Hvammi, Skaftártungu

Höfundur: Ókunnungur

Byggingarár: 1937

Byggt af/ eigandi: UMF Bláfell

Helstu endurbætur:

Yfirbyggð/ opin: Opin

Staða/ástand: Laug á sínum stað, rústir
laugarhúss sjást

Hitun: Jarðhiti

Ungmennafélagið Bláfell/Bláfjall í Skaftártungu beitti sér eins og mörg ungmennafélög fyrir gerð sundlauga. Fyrst stóð það fyrir gerð torflaugar í Hlíð (eftir 1916 – en ekki er getið um laugarhús þar og laugin því ekki skráð sérstaklega hér) en síðar, árið 1937, gerði það steinsteypta sundlaug í Laugargili í landi Hvamms.⁵⁸⁷ Í skýrslu um atvinnulíf og byggðaðróun er þess getið að í Laugargili sé að finna eina staðinn í Skaftártungu þar sem jarðhiti hafi verið nýttur á þessum slóðum „en þar voru tvær smálindir nytjaðar til sundlaugar til skamms tíma. Hitastig vatnsins í Laugargili er um 20°C, en rennsli einungis um eða innan við 0,5 l/s.“⁵⁸⁸ Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, kemur fram að laugin var 8 x 4 m að stærð⁵⁸⁹ og í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að þróin sé steinsteypt og yfirborðið múrhúðað en laugarhús sagt „skúr“. Þar kemur fram að arkitekt sé „ókunnugur og á meðal teikninga Íþróttasjóðs



Sundskeyli í Hvammi. Til vinstri, ómerkt teikning sem er geymt á meðal teikninga Íþróttasjóðs, Þjóðskjalasafn Íslands. Til hægri er mynd úr fornleifaskráningu af lauginni og rústum laugarhúss ofan hennar (horft til suðurs), Kristborg Dórsdóttir/Fornleifastofnun Íslands

⁵⁸⁷ *Sunnlenskar Byggðir VI*, bls. 262

⁵⁸⁸ V-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands: atvinnulíf og Byggðaðróun, Byggðastofnun, júní 1989, bls. 67

⁵⁸⁹ DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

fannst teikning af lauginni, ómerkt og án dagsetningar.“⁵⁹⁰ Í öðru yfirlitsskjali úr Menntamálaráðuneyti kemur fram að laugin sé opin og orðin ónothæf um 1970.⁵⁹¹

Sundlaugin var skráð af Fornleifastofnun Íslands í fornleifaskráningu í Skaftártungu 2018 (fornleif SF-178:012) en í henni segir: „Sundlaugin var steipt og við hana var einnig steipt hús með tvískiptum búningssklefa. Það splundraðist í óveðri. Gilið er gróið að miklu leyti, alldjúpt og bratt. Í vestanverðu gilinu, vestan við sundlaugina er malarbrekka. Svæðið í kringum laugina er víða útroðið eftir holdanaut í lausagöngu. Sundlaugin er nokkuð heilleg, hún er 10x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Í henni stendur vatn. Laugin er niðurgráfin og standa veggir hennar lítið upp úr jörðu ef frá er talin VSV-hliðin. Dýpt laugarinnar virðist vera 1,5 m en talsverður jarðvegur er ofan í henni. Fast NNV við sundlaugin eru steypuleifar úr búningssklefa í hrúgu. Borhola með röri er við klett í brekkurótum ofan og NNV við laugina. Vatn vellur upp úr rörinu.“⁵⁹² Ekki fannst gömul ljósmynd af lauginni í notkun en af teikningu að dæma var húsið lítið steinsteypuhús með skúrþaki. Tvennar dyr voru á því að laug, inn í karla- og kvennaklefa. Lítil gluggi var á báðum hliðum.

⁵⁹⁰ DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁵⁹¹ DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands

⁵⁹² Fornleifaskráning í Skaftártungu IV (væntanleg), fornleif SF-178:012

SELJAVALLALAUG (1923-)

Staðsetning: Seljavöllum, Hvolsvelli

Byggingarár: 1923

Helstu endurbætur: 1930, 1936, 1979, 1995

Staða/ástand: Í notkun.

Höfundur: Heimamenn


Byggt af/ eigandi: Ungmennafélagið Eyfellingur

Yfirbyggð/ opin: Opin

Hitun: Jarðhiti,

Annað: Laugin var fríðbjóst 12.06.2006

Fyrsta laugin á Seljavöllum var gerð rétt framan við gljúfur Laugarár og myndaði klettaveggur norðurhlíð hennar. Laugin var gerð sumarið 1922 en hana tók af strax sama ár og var þá hafist handa við nýja laug fjær ánni og er það í grunninn sú laug sem enn er á þessum stað. Eldri laug var ekki með laugarhúsi og er því ekki skráð sérstaklega.



Seljavallalaug Austur-Eyjafjallasveit í Rangárvallasýslu. Teikningin er óundirrituð og ódagsett, en er merkt Alþingi, nr. 2/1926. Stjórnarráð Íslands I. Db. 7, nr. 450. Varðveitt í teikningasafni Þjóðskjalasafns Íslands 22/7.

Björn Andrésson (frá Berjakoti) var einn helsti forystumaður þess að Seljavallalaug var gerð og rekur hann aðdraganda þess og byggingarsögu í grein í *Godasteini* 2001. Björn sótti íþróttanámskeið á vegum Íþróttafélags Reykjavíkur snemma sumars 1922 en það var hugsað fyrir menn víðsvegar af landinu sem gætu svo kennt íþróttir í heimabygðum. Nokkru síðar þegar hann var kominn heim eftir ýmsa vinnu fékk hann Ólaf Pálsson á Þorvaldseyri í lið með sér til að meta hvort hægt væri að gera sundlaug í Laugarárgili. Fundu þeir hentugan stað og töldu að grafa mætti fyrir laug og veita vatni í hana og töldu að það væri jafnvel hægt að gera á degi ef þeir fengu alla dregi yfir fermingaraldri með sér. Á móti lofaði Björn að kenna þeim sund á einni viku þegar laugin væri

komin. Með þessu náðu þeir að smala saman 25 drengjum sem unnu allann daginn en náðu þó ekki að klára en ákváðu að vinna einnig sunnudag til að ljúka verkinu og það tókst. Vikuna á eftir var drengjunum kennt að synda en þessi elsta laug var hlaðin að innan með grassniddum og þökum. Hún var 9 x 4.5-5 m stór (10 x 7 m skv. grein í *Íþróttablaðinu*) og grjót- og torfhlaðin en hélt hún varla vatni.⁵⁹³ Þegar laugin var tilbúin var haldið sundnámskeið og lágu menn í tjöldum á meðan námskeiðinu stóð. Síðar sama ár stofnuðu þáttakendur ungmennafélag og fyrsta samþykkt þess vart að reisa steinsteypa laug. Hafist handa við hana strax milli jóla og nýárs 1922. Um vorið var verkinu haldið áfram og steypur botn í laugina og leitt í hana vatnið, var þá einnig gerður ruddur vegur að henni. Þá um haustið var laugargerðinni lokið og var þá byggður „rúmgóður klefi við hana.“ Lauginni er lýst á eftirfarandi hátt í *Íþróttablaðinu* 1939: „Laugin er að stærð 9 x 25 m. og dýpt 1—2,25 m. Heita vatnsleiðslan að henni er 40 m. Kaldur lækur rennur við annan enda hennar svo hægt er að nota steypibað eftir hverja sundæfingu. Umhverfis laugina eru há og hrikaleg fjöll svo að segja á alla vegu, og skamt frá henni rennur Laugará með ísköldu jökulvatni.”⁵⁹⁴

Framkvæmdinni lauk fyrir fyrir slátt þetta ár. Vinnan var öll unnin í sjálfboðavinnu og voru dagsverkin í kringum 365.⁵⁹⁵ Laugin var lengi með stærstu sundlaugum landsins.⁵⁹⁶ Af ljósmynd af lauginni frá 1931 má sjá að í upphafi hefur klefinn aðeins verið hluti þess húss sem nú stendur og



Seljavallalaug. Mynd til vinstri er líklega tekin 1938 (birt í Facebook bópunum Gamlar myndir (Sigrún Sighvatsdóttir) og mynd til hægri er tekin af Ottó Eyfjörð um 1970, Héraðsskjalasafn Árnesinga 2013_10_OE_05718

var greinilega fyrst byggt húsið allra syðst. Það var einfaldur steypur klefi með dyrum á miðjum vesturvegg, að laug.⁵⁹⁷ Af teikningu af lauginni frá 1926 má þó sjá að strax þá hefur staðið til að byggja lengra hús sem svipar mjög til þess hús sem enn er á staðnum.⁵⁹⁸

Í grein í *Morgunblaðinu* árið 1936 kemur fram að nýverið hafi gert vonskuveður og þá hafi Laugará rofið langvegg laugarinnar og gólf þannig að gaflarnir stóðu einir eftir. Þar kemur fram að laugin sé nú yfirgróin af aur og þurfi að ákveða hvort grafa skuli hana upp og víggera eða gera nýja laug

⁵⁹³ „Frásögn af byggingu Seljavallalaugar, *Godasteinn* 2001. Björn J. Andrússon, bls. 132-134, *Íþróttablaðið*, 01.05.1929, bls. 37

⁵⁹⁴ *Íþróttablaðið*, 01.05.1939, bls. 37-38.

⁵⁹⁵ Sama heimild, bls. 138-139

⁵⁹⁶ *Sunnlenskar byggðir* IV, bls. 36

⁵⁹⁷ *Lesbóke Morgunblaðsins* 26.07.1931, forsiða

⁵⁹⁸ Ómerkt teikning af Seljavallalaug og landinu í kringum hana. Óundirrituð og ódagsett, en er merkt Alþingi, nr. 2/1926. Stjórnarráð Íslands I. Db. 7, nr. 450. Varðveitt í teikningasafni Þjóðskjalasafns Íslands 22/7

en líklega verði það fyrrnefnda fyrir valinu. Var raunin því sú að gert var við laugina og hún steyppt að nýju þá sama haust.⁵⁹⁹

„Árið 1943 ákváðu Óskar Ásbjörnsson, þáverandi bóndi á Seljavöllum, og Anna kona hans að gefa allt það vatn sem til laugarinnar þyrfti úr landi sínu um ókomin ár. Ekki þótti í þá tíð nauðsynlegt að þinglýsa þessari gjöf né eignarhaldi á lauginni svo aðeins var haft um þetta munnlegt samkomulag“⁶⁰⁰

Árið 1954 voru unnar talsverðar viðgerðir á laugarhúsinu og m.a. komið upp salerni þar en það var skammlíft.⁶⁰¹

Í grein um laugina í *Morgunblaðinu* 1997 er fjallað um laugina og kemur þar fram að lauginni hafi verið vel „við haldið á árum áður og var eins konar sameiningartákn sveitarinnar, allir voru sem einn maður þegar kom að viðhaldi hennar og umgengni. En eftir að sundkennsla lagðist af [1960] í lauginni tók að snúast til verri vegar og árið 1995 var ástand hennar orðið mjög slæmt [reyndar kemur fram í *Sunnlenskum byggðum* að sumarið 1979 hafi laugin verið endurbætt og lagfærð til muna].“ Botninn var sprunginn og hélt ekki vatni og byrjað var að grafast undan lauginni. Þá tóku sig til nokkrir brottfluttir Eyfellingar sem með góðri aðstoð heimamanna hófu að lagfæra laugina; botninn var þéttur og vatnslögn til laugarinnar lagfærð. En þetta voru einungis viðgerðir til bráðabirgða. Síðastliðið haust var haldinn fundur til undirbúnings stofnunar félags um varðveislu Seljavallalaugar og eru allir, sem áhuga hafa á þessu málefni velkomnir í félagið. Næsta vor stendur til að gera nokkurt átak til lagfæringar á lauginni...“ En talsverðar lagfæringar voru gerðar þá sem lauk 1998, fyrir 75 ára afmæli laugarinnar.⁶⁰²

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, kemur framað síðast var kennt í lauginni 1962.⁶⁰³ Í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að arkitektar laugarinnar séu heimamenn, að laugin sé hituð með jarðhita en „ónothæf.“⁶⁰⁴

Laugin fór illa í Eyjafjallajökulsgosinu 2010 og þurfti að moka upp úr henni gríðarlegu magni af gjósku áður en hægt var að nota hana að nýju.⁶⁰⁵

Í blaðgrein í *Morgunblaðinu* 2006 er fjallað um að Húsafríðunarnefnd hafi lagt til að laugin verði friðuð. Þar kemur fram að eftir að hafa skoðað hana í fyrrasumar samþykkti húsafríðunarnefnd eftirfarandi með friðun í huga: „Seljavallalaug er ein elsta steinsteyppta laug landsins sem varðveist hefur og hefur hún sem slík mikið menningarsögulegt gildi. Margar slíkar laugar voru gerðar um land allt á 3.-4. áratug 20. aldar og er Seljavallalaug sú sem varðveist hefur best í upphaflegri mynd. Laugin og nánasta umhverfi hennar hefur auk þess sérstakt listrænt gildi vegna áhrifamikils samspils hins steyppta mannvirkis við náttúruna. Gert er ráð fyrir að friðunin taki til laugarinnar, mannvirkja við hana og nánasta umhverfis. Þá var einnig samþykkt tillaga formanns um að láta gera mælingateikningar af lauginni.“⁶⁰⁶

⁵⁹⁹ *Morgunblaðið* 22.09.1936, bls. 6

⁶⁰⁰ Kristín Una Sigurðardóttir, Laugar landsins BA ritgerð, bls. 9

⁶⁰¹ *Bændablaðið* 02.06.2023, „Einstök sundlaug“ Erla Hjördís Gunnarsdóttir

⁶⁰² *Morgunblaðið* 19.02.1997 „Nokkur orð um Seljavallalaug og ástand hennar“ aðsend grein frá Páli A. Andræssyni

⁶⁰³ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁰⁴ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, Menntamálaráðuneyti, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁰⁵ *Bændablaðið* 02.06.2023, „Einstök sundlaug“ Erla Hjördís Gunnarsdóttir

⁶⁰⁶ *Morgunblaðið* 30.01.2006, bls. 46F „Vill friða Daltangavita og Seljavallalaug“

Að Seljavallalaug er um 15 m gönguleið. Laugin er byggð við klettavegg sem myndar norðurhlið hennar en báðir endar hennar og hin langhliðin eru steinsteypt. Við sundlaugarendann eru einföld, þrískipt bygging sem þjónar hlutverki búingsklefa en í henni eru engar sturtur.

Samkvæmt upplýsingum úr BA ritgerð Kristínar Unu Sigurðardóttur voru laugarhúsin byggð úr afgangssementi sem féll til við laugargerðina og búingsklefarnir eru enn að mestu óbreyttir að því frátöldu að árið 1936 voru þeir stækkaðir.⁶⁰⁷ Af teikningu sem fannst af lauginni og umhverfi hennar á Þjóðskjalasafni og er frá 1926 virðast hins vegar gert ráð fyrir áþekku laugarhúsi að stærð og síðar reis, en húsið byggt í a.m.k. tveimur áföngum. Á teikningunni er húsinu skipt í tvö litla búingsklefa norðar en svo „íbúðarklefa“ sunnar og litlum „baðklefa/kerlaug“ að baki. Af teikningunni að dæma var dýfingarbretti ofan í laugina á miðjum vesturenda hennar upphaflega.

Búingsklefarnir eru í framhaldi af eystri skammhlið laugar. Þeir eru einfaldir að formi úr grófri, hvítmálaðri steypu og með hallandi þaki. Samspil laugar og náttúru er einstakt enda markar klettaveggur norðurhlið hennar og laugin að talsverðu leyti niðurgrafin. Ekkert hreinsikerfi er í lauginni og því vex talsverður gróður í henni á milli þess sem hún er hreinsuð.

Laugin fannst ekki á fasteignaskrá. Skv. MÍ var lögð inn umsókn vegna laugarinnar 2016.

Laugin fagnaði 100 ára afmæli sínu sumarið 2023 og birtist þá m.a. grein um sögu hennar í Bændablaðinu.⁶⁰⁸

⁶⁰⁷ BA ritgerð Kristínar Unu Sigurðardóttur, 2009, bls. 19

⁶⁰⁸ *Bændablaðið* 02.06.2023, „Einstök sundlaug“ Erla Hjördís Gunnarsdóttir

SUNDLAUGIN Á LAUGALANDI (1936-)

Staðsetning: Holtabreppi

Byggingarár: 1936

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Laugarhús borfin vegna yngri laugarhúsa og laug líklega líka.

Höfundur: Heimamenn

Byggt af/ eigandi: Ungmennafélagið Ingólfur, ríkissj.

Yfirbyggð/ opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Í *Sunnlenskum byggðum* er fjallað um sundlaugin á Laugalandi en bygging hennar tengist stofnun Ungmennafélagsins Ingólfs árið 1908: „Á fyrstu árum starfaði félagið af miklum krafti sem stjórnadist af brennandi áhuga félagsmanna. Það sést best af því að þá var hafist handa við byggingu hnaushlaðinnar sundlaugar að Laugalandi. Rekstur hennar hófst árið 1910 og hefur félagið haldið uppi rekstri sundlaugar á Laugalandi allt frá þeim tíma til þessa dags.“⁶⁰⁹ Ekki eru vísbendingar um að laugarhús hafi staðið við eldri laug og var hún því ekki skráð sérstaklega. „Árið



Sundlaugin Laugalandi í Holtum. Ljósmynd til vinstri er frá Héraðsskjalasafni Arnesinga, tekin af Otto Eyjförð nr. 2013_10_OE_00286 og mynd til hægri af samkomuhúsinu tekin 1948 Sarpur (Byggðasafnið Skógum) nr. A-R-Hús-84

1936 var laugin endurbyggð úr steinsteypt og er það sú laug sem enn er notuð.“⁶¹⁰

Í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að arkitekt laugar hafi verið heimamenn.⁶¹¹ Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, kemur fram að eigandi er Ungmennafélagið Ingólfur. Þar er laugin er sögð byggð 1933 og vera 16,67 x 7 m að stærð.⁶¹² Í grein í *Skinfaxa* 1950 er laugin hins vegar sögð 15 x 8 m og sagt að við hana hafi fljótlega verið reist bráðabirgðahúsnæði (ekki skráð sérstaklega). Árið 1942 fékk UMF Ingólfur 2000 kr styrk frá Íþróttanefnd ríkisins vegna sundlaugarbyggingarinnar og er það líklega vegna byggingar samkomuhússins.⁶¹³ Á árunum upp úr 1940 var farið að ræða byggingu veglegs samkomuhúss við laugin og var það vígt í september 1946. Húsið var íþrótt-, samkomu- og fundarhús en einnig sundlaugarhús. Húsinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Húsið er úr steinsteypu og er stærð þess 8 ½ x 23 m. Fyrst er forstofa og snyrti- og hreinlætisklefar, þar yfir er loft, þar sem m. a. er geymt

⁶⁰⁹ *Sunnlenskar byggðir* V, bls. 219

⁶¹⁰ Sama heimild, bls. 219

⁶¹¹ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, Menntamálaráðuneyti DD95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶¹² Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95 Þjóðskjalasafn Íslands.

⁶¹³ *Skinfaxi* 01.05.1942, bls. 46

bókasafnið. Þá kemur salur, sem nær yfir breidd hússins og er um 13 m. á lengd og síðan upphækkun, eða „sena”, þar sem meðal annars eru haldnir smærri fundir og þar fara veitingar fram í sambandi við samkomur. Þar undir er kjallari, sem fyrst og fremst er í sambandi við sundlaugina, þar eru bæði búningsklefar og böð o.fl. Í húsinu er sjálfrennandi heitt og kalt vatn, enda er húsið enigöngu hitað með laugvatninu. Húsið hefur ljós frá mótoraftöð. ⁶¹⁴

Af þeim upplýsingum að dæma sem birtust í grein um vígsluna í *Morgunblaðinu* 1945 kann húsið að vera fyrsta búningsaðstaðan við laugina en þar segir: „Bygging íþróttahússins að Laugalandi hófst vorið 1944, en var ekki lokið að fullu fyrr en að áliðnu sumri þ.a. Holtamenn, eldri sem yngri, sameinuðust um að reisa húsið með gefinni vinnu, fjárframlögum úr hreppssjóði og nokkrum styrk frá Íþróttasjóði ríkisins. Fullgert kostar húsið um 270 þúsund krónur og hvílir nú allhá skuld á því sem hreppurinn er í ábyrgð fyrir. Áður (1933) hafði verið byggt steinsteyppt sundlaug á staðnum, sem ungmennafjelagar og aðrir áhugamenn sveitarinnar hrundu í framkvæmd. Volgar laugar eru skammt frá húsinu og er leitt í pípum frá þeim 45-48 stiga heitt vatn, sem rennur í gegnum miðstöðvarofna hússins, í sundlaugina og hitar hvort tveggja nægilega. Þó er miðstöðvarketill í sambandi við miðstöðvarkerfið til öryggis, ef laugarvatnið reynist ónógt til upphitunar á húsinu, þegar kaldast er. Húsið er byggt úr steinsteypu, fóðrað að innan til einangrunar með pappa og trjetexi en múrhúðað innst. Utan á veggjum er skel. – Stærð hússins er 21 x 8 m. – skiptist í anddyri, sal og upphækkað leiksvið. Meðfram anddyrinu beggja handa eru snyrtiherbergi, vatnssalerni, fatageymsla og uppgangur á loft yfir innganginum, sem opið er uppi inn í salinn. Undir leiksviðinu, í kjallara, eru steypuböð, búningsherbergi og vatnssalerni, til afnota fyrir sundnema o.fl. Rafljós eru í húsinu, orka frá mótör. Teikning hússins er gerð hjá Húsameistara ríkisins. Steinsteypuna og múrverkið annaðist Ingvar Guðmundsson, frá Þjóðólshaga og Guðni Halldórsson, múrari, báðir í Reykjavík. Trjesmiði annaðist Helgi Kristjánsson, trjesmiðameistari Reykjavík. Hita- og vatnsleiðslur annaðist Runólfur Jónsson frá Hárlaugsstöðum, pípulagningarm, Rvk. Um raflögn í húsið sá Þorsteinn Guðmundsson, rafvirki, frá Selfossi og málningu Ásgeir Einarsson, málarameistari, Hafnarfirði. ⁶¹⁵

Í samantekt um sögu Laugalandsskóla kemur fram að upp úr 1975 hafi gömlu mannvirkin ekki lengur þótt fullnægjandi: „Gamla samkomuhúsið á Laugalandi fullnægði ekki kröfum tímans um aðstöðu til leikfímikennslu og annarra íþróttaiðkana skólanemenda. Sama mátti segja um sundlaugina sem var orðin gömul og þótti of lítil. Árið 1977 samþykkti skólanefndin að stefna bæri að því að reisa ný íþróttamannvirki við skólan og tímabært væri að afla fjárveitinga til slíkra framkvæmda. Áformað var að byggja mikið hús – samtál 2639 fermentrar á tveimur hæðum að íþróttamannvirkjum meðtöldum. Í þessum stórhýsi var gert ráð fyrir mötuneyti með eldhúsi og borðstofu, kennslustofu smíðastofu, bókasafni og ýmsu öðru ásamt fullkomnum íþróttasal og útisundlaug. ⁶¹⁶ Í samantektinni kemur fram að framkvæmdir hófust 1981 en þeim var ekki að fullu lokið fyrr en 1994. Ekki er fullvíst hvort eldri laugarþró var nýtt við endurbyggingu eða ekki en í það minsta er laugin enn svipuða að stærð eða 16 x 8 m. ⁶¹⁷

⁶¹⁴ *Skinfaxi*, 01.11.1950, bls. 70-71

⁶¹⁵ *Morgunblaðið* 01.12.1945, bls. 5

⁶¹⁶ Skólalýkill 2020-2021, Laugalandsskóli, Holtum bls. 7

⁶¹⁷ <https://www.rv.is/is/ibuar/samgongur/sundlaugar/sundlaugin-laugalandi/>

SKEIÐALAUÐ (1938-1975)

Staðsetning: Húsatóftir/Brautarholt

Byggingarár: 1938

Helstu endurbætur:

Staða/ástand: Horfin vegna byggingar nýrrar laugar og -húsa

Höfundur: Einar Erlendsson?

Byggt af/eigandi: Ungmennafélag Skeiðamanna/Ríkissjóður

Yfirbyggð/opin: Opín

Hitun: Jarðvarmi

Þrjár laugar voru gerðar í landi Húsatófta/Brautarholts á 20. öld. Elsta laugin var steipt 1912 og tekin í notkun árið á eftir og var hún um 10 x 6 ½ m stór. Í yfirlitsskjali um sundlaugar frá Menntamálaráðuneyti kemur fram að elsta laugin var steinsteypt ofan jarðar, með aðrennsli í opinni blikkrennu frá hver skammt frá en veggir hennar sprungu. Laugin var endurbýggð árið 1924 en rennsli úr hvernium fór þá minnkandi og fór á endanum svo að vatnið þraut og var því laugin aðeins í notkun um stutt skeið. Laugarkerið stóð áfram og var m.a. notuð sem fjárrétt á tímabili en ekki sjást lengur merki um þessar eldri laugar.⁶¹⁸ Ekki er vitað til þess að laugarhús hafi verið við þessar elstu laugar og eru þær ekki skráðar sérstaklega.

Barnaskóli sveitarinnar var í Brautarholti frá 1934 (og sameiginlegur unglingaskóli Skeiða- og Gnúpverja frá 1966). Fljótlega eftir að barnaskólinn tekur til starfa var farið að huga að endurnýjun laugar á þessum slóðum. Ungmennafélagið lét kanna hvar best væri að byggja sundlaug árið 1937 og fékk „mann úr Reykjavík“ til að kanna málið og höfðu ungmennafélagar þá lagt talsverða vinnu



Skeiðalag Brautarholti. Myndir frá 1951, ljósmyndari Jón Eiríksson. Héraðsskjalasafn Árnesinga JE0805_Jón Eiríksson.

í tilraunagröft á svæðinu. Niðurstaða verkfræðingsins úr Reykjavík (Benedikts Gröndal) var sú að tölurverður stofnkostnaður yrði að því að gera góða laug á þessum slóðum og meiri en svo að ungmennafélagið treysti sér í þær framkvæmdir en félagið skoraði á skóla- og hreppsnefnd að beita sér fyrir frekari rannsóknum á jarðhita á skólalóðinni. Jarðhitaleitin virðist hafa gengið þokkalega, í það minnsta samþykkir ungmennafélagsfundur um mitt ár 1938 að ráðast í byggingu sundlaugar, 12,5 x 8 m stórrar með aðstoð skóla- og hreppsnefndar og með því að sækja um styrki til framkvæmdarinnar þar sem hægt væri og í lok ársins kemur fram í fundaráætlun í desember 1938

⁶¹⁸ *Jarðabók Skeiðamanna*, bls. 486, DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands

að búið sé að vinna 300 dagsverk við laugina sem var steipt þá fyrir um haustið.⁶¹⁹ „Sundlaugin var steipt haustið 1938 ásamt búningsklefum og var sett vestan við holtið í um 250 m fjarlægð frá jarðhitnum. Fékkst þannig sjálfsrennsli í laugina. Gengið var frá lauginni árið á eftir – sett tunna í holuna, þar sem volgran var og vatnið leitt í tréröri til hennar. Sundlaugin var byggð af miklum vanefnum, og á fundi 4. júní 1939 kemur fram að ganga þurfi betur frá henni.“⁶²⁰

Meðal varðveittra gagna frá Íþróttasjóði er bréf frá Eiríki Þorsteinssyni til Fræðslumálastjóra frá 4. apríl 1941 þar sem hann fer fram á frekari styrki úr ríkissjóði til að ljúka vinnu við sundlaug sem þá er sögð er ófullgerð en vel nothæf og ári síðar eru steiptir skjólveggir í kringum laugina.⁶²¹

„Í þessari litlu laug æfðu Skeiðamenn sund á sumrin og eignuðust sterka sundsveit.“⁶²² Laugin var hins vegar nokkuð köld, gjarnan aðeins 10-15 gráður enda þurfti að leiða vatnið langa leið, eins þótti galli á lauginni að hún var of djúp fyrir ósyna. Laugin var heldur ekki notuð á vetrum og einhver dæmi um að vatni frysi í henni.⁶²³ Árið 1950 fékkst nóg af heitu vatni með jarðborunum í Brautarholti og árin 1972–1975 byggði Skeiðahreppur þar stóra og vandaða sundlaug, þá þriðju á öldinni.“ Í yfirlitsskjali um sundlaugar frá Menntamálaráðuneyti kemur fram að við laugina sé „fábrotið laugarhús“ og er laugin sögð (1971) ónothæf.⁶²⁴

Á meðal gagna Íþróttasjóðs eru talsverð bréfaskrifti í tengslum við sundlaugina sem reis í Brautarholti á 8. áratug 20. aldar og í þeim er að finna lýsingu á eldri laug. Þar kemur fram að gamla sundlaugin sem byggð var 1938 hafi verið byggð af ungmennafélagi sveitarinnar af vanefnum og hafi vinna öll verið gefin. Í bréfi frá Þorsteini Einarssyni segir m.a. í bréfi frá 1970: „Vegna þess að eigi var fyrir hendi raforka til þess að knýja dælu, sem gæti þrýst vatninu hærra, var notast við rennslið úr holunni og varð því að koma þrónni það lágt í jörðu að hún fylltist, en við það var eigi unnt að tæma sundþróna, er hana skyldi hreinsa. Þá varð eigi unnt að koma fyrir hitun í búningsklefum né baðvatni í baðdreifara. Vegna alls þessa hefur sundstaðurinn verið mjög erfiður hvað viðkemur ræstingu og aldrei verið unnt að koma þar fullkomnum búnaði og vistleika. Þó notast hafi verið við sundstaðinn, þá hefur hann verið af mér dæmdur ónothæfur sundstaður í sl. 10 ár.“⁶²⁵

Laugin var skráð af Fornleifastofnun Íslands í aðalskráningu fyrir sveitarfélagið (minjastaður ÁR-239:063). Í skráningarskýrslu kemur fram að laugin hafi verið skammt fyrir austan skemmu Búnaðarfélagsins og rúmum 480 m suðvestan við bæ en á þeim stað sé nú gróin tún sem nýtt séu til beitar og ekki sjáist önnur ummerki um laugina en óljós dæld í túninu og einstaka steypuleifar þar skammt frá.⁶²⁶

Yngri laug í Brautarhotli var hönnuð af Jes Einar Þorsteinsson og stendur enn en er ekki skráð sérstaklega þar sem hún er byggð á árunum 1972-1975 og fellur því utan tímaramma verkefnisins.

⁶¹⁹ *Jarðabók Skeiðamanna*, bls. 493-495

⁶²⁰ Sama heimild, bls. 495

⁶²¹ Styrksbeiðni til Fræðslumálastjóra vegna sundlaugar í Brautarholti 4. apríl 1941, DD 96, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶²² *HSK í 100 ár*, bls. 134

⁶²³ *Jarðabók Skeiðamanna*, bls. 495

⁶²⁴ DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands

⁶²⁵ Bréf frá Þorsteini Erlingssyni 20. október 1970, Gögn Íþróttasjóðs, DD 96, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁶²⁶ *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpsverjabreppi I: Húsatóftir og Skaftholt*. Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj.) 2017, bls. 45

GRAFARBAKKALAUG/GAMLA LAUGIN/HVERAHÓLMI (1891-)

*Staðsetning: Gröf, Flúðum**Byggingarár: 1891**Helstu endurbætur: 1910**Staða/ástand: endurbætt laug í notkun og steypuleifar laugarhúss standa á laugarbakkanum**Höfundur: Óþekkt**Byggt af/eigandi: UMF Hrunamanna*, sýslunefnd, ríkissj.**Yfirbyggð/öpin: Öpin**Hitun: Jarðvarmi*

*Ungmennafélag Hrunamannahrepps gerði laugina í núverandi mynd 1909 en líklega voru það heimamenn sem stóðu að sundlaugargerðinni 1891.

Jörðin Gröf var löngum miðstöð í sinni sveit og þar var þingstaður Hrunamannahrepps allt til 1894. Talið er að þar hafi verið baðstaður í aldaradír en á árunum fyrir 1900 var gerð þar sundlaug með vatni úr Hverahólma. Árið 1891 ákvað sýslunefnd Árnesinga að veita 40 kr framlag til sundlaugagerðar í Hrunamannahreppi sem greitt yrði þegar laugin yrði tilbúin.⁶²⁷ Í *Þjóðólfi* er sagt að umræddur styrkur hafi verið til „sundlaugarbyggingar og sundkennslu í Ytri-Hrepp.“⁶²⁸ Ári síðar kemur fram að úttekt á sundlaug í Hrunamannahreppi sem styrkur hafði verið veittur til var lögð fram á sýslufundi „og fannst ekkert athugavert við hana.“⁶²⁹

Úttektina sem gerð var á lauginni 1891 er að finna innrammaða á vegg í laugarhúsinu en þar kemur fram að gerður var garður úr sniddu, um 33,4 m langur en um 1,5 m á hæð og hlaðinn fyrir þar sem vatnspunginn var mestur. Á annann veg laugarinnar (þar sem vatnspungi var minni) var 28 m langur garður hlaðinn, um 93 cm þykkur neðst og þar sem garðurinn var þykkastur „hefur verið smíðaður rennustakkur úr borðum til hans fóru 9 borð virt.“ Samkvæmt plagginu fóru 35 dagsverk í framkvæmdirnar. Sú athugasemd fylgir að enn sé eftir að slétta og grafa svolítið niður á botninn á litlum bletti og lengja lægri garðinn fáa fæðma til að fá jafnt vatnsdýpi í allri lauginni en þessar lagfæringar eigi að vera gerðar næstu daga.⁶³⁰

Laugin var endurgerð á árunum 1908-10 af ungmennafélaginu á svæðinu og *HSK í 100 ár* segir: „Fyrsta verk félagsins sumarið 1910 var að endurbyggja sundlaug úr torfi og grjóti sem var í svokölluðum Hverahólma við Grafarbakka.“⁶³¹ Bakkar laugarinnar voru þá hlaðnir úr grjóti en malarbotn er enn í lauginni og er mölin úr Laxá.⁶³² Á skilti við laugin er laugin sögð „sennilega“ sú elsta á landinu. Á skiltinu kemur fram að sundlaugin var upphaflega 36.7 x 32 m að stærð (20 x 17 fæðmar) og að hún hafi verið hlaðin upp árið 1908 úr torfi og grjót og hefst þá sundkennsla í henni. Árið 1909 kenndi Valdimar Brynjólfsson 32 mönnum sund og árið 1911 voru haldin tvö sundnámskeið í lauginni og annað fyrir stúlkur en kennari þeirra var Ingibjörg Jónsdóttir frá Háholti. Árið 1913 var svo farið að kenna stúlkum og drengjum sund saman í lauginni⁶³³ og voru þar sundnámskeið árlega fram til ársins 1947 þegar farið var að nota sundlaugina á Flúðum til kennslu. Notkun laugarinnar lagðist þá af.⁶³⁴

⁶²⁷ *Ísafold* 05.08.1891, bls. 3

⁶²⁸ *Þjóðólfi* 21. tbl. 05.05.1891, bls. 82

⁶²⁹ Fylgiblaði við *Ísafold* 30.07.1892, „Sýslufundargerð“

⁶³⁰ Skjal á vegg laugarhúss, undirritað af Skúla Þorvarðarsyni og Hróbjarti Hannessyni þann 23. nóvember 1891.


⁶³¹ HSK í 100 ár, bls. 42.

⁶³² https://www.fludir.is/wp-content/uploads/2016/08/Saga_hitaveitunnar_1.pdf

⁶³³ Skilti við sundlaug

⁶³⁴ sveitir.is, sjá einnig <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1564577/>

Í lauginni er ljósmyndasýning með sýningartextum. Þar kemur fram að á fyrri árum hafi allt vatn verið látið renna úr lauginni og hestur látinn draga sköfu eftir botninum til að hreinsa hana af gróðri og aur. Þar kemur einnig fram að fólk hafi komið langa leið, jafnvel alla leið frá Reykjavík og tjaldaði nálægt lauginni og gisti nokkrar nætur og baðaði sig í lauginni.



Gamla laugin á Flúðum. Mynd til vinstri er af heimasíðu laugarinnar secretlagoon.is en mynd til hægri er tekin af höfund.

Ekki er vitað hvaða ár laugarhús var fyrst byggt við laugina og ekki hefur fundist teikning af því. Í minningum Helgu R. Einarsdóttur um Hverahólma sem birtust í bókinni *Árnesingar I* segir hún: „Sundskýlið við laugina var hólfað í tvennt, í öðrum endanum var búningsklefi með bekkjum við vegg, en í hinum endanum var gufubað. Hár bekkur með einum vegg, en í öðru gólfhorninu á móti kom gufan inn jafnt og þétt, þangað leidd í stokki frá einum hvernum útifyrir. Sundlaugin var þannig gerð að veggir voru hlaðnir á þrjá vegu úr grjóti og þéttað með torfi að utanverðu. Þannig var gerð fyrirstaða fyrir afrennsli hveranna í hólmanum.“⁶³⁵

Laugin var gerð upp og tekin í notkun á ný með nýju aðstöðuhúsi/búningsklefum vestan við laugina 2014 en gamli búningsklefinn hefur fengið að standa. Laugin er nú vinsæll áningarstaður ferðamanna. Tréþallar eru meðfram lauginni og enn er malar- og sandbotn í lauginni. Fornleifastofnun Íslands skráði laugina þegar fornleifaskráning á þessum slóðum var gerð 2016. Í henni segir: „Hlaðið hefur verið með köntum laugarinnar á vestur-suður og norðurhliðum hennar. Grjóthellur er í kanti og á bakkanum. Við suðausturhorn laugarinnar er gamla búningsaðstaðan, tvískiptur steinsteyptur skúr. Forsteyptir gluggar eru á norður- og suðurhliðum skúrsins og dyr snúa að laug til vesturs. Básahver gutlar rétt utan við norðausturhorn búningsklefans. Leifar af steinþró eru rétt við norðvesturhorn búningsklefans og kann vatni að hafa verið veitt um hana úr Básahver í laugina. Önnur þró er litlu norðar, við timburpall á leið um svæðið.“⁶³⁶

Ekki fundust teikningar af lauginni eða laugarhúsum.

⁶³⁵ *Árnesingar I*. 1999, bls. 229.

⁶³⁶ Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson. 2016. FS593-15231. *Fornleifaskráning í Hrunamannabreppi Flúðir og nágrenni*, bls. 81-82

FLÚÐALAUG (1948-)

Staðsetning: Hrunamannahreppi

Byggingarár: 1948

Helstu endurbatur: 1987-88

Staða/ástand: Laug í notkun, sundlaugarhús endurnýjað?


Höfundur: Bárður Ísleifsson/Húsameistaraskrifstofa ríkisins

Byggt af/eigandi: UMF Hrunamanna, ríkissj.

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Sundkennsla hefst snemma á Flúðum en framan af var kennt í Grafarbakka laug vestan undir Hverahólma ofan Litlu-Laxár (sjá fyrri færslu). Ný, steinsteypt laug var vígð á Flúðum 1948. Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti (líklega frá miðri 20. öld) kemur fram að eigandi laugar er Ungmennafélag Hrunamanna og laugin er 25 x 8 m stór. Laugin var gerð eftir teikningu Bárðar Ísleifssonar/Húsameistara ríkisins en ekki hefur fundist eiginleg teikning merkt lauginni.⁶³⁷ Á skilti við laugina er sagt að Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi hafi teiknað laugina eftir



Ekkí fannst teikning að sundlauginni á Flúðum en hún bland af tveimur stöðluðum sundlaugateikningum Bárðar Ísleifssonar sem hér eru sýndar. Sú blöð sem snýr frá sundlaug er í samræmi við teikninguna til vinstri (frá 26. júní 1945 en sú blöð sem snýr að sundlaug er með fernum dyrum og líkist mest sundlaugarblöð á teikningu til hægri (frá 14. febrúar 1950)



Sundlaugin á Flúðum. Mynd til vinstri er frá Héraðsskjalasafni Árnesinga (TJ_03946, Tómas Jónsson 1961-70) en mynd til hægri úr Sarpi GB-1847

hugmyndum UMF Hrunamannahrepps en líklega byggir það á misskilningi þótt mögulegt sé að Þorsteinn hafi verið milligöngumaður milli heimamanna og Húsameistara ríkisins sem teiknaði laugarhúsin. Þau eru keimlík þeim stöðluðu sundlaugateikningum sem Bárður gerði, og í raun er hún bland af tveimur slíkum teikningum sem fundust meðal gagna Húsameistara ríkisins.

⁶³⁷ Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

Sundlaugin er talin upp á meðal sundlaugabygginga í ýmsum skráum yfir sundlaugarbyggingar í Menntamálaráðuneyti.

Í blaðgrein í *Vikunni* frá 1988 kemur fram að nýverið hafi sundlaugin tekin í gegn og í þeim framkvæmdum hafi m.a. verið komið fyrir gufu og ljósalampa.⁶³⁸ Sundlaugin er enn opin og í fullri notkun.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

⁶³⁸ „Boðið upp á orlofsferðir að Flúðum“, *Vikan* 04.02.1988, bls. 32-33

SUNDLAUG ÍÞRÓTTASKÓLAS Í HAUKADAL (1931-1994?)


Staðsetning: Geysir í
Haukadal

Byggingarár: 1931
Helstu endurbætur:
Staða/ástand: Horfín

Höfundur: Bárður
Ísleifsson/Húsameistari ríkisins &
Sigurður Greipsson (laug?)
Byggt af/eigandi: Haukadalskóli
Yfirbyggð/opin: Opin
Hitun: Jarðvarmi

Sundlaug var gerð við Geysi í Haukadal í tengslum við íþróttaskóla sem þar var rekinn frá 1927. Skólinn var kenndur við Sigurð Greipsson, bóndason og glímukappa frá Haukadal sem stofnaði skólann og veitti honum forstöðu.⁶³⁹

Í bók sem gefin var út í tilefni af aldarafmæli Héraðssambandsins Skarphéðins er fjallað um laugina. Þar segir: „Fyrsta sundlaug Íþróttaskólans í Haukadal var grafin beint ofan í jarðvegin og framveggur hlaðinn úr torfi og grjóti. Þessar líkar voru margar hinar frumstæðu torflaugar sem ungmennafélagar héraðsins byggðu snemma á síðustu öld.“⁶⁴⁰ Lauginni er einnig lýst í bók um Sigurð Greipsson. Þar ritar Ármann Kr. Einarsson rithöfundur um aðstæðum í elstu lauginni sem var gerð í moldargili þar sem heitt vatn seitlaði fram. Hann segir: Sigurður „fékk okkur strákana til að hlaða vegg sem stíflaði gilið. Botninn var úr mold og maður mátti ekki standa lengi í sömu



Sundlaugin við Geysi. Ljósmynd til vinstri er af forsiðu blaðagreinar í tímaritinu Einingu (Eining 1944 10-11 tbl.) En til hægri er að finna teikningu Bárðar Ísleifssonar, merkt Reykjavík júní 1936. Þjóðskjalasafn Íslands - H28 Íþróttasjóðsteikningar

sporun því þá sökk maður upp að hnjám í eðjuna. Vatnið var því óskaplega gruggugt og þar var líkst því að synda í súkkulaði, að synda í þessari laug. [...] Íþróttaskólinn í Haukadal reis svo af grunni sumarið 1927. [...] Sundlaug lét Sigurður einnig gera þá sum sumarið. Var hún grafin niður á fasta hrúðurklöpp og veggir hlaðnir úr mýrarhnausum. Sundlaugin var 25x6 metar.“⁶⁴¹ Ekki er getið um laugarhús við þessar elstu laugar og eru þær ekki skráðar sérstaklega hér.

⁶³⁹ *Sunnlenskar byggðir I*, bls. 86

⁶⁴⁰ HSK í 100 ár. 2010. Jón M. Ívarsson, bls. 133

⁶⁴¹ Sigurður Greipsson og Haukadalskólinn, bls. 66-67

Steinsteypt laug og laugarhús voru hins vegar gerð á staðnum 1929-1930 (en byggingarárið er 1931 samkvæmt gögnum um sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti).⁶⁴² Steypta laugin var 20 x 7 m að stærð. Meðal gagna frá Íþróttasjóði er teikning af laugarhúsum sem Bárður Ísleifsson teiknaði við laugarenda sundlaugar 1936. Hugsanlega hafði ekki verið sérstakt laugarhús við lagina fyrr en þá (en annað hús var þó við langhlið laugarinnar).⁶⁴³ Í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* er arkitekt sagður Sigurður Greipsson en ekki er ljóst hvort hann sé aðeins talinn höfundur laugarinnar eða mögulega laugarhúsins líka.⁶⁴⁴ Á gömlum loftmyndum (á vefnum Map.is) má sjá að gamla laugin var enn á sínum stað 1969 með laugarhúsum við laugarendann en einhvern tíma eftir fyrir 1994 er hún rifin en ný laug og laugarhús voru vígð 1994 í tengslum við hótelhald á staðnum. Nýja laugin var örskammt fyrir sunnan gömlu lagina. Sú laug virðist hafa staðið fram til 2013-14 en þá vék hún í framkvæmdum tengdum hótélbyggingu og laugarhúsið rífið skömmu síðar.

Af teikningu af lauginni og gömlum ljósmyndum að dæma voru laugarhúsin steinsteypt og með flötu þaki eða skúrþaki. Á þeirri hlið sem sneri að laug voru tvennar dyr til beggja enda og röð af litlum gluggum ofarlega á vegg milli þeirra. Húsið skiptist í tvö búningsklefa og svo „steypu“ (líklega steypibað) til beggja enda og stuttum, steypum skjólvegg út frá báðum húsendum.

⁶⁴² Sigurður Greipsson og Haukadalsskólinn, bls. 69

⁶⁴³ Þjóðskjalasafn Íslands - H28 Íþróttasjóðsteikningar

⁶⁴⁴ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, DD05 Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands


SUNDLAUGIN REYKHOLTI (1929-1975?)

Staðsetning: Reykholti, Biskupstungum
Byggingarár: 1929
Helstu endurbætur:
Staða/ástand: ?


Höfundur: Guðjón Samúelsson/Einar Erlingsson
Byggt af/eigandi: Barnaskólinn í Reykholti
Yfirbyggð/ opin:
Hitun: Jarðvarmi



Sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum. Myndir úr Sarpí (myndanr. A-DG-166 til vinstri og A-DG-125 til hægri). Ljósmyndari Dagbjartur Guðmundsson. Myndirnar eru teknar á árabílinu 1930-40



Sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum frá 1930, arkitekt Guðjón Samúelsson. Þjóðskjalasafn, Húsameistari ríkisins, C323_03.



Sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum frá 1920. Efri teikning er frá 5. apríl 1920 og er merkt Guðmundi Guðjónssyni en sú neðri frá apríl sama ár, merkt Einari Erlendsyni. Búðar teikningar eru varðveittar á Þjóðskjalasafni. Sú efri er úr Teikningum Íþróttasjóðs (H28) en sú neðri úr teiknisafni Húsameistara ríkisins, C323_03.

Elsta laugin í Reykholti í Biskupstungum var hlaðin 1912. Laugin var við Reykholtshver og var hlaðin úr snyddu. Hún var 10 x 12 metrar að stærð og var notuð fram til 1920 þegar ný laug var

byggð að Syðri-Reykjum.⁶⁴⁵ Engin laugarhús voru við eldri laug og er hún ekki skráð sérstaklega hér.

Steinsteypt laug var gerð í Reykholti 1929 í tengslum við byggingu barnaskóla og heimavistar á staðnum (sem tekin höfðu verið í notkun 1928). Jarðnæðið hafði eigandi jarðarinnar Stóra-Fljóts gefið Biskupstungnahreppi. Í greininni „Barnaskólaminningar“ frá 1984 segir „Eftir áramótin 1929-1930 var tekin í notkun ný steipt sundlaug sem var áföst skólahúsinu og þótti það mjög merkur viðburður á þeim árum. Var fyrst notað í hana vatnið sem búið var að renna í gegnum ofna í skólanum (en vatnið var tekið úr hver sem er á hæð örskammt frá skólanum og var því sjálfrennandi).“⁶⁴⁶ Upphaflega var laugin teiknuð með þaki og í kringum hana voru gerðir háir, steinsteyptir veggir sem til stóð að gera þak yfir en það var aldrei gert. Sund var kennt einu sinni í viku. Krakarnir sáu sjálfir um að þrifa laugina 1-2 í mánuði.⁶⁴⁷

Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld⁶⁴⁸, kemur fram að eigandi sé barnaskólinn og laugin sé 8 x 5 m að stærð. Í öðru yfirlitsskjali sem er líklega frá seinni hluta 20. aldar er laugin sögð „lítt nothæf.“⁶⁴⁹

Samkvæmt yfirlitsskrá í nýútkominni bók um Guðjón Samúelsson teiknaði hann sundlaugina í Reykholti í Árnassýslu 1928-1930 ásamt Einari Erlendssyni.⁶⁵⁰ Sem fyrr segir gerir teikning hans ráð fyrir að þak sé yfir lauginni en það varð aldrei að veruleika. Ekki er ljóst hvenær laugin fellur úr notkun en 1975 er ný sundlaug tekin í notkun skammt frá eldri laug.

⁶⁴⁵ HSK í 100 ár. 2010, bls. 43

⁶⁴⁶ *Litli-Bergþór*, „Barnaskólaminningar“ 11.12.1984, bls. 17

⁶⁴⁷ *Litli-Bergþór* 01.06.2012, „Íþróttastarf í Reykholtsskóla“, bls. 22-23

⁶⁴⁸ DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁴⁹ Yfirlitsskjal um sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti - DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁵⁰ Pétur Ármannsson. 2020, bls. 405

SUNDLAUG HÉRAÐSSKÓLANS Á LAUGARVATNI, ELDRI, BRÁÐABIRGÐA LAUG (1928-1929)

Staðsetning: Laugarvatn, Árnessýsla

Höfundur: Húsameistaraskrifstofa ríkisins, Guðjón Samúelsson

Byggingarár: 1928

Byggt af/ eigandi: Ríkissjóður, sýsla


Helstu endurbætur:

Yfirbyggð/ opin: Yfirbyggð

Staða/ástand: Héraðsskólinn stendur en sundlaugin í kjallara þar sem síðar var borðstofa

Hitun: Jarðvarmi

Í bókinni *Menntaskólinn að Laugarvatni* frá er fjallað um aðdraganda stofnunar Héraðsskólans á Laugarvatni: „Afskipti Jónasar frá Hriflu af skólamálinu hófust síðar en hann var sem kunnugt er mikill baráttumaður fyrir alþýðuskólum á landsbyggðinni. Hann varð ráðherra 1927 og tók þá Laugarvatn undir sinn verndarvæng.“⁶⁵¹ Þar kemur einnig fram að árið 1923 hafði Alþingi samþykkt þingsályktunartillögu um héraðsskóla á Suðurlandi þar sem skorað var á landsstjórnina að hefja undirbúning alþýðuskóla á svæðinu í samráði við heimamenn. Árið eftir var svo Guðjón Samúelsson beðinn um að meta hugsanlega staðsetningu slíks skóla og niðurstaða hans var að Laugarvatn væri lang heppilegasta staðsetningin en það tók áfram nokkurn tíma að ræða málið í nefndum á næstu árum (fram til 1926). Þá hafði fengist loforð um fjárframlag frá sveitarfélögum, einstaklingum og ríkissjóði en þá hófust aftur deilur um staðsetningu. Bygging skólahúss hófst svo loks árið 1928 og var skólinn settur 1. nóvember sama ár.⁶⁵² Upphaflega var byggt eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar en aðeins lítill hluti hennar byggður og síðar vikið frá teikningunni.⁶⁵³ Í



Laugarvatnsskóli, teikning frá 1928. Sundlaugin var fyrsta veturinn þar sem merkt er borðstofa í kjallara Húsameistari ríkisins C326_01, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁵¹ *Menntaskólinn að Laugarvatni*. 2001, bls. 16

⁶⁵² Sama heimild

⁶⁵³ Sama heimild, bls. 26-28

kjallara skólahússins var komið fyrir til bráðabirgðasundlaug, 9 x 14 m að stærð. Hitaleiðsla var lögð frá hverunum neðan við og að skóla og í sundlaug.⁶⁵⁴ Sú laug var aðeins stutt í notkun (hugsanlega aðeins 1928-29) en síðar byggð sundlaug og íþróttahús fast austan við héraðsskólann (sjá sérstaka færslu um hana).

Í bókinni *Laugarvatnsskóli þrítugur* er bygging skólahúsa rakin. Þar kemur fram að þeir Arinbjörn Þorsteinsson og Sigurður Bjargmundarsson sáu um smíðina og húsið var tvær burstir og anddyri „eins og áætlað var, steiptur hattur yfir aðalgufuhverinn og gufa leidd heim í eldhús til suðu.“⁶⁵⁵ Í bókinni segir á öðrum stað: „Vorið 1929 lét byggingarnefndin halda áfram að reisa skólahúsið, og það sumar bættust við fjórar burstir og opin sundlaug austan við húsið. Fyrsta veturinn var sundlaugin í kjallara hússins þar sem nú er borðstofa.“⁶⁵⁶ Þá var yfirsmiður Hafliði Hjartarson trésmíðameistari.

Í grein um héraðsskóla í *Tímanum* síðla árs 1929 er fjallað um Héraðsskólanna á Laugum og því næst Laugavatn en þar segir „Næstur í röðinni, meðal héraðsskóla á hverastöðum, var skólinn á Laugarvatni. Var nokkur hluti hans, tvær miðálmurnar og aðalanddyrið (móti norðri) bygt sumarið 1928, samtímis og lokið var við höfuðbygginguna á Laugum. Tók skólinn þá til starfa um haustið og voru nemendur 25. Nú í sumar var haldið áfram byggingunni og bygðar hinar fjórar álmur, tvær hvoru megin við eldri bygginguna; ennfremur gangur með steinsvölum yfir meðfram kenslustofunum fjórum, er liggja samhliða undir suðurhlíð. Í ystu álmunum eru kennarabústaðir, bókasafnsherbergi og nokkuð af herbergjum fyrir nemendur og starfsfólk. Við austurenda hússins er allstór bráðabirgðasundlaug, með bárujárnsþaki, og innangengt í hana eins og á Laugum. Syndu allir nemendur nokkra stund á hverjum degi.“⁶⁵⁷

Sundlaugin í kjallara skólahússins var hugsuð til bráðabirgða og var sjálfsagt ekki notuð lengur en árin 1928-29 enda var laugin austan við skólann komin í gagnið í árslok 1929. Ekki hafa fundist ljósmyndir eða teikning af þessari tímabundnu laug.

Þótt sundlaugin í kjallara Héraðsskólans hafi orðið skammlíf (eins og til stóð) stendur húsið enn og er friðað (frá 12. apríl 2003) og nær friðunin til ytra borðs og fyrirkomulags stiga og anddyris og er húsið einnig skilgreint sem friðlýst (skv. Lögum um menningarminjar frá 2012). Gerð var húsaskráning fyrir bygginguna 2021 og vísast hér til hennar fyrir frekari upplýsingar um hús.⁶⁵⁸

Þótt sundlaugin í kjallara Héraðsskólans hafi orðið skammlíf (eins og til stóð) stendur húsið enn og er friðað (frá 12. apríl 2003) og nær friðunin til ytra borðs og fyrirkomulags stiga og anddyris og er húsið einnig skilgreint sem friðlýst (skv. Lögum um menningarminjar frá 2012). Gerð var húsaskráning fyrir bygginguna 2021 og vísast hér til hennar fyrir frekari upplýsingar um hús.⁶⁵⁹

⁶⁵⁴ *Tímarit Verkefndingafélags Íslands* 08.12.1928, bls. 34 og *Tímarit verkefndingafélags Íslands* 1933, 18. árg. 6. tbl., bls 66

⁶⁵⁵ *Laugarvatnsskóli þrítugur*. 1958, bls. 50 og áfram.

⁶⁵⁶ *Laugarvatnsskóli þrítugur*. 1958, bls. 52

⁶⁵⁷ *Tíminn* 23.12.1929, bls. 262

⁶⁵⁸ Sveitarfélagið Bláskógabyggð: Laugarvatn – Skólasvæði húsakönnun, Landform, bls. 11

⁶⁵⁹ Sveitarfélagið Bláskógabyggð: Laugarvatn – Skólasvæði húsakönnun, Landform, bls. 11

SUNDLAUG HÉRAÐSSKÓLANS Á LAUGAVATNI (1929/1944-1999)

Staðsetning: Laugarvatn, Árnessýsla

Byggingarár: 1929, 1944-1946

Helstu endurbætur: 1965

Staða/ástand: Horfin, rifin.

Höfundur: Húsameistaraskrifstofa ríkisins, Guðjón Samúelsson, Einar Erlendsson

Byggt af/ eigandi: Sýslur, ríkissj.


Yfirbyggð/ opin: Opin, svo yfirbyggð

Hitun: Jarðvarmi

Í bókinni *Laugarvatnsskóli þrítugur* segir: „Vorið 1929 lét byggingarnefndin halda áfram að reisa skólalúsið, og það sumar bættust við fjórar burstir og opin sundlaug austan við húsið. [...] Um veturinn unnu nemendur að því að afþilja herbergi, ... Aðalverkið var þó að koma upp



Sundlaugin að Laugarvatni. Til vinstri er mynd af lauginni áður en hún var yfirbyggð (Héraðsskjalasafn Árnesinga 2011_34_THT_00199, ljósmyndari Þorfinnur Tómasson en á ljósmynd til bægri má sjá leikfimbús og sundlaug (sundlaugin var næst skólanum) á mynd AR_Laugarvatn úr Sarpi (SÍS-1265-3).





Sundlaugin að Laugarvatni. Mynd til vinstri er ódagsett, Sarður SÍS-1392-2 en mynd til bægri er tekin af Roni Horn rétt áður en húsið var rifin og birtist í Lesbók Morgunblaðsins 10. apríl 1999, bls. 11

sundlauginni. Með aðstoð eins verkfróðs manns unnu kennarar og nemendur að steypunni, yfirgerðinni og vatnsleiðslunni. Ásetningurinn var, að allir nemendur gætu fleytt sér fyrir jól, og það tókst.⁶⁶⁰ Ári síðar eða 1930 greinir byggingarnefndin frá því að þetta sumar hafi sundlaugin verið fullgerð „Skólabyggingin var í fyrstu kostuð af ríki (2/5 hl.) og nokkrum hreppum í Árnessýslu - sem og með lánnum og framlögum hugsjónamanna. Síðar stækkaði hlutur ríkis í rekstri og uppbyggingu skólans, komst í 3/4 hluta 1939 móti 1/4 hluta frá Árnessýslu og helst sú skipan þar til ríkið tók að fullu við rekstri skólans 1962“⁶⁶¹ Íþróttakennaraskóli Björns Jakobssonar tók til

⁶⁶⁰ *Laugarvatnsskóli þrítugur* 1958, bls. 53

⁶⁶¹ *Sunnlenskar Byggðir* III, bls. 36.



Laugarvatnsskóli og tillaga að sundhöll frá 1929. Guðjón Samúelsson, júlí 1929. Teikningin er úr bók Péturs H. Ármannssonar. 2020, 194 og neðst önnur tillaga að sama húsi frá september sama ár (Húsameistari ríkisins C326_01, Þjóðskjalasafn Íslands)

starfa á Laugarvatni haustið 1932 og varð síðar ríkisskóli 1. janúar 1943 þegar ríkið tók þá við rekstri hans og kostaði uppbyggingu hans alla.

Sundlaugin austan við Héraðsskólann var opin fyrstu árin en 1942 teiknaði Guðjón leikfimisal og yfirbyggingu yfir sundlaugina austan héraðsskólans og var hin nýja bygging sambyggð eldra húsi. Sundlaugarhúsið er sagt byggt á árunum 1943-46 en byggingarár þess er þó oftast talið 1944. Í bók Péturs Ármannssonar um Guðjón Samúelsson er Einar Erlendsson einnig sagður hönnuður⁶⁶² og í gögnum frá Menntamálaráðuneyti er hönnuður aðeins sagður Einar.⁶⁶³


Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld⁶⁶⁴ kemur fram að laugin er 12.5 x 6.75 m að stærð og á öðrum gögnum (frá árinu 1971) er laugin sögð „varla nothæf.“⁶⁶⁵

⁶⁶² Pétur Ármannsson. 2020, bls. 406

⁶⁶³ Yfirlit yfir mannvirki frá 1983, DD05 Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁶⁴ Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁶⁶⁵ Í yfirliti yfir sundlaugabyggingar 1971, DD 05, Menntamálaráðuneyti Þjóðskjalasafn Íslands



Sundlaugin að Laugarvatni frá 1943). Úr teiknisafni Húsameistara ríkisins C326_01. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaugin var rifin í kringum 1999.

Skólahúsið á Laugarvatni teiknaði Guðjón Samúelsson í þjóernisrómatískum burstabæjarstíl árið ... en fáum árum seinna höfðu viðhorf hans breyst og flestar byggingar sem hann teiknaði síðar má fremur lýsa sem klassískum mónumentalisma. Á ljósmyndinni hér að ofan sem sýnir skólann, sundlaugin og íþróttahúsið má sjá þessa þróun í byggingarlist Guðjóns. Sundlaugarhúsið virðist mun einfaldara en íþróttahúsið, sem ef til vill má rekja til þess að húsið var byggt yfir sundlaug sem fyrir var og því verið setta þrengri skorður enn ella. Engu að síður má sjá svípmót með öðrum sundlaugarbyggingum Guðjóns.

SUNDLAUGIN SÓLHEIMUM (1943-)

Staðsetning: Sólheimum, Grímsnesi

Höfundur: Leiðbeiningateikningar Íþróttanefnd ríkisins

Byggingarár: 1943

Helstu endurbætur: 1974, 1980, 2020

Staða/ástand: Í notkun

Byggt af/eigandi: Byggingafélagið Goði/Sólheimahælið

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

„Árið 1891 bar Þorkell Jónsson fram tillögu í Framfarafélagi Grímsneshrepps um að byggð yrði sundlaug í hreppnum. Tveimur árum síðar, sama ár og hann féll, ritaði hann sýslunefnd bréf vegna sundlaugabyggingar og fór þar fram á að nefndin útvegaði Grímsnesingum styrk til byggingar laugarinnar í Hverakoti [Sólheimar]. Hann taldi vera Hverakot ákjósanlegan stað því að þar væri hægt að fá nægt heitt vatn til laugarinnar og að þar væri hægt að tempra vatnshitann. Þorkell sagði enn fremur í bréfi sínu til sýslunefndar að Alþingi hefði viðurkennt nauðsyn þess að endurvekja þessa fornu og frægu íþrótt með því að veita á fjárlögum fyrir árið 1892 fjárstyrk til kennslu í landinu [...]. Bréf Þorkels fékk daufar undirtektir og Framfarafélagið fékk engan styrk. Samt var eitthvað byrjað á byggingu laugarinnar en Þorkell féll frá áður en því verki var lokið. Rúmlega hálfri öld síðar rættist draumur Þorkels þegar gerð var laug í tengslum við barnaheimilið Sólheimar nokkurn veginn á sama stað og hann hafði talað um að laugin yrði byggð. Byggingarfélagið Goði gaf Sólheimum sundlaug árið 1943 og var hún byggð við hliðina Sólheimahvernum.“⁶⁶⁶

Í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að laugin er 12.5 x 6 m að stærð.⁶⁶⁷ Í *Yfirlitsskjali um sundlaugar* frá Menntamálaráðuneyti kemur fram að hreinsitæki voru sett í laugina árið 1974⁶⁶⁸ og í spjaldskrá frá ráðuneytinu kemur fram að eigandi (hugsanlega um eða eftir miðja 20. öld) hafi verið Sólheimahælið.⁶⁶⁹



Sundlaugin í Sólheimum. Mynd til vinstri birtist í Fréttablaðinu í tilefni af 80 ára afmæli laugarinnar, tekin 1957 en myndin til hægri í bláði Lionsklúbbsins (Lion Magazine) í tilefni af 90 ára afmæli laugarinnar.

Laug og laugarhús voru komin í mikla niðurníðslu í lok áttunda áratugs 20. aldar en þá var sundlaugin endurbyggð af Lionsklúbbinum Ægi í tilefni af 50 ára afmæli staðarins. Mannvirkin voru aftur tekin til gagn Gerrar endurnýjunar af klúbbnum árið 2020 í tilefni á 90 afmæli Sólheima. Þá var settur heitur pottur við laugina og hún steypt upp auk þess sem laugarhúsin voru

⁶⁶⁶ *Grímsnes: Búendur og saga II. bindi*, bls. 561.

⁶⁶⁷ *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983* DD05, Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁶⁸ *Yfirlitsskjali um sundlaugar* frá Menntamálaráðuneyti, DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁶⁹ Spjaldskrá frá Menntamálaráðuneyti, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands

endurnýjuð. Af ljósmyndum að dæma stendur enn sama laugarhúsið þótt það hafi verið klætt og breytt um þakgerð en til stóð að byggja annað hús við langhlið laugar.⁶⁷⁰

Ekki fannst teikning af laug og laugarhúsi en af ljósmyndum að dæma er húsið steinsteypt á einni hæð og var upphaflega með flötu þaki (eða lágu skúrþaki) en þakgerðinni hefur síðar verið breytt og er það nú undir mænisáþaki.

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

⁶⁷⁰ *Blað Lionsklúbbsins (Lion Magazine)*, blað númer 321, september 2020, bls. 26

LAUGASKARÐ (1938-)

Staðsetning: Laugaskarð, Hveragerði

Höfundur: Þórir Baldvinsson, Teiknistofa landbúnaðarins
(*Arkitekt yngra húss (sem ekki er fjallað um hér):* Gísli Halldórsson

Byggingarár: 1938

Byggt af/eigandi: Ungmennafélag Ölfusinga, Ölfus og Hveragerðishreppur, Ríkissj.

Helstu endurbætur: 1941-1945, 1948-9, Yfirbyggð/opin: Opin
1963, 1975, 1984

Stað/ástand: Laugarhús horfin vegna yngri húsa (b. 1964), laug enn í notkun
Hitun: Jarðhiti

Stofnfundur Ungmennafélag Hveragerðis og Ölfuss var haldinn 5. janúar 1935 og eitt af aðalverkefnum félagsins frá upphafi var bygging sundlaugar. Í grein sem rituð var í tilefni 50 ára afmæli laugarinnar í Laugaskarði kemur fram að Lárus Rist sundkennari frá Akureyri flutti í bæinn um þetta leyti og gekk í félagið í þeim tilgangi beinlínis að byggja veglega sundlaug í Hveragerði, stærstu sundlaug landsins.⁶⁷¹ Í ævisögu Lárusar kemur fram að hann hafi frétt af því að ungmennafélagið hafi haft hug á því að byggja laug en þær hugmyndir hafi síðan fallið í dvala eftir að einn helsti forkólfur málsins hafi látist. Hann hafi því farið sérstaklega á svæðið til að kanna aðstæður og í kjölfarið ákveðið að flytja í bæinn til að koma málinu í höfn.⁶⁷² Lárus varð forystumaður sundlaugagerðar í Hveragerði og valdi sundlauginni stað í gilinu austan Varmár og neðan við gróðurskálan á Reykjum þar sem var heitur lækur. Byrjað var á framkvæmum 29. maí 1937. Ölfushreppur og hrepparnir í kring styrktu framtakið auk almennings og m.a. unnu fangar á Litla-Hrauni að gerð laugarinnar og mikið af sjálfbóðaliðum enda er í greininni sagt að mest af vinnunni hafi verið unnið með handafli. Þar kemur fram að fá hús hafi verið í Hveragerði á þessum tíma en smám saman fjölgaði í bænum. Garðyrkjuskóli ríkisins var stofnaður í Hveragerði 1939 og sökum þess þótti ungmennafélaginu stætt á því að leita samstarf við ríkisstjórnina um sundlaugin. Í greininni kemur fram að vatni var hleypt í laugin 6. júní 1938 en sú laug var 12 x 25 m stór og var þá þegar laugarhús við hana.⁶⁷³ Ungmennafélagið aflaði hluta af því fé sem var notað í upphafi, t.d. var haldið hrappdrætti sem fólk gaf til og keypti miða og þar safnaðist talsvert fé. Í grein Lárusar um aðdraganda sundlaugargerðarinnar kemur fram að hans hugmyndir um sundlaug hafi verið nokkuð aðrar og metnaðarfullri en ungmennafélagsins. Hann vildi t.d. tryggja að laugin yrði það djúp að hægt væri að stinga sér í hana af 5 eða jafnvel 7 m háau stökkbretti og einsetti sér strax að laugin yrði ekki minni en 33 1/3 m löng og í raun var þegar ákveðið þegar sú laug sem vígð var 1938 (og var 25 m löng) skyldi tvöfalda mjög fljótlega. Var hún enda strax lengd í 33 1/3 m sumarið eftir að hún fyrst opnaði) og svo í 50 m árið 1941 og var hún þá lengsta laug landsins.⁶⁷⁴ Þess má geta að íslenska landsliðið í sundi æfði í lauginni allt fram til ársin 1966 þegar ný Laugardagslaug var tekin í notkun. Í grein Lárusar í *Íþróttablaðinu* færir hann rök fyrir því að stærri laug þurfi ekki að vera svo mikið dýrari eða erfiðari í framkvæmd en höfuðatriði sé að velja henni hentugan stað og í því samhengi hafi hann miðað við að hafa aðstæður sem líkastar því sem þær hafi verið í

⁶⁷¹ SÁM 95/3882 EF_Jóna Erlendsdóttir_ <https://www.ismus.is/i/audio/id-1048247>

⁶⁷² Lárus Rist. 1947. Að synda eða sökkva, bls. 291-297


⁶⁷³ „Héraðslougin í Laugaraskarði í Hveragerði 50 ára“ Margrét Þorsteinsdóttir, *Morgunblaðið* 09.06.1988 bls. 48-49

⁶⁷⁴ *Fálkinn*, 17.11.1944, forsiða

lauginni á Akureyri sem hann kom að og hafi reynt vel en hann tekur þó fram að allar aðstæður í Hveragerði séu margfalt hengugri en á Akureyri.⁶⁷⁵

Í upptöku sem varðveitt er á Ísmus lýsir Stefán Jóhann Guðmundsson aðkomu sinni að byggingu lauganna í Laugaskarði. Hann greinir frá að nokkur átök hafi orðið milli ungmennafélagsins og Lárusar Rist varðandi sundlaugina, m.a. um staðsetningu. Hann segir að þá hafi þegar verið komin lítil laug hjá barnaheimilinu, niður undan læknum og margir hafi viljað gera laugina þar. Lárus hafi hins vegar fljótt tekið af skarið og sagt að laugin ætti að vera í Laugarskarði. Hann segir að vinnan hafi verið unnin í heilmiklum skorpum og stjórnad mjög ákveðið af Lárusi Rist sem vissi vel hvað hann vildi og gott var að vinna undir. Hann segir að lengi hafi verið grafið niður og klappir sprengdar og Lárus hafi fengið til þess nokkra fanga á tímabili og til að ræsa fram. Hann segir að þegar Lárus hafi orðið sér úti um nokkra poka af sementi hafi hann verið kallaður til, til að steypa. Hann segir að hann hafi ekki komið að því að byggja „skúrinn sem var ofan við laugina.“⁶⁷⁶

Elsta laugarhúsið norðan laugina reis líklega strax árið 1938 (var þó ekki komið upp þegar sundlaugin var vígð snemma árs það ár). Við það var fljótlega byggt, eða á árabílinu 1940-1944. Samkvæmt upplýsingum úr *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* er Þórir Baldvinsson sagður arkitekt elstu



Sundlaugin í Laugarskarði. Efri teikning merkt arkitektunum Gísla Halldórssyni og Kjartans Sigurðssonar, Reykjavík 29.6.1948 (efri mynd) en neðri myndin er frá 1964 (14.10.) og er merkt Gísla Halldórssyni, Jósef Reynis og Ólafi Júlíussyni/Teiknistofunni Tómarsarhaga 31. Þjóðskjalasafn, H28 Teikningar Íþróttasjóðs.

⁶⁷⁵ Íþróttablaðið 01.04.1937, bls. 8

⁶⁷⁶ SÁM 95/3890 EF, Stefán Jóhann Guðmundsson <https://www.ismus.is/i/audio/id-1048308>

húsanna.⁶⁷⁷ Ekki hefur fundist frumteikning að húsinu en á teikningu Gísla Halldórssonar og Kjartans Sigurðssonar arkitekta að endurbættri laug frá 1948 eru bæði hús teiknuð. Eldra húsið virðist hafa verið lágreist timburhús með skúrþaki, fernum dyrum að lauginni og miklum gluggum á framhlið. Af ljósmyndum að dæma stóð það á talsverðri grjóthleðslu. Á þessu skeiði var talað um að klefarnir ættu að rúma 40-50 manns.⁶⁷⁸ Viðbyggingin vestan við húsið hýsti umsjónarmann. Ætla má að hún hafi einnig verið úr timbri. Hún var þó talsvert hærri en einnig með skúrþaki og stórum glugga á suðurhlið, að laug. Umsjónarmannsíbúðinn átti að rúma litla fjölskyldu og þar bjó Lárus Rist fyrst ásamt dóttir sinni og barnabarni.

Í grein í tilefni af 50 ára afmæli laugarinnar kemur fram að um 500 börn hafi verið við æfingar árlega í lauginni fyrstu árum og hafi þau komið víðsvegar að. Til að byrja með var laugin rekin sem sjálfseignarstofnun en styrkt af ríkinu og sveitarfélögum. Þegar Hveragerði varð sérstakt sveitarfélag fylgdi laugin þorpínu. Aðsóknin var svo mikil að ungmennafélagið treysti sér ekki til að reka hana og sveitarfélögin gerðu það (Ölfus og Hveragerði). Í greininni kemur fram að í tengslum við Heklugosið 1947 hafi orðið miklar breytingar á hverum í Hveragerði og jarðskjálftar því tengdir urðu þess valdandi að sprungur mynduðust í botni laugar. Nokkrar endurbætur voru enn gerðar á lauginni fyrir landsmót sem haldið var í Hveragerði 1949. Þá var til að mynda útbúið áhorfendasvæði vestan við hana og smíðaður 250 m² tréþallur í gilinu ofan við laugina en þar fór aðalhátiðardagskrá mótsins fram og voru allt að 5 þúsund manns þar þegar mest var.⁶⁷⁹

Árið 1955 var byrjað að grafa fyrir nýjum búningsklefum en gömlu búningsklefarnir sem voru úr timbri voru orðnir slappir. Árið 1963 urðu svo aftur tímamót í byggingarsögunni þegar eldri byggingin var rifin og stórt, nýtt steinsteipt hús var byggt en það hannaði Gísli Halldórsson arkitekt.⁶⁸⁰ Húsið fellur utan þess ramma sem hér er til rannsóknar og er því ekki fjallað sérstaklega um það hér (sjá þó teikningu).

Teikning af setlaug/heitum potti framan laugarhúsiðhúsið var gerð af Jes Einari Þorsteinssyn (dagsett 25. mars 1965) og síðar var öðrum potti bætt bætt við.⁶⁸¹ Í grein í tilefni afmæli laugarinnar kemur fram að Gagnfræðiskólinn í Hveragerði var með aðsetur á efri hæð sundlaugarhússins 1965-1973 og í Laugarskarði var 1973 stofnaður skóli fyrir krakka úr Vestmannaeyjum sem flýja höfðu þurft gosið, mest 70 krakkar. Árið 1977 var heilsurækt tekin í gagnið í Laugaskarði og var vinnan við hana að mestu unnin í sjálfböðavinnu (þar var sauna, ljósböð, nudd, æfingarherbergi ofl). Í greininni segir einnig að 1984 hafi laugin verið farin að láta á sjá og þá hafi hún verið endurbætt og nýr botn steiptur í hana. Sjúkraþjálfari tók til starfa 1985 og vatnsnudd kom í stærri setlaug og stórt náttúrulegt gufubað 1987.⁶⁸²

⁶⁷⁷ Yfirliti yfir mannvirki frá 1983 DD05 Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁷⁸ „Héraðslaugin í Laugarskarði í Hveragerði 50 ára“ Margrét Þorsteinsdóttir, *Morgunblaðið* 09.06.1988 bls. 48-49

⁶⁷⁹ Sama heimild

⁶⁸⁰ Sama heimild

⁶⁸¹ Íþróttasjóður, H28, Þjóðskjalasafn Íslands.

⁶⁸² „Héraðslaugin í Laugarskarði í Hveragerði 50 ára“ Margrét Þorsteinsdóttir, *Morgunblaðið* 09.06.1988 bls. 48-49. Í BA rigerð Klöru Sólar Ágústsdóttur. 2016. *Hvernig getur arkitektúr stuðlað að bættri bað- og sundlaugamenningu?* er kafla sem lítur að “greiningu laugar og samspili hennar við umhverfi sitt“, bls. 13-14


VESTMANNAEYJAR

SUNDLAUG VESTMANNAEYJA/MÍÐHÚSALAUG (1934-1973)

Staðsetning: Vestmannaeyjar
Byggingarár: 1934
Helstu endurbætur:
Staða/ástand: Horfin undir braun

Höfundur: Finnbogi R. Þorvaldss. verkefnaðingur
Byggt af/ eigandi: Vestmannaeyjakaupst., ríkissj.
Yfirbyggð/ opin: Opin
Hitun: Kolakynnt, fram til 1945 þá rafkynnt

Saga sundkennslu í Vestmannaeyjum er mun lengri en saga sundlaugarhalds. Sund var kennt í sjónum frá 1894 og fram til 1900 en féll þá niður í nokkur ár fram til 1903 þegar sundkennsla hófst á nýju. Þá var kennt við Eyðið og þar reis sundskáli 1912. „Árangur af kennslu í köldum sjó var ekki sem skyldi. Fyrir frumkvæði Arinbjarnar Ólafssonar bar Kristinn Ólafsson þá. bæjarstjóri




Hluti af teikningu af sundlaug Vestmannaeyja, dagsett 29. janúar 1933 og undirrituð af Finnboga R. Þorvaldssyni. Íþróttasjódsteikningar, Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands H23

fram tillögu á bæjarstjórnarfundi 27. janúar 1925 þess efni að „bæjarstjórn skori á Alþingi að setja lög um sundskyldu barna og unglínga á aldrinum 12-16 ára.“⁶⁸³

Tillagan var samþykkt einróma. Varð þetta til þess að Alþingi samþykkti árið 1925 frumvarp þess efnis að kaupstöðum og sveitarstjórnum væri heimilt með reglugerð að gera öllum heimilisföstum unglíngum frá 12-16 ára innan síns umdæmis skylt að stunda sundnám allt að 4 mánuðum samanlagt. Í kjölfarið var sundreglugerð fyrir Vestmannaeyjar samþykkt (9. ágúst 1926) þar sem kveðið var á um að bænum bæri að halda uppi sundkennslu (a.m.k. tvo mánuði á ári) og þyrftu börn að þreyta próf og halda skýrslur um árangur. Fljótlega eftir að löggin tóku gildi var farið að ræða nauðsyn þess að koma sér upp sundlaug þótt ljóst væri að dýrt yrði að kynda hana.⁶⁸⁴ Í *Eyjablaðinu* 1927 veltir „sundmaður“ þeirri hugmynd upp að hita laugina með heitu vatni frá rafstöðvarvélunum og ef það yrði gert færi best á því að laugin yrði norðan og vestan við rafstöðina sem væri í takt við skipulagsupprátt af svæðinu. Þar segir enn fremur: „Hún yrði að vera yfirbyggð, veggir og botn steinsteypt, en þetta hvortveggja ætti að vera aðal kostnaðarliðurinn. Þegar sundhöllin er komin upp þarna á besta stað í miðbænum, verður þess ekki langt að bíða að hver einasti Vestmannaeyingur verði vel syndur.“⁶⁸⁵ Nokkur bið varð þó á því að draumur um sundlaug í eyjunum yrði að veruleika. Árið 1929 kemur fram að búið sé að leggja fram tillögu að teikningu að sundlaug við barnaskólann í eyjunni.⁶⁸⁶

Lítið virðist gerast í þessum málum um hrið en árið 1933 lætur stjórn Björgunarfélagsins (í samvinnu við íþróttamenn og annað sundáhugafólk í eyjunni) gera rannsókn á því hvað sémileg upphitun laug í plássinu myndi kosta. Það var verkfræðingurinn Finnbogi Rútur Þorvaldsson [faðir Vígðísar forseta] sem vann úttektina og lagði fram álitgerð, kostnaðaráætlun og fullkomnar teikningar af 12 x 20 m stórri sundlaug sem gert var ráð fyrir að fengi sjó úr sjógeyminum. Þar segir „Staður laugarinnar er í túni hr. Tómasar Gröjónssonar í Höfn. Laugin er áætluð tveggja metra djúp, og rúmar þegar hún er full um 330 tonn. Laugin verður hituð upp í rúmlega 20 gráðu hita með miðstöð, og enn fremur er ætlast til að leiða til hennar frá Rafstöðinni notað kælivatn, það á að draga úr koatnaði við upphitun laugarinnar. Við útbúning þessarar áætlunar var höfð til hliðsjónar sundlaug, sem byggð var í Bolungarvík árið 1932, sem líka er hituð upp með miðstöð og gefist ágætlega. Stærð þeirrar laugar er 15 x 8 metrar.“⁶⁸⁷ Fram kemur einnig að undirbúningi sé nú



Miðbúsalang. Á mynd til vinstri er laugin í byggingu en mynd til hægri búið að byggja við laugarbús og bæta skjli við norðaustanverða laug. Báðar myndir eru af vefnum heimaslóð.is

⁶⁸³ Haraldur Guðnason. *Við Ægisdyr: Saga Vestmannaeyjabæjar í 60 ár*, II. bindi. 1991, bls. 388-389

⁶⁸⁴ Sama heimild, bls. 389.

⁶⁸⁵ *Eyjablaðið* 01.05.1927, án blaðsíðutals

⁶⁸⁶ *Víðir* 14.12.1929, forsíða

⁶⁸⁷ *Víðir* 28.06.1933, forsíða

lokið og stefni Björgunarfélagið að því að styrkja bygginguna eftir föngum en vonast sé eftir því að frekari styrkir fáiast úr ýmsum öðrum áttum.

Sundlaug Vestmannaeyja var önnur sundlaug landsins (á eftir sundlaug Bolungavíkur) til að vera hituð með kolum. Í grein í *Heimaslóð* þar sem er fjallað um sundkennslu í Vestmannaeyjum kemur eftirfarandi fram „að eftir að sjóveita hafi komið til sögunnar 1931 hafi komist hreyfing á sundlaugarmál enda hafi verið auðvelt að fá ferskan sjó úr skógeyminum á Skannsinum og veita honum í sundlaug. Menn vildu reisa stóra og rúmgóða sundlaug (20 x 10 m) en vissu að það yrði dýrt þar sem hita þyrfti lauginu upp. Gert var ráð fyrir að vatnið yrði hitað frá rafstöðinni sem hitaði sjóinn í 23 gráður, að veitan yrði 275 m löng.

Bygging sundlaugarinnar hófst árið 1933 en Björgunarfélagið hafði undirbúið framkvæmdirnar árið á undan en treysti sér ekki til að standa undir framkvæmdum án frekari aðstoðar. Árið 1933 samþykkti bæjarsjóður að sjá um framkvæmdir en auk Björgunarfélagsins studdu íþróttafélögin í Vestmannaeyjum framkvæmdir. „Árið 1934 samþykkti ríkissjóður að styðja við sundlaugarbygginguna með fjárframlagi sem næmi allt að helmingi. [...] Laugin var opnuð 14. nóvember 1934. [...] Laugin var steinsteypt, 20 x 12 metrar. Finnborgi lagði til að lengd laugarinnar yrði 25 metrar en á það var ekki fallist vegna kostnaðar. Dýpt var einn metri að norðan, tveir að sunnan. Klefar voru fimm. Sjórinn í lauginni var hitaður upp í 22-28 gráður, eftir veðurfari. Seinna fékk sundlaugin heitt vatn frá Rafstöð Vestmannaeyja. Um 330 tonn af sjó þurfti til að fylla lauginu. [...]Laugin átti að vera opin um tvo mánuði á sumr og námskeið á haustin eftir þörfum.“⁶⁸⁸

Bygging sundlaugar gekk ágætlega og hún var formlega vígð þann 7. júní 1935. Í henni var sjór, hitaður með kolum. Í frétt sem birtist í tilefni vígslunnar segir: “Sundkennari er Friðrik Jesson, en kyndari Sveinn Sigurhansson. Aðsókn er mikil, ekki aðeins sundskyldra barna og unglinga heldur einnig eldra fólks, jafnt karla sem kvenna. Þegar mest aðsókn hefur verið hafa 410 manns sótt lauginu. Annars er meðaltal sundiðkanda frá 300-350. Með því að koma upp sundlauginni þykir hafa verið stigið mikið menningarspor, bæði um sundnám og hreinlæti almennings. Enginn fer ofan í lauginu án þess að hafa tekið ræsibað, enda er laugin sémilega hrein eftir notkun við mikla aðsókn.”⁶⁸⁹

Í yfirlitsskjali um sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti er sundlaug Vestmannaeyja talin upp. Hún er sögð hreinsuð með sandsíu og kísilglúrtækni og dauðhreinsunartæki tekið í notkun 1971.⁶⁹⁰ Í sömu gögnum er eigandi sagður Vestmannaeyjakaupstaður.⁶⁹¹

Af gömlum ljósmyndum má sjá að laugin var steinsteypt með skjólgirðingu úr timbri og bárujárnri umhverfis. Laugarhús voru við austurbakka laugarinnar, náðu frá suðurenda og langleiðina meðfram austurhlíð laugar. Síðar voru þeir framlengdir til norðurs þannig að þeir náðu eftir allri langhlíðinni og lítið hús eða skýli einnig byggt fast vestan við norðausturhornið. Skúrarnir voru einfaldir, úr timbri. Allra nyrst var geymsla og aðstaða fyrir kennara og því næst klefarnir sjálfir en syðst var bað og vatnssalerni samkvæmt teikningu.

Greinilegt er að oftar en einu sinni hefur staðið til að bæta úr takmörkuðum húsakosti við sundlauginu. „Fljótt kom sá annmarki í ljós að laugin væri fimm metrum of stutt. Þó var þessi laug talin með betri sundlaugum landsins. En klefarnir voru of fáir, biðraðir oft. Í október 1936 ritaði

⁶⁸⁸ Haraldur Guðnason. *Við Ægisdyr: Saga Vestmannaeyjabæjar í 60 ár*, II. bindi. Reykjavík: Vestmannaeyjabær, 1991. bls. 390

⁶⁸⁹ *Morgunblaðið* 20.07.1935, bls. 2

⁶⁹⁰ Yfirlitsskjali um sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁹¹ Spjaldskrá frá Menntamálaráðuneyti frá miðri 20. öld DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands.

Einar Sigurðsson grein um sundlaugina í blaðið *Fram* sem hann nefndi: „Stækkun sundlaugar“. Þar segir að aðsókn í laugina fyrsta árið hafi verið gríðarlega mikil, enda mjög hreinleg og umgengni og betri en víða annars staðar. Hins vegar sé laugin ekki svo stór sem æskilegt hefði verið og því ekki er hægt festa met í henni (en til að ná slíkri skráningu þurfti laugin að vera a.m.k. 25 metrar á lengd. Í lokinn telur Einar að að samanlögðu vanti helst að laugin sé 5 metrum lengri og að hægt sé að stinga sér í hana úr 4-5 metra hæð. Þá skorti einnig rúmgott sólbaðsskýli fyrir karla og konur og upphitaða klefa. Að lokum vanti gott áhorfendasvæði í kringum lagina.⁶⁹² Á stríðsárunum var á tímabili aftur hafin sundkennsla í sjó í Vestmannaeyjum, líklega út af kolaskorti.

„Sundlaugarnefnd lagði til snemma árs 1944 að þá yrði farið að byggja yfir lagina [...] Síðla árs 1944 lagði Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi fram uppdrátt af “Sundhallarbyggingu”. Þorsteinn vildi mjókka lagina um fjóra metra og lengja hana um fimm metra.”⁶⁹³ Í varðveittum gögnum frá Íþróttasjóði er að finna teikningu af „Sundhöll Vestmannaeyja“ sem gerð var af þessu tilefni af Bárði Ísleifssyni/Húsameistara ríkisins og undirrituð af honum þann 21. september 1944 en ekkert varð úr framkvæmdunum.⁶⁹⁴

Umræða um nauðsyn þess að byggja yfir lagina eða gera nýja hélt áfram á næstu árum. Til er teikning frá febrúar 1954, undirrituð af Óskari Sveinssyni/Húsameistara ríkisins sem sýnir stór laugarhús, líklega við suður- og suðvesturhorn laugar en ekki var byggt eftir henni. Árið 1963 gerir Bárður Ísleifsson teikningu að stóru, L-laga húsi við Hvítungaveg (á mörkum hans og Kirkjuvegur, á svipuðum slóðum og Safnahús Vestmannaeyjar, Kirkjuvegi 52 reis síðar). Á teikningunni gerir hann m.a. ráð fyrir heitum potti eða „Snorralaus“. Ekki varð heldur að gerð þessarar laugar og vildu framkvæmdir frestast ár frá ári, ekki síst vegna kostnaðar. Eins var lengi um það deilt hvort betra væri að byggja yfir núverandi laug eða byggja nýja laug á nýjum stað, hvort nýja laugin skyldi yfirbyggð eða opin o.s.frv..⁶⁹⁵

Síðla á 7. áratugnum komu enn fram nýjar hugmyndir að sundlaug: „Á fundi sundlaugarnefndar 6. desember 1967 voru kynntar teikningar Jes Einars Þorsteinssonar arkitekts af íþróttahúsi og skipulagi íþróttavallar í Löngulág. [...] Fullnaðarteikning af sundhöll var tilbúin í ágúst 1971. Sundlaugarnefnd vildi þá byrja á framkvæmdum sem fyrst og semja við menntamálaráðuneytið um tilhögun.“⁶⁹⁶

Í gögnum Húsameistara ríkisins er umrædd teikning varðveitt, þ.e. teikning Jes Einars af sundlaugar- og íþróttahúsi, dagsett 19.08.1971. Laugin var ráðgerð á þeim slóðum sem Kirkjuvegur (og íþróttavöllurinn) eru nú. „Þann 1. mars 1972 ákvað sundlaugarnefnd með samþykki bæjaryfirvalda að hefja framkvæmdir við sundhöll. Þá var ósamið við menntamálaráðuneytið. Á fundi nefndarinnar í desember 1972 var til umfjöllunnar bréf héraðslæknis um ófullnægjandi aðstöðu til baða. Nefndin skoraði á bæjarstjórn að láta gera nýja búnings- og baðklefa [við gömlu lagina] þó það kunnist að seinka framkvæmdum við sundhöll um 3-4 ár. Þá var rætt um breytt viðhorf til lokaðra sundlauga. Reynslan sanni að miklu meiri aðsókn sé að opnum laugum en lokuðum og því samþykkti nefndin að teikningar væntanlegrar sundhallar yrðu endurskoðaðar í samræmi við það. Sundlaugarnefndin samþykkti á fundi sínum 19. janúar 1972 að byggja við Miðhúsalaug til bráðabirgða. Jafnframt var skorað á bæjarstjórn að flýta undirbúningi að byggingu

⁶⁹² Haraldur Guðnason. *Víð Ægisdyr: Saga Vestmannaeyjabæjar í 60 ár*, II. bindi. Reykjavík: Vestmannaeyjabær, 1991. bls. 390-91

⁶⁹³ Sama heimild, bls. 392

⁶⁹⁴ Íþróttasjóður, Menntamálaráðuneyti H24, Þjóðskjalasafni Íslands

⁶⁹⁵ Íþróttasjóður, Menntamálaráðuneyti, H24, Þjóðskjalasafni Íslands

⁶⁹⁶ Haraldur Guðnason. *Víð Ægisdyr: Saga Vestmannaeyjabæjar í 60 ár*, II. bindi. Reykjavík: Vestmannaeyjabær, 1991, bls. 394

sundhallar. Páll Zóphóniásson þáv. bæjartæknifræðingur teiknaði 135 fermetra viðbyggingu Miðhúsalaugar með rúmgóðum búningaklefum, böðum og sérstökum trimmkrók.⁶⁹⁷

Teikning bæjartæknifræðings (undirritað PZ/GG) frá 17. júlí 1972 um áætlaða viðbyggingu við þáverandi sundlaugarskýli sunnan við suðurenda laugar er varðveitt á meðal ganga Húsameistara ríkisins.⁶⁹⁸ „Daginn sem átti að steypa í sökklana í viðbyggingunni, þ.e. 23. janúar 1973, hófst Heimaeyjargosið.“⁶⁹⁹ Laugin hvarf undir hraun í febrúar 1973.⁷⁰⁰

Gögn í vinnslu - má ekki nota nema í samráði við höfunda

⁶⁹⁷ Haraldur Guðnason. *Við Ægisdyr: Saga Vestmannaeyjabæjar í 60 ár*, II. bindi. Reykjavík: Vestmannaeyjabær, 1991, bls. 394

⁶⁹⁸ Íþróttasjóður, Menntamálaráðuneyti, H24, Þjóðskjalasafn Íslands

⁶⁹⁹ Haraldur Guðnason. *Við Ægisdyr: Saga Vestmannaeyjabæjar í 60 ár*, II. bindi. Reykjavík: Vestmannaeyjabær, 1991. Bls. 394

⁷⁰⁰ Spjaldskrá frá Menntamálaráðuneyti frá miðri 20. öld DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands.